ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 70

29. árgangur

27.10.2022

I **EES-STOFNANIR**

1. **Sameiginlega EES-nefndin**

2022/EES/70/01 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 frá 14. desember 2016 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri 1

2022/EES/70/02 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/522 frá 24. mars 2021 um að koma á fót áætlun Sambandsins á sviði heilbrigðismála („EU4Health-heilbrigðisáætlunin“) fyrir tímabilið 2021-2027 og niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 282/2014 50

2022/EES/70/03 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/424 frá 17. desember 2019 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 575/2013 að því er varðar óhefðbundna staðalaðferð vegna markaðsáhættu 79

2022/EES/70/04 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/755 frá 6. maí 2021 um tilnefningu á tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir velferð dýra fyrir jórturdýr og dýr af hestaætt í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 94

2022/EES/70/05 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/535 frá 31. mars 2021 um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 að því er varðar samræmdar verklagsreglur og tækniforskriftir fyrir gerðarviðurkenningu ökutækja, og kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga sem ætluð eru í slík ökutæki, með tilliti til almennra smíðaeiginleika þeirra og öryggis 96

2022/EES/70/06 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1752 frá 25. febrúar 2019 um gerð spurningalista sem og um snið og tíðni skýrslna sem aðildarríki eiga að taka saman í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/852 303

2022/EES/70/07 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1256 frá 21. apríl 2021 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 að því er varðar samþættingu áhættu tengda sjálfbærni í stjórnkerfum vátrygginga- og endurtryggingafélaga 310

2022/EES/70/08 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/27 frá 27. september 2021 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 að því er varðar breytingu á viðeigandi viðmiðunarmörkum fyrir tilkynninguna um verulegar hreinar skortstöður í hlutabréfum 314

2022/EES/70/09 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1157 frá 4. júlí 2022 um reglur um beitingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/90/ESB að því er varðar hönnunar-, smíða- og nothæfiskröfur sem og prófunarstaðla fyrir búnað um borð í skipum og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/1158 316

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2016/2341 **2022/EES/70/01**

frá 14. desember 2016

um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri

(endurútgefin) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 53. gr., 62. gr. og 114 gr. (1. mgr.),

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB ([3]) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ([4]). Þar sem um frekari breytingar verður að ræða er rétt að endurútgefa þá tilskipun til glöggvunar.

2) Á innri markaðinum ættu stofnanir um starfstengdan lífeyri að eiga þess kost að starfa í öðrum aðildarríkjum jafnframt því að tryggja öfluga vernd og öryggi fyrir sjóðfélaga og lífeyrisþega starfstengdra lífeyriskerfa.

3) Þessi tilskipun miðar að lágmarkssamræmingu og ætti því ekki að koma í veg fyrir að aðildarríkin haldi í eða samþykki frekari ákvæði til að vernda sjóðfélaga og lífeyrisþega starfstengdra lífeyriskerfa, að því tilskildu að slík ákvæði séu í samræmi við skuldbindingar aðildarríkjanna samkvæmt lögum Sambandsins. Tilskipun þessi varðar ekki málefni félagsmála-, vinnu-, skatta- eða samningalöggjafar í hverju landi eða hvort lífeyrir í aðildarríkjunum sé fullnægjandi.

4) Markmiðið með þessari tilskipun er að tryggja góða stjórnunarhætti, upplýsingagjöf til sjóðfélaga og gagnsæi og öryggi starfstengda lífeyriskerfisins, í því skyni að auðvelda frekar hreyfanleika launafólks milli aðildarríkja.

5) Umtalsverður munur er á skipulagi og reglum um stofnanir um starfstengdan lífeyri í aðildarríkjunum. Bæði stofnanir um starfstengdan lífeyri og líftryggingafélög starfrækja starfstengd lífeyriskerfi. Því er ekki viðeigandi að beita sömu nálgun á allar stofnanir um starfstengdan lífeyri. Framkvæmdastjórnin og Evrópska eftirlitsstofnunin (Evrópska

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 354, 23.12.2016, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 451, 16.12. 2014, bls. 109.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 24. nóvember 2016 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 8. desember 2016.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB frá 3. júní 2003 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (Stjtíð. ESB L 235, 23.9.2003, bls. 10).

([4]) Sjá A-hluta I. viðauka.

vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 ([5]), ættu að taka tillit til mismunandi siðvenja aðildarríkjanna í starfsemi sinni og ákveða skipulag stofnana um starfstengdan lífeyri, með fyrirvara um innlenda félagsmála- og vinnulöggjöf.

6) Með tilskipun 2003/41/EB var tekið fyrsta skrefið í lagasetningu um innri markað fyrir starfstengdan lífeyri í öllu Sambandinu. Raunverulegur innri markaður fyrir starfstengdan lífeyri skiptir miklu máli fyrir hagvöxt og atvinnusköpun í Sambandinu og til að takast á við þau brýnu verkefni sem fylgja samfélagi þar sem aldur fólks fer hækkandi. Þeirri tilskipun, sem er frá árinu 2003, hefur ekki verið breytt í veigamiklum atriðum til að innleiða áhættumiðaða stjórnunarhætti fyrir stofnanir um starfstengdan lífeyri. Viðeigandi reglur og eftirlit í Sambandinu og einstökum aðildarríkjum skipta miklu máli við mótun öruggs og tryggs starfstengds lífeyris í öllum aðildarríkjunum.

7) Að meginreglu ættu stofnanir um starfstengdan lífeyri, ef við á, að taka tillit til þess markmiðs að tryggja jafnvægi milli kynslóða innan starfstengdra lífeyriskerfa með því að stefna að sanngjarnri dreifingu áhættu og ávinnings milli kynslóða í starfstengdum lífeyri.

8) Nauðsynlegt er að grípa til viðeigandi aðgerða til að bæta enn frekar viðbótar séreignalífeyrissparnað á borð við starfstengd lífeyriskerfi. Þetta er mikilvægt þar eð almannatryggingakerfi verða fyrir sífellt meiri þrýstingi, sem felur í sér að í enn ríkari mæli muni starfstengdar lífeyrisgreiðslur koma til viðbótar við önnur eftirlaun. Stofnanir um starfstengdan lífeyri gegna mikilvægu hlutverki í langtímafjármögnun hagkerfis Sambandsins og í að veita trygg eftirlaun. Þær eru ómissandi hluti hagkerfis Sambandsins með eignir að andvirði 2 500 milljarða evra fyrir hönd um það bil 75 milljóna sjóðfélaga og lífeyrisþega. Bæta ætti starfstengdar lífeyrisgreiðslur, án þess þó að dregið sé í efa verulegt mikilvægi lífeyristryggingar almannatryggingakerfa, sem veita örugga, varanlega og árangursríka félagslega vernd, sem ættu að tryggja sanngjörn lífskjör á efri árum og ættu því að vera kjarninn í því að stuðla að styrkari félagsgerð Evrópu.

9) Í ljósi lýðfræðilegrar þróunar í Sambandinu og stöðu ríkisfjármála aðildarríkjanna er starfstengdur lífeyrir dýrmæt viðbót við lífeyristryggingar almannatryggingakerfa. Traust lífeyriskerfi felur í sér fjölbreytt úrval afurða, fjölbreyttar stofnanir, svo og árangursríkar og skilvirkar eftirlitsaðferðir.

10) Aðildarríkin ættu að vernda launþega gegn fátækt á efri árum og mæla fyrir viðbótarlífeyriskerfum sem tengjast ráðningarsamningum sem viðbótarvernd við lífeyri frá hinu opinbera.

11) Í þessari tilskipun eru grundvallarréttindi virt og meginreglum, sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, fylgt, einkum réttinum til verndar persónuupplýsingum, frelsi til atvinnurekstrar, eignarrétti, réttinum til almennra kjarasamninga og sameiginlegra aðgerða og réttinum til öflugrar neytendaverndar, einkum með því að tryggja aukið gagnsæi lífeyris, upplýsta einstaklingsbundna skipulagningu fjármála og starfsloka, svo og að greiða fyrir starfsemi stofnana um starfstengdan lífeyri sem nær yfir landamæri og flutning lífeyriskerfa yfir landamæri. Þessari tilskipun á að hrinda í framkvæmd í samræmi við þessi réttindi og meginreglur.

12) Sé stofnunum um starfstengdan lífeyri auðveldað að stunda starfsemi sem nær yfir landamæri og flytja lífeyriskerfi yfir landamæri, með því að skýra viðeigandi málsmeðferðarreglur og ryðja ónauðsynlegum hindrunum úr vegi, gæti það haft jákvæð áhrif á hlutaðeigandi fyrirtæki og starfsmenn þeirra, sama í hvaða aðildarríki þeir starfa, með miðlægri stýringu á þeirri þjónustu sem lífeyrisþegum er veitt.

13) Starfsemi stofnana um starfstengdan lífeyri sem nær yfir landamæri ætti ekki að hafa áhrif á innlenda félagsmála- og vinnulöggjöf sem á við um starfstengd lífeyriskerfi í gistiaðildarríkinu og sem gildir um tengslin milli fyrirtækisins sem býður lífeyriskerfið („aðildarfyrirtæki“) og sjóðfélaga og lífeyrisþega. Starfsemi sem nær yfir landamæri og flutningur á lífeyriskerfum yfir landamæri eru aðgreind og ættu að falla undir mismunandi ákvæði. Leiði flutningur á lífeyriskerfi yfir landamæri til starfsemi sem nær yfir landamæri ættu ákvæðin um starfsemi sem nær yfir landamæri þá að gilda.

14) Ef aðildarfyrirtæki og stofnun um starfstengdan lífeyri eru staðsett í sama aðildarríki telst það í sjálfu sér ekki vera starfsemi sem nær yfir landamæri þótt sjóðfélagar og lífeyrisþegar hafi búsetu í öðru aðildarríki.

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

15) Aðildarríki ættu að taka tillit til þess að nauðsynlegt er að vernda lífeyrisréttindi launþega sem eru sendir tímabundið til starfa í öðru aðildarríki.

16) Þrátt fyrir að tilskipun 2003/41/EB hafi öðlast gildi hefur starfsemi sem nær yfir landamæri verið takmörkuð vegna mismunandi innlendrar félagsmála- og vinnulöggjafar. Þá eru veigamiklar varúðarhindranir enn til staðar sem valda því að dýrara er fyrir stofnanir um starfstengdan lífeyri að reka lífeyriskerfi yfir landamæri. Að auki þarf að efla núverandi lágmarksvernd fyrir sjóðfélaga og lífeyrisþega. Þetta er þeim mun mikilvægara þar sem áhætta vegna langlífis og markaðsáhætta hvílir í auknum mæli á herðum sjóðfélaga og lífeyrisþega fremur en á stofnuninni um starfstengdan lífeyri eða aðildarfyrirtækinu. Þá þarf að auka núverandi lágmarksupplýsingagjöf til sjóðfélaga og lífeyrisþega.

17) Varfærnisreglunum, sem mælt er fyrir um þessari tilskipun, er ætlað hvort tveggja, að tryggja víðtækt öryggi lífeyrisþega í framtíðinni með setningu strangra eftirlitsstaðla og að auðvelda trausta, varfærna og skilvirka stjórnun starfstengdra lífeyriskerfa.

18) Stofnanir um starfstengdan lífeyri ættu að vera algjörlega aðskildar frá aðildarfyrirtækjum og vera reknar á grundvelli fjármögnunar með það að markmiði að annast eftirlaunagreiðslur. Stofnanir um starfstengdan lífeyri sem eru reknar með þetta eitt að markmiði ættu að hafa frelsi til að veita þjónustu og frelsi til fjárfestinga, þó með fyrirvara um samræmdar varfærniskröfur, óháð því hvort litið er á slíkar stofnanir um starfstengdan lífeyri sem lögaðila.

19) Aðildarríkin ættu, í samræmi við nálægðarregluna, að bera áfram fulla ábyrgð á uppbyggingu lífeyriskerfa sinna og á því hvernig þau ákveða hvaða hlutverki hver og ein stoðanna þriggja í lífeyriskerfum einstakra aðildarríkja gegnir. Innan ramma annarrar stoðarinnar ættu þau einnig að bera fulla ábyrgð á hlutverki og starfsemi hinna ýmsu stofnana sem greiða út starfstengd lífeyrisréttindi, s.s. lífeyrissjóða atvinnugreina, lífeyrissjóða félaga og líftryggingafélaga. Tilskipuninni er ekki ætlað að draga þessa heimild aðildarríkja í efa, heldur hvetja þau til að byggja upp fullnægjandi, öruggan og sjálfbæran, starfstengdan lífeyri og greiða fyrir starfsemi sem nær yfir landamæri.

20) Framkvæmdastjórnin ætti, með tilliti til þess að nauðsynlegt er að bæta starfstengdan lífeyri, að skapa umtalsverðan virðisauka á vettvangi Sambandsins með því að grípa til frekari aðgerða til að styðja samstarf aðildarríkja við aðila vinnumarkaðarins við að bæta lífeyriskerfi samkvæmt annarri stoð og með því að setja á laggirnar nefnd háttsettra sérfræðinga til að efla lífeyrissparnað samkvæmt annarri stoð í aðildarríkjum, m.a. að stuðla að miðlun bestu starfsvenja milli aðildarríkja, einkum að því er varðar starfsemi sem nær yfir landamæri.

21) Landsbundnar reglur um þátttöku sjálfstætt starfandi einstaklinga í stofnunum um starfstengdan lífeyri eru mismunandi. Í sumum aðildarríkjunum geta stofnanir um starfstengdan lífeyri ýmist starfað á grundvelli samninga við atvinnugreinasamtök þar sem sjóðfélagarnir koma fram sem sjálfstætt starfandi eða með beinum samningum við sjálfstætt starfandi og launaða einstaklinga. Í sumum aðildarríkjunum getur sjálfstætt starfandi einstaklingur einnig orðið aðili að stofnun um starfstengdan lífeyri ef sjálfstætt starfandi einstaklingurinn starfar sem vinnuveitandi eða veitir fyrirtæki faglega þjónustu sína. Í sumum aðildarríkjunum geta sjálfstætt starfandi einstaklingar ekki orðið aðilar að stofnun um starfstengdan lífeyri nema að uppfylltum tilteknum skilyrðum, þ.m.t. eru skilyrði sem eru lögbundin með félagsmála- og vinnulöggjöf.

22) Stofnanir, sem starfrækja almannatryggingakerfi sem hafa þegar verið samræmd á vettvangi Sambandsins, ættu að vera undanskildar gildissviði þessarar tilskipunar. Þó ætti að taka tillit til sérstöðu stofnana um starfstengdan lífeyri sem bæði starfrækja almannatryggingakerfi og starfstengd lífeyriskerfi í einu og sama aðildarríkinu.

23) Stofnanir sem eru reknar samkvæmt meginreglunni um fjármögnun sem hluti af skyldubundnu almannatryggingakerfi falla ekki undir þessa tilskipun.

24) Fjármálastofnanir, sem nýta sér nú þegar lagaramma Sambandsins, ættu alla jafnan að falla utan gildissviðs þessarar tilskipunar. Þó er mikilvægt að tryggja að þessi tilskipun leiði ekki til röskunar á samkeppni vegna þess að í sumum tilvikum bjóða slíkar stofnanir einnig þjónustu innan starfstengdra lífeyriskerfa. Komast má hjá slíkri röskun með því að beita varfærniskröfum þessarar tilskipunar gagnvart rekstri starfstengds lífeyris hjá líftryggingafélögum í samræmi við i.–iii. lið a-liðar og ii.–iv. lið b-liðar í 3. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB ([6]). Framkvæmdastjórnin skal einnig hafa vökult eftirlit með aðstæðum á markaðinum fyrir starfstengdan lífeyri og meta hvort unnt sé að rýmka valfrjálsa beitingu þessarar tilskipunar þannig að hún nái einnig til annarra fjármálastofnana sem starfa samkvæmt lögum.

([6]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

25) Þar eð stofnanir um starfstengdan lífeyri miða að því að tryggja fjárhagslegt öryggi á eftirlaunaárum ættu réttindagreiðslur frá þeim alla jafnan að vera greiðslur til æviloka, tímabundnar greiðslur, eingreiðslur eða hvaða samsetning þeirra sem er.

26) Mikilvægt er að tryggja að eldra fólk og fatlaðir lendi ekki í þeim aðstæðum að þurfa að búa við fátækt og að það geti notið mannsæmandi lífskjara. Viðeigandi trygging fyrir áhættu er tengist ævilíkum manna í starfstengdum lífeyriskerfum er mikilvægur þáttur í baráttunni gegn fátækt og óöryggi meðal aldraðra. Þegar lífeyriskerfi er komið á ættu vinnuveitendur og launamenn, eða fulltrúar þessara tveggja hópa, að skoða þann möguleika að í lífeyriskerfinu felist einnig trygging sem nær yfir áhættu vegna langlífis og skertrar starfsgetu auk lífeyris til eftirlifenda sem voru á framfæri hins látna.

27) Það getur auðveldað eftirlit í aðildarríkjum ef þeim er gefinn kostur á að undanskilja stofnanir um starfstengdan lífeyri, sem starfrækja lífeyriskerfi þar sem sjóðfélagar eru samtals innan við 100, frá gildissviði innlendrar framkvæmdarlöggjafar, án þess þó að slíkt grafi undan eðlilegri starfsemi innri markaðarins í þessum geira. Þetta ætti þó ekki að grafa undan rétti slíkra stofnana um starfstengdan lífeyri til að tilnefna fjárfestingarstjóra með staðfestu í öðru aðildarríki og með tilhlýðilegt umboð til að stýra fjárfestingasafni þeirra og vörsluaðila eða vörslufyrirtæki með staðfestu í öðru aðildarríki og með tilhlýðilegt umboð til að annast vörslu á eignum þeirra. Aðildarríki ættu, hvað sem öðru líður, að beita tilteknum ákvæðum varðandi fjárfestingareglur og stjórnkerfi gagnvart stofnunum um starfstengdan lífeyri sem starfrækja lífeyriskerfi þar sem sjóðfélagar eru samtals fleiri en 15.

28) Stofnanir eins og „Unterstützungskassen“ í Þýskalandi, þar sem sjóðfélagar hafa engin lagaleg réttindi til tiltekinnar fjárhæðar réttindagreiðslna og hagsmunir þeirra eru varðir með lögboðinni skyldutryggingu gegn gjaldþroti, ættu ekki að falla undir gildissvið þessarar tilskipunar.

29) Í því skyni að vernda sjóðfélaga og lífeyrisþega ættu stofnanir um starfstengdan lífeyri að takmarka starfsemi sína þannig að hún nái aðeins til þeirrar starfsemi sem um getur í þessari tilskipun og starfsemi sem af henni leiðir.

30) Ef til þess kemur að aðildarfyrirtæki verður gjaldþrota standa sjóðfélagar andspænis þeirri hættu að missa bæði starf sitt og áunnin lífeyrisréttindi sín. Þetta skapar þá nauðsyn að tryggja að skýr skil séu á milli aðildarfyrirtækisins og stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri og að mælt sé fyrir um lágmarksvarfærnisviðmiðanir í því skyni að vernda sjóðfélaga. Þegar mælt er fyrir um slíkar viðmiðanir ætti að taka tillit til aðgangs stofnana um starfstengdan lífeyri að verndarkerfum lífeyris eða sambærilegum kerfum sem vernda áunnin réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega gegn vanskilaáhættu aðildarfyrirtækisins.

31) Umtalsverður munur er á því í aðildarríkjunum hvernig stofnanir um starfstengdan lífeyri starfa og hvernig eftirliti með þeim er háttað. Í sumum aðildarríkjum getur eftirlit verið haft bæði með sjálfri stofnuninni um starfstengdan lífeyri og einnig einingum eða félögum sem heimilað er að stýra slíkum stofnunum um starfstengdan lífeyri. Aðildarríki skulu vera fær um að taka tillit til slíkrar sérstöðu svo fremi sem allar kröfur, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, séu uppfylltar. Aðildarríkin skulu einnig vera fær um að heimila vátryggingafyrirtækjum og öðrum fjármálafyrirtækjum að stýra stofnunum um starfstengdan lífeyri.

32) Stofnanir um starfstengdan lífeyri eru lífeyrisstofnanir með félagslegan tilgang sem veita fjármálaþjónustu. Þær eru ábyrgar fyrir greiðslu starfstengdra lífeyrisréttinda og af þeim sökum ættu þær að uppfylla tiltekin lágmarksviðmið um varfærni að því er varðar starfsemi þeirra og rekstrarskilyrði, að teknu tilliti til innlendra reglna og hefða. Þó ætti ekki að fara með slíkar stofnanir sem veitendur fjármálaþjónustu eingöngu. Félagslegt hlutverk þeirra og þríhliða samband milli starfsmanns, vinnuveitanda og stofnunar um starfstengdan lífeyri ætti að njóta fullnægjandi viðurkenningar og stuðnings sem leiðbeinandi meginreglur þessarar tilskipunar.

33) Ef stofnanir um starfstengdan lífeyri, í samræmi við landslög, stýra eftirlaunasjóðum sem hafa ekki réttarstöðu lögaðila og samanstanda af lífeyriskerfum einstakra sjóðfélaga þar sem eignir eru aðskildar frá eignum stofnana um starfstengdan lífeyri, ættu aðildarríki að geta litið svo á að sérhver eftirlaunasjóður sé stakt lífeyriskerfi í skilningi þessarar tilskipunar.

34) Vegna feikilegs fjölda stofnana um starfstengdan lífeyri í tilteknum aðildarríkjum er nauðsynlegt að finna hagnýta lausn á því hvernig hægt er að veita stofnunum um starfstengdan lífeyri starfsleyfi fyrirfram. Ef, á hinn bóginn, stofnun um starfstengdan lífeyri æskir þess að stýra kerfi í öðru aðildarríki ætti að krefjast þess að lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu hafi veitt leyfi fyrir fram.

35) Með fyrirvara um innlenda félagsmála- og vinnulöggjöf um skipulag lífeyriskerfa, þ.m.t. skylduaðild og niðurstöður almennra kjarasamninga, skulu stofnanir um starfstengdan lífeyri hafa möguleika á að veita þjónustu sína í öðrum

aðildarríkjum að fengnu starfsleyfi frá lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki stofnunar um starfstengdan lífeyri. Heimila ætti stofnunum um starfstengdan lífeyri að samþykkja greiðslur frá fyrirtækjum í öðrum aðildarríkjum og að starfrækja lífeyriskerfi þar sem sjóðfélagarnir eru í fleiri en einu aðildarríki. Þetta gæti hugsanlega leitt til töluverðrar stærðarhagkvæmni fyrir þessar stofnanir, bætt samkeppnishæfni atvinnulífsins í Sambandinu og ýtt undir hreyfanleika vinnuafls.

36) Ef stofnun um starfstengdan lífeyri með staðfestu í einu aðildarríki nýtir sér réttinn til að starfrækja starfstengt lífeyriskerfi, sem samið er um í öðru aðildarríki, ætti hún að fara að öllu leyti að ákvæðum gildandi félagsmála- og vinnulöggjafar í gistiaðildarríkinu að svo miklu leyti sem það varðar starfstengd lífeyriskerfi, t.d. skilgreiningu og greiðslu eftirlauna og skilyrði varðandi yfirfærslu lífeyrisréttinda. Skýra ætti gildissvið varfærnisreglna til að trygga réttarvissu vegna starfsemi stofnana um starfstengdan lífeyri yfir landamæri.

37) Stofnanir um starfstengdan lífeyri ættu að geta yfirfært lífeyriskerfi til annarra stofnana um starfstengdan lífeyri yfir landamæri í Sambandinu til að auðvelda skipulagningu starfstengds lífeyris á vettvangi Sambandsins. Flutningur ætti að vera háður leyfi lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríki viðtökustofnunarinnar um starfstengdan lífeyri eftir að það lögbæra yfirvald hefur móttekið samþykki lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríki stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri sem flytur lífeyriskerfið. Flutningurinn og skilyrðin sem tengjast honum ættu að vera háð fyrirframsamþykki meirihluta viðkomandi sjóðfélaga og lífeyrisþega eða, eftir því sem við á, meirihluta fulltrúa þeirra, s.s. vörsluaðilar kerfis sem byggir á fjárvörslusjóði.

38) Ef um er að ræða flutning á hluta lífeyriskerfis ætti rekstrarhæfi bæði flutta hlutans og þess hluta lífeyriskerfisins sem varð eftir að vera tryggður og réttindi allra sjóðfélaga og lífeyrisþega ættu að njóta fullnægjandi verndar eftir flutninginn með því að krefjast þess að bæði afhendingar- og viðtökustofnanirnar um starfstengdan lífeyri, eigi fullnægjandi og viðeigandi eignir til að standa undir tryggingaskuldinni vegna flutta hlutans og þess hluta kerfisins sem varð eftir.

39) Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin getur, í því skyni að auðvelda samræmingu eftirlitsaðferða, óskað eftir upplýsingum frá lögbærum yfirvöldum í samræmi við valdheimildirnar sem henni eru faldar með reglugerð (ESB) nr. 1094/2010. Enn fremur ætti Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin að geta miðlað málum ef ágreiningur kemur upp milli viðkomandi lögbærra yfirvalda vegna yfirfærslu lífeyriskerfis yfir landamæri að öllu leyti eða að hluta.

40) Það er grundvallarskilyrði að reikna tryggingaskuld með varfærni til að tryggja að unnt sé að standa við skuldbindingar um greiðslu eftirlauna, bæði til lengri og skemmri tíma. Reikna ætti vátryggingaskuld á grundvelli viðurkenndra tryggingafræðilegra aðferða og hún skal vottuð af tryggingafræðingi eða öðrum sérfræðingi á því sviði. Velja skal hámarksvexti með varfærni í samræmi við viðeigandi innlendar reglur. Lágmarksfjárhæð vátryggingaskuldar ætti að nægja bæði fyrir réttindagreiðslum sem þegar eru greiddar til lífeyrisþega og verða greiddar áfram sem og fyrir skuldbindingum sem myndast vegna áunninna lífeyrisréttinda sjóðfélaga. Tryggingafræðilega starfsemi ættu einstaklingar með þekkingu á tryggingastærðfræði og fjármálastærðfræði að annast og ætti sú þekking að vera í samræmi við stærð, eðli, og umfang þeirrar áhættu sem innbyggð er í starfsemi stofnana um starfstengdan lífeyri og það hversu flókin hún er og skulu viðkomandi einstaklingar geta sýnt fram á að þeir búi yfir viðeigandi reynslu með vísan í gildandi, faglega menntun og hæfi eða aðra staðla.

41) Verulegur munur er í aðildarríkjunum á því til hvers konar áhættu tryggingar taka hjá stofnun um starfstengdan lífeyri. Heimaaðildarríki skulu því eiga þess kost að setja viðbótarreglur sem eru ítarlegri en þær sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun um útreikning á tryggingaskuld.

42) Gera ætti kröfur um nægar og viðeigandi eignir til að standa undir tryggingaskuld, vernda hagsmuni sjóðfélaga og lífeyrisþega lífeyriskerfisins ef aðildarfyrirtækið verður gjaldþrota.

43) Aðildarríkin ættu, í því skyni að stuðla að jöfnum samkeppnisskilyrðum innlendra stofnana um starfstengdan lífeyri og þeirra sem starfa yfir landamæri, að taka tillit til fjármögnunarkrafna bæði innlendra stofnana um starfstengdan lífeyri og þeirra sem starfa yfir landamæri.

44) Oft getur það verið aðildarfyrirtækið en ekki sjálf stofnunin um starfstengdan lífeyri sem sér annaðhvort fyrir nægum tryggingum vegna hvers konar áhættu sem tengist ævilíkum manna eða ábyrgist tiltekin réttindi eða árangur af fjárfestingum. Í sumum tilvikum er það þó sjálf stofnunin um starfstengdan lífeyri sem sér um þessa tryggingu eða ábyrgðir og skuldbindingar þess aðila sem greiðir til hennar eru einungis bundnar til greiðslu nauðsynlegra framlaga. Við þær aðstæður ætti viðkomandi stofnun um starfstengdan lífeyri að hafa eiginfjárgrunn sem byggir á virði tryggingaskuldar og áhættufjármagns.

45) Stofnanir um starfstengdan lífeyri eru langtímafjárfestar. Að öllu jöfnu er ekki unnt að innleysa eignir þessara stofnana um starfstengdan lífeyri í neinum öðrum tilgangi en að sjá fyrir eftirlaunum. Í því skyni að verja réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega á fullnægjandi hátt ættu stofnanir um starfstengdan lífeyri enn fremur að vera færar um að velja eignaskiptingu sem fellur nákvæmlega að eðli og gildistíma skuldbindinga þeirra. Þess vegna er þörf fyrir skilvirkt eftirlit sem og nálgun við fjárfestingarreglur sem veita stofnunum um starfstengdan lífeyri nægilegan sveigjanleika til að ákveða öruggustu og skilvirkustu fjárfestingarstefnuna og skyldar þær til að sýna varfærni. Sé farið að varfærnisreglunni krefst það fjárfestingarstefnu sem er sniðin að samsetningu sjóðfélaga sérhverrar stofnunar um starfstengdan lífeyri.

46) Með því að beita varfærnisreglunni sem meginreglunni að baki fjárfestingum og með því að stofnunum um starfstengdan lífeyri sé gert kleift að stunda rekstur yfir landamæri er hvatt til þess að sparifé sé aftur beint í geirann fyrir starfstengdan lífeyri og þar með stuðlað að efnahagslegum og félagslegum framförum.

47) Eftirlitsaðferðir og –venjur eru mismunandi í aðildarríkjunum. Þess vegna ættu aðildarríkin að hafa nokkuð valfrelsi um nákvæmar fjárfestingareglur sem þau æskja að setja um stofnanir um starfstengdan lífeyri sem eru á þeirra yfirráðasvæði. Þessar reglur ættu þó ekki að takmarka frjálsa fjármagnsflutninga nema slíkt sé réttlætanlegt út frá varfærnissjónarmiði.

48) Tilskipun þessi ætti að tryggja stofnunum um starfstengdan lífeyri tilhlýðilegt frelsi í fjárfestingum. Þar eð að stofnanir um starfstengdan lífeyri eru fjárfestar til mjög langs tíma með litla lausafjáráhættu eru þær í aðstöðu til að fjárfesta í bundnum eignum, s.s. hlutabréfum og öðrum gerningum með langtímaefnahagslýsingu sem ekki eru viðskipti með á skipulegum mörkuðum, markaðstorgum fjármálagerninga og skipulegum viðskiptavettvöngum innan varfærnismarka. Þær geta einnig nýtt sér kosti alþjóðlegrar fjölbreytni. Af þeim sökum ætti ekki að takmarka fjárfestingu í hlutabréfum í gjaldmiðlum öðrum en þeim sem skuldirnar eru í og í öðrum gerningum með langtímaefnahagslýsingu og viðskipti eru ekki með á skipulegum mörkuðum, markaðstorgum fjármálagerninga eða skipulegum viðskiptavettvöngum, í samræmi við varfærnisregluna til að vernda hagsmuni sjóðfélaga og lífeyrisþega, að öðru leyti en út frá varfærni.

49) Túlkun á því hvað telst vera gerningar með langtímaefnahagslýsingu er víðfeðm. Slíkir gerningar eru óframseljanleg verðbréf og hafa því ekki aðgang að lausafjárstöðu eftirmarkaða. Þeir gera oft kröfu um skuldbindingar til ákveðins tíma sem takmarkar markaðshæfi þeirra og ætti að túlka að feli í sér hlutdeild og skuldagerninga í, og lána til, óskráðra félaga. Óskráð fyrirtæki taka m.a. til verkefna tengd innviðum, óskráðra félaga sem vilja vaxa, fasteigna eða annarra eigna sem gætu hentað til langtímafjárfestinga. Verkefni tengd innviðum sem losa lítið af koltvísýringi og eru þolin gagnvart loftslagsbreytingum eru oft óskráðar eignir og treysta á langtímalán til fjármögnunar verkefna.

50) Stofnunum um starfstengdan lífeyri ætti að vera heimilt að fjárfesta í öðrum aðildarríkjum í samræmi við reglur heimaaðildarríkis síns til að draga úr kostnaði við starfsemi sem nær yfir landamæri. Gistiaðildarríkinu ætti því ekki að vera heimilt að gera frekari kröfur um fjárfestingar á hendur stofnunum um starfstengdan lífeyri sem eru í öðrum aðildarríkjum.

51) Einstaklingar þurfa að hafa skýra yfirsýn yfir uppsöfnuð lífeyrisréttindi sín frá lögboðnum og starfstengdum lífeyriskerfum, einkum ef þeir hafa safnað slíkum réttindum í fleiri en einu aðildarríki. Sú yfirsýn gæti náðst með því að koma á fót þjónustu sem fylgist með lífeyri alls staðar í Sambandinu, svipaða þeirri sem hefur þegar verið sett á laggirnar í einhverjum aðildarríkjum eftir að framkvæmdastjórnin birti hvítbók 16. febrúar 2012 undir fyrirsögninni „Stefna um fullnægjandi, öruggan og sjálfbæran lífeyri“ þar sem hvatt er til að þróa slíka þjónustu.

52) Ekki er unnt að draga úr ákveðinni áhættu með megindlegum kröfum sem endurspeglast í kröfum um vátryggingaskuld og fjármögnun en sem aðeins er unnt að taka á með kröfum um stjórnunarhætti. Því er brýnt að tryggja árangursríkt stjórnkerfi fyrir fullnægjandi áhættustjórnun og vernd sjóðfélaga og lífeyrisþega. Slík kerfi ættu að vera í réttu hlutfalli við stærð, eðli, umfang og starfsemi stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri og það hversu flókin hún er.

53) Launakjarastefna sem hvetur til óhóflegrar áhættusækni getur grafið undan traustri og skilvirkri áhættustjórnun stofnana um starfstengdan lífeyri. Meginreglur og kröfur um upplýsingaskyldu að því er varðar launakjarastefnu sem gilda um aðrar fjármálastofnanir í Sambandinu ættu einnig að gilda um stofnanir um starfstengdan lífeyri, en þó ætti að hafa í huga hið sérstaka stjórnunarkerfi stofnana um starfstengdan lífeyri í samanburði við aðrar fjármálastofnanir og nauðsyn þess að taka tillit til stærðar, eðlis og umfangs starfsemi stofnana um starfstengdan lífeyri og þess hversu flókin hún er.

54) Lykilstarfssvið er geta til að inna tiltekin stjórnunarleg verkefni af hendi. Stofnanir um starfstengdan lífeyri ættu að búa yfir nægilegri getu til að sinna áhættustjórnun, innri endurskoðun og, eftir því sem við á, tryggingafræðilegum verkefnum. Auðkenning sérstaks lykilstarfssviðs ætti ekki að koma veg í fyrir að stofnanir um starfstengdan lífeyri ákveði upp á eigin spýtur hvernig það lykilstarfssvið sé skipulagt í raun nema annað sé tilgreint í þessari tilskipun. Þetta ætti ekki að hafa óþarflega íþyngjandi kröfur í för með sér þar sem taka ætti tillit til stærðar, eðlis og umfangs starfsemi stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri og þess hversu flókin hún er.

55) Aðilar sem stjórna stofnun um starfstengdan lífeyri í reynd ættu í sameiningu að vera hæfir og heiðarlegir og aðilar sem annast lykilstarfssvið ættu að hafa fullnægjandi þekkingu og reynslu og, eftir því sem við á, fullnægjandi menntun og hæfi. Einungis einstaklingar sem annast lykilstarfssvið ættu þó að sæta tilkynningarskyldu gagnvart lögbæru yfirvaldi.

56) Unnt ætti að vera fyrir einn aðila eða skipulagseiningu, að undanskildu innra endurskoðunarsviði, að annast fleiri en eitt lykilstarfssvið. Sá aðili eða skipulagseining sem annast lykilstarfssvið ætti þó að vera annar en sá sem annast sambærilegt lykilstarfssvið í aðildarfyrirtækinu. Aðildarríkin ættu að geta heimilað stofnun um starfstengdan lífeyri að annast lykilstarfssvið fyrir milligöngu sama aðila eða skipulagseiningar og aðildarfyrirtækið, að því tilskildu að stofnunin um starfstengdan lífeyri útskýri hvernig hún komi í veg fyrir eða stjórni hagsmunaárekstrum við aðildar-fyrirtækið.

57) Mikilvægt er að stofnanir um starfstengdan lífeyri bæti áhættustýringu sína en taki á sama tíma tillit til markmiðsins um sanngjarna dreifingu áhættu og ávinnings milli kynslóða í starftengdum lífeyri til að unnt sé að skilja til hlítar hugsanlegan veikleika í tengslum við sjálfbærni lífeyriskerfa og ræða það við viðkomandi lögbær yfirvöld. Stofnanir um starfstengdan lífeyri ættu, sem lið í áhættustjórnunarkerfi sínu, að taka saman áhættumat fyrir starfsemi sína sem tengist lífeyri. Það áhættumat ætti einnig að vera lögbærum yfirvöldum aðgengilegt og ætti m.a., ef við á, að taka til áhættu sem tengist loftslagsbreytingum, auðlindanotkun, umhverfinu, félagslegri áhættu og áhættu sem tengist virðisrýrnun eigna vegna breytinga á reglum („verðlausar eignir“)

58) Umhverfislegir, félagslegir og stjórnunarlegir þættir, eins og um getur í meginreglum um ábyrgar fjárfestingar, sem njóta stuðnings Sameinuðu þjóðanna, eru mikilvægir fyrir fjármögnunarstefnu og áhættustýringarkerfi stofnana um starfstengdan lífeyri. Aðildarríkin ættu að skylda stofnanir um starfstengdan lífeyri að greina sérstaklega frá því ef hugað er að slíkum þáttum í ákvörðunum um fjárfestingar og hvernig þeir eru liðir í áhættustýringarkerfi þeirra. Gildi og mikilvægi umhverfislegra, félagslegra og stjórnunarlegra þátta fyrir fjárfestingar lífeyriskerfis og með hvaða hætti tekið er tillit til slíkra þátta ætti að vera liður í þeim upplýsingum sem stofnun um starfstengdan lífeyri veitir samkvæmt þessari tilskipun. Það útilokar ekki að stofnun um starfstengdan lífeyri uppfylli skilyrðin með því að taka fram í slíkum upplýsingum að hún hugi ekki að umhverfislegum, félagslegum og stjórnunarlegum þáttum í fjárfestingarstefnu sinni eða að kostnaður lífeyriskerfis við að vakta gildi og mikilvægi slíkra þátta og hvernig tekið er tillit til þeirra sé ekki í réttu hlutfalli við stærð, eðli og umfang starfsemi hennar og það hversu flókin hún er.

59) Sérhvert aðildarríki ætti að krefjast þess að sérhver stofnun um starfstengdan lífeyri á yfirráðasvæði þess geri ársreikninga og ársskýrslur þar sem fram kemur sérhvert lífeyriskerfi sem stofnunin um starfstengdan lífeyri rekur og, eftir því sem við á, ársreikningar og ársskýrslur fyrir hvert þeirra. Ársreikningarnir og ársskýrslurnar, sem gefa glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri, þar sem tekið er tillit til allra lífeyriskerfa sem stofnunin um starfstengdan lífeyri stýrir og viðurkenndir aðilar hafa samþykkt, eru mikilvæg upplýsingaheimild fyrir sjóðfélaga og lífeyrisþega kerfa sem og lögbær yfirvöld. Sér í lagi gera þær lögbærum yfirvöldum kleift að fylgjast með fjárhagslegum styrkleika stofnunar um starfstengdan lífeyri og að þau geti metið hvort stofnunin um starfstengdan lífeyri hafi getu til að standa við allar samningsbundnar skuldbindingar sínar. Birta ætti ársreikninga og ársskýrslur á vefsetri, ef mögulegt er, eða með öðrum hætti, t.d. með því að gera afrit aðgengileg sé þess óskað.

60) Fjárfestingarstefna stofnunar um starfstengdan lífeyri er ákvarðandi þáttur bæði fyrir öryggi og efnahagslega sjálfbærni starfstengdra lífeyriskerfa til lengri tíma. Stofnanirnar um starfstengdan lífeyri ættu því að setja fram og endurskoða, á að minnsta kosti þriggja ára fresti, greinargerð um meginreglur um fjárfestingar. Sú greinargerð ætti að vera aðgengileg lögbærum yfirvöldum, svo og sjóðfélögum og lífeyrisþegum í hverju lífeyriskerfi, sé þess óskað.

61) Stofnunum um starfstengdan lífeyri ætti að vera heimilt að fela þjónustuveitendum sem starfa fyrir þeirra hönd hvers konar starfsemi, m.a. lykilstarfssvið, að öllu leyti eða að hluta. Stofnanir um starfstengdan lífeyri ættu að bera fulla ábyrgð á því að sinna öllum skyldum sínum samkvæmt þessari tilskipun þegar þær útvista lykilstarfssviðum eða annarri

starfsemi. Stofnanir um starfstengdan lífeyri ættu að gera skriflegan samning við þjónustuveitandann þegar starfsemi er útvistað. Samningar um þjónustu rekstrarlegs eðlis, t.d. um starfsfólk sem sinnir öryggismálum eða viðhaldsþjónustu, falla ekki undir þessa tilskipun.

62) Aðildarríkin ættu að eiga þess kost að gera kröfu um tilnefningu vörsluaðila í tengslum við vörslu eigna stofnana um starfstengdan lífeyri.

63) Stofnanir um starfstengdan lífeyri ættu, að teknu tilliti til eðlis lífeyriskerfisins sem komið hefur verið á og þeirrar stjórnsýslubyrði sem því fylgir, að veita greinargóðar og fullnægjandi upplýsingar til væntanlegra sjóðfélaga, sjóðfélaga og lífeyrisþega til að aðstoða þá við að taka ákvörðun um starfslok og tryggja mikið gagnsæi á öllum stigum kerfisins, þ.m.t. áður en að aðild kemur, aðild (þ.m.t. áður en eftirlaunaaldri er náð) og eftir að lífeyristaka hefst. Einkum ætti að gefa upplýsingar um uppsöfnuð lífeyrisréttindi, áætlaðan lífeyri, áhættu og ábyrgðir, svo og kostnað. Ef áætlaður lífeyrir byggist á efnahagslegum sviðsmyndum ættu þessar upplýsingar einnig að innihalda neikvæða sviðsmynd sem ætti að vera öfgakennd en trúverðug. Ef sjóðfélagar bera fjárfestingaráhættu eru viðbótarupplýsingar um fjárfestingarsniðið, alla valkosti sem fyrir hendi eru og fyrri frammistöðu einnig afar mikilvægar. Upplýsingar ættu að fullnægja þörfum notandans og í þeim ætti að taka tillit til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, einkum að því er varðar aðgengi og aðgang að upplýsingum, eins og kveðið er á um í 3. og 21. gr. þess samnings, eftir því sem við á. Aðildarríkin geta valið að tilgreina frekar hver geti veitt upplýsingarnar til væntanlegra sjóðfélaga, sjóðfélaga og lífeyrisþega, m.a. með milligöngu upplýsingaþjónustu um lífeyri.

64) Þegar tekið er tillit til sérstakra eiginleika lífeyriskerfa sem veita tiltekna fjárhæð lífeyris hefur hvorki fyrri frammistaða né kostnaðarsamsetning áhrif á lífeyrinn nema í undantekningartilvikum. Upplýsingar þar að lútandi ætti því einvörðungu að veita að því er varðar lífeyriskerfi þar sem sjóðfélagar bera fjárfestingaráhættu eða geta tekið ákvarðanir um fjárfestingar.

65) Veita ætti væntanlegum sjóðfélögum allar nauðsynlegar upplýsingar áður en þeir gerast aðilar að lífeyriskerfi til að þeir geti tekið upplýsta ákvörðun. Ef væntanlegir sjóðfélagar eiga ekkert val og eru sjálfskrafa skráðir í lífeyriskerfi ætti stofnunin um starfstengdan lífeyri að veita þeim helstu upplýsingar sem skipta máli um aðild þeirra þegar eftir inngöngu.

66) Stofnanir um starfstengdan lífeyri ættu að taka saman fyrir sjóðfélaga greinargerð um lífeyrisréttindi þar sem er að finna helstu persónulegar upplýsingar auk almennra upplýsinga um lífeyriskerfið. Greinargerðin um lífeyrisréttindi ætti að vera skýr og ítarleg og ætti að geyma mikilvægar og viðeigandi upplýsingar til að auðvelda skilning á lífeyrisréttindum í tímans rás og milli kerfa og þjóna hreyfanleika vinnuafls.

67) Stofnanir um starfstengdan lífeyri ættu að upplýsa sjóðfélaga um útgreiðsluvalkosti með nægilegum fyrirvara áður en þeir fara á eftirlaun. Ef lífeyrir er ekki greiddur sem lífeyrir til lífstíðar ættu sjóðfélagar sem nálgast eftirlaunaaldur að fá upplýsingar um á hvaða formi þessar greiðslur gætu verið til að auðvelda þeim að skipuleggja fjárhag sinn eftir starfslok.

68) Á meðan lífeyrir er greiddur út ættu lífeyrisþegar að fá áfram upplýsingar um bætur sínar og samsvarandi útgreiðsluvalkosti. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar lífeyrisþegar bera umtalsverða fjárfestingaráhættu á útgreiðslutímabilinu. Lífeyrisþegar ættu einnig að fá upplýsingar um hvers kyns lækkun á þeim bótum sem þeir eiga rétt á áður en til slíkrar lækkunar kemur, eftir að tekin hefur verið ákvörðun sem leiðir til lækkunar. Í samræmi við góðar starfsvenjur er mælst til þess að stofnanir um starfstengdan lífeyri hafi samráð við lífeyrisþega áður en slík ákvörðun er tekin.

69) Lögbært yfirvald ætti að beita valdheimildum sínum með það helst í huga að vernda réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega og stöðugleika og styrkleika stofnana um starfstengdan lífeyri.

70) Umfang varfærniseftirlits er mismunandi milli aðildarríkja. Þetta getur valdið vandræðum ef stofnun um starfstengdan lífeyri þarf að fara að varfærnisreglum heimaaðildarríkis síns á sama tíma og hún þarf að fara að félagsmála- og vinnulöggjöf í gistiaðildarríki sínu. Dregið er úr réttaróvissu og tengdum viðskiptakostnaði ef skýrt er hvaða svið eru talin hluti af varfærniseftirliti, að því er varðar þessa tilskipun.

71) Innri markaður fyrir stofnanir um starfstengdan lífeyri krefst gagnkvæmrar viðurkenningar varfærnisviðmiðana. Lögbær yfirvöld heimaaðildarríkis stofnunar um starfstengdan lífeyri ættu að hafa eftirlit með því að stofnun um starfstengdan lífeyri fylgi þeim viðmiðunum. Aðildarríki ættu að fela lögbærum yfirvöldum nauðsynlegar valdheimildir til að grípa til fyrirbyggjandi ráðstafana eða ráðstafana til úrbóta ef stofnun um starfstengdan lífeyri fer ekki að einhverjum kröfum þessarar tilskipunar.

72) Mikilvægt er, til að tryggja árangursríkt eftirlit með útvistaðri starfsemi, m.a. allri síðari, endurútvistaðri starfsemi, að lögbær yfirvöld hafi aðgang að öllum viðeigandi gögnum sem þjónustuveitendur, sem starfsemi hefur verið útvistað til, varðveita, burtséð frá því hvort þeir eru eftirlitsskyldar einingar eða ekki, og hafi rétt til að gera vettvangsskoðanir. Til þess að lögbær yfirvöld geti tekið tillit til markaðsþróunar og til að tryggja að skilyrðunum um útvistun sé fylgt ættu þau að hafa nauðsynlegar valdheimildir til að óska eftir upplýsingum frá stofnunum um starfstengdan lífeyri og þjónustuveitendum um hvers kyns útvistaða starfsemi.

73) Gera ætti ráð fyrir upplýsingaskiptum milli lögbærra yfirvalda, annarra yfirvalda og stofnana sem hafa það hlutverk að efla fjármálastöðugleika og slíta lífeyriskerfum. Því er nauðsynlegt að tilgreina við hvaða skilyrði þessi upplýsingaskipti skulu vera möguleg. Þegar aðeins má greina frá upplýsingum með skýlausu samþykki lögbærra yfirvalda skulu þau, þegar svo ber undir, enn fremur setja það skilyrði fyrir samþykki sínu að farið sé að ströngum skilyrðum.

74) Öll vinnsla persónuupplýsinga samkvæmt þessari tilskipun, svo sem skipti eða miðlun persónuupplýsinga af hálfu lögbærra yfirvalda, ætti að vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ([7]) og öll skipti eða miðlun upplýsinga af hálfu evrópskra eftirlitsyfirvalda samkvæmt þessari tilskipun ættu að vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 ([8]).

75) Til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins að því er varðar starfstengdan lífeyri sem er skipulagður á vettvangi Sambandsins ætti framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina, að endurskoða og gefa skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar og leggja þá skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 13. janúar 2023.

76) Til að tryggja sanngjarna samkeppni milli stofnana ætti að framlengja umbreytingartímabilið sem heimilar vátryggingafélögum, sem falla undir gildissvið tilskipunar 2009/138/EB, að stunda starfsemi á sviði starfstengds lífeyris samkvæmt reglunum sem um getur í 4. gr. þessarar tilskipunar til 31. desember 2022. Því ætti að breyta tilskipun 2009/138/EB til samræmis við það.

77) Frekari þróun gjaldþolslíkana á vettvangi Sambandsins, svo sem HBS-líkansins (e. *holistic balance sheet*), er ekki raunhæf í reynd og ekki árangursrík með tilliti til kostnaðar og ávinnings, einkum vegna þess hve stofnanir um starfstengdan lífeyri í aðildarríkjunum og milli aðildarríkjanna eru fjölbreytilegar. Því ætti ekki að þróa megindlegar eiginfjárkröfur, s.s. gjaldþolsáætlun II eða HBS-líkön sem af henni leiða, á vettvangi Sambandsins að því er varðar stofnanir um starfstengdan lífeyri, þar eð þær gætu dregið úr vilja atvinnurekenda til að koma á fót starfstengdum lífeyriskerfum.

78) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að koma á lagaramma Sambandsins sem tekur til stofnana um starfstengdan lífeyri, og því verður þar af leiðandi betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs eða áhrifa aðgerðarinnar er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná því markmiði.

79) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, eitt eða fleiri skjöl fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar til að útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er þessa tilskipun varðar telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé réttlætanleg.

80) Skyldan til að taka þessa tilskipun upp í landslög skal takmarkast við þau ákvæði þar sem gerð er efnisleg breyting í samanburði við fyrri tilskipanir. Skyldan til að taka óbreyttu ákvæðin upp í landslög leiðir af fyrri tilskipununum.

81) Þessi tilskipun ætti ekki að hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti til að taka upp í landslög og beita tilskipununum sem eru tilgreindar í B-hluta I. viðauka.

([7]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

([8]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. BÁLKUR

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í þessari tilskipun eru settar reglur um stofnun og rekstur starfsemi sem stofnanir um starfstengdan lífeyri stunda.

2. gr.

Gildissvið

1. Tilskipun þessi gildir um stofnun um starfstengdan lífeyri. Í þeim tilvikum að stofnanir um starfstengdan lífeyri hafa ekki réttarstöðu lögaðila í samræmi við innlend lög skulu aðildarríkin beita þessari tilskipun annaðhvort gagnvart þessum stofnunum um starfstengdan lífeyri eða, með fyrirvara um 2. mgr., gagnvart aðilum sem veitt hefur verið starfsleyfi fyrir og bera ábyrgð á rekstri þeirra og koma fram fyrir þeirra hönd.

2. Tilskipun þessi gildir ekki um:

a) stofnanir sem starfrækja almannatryggingakerfi sem falla undir reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 ([9]) og (EB) nr. 987/2009 ([10]),

b) stofnanir sem falla undir tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ([11]), 2009/138/EB, 2011/61/ESB ([12]), 2013/36/ESB ([13]) og 2014/65/ESB ([14]),

c) stofnanir sem reknar eru með gegnumstreymiskerfi,

d) stofnanir þar sem starfsmenn aðildarfyrirtækisins hafa engan lagalegan rétt til réttinda og aðildarfyrirtækið getur innleyst eignirnar hvenær sem er og þarf ekki endilega að fullnægja skuldbindingum sínum um greiðslu eftirlauna,

e) félög með sjóði sem ekki byggja á sjóðsöfnun í því skyni að greiða starfsmönnum sínum eftirlaun.

3. gr.

Beiting að því er varðar stofnanir um starfstengdan lífeyri sem starfrækja almannatryggingakerfi

Stofnanir um starfstengdan lífeyri, sem starfrækja einnig skyldubundin atvinnutengd lífeyriskerfi sem litið er á sem almannatryggingakerfi sem falla undir reglugerðir (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009, skulu falla undir þessa tilskipun að því er varðar þann hluta þeirra sem er vegna starfstengdra lífeyrisgreiðslna sem ekki eru skyldubundnar. Í slíku tilviki skal skuldbindingunum og samsvarandi eignum haldið aðgreindum og ekki skal unnt að yfirfæra þær til skyldubundinna lífeyriskerfa sem litið er á sem almannatryggingakerfi eða öfugt.

([9]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 frá 29. apríl 2004 um samræmingu almannatryggingakerfa (Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 frá 16. september 2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa (Stjtíð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1).

([11]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS) (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

([12]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfða sjóða og um breytingu á tilskipunum 2003/41/EB og 2009/65/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009 og (ESB) nr. 1095/2010 (Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

([13]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærniseftirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

([14]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

4. gr.

Valfrjáls beiting að því er varðar stofnanir sem falla undir tilskipun 2009/138/EB

Heimaaðildarríki geta kosið að beita ákvæðum 9.–14. gr., 19.–22. gr., 23. gr. (1. og 2. mgr.) og 24.–58. gr. þessarar tilskipunar gagnvart rekstri líftryggingafélaga varðandi starfstengdan lífeyri í samræmi við i.–iii. lið a-liðar og ii.–iv. lið b-liðar í 3. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB. Í því tilviki skal halda aðgreindum, stýra og skipuleggja allar eignir og skuldbindingar, sem samsvara rekstri varðandi starfstengdan lífeyri, og hafa þær aðgreindar frá allri annarri starfsemi líftryggingafélaganna, og enginn möguleiki skal vera á yfirfærslu.

Líftryggingafélög skulu, í tilvikinu sem um getur í fyrstu málsgrein þessarar greinar, og aðeins að því er varðar rekstur varðandi starfstengdan lífeyri, ekki falla undir 76.–86. gr., 132. gr., 134. gr. (2. mgr), 173. gr., 185. gr. (5. mgr.), 185. gr. (7. og 8. mgr.) og 209. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

Heimaaðildarríkið skal tryggja að annaðhvort lögbær yfirvöld eða þau yfirvöld, sem bera ábyrgð á eftirliti með líftryggingafélögum, sem falla undir tilskipun 2009/138/EB, og það sé hluti af eftirlitsverkefnum þeirra, sannreyni að rekstur varðandi starfstengdan lífeyri sé algerlega aðskilinn öðrum rekstri.

5. gr.

Litlar stofnanir um starfstengdan lífeyri og almannatryggingakerfi

Aðildarríkin geta valið að beita ekki þessari tilskipun, að öllu leyti eða að hluta, að undanskildum 32.–35. gr., gagnvart öllum stofnunum um starfstengdan lífeyri, sem eru skráðar eða veitt hefur verið leyfi fyrir á yfirráðasvæðum þeirra, sem starfrækja lífeyriskerfi þar sem sjóðfélagar eru samanlagt færri en 100. Með fyrirvara um 2. mgr. 2. gr. skulu þessar stofnanir um starfstengdan lífeyri þó eiga rétt á að beita þessari tilskipun ef þær æskja þess. Einungis er heimilt að beita 11. gr. ef öll önnur ákvæði þessarar tilskipunar gilda. Aðildarríkin skulu beita 1. mgr. 19. gr. og 1. og 2. mgr. 21. gr. gagnvart öllum stofnunum um starfstengdan lífeyri, sem eru skráðar eða veitt hefur verið leyfi fyrir á yfirráðasvæðum þeirra, sem starfrækja lífeyriskerfi þar sem sjóðfélagar eru samanlagt fleiri en 15.

Aðildarríkin geta valið að beita 1.–8. gr., 19. gr. og 32.–35. gr. gagnvart stofnunum sem annast lögboðinn, starfstengdan lífeyri samkvæmt landslögum sem opinber yfirvöld ábyrgjast.

6. gr.

Skilgreiningar.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „stofnun um starfstengdan lífeyri“: stofnun, án tillits til rekstrarforms að lögum, sem rekin er með fjármögnun og er stofnuð aðskilin frá aðildarfyrirtæki eða atvinnugrein í þeim tilgangi að annast atvinnutengdar eftirlaunagreiðslur á grundvelli samkomulags eða samnings:

   a) sem er gerður fyrir hvern og einn eða í heild milli vinnuveitanda eða vinnuveitenda og starfsmanns eða starfsmanna eða fulltrúa þeirra hvors eða hvorra um sig eða

   b) sem er gerður við sjálfstætt starfandi aðila, fyrir hvern og einn eða í heild, í samræmi við löggjöf heima- og gistiaðildarríkjanna,

   og annast starfsemi sem rekja má beint til þess,

2) „lífeyriskerfi“: samningur, samkomulag, vörslusjóðsskjal eða reglur sem kveða á um greiðslu eftirlauna og þá með hvaða skilyrðum,

3) „aðildarfyrirtæki“: fyrirtæki eða annar aðili, hvort sem til þess teljast eða það samanstendur af einum eða fleiri lögaðilum eða einstaklingum, sem starfar sem vinnuveitandi eða er sjálfstætt starfandi eða með einhverri slíkri samsetningu og býður lífeyriskerfi eða greiðir framlög til stofnunar um starfstengdan lífeyri,

4) „eftirlaun“: réttindi sem eru greidd út þegar eftirlaunaaldri er náð eða þegar þess er vænst að honum verði náð eða þegar þau eru greidd sem viðbótarframlag, í formi greiðslna við andlát, örorku eða starfslok, eða í formi stuðningsgreiðslna eða þjónustu vegna sjúkdóms, fátæktar eða andláts. Í því skyni að stuðla að fjárhagslegu öryggi á eftirlaunaárum geta þessi réttindi verið í formi ævilangra greiðslna, tímabundinna greiðslna, eingreiðslna eða hvaða samsetningar þeirra sem er,

5) „sjóðfélagi“: einstaklingur, annar en lífeyrisþegi eða væntanlegur sjóðfélagi, sem á rétt á eða mun eiga rétt á eftirlaunum í krafti fyrri eða núverandi starfsemi sinnar í samræmi við ákvæði lífeyriskerfis,

6) „lífeyrisþegi“: aðili sem fær greidd eftirlaun,

7) „væntanlegur sjóðfélagi“: aðili sem uppfyllir skilyrði til að gerast aðili að lífeyriskerfi,

8) „lögbært yfirvald“: innlent yfirvald sem er tilnefnt til að inna af hendi þær skyldur sem kveðið er á um í þessari tilskipun,

9) „áhætta sem tengist ævilíkum manna“: áhætta tengd andláti, örorku og langlífi,

10) „heimaaðildarríki“: aðildarríkið þar sem stofnun um starfstengdan lífeyri hefur verið skráð eða veitt hefur verið starfsleyfi fyrir og þar sem aðalskrifstofa hennar er í samræmi við 9. gr.

11) „gistiaðildarríki“: aðildarríkið þar sem félagsmála- og vinnulöggjöf sem tengist starfstengdum lífeyriskerfum á við um tengslin milli aðildarfyrirtækisins og sjóðfélaga eða lífeyrisþega,

12) „afhendingarstofnun um starfstengdan lífeyri“: stofnun um starfstengdan lífeyri sem flytur allar skuldir lífeyriskerfis eða hluta þeirra, tryggingaskuld og aðrar skyldur og réttindi, ásamt samsvarandi eignum eða andvirði þeirra í reiðufé, til stofnunar um starfstengdan lífeyri sem er skráð eða veitt hefur verið starfsleyfi fyrir í öðru aðildarríki,

13) „viðtökustofnun um starfstengdan lífeyri“: stofnun um starfstengdan lífeyri sem tekur við öllum skuldum lífeyriskerfis eða hluta þeirra, tryggingaskuld og öðrum skyldum og réttindum, ásamt samsvarandi eignum eða andvirði þeirra í reiðufé, frá stofnun um starfstengdan lífeyri sem er skráð eða veitt hefur verið starfsleyfi fyrir í öðru aðildarríki,

14) „skipulegur markaður“: skipulegur markaður eins og hann er skilgreindur í 21. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

15) „markaðstorg fjármálagerninga“: markaðstorg fjármálagerninga eins og skilgreint er í 22. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

16) „skipulegur viðskiptavettvangur“: skipulegur viðskiptavettvangur eins og hann er skilgreindur í 23. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,

17) „varanlegur miðill“: sérhvert tæki sem gerir sjóðfélaga eða lífeyrisþega kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans persónulega, á þann hátt að hægt sé að nálgast þær til að fletta upp í þeim síðar, í hæfilegan tíma eftir tilgangi upplýsinganna og sem gerir kleift að afrita upplýsingarnar, sem geymdar eru, óbreyttar,

18) „lykilstarfssvið“ innan stjórnkerfis: geta til að sinna verklegum viðfangsefnum sem samanstanda af áhættustjórnun, innri endurskoðun og tryggingafræðilegum verkefnum,

19) „starfsemi sem nær yfir landamæri“: rekstur lífeyriskerfis þar sem samband milli aðildarfyrirtækisins og viðkomandi sjóðfélaga og lífeyrisþega ræðst af félagsmála- og vinnulöggjöf sem á við um starfstengd lífeyriskerfi aðildarríkis annars en heimaaðildarríkisins.

7. gr.

Starfsemi stofnunar um starfstengdan lífeyri

Aðildarríkin skulu krefjast þess að stofnanir um starfstengdan lífeyri sem eru skráðar eða veitt hefur verið starfsleyfi fyrir á yfirráðasvæði þeirra, takmarki starfsemi sína við rekstur, tengdan lífeyri og starfsemi sem af þeim leiðir.

Þegar líftryggingafélag stýrir rekstri sínum varðandi starfstengdan lífeyri með því að halda eignum sínum og skuldum aðgreindum, í samræmi við 4. gr., skulu aðgreindu eignirnar og skuldirnar takmarkast við rekstur, tengdan eftirlaunum og starfsemi sem leiðir beint af þeim.

Stofnanir um starfstengdan lífeyri skulu, að meginreglu, eftir því sem við á, hafa hliðsjón af markmiðinu um sanngjarna dreifingu áhættu og ávinnings milli kynslóða í starfsemi sinni.

8. gr.

Lögformlegur aðskilnaður milli aðildarfyrirtækja og stofnana um starfstengdan lífeyri

Aðildarríkin skulu tryggja að aðildarfyrirtæki og stofnun um starfstengdan lífeyri sem er skráð eða veitt hefur verið starfsleyfi fyrir á yfirráðasvæði þeirra, séu lögformlega aðskilin svo að eignir stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri séu varðar í þágu sjóðfélaga og lífeyrisþega í því tilviki að aðildarfyrirtækið yrði gjaldþrota.

9. gr.

Skráning eða starfsleyfi

1. Aðildarríkin skulu, að því er varðar sérhverja stofnun um starfstengdan lífeyri sem hefur aðalskrifstofu sína á yfirráðasvæðum þeirra, tryggja að lögbært yfirvald skrái stofnun um starfstengdan lífeyri í innlenda skrá eða veiti henni starfsleyfi.

Staðsetning aðalskrifstofunnar vísar til þess staðar þar sem helstu stefnumótandi ákvarðanir stofnunar um starfstengdan lífeyri eru teknar.

2. Þegar um er að ræða starfsemi sem nær yfir landamæri sem er stunduð í samræmi við 11. gr. skal einnig tilgreina í skránni aðildarríkin þar sem stofnunin um starfstengdan lífeyri starfar.

3. Senda skal upplýsingarnar úr skránni til Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar sem skal birta þær á vefsetri sínu.

10. gr.

Rekstrarkröfur

1. Aðildarríkin skulu, að því er varðar sérhverja stofnun um starfstengdan lífeyri sem er skráð eða veitt hefur verið starfsleyfi fyrir á yfirráðasvæðum þeirra, tryggja:

a) að stofnunin um starfstengdan lífeyri hafi hrundið í framkvæmd reglum um rekstur lífeyriskerfa og að þær hafi verið settar á viðeigandi hátt,

b) að aðildarfyrirtækið ábyrgist greiðslu eftirlauna í því tilviki að það hafi skuldbundið sig til reglulegrar fjármögnunar.

2. Í samræmi við nálægðarregluna og að teknu tilhlýðilegu tilliti til umfangs lífeyrisgreiðslna sem almannatryggingakerfi bjóða geta aðildarríki kveðið á um að sjóðfélögum standi til boða viðbótarréttindi, s.s. trygging sem nær yfir langlífi og örorku, greiðslur til eftirlifandi aðstandenda og trygging fyrir endurgreiðslu framlaga með samþykki vinnuveitenda og starfsmanna eða fulltrúa þeirra hvorra um sig.

11. gr.

Starfsemi sem nær yfir landamæri og málsmeðferðarreglur

1. Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um innlenda félagsmála- og vinnulöggjöf um skipulag lífeyriskerfa, þ.m.t. skylduaðild og niðurstöður almennra kjarasamninga, heimila stofnun um starfstengdan lífeyri, sem er skráð eða veitt hefur verið starfsleyfi fyrir á yfirráðasvæðum þeirra, að stunda starfsemi sem nær yfir landamæri. Aðildarríkin skulu einnig heimila fyrirtækjum á yfirráðasvæðum sínum að greiða til stofnana um starfstengdan lífeyri sem áforma að stunda starfsemi sem nær yfir landamæri.

2. Um stofnun um starfstengdan lífeyri, sem áformar að stunda starfsemi sem nær yfir landamæri og að samþykkja greiðslur frá aðildarfyrirtæki, gildir að viðkomandi lögbært yfirvald í heimaaðildarríki hennar hafi veitt henni starfsleyfi fyrir fram.

3. Stofnun um starfstengdan lífeyri skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu að hún hyggist stunda starfsemi sem nær yfir landamæri. Aðildarríkin skulu krefjast þess að stofnanir um starfstengdan lífeyri leggi fram eftirfarandi upplýsingar með tilkynningunni:

a) heiti gistiaðildarríkis/gistiaðildarríkja sem aðildarfyrirtækið skal auðkenna, eftir því sem við á,

b) heiti og staðsetning aðalskrifstofu aðildarfyrirtækisins,

c) aðaleinkenni lífeyriskerfisins sem starfrækja skal fyrir aðildarfyrirtækið.

4. Ef lögbært yfirvald í heimaðildarríki fær tilkynningu skv. 3. mgr., og ef það hefur ekki sent frá sér rökstudda ákvörðun um að stjórnskipulag eða fjárhagsstaða stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri eða orðstír eða fagþekking eða reynsla þeirra aðila sem reka stofnunina um starfstengdan lífeyri séu ekki samrýmanleg fyrirhugaðri starfsemi sem nær yfir landamæri, skal það lögbæra yfirvald, innan þriggja mánaða frá því að það fær allar upplýsingar, sem um getur í 3. mgr., senda þessar upplýsingar til lögbærs yfirvalds gistiaðildarríkisins og láta stofnunina um starfstengdan lífeyri vita.

Gefa skal rökstuddu ákvörðunina sem um getur í fyrstu undirgrein út áður en þrír mánuðir eru liðnir frá því að tekið var við öllum upplýsingunum sem um getur í 3. mgr.

5. Sendi lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkisins ekki upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. ber því að greina hlutaðeigandi stofnun um starfstengdan lífeyri frá ástæðum þess innan þriggja mánaða frá viðtöku allra þeirra upplýsinga. Heimilt er að áfrýja til dómstóla í heimaaðildarríkinu ef upplýsingarnar eru ekki sendar.

6. Stofnanir um starfstengdan lífeyri sem stunda starfsemi sem nær yfir landamæri skulu falla undir upplýsingakröfurnar sem um getur í IV. bálki sem gistiaðildarríkið hefur sett að því er varðar væntanlega sjóðfélaga, aðila og lífeyrisþega sem þessi starfsemi sem nær yfir landamæri varðar.

7. Lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu skal, áður en stofnunin um starfstengdan lífeyri hefur starfsemi sem nær yfir landamæri, og eigi síðar en sex vikum eftir að það fær upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr., tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu um þær kröfur í félagsmála- og vinnulöggjöf sem eiga við um starfstengd lífeyriskerfi og sem segja til um hvernig lífeyriskerfi, sem fyrirtæki í gistiaðildarríki greiðir til, skuli starfrækt og um upplýsingakröfur gistiaðildarríkisins sem um getur í IV. bálki og gilda um starfsemi sem nær yfir landamæri. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal láta stofnuninni um starfstengdan lífeyri í té þessar upplýsingar.

8. Þegar stofnun um starfstengdan lífeyri berst tilkynning, sem um getur í 7. mgr., eða ef engin tilkynning hefur borist frá lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu þegar sá frestur rennur út, sem kveðið er á um í 7. mgr., er stofnuninni um starfstengdan lífeyri heimilt að hefja starfsemi sem nær yfir landamæri, í samræmi við kröfur félagsmála- og vinnulöggjafar gistiaðildarríkisins sem eiga við um starfstengd lífeyriskerfi og við upplýsingakröfur gistiaðildarríkisins sem um getur í 7. mgr.

9. Lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu um allar verulegar breytingar á kröfum í félagsmála- og vinnulöggjöf gistiaðildarríkisins sem eiga við um starfstengd lífeyriskerfi sem kunna að hafa áhrif á eiginleika lífeyriskerfisins að því marki sem það snertir starfsemi sem nær yfir landamæri og um verulegar breytingar á upplýsingakröfum gistiaðildarríkisins sem um getur í 7. mgr. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal láta stofnuninni um starfstengdan lífeyri í té þessar upplýsingar.

10. Stofnunin um starfstengdan lífeyri skal sæta viðvarandi eftirliti lögbærs yfirvalds í gistiaðildarríkinu þar sem fylgst er með því að starfsemin fari fram í samræmi við kröfur í vinnu- og félagsmálalöggjöf gistiaðildarríkisins sem eiga við um starfstengd lífeyriskerfi og við upplýsingakröfur gistiaðildarríkisins sem um getur í 7. mgr. Ef þetta eftirlit leiðir í ljós brot á reglum ber lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu að tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríkinu um það tafarlaust. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu skal, með samhæfingu við lögbært yfirvald í gistiaðildarríkinu, gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að stofnunin um starfstengdan lífeyri láti af brotinu.

11. Ef stofnunin heldur áfram að brjóta viðeigandi ákvæði í félagsmála- og vinnulöggjöf gistiaðildarríkisins, sem eiga við um starfstengd lífeyriskerfi eða upplýsingakröfur gistiaðildarríkisins sem um getur í 7. mgr., þrátt fyrir ráðstafanir sem lögbært

yfirvald í heimaaðildarríkinu hefur gert eða vegna þess að viðeigandi ráðstafanir eru ekki gerðar í heimaðildarríkinu, er lögbæru yfirvaldi í gistiaðildarríkinu heimilt, eftir að hafa tilkynnt lögbæru yfirvaldi í heimaðildarríkinu um það, að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir eða refsa fyrir frekari brot, þ.m.t. að koma í veg fyrir rekstur stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri í gistiaðildarríkinu fyrir aðildarfyrirtækið að því marki sem ýtrustu nauðsyn ber til.

12. gr.

Flutningur yfir landamæri

1. Aðildarríkin skulu heimila stofnunum um starfstengdan lífeyri sem eru skráðar eða sem veitt hefur verið starfsleyfi fyrir á yfirráðasvæðum þeirra að flytja allar skuldir lífeyriskerfis eða hluta þeirra, tryggingaskuldir og aðrar skyldur og réttindi, ásamt samsvarandi eignum eða andvirði þeirra í reiðufé, til viðtökustofnunar um starfstengdan lífeyri.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að kostnaður við flutning falli hvorki á þá sjóðfélaga og lífeyrisþega afhendingarstofnunarinnar um starfstengdan lífeyri sem eftir standa né sjóðfélaga og lífeyrisþega viðtökustofnunarinnar um starfstengdan lífeyri sem fyrir eru.

3. Flutningurinn skal háður fyrirframsamþykki:

a) meirihluta viðkomandi sjóðfélaga og meirihluta viðkomandi lífeyrisþega eða, eftir því sem við á, meirihluta fulltrúa þeirra. Meirihlutinn skal skilgreindur í samræmi við landslög. Afhendingarstofnun um starfstengdan lífeyri skal tímanlega afhenda viðkomandi sjóðfélögum og lífeyrisþegum og, eftir því sem við á, fulltrúum þeirra upplýsingar um skilyrðin fyrir flutningnum áður en umsóknin sem um getur í 4. mgr. er lögð fram, og

b) aðildarfyrirtækinu, eftir því sem við á.

4. Flutningur á öllum skuldum lífeyriskerfis eða hluta þeirra, tryggingaskuld og öðrum skyldum og réttindum, ásamt samsvarandi eignum eða andvirði þeirra í reiðufé, milli afhendingarstofnunar um starfstengdan lífeyri annars vegar og viðtökustofnunar hins vegar, skal vera háður leyfi lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríki viðtökustofnunar um starfstengdan lífeyri að fengnu fyrirframsamþykki lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríki afhendingarstofnunar um starfstengdan lífeyri. Viðtökustofnunin um starfstengdan lífeyri skal leggja inn umsókn um leyfi fyrir flutningnum. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríki viðtökustofnunarinnar um starfstengdan lífeyri skal veita leyfið eða synja því og tilkynna ákvörðun sína til viðtökustofnunarinnar um starfstengdan lífeyri áður en þrír mánuðir eru liðnir frá viðtöku umsóknarinnar.

5. Í umsókn um leyfi fyrir flutning, sem um getur í 4. mgr., skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a) skriflegt samkomulag milli afhendingarstofnunar um starfstengdan lífeyri annars vegar og viðtökustofnunar hins vegar þar sem sett eru skilyrði fyrir flutningnum,

b) lýsing á helstu einkennum lífeyriskerfisins,

c) lýsing á skuldum eða tryggingaskuld sem á að flytja og öðrum skyldum og réttindum, ásamt samsvarandi eignum eða andvirði þeirra í reiðufé,

d) heiti og staðsetning aðalskrifstofa afhendingarstofnunar og viðtökustofnunar um starfstengdan lífeyri og aðildarríkjanna þar sem sérhver stofnun um starfstengdan lífeyri er skráð eða veitt hefur verið starfsleyfi,

e) staðsetning aðalskrifstofu aðildarfyrirtækisins og heiti aðildarfyrirtækisins,

f) sönnun á fyrirframsamþykki í samræmi við 3. mgr.,

g) eftir því sem við á, heiti aðildarríkjanna þar sem félagsmála- og vinnulöggjöf, sem tengist starfstengdum lífeyriskerfum, á við um viðkomandi lífeyriskerfi.

6. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríki viðtökustofnunarinnar um starfstengdan lífeyri skal framsenda umsóknina sem um getur í 4. mgr. til lögbærs yfirvalds afhendingarstofnunarinnar um starfstengdan lífeyri, um leið og hún hefur verið móttekin.

7. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríki viðtökustofnunarinnar um starfstengdan lífeyri skal aðeins meta hvort:

a) viðtökustofnunin um starfstengdan lífeyri hafi veitt allar upplýsingarnar sem um getur í 5. mgr.,

b) stjórnskipulag, fjárhagsstaða viðtökustofnunarinnar um starfstengdan lífeyri og orðstír eða fagþekking eða reynsla þeirra aðila sem reka viðtökustofnunina um starfstengdan lífeyri séu samrýmanleg áformuðum flutningi,

c) langtímahagsmunir sjóðfélaga og lífeyrisþega viðtökustofnunarinnar um starfstengdan lífeyri og yfirfærður hluti kerfisins séu varðir með fullnægjandi hætti á meðan á flutningi stendur og að honum loknum,

d) vátryggingaskuld viðtökustofnunarinnar um starfstengdan lífeyri sé fjármögnuð að fullu þann dag sem flutningurinn fer fram, ef flutningurinn leiðir til starfsemi sem nær yfir landamæri, og

e) eignirnar sem verða fluttar séu nægar og viðeigandi til að standa undir skuldum, vátryggingaskuld og öðrum skyldum og réttindum sem verða flutt í samræmi við gildandi reglur í heimaaðildarríki viðtökustofnunarinnar um starfstengdan lífeyri.

8. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki afhendingarstofnunarinnar um starfstengdan lífeyri skulu aðeins meta hvort:

a) langtímahagsmunir sjóðfélaga og lífeyrisþega í þeim hluta sem eftir stendur af kerfinu séu varðir með fullnægjandi hætti, ef um er að ræða flutning á hluta af skuldum lífeyriskerfis, vátryggingaskuld og öðrum skyldum og réttindum, ásamt samsvarandi eignum eða andvirði þeirra í reiðufé,

b) réttindi hvers og eins sjóðfélaga og lífeyrisþega séu að minnsta kosti hin sömu eftir yfirfærsluna,

c) eignirnar sem svara til lífeyriskerfisins sem verður flutt séu nægar og viðeigandi til að standa undir skuldum, vátryggingaskuld og öðrum skyldum og réttindum sem verða flutt í samræmi við gildandi reglur í heimaaðildarríki afhendingarstofnunarinnar um starfstengdan lífeyri.

9. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríki afhendingarstofnunarinnar um starfstengdan lífeyri skal tilkynna niðurstöður matsins sem um getur í 8. mgr. áður en átta vikur eru liðnar frá viðtöku umsóknarinnar sem um getur í 6. mgr. til að gera lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki viðtökustofnunarinnar um starfstengdan lífeyri kleift að taka ákvörðun í samræmi við 4. mgr.

10. Ef synjað er um leyfi skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríki viðtökustofnunarinnar um starfstengdan lífeyri rökstyðja slíka synjun innan þriggja mánaða tímabilsins sem um getur í 4. mgr. Þeirri synjun eða athafnaleysi lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríki viðtökustofnunarinnar um starfstengdan lífeyri má áfrýja til dómstóla í heimaaðildarríki viðtökustofnunarinnar.

11. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríki viðtökustofnunarinnar um starfstengdan lífeyri skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki afhendingarstofnunarinnar um ákvörðunina sem um getur í 4. mgr. áður en tvær vikur eru liðnar frá því að ákvörðunin var tekin.

Leiði flutningurinn til starfsemi sem nær yfir landamæri skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríki afhendingarstofnunarinnar um starfstengdan lífeyri jafnframt tilkynna lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki viðtökustofnunarinnar um starfstengdan lífeyri um þær kröfur í félagsmála- og vinnulöggjöf sem eiga við um starfstengd lífeyriskerfi og sem segja til um hvernig lífeyriskerfi skuli starfrækt og um upplýsingakröfur gistiaðildarríkisins sem um getur í IV. bálki sem skulu gilda um starfsemi sem nær yfir landamæri. Tilkynna skal þetta innan fjögurra vikna þaðan í frá.

Lögbært yfirvald í heimaaðildarríki viðtökustofnunarinnar um starfstengdan lífeyri skal miðla þessum upplýsingum til viðtökustofnunarinnar um starfstengdan lífeyri áður en ein vika er liðin frá viðtöku þeirra.

12. Viðtökustofnun um starfstengdan lífeyri er heimilt að hefja starfrækslu lífeyriskerfisins við móttöku ákvörðunar um að veita leyfi sem um getur í 4. mgr. eða, ef engar upplýsingar um ákvörðunina hafa borist frá lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki viðtökustofnunarinnar um starfstengdan lífeyri, þegar tímabilið sem um getur í þriðju undirgrein 11. mgr. rennur út.

13. Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin getur, ef um er að ræða ágreining um málsmeðferð eða efni aðgerða eða aðgerðaleysis lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríki afhendingarstofnunar eða viðtökustofnunar um starfstengdan lífeyri, m.a. ákvörðun um að leyfa eða synja flutningi yfir landamæri, hafið sáttameðferð sem er ekki bindandi í samræmi við c-lið annarrar undirgreinar 31. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 að beiðni annars hvors lögbæra yfirvaldsins eða að eigin frumkvæði.

14. Stundi viðtökustofnun um starfstengdan lífeyri starfsemi sem nær yfir landamæri gilda ákvæði 9., 10. og 11. mgr. 11. gr.

II. BÁLKUR

MEGINDLEGAR KRÖFUR

13. gr.

Vátryggingaskuld

1. Heimaaðildarríkið skal tryggja að stofnanir um starfstengdan lífeyri, sem starfrækja starfstengd lífeyriskerfi, ákvarði ávallt, að því er varðar öll lífeyriskerfi þeirra, fullnægjandi fjárhæð skuldbindinga sem samsvarar fjárhagslegum skuldbindingum sem myndast vegna heildarsafns gildandi lífeyrissamninga.

2. Heimaaðildarríkið skal tryggja að stofnanir um starfstengdan lífeyri, sem starfrækja starfstengd lífeyriskerfi þar sem boðnar eru tryggingar gegn áhættu sem tengist ævilíkum manna eða ábyrgjast annaðhvort fjárfestingarárangur eða tiltekin réttindi, ákvarði nægilega tryggingaskuld að því er varðar öll slík kerfi.

3. Útreikningur á tryggingaskuld skal gerður ár hvert. Heimaaðildarríkið getur þó heimilað að útreikningur sé gerður einu sinni á þriggja ára fresti ef stofnunin um starfstengdan lífeyri lætur sjóðfélögum eða lögbærum yfirvöldum í té vottun eða skýrslu með jöfnun fyrir hvert ár sem líður á milli. Staðfestingin eða skýrslan skal endurspegla leiðrétta þróun tryggingaskuldar og breytingar á þeirri áhættu sem tryggð er.

4. Útreikningur á tryggingaskuld skal framkvæmdur og staðfestur af tryggingafræðingi eða öðrum sérfræðingi á því sviði, m.a., af endurskoðanda, ef innlend löggjöf heimilar það, á grundvelli tryggingafræðilegra aðferða sem eru viðurkenndar af lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu, í samræmi við eftirfarandi meginreglur:

a) lágmarksfjárhæð tryggingaskuldar skal reiknuð út samkvæmt nægilega varfærnu tryggingafræðilegu mati, að teknu tilliti til allra skuldbindinga vegna réttinda og vegna framlaga í samræmi við lífeyrisfyrirkomulag stofnun um starfstengdan lífeyri. Hún skal nægja bæði fyrir lífeyri og áframhaldandi útgreiðslu réttinda sem komið hafa til útgreiðslu til lífeyrisþega og jafnframt endurspegla skuldbindingar vegna áunninna lífeyrisréttinda sjóðfélaga. lágmarksfjárhæð tryggingaskuldar skal reiknuð út samkvæmt nægilega varfærnu tryggingafræðilegu mati, að teknu tilliti til allra skuldbindinga vegna réttinda og vegna framlaga í samræmi við lífeyrisfyrirkomulag stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri.

b) hámarksvextir skulu valdir með varfærni og ákvarðaðir í samræmi við allar viðeigandi reglur í heimaaðildarríkinu. Þessir varfærnu vextir skulu ákvarðaðir með hliðsjón af: Þessir varfærnu vextir skulu ákvarðaðir með hliðsjón af:

   i. ávöxtun samsvarandi eigna sem stofnunin um starfstengdan lífeyri á og með hliðsjón af áformuðum framtíðarfjárfestingatekjum,

   ii. markaðsávöxtun hágæðaskuldabréfa, ríkisskuldabréfa, skuldabréfa Evrópska stöðugleikakerfisins, skuldabréfa Fjárfestingarbanka Evrópu eða skuldabréfa Evrópska fjármálastöðugleikasjóðsins eða

   iii. samsetningu af i. og ii. lið,

c) töflurnar um áhættu sem tengist ævilíkum manna, sem notaðar eru til útreiknings á tryggingaskuld, skulu byggðar á varfærnisreglum með hliðsjón af megineinkennum sjóðfélagahópsins og lífeyriskerfanna, einkum væntra breytinga á þeirri áhættu sem um er að ræða,

d) aðferðin og grunnurinn við útreikning á tryggingaskuld skulu að öllu jöfnu vera óbreytt milli fjárhagsára. Þeim má þó breyta með því að færa rök fyrir því að breyting hafi orðið á lagalegum, lýðfræðilegum eða efnahagslegum aðstæðum sem liggja til grundvallar forsendunum.

5. Aðildarríkið getur sett aukin og ítarlegri skilyrði um útreikning á tryggingaskuld í því skyni að tryggja að hagsmunir sjóðfélaganna og lífeyrisþeganna séu varðir með fullnægjandi hætti.

14. gr.

Fjármögnun tryggingaskuldar

1. Heimaaðildarríkið skal krefjast þess að sérhver stofnun um starfstengdan lífeyri hafi ávallt yfir að ráða nægum og viðeigandi eignum til að standa undir tryggingaskuld að því er varðar öll lífeyriskerfi sem starfrækt eru.

2. Heimaaðildarríkið getur heimilað að stofnun um starfstengdan lífeyri hafi ekki nægar eignir til að standa undir tryggingaskuld í takmarkaðan tíma. Í slíku tilviki skulu lögbær yfirvöld krefjast þess að stofnunin um starfstengdan lífeyri samþykki raunhæfa og framkvæmanlega endurreisnaráætlun með tímalínu til þess að tryggja að farið sé aftur að kröfunum sem gerðar eru í 1. mgr. Eftirfarandi skilyrði skulu gilda um áætlunina:

a) stofnunin um starfstengdan lífeyri skal gera raunhæfa og framkvæmanlega áætlun um það hvernig eignir munu ná tilskilinni fjárhæð til að standa undir tryggingaskuld innan tilskilins tíma. Áætlunin skal vera tiltæk sjóðfélögum eða, þegar við á, fulltrúum þeirra og/eða vera með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda í heimaaðildarríkinu,

b) þegar áætlunin er gerð skal tekið til tillit til sérstakra aðstæðna stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri, einkum samsetningu eigna/skulda, áhættustefnu, lausafjáráætlunar, aldursdreifingar sjóðfélaga sem eiga rétt á eftirlaunum, nýstofnaðra kerfa og kerfa sem færast frá því að vera ekki fjármögnuð eða fjármögnuð að hluta yfir í það að vera fjármögnuð að fullu,

c) ef til slitameðferðar kemur á lífeyriskerfi á tímabilinu sem um getur í fyrsta málslið þessarar málsgreinar skal stofnunin um starfstengdan lífeyri tilkynna það lögbærum yfirvöldum í heimaaðildarríkinu. Stofnunin um starfstengdan lífeyri skal fastsetja málsmeðferð til þess að flytja eignir og samsvarandi skuldir þess kerfis til annarrar stofnunar um starfstengdan lífeyri, vátryggingafélags eða viðeigandi aðila. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu upplýst um þessa málsmeðferð og almennt ágrip hennar skal vera aðgengilegt sjóðfélögum eða, eftir því sem við á, fulltrúum þeirra í samræmi við meginregluna um trúnaðarskyldu.

3. Ef um er að ræða starfsemi sem nær yfir landamæri skal tryggingaskuld ávallt fjármögnuð að fullu í öllum lífeyriskerfum sem starfrækt eru. Ef þetta skilyrði er ekki uppfyllt skal lögbært yfirvald í heimaaðildarríkinu grípa í taumana og gera stofnuninni um starfstengdan lífeyri skylt að gera viðeigandi ráðstafanir og framkvæma þær án tafar á þann hátt að sjóðfélagar og lífeyrisþegar séu varðir með fullnægjandi hætti.

15. gr.

Lögboðið eigið fé

1. Heimaaðildarríkið skal tryggja að stofnanir um starfstengdan lífeyri, sem starfrækja lífeyriskerfi, þar sem sjálf stofnunin um starfstengdan lífeyri en ekki aðildarfyrirtækið tekur að sér skuldbindingu gagnvart áhættu sem tengist ævilíkum manna eða ábyrgist tiltekinn fjárfestingarárangur eða tiltekin réttindi, hafi yfir að ráða varanlegum viðbótareignum umfram tryggingaskuld til að verjast sveiflum. Umrædd fjárhæð skal endurspegla tegund áhættu og eignasafn allra þeirra kerfa sem starfrækt eru. Þessar eignir skulu vera án allra fyrirsjáanlegra skuldbindinga og mynda öryggisfjármagn til að jafna út mismun á ætluðum og raunverulegum kostnaði og hagnaði.

2. Við útreikning á lágmarksfjárhæð viðbótareigna skulu reglur, sem mælt er fyrir um í 16., 17. og 18. gr. gilda.

3. Ákvæði 1. mgr. skulu þó ekki koma í veg fyrir að aðildarríki krefjist þess af stofnunum um starfstengdan lífeyri á yfirráðasvæði þeirra að þær hafi yfir að ráða lögboðnu eigin fé eða setji ítarlegri reglur að því tilskildu að þær sé rökstuddar út frá varfærnissjónarmiði.

16. gr.

Raunverulegt gjaldþol

1. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að hver sú stofnun um starfstengdan lífeyri, sem um getur í 1. mgr. 15. gr., sem er skráð eða veitt hefur verið starfsleyfi fyrir á yfirráðasvæði þeirra, sjái til þess að raunverulegt gjaldþol þeirra vegna starfseminnar í heild sé ætíð fullnægjandi og a.m.k. í samræmi við kröfur í þessari tilskipun til að tryggja sjálfbærni starfstengds lífeyris til langs tíma.

2. Raunverulegt gjaldþol er hreinar eignir stofnunar um starfstengdan lífeyri sem ekki tengjast neinum fyrirsjáanlegum skuldbindingum, að frádregnum öllum óefnislegum eignum, þ.m.t.:

a) innborgað hlutafé eða, ef um er að ræða stofnun um starfstengdan lífeyri, í formi gagnkvæms félags, upphaflegt stofnfé, að viðbættum reikningum félagsaðila gagnkvæms félags sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

   i. í stofnsamþykktum skal kveðið á um að ekki sé heimilt að greiða félagsaðilum gagnkvæms félags af þessum reikningum hafi það í för með sér að raunverulegt gjaldþol fari niður fyrir tilskilið lágmark eða, ef um er að ræða félagsslit, að fyrst skuli gera upp aðrar skuldir félagsins,

ii. í stofnsamþykktum skal kveðið á um, að því er varðar greiðslur sem um getur í i. lið, af öðrum ástæðum en við útgöngu félagsaðila úr gagnkvæma félaginu, skuli lögbærum yfirvöldum tilkynnt um það með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara og geta þau, þar til sá tími rennur út, bannað greiðslu og

iii. eingöngu er heimilt að breyta viðkomandi ákvæðum í stofnsamningi og -samþykktum eftir að lögbær yfirvöld hafa lýst því yfir að þau hreyfi engum andmælum við breytingunni, sbr. þó skilyrðin sem um getur í i. og ii. lið,

b) varasjóðir (bundnir og frjálsir) sem ekki tengjast vátryggingaskuldbindingum,

c) hagnaður eða tap frá fyrra ári, að frádregnum arðgreiðslum og

d) enn fremur, að því marki sem landslög heimila, ágóðasjóðir sem koma fram í efnahagsreikningi og nota má til að mæta hvers konar tapi, hafi ekki þegar verið tekin ákvörðun um úthlutun úr þeim til sjóðfélaga og lífeyrisþega.

Raunverulegt gjaldþol skal lækkað um fjárhæð sem nemur eign stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri í eigin hlutum.

3. Aðildarríki geta einnig kveðið á um að til raunverulegs gjaldþols megi einnig telja:

a) samanlagða fjárhæð forgangshlutafjár og víkjandi lána sem ekki mega fara yfir 50% af raunverulegu gjaldþoli eða lágmarksgjaldþoli, eftir því hvort er lægra, og þar af mega víkjandi lán með fastan gjalddaga eða heildarfjárhæð forgangshlutafjár með fastan lánstíma ekki fara yfir 25%, að því tilskildu að, ef um er að ræða gjaldþrot eða slit stofnunar um starfstengdan lífeyri, til sé bindandi samkomulag um að víkjandi lánum eða forgangshlutabréfum sé skipað aftar kröfum allra annarra kröfuhafa og verði ekki endurgreidd fyrr en allar aðrar útistandandi skuldir hafa verið greiddar,

b) verðbréf án tiltekins lánstíma og aðrir gerningar, þ.m.t. heildarfjárhæð forgangshlutafjár, önnur en þau sem um getur í a-lið, en þau ásamt víkjandi lánum, sem um getur í a-lið, mega vera að hámarki 50% af raunverulegu gjaldþoli eða lágmarksgjaldþoli, eftir því hvort er lægra, að því tilskildu að þau uppfylli eftirtalin skilyrði:

i. óheimilt sé að endurgreiða þau að frumkvæði handhafa eða án þess að lögbært yfirvald hafi áður veitt samþykki sitt,

ii. útgáfusamningurinn verður að gera stofnuninni um starfstengdan lífeyri kleift að fresta greiðslu vaxta af láninu,

iii. skipa skal kröfum lánveitanda á hendur stofnuninni um starfstengdan lífeyri aftar öllum öðrum kröfum kröfuhafa sem ekki eru víkjandi,

iv. í skjölunum, sem gilda um útgáfu verðbréfanna, skal kveðið á um að nota megi skuldir og ógreidda vexti til að mæta tapi á meðan stofnuninni um starfstengdan lífeyri er gert kleift að halda áfram starfsemi sinni og

v. aðeins er heimilt að telja með innborgaðar fjárhæðir.

Að því er varðar a-lið skal víkjandi lán einnig uppfylla eftirfarandi skilyrði:

i. aðeins er heimilt að telja með innborgaðar fjárhæðir,

ii. upphaflegur lánstími lána með föstum lánstíma skal ekki vera skemmri en fimm ár. Eigi síðar en einu ári áður en kemur að endurgreiðslu skal stofnunin um starfstengdan lífeyri leggja fyrir lögbær yfirvöld til samþykktar áætlun um hvernig raunverulegu gjaldþoli skuli haldið eða það aukið þannig að það nái tilskildu marki á gjalddaga nema um sé að ræða lán sem má telja hluta af raunverulegu gjaldþoli sem unnt er að lækka í áföngum, á a.m.k. fimm árum fyrir endurgreiðslu. Lögbær yfirvöld geta veitt heimild til að flýta endurgreiðslu slíkra lána svo fremi útgefandi stofnun um starfstengdan lífeyri sæki um það og að því tilskildu að raunverulegt gjaldþol fari ekki niður fyrir tilskilið lágmark,

iii. lán, sem eru ekki með föstum líftíma, skulu vera með fimm ára uppsagnarfresti nema lánið teljist ekki lengur hluti af raunverulegu gjaldþoli eða að fyrirframsamþykki lögbærra yfirvalda þurfi sérstaklega til að það fáist greitt fyrr. Í síðara tilvikinu skal stofnunin um starfstengdan lífeyri senda lögbærum yfirvöldum tilkynningu a.m.k. sex mánuðum fyrir áætlaðan greiðsludag þar sem hún tilgreinir raunverulegt gjaldþol og lágmarksgjaldþol, bæði fyrir og eftir endurgreiðsluna. Lögbær yfirvöld skulu eingöngu heimila endurgreiðslu fari raunverulegt gjaldþol stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri ekki niður fyrir tilskilið lágmark,

iv. lánssamningurinn má ekki fela í sér nein ákvæði þar sem gert er ráð fyrir að lán verði við sérstakar aðstæður endurgreitt fyrir gjalddaga nema um sé að ræða slit stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri og

v. einungis er heimilt að breyta lánssamningnum eftir að lögbær yfirvöld hafa lýst því yfir að þau hreyfi ekki andmælum við breytingunni.

4. Samkvæmt rökstuddri umsókn stofnunar um starfstengdan lífeyri til lögbærs yfirvalds heimaðildarríkis og að fengnu samþykki viðkomandi lögbærs yfirvalds má einnig telja til raunverulegs gjaldþols:

a) ef Zillmer-aðferð er ekki beitt eða ef henni er beitt en miðað við álag vegna öflunarkostnaðar sem er lægra en samsvarandi álag sem er innifalið í iðgjöldum, mismuninn annars vegar á líftryggingasjóði, sem er ekki reiknaður samkvæmt Zillmer-aðferðinni eða reiknaður er að hluta samkvæmt Zillmer-aðferð, og hins vegar líftryggingasjóði, sem er reiknaður samkvæmt Zillmer-aðferð, þar sem gengið er út frá álagi á iðgjöld sem samsvarar öflunarkostnaðinum,

b) dulda nettóvarasjóði sem stafa af mati á eignum, að svo miklu leyti sem slíkir duldir nettóvarasjóðir eru ekki óvenjulegs eðlis,

c) helming ógreidds hlutafjár eða stofnfjár, enda nemi hlutinn, sem greiddur hefur verið, a.m.k. 25% hlutafjár eða stofnfjár, og þessi liður verði í mesta lagi 50% af raunverulegu eða lágmarksgjaldþoli, eftir því hvort er lægra.

Fjárhæðin, sem um getur í a-lið, má þó ekki fara yfir 3,5% af samanlögðum mismun á líftryggingarfjárhæðum og starfstengdum lífeyri og líftryggingasjóðum vegna allra samninga þar sem unnt er að nota Zillmer-aðferð. Frá þeim mismun skal draga allan óafskrifaðan, eignfærðan öflunarkostnað.

17. gr.

Lágmarksgjaldþol

1. Lágmarksgjaldþol skal ákvarðað eins og mælt er fyrir um í 2.– 6. mgr. í samræmi við skuldbindingarnar sem stofnunin tekur á sig.

2. Lágmarksgjaldþol skal nema samtölu eftirfarandi liða:

a) fyrri niðurstaða:

margfalda skal hluta sem nemur 4% af vátryggingasjóðum í frumtryggingastarfsemi, án frádráttar á hlut endurtryggjenda, og vegna móttekinna endurtrygginga, með hlutfallinu, sem skal ekki vera lægra en 85%, milli samanlagðra líftryggingafjárhæða, að frádregnum hlut endurtryggjenda, og heildarlíftryggingafjárhæða eins og hlutfallið var á næstliðnu fjárhagsári,

b) seinni niðurstaða:

margfalda skal hluta, sem nemur 0,3% af áhættufjárhæð vátrygginga, sem stofnunin um starfstengdan lífeyri hefur tekið að sér, þar sem áhættufjárhæðin er ekki neikvæð tala, með hlutfallinu milli samanlagðrar áhættufjárhæðar í eigin áhættu stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri eftir endurtryggingu og endurtryggingu endurtryggjenda (úttrygging) og samanlagðrar áhættufjárhæðar án frádráttar endurtrygginga eins og það var á næstliðnu fjárhagsári — hlutfallið má þó aldrei vera lægra en 50%.

Þegar um er að ræða tímabundnar dánaráhættulíftryggingar, að hámarki til þriggja ára, skal reikna 0,1% af fjárhæðinni. Séu líftryggingarnar til lengri tíma en þriggja ára en skemmri en fimm ára skal reikna 0,15% af fjárhæðinni.

3. Þegar um er að ræða viðbótartryggingarnar sem um getur í iii. lið a-liðar 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal lágmarksgjaldþol vera jafnt lágmarksgjaldþoli stofnana um starfstengdan lífeyri sem mælt er fyrir um í 18. gr.

4. Þegar um er að ræða fjármögnunarstarfsemi, sem um getur í ii. lið b-liðar 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal lágmarksgjaldþol vera jafnt 4% af líftryggingasjóðum, reiknað í samræmi við a-lið 2. mgr.

5. Þegar um er að ræða starfsemi, sem um getur í i. lið b-liðar 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal lágmarksgjaldþol vera jafnt 1% af eignum þeirra.

6. Þegar um er að ræða vátryggingar skv. i. og ii. lið a-liðar 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/138/EB, sem tengjast fjárfestingarsjóðum og starfsemi, sem um getur í iii. til v. lið b-liðar 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal lágmarksgjaldþol vera jafnt og summa eftirfarandi liða:

a) 4% af líftryggingarskuld, reiknað í samræmi við a-lið 2. mgr., beri stofnunin um starfstengdan lífeyri áhættu af fjárfestingu,

b) 1% af líftryggingaskuld, reiknað í samræmi við a-lið 2. mgr., ef stofnunin um starfstengdan lífeyri ber enga fjárfestingaráhættu en þeirri fjárhæð, sem á að mæta rekstrarkostnaði, er dreift á lengri tíma en fimm ár,

c) 25% af hreinum og stjórnunarkostnaði fyrra fjárhagsárs er lýtur að slíkum tryggingum og starfsemi ef stofnunin um starfstengdan lífeyri ber enga fjárfestingaráhættu og rekstrarkostnaði er ekki dreift á lengri tíma en fimm ár,

d) 0,3% af vátryggingarfjárhæð sem reiknuð er í samræmi við skilyrði, sem kveðið er á um í b-lið 2. mgr., ef starfsemi stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri nær til dánaráhættulíftrygginga.

18. gr.

Lágmarksgjaldþol að því er varðar 3. mgr. 17. gr.

1. Lágmarksgjaldþol skal annaðhvort ákveðið á grundvelli árlegrar fjárhæðar iðgjalda eða framlaga eða á grundvelli meðaltjónakostnaðar þriggja næstliðinna fjárhagsára.

2. Lágmarksgjaldþol skal eigi vera lægra en sú niðurstöðutala sem hærri er þeirra tveggja sem settar eru fram í 3. og 4. mgr.

3. Iðgjaldagrunnur skal reiknaður út með því að nota verg bókfærð iðgjöld og framlög, eins og þau eru reiknuð hér á eftir, eða verg iðgjöld og framlög, hvort sem hærra reynist.

Iðgjöld eða framlög (þar með talin viðbótargjöld eða viðbótarframlög) sem féllu í gjalddaga á fyrra fjárhagsári vegna frumtryggingastarfsemi skulu lögð saman.

Þar við bætast iðgjöld fyrir allar mótteknar endurtryggingar á næstliðnu fjárhagsári.

Frá þessari samtölu skal draga heildarfjárhæð niðurfelldra iðgjalda eða framlaga á næstliðnu fjárhagsári sem og heildarfjárhæð skatta og álagðra gjalda sem innifalin eru í iðgjöldum eða framlögum sem fara í samtöluna.

Fjárhæðinni sem þannig fæst, er skipt í tvo hluta, annan, sem nemur allt að 50 000 000 evrum, og hinn því sem umfram er. Reiknuð eru 18% af fyrri fjárhæðinni og 16% af þeirri síðari og þær fjárhæðir lagðar saman.

Samtalan, sem þannig fæst, skal margfölduð með hlutfalli milli tjóna þriggja næstliðinna fjárhagsára, sem stofnunin um starfstengdan lífeyri ber í eigin áhættu eftir að hlutur endurtryggjenda í tjónum hefur verið dreginn frá, og tjóna í heild. Þetta hlutfall má þó aldrei vera lægra en 50%.

4. Tjónagrunnur skal reiknaður á eftirfarandi hátt:

Fjárhæðir tjónagreiðslna vegna frumtryggingastarfsemi (án frádráttar á tjónum sem endurtryggjendur greiða) á því tímabili, sem tiltekið er í 1. mgr., skulu lagðar saman.

Þar við er bætt bókfærðum tjónum í mótteknum endurtryggingum á sama tímabili og tjónaskuld í lok næstliðins fjárhagsárs, bæði vegna frumtryggingastarfsemi og móttekinna endurtrygginga.

Frá þeirri samtölu skal draga fjárhæðir endurheimtar á þeim tímabilum sem um getur í 1. mgr.

Frá fjárhæðinni, er þá stendur eftir, dregst tjónaskuld í upphafi næstliðins fjárhagsárs á undan síðasta fjárhagsári sem reikningar eru til fyrir, bæði í frumtryggingastarfsemi og mótteknum endurtryggingum.

Einum þriðja hluta af fjárhæðinni sem þannig fæst, er skipt í tvo hluta, annan, sem nemur allt að 35 000 000 evrum, og hinn síðari því sem umfram er. Reiknuð eru 26% af fyrri fjárhæðinni og 23% af þeirri síðari og þær fjárhæðir lagðar saman.

Samtalan, sem þannig fæst, skal margfölduð með hlutfalli milli tjóna þriggja næstliðinna fjárhagsára, sem stofnunin um starfstengdan lífeyri ber í eigin áhættu eftir að hlutur endurtryggjenda í tjónum hefur verið dreginn frá, og tjóna í heild. Þetta hlutfall má þó aldrei vera lægra en 50%.

5. Ef lágmarksgjaldþol, eins og það er reiknað út í 2. til 4. mgr., reynist vera lægra en lágmarksgjaldþol fyrra árs skal lágmarksgjaldþol nema a.m.k. lágmarksgjaldþoli fyrra árs, margfölduðu með hlutfalli tjónaskuldar í lok síðasta fjárhagsárs og tjónaskuldar í byrjun síðasta fjárhagsárs. Í þessum útreikningum skal líftryggingaskuld reiknuð að frádregnum hluta endurtryggjenda (úttrygging) en hlutfallið skal aldrei vera hærra en 1.

19. gr.

Fjárfestingarreglur

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að stofnanir um starfstengdan lífeyri, sem eru skráðar eða veitt hefur verið leyfi fyrir á yfirráðasvæðum þeirra, fjárfesti í samræmi við varfærnisregluna (e. *prudent person rule*), einkum í samræmi við eftirfarandi reglur:

a) við fjárfestingar í eignum skal hafa langtímahagsmuni allra sjóðfélaga og lífeyrisþega að leiðarljósi. Ef um er að ræða hugsanlegan hagsmunaárekstur skal stofnun um starfstengdan lífeyri eða einingin sem stýrir safni hennar sjá til þess að fjárfestingin sé eingöngu í þágu sjóðfélaga og lífeyrisþega,

b) aðildarríkin skulu, innan ramma varfærnisreglunnar, heimila stofnunum um starfstengdan lífeyri að taka tillit til hugsanlegra langtímaáhrifa ákvarðana um fjárfestingar á umhverfislega, félagslega og stjórnunarlega þætti,

c) fjárfest skal í eignum með þeim hætti að öryggi, gæði, lausafjárstaða og arðsemi safnsins í heild sé tryggt,

d) fyrst og fremst skal fjárfest með eignunum á skipulegum mörkuðum. Fjárfesting í eignum, sem eru ekki skráðar á skipulegum fjármálamarkaði, verður ávallt að vera innan varfærnismarka,

e) fjárfesting í afleiddum gerningum skal möguleg að því marki sem slíkir gerningar geta dregið úr fjárfestingaáhættu eða stuðlað að skilvirkri stýringu eignasafnsins. Þá skal meta á varfærnisgrundvelli, með hliðsjón af eigninni sem liggur til grundvallar, og fella inn í matið á eignum stofnunar um starfstengdan lífeyri. Stofnanir um starfstengdan lífeyri skulu einnig forðast óþarfa áhættu gagnvart einum mótaðila og gagnvart annarri notkun afleiðna,

f) eignirnar skulu vera nægilega fjölbreytilegar þannig að komast megi hjá því að treyst sé óþarflega mikið á tiltekna eign, útgefanda eða fyrirtækjasamstæðu og uppsöfnun áhættu í eignasafninu í heild.

Fjárfestingar í eignum, sem eru gefnar út af sama útgefanda eða af útgefendum sem tilheyra sömu samstæðu, skulu ekki leiða til þess að stofnun um starfstengdan lífeyri lendi í óhóflegri áhættusamþjöppun,

g) fjárfesting í aðildarfyrirtækinu skal ekki vera meiri en 5% eignasafnsins í heild og, þegar aðildarfyrirtækið er hluti af samstæðu, skal fjárfesting í fyrirtækjum í sömu samstæðu og aðildarfyrirtækið tilheyrir ekki vera yfir 10% eignasafnsins.

Ef nokkur fyrirtæki greiða til stofnunar um starfstengdan lífeyri skal fjárfesting í þessum aðildarfyrirtækjum vera varfærin og með hliðsjón af nauðsyn þess að dreifingin sé nægjanlega mikil.

Aðildarríkin geta ákveðið að framfylgja ekki kröfunum, sem um getur í f- og g-lið, gagnvart fjárfestingum í ríkisskuldabréfum.

2. Með tilliti til stærðar, eðlis, umfangs og margbreytileika starfsemi stofnana um starfstengdan lífeyri sem haft er eftirlit með skulu aðildarríkin tryggja að lögbær yfirvöld hafi eftirlit með lánshæfismatsferlum stofnana um starfstengdan lífeyri, meti notkun tilvísana í lánshæfismöt gefin út af lánshæfismatsfyrirtækjum, eins og þau eru skilgreind í b-lið 1. mgr. 3. gr. í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 ([15]), í fjárfestingarstefnum sínum og, eftir því sem við á, hvetja til að dregið sé úr áhrifum slíkra tilvísana, með það í huga að draga úr því að treyst sé eingöngu og vélrænt á slík lánshæfismöt.

3. Heimaaðildarríkið skal banna stofnunum um starfstengdan lífeyri að taka lán eða taka á sig ábyrgð fyrir hönd þriðju aðila. Aðildarríkin geta hins vegar heimilað stofnunum um starfstengdan lífeyri að stunda lántökur að nokkru marki, þó einungis til að afla lausafjár og til skamms tíma.

4. Aðildarríkin skulu ekki gera kröfu um að stofnanir um starfstengdan lífeyri sem eru skráðar eða veitt hefur verið starfsleyfi fyrir á yfirráðasvæði þeirra fjárfesti í tilteknum eignaflokkum.

5. Aðildarríkin skulu ekki skilyrða fjárfestingarákvarðanir stofnunar um starfstengdan lífeyri sem er skráð eða veitt hefur verið starfsleyfi fyrir á yfirráðasvæði þeirra eða forstöðumann fjárfestinga við neins konar fyrirframsamþykki eða kerfisbundna tilkynningarskyldu, sbr. þó 30. gr.

6. Aðildarríkjunum er heimilt, í samræmi við ákvæði 1.–5. mgr., að mæla fyrir um ítarlegri reglur um stofnanir um starfstengdan lífeyri sem eru skráðar eða veitt hefur verið starfsleyfi fyrir á yfirráðasvæðum þeirra, þar á meðal reglur um magn, að því tilskildu að þær séu rökstuddar út frá varfærnissjónarmiði, til að endurspegla öll lífeyriskerfi sem þessar stofnanir um starfstengdan lífeyri starfrækja.

Aðildarríkin skulu þó ekki hindra stofnanir um starfstengdan lífeyri í eftirfarandi atriðum:

a) að fjárfesta fyrir allt að 70% eignanna sem eru til jöfnunar tryggingaskuldar eða alls stofnsins í kerfum þar sem sjóðfélagarnir bera fjárfestingaáhættuna í hlutabréfum, framseljanlegum verðbréfum sem farið er með eins og hlutabréf og fyrirtækjaskuldabréfum, skráðum á skipulegum mörkuðum, eða markaðstorgum fjármálagerninga eða skipulegum viðskiptavettvöngum, og að ákveða hlutfallslegt vægi þessara verðbréfa í fjárfestingasafni þeirra. Aðildarríkjum er þó heimilt, að því tilskildu að slíkt sé rökstutt út frá varfærnissjónarmiði, að nota lægri mörk, en þó ekki lægri en 35%, gagnvart stofnunum um starfstengdan lífeyri sem starfrækja lífeyriskerfi sem bjóða langtímavaxtaábyrgð, bera fjárfestingaáhættuna og gangast sjálf í ábyrgðir,

b) að fjárfesta fyrir allt að 30% eignanna sem eru til jöfnunar tryggingaskuldar í eignum sem tilgreindar eru í öðrum gjaldmiðlum en þeim sem skuldbindingarnar eru tilgreindar í,

c) að fjárfesta í gerningum til langs tíma sem eru ekki skráðir á skipulegum mörkuðum, markaðstorgum fjármálagerninga eða skipulegum viðskiptavettvöngum,

d) að fjárfesta í gerningum sem Fjárfestingarbanki Evrópu gefur út eða ábyrgist í tengslum við Evrópusjóð fyrir stefnumiðaðar fjárfestingar, evrópska langtímafjárfestingasjóði, evrópska félagslega framtakssjóði og evrópska áhættufjármagnssjóði.

7. Ákvæði 6. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin geti krafist þess að stofnanir um starfstengdan lífeyri sem eru skráðar eða veitt hefur verið starfsleyfi fyrir á yfirráðasvæði þeirra beiti strangari reglum um fjárfestingar, einnig gagnvart einstökum stofnunum, að því tilskildu að þær séu rökstuddar út frá varfærnissjónarmiði, einkum með hliðsjón af þeim skuldbindingum sem stofnunin um starfstengdan lífeyri gengst undir.

8. Lögbært yfirvald gistiaðildarríkis stofnunar um starfstengdan lífeyri sem stundar starfsemi sem nær yfir landamæri eins og um getur í 11. gr. skal ekki mæla fyrir um fjárfestingarreglur til viðbótar við þær sem settar eru fram í 1.–6. mgr. að því er varðar þann hluta eignanna sem eru til jöfnunar tryggingaskuldar vegna starfsemi sem nær yfir landamæri.

([15]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 frá 16. september 2009 um lánshæfismatsfyrirtæki (Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 1).

III. BÁLKUR

SKILYRÐI SEM GILDA UM STARFSEMI

1. KAFLI

Stjórnkerfi

1. þáttur

Almenn ákvæði

20. gr.

Ábyrgð framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn stofnunar um starfstengdan lífeyri beri endanlega ábyrgð samkvæmt landslögum á að viðkomandi stofnun um starfstengdan lífeyri fari að lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem samþykkt hafa verið samkvæmt þessari tilskipun.

2. Tilskipun þessi hefur ekki áhrif á hlutverk aðila vinnumarkaðarins í stjórnun stofnana um starfstengdan lífeyri.

21. gr.

Almennar kröfur um stjórnunarhætti

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að allar stofnanir um starfstengdan lífeyri, hafi yfir skilvirku stjórnkerfi að ráða sem kveður á um trausta og varfærna stjórnun starfsemi þeirra. Það kerfi skal taka til fullnægjandi og gagnsæs stjórnskipulags með skýra skiptingu og viðeigandi aðgreiningu ábyrgðarsviða og skilvirkt kerfi til að tryggja miðlun upplýsinga. Stjórnkerfið skal taka tillit til umhverfislegra, félagslegra og stjórnunarlegra þátta sem tengjast fjárfestingareignum í ákvörðunum um fjárfestingar og skal sæta reglulegri, innri endurskoðun.

2. Stjórnkerfið sem um getur í 1. mgr. skal vera í samræmi við stærð, eðli og umfang starfsemi stofnunar um starfstengdan lífeyri og það hve flókin hún er.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að stofnanir um starfstengdan lífeyri setji sér og beiti skriflegri stefnu í tengslum við áhættustjórnun, innri endurskoðun og, ef við á, tryggingafræðilega og útvistaða starfsemi. Framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri skal samþykkja hana fyrir fram og endurskoða hana á að minnsta kosti þriggja ára fresti og aðlaga hana í ljósi umtalsverðra breytinga á viðkomandi kerfi eða svæði.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að stofnanir um starfstengdan lífeyri séu með skilvirkt innra eftirlitskerfi. Það skal taka til stjórnsýslu- og bókhaldsfyrirkomulags, innri eftirlitsramma og viðeigandi skýrslugjafa á öllum stigum stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri.

5. Aðildarríkin skulu tryggja að stofnanir um starfstengdan lífeyri geri raunhæfar ráðstafanir til að tryggja samfelldni og reglufestu í starfsemi þeirra, þ.m.t. með þróun viðbragðsáætlunar. Með þetta að markmiði skulu stofnanir um starfstengdan lífeyri nota viðeigandi kerfi, tilföng og málsmeðferð sem eru í réttu hlutfalli við þetta.

6. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að tveir aðilar hið minnsta stjórni stofnunum um starfstengdan lífeyri í reynd. Aðildarríkin geta heimilað að aðeins einn aðili stjórni stofnun um starfstengdan lífeyri í reynd á grundvelli rökstudds mats lögbærra yfirvalda. Í því mati skal tekið tillit til hlutverks aðila vinnumarkaðarins í heildarstjórnun stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri, svo og til stærðar, eðlis og umfangs starfsemi stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri og þess hversu flókin hún er.

22. gr.

Kröfur um hæfa og heiðarlega stjórnun

1. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að stofnanir um starfstengdan lífeyri tryggi að aðilar sem stjórna stofnun um starfstengdan lífeyri í reynd, aðilar sem annast lykilstarfssvið og, eftir því sem við á, aðilar eða einingar sem lykilstarfssviði hefur verið útvistað til í samræmi við 31. gr. fullnægi eftirtöldum skilyrðum þegar þeir sinna verkefnum sínum:

a) kröfu um hæfi:

   i. það þýðir, að því er varðar aðila sem stjórna stofnun um starfstengdan lífeyri í reynd, að menntun þeirra og hæfi, þekking og reynsla sé í heild fullnægjandi til að gera þeim kleift að tryggja trausta og varfærna stjórnun stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri,

   ii. það þýðir, að því er varðar aðila sem annast lykilstarfssvið tryggingafræði og innri endurskoðunar, að fagleg menntun þeirra og hæfi, þekking og reynsla sé fullnægjandi til að annast lykilstarfssvið sín á tilhlýðilegan hátt,

   iii. það þýðir, að því er varðar aðila sem annast önnur lykilstarfssvið, að menntun þeirra og hæfi, þekking og reynsla sé fullnægjandi til að annast þessi lykilstarfssvið á tilhlýðilegan hátt og

b) kröfu um að vera heiðarlegur: þeir hafi góðan orðstír og séu ráðvandir.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbærum yfirvöldum sé kleift að meta hvort þeir aðilar sem stjórna stofnuninni um starfstengdan lífeyri í reynd eða annast lykilstarfssemi uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

3. Fari heimaaðildarríki fram á að aðilarnir, sem um getur í 1. mgr., færi sönnur á að þeir hafi góðan orðstír, hafi ekki verið lýstir gjaldþrota, eða leggi fram sönnun um hvort tveggja, skal það aðildarríki samþykkja sem fullnægjandi sönnun, þegar í hlut eiga ríkisborgarar annarra aðildarríkja, að lagt sé fram sakavottorð frá hinu aðildarríkinu eða, ef sakavottorð frá hinu aðildarríkinu er ekki fyrir hendi, jafngilt skjal sem þar til bært dóms- eða stjórnvald gefur út, annaðhvort í aðildarríkinu þar sem viðkomandi aðili er ríkisborgari eða í heimaaðildarríkinu, og sýnir að þessar kröfur hafi verið uppfylltar.

4. Ef ekkert þar til bært dóms- eða stjórnvald, hvorki í aðildarríkinu þar sem viðkomandi aðili er ríkisborgari né í heimaaðildarríkinu, gefur út jafngilt skjal eins og um getur í 3. mgr. skal þeim aðila vera heimilt að leggja fram eiðsvarna yfirlýsingu í þess stað.

Í heimaaðildarríkjum þar sem engin ákvæði eru um slíka eiðsvarna yfirlýsingu skal ríkisborgurum annarra aðildarríkja þó vera heimilt að leggja fram drengskaparheit sem hann eða hún gefur í viðurvist þar til bærs dóms- eða stjórnvalds í heima-aðildarríkinu eða aðildarríkinu þar sem þau eru ríkisborgarar eða í viðurvist lögbókanda í einhverju þessara aðildarríkja. Viðkomandi yfirvald eða lögbókandi skal gefa út skírteini þar sem vottaður er áreiðanleiki eiðsvörnu yfirlýsingarinnar eða drengskaparheitisins.

5. Sönnun um að viðkomandi hafi ekki áður verið lýstur gjaldþrota sem um getur í 3. mgr. má einnig leggja fram í formi yfirlýsingar ríkisborgara hins viðkomandi aðildarríkisins hjá þar til bærum dómsaðila, fagaðila eða atvinnugreinastofnun í hinu aðildarríkinu.

6. Skjöl sem um getur í 3., 4. og 5. mgr., skulu lögð fram áður en þrír mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi þeirra.

7. Aðildarríkin skulu tilnefna aðila og stofnanir sem bær eru til að gefa út þau skjöl sem getið er í 3., 4. og 5. mgr. og skulu tilkynna það tafarlaust öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni.

Aðildarríkin skulu enn fremur tilkynna hvert öðru og framkvæmdastjórninni um yfirvöld eða stofnanir sem senda skal gögn til skv. 3., 4. og 5. mgr. til stuðnings umsóknar um starfsleyfi til að reka þá starfsemi sem um getur í 11. gr. á yfirráðasvæði aðildarríkisins.

23. gr.

Launakjarastefna

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að stofnanir um starfstengdan lífeyri setji sér og beiti traustri launakjarastefnu fyrir alla þá aðila sem reka stofnun um starfstengdan lífeyri í reynd, annast lykilstarfssvið og aðra hópa starfsmanna sem í starfi sínu hafa veruleg áhrif á áhættusnið stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri með þeim hætti sem er í réttu hlutfalli við stærð þeirra og innra skipulag, svo og við stærð, eðli og umfang starfseminnar og það hversu flókin hún er.

2. Stofnanir um starfstengdan lífeyri skulu reglulega birta opinberlega viðeigandi upplýsingar um launakjarastefnu sína nema kveðið sé á um annað í reglugerð (ESB) 2016/679.

3. Þegar launakjarastefnunni sem um getur í 1. mgr. er komið á og beitt skulu stofnanir um starfstengdan lífeyri fara að öllum eftirfarandi meginreglum:

a) launakjarastefnu skal komið á, henni hrundið í framkvæmd og viðhaldið í samræmi við starfsemi, áhættusnið, markmið og langtímahagsmuni, fjármálastöðugleika og frammistöðu stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri í heild, og hún skal styðja við trausta, varfærna og árangursríka stjórnun stofnana um starfstengdan lífeyri,

b) launakjarastefnan skal vera í samræmi við langtímahagsmuni sjóðfélaga og lífeyrisþega lífeyriskerfis sem stofnun um starfstengdan lífeyri starfrækir,

c) launakjarastefnan skal fela í sér ráðstafanir sem miða að því að komast hjá hagsmunaárekstrum,

d) launakjarastefnan skal vera í samræmi við trausta og skilvirka áhættustýringu og skal ekki hvetja til áhættusækni sem samræmist ekki áhættusniði og reglum stofnana um starfstengdan lífeyri,

e) launakjarastefnan skal gilda um stofnun um starfstengdan lífeyri og um þá þjónustuveitendur sem um getur í 1. mgr. 31. gr. nema þeir falli undir tilskipanirnar sem um getur í b-lið 2. mgr. 2. gr.,

f) stofnun um starfstengdan lífeyri skal setja meginreglur launakjarastefnunnar, endurskoða hana og uppfæra að minnsta kosti á þriggja ára fresti og hún skal vera ábyrg fyrir framkvæmd hennar,

g) stjórnunarhættir skulu vera skýrir, gagnsæir og skilvirkir að því er varðar starfskjör og eftirlit með þeim.

2. þáttur

Lykilstarfssvið

24. gr.

Almenn ákvæði

1. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að stofnanir um starfstengdan lífeyri hafi yfir að ráða eftirfarandi lykilstarfssviðum: áhættustjórnun, innra eftirliti og, eftir því sem við á, tryggingafræðilegri starfsemi. Stofnanir um starfstengdan lífeyri skulu gera þeim sem annast lykilstarfssvið kleift að rækja skyldir sínar með árangursríkum hætti og á hlutlægan, sanngjarnan og óháðan hátt.

2. Stofnanir um starfstengdan lífeyri geta heimilað einum aðila eða skipulagseiningu að annast fleiri en eitt lykilstarfssvið, að undanskildu innra eftirlitssviðinu sem um getur í 26. gr. sem skal vera óháð öðrum lykilstarfssviðum.

3. Aðili eða skipulagseining sem annast lykilstarfssviðið skal vera annar en sá eða sú sem annast áþekk lykilstarfssvið í aðildarfyrirtækinu. Aðildarríkin geta, að teknu tilliti til stærðar, eðlis og umfangs starfsemi stofnunar um starfstengdan lífeyri og flækjustigs hennar, heimilað stofnun um starftengdan lífeyri að annast lykilstarfssvið fyrir milligöngu sama aðila eða skipulagseiningar og í aðildarfyrirtækinu, að því tilskildu að stofnunin um starfstengdan lífeyri skýri út hvernig hún komi í veg fyrir eða stýri hagsmunaárekstrum við aðildarfyrirtækið.

4. Þeir sem annast lykilstarfssemi skulu tilkynna hvers konar mikilvægar niðurstöður og tilmæli á ábyrgðarsviði sínu til stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar stofnunar um starfstengdan lífeyri sem skal ákvarða til hvaða aðgerða skuli gripið.

5. Sá sem annast lykilstarfssemi skal, með fyrirvara um réttinn til að koma ekki sök á sjálfan sig, upplýsa lögbært yfirvald stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri ef stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri grípur ekki til viðeigandi og tímanlegra aðgerða til úrbóta í eftirtöldum tilvikum:

a) ef aðili eða skipulagseining sem annast lykilstarfssvið hefur orðið þess var að umtalsverð hætta sé á að stofnunin um starfstengdan lífeyri muni ekki fara að efnislega mikilvægri, lögbundinni kröfu og hefur tilkynnt það til stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri og ef þetta gæti haft veruleg áhrif á hagsmuni sjóðfélaga og lífeyrisþega eða

b) ef aðili eða skipulagseining sem annast lykilstarfssvið hefur tekið eftir verulegu, efnislegu broti á lögum og stjórnsýslu-ákvæðum sem gilda um stofnun um starfstengdan lífeyri og starfsemi hennar í tengslum við lykilstarfssvið þess aðila eða skipulagseiningar og hefur tilkynnt það til stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri.

6. Aðildarríkin skulu tryggja réttarvernd aðila sem upplýsa lögbært yfirvald í samræmi við 5. mgr.

25. gr.

Áhættustýring

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að stofnanir um starfstengdan lífeyri, með þeim hætti sem er í réttu hlutfalli við stærð þeirra og innra skipulag, svo og við stærð, eðli og umfang starfsemi þeirra og flækjustig, að hafa yfir að ráða skilvirku áhættustýringarsviði. Þetta starfssvið skal vera þannig byggt upp að það auðveldi starfsemi áhættustýringarkerfis, en fyrir það skulu stofnanir um starfstengdan lífeyri setja ferla og verklagsreglur um skýrslugjöf sem eru nauðsynlegar til að auðkenna, meta, vakta, stjórna og tilkynna reglulega til stjórnar, framkvæmdastjórnar eða eftirlitsstjórnar stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri um þær áhættur, hvort heldur sem er stakar eða uppsafnaðar, sem stofnanir um starfstengdan lífeyri og lífeyriskerfi sem þær starfrækja standa eða gætu staðið frammi fyrir, svo og um vixltengslin milli þeirra.

Áhættustýringarkerfi þetta skal vera árangursríkt og vel samþætt stjórnskipulagi og ákvarðanatökuferli stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri.

2. Áhættustýringarkerfið skal, með þeim hætti sem er í réttu hlutfalli við stærð og innra skipulag stofnana um starfstengdan lífeyri, svo við stærð, eðli og umfang starfsemi þeirra og flækjustig, taka til áhættu sem getur komið upp í stofnunum um starfstengdan lífeyri eða í fyrirtækjum sem verkefni eða starfsemi stofnana um starfstengdan lífeyri hefur verið útvistuð til, að minnsta kosti á eftirfarandi sviðum, eftir því sem við á:

a) sölutrygginga og varasjóða,

b) eigna- og skuldastýringar,

c) fjárfestinga, einkum afleiða, verðbréfunar og svipaðra skuldbindinga,

d) stýringar lausafjár- og samþjöppunaráhættu,

e) stýringar rekstraráhættu,

f) vátrygginga og annarra aðferða til að draga úr áhættu,

g) umhverfisáhættu, félagslegrar áhættu og stjórnunaráhættu sem tengist fjárfestingasafni og stýringu þess.

3. Ef sjóðfélagar og lífeyrisþegar bera áhættu, í samræmi við skilyrði lífeyriskerfisins, skal áhættustýringarkerfið einnig íhuga þá áhættu af sjónarhóli sjóðfélaga og lífeyrisþega.

26. gr.

Innra endurskoðunarsvið

Aðildarríkin skulu krefjast þess að stofnanir um starfstengdan lífeyri komi á fót skilvirkri innri endurskoðun með þeim hætti sem er í réttu hlutfalli við stærð þeirra og innra skipulag, svo og við stærð, eðli og umfang starfsemi þeirra og flækjustig. Innri endurskoðun skal taka til mats á því hvort innra eftirlitskerfið, og aðrir hlutar stjórnkerfisins, séu fullnægjandi og skilvirkir, þ.m.t. útvistuð starfsemi, eftir því sem við á.

27. gr.

Tryggingafræðileg starfsemi

1. Ef stofnun um starfstengdan lífeyri veitir sjálf tryggingu gagnvart áhættu sem tengist ævilíkum manna og ábyrgist annaðhvort fjárfestingarárangur eða tiltekin réttindi, skulu aðildarríki krefjast þess að sú stofnun um starfstengdan lífeyri hafi skilvirka tryggingafræðilega starfsemi til að:

a) samræma og hafa umsjón með útreikningum á vátryggingaskuld,

b) meta hvort aðferðafræðin og þær aðferðir sem beitt er og liggja til grundvallar útreikningum vátryggingaskuldar séu viðeigandi, einnig forsendur þeirra útreikninga,

c) meta hvort gögnin sem beitt er við útreikninga á vátryggingaskuld séu fullnægjandi og uppfylli gæðakröfur,

d) bera þær forsendur sem liggja til grundvallar útreikningum á vátryggingaskuld saman við fengna reynslu,

e) gera stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri grein fyrir því hve áreiðanlegir og fullnægjandi útreikningarnir á vátryggingaskuld séu,

f) láta í ljós álit á heildarstefnunni hvað sölutryggingar varðar ef stofnunin um starfstengdan lífeyri hefur slíka stefnu,

g) láta í ljós álit á því hve fullnægjandi tilhögun við vátryggingar er ef stofnunin um starfstengdan lífeyri hefur slíka tilhögun og

h) stuðla að skilvirkri framkvæmd áhættustýringarkerfisins.

2. Aðildarríkin skulu krefjast þess að stofnanir um starfstengdan lífeyri tilnefni a.m.k. einn óháðan aðila, innan eða utan stofnunar um starfstengdan lífeyri sem er ábyrgur fyrir tryggingafræðilegu starfseminni.

3. þáttur

Skjöl sem varða stjórnarhætti

28. gr.

Eigið áhættumat

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að stofnanir um starfstengdan lífeyri geri eigið áhættumat og skjalfesti það, með þeim hætti sem er í réttu hlutfalli við stærð þeirra og innra skipulag, svo og við stærð, eðli og umfang starfsemi þeirra og flækjustig.

Áhættumatið skal gera að lágmarki á þriggja ára fresti eða tafarlaust í kjölfar verulegra breytinga á áhættusniði stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri eða lífeyriskerfanna sem stofnunin um starfstengdan lífeyri starfrækir. Verði veruleg breyting á áhættusniði tiltekins lífeyriskerfis er heimilt að takmarka áhættumatið við það lífeyriskerfi.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að áhættumatið sem um getur í 1. mgr., með hliðsjón af stærð og innra skipulagi stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri, svo og af stærð, eðli og umfangi starfsemi stofnunar um starfstengdan lífeyri og flækjustigi, feli í sér eftirfarandi:

a) lýsingu á því hvernig eigið áhættumat er fellt inn í stjórnunarferli og ákvarðanatökuferli stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri,

b) mat á því hversu árangursríkt áhættustýringarkerfið er,

c) lýsingu á því hvernig stofnunin um starfstengdan lífeyri kemur í veg fyrir hagsmunaárekstra við aðildarfyrirtækið, ef stofnunin um starfstengdan lífeyri útvistar lykilstarfssviðum til aðildarfyrirtækisins í samræmi við 3. mgr. 24. gr.,

d) mat á heildarfjármögnunarþörf stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri, m.a lýsingu á endurreisnaráætlun, eftir því sem við á,

e) mat á áhættu fyrir sjóðfélaga og lífeyrisþega sem tengist útgreiðslu eftirlauna þeirra og árangri aðgerða til úrbóta, að teknu tilliti til, eftir því sem við á:

   i. vísitölutengingar,

   ii. kerfis til lækkunar bóta, m.a. að hve miklu leyti unnt sé að lækka áunnin lífeyrisréttindi, við hvaða aðstæður og hver geti gert það,

f) eigindlegt mat á þeim kerfum sem vernda eftirlaun, m.a., eftir því sem við á, ábyrgðum, samningum eða hvers konar öðrum fjárhagslegum stuðningi frá aðildarfyrirtækinu, vátryggingum eða endurtryggingum fyrirtækis sem tilskipun 2009/138/EB tekur til eða tryggingu af hálfu lífeyriskerfis vegna stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri eða sjóðfélaga og lífeyrisþega,

g) eigindlegt mat á rekstraráhættu,

h) mat á nýrri eða aðsteðjandi áhættu, þ.m.t., ef hugað er að umhverfisþáttum, félagslegum þáttum og stjórnunarþáttum þegar ákvarðanir um fjárfestingar eru teknar, áhættu sem tengist loftslagsbreytingum, notkun auðlinda og umhverfinu, félagslegri áhættu og áhættu sem tengist afskriftum eigna vegna breytinga á reglusetningu.

3. Stofnanir um starfstengdan lífeyri skulu, að því er varðar 2. mgr., hafa yfir að ráða aðferðum til að greina og meta áhættuna sem þær standa eða gætu staðið frammi fyrir til skamms tíma og til langs tíma og sem getur haft áhrif á getu stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri til að standa við skuldbindingar sínar. Þessar aðferðir skulu vera í réttu hlutfalli við stærð, eðli og umfang áhættunnar sem fylgir starfsemi stofnunarinnar og flækjustig. Aðferðunum skal lýst í eigin áhættumati.

4. Taka skal tillit til eigin áhættumats í stefnumótandi ákvörðunum stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri.

29. gr.

Ársreikningar og ársskýrslur

Aðildarríkin skulu krefjast þess að sérhver stofnun um starfstengdan lífeyri sem er skráð eða veitt hefur verið starfsleyfi fyrir á yfirráðasvæðum þeirra geri og birti opinberlega ársreikninga og ársskýrslur þar sem fram kemur sérhvert lífeyriskerfi sem stofnunin um starfstengdan lífeyri rekur og, eftir því sem við á, ársreikningar og ársskýrslur fyrir hvert þeirra. Ársreikningarnir og ársskýrslurnar skulu gefa rétta og sanna mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri og hafa að geyma upplýsingar um umtalsverðar fjárfestingaeignir. Ársskýrslurnar og upplýsingar í skýrslunum skulu vera í fullu samræmi, heildstæðar, rétt fram settar og samþykktar með tilhlýðilegum hætti af aðilum sem til þess hafa heimild í samræmi við innlend lög.

30. gr.

Yfirlýsing um meginreglur um fjárfestingastefnu

Aðildarríkin skulu tryggja að sérhver stofnun um starfstengdan lífeyri sem er skráð eða veitt hefur verið starfsleyfi fyrir á yfirráðasvæðum þeirra semji og endurskoði að minnsta kosti á þriggja ára fresti skriflega yfirlýsingu um meginreglur um fjárfestingarstefnu. Þessa yfirlýsingu skal endurskoða tafarlaust ef orðið hafa umtalsverðar breytingar á fjárfestingarstefnunni. Aðildarríkin skulu kveða á um að þessi yfirlýsing hafi a.m.k. að geyma efni á borð við aðferðir við mælingu á fjárfestingaráhættu, ferlin sem komið hefur verið á við áhættustjórnun og skipulagða eignaskiptingu að því er varðar eðli og gildistíma lífeyrisskuldbindinga og með hvað hætti tillit er tekið til umhverfisþátta, félagslegra þátta og stjórnunarþátta í fjárfestingarstefnunni. Yfirlýsingin skal vera öllum aðgengileg.

2. KAFLI

Útvistun og fjárfestingarstýring

31. gr.

Útvistun

1. Aðildarríkin geta heimilað eða krafist þess að stofnanir um starfstengdan lífeyri sem eru skráðar eða veitt hefur verið starfsleyfi fyrir á yfirráðasvæðum þeirra feli hvers konar starfsemi, þ.m.t. lykilstarfssvið og stjórnun þessara stofnana um starfstengdan lífeyri, að hluta eða öllu leyti, þjónustuveitendum sem starfa fyrir hönd þessara stofnana um starfstengdan lífeyri.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að stofnanir um starfstengdan lífeyri beri ávallt fulla ábyrgð á því að farið sé að skuldbindingum þeirra samkvæmt þessari tilskipun þegar þær útvista lykilstarfssviði eða annarri starfsemi.

3. Útvistun lykilstarfssviðs eða annarrar starfsemi má ekki fara þannig fram að hún leiði til eftirfarandi:

a) að hún rýri gæði stjórnkerfis viðkomandi stofnunar um starfstengdan lífeyri,

b) að hún auki rekstraráhættu óþarflega,

c) að hún rýri getu lögbærra yfirvalda til að hafa eftirlit með því að stofnunin um starfstengdan lífeyri standi við skuldbindingar sínar,

d) að hún grafi undan stöðugri og fullnægjandi þjónustu við sjóðfélaga og lífeyrisþega.

4. Stofnanir um starfstengdan lífeyri skulu tryggja að hin útvistaða starfsemi gangi eðlilega fyrir sig með valferli við ráðningu þjónustuveitanda og með viðvarandi eftirliti með starfsemi þess þjónustuveitanda.

5. Aðildarríkin skulu sjá til þess að stofnanir um starfstengdan lífeyri sem útvista lykilstarfssviðum, stjórnun þessara stofnana um starfstengdan lífeyri eða annarri starfsemi sem þessi tilskipun tekur til geri skriflegan samning við þjónustuveitandann. Slíkur samningur skal vera framfylgjanlegur samkvæmt lögum og í honum skulu réttindi og skyldur stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri og þjónustuveitandans vera skýrt skilgreindar.

6. Aðildarríkin skulu tryggja að stofnanir um starfstengdan lífeyri tilkynni lögbærum yfirvöldum tímanlega um hvers konar útvistun á starfsemi sem þessi tilskipun tekur til. Ef útvistun tengist lykilstarfssviðum eða stjórnum stofnana um starfstengdan lífeyri skal tilkynna það lögbærum yfirvöldum áður en samningur um hvers konar útvistun öðlast gildi. Aðildarríkin skulu einnig tryggja að stofnanir um starfstengdan lífeyri tilkynni lögbærum yfirvöldum um síðari mikilvæga þróun að því er varðar hvers konar útvistaða starfsemi.

7. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi heimildir til að óska hvenær sem er eftir upplýsingum frá stofnunum um starfstengdan lífeyri og frá þjónustuveitendum um útvistuð lykilstarfssvið eða aðra útvistaða starfsemi.

32. gr.

Fjárfestingarstýring

Aðildarríkin skulu ekki standa gegn því að stofnanir um starfstengdan lífeyri tilnefni forstöðumenn fjárfestinga sem hafa staðfestu í öðru aðildarríki og hafa tilhlýðilegt umboð til að annast þessa starfsemi, til að stýra fjárfestingasafninu í samræmi við tilskipun 2009/65/EB, 2009/138/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB og 2014/65/ESB, né þeir aðilar sem veitt hefur verið leyfi og um getur í 1. mgr. 2. gr. þessarar tilskipunar.

3. KAFLI

Vörsluaðili

33. gr.

Skipun vörsluaðila

1. Heimaaðildarríkið getur, þegar um er að ræða starfstengt lífeyriskerfi þar sem sjóðfélagar og lífeyrisþegar bera fjárfestingaáhættuna að fullu, krafist þess að stofnunin um starfstengdan lífeyri tilnefni einn eða fleiri vörsluaðila til að gæta eigna og gegna umsjónarskyldu í samræmi við 34. og 35. gr. Gistiaðildarríkið getur krafist þess að slíkar stofnanir um starfstengdan lífeyri tilnefni einn eða fleiri vörsluaðila til að gæta eigna og gegna umsjónarskyldu í samræmi við 34. og 35. gr. þegar þær stunda starfsemi sem nær yfir landamæri í samræmi við 11. gr., að því tilskildu að í landslögum sé gerð krafa um skipun vörsluaðila.

2. Heimaaðildarríkið getur, að því er varðar starfstengd lífeyriskerfi þar sem sjóðfélagar og lífeyrisþegar bera fjárfestingaráhættuna ekki að fullu, krafist þess að stofnun um starfstengdan lífeyri tilnefni einn eða fleiri vörsluaðila til að gæta eigna eða til að gæta eigna og gegna umsjónarskyldu í samræmi við 34. og 35. gr.

3. Aðildarríkin skulu ekki standa gegn því að stofnanir um starfstengdan lífeyri tilnefni vörsluaðila sem hafa staðfestu í öðru aðildarríki og tilhlýðilegt umboð í samræmi við tilskipun 2013/36/ESB eða tilskipun 2014/65/ESB eða er viðurkenndur vörsluaðili í skilningi tilskipunar 2009/65/EB eða tilskipunar 2011/61/ESB.

4. Aðildarríkin skulu gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að lögbær yfirvöld geti bannað samkvæmt landslögum, í samræmi við 48. gr., að eignum í umsjón vörsluaðila eða fjárvörslufyrirtækis á yfirráðasvæði þeirra sé ráðstafað að vild ef lögbært yfirvald í heimaðildarríki stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri fer fram á slíkt.

5. Vörsluaðili skal tilnefndur með gerð skriflegs samnings. Í samningnum skal mælt fyrir um miðlun nauðsynlegra upplýsinga til að vörsluaðili geti sinnt skyldum sínum eins og þær eru settar fram í þessari tilskipun og í öðrum viðeigandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum.

6. Þegar stofnun um starfstengdan lífeyri og vörsluaðili sinna þeim verkefnum sínum sem mælt er fyrir um í 34. og 35. gr. skulu þau starfa heiðarlega, af sanngirni, kunnáttusemi, óhæði og í þágu sjóðfélaga og lífeyrisþega kerfisins.

7. Vörsluaðili skal ekki stunda starfsemi að því er varðar stofnun um starfstengdan lífeyri sem getur valdið hagsmunaárekstrum milli stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri, sjóðfélaga og lífeyrisþega kerfisins og hennar sjálfrar nema vörsluaðili hafi, hvað varðar virkni og stigskiptingu, aðskilið framkvæmd verkefna sinna sem vörsluaðili frá öðrum verkefnum sínum sem gætu valdið árekstrum, og mögulegir hagsmunaárekstrar séu skilgreindir, þeim stjórnað, þeir vaktaðir og birtir, með viðeigandi hætti, sjóðfélögum og lífeyrisþegum kerfisins og stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri.

8. Stofnanir um starfstengdan lífeyri skulu, ef vörsluaðili er ekki tilnefndur, gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir og leysa hagsmunaárekstra sem kynnu að koma upp í tengslum við verkefni sem væru annars á hendi vörsluaðila og forstöðumanns eigna.

34. gr.

Varsla eigna og bótaábyrgð vörsluaðila

1. Ef eignir stofnunar um starfstengdan lífeyri, sem tengjast lífeyriskerfi sem samanstendur af fjármálagerningum sem má hafa í vörslu, eru faldar vörsluaðila til varðveislu skal vörsluaðilinn hafa í vörslu sinni alla fjármálagerninga sem hægt er að skrá á fjármálagerningareikning sem stofnað er til í bókhaldi vörsluaðila og alla fjármálagerninga sem hægt er að afhenda vörsluaðila á áþreifanlegu formi.

Í því skyni skal vörsluaðili tryggja að allir fjármálagerningar sem hægt er að skrá á fjármálagerningareikning sem stofnað er til í bókhaldi vörsluaðila séu skráðir á aðgreinda reikninga í bókhaldi vörsluaðila í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/65/ESB, sem stofnað er til í nafni stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri til að hægt sé að auðkenna með skýrum hætti að þeir tilheyri ætíð stofnuninni um starfstengdan lífeyri eða sjóðfélögum og lífeyrisþegum lífeyriskerfisins.

2. Ef eignir stofnunar um starfstengdan lífeyri sem tengjast lífeyriskerfi samanstanda af öðrum eignum en þeim sem um getur í 1. mgr. skal vörsluaðili sannreyna að stofnunin um starfstengdan lífeyri sé eigandi eignanna og skal halda skrá yfir þessar eignir. Sannprófunin skal gerð á grundvelli upplýsinga eða skjala sem stofnunin um starfstengdan lífeyri lætur í té og, ef hægt er, á grundvelli ytri sönnunargagna. Vörsluaðili skal sjá til þess að skráin sé uppfærð.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að vörsluaðili beri ábyrgð gagnvart stofnuninni um starfstengdan lífeyri og sjóðfélögum og lífeyrisþegum vegna tjóns sem hann bakar þeim með óafsakanlegri vanrækslu á skyldum sínum eða með því að sinna þeim illa.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að það breyti ekki ábyrgð vörsluaðila sem um getur í 3. mgr. þótt hann hafi falið þriðja aðila einhverjar eða allar eignir sem honum hefur verið falið að varðveita.

5. Ef vörsluaðili er ekki tilnefndur vegna vörslu eigna skal þess að minnsta kosti krafist að stofnanir um starfstengdan lífeyri, að minnsta kosti:

a) tryggi að fjármálagerningar njóti viðeigandi umhyggju og verndar,

b) haldi skrár sem geri stofnuninni um starfstengdan lífeyri kleift að auðkenna allar eignir hvenær sem er og án tafar,

c) geri nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í tengslum við varðveislu eigna,

d) upplýsi lögbær yfirvöld, samkvæmt beiðni, með hvaða hætti eignirnar eru varðveittar.

35. gr.

Eftirlitsskyldur

1. Til viðbótar við verkefnin sem um getur í 1. og 2. mgr. 34. gr. skal vörsluaðili sem hefur verið tilnefndur til að sinna eftirlitsskyldum:

a) framkvæma fyrirmæli stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri nema þau brjóti í bága við landslög eða reglur stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri,

b) tryggja að í viðskiptum með eignir stofnunar um starfstengdan lífeyri sem tengjast lífeyriskerfi sé endurgjald greitt stofnuninni um starfstengdan lífeyri innan eðlilegra tímamarka og

c) tryggja að tekjur af eignum séu notaðar í samræmi við reglur stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri.

2. Heimaaðildarríki stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri getur, þrátt fyrir 1. mgr., ákveðið aðrar eftirlitsskyldur sem vörsluaðilinn skal sinna.

3. Ef vörsluaðili er ekki tilnefndur til að sinna eftirlitsskyldum skal stofnun um starfstengdan lífeyri setja verklagsreglur sem tryggja að verkefnin, sem annars myndu falla undir eftirlit vörsluaðila, séu framkvæmd á tilhlýðilegan hátt innan stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri.

IV. BÁLKUR

UPPLÝSINGAR SEM BER AÐ VEITA VÆNTANLEGUM SJÓÐFÉLÖGUM, SJÓÐFÉLÖGUM OG LÍFEYRISÞEGUM

1. KAFLI

Almenn ákvæði

36. gr.

Meginreglur

1. Aðildarríkin skulu, að teknu tilliti til eðlis lífeyriskerfisins sem sett hefur verið á laggirnar, tryggja að sérhver stofnun um starfstengdan lífeyri sem er skráð og veitt hefur verið starfsleyfi fyrir á yfirráðasvæðum þeirra:

a) veiti væntanlegum sjóðfélögum að lágmarki þær upplýsingar sem settar eru fram í 41. gr.,

b) veiti sjóðfélögum að lágmarki þær upplýsingar sem settar eru fram í 37.–40. gr., 42. og 44. gr. og

c) veiti lífeyrisþegum að lágmarki upplýsingarnar sem settar eru fram í 37., 43. og 44. gr.

2. Upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skulu:

a) uppfærðar reglulega;

b) skrifaðar með skýrum hætti, á skýru, gagnorðu og skiljanlegu máli án þess að gripið sé til fagmáls og tæknilegra hugtaka þar sem unnt er að nota orð úr daglegu máli í staðinn,

c) ekki vera villandi og tryggja skal samræmi í orðaforða og innihaldi,

d) þannig fram settar að auðvelt sé að lesa þær,

e) vera aðgengilegar á opinberu tungumáli aðildarríkisins þar sem félagsmála- og vinnulöggjöf sem tengist starfstengdum lífeyriskerfum á við um viðkomandi lífeyriskerfi og

f) gerðar aðgengilegar fyrir væntanlega sjóðfélaga, sjóðfélaga og lífeyrisþega án endurgjalds með rafrænum hætti, m.a. á varanlegum miðli eða á vefsetri eða á pappír.

3. Aðildarríkin geta samþykkt eða viðhaldið frekari ákvæðum varðandi upplýsingar sem ber að veita væntanlegum sjóðfélögum, sjóðfélögum og lífeyrisþegum.

37. gr.

Almennar upplýsingar um lífeyriskerfið

1. Aðildarríkin skulu, að því er varðar sérhverja stofnun um starfstengdan lífeyri sem er skráð eða veitt hefur verið starfsleyfi fyrir á yfirráðasvæðum þeirra, tryggja að sjóðfélagar og lífeyrisþegar séu nægilega vel upplýstir um lífeyriskerfi sín sem stofnunin um starfstengdan lífeyri starfrækir, einkum varðandi:

a) heiti stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri, aðildarríkið þar sem stofnunin um starfstengdan lífeyri er skráð eða veitt hefur verið starfsleyfi fyrir og heiti lögbærs yfirvalds hennar,

b) réttindi og skyldur þeirra aðila sem eiga aðild að lífeyriskerfinu,

c) upplýsingar um fjárfestingarsniðið,

d) eðli fjárfestingaráhættunnar sem sjóðfélagar og lífeyrisþegar bera,

e) skilyrðin sem varða fulla ábyrgð eða hlutaábyrgð samkvæmt lífeyriskerfinu eða tiltekin réttindi eða, ef ábyrgð er ekki veitt samkvæmt lífeyriskerfinu, yfirlýsingu þess efnis,

f) kerfi sem verndar uppsöfnuð réttindi eða kerfi til lækkunar bóta, ef við á,

g) upplýsingar um fyrri árangur fjárfestinga sem tengjast lífeyriskerfinu í fimm ár að lágmarki ef sjóðfélagar bera fjárfestingaráhættu eða geta tekið ákvarðanir um fjárfestingar, eða í öll þau ár sem kerfið hefur verið starfrækt ef það er í minna en fimm ár,

h) kostnaðaruppbyggingu sem sjóðfélagar og lífeyrisþegar bera að því er varðar kerfi sem veita ekki tiltekin réttindi,

i) valkostina sem sjóðfélögum og lífeyrisþegum stendur til boða í tengslum við útgreiðslu eftirlauna þeirra,

j) frekari upplýsingar um fyrirkomulag við flutning lífeyrisréttinda eigi sjóðfélagi rétt á slíkum flutningi.

2. Sjóðfélagar skulu, að því er varðar kerfi þar sem sjóðfélagar bera fjárfestingaráhættu og þar sem þeim stendur til boða fleiri en einn valkostur með mismunandi fjárfestingasniði, vera upplýstir um skilyrði varðandi þá fjárfestingarkosti sem í boði eru og, eftir því sem við á, sjálfgefna fjárfestingarkostinn og reglu lífeyriskerfisins um að úthluta tilteknum sjóðfélaga fjárfestingarkost.

3. Sjóðfélagar og lífeyrisþegar eða fulltrúar þeirra skulu fá allar viðeigandi upplýsingar um breytingar á reglum lífeyriskerfis innan hæfilegs tíma. Stofnanir um starfstengdan lífeyri skulu að auki gera sjóðfélögum og lífeyrisþegum grein fyrir því hvaða áhrif verulegar breytingar á vátryggingaskuld hafa á þá.

4. Stofnanir um starfstengdan lífeyri skulu gera þær almennu upplýsingar um lífeyriskerfið, sem settar eru fram í þessari grein, aðgengilegar.

2. KAFLI

Greinargerð um lífeyrisréttindi og viðbótarupplýsingar

38. gr.

Almenn ákvæði

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að stofnanir um starfstengdan lífeyri semji greinargott skjal með lykilupplýsingum fyrir hvern sjóðfélaga þar sem tekið er tillit til sérstaks eðlis landsbundinna lífeyriskerfa og viðeigandi löggjafar á sviði félags-, atvinnu- og skattamála („greinargerð um lífeyrisréttindi“). Í titli skjalsins skulu koma fyrir orðin „greinargerð um lífeyrisréttindi“.

2. Dagsetningin sem upplýsingarnar í greinargerðinni um lífeyrisréttindi vísa til skal vera sett fram með áberandi hætti.

3. Aðildarríkin skulu krefjast þess að upplýsingarnar í greinargerðinni um lífeyrisréttindi séu réttar, uppfærðar og að allir sjóðfélagar geti nálgast þær endurgjaldslaust, að minnsta kosti árlega, með rafrænum hætti, þ.m.t. á varanlegum miðli eða á vefsetri eða á pappír. Láta skal sjóðfélögum í té eintak á pappír, óski þeir eftir því, til viðbótar við þær upplýsingar sem eru afhentar með rafrænum hætti.

4. Allar verulegar breytingar á upplýsingum í greinargerðinni um lífeyrisréttindi samanborið við fyrra ár skulu koma skýrt fram.

5. Aðildarríkin skulu setja fram reglur til að ákvarða forsendur fyrir spárnar sem um getur í d-lið 1. mgr. 39. gr. Beita skal þeim reglum gagnvart stofnunum um starfstengdan lífeyri til að ákvarða, eftir því sem við á, árlegt nafnvirði arðsemi fjárfestinga, árlega verðbólgu og framtíðarlaunaþróun.

39. gr.

Greinargerð um lífeyrisréttindi

1. Í greinargerð um lífeyrisréttindi skulu að minnsta kosti eftirtaldar upplýsingar koma fram fyrir sjóðfélaga:

a) persónuupplýsingar um sjóðfélagann, þ.m.t. skýrar upplýsingar um lögboðinn eftirlaunaaldur, eftirlaunaaldurinn sem mælt er fyrir um í lífeyriskerfinu eða sem stofnun um starfstengdan lífeyri áætlar eða eftirlaunaaldurinn sem sjóðfélaginn ákveður, eftir því sem við á,

b) heiti stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri og heimilisfang hennar og tilgreining á lífeyriskerfi sjóðfélagans,

c) eftir því sem við á, upplýsingar um fulla ábyrgð eða hlutaábyrgð samkvæmt lífeyriskerfinu og ef við á, hvar frekari upplýsingar er að finna,

d) upplýsingar um spár um lífeyri á grundvelli eftirlaunaaldurs eins og hann er tilgreindur í a-lið og fyrirvari um að þessar spár kunni að vera frábrugðnar endanlegu virði móttekins lífeyris. Ef spár um lífeyrisgreiðslur byggjast á efnahagslegum sviðsmyndum skulu þær upplýsingar einnig innihalda bestu sviðsmyndina og óhagstæða sviðsmynd, að teknu tilliti til sérstaks eðlis lífeyriskerfisins,

e) heiti stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri og heimilisfang hennar og tilgreining á lífeyriskerfi sjóðfélagans,

f) upplýsingar um framlög sem aðildarfyrirtækið og sjóðfélaginn hafa greitt til lífeyriskerfisins, að minnsta kosti síðustu tólf mánuði, að teknu tilliti til sérstaks eðlis lífeyriskerfisins,

g) sundurliðun á kostnaði sem stofnunin um starfstengdan lífeyri dregur frá, að minnsta kosti undanfarna tólf mánuði,

h) upplýsingar um fjármögnunarstig lífeyriskerfisins í heild.

2. Aðildarríkin skulu, í samræmi við 60. gr., miðla bestu starfsvenjum að því er varðar snið og innihald greinargerðarinnar um lífeyrisréttindi.

40. gr.

Viðbótarupplýsingar

1. Í greinargerð um lífeyrisréttindi skal tilgreint hvar og hvernig unnt sé að afla viðbótarupplýsinga, m.a.:

a) frekari hagnýtra upplýsinga um þá valkosti sem sjóðfélögum stendur til boða samkvæmt lífeyriskerfinu,

b) upplýsinganna sem tilgreindar eru í 29. og 30. gr.,

c) eftir því sem við á, upplýsinga um forsendurnar sem notaðar eru við útreikning á fjárhæðum í formi lífeyris, einkum að því er varðar lífeyrisiðgjöld, tegund veitanda og tímalengd lífeyrisins,

d) upplýsinga um fjárhæð réttindagreiðslna ef um er að ræða starfslok.

2. Að því er varðar kerfi þar sem sjóðfélagar bera áhættu vegna fjárfestinga og þar sem fjárfestingarvalkostur er lagður á sjóðfélaga með sérstakri reglu sem tekin er fram í lífeyriskerfinu skal í greinargerðinni um lífeyrisréttindi tilgreina hvar unnt sé nálgast viðbótarupplýsingar.

3. KAFLI

Aðrar upplýsingar og skjöl sem leggja skal fram

41. gr.

Upplýsingar sem ber að veita væntanlegum sjóðfélögum

1. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að stofnanir um starfstengdan lífeyri tryggi að væntanlegir sjóðfélagar sem eru ekki sjálfkrafa skráðir í lífeyriskerfi séu, áður en þeir skrá sig í það lífeyriskerfi, upplýstir um:

a) alla valkosti sem skipta máli og sem þeim stendur til boða, m.a. fjárfestingarkosti,

b) séreinkenni lífeyriskerfisins sem skipta máli, m.a. um tegund lífeyrisins,

c) upplýsingar um hvort og hvernig hugað sé að þáttum á sviði umhverfismála, loftslags- og félagsmála og að stjórnunarháttum fyrirtækja í fjárfestingarstefnunni og

d) hvar unnt sé að nálgast frekari upplýsingar.

2. Ef sjóðfélagar bera áhættu af fjárfestingum eða geta tekið ákvarðanir um fjárfestingar skal veita væntanlegum sjóðfélögum upplýsingar um fyrri frammistöðu fjárfestinga sem tengjast lífeyriskerfinu að minnsta kosti fimm ár aftur í tímann eða öll þau ár sem kerfið hefur verið starfrækt ef það er skemur en fimm ár og upplýsingar um uppbyggingu kostnaðar sem sjóðfélagar og lífeyrisþegar bera.

3. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að stofnanir um starfstengdan lífeyri tryggi að væntanlegir sjóðfélagar sem eru sjálfkrafa skráðir í lífeyriskerfi séu strax að lokinni skráningu upplýstir um:

a) alla valkosti sem skipta máli og sem þeim stendur til boða, m.a. fjárfestingarkosti,

b) séreinkenni lífeyriskerfisins sem skipta máli, m.a. um tegund lífeyrisins,

c) upplýsingar um hvort og hvernig hugað sé að þáttum á sviði umhverfismála, loftslags- og félagsmála og að stjórnunarháttum fyrirtækja í fjárfestingarstefnunni og

d) hvar unnt sé að nálgast frekari upplýsingar.

42. gr.

Upplýsingar sem ber að veita sjóðfélögum í aðdraganda lífeyristöku

Stofnanir um starfstengdan lífeyri skulu, til viðbótar við greinargerðina um lífeyrisréttindi, afhenda sérhverjum sjóðfélaga upplýsingar um útgreiðslukosti sem eru í boði við töku lífeyris, tímanlega áður en hann nær lífeyrisaldri sem tilgreindur er í a-lið 1. mgr. 39. gr., eða að beiðni sjóðfélagans.

43. gr.

Upplýsingar sem ber að veita lífeyrisþegum á útgreiðslutímabilinu

1. Aðildarríkin skulu gera kröfu um að stofnanir um starfstengdan lífeyri veiti lífeyrisþegum reglulega upplýsingar um væntanlegan lífeyri og samsvarandi útgreiðslukosti.

2. Stofnanir um starfstengdan lífeyri skulu upplýsa lífeyrisþega án tafar eftir að tekin hefur verið ákvörðun sem leiðir til lækkunar á væntanlegum lífeyri og þremur mánuðum áður en þeirri ákvörðun er hrundið í framkvæmd.

3. Aðildarríkin skulu, þegar lífeyrisþegar bera verulega áhættu af fjárfestingum á útgreiðslutímabilinu, tryggja að lífeyrisþegum berist viðeigandi upplýsingar með reglubundnum hætti.

44. gr.

Viðbótarupplýsingar sem ber að veita sjóðfélögum og lífeyrisþegum samkvæmt beiðni

Stofnun um starfstengdan lífeyri skal, að beiðni sjóðfélaga, lífeyrisþega eða fulltrúa þeirra, veita eftirfarandi upplýsingar:

a) ársreikningana og ársskýrslurnar, sem um getur í 29. gr., eða, ef stofnun um starfstengdan lífeyri ber ábyrgð á fleiri en einu kerfi, þá ársreikninga og þær ársskýrslur sem tengjast tilteknu lífeyriskerfi,

b) greinargerð um meginreglur um fjárfestingarstefnu, sem um getur í 30. gr.,

c) allar frekari upplýsingar um forsendurnar sem eru notaðar til að gera spárnar sem um getur í d-lið 1. mgr. 39. gr.

V. BÁLKUR

VARFÆRNISEFTIRLIT

1. KAFLI

Almennar reglur um varfærniseftirlit

45. gr.

Meginmarkmiðið með varfærniseftirliti

1. Meginmarkmiðið með varfærniseftirliti er að vernda réttindi sjóðfélaga og lífeyrisþega og að tryggja stöðugleika og styrk stofnana um starfstengdan lífeyri.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að lögbærum yfirvöldum séu veitt öll nauðsynleg úrræði og að þau búi yfir viðeigandi sérþekkingu, getu, og umboði til að ná fram meginmarkmiðinu með eftirliti sem um getur í 1. mgr.

46. gr.

Umfang varfærniseftirlits

Aðildarríkin skulu sjá til þess að stofnanir um starfstengdan lífeyri falli undir varfærniseftirlit, m.a. eftirlit með eftirfarandi, eftir því sem við á:

a) skilyrðum varðandi rekstur,

b) tryggingaskuld,

c) fjármögnun tryggingaskuldar,

d) lögboðnu eigin fé,

e) raunverulegu gjaldþoli,

f) lágmarksgjaldþoli,

g) fjárfestingarreglum,

h) fjárfestingarstýringu,

i) stjórnkerfi og

j) upplýsingum sem ber að veita sjóðfélögum og lífeyrisþegum.

47. gr.

Almennar meginreglur um varfærniseftirlit

1. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu bera ábyrgð á varfærniseftirliti með stofnunum um starfstengdan lífeyri.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að eftirlit byggist á framsýnni og áhættugrundvallaðri nálgun.

3. Eftirlit með stofnunum um starfstengdan lífeyri skal vera viðeigandi samsetning af starfsemi utan vettvangs og vettvangsskoðunum.

4. Eftirlitsheimildum skal beita tímanlega og í réttu hlutfalli við stærð, eðli og umfang starfsemi stofnunar um starfstengdan lífeyri og það hversu flókin hún er.

5. Aðildarríkin skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld taki tilhlýðilegt tillit til hugsanlegra áhrifa aðgerða þeirra á stöðugleika fjármálakerfisins í Sambandinu, einkum þegar um neyðarástand er að ræða.

48. gr.

Vald lögbærra yfirvalda til íhlutunar og skyldur þeirra

1. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að sérhver stofnun um starfstengdan lífeyri sem er skráð eða veitt hefur verið starfsleyfi fyrir á yfirráðasvæðum þeirra búi yfir traustu stjórnunar- og bókhaldsfyrirkomulagi og fullnægjandi innra eftirlitskerfi.

2. Með fyrirvara um eftirlitsheimildir lögbærra yfirvalda og rétt aðildarríkja til að kveða á um og beita viðurlögum á sviði refsiréttar skulu aðildarríkin sjá til þess að lögbær yfirvöld þeirra geti beitt stjórnsýsluviðurlögum og öðrum ráðstöfunum sem gilda um öll brot á landsákvæðum sem hrinda þessari tilskipun í framkvæmd og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé framfylgt. Aðildarríkin skulu tryggja að stjórnsýsluviðurlög þeirra og aðrar ráðstafanir séu skilvirkar, í réttu hlutfalli við brotið og hafi varnaðaráhrif.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að ákveða að mæla ekki fyrir um reglur um stjórnsýsluviðurlög samkvæmt þessari tilskipun vegna brota sem falla undir refsiviðurlög samkvæmt landslögum þeirra. Í því tilviki skulu aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um viðkomandi hegningarlagaákvæði.

4. Aðildarríki skulu tryggja að lögbær yfirvöld birti, án ótilhlýðilegrar tafar, öll stjórnsýsluviðurlög eða aðrar ráðstafanir sem beitt hefur verið vegna brota á landsákvæðunum sem leiða þessa tilskipun í lög og sem engin kæra hefur verið lögð fram tímanlega vegna, þ.m.t. upplýsingar um tegund og eðli brotsins og deili á aðilunum sem bera ábyrgð á því. Ef lögbært yfirvald telur að birting auðkenna lögaðilanna eða auðkenna einstaklinganna eða persónuupplýsinga sé ekki í réttu hlutfalli við tilefnið í framhaldi af mati á einstökum tilvikum, sem gert er út frá meðalhófsreglu fyrir birtingu á slíkum gögnum, eða ef birtingin teflir stöðugleika fjármálamarkaða eða yfirstandandi rannsókn í tvísýnu, geta lögbær yfirvöld ákveðið að fresta birtingu, birta ekki, eða birta viðurlögin nafnlaust.

5. Ákvörðun um að banna starfsemi stofnunar um starfstengdan lífeyri eða takmarka hana skal ítarlega rökstudd og tilkynnt hlutaðeigandi stofnun um starfstengdan lífeyri. Einnig skal tilkynna Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni um þá ákvörðun og skal hún miðla henni til allra lögbærra yfirvalda ef um er að ræða starfsemi sem nær yfir landamæri eins og um getur í 11. gr.

6. Lögbær yfirvöld geta einnig takmarkað eða bannað frjálsa ráðstöfun stofnunar um starfstengdan lífeyri á eignum sínum, einkum þegar:

a) stofnun um starfstengdan lífeyri hefur ekki getað myndað fullnægjandi tryggingaskuld vegna starfseminnar í heild eða á ekki nógar eignir til að standa undir tryggingaskuldinni,

b) stofnun um starfstengdan lífeyri á ekki skyldubundinn viðbótarsjóð.

7. Í því skyni að verja hagsmuni sjóðfélaga og lífeyrisþega er lögbærum yfirvöldum heimilt að flytja það vald, sem aðilar sem reka stofnun um starfstengdan lífeyri sem er skráð eða sem veitt hefur verið starfsleyfi fyrir á yfirráðasvæðum þeirra hafa í samræmi við lög heimaaðildarríkisins, að öllu leyti eða að hluta, til sérstaks fulltrúa sem er hæfur til að fara með þetta vald.

8. Lögbær yfirvöld geta bannað eða takmarkað starfsemi stofnunar um starfstengdan lífeyri sem er skráð eða veitt hefur verið starfsleyfi fyrir á yfirráðasvæðum þeirra, einkum ef:

a) stofnun um starfstengdan lífeyri stendur ekki nægilega vel vörð um hagsmuni sjóðfélaga og lífeyrisþega kerfisins,

b) stofnun um starfstengdan lífeyri uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir rekstri,

c) stofnun bregst alvarlega skyldum sem á henni hvíla samkvæmt gildandi reglum,

d) í því tilviki að starfsemi fari fram yfir landamæri, stofnun um starfstengdan lífeyri virðir ekki kröfur samkvæmt félagsmála- og vinnulöggjöf í gistiaðildarríkinu sem eiga við um starfstengd lífeyriskerfi.

9. Aðildarríkin skulu tryggja að hægt sé að áfrýja til dómstóla öllum ákvörðunum sem teknar eru um stofnun um starfstengdan lífeyri samkvæmt lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun.

49. gr.

Eftirlitsferlar

1. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi nauðsynlegar heimildir til að endurskoða stefnu, vinnslu og skýrslugjafaraðferðir sem stofnanir um starfstengdan lífeyri hafa komið á fót til að fara að lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem voru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, að teknu tilliti til stærðar, eðlis og umfangs starfsemi stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri og flækjustigs hennar.

Í þeirri endurskoðun skal taka tillit til þeirra kringumstæðna sem stofnanir um starfstengdan lífeyri starfa í og, ef við á, aðila sem annast útvistað lykilstarfssvið eða aðra starfsemi fyrir þær. Endurskoðunin skal ná yfir eftirfarandi þætti:

a) mat á gæðakröfum sem tengjast stjórnkerfinu,

b) mat á áhættu sem stofnun um starfstengdan lífeyri stendur frammi fyrir,

c) mat á getu stofnunar um starfstengdan lífeyri til að meta og stjórna þeirri áhættu.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld ráði yfir vöktunartækjum, m.a. álagsprófum, sem gera þeim kleift að greina versnandi fjárhagsleg skilyrði í stofnun um starfstengdan lífeyri og fylgjast með hvernig ráðin er bót á þeim.

3. Lögbær yfirvöld skulu hafa tilskildar heimildir til að krefjast þess að stofnanir um starfstengdan lífeyri ráði bót á veikleikum eða ágöllum sem koma í ljós í eftirlitsferlinu.

4. Lögbær yfirvöld skulu ákveða lágmarkstíðni og umfang endurskoðunarinnar og matsins sem mælt er fyrir um í 1. mgr. með hliðsjón af stærð, eðli og umfangi starfsemi viðkomandi stofnunar um starfstengdan lífeyri og flækjustigi hennar.

50. gr.

Upplýsingar sem ber að veita lögbærum yfirvöldum

Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld hafi, að því er varðar allar stofnanir um starfstengdan lífeyri sem eru skráðar eða veitt hefur verið starfsleyfi fyrir á yfirráðasvæðum þeirra, nauðsynlegar heimildir og úrræði til að:

a) krefjast þess að stofnunin um starfstengdan lífeyri, stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri eða aðilar sem stýra stofnun um starfstengdan lífeyri í reynd eða annast lykilstarfssvið til að veita hvenær sem er upplýsingar um öll viðskiptaleg málefni eða framsenda öll viðskiptaskjöl,

b) hafa eftirlit með tengslum milli stofnunar um starfstengdan lífeyri og annarra félaga eða milli stofnana um starfstengdan lífeyri þegar þær útvista lykilstarfssviðum eða annarri starfsemi til þessara félaga eða stofnana um starfstengdan lífeyri, ásamt allri annarri endurútvistun síðar meir, sem hefur áhrif á fjárhagsstöðu stofnunarinnar um starfstengdan lífeyri eða skiptir verulegu máli vegna skilvirks eftirlits,

c) fá eftirfarandi skjöl: mat á eigin áhættu, yfirlýsingu um meginreglur um fjárfestingarstefnu, ársreikninga og ársskýrslur og öll önnur skjöl sem nauðsynleg eru vegna eftirlits með starfseminni,

d) mæla fyrir um hvaða skjöl séu mikilvæg vegna eftirlits, m.a.:

   i) innri árshlutaskýrslur,

   ii. tryggingafræðilegt virðismat og ítarlegar forsendur þess,

iii. kannanir á eignum og skuldbindingum

iv. staðfesting á því að stofnunin fylgi meginreglum um fjárfestingarstefnu,

v. staðfesting á því að framlög hafi verið greidd samkvæmt áætlun,

vi. skýrslur þeirra einstaklinga sem bera ábyrgð á endurskoðun ársreikninganna sem um getur í 29. gr.,

e) annast vettvangsskoðun á athafnasvæði stofnunar um starfstengdan lífeyri og, eftir því sem við á, útvistaðri og allri endurútvistaðri starfsemi síðar meir til að ganga úr skugga um hvort starfsemin fari fram í samræmi við eftirlitsreglur,

f) óska hvenær sem er eftir upplýsingum frá stofnunum um starfstengdan lífeyri um útvistaða starfsemi og alla endurútvistaða starfsemi síðar meir.

51. gr.

Gagnsæi og ábyrgð

1. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld sinni þeim verkefnum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun á gagnsæjan, óháðan og ábyrgan hátt, að teknu tilhlýðilegu tilliti til verndar trúnaðarupplýsinga.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að eftirfarandi upplýsingar séu birtar opinberlega:

a) texti laga, reglugerða og stjórnsýslureglna og almennar leiðbeiningar á sviði starfstengdra lífeyriskerfa og upplýsingar um hvort aðildarríkið kjósi að beita þessari tilskipun í samræmi við 4. og 5. gr.,

b) upplýsingar um eftirlitsferlið eins og sett er fram í 49. gr.,

c) samanlögð tölfræðileg gögn um lykilþætti við beitingu eftirlitsreglnanna,

d) meginmarkmið varfærniseftirlits og upplýsingar um helstu starfssvið og starfsemi lögbærra yfirvalda,

e) reglur um stjórnsýsluviðurlög og aðrar ráðstafanir sem gilda um brot á innlendum ákvæðum sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að þau ráði yfir og beiti gagnsæjum verklagsreglum um tilnefningu og brottvikningu þeirra sem sæti eiga í stjórnum og framkvæmdaráðum lögbærra yfirvalda þeirra.

2. KAFLI

Þagnarskylda og upplýsingaskipti

52. gr.

Þagnarskylda

1. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur til að tryggja að allir þeir sem vinna fyrir eða hafa unnið fyrir lögbær yfirvöld, sem og endurskoðendur og sérfræðingar sem koma fram fyrir hönd þessara yfirvalda, séu bundnir þagnarskyldu. Með fyrirvara um mál sem falla undir hegningarlög skulu þessir aðilar ekki skýra neinum einstaklingum eða yfirvöldum frá trúnaðarmálum sem þeir öðlast vitneskju um við skyldustörf sín nema um sé að ræða ágrip eða samantekt af því tagi að ekki sé unnt að bera kennsl á einstakar stofnanir um starfstengdan lífeyri.

2. Aðildarríkin geta, þrátt fyrir 1. mgr., heimilað að skýrt sé frá trúnaðarupplýsingum í málum sem heyra undir einkamálarétt eða verslunarrétt ef lífeyriskerfi hefur verið tekið til slitameðferðar.

53. gr.

Notkun trúnaðarupplýsinga

Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld, sem fá vitneskju um trúnaðarmál samkvæmt þessari tilskipun, notfæri sér hana einungis við skyldustörf sín og í eftirfarandi tilgangi:

a) til að kanna hvort stofnanir um starfstengdan lífeyri uppfylli skilyrði um að hefja og reka starfsemi á sviði starfstengds lífeyris áður en þær taka til starfa.

b) til að auðvelda eftirlit með starfsemi stofnana um starfstengdan lífeyri, þ.m.t. eftirlit með tryggingaskuldum, gjaldþoli, stjórnkerfi og upplýsingum sem sjóðfélögum og lífeyrisþegum eru veittar,

c) til að leggja á ráðstafanir til úrbóta, m.a. stjórnsýsluviðurlög,

d) til að birta lykilframmistöðuvísa fyrir allar einstakar stofnanir um starfstengdan lífeyri sem geta aðstoðað sjóðfélaga og lífeyrisþega við að taka fjárhagslegar ákvarðanir varðandi lífeyri þeirra, ef innlend löggjöf heimilar það,

e) í tengslum við áfrýjun á ákvörðunum lögbærra yfirvalda sem voru teknar í samræmi við ákvæðin sem sett eru til að lögleiða þessa tilskipun,

f) í málarekstri varðandi ákvæðin sem sett eru til að lögleiða þessa tilskipun.

54. gr.

Rannsóknarheimild Evrópuþingsins

Ákvæði 52. og 53. gr. skulu vera með fyrirvara um rannsóknarheimild sem Evrópuþinginu er falið með 226. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

55. gr.

Upplýsingaskipti milli yfirvalda

1. Ákvæði 52. og 53. gr. skulu ekki útiloka neitt af eftirfarandi:

a) upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda í sama aðildarríki þegar þau gegna eftirlitshlutverki sínu,

b) upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda í mismunandi aðildarríkjum þegar þau gegna eftirlitshlutverki sínu,

c) upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda þegar þau gegna eftirlitshlutverki sínu og einhverra af eftirtöldum aðilum sem eru staðsettir í sama aðildarríki:

   i. yfirvalda sem annast eftirlit með aðilum á fjármálasviði og öðrum fjármálastofnunum og yfirvalda sem annast eftirlit með fjármálamörkuðum,

   ii. yfirvalda eða aðila sem bera ábyrgð á að viðhalda stöðugleika fjármálakerfisins í aðildarríkjum með því að beita þjóðhagsvarúðarreglum,

   iii. aðila sem hafa afskipti af slitum lífeyriskerfis og öðrum sambærilegum málum,

   iv. endurskipulagningaraðila eða -yfirvalda sem miða að því að vernda stöðugleika fjármálakerfisins,

   v. aðila sem bera ábyrgð á framkvæmd lögboðinnar endurskoðunar á reikningum stofnana um starfstengdan lífeyri, vátryggingafélaga og annarra fjármálastofnana,

d) birtingu nauðsynlegra upplýsinga til handa stofnunum sem stjórna slitameðferð lífeyriskerfis til að þær geti gegnt starfi sínu.

2. Upplýsingar, sem yfirvöld, stofnanir og aðilar sem um getur í 1. mgr. fá, skulu háðar reglum um þagnarskyldu sem mælt er fyrir um í 52. gr.

3. Ákvæði 52. og 53. gr. skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríki heimili upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda og einhverra eftirfarandi aðila:

a) yfirvalda sem eru ábyrg fyrir eftirliti með stofnunum sem tengjast félagsslitum lífeyriskerfa og annarri sambærilegri meðferð,

b) yfirvalda sem annast eftirlit með aðilum sem falin er lögboðin endurskoðun reikninga stofnana um starfstengdan lífeyri, vátryggingafélaga og annarra fjármálastofnana,

c) óháðra tryggingafræðinga stofnana um starfstengdan lífeyri sem annast eftirlit með þeim stofnunum um starfstengdan lífeyri, svo og stofnana sem eru ábyrgar fyrir eftirliti með þessum tryggingafræðingum.

56. gr.

Sending upplýsinga til seðlabanka, yfirvalda á sviði peningamála, evrópskra eftirlitsyfirvalda og Evrópska kerfisáhætturáðsins

1. Ákvæði 52. gr. og 53 gr. skulu ekki koma í veg fyrir að lögbært yfirvald sendi eftirfarandi aðilum upplýsingar varðandi framkvæmd verkefna þeirra:

a) seðlabönkum og öðrum stofnunum sem gegna svipuðu hlutverki sem yfirvöld á sviði peningamála,

b) öðrum opinberum yfirvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti með greiðslukerfum, eftir því sem við á,

c) Evrópska kerfisáhætturáðinu, Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni, Evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr.°1093/2010 ([16]) og Evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr.°1095/2010 ([17]).

2. Ákvæði 55. gr. til 58. gr. skulu ekki koma í veg fyrir að yfirvöldin eða aðilarnir sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. þessarar greinar komi á framfæri við lögbær yfirvöld upplýsingum sem þau gætu þurft á að halda með tilliti til 53. gr.

3. Upplýsingarnar, sem tekið er við í samræmi við 1. og 2. mgr., skulu falla undir kröfur um þagnarskyldu sem eru að minnsta kosti jafngildar þeim sem settar eru fram í þessari tilskipun.

57. gr.

Upplýsingar sem veittar eru stjórnarskrifstofum sem bera ábyrgð á fjármálalöggjöf

1. Ákvæði 52. gr. (1. mgr.), 53. gr. og 58. gr. (1. mgr.) skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin leyfi miðlun trúnaðarupplýsinga milli lögbærra yfirvalda og annarra deilda stjórnarskrifstofa sem bera ábyrgð á framfylgd löggjafar um eftirlit með stofnunum um starfstengdan lífeyri, lánastofnunum, fjármálastofnunum, fjárfestingarþjónustu og vátryggingafélögum eða eftirlitsmönnum, sem koma fram fyrir hönd þessara deilda.

Slíkar upplýsingar má aðeins veita þegar þess er þörf vegna varfærniseftirlits, forvarna og skilameðferðar stofnana um starfstengdan lífeyri sem stefna í greiðsluþrot. Einstaklingar sem hafa aðgang að upplýsingunum skulu, með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar, falla undir kröfur um þagnarskyldu sem eru að minnsta kosti jafngildar þeim sem settar eru í þessari tilskipun. Þó skulu aðildarríkin kveða á um að upplýsingarnar sem fengust skv. 55. gr. og upplýsingar sem var aflað með sannprófun á staðnum megi aðeins veita með skýlausu samþykki lögbæra yfirvaldsins sem veitti upplýsingarnar eða lögbæra yfirvaldi aðildarríkisins þar sem sannprófunin á staðnum fór fram.

([16]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

([17]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

2. Aðildarríkin geta heimilað að rannsóknarnefndum þingsins í aðildarríki þeirra eða endurskoðunarrétti í aðildarríki þeirra og öðrum einingum sem stýra rannsóknum í aðildarríki þeirra sé greint frá trúnaðarupplýsingum sem tengjast varfærniseftirliti með stofnunum um starfstengdan lífeyri, ef öllum eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) einingarnar hafi valdheimild samkvæmt landslögum til að rannsaka eða athuga gaumgæfilega aðgerðir yfirvalda sem bera ábyrgð á eftirliti með stofnunum um starfstengdan lífeyri eða á lögum um slíkt eftirlit,

b) upplýsingarnar séu algjörlega nauðsynlegar til að beita valdheimildinni sem um getur í a-lið,

c) einstaklingarnir, sem hafa aðgang að upplýsingunum, falli undir kröfur um þagnarskyldu samkvæmt landslögum sem eru að minnsta kosti jafngildar þeim sem settar eru fram í þessari tilskipun,

d) aðeins sé heimilt, þegar upplýsingarnar eru upprunnar í öðru aðildarríki, að afhenda þær með skýlausu samþykki lögbærra yfirvalda sem afhentu þær og einungis til þeirra nota sem sömu yfirvöld hafa gefið samþykki fyrir.

58. gr.

Skilyrði fyrir upplýsingaskiptum

1. Aðildarríkin skulu, að því er varðar skipti á upplýsingum skv. 55. gr., miðlun upplýsinga skv. 56. gr. og birtingu upplýsinga skv. 57. gr., krefjast þess að eftirtöldum skilyrðum sé fullnægt hið minnsta:

a) skipti, miðlun eða birting upplýsinga skal fara fram vegna tilsjónar eða eftirlits,

b) upplýsingarnar sem fengnar eru skulu háðar kröfu um þagnarskyldu svo sem mælt er fyrir um í 52. gr.,

c) séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki skulu þær ekki afhentar án skýlauss samþykkis lögbærs yfirvalds þaðan sem þær eru upprunnar, og þá einungis til þeirra nota sem sama yfirvald hefur gefið samþykki fyrir.

2. Ákvæði 53. gr. skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin geti, með það að markmiði að auka stöðugleika fjármálakerfisins og gera það heilsteyptara, leyft skipti á upplýsingum milli lögbærra yfirvalda og yfirvalda eða stofnana sem hafa það hlutverk að ljóstra upp um og rannsaka brot á félagarétti sem gildir um aðildarfyrirtæki.

Aðildarríkin sem beita ákvæði fyrstu undirgreinar skulu krefjast þess að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt hið minnsta:

a) upplýsingarnar verða að vera ætlaðar til uppljóstrana og rannsókna eins og um getur í a-lið 2. mgr. 57. gr.,

b) upplýsingar sem fengnar eru skulu háðar skilyrðum um þagnarskyldu svo sem mælt er fyrir um í 52. gr.,

c) séu upplýsingarnar upprunnar í öðru aðildarríki skulu þær ekki afhentar án skýlauss samþykkis lögbærs yfirvalds þaðan sem þær eru upprunnar, og þá einungis til þeirra nota sem sama yfirvald hefur gefið samþykki fyrir.

3. Ef svo ber undir í aðildarríki að yfirvöld eða stofnanir, sem um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr., njóta við uppljóstranir eða rannsóknir sínar aðstoðar einstaklinga, sem hafa verið tilnefndir í þessu skyni vegna sérþekkingar sinnar en starfa ekki á vegum hins opinbera, skulu hugsanleg upplýsingaskipti, sem kveðið er á um í 2. mgr. 57. gr., gilda.

59. gr.

Varfærnisákvæði í landslögum

1. Aðildarríkin skulu leggja fram skýrslu til Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar um varfærnisákvæði í landslögum sem varða svið starfstengdra lífeyriskerfa sem falla ekki undir landsbundna félagsmála- og vinnulöggjöf um skipulag lífeyriskerfa sem um getur í 1. mgr. 11. gr.

2. Aðildarríkin skulu reglulega uppfæra þessar upplýsingar og eigi sjaldnar en á 2 ára fresti og skal Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin gera þessar upplýsingar aðgengilegar á vefsetri sínu.

VI. BÁLKUR

LOKAÁKVÆÐI

60. gr.

Samstarf milli aðildarríkja, framkvæmdastjórnarinnar og Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar

1. Aðildarríkin skulu tryggja með viðeigandi hætti að beiting þessarar tilskipunar sé samræmd með reglulegum skiptum á upplýsingum og reynslu í því skyni að þróa bestu starfsvenjur á þessu sviði og nánara samstarf með þátttöku aðila vinnumarkaðarins, eftir því sem við á, og skulu á þann hátt koma í veg fyrir röskun á samkeppni og skapa aðstæður sem nauðsynlegar eru fyrir snurðulausa félagsaðild yfir landamæri.

2. Framkvæmdastjórnin og lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu hafa nána samvinnu í því skyni að auðvelda eftirlit með rekstri stofnana um starfstengdan lífeyri.

3. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu starfa með Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni, að því er þessa tilskipun varðar, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1094/2010 og skulu án tafar veita Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni allar nauðsynlegar upplýsingar til að hún geti rækt skyldur sínar samkvæmt þessari tilskipun og samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 1094/2010, í samræmi við 35. gr. þeirrar reglugerðar.

4. Hvert aðildarríki skal upplýsa framkvæmdastjórnina og Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunina um öll meiri háttar vandkvæði sem upp kunna að koma við framkvæmd þessarar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin, Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja skulu skoða slík vandkvæði eins fljótt og auðið er til þess að finna viðeigandi lausn.

61. gr.

Vinnsla persónuupplýsinga

Að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga innan ramma þessarar tilskipunar skulu stofnanir um starfstengdan lífeyri og lögbær yfirvöld sinna verkefnum sínum að því er varðar þessa tilskipun í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/679. Að því er varðar vinnslu Evrópsku vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar á persónuupplýsingum innan ramma þessarar tilskipunar skal Evrópska vátrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin fara að reglugerð (EB) nr. 45/2001.

62. gr.

Mat og endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 13. janúar 2023, endurskoða þessa tilskipun og gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um framkvæmd hennar og árangur.

2. Endurskoðunin, sem um getur í 1. mgr., skal einkum taka til athugunar:

a) hvort þessi tilskipun sé fullnægjandi út frá varfærnis- og stjórnunarsjónarmiði,

b) starfsemi sem nær yfir landamæri,

c) reynsluna sem fengist hefur af beitingu þessarar tilskipunar og áhrif hennar á stöðugleika stofnana um starfstengdan lífeyri,

d) greinargerðina um lífeyrisréttindi.

63. gr.

Breyting á tilskipun 2009/138/EB

Tilskipun 2009/138/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 7. liðar 13. gr. kemur eftirfarandi:

„7) „endurtryggingar“: eitt af eftirfarandi:

a) starfsemi sem felst í því að taka á sig áhættu sem vátryggingarfélag, vátryggingarfélag í þriðja landi, endurtryggingarfélag eða endurtryggingarfélag í þriðja landi hefur látið frá sér,

b) ef um er að ræða samtök vátryggjenda sem þekkt eru undir nafninu Lloyd‘s felst starfsemin í því að taka á sig áhættu, sem félagi í Lloyd‘s, vátryggingafélag eða endurtryggingafélag, þó ekki samtök vátryggjenda sem þekkt eru undir nafninu Lloyd‘s, hefur látið frá sér eða

c) trygging endurtryggingafélags fyrir stofnun sem fellur undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 (*),

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 frá 14. desember 2016 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (Stjtíð. ESB L 354, 23.12.2016, bls. 37).“,

2) Eftirfarandi kemur í stað 15. mgr. 308. gr. b:

„15. Ef heimaaðildarríki hafa, við gildistöku þessarar tilskipunar, beitt ákvæðunum sem um getur í 4. gr. tilskipunar (ESB) 2016/2341 geta þessi heimaaðildarríki áfram beitt lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem þau hafa samþykkt í því skyni að fara að 1.–19. gr., 27.–30. gr., 32.–35. gr. og 37.–67. gr. tilskipunar 2002/83/EB í þeirri útgáfu sem var í gildi 31. desember 2015 á umbreytingartímabili sem rennur út 31. desember 2022.

Ef heimaaðildarríki beitir áfram þeim lögum og stjórnsýslufyrirmælum skulu vátryggingafélög í því heimaaðildarríki reikna út gjaldþolskröfu sína sem samtölu af eftirfarandi:

a) ígildis gjaldþolskröfu að því er varðar vátryggingastarfsemi þeirra, reiknað út án tillits til starfstengds lífeyris skv. 4. gr. tilskipunar (ESB) 2016/2341,

b) gjaldþols að því er varðar starfstengdan lífeyri, reiknað út í samræmi við lög og stjórnsýslufyrirmæli sem hafa verið samþykkt til að fara að ákvæðum 28. gr. tilskipunar 2002/83/EB.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2017, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um hvort framlengja eigi tímabilið sem um getur í fyrstu undirgrein, að teknu tilliti til breytinga á lögum Sambandsins og landslögum sem leiða af þessari tilskipun.“

64. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 13. janúar 2019. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Í þeim skal einnig vera yfirlýsing um að líta beri á tilvísanir í gildandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum í tilskipanirnar sem eru felldar niður með þessari tilskipun sem tilvísanir í þessa tilskipun. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun og hvernig setja eigi yfirlýsinguna fram.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

65. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 2003/41/EB, eins og henni var breytt með tilskipununum sem tilgreindar eru í A-hluta I. viðauka er felld úr gildi frá og með 13. janúar 2019, með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi þá fresti til lögleiðingar og gildistökudagsetningar tilskipananna, sem eru tilgreindir í B-hluta I. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina 2003/41/EB sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

66. gr.

Gildistaka.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

67. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 14. desember 2016.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
M. SCHULZ	I. KORČOK
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 65. gr.)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/41/EB (Stjtíð. ESB L 235, 23.9. 2003, bls. 10).	
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB (Stjtíð. ESB L 335, 17.12. 2009, bls. 1).	Eingöngu 303. gr.
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/78/ESB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12. 2010, bls. 120).	Eingöngu 4. gr.
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 174, 1.7. 2011, bls. 1).	Eingöngu 62. gr.
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/14/ESB (Stjtíð. ESB L 145, 31.5. 2013, bls. 1).	Eingöngu 1. gr.

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til að leiða í landslög og til beitingar

(sem um getur í 65. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Dagurinn þegar hún kemur til framkvæmda
2003/41/EB	23.9.2005	23.9.2005
2009/138/EB	31.3.2015	1.1.2016
2010/78/ESB	31.12.2011	31.12.2011
2011/61/ESB	22.7.2013	22.7.2013
2013/14/ESB	21.12.2014	21.12.2014

II. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 2003/41/EB	Þessi tilskipun
1. gr.	1. gr.
2. gr.	2. gr.
3. gr.	3. gr.
4. gr.	4. gr.
5. gr.	5. gr.
a-liður 6. gr.	1. mgr. 6. gr.
b-liður 6. gr.	2. mgr. 6. gr.
c-liður 6. gr.	3. mgr. 6. gr.
d-liður 6. gr.	4. mgr. 6. gr.
e-liður 6. gr.	5. mgr. 6. gr.
f-liður 6. gr.	6. mgr. 6. gr. 7. mgr. 6. gr.
g-liður 6. gr.	8. mgr. 6. gr.
h-liður 6. gr.	9. mgr. 6. gr.
i-liður 6. gr.	10. mgr. 6. gr.
j-liður 6. gr.	11. mgr. 6. gr. 12. til 19. mgr. 6. gr.
7. gr.	7. gr.
8. gr.	8. gr.
a-liður 1. mgr. 9. gr.	9. gr.
c-liður 1. mgr. 9. gr.	a-liður 1. mgr. 10. gr.
e-liður 1. mgr. 9. gr.	b-liður 1. mgr. 10. gr.
2. mgr. 9. gr.	2. mgr. 10. gr.
20. grein og 5. mgr. 9. gr.	11. gr. 12. gr.
1.–5. mgr. 15. gr.	1. til 5. mgr. 13. gr.
6. mgr. 15. gr.	
16. gr.	14. gr.
17. gr.	15. gr.

Tilskipun 2003/41/EB	Þessi tilskipun
1. til 4. mgr. 17. gr. a	1. til 4. mgr. 16. gr.
5. mgr. 17. gr. a	
17. gr. b	17. gr.
17. gr. c	
17. gr. d	18. gr.
18. gr.	19. gr. 20. gr. 21. gr.
b-liður 1. mgr. 9. gr.	1. mgr. 22. gr. 2. til 7. mgr. 22. gr. 23. gr. 24. gr. 25. gr. 26. gr. 27. gr. 28. gr.
10. gr.	29. gr.
12. gr.	30. gr.
4. mgr. 9. gr.	1. mgr. 31. gr. 2. til 7. mgr. 31. gr.
1. mgr. 19. gr.	32. gr.
Önnur undirgrein 2. mgr. 19. gr.	1. mgr. 33. gr. 2. mgr. 33. gr.
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 19. gr.	3. mgr. 33. gr.
3. mgr. 19. gr.	4. mgr. 33. gr. 5. til 8. mgr. 33. gr. 34. gr. 35. gr. 36. gr.
f-liður 1. mgr. 9. gr.	1. mgr. 37. gr.
c-liður 4. mgr. 11. gr.	2. mgr. 37. gr.
b-liður 2. mgr. 11. gr.	3. mgr. 37. gr. 4. mgr. 37. gr. 38. gr. 39. gr. a- til c-liður 1. mgr. 40. gr.

Tilskipun 2003/41/EB	Þessi tilskipun
b-liður 4. mgr. 11. gr.	d-liður 1. mgr. 40. gr. 2. mgr. 40. gr. 41. gr. 42. gr.
5. mgr. 11. gr.	43. gr.
a-liður 2. mgr. 11. gr.	a-liður 44. gr.
3. mgr. 11. gr.	b-liður 44. gr. c-liður 44. gr. 45. gr. 46. gr. 47. gr.
1. mgr. 14. gr.	1. mgr. 48. gr.
Fyrsta undirgrein 2. mgr. 14. gr.	2. mgr. 48. gr. 3. til 5. mgr. 48. gr.
Önnur undirgrein 2. mgr. 14. gr.	6. mgr. 48. gr.
3. til 5. mgr. 14. gr.	7. til 9. mgr. 48. gr. 49. gr.
1. mgr. 13. gr.	50. gr.
2. mgr. 13. gr.	51. gr. 52. gr. 53. gr. 54. gr. 55. gr. 56. gr. 57. gr. 58. gr.
Fyrsta undirgrein 11. mgr. 20. gr.	1. mgr. 59. gr.
Önnur undirgrein 11. mgr. 20. gr.	2. mgr. 59. gr.
þriðja og fjórða undirgrein 11. mgr. 20. gr.	
21. gr.	60. gr. 61. gr. 62. gr. 63. gr.
22. gr.	64. gr. 65. gr. 66. gr. 67. gr.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2021/522 **2022/EES/70/02**

frá 24. mars 2021

um að koma á fót áætlun Sambandsins á sviði heilbrigðismála („EU4Health-heilbrigðisáætlunin“) fyrir tímabilið 2021-2027 og niðurfellingu á reglugerð (ESB) nr. 282/2014 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 5. mgr. 168. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. sáttmálans um Evrópusambandið er eitt af markmiðum Sambandsins að auka velsæld þjóða sinna.

2) Samkvæmt 9. og 168. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 35. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi skal tryggja að heilsa manna njóti öflugrar verndar við mótun og framkvæmd allra stefna og aðgerða Sambandsins.

3) Í 168. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er kveðið á um að Sambandið skuli bæta upp og styðja við heilbrigðisstefnur aðildarríkjanna, hvetja til samstarfs milli aðildarríkjanna og stuðla að samræmingu milli áætlana þeirra, en virða að fullu ábyrgð aðildarríkjanna á því að móta heilbrigðisstefnur sínar og skipuleggja, stjórna og veita heilbrigðisþjónustu og læknishjálp.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 107, 26.3.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 271/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB C 429, 11.12.2020, bls. 251.

([2]) Stjtíð. ESB C 440, 18.12.2020, bls. 131.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 9. mars 2021 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 17. mars 2021.

4) Aðgerðir hafa verið framkvæmdar, einkum samkvæmt fyrri aðgerðaáætlunum Sambandsins á sviði lýðheilsu, nánar tiltekið þeim sem kveðið er á um í ákvörðunum Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1786/2002/EB ([4]) og nr. 1350/2007/EB ([5]) og í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 282/2014 ([6]), til að uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 168. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

5) Hinn 11. mars 2020 lýsti Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) yfir heimsfaraldri vegna uppkomu hinnar nýju kórónaveiru (COVID-19). Þessi heimsfaraldur hefur valdið fordæmalausri heilbrigðiskrísu um allan heim með alvarlegum félagslegum og hagrænum afleiðingum og mannlegum þjáningum, sem bitna sérstaklega á fólki með langvinna sjúkdóma. Að auki hefur starfsfólk á heilbrigðisstofnunum, sem gegnt hefur lykilhlutverki í COVID-19-krísunni, staðið frammi fyrir mikilli heilbrigðisáhættu.

6) Þótt aðildarríkin beri ábyrgð á heilbrigðisstefnum sínum ættu þau að vernda lýðheilsu í anda evrópskrar samstöðu, eins og kallað er eftir í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 13. mars 2020 um samræmd efnahagsleg viðbrögð við uppkomu COVID-19. Reynslan af yfirstandandi COVID-19-krísu hefur sýnt að þörf er á frekari aðgerðum á vettvangi Sambandsins til að styðja við samvinnu og samræmingu meðal aðildarríkjanna. Það samstarf ætti að miða að því að bæta viðbúnað, forvarnir og stjórnun á útbreiðslu alvarlegra sýkinga og sjúkdóma í mönnum yfir landamæri í því skyni að berjast gegn öðrum alvarlegum heilsufarsógnum sem ná yfir landamæri og til að standa vörð um og bæta heilbrigði og velsæld allra í Sambandinu. Viðbúnaður er lykillinn að því að bæta viðnámsþrótt gagnvart ógnum framtíðarinnar. Í þessu tilliti ættu aðildarríkin að hafa möguleika á að framkvæma álagspróf, að eigin frumkvæði, til að bæta viðbúnað og auka viðnámsþrótt.

7) Því er við hæfi að koma á fót nýrri og efldri aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði heilbrigðismála sem nefnist „EU4Health-heilbrigðisáætlunin“ („áætlunin“), fyrir tímabilið 2021–2027. Í samræmi við markmið aðgerða Sambandsins og valdheimildir Sambandsins á sviði lýðheilsu ætti í áætluninni að leggja áherslu á aðgerðir þar sem samstarf og samvinna á vettvangi Sambandsins hafa í för með sér kosti og aukna skilvirkni og aðgerðir sem hafa áhrif á innri markaðinn.

8) Áætlunin ætti að stuðla að því að efla aðgerðir á sviðum þar sem unnt er að sýna fram á virðisauka Sambandsins. Slíkar aðgerðir ættu m.a. að fela það í sér að efla miðlun á bestu starfsvenjum milli aðildarríkjanna, styðja við net fyrir þekkingarmiðlun eða gagnkvæmt nám, taka á heilsufarsógnum sem ná yfir landamæri til þess að draga úr hættu vegna slíkra ógna og milda afleiðingar þeirra, takast á við tiltekin málefni sem snerta innri markaðinn þar sem Sambandið getur náð fram vönduðum lausnum sem ná til alls Sambandsins, og opna þannig þá möguleika sem felast í nýsköpun í heilbrigðismálum, bæta skilvirkni með því að komast hjá tvíverknaði og hámarka nýtingu fjármagns. Áætlunin ætti einnig að styðja aðgerðir til uppbyggingar á getu til að efla stefnumótandi áætlanagerð, aðgang að fjármögnun eftir fleiri en einni fjármögnunarleið og getu til að fjárfesta í og framkvæma aðgerðir áætlunarinnar. Í því sambandi ætti samkvæmt áætluninni að veita aðildarríkjum, eða hópum aðildarríkja, sem mest þurfa á því að halda, sérsniðna aðstoð eftir þörfum hvers lands.

9) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um fjárhagsramma fyrir áætlunina sem á að vera meginviðmiðunarfjárhæðin fyrir Evrópuþingið og ráðið við árlega fjárlagagerð í skilningi 18. liðar samstarfssamningsins frá 16. desember 2020 milli Evrópuþingsins, ráðs Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnarinnar um aga í stjórn fjármála, samstarf við fjárlagagerð og trausta fjármálastjórnun, sem og um nýjar eigin tekjur, þ.m.t. vegvísir að því að fá inn nýjar eigin tekjur ([7]).Þessi fjárhagsrammi er 500 000 000 evrur á verðlagi ársins 2018 í samræmi við sameiginlega yfirlýsingu Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 22. desember 2020 um að styrkja sérætlanir og aðlaga grundvallargerðir ([8]).

([4]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1786/2002/EB frá 23. september 2002 um samþykkt aðgerðaáætlunar Bandalagsins á sviði lýðheilsu (2003-2008) (Stjtíð. EB L 271, 9.10.2002, bls. 1).

([5]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1350/2007/EB frá 23. október 2007 um að koma á fót annarri aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði heilbrigðismála (2008–13) (Stjtíð. ESB L 301, 20.11.2007, bls. 3).

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 282/2014 frá 11. mars 2014 um að koma á fót þriðju aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði heilbrigðismála (2014-2020) og niðurfellingu á ákvörðun nr. 1350/2007/EB (Stjtíð. ESB L 86, 21.3.2014, bls. 1).

([7]) Stjtíð. ESB L 433I, 22.12.2020, bls. 28.

([8]) Stjtíð. ESB C 444I, 22.12.2020, bls. 1.

10) Til að áætlunin sé í jafnvægi og hnitmiðuð skal í þessari reglugerð mæla fyrir um lágmarks- og hámarkshluta af heildarfjárhagsáætlun fyrir tiltekin aðgerðasvið, til að hafa til leiðbeiningar við úthlutun fjármagns í tengslum við framkvæmd áætlunarinnar.

11) Vegna alvarlegs eðlis heilsufarsógna sem ná yfir landamæri ætti áætlunin að styðja við samræmdar lýðheilsuráðstafanir á vettvangi Sambandsins til að takast á við mismunandi hliðar slíkra ógna. Með það fyrir augum að efla getu Sambandsins til að búa sig undir, bregðast við og stjórna hvers konar heilbrigðiskrísum í framtíðinni ætti áætlunin að styðja við aðgerðir sem gripið er til innan ramma kerfa og skipulags, sem komið var á fót samkvæmt ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1082/2013/ESB ([9]) og annarra viðeigandi kerfa og skipulags sem um getur í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 11. nóvember 2020 sem ber yfirskriftina „Uppbygging sambands innan Evrópu á sviði heilbrigðismála: að efla viðnámsþrótt ESB gegn heilsufarsógnum sem ná yfir landamæri“, þ.m.t. aðgerðir sem beinast að því að efla viðbúnaðaráætlanir og viðbragðsgetu á landsvísu og á Sambandsvísu, að styrkja hlutverk Sóttvarnastofnunar Evrópu og Lyfjastofnunar Evrópu og að koma á fót yfirvaldi á sviði viðbúnaðar og viðbragða við neyðarástandi í heilbrigðismálum. Slíkar aðgerðir gætu m.a. falist í uppbyggingu á getu til að bregðast við heilbrigðiskrísum, forvarnarráðstöfunum sem tengjast bólusetningum og ónæmisaðgerðum, efldum eftirlitsáætlunum, miðlun heilbrigðisupplýsinga og vettvangi til að miðla bestu starfsvenjum. Í þessu samhengi ætti áætlunin að hlúa að forvörnum, viðbúnaði og eftirliti með krísum þvert á geira innan alls Sambandsins, og stjórnunargetu og viðbragðsgetu aðila á vettvangi Sambandsins og á vettvangi aðildarríkjanna, þ.m.t. gerð viðbragðsáætlana og viðbúnaðaræfingar, í samræmi við nálganirnar „ein heilsa“ og „heilbrigði í öllum stefnum“. Áætlunin ætti að greiða fyrir því að komið verði á samþættum, þverlægum ramma fyrir upplýsingaskipti vegna áhættu á öllum stigum heilbrigðiskrísu, þ.e. forvarna, viðbúnaðar og viðbragða.

12) Með það fyrir augum að efla getu Sambandsins til að koma í veg fyrir, búa sig undir, bregðast við og stjórna heilbrigðiskrísum ætti áætlunin að styðja við aðgerðir sem gripið er til innan ramma kerfa og skipulags sem komið er á fót samkvæmt viðeigandi löggjöf Sambandsins. Sá stuðningur gæti falið í sér uppbyggingu á getu til að bregðast við heilbrigðiskrísu, þ.m.t. viðbragðsáætlanagerð og viðbúnað, forvarnarráðstafanir á borð við þær sem tengjast bólusetningum og ónæmisaðgerðum, eflingu eftirlitsáætlana og bætta samræmingu og samstarf.

13) Þegar um er að ræða lýðheilsukrísur geta klínískar prófanir og mat á heilbrigðistækni hraðað þróun og greiningu á árangursríkum, læknisfræðilegum viðbúnaðarúrræðum. Því ætti að vera hægt að veita stuðning með áætluninni til að auðvelda aðgerðir á þessum sviðum.

14) Til að vernda fólk í viðkvæmri stöðu, þ.m.t. þá sem þjást af geðsjúkdómum og þá sem búa við eða verða fyrir mestum áhrifum af smitsjúkdómum, sjúkdómum sem eru ekki smitandi og langvinnum sjúkdómum, ætti áætlunin einnig að stuðla að aðgerðum til að taka á og fyrirbyggja hliðaráhrif af völdum heilbrigðiskrísa á fólk sem tilheyrir slíkum viðkvæmum hópum og að aðgerðum sem bæta geðheilbrigði.

15) COVID-19-krísan hefur varpað ljósi á margar áskoranir, þ.m.t. hversu háð Sambandið er þriðju löndum við að tryggja framboð á hráefnum, virkum lyfjafræðilegum innihaldsefnum, lyfjum, lækningatækjum og persónuhlífum sem þörf er á í Sambandinu þegar heilbrigðiskrísur koma upp, einkum þegar heimsfaraldrar geisa. Áætlunin ætti því að styðja við aðgerðir sem hlúa að framleiðslu, innkaupum og stjórnun á krísutengdum vörum innan Sambandsins til að draga úr hættu á skorti en tryggja jafnframt samstillingu við aðrar leiðir Sambandsins.

16) Til að lágmarka afleiðingar alvarlegra heilsufarsógna, sem ná yfir landamæri, á lýðheilsu ættu aðgerðir, sem fá stuðning samkvæmt áætluninni, að geta bætt samvirkni heilbrigðiskerfa aðildarríkjanna með samstarfi og miðlun bestu starfsvenja og einnig með fjölgun sameiginlegra aðgerða. Þessar aðgerðir ættu að tryggja að aðildarríkin geti brugðist við neyðarástandi í heilbrigðismálum, þ.m.t. með því að gera viðbragðsáætlanir, með viðbúnaðaræfingum og viðbótarþjálfun heilbrigðisstarfsfólks og starfsfólks á sviði lýðheilsu, sem og að koma á, í samræmi við landsbundnar áætlanir, fyrirkomulagi fyrir skilvirkt eftirlit með og þarfaskipta dreifingu eða úthlutun nauðsynlegra vara og þjónustu þegar krísuástand kemur upp.

([9]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1082/2013/ESB frá 22. október 2013 um alvarlegar heilsufarsógnir sem ná yfir landamæri og niðurfellingu ákvörðunar nr. 2119/98/EB (Stjtíð. ESB L 293, 5.11.2013, bls. 1).

17) Upplýsingagjöf til einstaklinga gegnir mikilvægu hlutverki í forvörnum og viðbrögðum við sjúkdómum. Áætlunin ætti því að styðja við upplýsingamiðlun sem beint er að almenningi eða sérstökum hópum fólks eða fagfólks til að stuðla að sjúkdómavörnum og heilbrigðu líferni, til að vinna gegn villandi og röngum upplýsingum varðandi forvarnir, orsök og meðferð sjúkdóma, til að taka á tregðu til bólusetninga og til að styðja viðleitni til að efla óeigingjarnt háttalag, s.s. líffæra- og blóðgjafir, með hætti sem kemur til fyllingar landsbundnum átaksverkefnum á þessu sviði.

18) Hægt væri samkvæmt áætluninni að styðja aðgerðir sem stuðla að stafrænni umbreytingu heilbrigðisþjónustu og auka samvirkni slíkrar þjónustu, þ.m.t. þróun evrópsks gagnasvæðis á sviði heilbrigðismála, með samlegðaráhrifum við aðrar áætlanir Sambandsins, t.d. áætlunina um stafræna Evrópu, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um að koma á fót áætlun um stafræna Evrópu og um niðurfellingu á ákvörðun (ESB) 2015/2240, Horizon Europe - rammaáætlunina um rannsóknir og nýsköpun, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um að koma á fót Horizon Europe – rammaáætlun um rannsóknir og nýsköpun, um reglur hennar um þátttöku og miðlun og um niðurfellingu reglugerða (ESB) nr. 1290/2013 og (ESB) nr. 1291/2013 („Horizon Europe“), Byggðaþróunarsjóð Evrópu, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um Byggðaþróunarsjóð Evrópu og um Samheldnisjóðinn, Félagsmálasjóð Evrópu Plús (ESF+), sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um að koma á fót Félagsmálasjóði Evrópu Plús (ESF+), fjárfestingaráætlun Evrópusambandsins, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/523 ([10]), og Endurreisnar- og viðnámssjóðinn sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/241 ([11]).

19) Heilbrigði er fjárfesting og það ætti að vera kjarnahugtak áætlunarinnar. Ef menn eru heilbrigðir og virkir lengur og þeim gert kleift að taka virkan þátt í stjórnun eigin heilsu mun það hafa jákvæð áhrif á heilbrigði þeirra, ójöfnuð í heilbrigðismálum og óréttlæti, aðgengi að kyn- og frjósemisheilbrigði, lífsgæði, heilsuvernd starfsmanna, framleiðni, samkeppnishæfni og þátttöku og minnka jafnframt álag á landsbundin heilbrigðiskerfi og fjárlög aðildarríkjanna. Áætlunin ætti einnig að styðja við aðgerðir til að draga úr ójöfnuði í tengslum við veitingu heilbrigðisþjónustu, einkum í dreifbýli og á afskekktum svæðum, þ.m.t. á ystu svæðum, til að ná fram hagvexti fyrir alla. Framkvæmdastjórnin hefur skuldbundið sig til að aðstoða aðildarríkin við að ná markmiðum um sjálfbæra þróun sem sett eru fram í ályktun Sameinuðu þjóðanna frá 25. september 2015 sem ber yfirskriftina „Umbreyting heimsins: Áætlun um sjálfbæra þróun til ársins 2030“ („Áætlun Sameinuðu þjóðanna til ársins 2030“), einkum heimsmarkmið um sjálfbæra þróun nr. 3 „Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar“. Áætlunin ætti því að stuðla að aðgerðum sem vinna að þessum markmiðum.

20) Sjúkdómar sem ekki eru smitandi eru oft afleiðing samspils erfðafræðilegra, lífeðlisfræðilegra, umhverfislegra og atferlisfræðilegra þátta. Sjúkdómar sem ekki eru smitandi, s.s. hjarta- og æðasjúkdómar, krabbamein, geðsjúkdómar, taugaraskanir, langvinnir öndunarfærasjúkdómar og sykursýki, eru helsta orsök örorku, heilsubrests, starfsloka af heilsufarsástæðum og ótímabærra dauðsfalla í Sambandinu og hafa umtalsverð félagsleg og efnahagsleg áhrif. Til að draga úr áhrifum sjúkdóma sem ekki eru smitandi á einstaklinga og samfélag í Sambandinu og til að ná markmiði áætlunar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030 nr. 3., sérstaklega en þó ekki einvörðungu markmiði nr. 3.4 í því markmiði, þ.e. að draga úr ótímabærum dauðsföllum af völdum sjúkdóma sem ekki eru smitandi um þriðjung eigi síðar en 2030, er mikilvægt að koma á samþættum viðbrögðum sem beinast að heilsueflingu og sjúkdómavörnum þvert á viðkomandi geira.

21) Áætlunin ætti því að styðja heilsueflingu og sjúkdómavarnir og bæta geðheilbrigði allt æviskeið einstaklingsins með því að takast á við heilbrigðisáhættuþætti og áhrifaþætti heilbrigðis, sem einnig myndi stuðla að því að markmið áætlunar Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030 nr. 3 náist. Áætlunin ætti því einnig að stuðla að markmiðunum sem sett eru fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 11. desember 2019 sem ber yfirskriftina „Grænt samkomulag í Evrópu“ (e. European Green Deal).

([10]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2021/523 frá 24. mars 2021 um að koma á fót fjárfestingaráætlun Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerð (ESB) 2015/1017 (Stjtíð. ESB L 107, 26.3.2021, bls. 30).

([11]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/241 frá 12. Febrúar 2021 um að koma á fót Endurreisnar- og viðnámssjóðnum (Stjtíð. ESB L 57, 18.2.2021, bls. 17).

22) Áætlunin ætti áfram að styðja aðgerðir sem miða að því að draga úr og koma í veg fyrir skaða af völdum áfengis, með sérstakri áherslu á vernd ungmenna.

23) Álag vegna langvinnra sjúkdóma er umtalsvert í Sambandinu. Það er almennt viðurkennt að forvarnir og snemmgreining eru mikilvægir þættir í þessu tilliti. Áætlunin ætti að styðja við aðgerðir á þessum sviðum og ætti að styðja þróun sértækra viðmiðunarreglna Sambandsins um forvarnir og sjúkdómavarnir og miða þannig að því að draga úr álagi á aðildarríkin með því að þau vinni saman að betri og skilvirkari meðhöndlun langvinnra sjúkdóma. Lýðfræðilegar breytingar, einkum hækkandi aldur samfélagsins, eru áskorun fyrir sjálfbærni heilbrigðiskerfa. Nauðsynlegt er að gefa aldurstengdum sjúkdómum og röskunum, s.s. vitglöpum, og aldurstengdri örorku sérstakan gaum.

24) Krabbamein er önnur helsta dánarorsök í aðildarríkjunum á eftir hjarta- og æðasjúkdómum. Krabbamein er einnig einn þeirra sjúkdóma sem ekki eru smitandi, sem hafa sameiginlega áhættuþætti, þar sem forvarnir gegn og eftirlit með krabbameini myndi gagnast meirihluta borgara. Léleg næring, hreyfingarleysi, offita, tóbaksnotkun og skaðleg áfengisneysla eru áhættuþættir sem eru sameiginlegir öðrum langvinnum sjúkdómum, s.s. hjarta- og æðasjúkdómum, og því ætti að beita forvarnaráætlunum gegn krabbameinum við samþætta nálgun til að fyrirbyggja langvinna sjúkdóma. Viðeigandi ráðstafanir í „Krabbameinsáætlun Evrópu“ (e. Europe's Beating Cancer Plan), sem settar eru fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 3. febrúar 2021, ættu að hafa hag af áætluninni og af Horizon Europe-verkefninu um krabbamein og stuðla að eflingu samþættrar stefnu sem nær til forvarna, skimunar, snemmgreiningar, eftirlits, meðferðar og umönnunar ásamt því að bæta lífsgæði sjúklinga og þeirra sem lifa af krabbamein.

25) Mögulegt ætti að vera að styðja við rannsóknir vegna áhrifa kyns á eiginleika sjúkdóma til að stuðla að aukinni þekkingu og menntun á því sviði og efla þannig forvarnir, greiningu, eftirlit og meðferð.

26) Áætlunin ætti að vera samverkandi, og þannig að hún komi til fyllingar, öðrum stefnum, áætlunum og sjóðum Sambandsins, s.s. áætluninni um stafræna Evrópu, Horizon Europe, rescEU-varabirgðum Evrópusambandsins innan ramma almannavarnakerfis Sambandsins, sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/420 ([12]) („rescEU-varabirgðirnar“), fjármögnunarleið vegna neyðarstuðnings sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (ESB) 2016/369 ([13]), Félagsmálasjóði Evrópu Plús (ESF+), sem þáttur atvinnumála og félagslegrar nýsköpunar er hluti af, þ.m.t. að því er varðar samlegðaráhrif í tengslum við betri vernd fyrir heilbrigði og öryggi milljóna launamanna í Sambandinu, fjárfestingaráætlun Evrópusambandsins, áætluninni um innri markaðinn, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um að koma á áætlun fyrir innri markaðinn, samkeppnishæfni fyrirtækja, þar með talin lítil og meðalstór fyrirtæki, á sviði plantna, dýra, matvæla og fóðurs og evrópskar hagskýrslur (e. Single Market Programme) og um niðurfellingu á reglugerðum (ESB) nr. 99/2013, (ESB) nr. 1287/2013, (ESB) nr. 254/2014 og (ESB) nr. 652/2014, Byggðaþróunarsjóði Evrópu, Endurreisnar- og viðnámssjóðnum, Erasmus+, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um að koma á fót Erasmus+: áætlun Sambandsins um menntun, þjálfun, æskulýðsmál og íþróttir og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 1288/2013, áætluninni um Evrópsku samstöðusveitina, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um að koma á fót áætlun um Evrópsku samstöðusveitina (e. European Solidarity Corps Programme) og um niðurfellingu á reglugerðum (ESB) 2018/1475 og (ESB) nr. 375/2014,

og ytri aðgerðagerningum Sambandsins, s.s. fjármögnunarleið fyrir nágranna-, þróunar- og alþjóðasamstarf, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um að koma á fót fjármögnunarleið fyrir nágranna-, þróunar- og alþjóðasamstarf — Hin hnattræna Evrópa, um breytingu og niðurfellingu á ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 466/2014/ESB og um niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1601 og reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 480/2009, og fjármögnunarleið við foraðildarstuðning III, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um að koma á fót fjármögnunarleið við foraðildarstuðning (IPA III). Eftir því sem við á ætti að koma á sameiginlegum reglum með það fyrir augum að tryggja að samræmi og samstilling ríki milli stefna, áætlana og sjóða Sambandsins, jafnframt því að tryggja að sérstakir eiginleikar þessara stefna séu virtir, og með það fyrir augum að samræma þær stefnumótandi kröfum sem gerðar eru til þessara stefna, áætlana og sjóða, s.s. stuðningsskilyrðum samkvæmt Byggðaþróunarsjóði Evrópu (ERDF) og Félagsmálasjóði Evrópu Plús (ESF+). Framkvæmdastjórnin og

([12]) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/420 frá 13.mars 2019 um breytingu á ákvörðun nr. 1313/2013/ESB um almannavarnakerfi Sambandsins (Stjtíð. ESB L 77I, 20.3.2019, bls. 1.)

([13]) Reglugerð ráðsins (ESB) 2016/369 frá 15. mars 2016 um að veita neyðarstuðning innan Sambandsins (Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2016, bls. 1).

aðildarríkin ættu að tryggja að tekið sé tilhlýðilegt tillit til slíkra samlegðaráhrifa og samstillingar þegar árlegu vinnuáætlanirnar eru gerðar, eins og kveðið er á um í þessari reglugerð.

27) Framkvæmdastjórnin ætti að hafa samráð við aðildarríkin fyrir milligöngu „stýrihóps EU4Health“, sem komið er á fót með þessari reglugerð, um forgangsmál og stefnumið áætlunarinnar til að tryggja að samræmi og samstilling ríki milli áætlunarinnar og annarra stefna, fjármögnunarleiða og aðgerða Sambandsins, sem og um framkvæmd áætlunarinnar.

28) Áætlunin ætti að stuðla að því að komið verði á fót varabirgðum mikilvægra krísutengdra vara, í samvirkni með rescEU-varabirgðum og komi þeim til fyllingar, með þeim neyðarstuðningi sem komið var á með reglugerð (ESB) 2016/369, með Endurreisnar- og viðnámssjóðnum og öðrum stefnum, áætlunum og sjóðum Sambandsins, sem kemur til viðbótar landsbundnum varabirgðum á vettvangi Sambandsins, ef þörf krefur.

29) Að teknu tilliti til vaxandi eftirspurnar eftir heilbrigðisþjónustu standa heilbrigðiskerfi aðildarríkjanna frammi fyrir áskorunum að því er varðar framboð og viðráðanlegt verð á lyfjum. Til að tryggja betri lýðheilsuvernd og öryggi og valdeflingu sjúklinga í Sambandinu er mikilvægt að sjúklingar og heilbrigðiskerfi hafi aðgang að sjálfbærum, gagnlegum og sanngjörnum hágæðalyfjum á viðráðanlegu verði, þ.m.t. yfir landamæri, og að þeir geti notið góðs af þessum lyfjum til fulls á grundvelli gagnsærra, samræmdra og sjúklingamiðaðra læknisfræðilegra upplýsinga.

30) Að teknu tilliti til vaxandi eftirspurnar eftir heilbrigðisþjónustu ætti áætlunin m.a. að styðja við þróun á kerfi Sambandsins fyrir vöktun, skýrslugjöf og tilkynningar varðandi skort á lyfjum og lækningatækjum til að koma í veg fyrir sundrun innri markaðarins og til að tryggja aukið framboð og viðráðanlegt verð á þessum lyfjum og lækningatækjum en takmarka um leið að hve miklu leyti aðfangakeðjur þeirra velta á þriðju löndum. Áætlunin ætti því að hvetja til framleiðslu á lyfjum og lækningatækjum innan Sambandsins. Áætlunin ætti, einkum til að koma til móts við óuppfylltar læknisfræðilegar þarfir, að stuðla að því að klínísk og raunveruleg gögn verði tiltæk til að hægt sé að þróa virk lyf, veita leyfi fyrir þeim, meta þau og veita aðgang að skilvirkum lyfjum, þ.m.t. samheitalyfjum og samheitalíftæknilyfjum, að lækningatækjum og meðferðum, stuðla að rannsóknum og þróun að því er varðar ný lyf, þar sem sérstakri athygli er beint að sýkingalyfjum og bóluefnum til að takast á við þol gegn sýkingalyfjum og sjúkdómum sem hægt er að koma í veg fyrir með bólusetningum, eftir því sem við á, ætti að hvetja til aukinnar framleiðslu sýkingalyfja, einstaklingsmiðaðrar meðferðar og bólusetninga og stuðla að stafrænni umbreytingu heilbrigðisvara og verkvanga til að vakta og safna upplýsingum um lyf. Áætlunin ætti einnig að efla ákvarðanatöku varðandi lyf með því að veita aðgang að og greiningu á raungögnum um heilbrigðisþjónustu. Áætlunin ætti einnig að aðstoða við að tryggja að rannsóknarniðurstöður séu nýttar sem best og að greiða fyrir upptöku, nýtingu og útbreiðslu nýjunga á sviði heilbrigðismála innan heilbrigðiskerfa og klínískra starfsvenja.

31) Þar sem hagstæð afhending og notkun lyfja, og sérstaklega sýkingalyfja, hefur í för með sér ávinning fyrir einstaklinga og heilbrigðiskerfi ætti áætlunin að stuðla að skynsamlegri og skilvirkri notkun þeirra í samræmi við nálgunina „ein heilsa“, með „Evrópsku aðgerðaáætluninni ein heilsa gegn sýkingalyfjaónæmi“ (e. European One Health Action Plan against Antimicrobial Resistance (AMR)), sem er sett fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 29. júní 2017, og í samræmi við „Skipulega nálgun Evrópusambandsins að lyfjum í umhverfinu“ (e. European Union Strategic Approach to Pharmaceuticals in the Environment), sem er sett fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 11. mars 2019. Áætlunin ætti einnig að stuðla að ráðstöfunum til að efla mat og viðeigandi stjórnun á umhverfisáhættu sem tengist framleiðslu, notkun og förgun lyfja.

32) Heilbrigðislöggjöf Sambandsins hefur tafarlaus áhrif á lýðheilsu, líf fólks, skilvirkni og viðnámsþol heilbrigðiskerfa og á eðlilega starfsemi innri markaðarins. Regluramminn um lækningavörur og tækni, þ.m.t. lyf, lækningatæki og efni úr mönnum, og regluramminn um tóbak, réttindi sjúklinga varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri og alvarlegar heilsufarsógnir sem ná yfir landamæri eru mikilvæg fyrir heilsuvernd í Sambandinu. Áætlunin ætti því að styðja við þróun, framkvæmd og framfylgd heilbrigðislöggjafar Sambandsins og í tengslum við viðeigandi aðila, s.s. Lyfjastofnun

Evrópu og Sóttvarnastofnun Evrópu, að láta í té samanburðarhæf og áreiðanleg gögn af miklum gæðum, þ.m.t. raungögn um heilbrigðisþjónustu, til að styðja við stefnumótun og eftirlit, setja markmið og þróa aðferðir til að mæla árangur.

33) Evrópsk tilvísunarnet, sem komið var á fót samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/24/ESB ([14]), eru sýndarnet veitenda heilbrigðisþjónustu um alla Evrópu. Markmiðið með þeim er að auðvelda umræður um flókna eða sjaldgæfa sjúkdóma og veikindi sem þarfnast mjög sérhæfðrar meðferðar og eindreginnar þekkingar og úrræða. Þar sem evrópsk tilvísunarnet geta bætt aðgengi sjúklinga með sjaldgæfa sjúkdóma að greiningu og hágæðaheilbrigðisþjónustu og getur verið miðstöð fyrir læknisfræðilega þjálfun og rannsóknir og miðlun upplýsinga ætti áætlunin að stuðla að uppbyggingu netsamstarfs í gegnum evrópsk tilvísunarnet og önnur fjölþjóðleg netkerfi.

34) Evrópsk tilvísunarnet og samstarf yfir landamæri um að veita sjúklingum, sem flytjast á milli aðildarríkja, heilbrigðisþjónustu eru dæmi um svið þar sem sýnt hefur verið fram á að samþætt vinna milli aðildarríkja hefur mikinn virðisauka í för með sér og mikla möguleika á að auka skilvirkni heilbrigðiskerfa og þar með bæta lýðheilsu almennt. Samstarf að því er varðar mat á heilbrigðistækni er annað svið sem færir aðildarríkjunum aukinn ávinning. Áætlunin ætti því að styðja starfsemi sem stuðlar að samþættu og varanlegu samræmdu starfi og stuðlar þannig einnig að framkvæmd bestu starfsvenja sem miða að því að dreifa tiltæku fjármagni á íbúa og viðkomandi svæði á sem skilvirkastan hátt þannig að áhrif þess verði sem mest.

35) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 ([15]) („fjárhagsreglugerðin“) gildir um þessa áætlun. Í fjárhagsreglugerðinni er mælt fyrir um reglur um framkvæmd fjárlaga Sambandsins, þ.m.t. reglur um styrki, verðlaun, innkaup, óbeina stjórnun, fjármögnunarleiðir, fjárlagaábyrgðir, fjárhagsaðstoð og endurgreiðslu til utanaðkomandi sérfræðinga.

36) Velja ætti tegundir fjármögnunar og aðferðir við framkvæmd samkvæmt þessari reglugerð á grundvelli getu þeirra til að ná tilteknum markmiðum með viðkomandi aðgerðum og til að skila niðurstöðum, einkum að teknu tilliti til kostnaðar við eftirlit, stjórnsýsluálags og þeirrar áhættu sem búist er við ef ekki er farið að tilskildum ákvæðum. Við valið ætti að taka tillit til notkunar eingreiðslna, fastra styrkfjárhæða og einingarkostnaðar, auk notkunar fjármögnunar sem ekki tengist kostnaðinum eins og gert er ráð fyrir í 1. mgr. 125. gr. fjárhagsreglugerðarinnar. Tæknilegar kröfur og kröfur um reikningsskil aðstoðarþega ættu að vera með þeim hætti að tryggt sé að farið sé að viðeigandi fjárhagsákvæðum en um leið sé stjórnsýslubyrði haldið í lágmarki.

37) Til þess að hámarka virðisauka og áhrif af fjárfestingum sem eru fjármagnaðar að fullu eða að hluta til af fjárlögum Sambandsins ætti einkum að leitast við að ná samlegðaráhrifum milli áætlunarinnar og annarra áætlana Sambandsins, þ.m.t. þeirra sem lúta sameiginlegri stjórnun. Til að hámarka þessi samlegðaráhrif og koma í veg fyrir tvítekningu ætti að kveða á um viðeigandi aðferðir, þ.m.t. uppsafnaða fjármögnun í aðgerð áætlunarinnar og annarrar áætlunar Sambandsins, svo fremi sem slík uppsöfnuð fjármögnun sé ekki hærri en aðstoðarhæfur heildarkostnaður aðgerðarinnar. Í þessu skyni ætti í þessari reglugerð að setja fram viðeigandi reglur, einkum um möguleikann á að gefa upp sama kostnað eða útgjöld hlutfallslega samkvæmt áætluninni og annarri áætlun Sambandsins, til að tryggja að skýrslugjöfin sé ítarleg og gagnsæ.

38) Vegna sérstaks eðlis markmiðanna og aðgerðanna sem falla undir áætlunina eru viðkomandi lögbær yfirvöld aðildarríkjanna, í sumum tilvikum, best til þess fallin að koma aðgerðum í tengslum við áætlunina til framkvæmda. Því ætti að líta á þessi yfirvöld, sem aðildarríkin tilnefna, sem tilgreinda haghafa að því er varðar 195. gr.

([14]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/24/ESB frá 9. mars 2011 um réttindi sjúklinga varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri (Stjtíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 45).

([15]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) 2018/1046 frá 18. júlí 2018 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins, breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1296/2013, (ESB) nr. 1301/2013, (ESB) nr. 1303/2013, (ESB) nr. 1304/2013, (ESB) nr. 1309/2013, (ESB) nr. 1316/2013, (ESB) nr. 223/2014, (ESB) nr. 283/2014, og ákvörðun nr. 541/2014/ESB og niðurfellingu reglugerðar (ESB, KBE) nr. 966/2012 (Stjtíð. ESB L 193, 30.7.2018, bls. 1).

fjárhagsreglugerðarinnar og af þeim sökum ætti að veita styrki til þessara yfirvalda án undangenginnar birtingar á auglýsingum eftir tillögum. Framkvæma ætti fjárfestingar innan ramma áætlunarinnar í nánu samstarfi við aðildarríkin.

39) Samkvæmt 2. mgr. 193. gr. fjárhagsreglugerðarinnar má veita styrk til aðgerðar sem þegar er hafin, að því tilskildu að umsækjandinn geti sýnt fram á að hann þurfi að hefja aðgerðina fyrir undirritun styrksamningsins. Þó er kostnaður, sem stofnað er til fyrir framlagningu styrkumsóknarinnar, ekki aðstoðarhæfur kostnaður nema í tilhlýðilega rökstuddum undantekningartilvikum. Til að komast hjá röskun á stuðningi Sambandsins, sem gæti skaðað hagsmuni Sambandsins, ætti að vera mögulegt að kveða á um aðstoðarhæfi starfsemi og kostnað frá upphafi fjárhagsársins 2021 í fjármögnunarákvörðuninni, í takmarkaðan tíma við upphaf fjárhagsrammans til margra ára fyrir 2021–2027, og aðeins í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, jafnvel þótt þessi starfsemi hafi verið framkvæmd og stofnað hafi verið til þessa kostnaðar áður en styrkumsóknin var lögð fram.

40) Evrópsk tilvísunarnet eru samþykkt af stjórn aðildarríkja evrópsku tilvísunarnetanna í kjölfar málsmeðferðar við samþykki sem sett er fram í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/287/ESB ([16]). Því ætti að líta á evrópsk tilvísunarnet sem tilgreinda haghafa að því er varðar 195. gr. fjárhagsreglugerðarinnar og af þeim sökum ætti að veita styrki til evrópskra tilvísunarneta án undangenginnar birtingar á auglýsingum eftir tillögum. Einnig ætti að veita beina styrki til annarra aðila sem hafa verið tilnefndir í samræmi við reglur Sambandsins, t.d. tilvísunarrannsóknarstofa og tilvísunarmiðstöðva, öndvegissetra og fjölþjóðlegra netkerfa.

41) Í ljósi almennt samþykktra gilda um samstöðu í tengslum við réttmæta og almenna gæðaheilbrigðisþjónustu sem grundvöll stefna Sambandsins á þessu sviði og þeirrar staðreyndar að Sambandið gegnir lykilhlutverki við að hraða framvindu, samræmingu og samstarfi við að fást við alþjóðlegar heilbrigðisáskoranir, eins og sett er fram í niðurstöðum ráðsins frá 10. maí 2010 um hlutverk ESB í heilbrigðismálum á heimsvísu, og eins og sett er fram í heimsmarkmiðum um sjálfbæra þróun í áætlun Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun til ársins 2030, ætti áætlunin að efla stuðning Sambandsins við alþjóðleg framtaksverkefni á sviði heilbrigðismála í því skyni á bæta heilsufar, taka á misrétti í heilbrigðismálum og efla vernd gegn heilbrigðisógnum á heimsvísu.

42) Til að hámarka skilvirkni og árangur aðgerða á vettvangi Sambandsins og á alþjóðavísu ætti að móta samstarf við viðkomandi alþjóðastofnanir, s.s. Sameinuðu þjóðirnar og Alþjóðabankann, ásamt Evrópuráðinu og Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD), við framkvæmd áætlunarinnar. Til að auka áhrifin ætti einnig að leita eftir samlegðaráhrifum með þær innlendu stofnanir í aðildarríkjum sem eru virkar í heilbrigðismálum á heimsvísu. Í samræmi við ákvörðun ráðsins 2013/755/ESB ([17]) ættu aðilar og einingar með staðfestu í löndum og á yfirráðasvæðum handan hafsins að uppfylla skilyrði fyrir fjármögnun samkvæmt áætluninni, með fyrirvara um reglur og markmið áætlunarinnar og hugsanlegar ráðstafanir sem eiga við í aðildarríkinu sem viðkomandi lönd og yfirráðasvæði handan hafsins tengjast.

43) Styðja ætti framkvæmd áætlunarinnar með víðtækri starfsemi til að ná til fólks í því skyni að tryggja að sjónarmið og þarfir borgaralegs samfélags fái viðeigandi rými og að tekið sé tillit til þeirra. Í þessu skyni ætti framkvæmdastjórnin að leita eftir endurgjöf frá viðkomandi hagsmunaaðilum einu sinni á ári um forgangsmál og stefnu áætlunarinnar og þær þarfir sem bregðast á við með aðgerðum hennar, þ.m.t. frá fulltrúum borgaralegs samfélags og samtökum sjúklinga, fræðimanna og samtaka faglærðra heilbrigðisstarfsmanna. Á hverju ári, áður en undirbúningsvinnu fyrir vinnuáætlanirnar lýkur, ætti framkvæmdastjórnin einnig að tilkynna Evrópuþinginu um framvindu slíkrar undirbúningsvinnu og um árangur úr starfi sínu við að ná til hagsmunaaðila.

([16]) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/287/ESB frá 10. mars 2014 um viðmiðanir við að koma á fót og meta evrópsk tilvísunarnet og aðila að þeim og til að greiða fyrir skiptum á upplýsingum um og sérþekkingu á að koma slíkum netum á fót og meta þau (Stjtíð. ESB L 147, 17.5.2014, bls. 79).

([17]) Ákvörðun ráðsins 2013/755/EB frá 25. nóvember 2013 um tengsl landa og yfirráðasvæða handan hafsins við Evrópusambandið („ákvörðunin um tengsl handan hafsins“) (Stjtíð. ESB L 344, 19.12.2013, bls. 1).

44) Þriðju lönd, sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu, geta tekið þátt í áætlunum Sambandsins innan ramma samstarfsins sem komið var á fót samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið ([18]) þar sem kveðið er á um framkvæmd slíkra áætlana á grundvelli ákvörðunar sem er samþykkt samkvæmt þeim samningi. Innleiða ætti sértækt ákvæði með þessari reglugerð þar sem þess er krafist að þriðju lönd sem taka þátt í áætluninni veiti nauðsynleg réttindi og aðgang sem krafist er fyrir ábyrgan aðila sem fer með greiðsluheimildir, Evrópuskrifstofuna um aðgerðir gegn svikum og Endurskoðunarréttinn svo þau geti beitt valdheimildum sínum með heildstæðum hætti.

45) Efla ætti samstarf við þriðju lönd að því er varðar miðlun þekkingar og bestu starfsvenja til að bæta viðbúnaðar- og viðbragðsgetu heilbrigðiskerfa.

46) Í samræmi við fjárhagsreglugerðina, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB/KBE) nr. 883/2013 ([19]), reglugerðir ráðsins (ESB/KBE) nr. 2988/95 ([20]), (ESB/KBE) nr. 2185/96 ([21]) og (ESB) 2017/1939 ([22]) skal verja fjárhagslega hagsmuni Sambandsins með hóflegum ráðstöfunum, þ.m.t. ráðstafanir sem tengjast því að koma í veg fyrir, koma upp um, leiðrétta og rannsaka misfellur, þ.m.t. svik, endurheimta fjármuni sem hafa glatast, verið ranglega greiddir eða notaðir á rangan hátt og, eftir því sem við á, að leggja á stjórnsýsluviðurlög. Einkum hefur Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum, í samræmi við reglugerðir (KBE, EB) nr. 2185/96 og (ESB, KBE) nr. 883/2013, vald til að framkvæma stjórnsýslurannsóknir, þ.m.t. eftirlit og athuganir á vettvangi, til að ganga úr skugga um hvort um svik, spilling eða annað ólöglegt athæfi hafi verið að ræða sem hefur áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins. Embætti saksóknara Evrópusambandsins (EPPO) er veitt vald, í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/1939, til að rannsaka og sækja til saka fyrir refsilagabrot sem hafa áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins, eins og kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1371 ([23]).

47) Í samræmi við fjárhagsreglugerðina á hver aðili eða eining, sem fær fjármagn frá Sambandinu, að hafa fullt samstarf um að vernda fjárhagslega hagsmuni Sambandsins, veita nauðsynleg réttindi og aðgang fyrir framkvæmdastjórnina, Evrópuskrifstofuna um aðgerðir gegn svikum, Endurskoðunarréttinn og, að því er varðar þau aðildarríki sem taka þátt í aukinni samvinnu samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/1939, fyrir embætti saksóknara Evrópusambandsins og tryggja að allir þriðju aðilar, sem koma að stjórnun á fjármagni Sambandsins, veiti jafngild réttindi.

48) Láréttar fjárhagsreglur, sem Evrópuþingið og ráðið samþykktu á grundvelli 322. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, gilda um þessa reglugerð. Mælt er fyrir um þessar reglur í fjárhagsreglugerðinni og þær ákvarða einkum verklagsreglur við gerð og framkvæmd fjárlaga með styrkjum, innkaupum, verðlaunum, óbeinni framkvæmd, fjármögnunarleiðum, fjárlagaábyrgðum, fjárhagsaðstoð og endurgreiðslu til utanaðkomandi sérfræðinga og kveða á um eftirlit með ábyrgð fjármálaaðila. Reglur sem eru samþykktar á grundvelli 322. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins innihalda einnig almennar reglur um skilyrði til að vernda fjárlög Sambandsins.

49) Með hliðsjón af því hve mikilvægt er að takast á við loftslagsbreytingar í samræmi við skuldbindingar Sambandsins um að koma Parísarsamningnum í framkvæmd, sem var samþykktur samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og innan áætlunar SÞ um sjálfbæra þróun til ársins 203, ætti áætlunin að stuðla að því að aðgerðir í loftslagsmálum verði felldar inn í stefnur Sambandsins og að heildarmarkmiði, sem nemur a.m.k. 30% af heildarfjárhæð fjárlaga Sambandsins og útgjöldum fjármögnunarleiðar Evrópusambandsins til endurreisnar, sem komið var á fót með reglugerð ráðsins (ESB) 2020/2094 ([24]), verði náð til að styðja við loftslagsmarkmið. Áætlunin ætti að styðja við

([18]) Stjtíð. ESB L 1, 3.1. 1994, bls. 3.

([19]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 frá 11. september 2013 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 og reglugerð ráðsins (KBE) nr. 1074/1999 (Stjtíð. ESB L 248, 18.9.2013, bls. 1).

([20]) Reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 2988/95 frá 18. desember 1995 um verndun fjárhagslegra hagsmuna Evrópubandalaganna (Stjtíð. EB L 312, 23.12.1995, bls. 1).

([21]) Reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangseftirlit og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum (Stjtíð. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2).

([22]) Reglugerð ráðsins (ESB) 2017/1939 frá 12. október 2017 um framkvæmd aukinnar samvinnu um að koma á fót embætti saksóknara Evrópusambandsins (EPPO) (Stjtíð. ESB L 283, 31.10.2017, bls. 1).

([23]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1371 frá 5. júlí 2017 um baráttuna gegn svikum sem beinast gegn fjárhagslegum hagsmunum Sambandsins með refsilöggjöf (Stjtíð. ESB L 198, 28.7.2017, bls. 29).

([24]) Reglugerð ráðsins (ESB) 2020/2094 frá 14. desember 2020 um að koma á fót fjármögnunarleið Evrópusambandsins til endurreisnar í kjölfar COVID-19-krísunnar (Stjtíð. ESB L 433 I, 22.12.2020, bls. 23).

starfsemi sem myndi virða loftslags- og umhverfisstaðla og forgangsmál Sambandsins og meginreglu Græna samkomulagsins í Evrópu um að valda ekki skaða. Fastsetja ætti viðeigandi aðgerðir meðan verið er að undirbúa áætlunina og koma henni í framkvæmd og endurmeta þær í tengslum við bráðabirgðamat á henni.

50) Samkvæmt 8. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal Sambandið miða að því í allri starfsemi sinni að koma í veg fyrir ójöfnuð og stuðla að jafnrétti karla og kvenna. Taka ætti tillit til jafnréttis kynjanna, réttinda og jafnra tækifæra fyrir alla og samþættingar þessara markmiða og stuðla að því í öllu mati, við undirbúning, framkvæmd og eftirliti með áætluninni.

51) Einnig ætti að vera mögulegt að stefnumarkmið áætlunarinnar náist með fjármögnunarleiðum og fjárlagaábyrgðum innan ramma InvestEU-fjárfestingarsjóðsins sem kveðið er á um í InvestEU-áætluninni. Nota ætti fjárstuðning til að taka á markaðsbrestum og fjárfestingum sem eru minni að umfangi en æskilegt er með hóflegum hætti. Þær aðgerðir, sem eru fjármagnaðar samkvæmt áætluninni, ættu ekki að leiða til tvöföldunar á eða ryðja frá einkafjármögnun eða raska samkeppni á innri markaðnum. Almennt ættu aðgerðir að fela í sér virðisauka fyrir Sambandið.

52) Framkvæmd áætlunarinnar ætti að vera með þeim hætti að virt sé ábyrgð aðildarríkjanna á því að móta eigin stefnur í heilbrigðismálum og skipuleggja og veita heilbrigðisþjónustu og læknishjálp. Tryggja ætti ríka þátttöku aðildarríkjanna í stjórnun og framkvæmd áætlunarinnar.

53) Aðildarríkin geta ekki ein fyllilega náð þeim markmiðum að vernda fólk í Sambandinu gegn slíkum ógnum og auka forvarnir gegn heilbrigðiskrísu og viðbúnað gegn henni, með hliðsjón af eðli og hugsanlegri stærð heilsufarsógna sem ná yfir landamæri. Í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, er einnig hægt að grípa til aðgerða á vettvangi Sambandsins til að styðja viðleitni aðildarríkjanna til að ná fram öflugri lýðheilsuvernd, til að bæta framboð, sjálfbærni, ásættanleika, aðgengileika, öryggi og viðráðanleg verð á lyfjum, lækningatækjum og krísutengdum vörum og þjónustu í Sambandinu, til að styðja við nýsköpun, samþætt og samræmt starf og framkvæmd bestu starfsvenja meðal aðildarríkjanna og til að taka á ójöfnuði og óréttlæti að því er varðar aðgengi að heilbrigðisþjónustu í öllu Sambandinu þannig að það leiði til aukinnar skilvirkni og virðisaukandi áhrifa sem ekki er unnt að ná fram með aðgerðum á landsvísu, ásamt því að virða valdsvið og ábyrgð aðildarríkjanna á þeim sviðum sem falla undir áætluninna. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

54) Í því skyni að gera hugsanlegar breytingar, sem eru nauðsynlegar til að ná markmiðum áætlunarinnar, ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar endurskoðun, breytingu og viðbót við vísana sem settir eru fram í II. viðauka við þessa reglugerð. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ([25]). Einkum fá Evrópuþingið og ráðið, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.

55) Aðildarríkin og þátttökulöndin hafa tilnefnt landsmiðstöðvar til að aðstoða framkvæmdastjórnina við að efla þriðju aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði heilbrigðismála (2014-2020) sem komið var á fót með reglugerð (ESB) nr. 282/2014 og, þar sem við á, við að miðla niðurstöðum hennar og fyrirliggjandi upplýsingum um áhrif hennar í aðildarríkjunum og þátttökulöndunum. Í ljósi mikilvægis slíkrar starfsemi er rétt að styðja slíka starfsemi samkvæmt áætluninni til þess að halda henni áfram.

([25]) Stjtíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

56) Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að samþykkja framkvæmdargerðir sem koma á árlegum starfsáætlunum, í samræmi við viðmiðanirnar sem settar eru fram í þessari reglugerð, samþykkja tilteknar aðstoðarhæfar aðgerðir og koma á reglum um tæknilegt og stjórnunarlegt fyrirkomulag sem nauðsynlegt er við framkvæmd aðgerða áætlunarinnar og um samræmd sniðmát til gagnaöflunar sem nauðsynleg eru til að hafa eftirlit með framkvæmd áætlunarinnar. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ([26]). Beita ætti rannsóknarmálsmeðferðinni við samþykkt þessara framkvæmdargerða, að því gefnu að þær varði áætlun sem hefur veruleg áhrif.

57) Fylgjast ber reglulega og náið með og meta gildi og áhrif áætlunarinnar. Matið ætti að beinast að markmiðum áætlunarinnar og taka tillit til þess að það getur tekið lengri tíma að ná markmiðum áætlunarinnar en sem nemur gildistíma hennar. Í því skyni ætti að semja bráðabirgðamatsskýrslu og matsskýrslu í lok áætlunarinnar til að meta framkvæmd forgangsmála áætlunarinnar.

58) Þar eð þriðju aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði heilbrigðismála (2014-2020) er lokið er reglugerð (ESB) nr. 282/2014 orðin úrelt og fella ætti hana úr gildi.

59) Til að tryggja samfelldan stuðning á sviði heilbrigðismála og gera það kleift að hefja framkvæmd fjárhagsramma til margra ára fyrir 2021–2027 ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst og koma til framkvæmda með afturvirkum hætti frá og með 1. janúar 2021.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Með þessari reglugerð er komið á fót „EU4Health-heilbrigðisáætluninni („áætluninni“) fyrir tímabil fjárhagsrammans til margra ára frá 2021–2027. Tímalengd áætlunarinnar er samræmd tímalengd fjárhagsrammans til margra ára.

Í þessari reglugerð er einnig mælt fyrir um markmið áætlunarinnar, fjárhagsáætlun hennar fyrir tímabilið 2021–2027, fjármögnunarleiðir Sambandsins og reglur um veitingu slíkrar fjármögnunar.

2. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „samstarfsland“: þriðja land sem er aðili að samningi við Sambandið, sem gerir ráð fyrir þátttöku þess í áætluninni i samræmi við 6. gr.,

2) „blandaðar fjármögnunaraðgerðir“: aðgerðir sem fá stuðning á fjárlögum Sambandsins, þ.m.t. innan fyrirkomulags blandaðrar fjármögnunar skv. 6. lið 2. gr. fjárhagsreglugerðarinnar, þar sem stuðningur sem er ekki greiddur til baka og/eða fjármögnunarleiðir á fjárlögum Sambandsins eru sameinaðar stuðningi frá þróunarstofnunum eða öðrum opinberum fjármálastofnunum, og frá fjármálastofnunum á sviði viðskipta og viðskiptafjárfestum, sem er greiddur til baka,

([26]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

3) „heilbrigðiskrísa“: krísa eða alvarlegt atvik sem stafar af ógn af völdum manna, dýra, plantna, matvæla eða af líffræðilegum, efnafræðilegum, umhverfislegum eða óþekktum uppruna, sem varðar lýðheilsu og kallar á skjótar aðgerðir af hálfu yfirvalda,

4) „krísutengdar vörur“: vörur, tól og efni sem eru nauðsynleg í tengslum við heilbrigðiskrísu til að koma í veg fyrir, greina eða veita meðferð við sjúkdómi og afleiðingum hans eða til að vakta og hafa faraldsfræðilegt eftirlit með sjúkdómum og sýkingum, þ.m.t. en takmarkast þó ekki við lyf, s.s. bóluefni og millistig þeirra, virk lyfjafræðileg innihaldsefni og hráefni, sem og lækningatæki, búnaður fyrir sjúkrahús og lækningabúnaður, s.s. loftræstitæki, hlífðarfatnaður og -búnaður, greiningarefni og -tæki, persónuhlífar, sótthreinsiefni og milliefni þeirra og hráefni sem þarf til framleiðslu þeirra,

5) nálgunin „ein heilsa“: nálgun sem gengur þvert á svið og þar sem gengið er út frá að heilbrigði manna tengist heilbrigði dýra og umhverfinu og að aðgerðir gegn heilsufarsógnum verði að hafa hliðsjón af þessum þremur þáttum,

6) „evrópsk tilvísunarnet“: netin sem um getur í 12. gr. tilskipunar 2011/24/ESB,

7) „lögaðili“: einstaklingur eða lögaðili sem komið er á fót og er viðurkenndur sem slíkur að landslögum, lögum Sambandsins eða alþjóðalögum, sem hefur réttarstöðu lögaðila og sem getur, í eigin nafni, neytt réttinda og tekið á sig skuldbindingar, eða aðili sem hefur ekki réttarstöðu lögaðila í samræmi við c-lið 2. mgr. 197. gr. fjárhagsreglugerðarinnar,

8) „þriðja land“: land sem er ekki aðildarríki Evrópusambandsins,

9) „alvarleg heilsufarsógn sem nær yfir landamæri“: lífshættuleg eða á annan hátt alvarleg heilbrigðishætta af líffræðilegum, efnafræðilegum, umhverfislegum eða óþekktum uppruna sem breiðist út, eða veruleg hætta er á að breiðist út, yfir landamæri aðildarríkjanna og þar sem kann að vera þörf á samhæfingu á vettvangi Sambandsins til að tryggja öfluga heilsuvernd manna,

10) „heilbrigði í öllum stefnum“: sú nálgun við mótun, framkvæmd og endurskoðun opinberra stefna, óháð sviði, að taka tillit til áhrifa ákvarðana á heilbrigði og leitast við að ná fram samlegðaráhrifum og forðast að slíkar stefnur hafi skaðleg áhrif á heilbrigði, í því skyni að bæta heilbrigði manna og jafnræði í heilbrigðismálum,

11) „áhrifaþættir heilbrigðis“: ýmsir þættir sem hafa áhrif á heilsu einstaklings, s.s. atferlistengdir, líffræðilegir, félagslegir og hagrænir og umhverfislegir þættir,

12) „neyðarstuðningur“: neyðarviðbrögð, byggð á þörfum, sem koma til fyllingar viðbrögðum aðildarríkjanna sem verða fyrir áhrifum og miða að því að vernda líf, koma í veg fyrir og lina mannlegar þjáningar og viðhalda mannlegri reisn, hvenær sem þörf skapast vegna alvarlegra heilsufarsógna sem ná yfir landamæri.

3. gr.

Almenn markmið

Áætlunin skal fela í sér Sambandsvirðisauka og koma til fyllingar stefnum aðildarríkjanna í þeim tilgangi að bæta heilbrigði manna alls staðar í Sambandinu og tryggja öfluga heilsuvernd manna í öllum stefnum og aðgerðum Sambandsins. Með henni skal stefna að eftirfarandi almennum markmiðum, eftir atvikum í samræmi við nálgunina „ein heilsa“:

a) að bæta og hlúa að heilbrigði í Sambandinu til að draga úr álagi af völdum smitsjúkdóma og sjúkdóma sem eru ekki smitandi, með því að styðja heilsueflingu og sjúkdómavarnir, með því að draga úr ójöfnuði í heilbrigðismálum, með því að efla heilbrigðan lífsstíl og með því að efla aðgang að heilbrigðisþjónustu,

b) að vernda fólk í Sambandinu gegn alvarlegum heilsufarsógnum sem ná yfir landamæri og styrkja viðbragðshæfni heilbrigðiskerfa og samræmingu meðal aðildarríkjanna í því skyni að takast á við alvarlegar heilsufarsógnir sem ná yfir landamæri,

c) að bæta framboð, aðgengi að og viðráðanlegt verð á lyfjum og lækningatækjum og krísutengdum vörum í Sambandinu og styðja við nýsköpun að því er varðar slíkar vörur,

d) að styrkja heilbrigðiskerfi með því að bæta viðnámsþrótt þeirra og auðlindanýtni, einkum með því að:

i. styðja við samþætt og samræmt starf milli aðildarríkjanna,

ii. stuðla að því að bestu starfsvenjum sé fylgt og hvetja til miðlunar gagna,

iii. efla heilbrigðisstarfsmenn,

iv. takast á við afleiðingar lýðfræðilegra áskorana og

v. efla stafræna umbreytingu.

4. gr.

Sértæk markmið

Vinna skal að almennu markmiðunum, sem um getur í 3. gr., með eftirfarandi sértækum markmiðum og tryggja um leið öfluga heilsuvernd manna í öllum stefnum og starfsemi Sambandsins í samræmi við nálgunina „ein heilsa“, eftir atvikum:

a) með samvirkni við aðrar viðeigandi aðgerðir Sambandsins, að styðja við aðgerðir sem taka til sjúkdómavarna, heilsueflingar og taka á áhrifaþáttum heilbrigðis, þ.m.t. með því að draga úr heilsutjóni vegna ólöglegrar fíkniefnanotkunar og fíknar, að styðja við aðgerðir til að draga úr ójöfnuði í heilbrigðismálum, að bæta heilsulæsi, að bæta réttindi sjúklinga, öryggi sjúklinga, gæði umönnunar og heilbrigðisþjónustu yfir landamæri, og að styðja við aðgerðir til að bæta eftirlit, greiningu og meðferð á smitsjúkdómum og sjúkdómum sem eru ekki smitandi, einkum krabbameini og krabbameini í börnum, ásamt því að styðja við aðgerðir til að bæta geðheilbrigði, með sérstakri áherslu á ný umönnunarlíkön og áskoranir sem fylgja langtímaumönnun, til að efla viðnámsþrótt heilbrigðiskerfa í Sambandinu,

b) að efla getu Sambandsins til forvarna, viðbúnaðar og skjótra viðbragða við alvarlegum heilsufarsógnum sem ná yfir landamæri, í samræmi við viðeigandi löggjöf Sambandsins, og bæta stjórnun heilbrigðiskrísa, einkum með því að samræma, láta í té og nýta getu til bráðaheilbrigðisþjónustu, styðja við gagnasöfnun, upplýsingaskipti, eftirlit, samræmingu valfrjálsra álagsprófana fyrir landsbundin heilbrigðiskerfi og þróun gæðastaðla fyrir heilbrigðisþjónustu á landsvísu,

c) að styðja aðgerðir til að auka framboð á, aðgengi að og viðráðanlegt verð á lyfjum, lækningatækjum og krísutengdum vörum, með því að hvetja til sjálfbærrar framleiðslu, aðfangakeðja og nýsköpunar í Sambandinu og styðja um leið við skynsamlega og skilvirka notkun lyfja, einkum sýkingalyfja, og aðgerðir til að styðja við þróun lyfja sem skaða umhverfið síður, sem og umhverfisvæna framleiðslu og förgun lyfja og lækningatækja,

d) með samvirkni við aðrar fjármögnunarleiðir, áætlanir og sjóði Sambandsins, með fyrirvara um valdsvið aðildarríkja og í nánu samstarfi við viðeigandi stofnanir Sambandsins, að styðja aðgerðir sem koma til viðbótar landsbundinni birgðasöfnun á mikilvægum krísutengdum vörum, á vettvangi Sambandsins, ef þörf krefur,

e) með samvirkni við aðrar fjármögnunarleiðir, áætlanir og sjóði Sambandsins, með fyrirvara um valdsvið aðildarríkja og í nánu samstarfi við Sóttvarnastofnun Evrópu, að koma á fót skipulagi og þjálfunarúrræðum fyrir varalið heilbrigðisstarfsfólks og aðstoðarfólks, sem aðildarríkin úthluta sjálfviljug og hægt er að virkja ef heilbrigðiskrísa kemur upp,

f) að efla nýtingu og endurnýtingu heilbrigðisgagna vegna veitingar heilbrigðisþjónustu og rannsókna og nýsköpunar, stuðla að upptöku stafrænna tækja og þjónustu og einnig að stafrænni umbreytingu heilbrigðisþjónustukerfa, m.a. með því að styðja við sköpun evrópsks gagnasvæðis á sviði heilbrigðisgagna,

g) að bæta aðgang að notenda- og árangursmiðaðri gæðaheilbrigðisþjónustu og tengdri umönnunarþjónustu með það að markmiði að ná fram heilbrigðisþjónustu fyrir alla,

h) að styðja þróun, framkvæmd og framfylgd og, ef nauðsyn krefur, endurskoðun á heilbrigðislöggjöf Sambandsins og styðja að látin séu í té gild, áreiðanleg og samanburðarhæf hágæðagögn fyrir gagnreynda ákvarðanatöku og vöktun, og stuðla að notkun mats á áhrifum annarra viðeigandi stefna Sambandsins á heilbrigði,

i) að styðja við samþætt starf meðal aðildarríkjanna, og einkum heilbrigðiskerfa þeirra, þ.m.t. innleiðingu mjög áhrifamikilla forvarnaraðgerða, styðja starf við mat á heilbrigðistækni og efla og byggja upp netsamstarf í gegnum evrópsk tilvísunarkerfi og önnur fjölþjóðleg netkerfi, þ.m.t. í tengslum við aðra sjúkdóma en sjaldgæfa sjúkdóma, auka fjölda sjúklinga sem náð er til og bæta viðbrögð við flóknum smitsjúkdómum og sjúkdómum sem eru ekki smitandi með lágt algengi,

j) að styðja við hnattrænar skuldbindingar og framtaksverkefni á sviði heilbrigðismála með því að efla stuðning Sambandsins við aðgerðir alþjóðastofnana, einkum aðgerðir Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, og með því að ýta undir samvinnu við þriðju lönd.

5. gr.

Fjárhagsáætlun

1. Fjárhagsramminn til að hrinda áætluninni í framkvæmd fyrir tímabilið 2021–2027 skal vera 2 446 000 000 evrur á gangverði.

2. Vegna þeirrar aðlögunar sem er sértæk fyrir áætlunina og kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar ráðsins (ESB, KBE) 2020/2093 ([27]) skal hækka fjárhæðina, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, með viðbótarúthlutun sem nemur 2 900 000 000 evrum á verðlagi ársins 2018, eins og tilgreint er í II. viðauka við þá reglugerð.

3. Fjárhæðirnar, sem um getur í 1. og 2. mgr., má einnig nota til tækni- og stjórnsýsluaðstoðar við framkvæmd áætlunarinnar, s.s. undirbúnings-, eftirlits-, stjórnunar-, úttektar- og matsstarfsemi, þ.m.t. upplýsingatæknikerfi stofnana.

4. Skipting fjárhæðanna sem um getur í 1. og 2. mgr. skal vera í samræmi við eftirfarandi:

a) að lágmarki 20% af fjárhæðunum skulu fara til aðgerða til heilsueflingar og sjúkdómavarna, eins og um getur í a-lið 4. gr.,

b) að hámarki 12,5% af fjárhæðunum skulu fara til innkaupa til viðbótar landsbundinni birgðasöfnun á mikilvægum krísutengdum vörum á vettvangi Sambandsins, eins og um getur í d-lið 4. gr.,

c) að lágmarki 12,5% af fjárhæðunum skulu fara til að styðja við hnattrænar skuldbindingar og framtaksverkefni á sviði heilbrigðismála, eins og um getur í j-lið 4. gr.,

d) að hámarki 8% af fjárhæðunum skulu fara til að mæta stjórnunarkostnaði, eins og um getur í 3. mgr.

5. Fjárveitingar, sem tengjast starfsemi skv. c-lið 1. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar skulu teljast vera markaðar tekjur í skilningi a-liðar 3. mgr. og 5. mgr. 21. gr. fjárhagsreglugerðarinnar.

6. Heimilt er að skipta skuldbindingum samkvæmt fjárhagsáætlun, sem ná yfir meira en eitt fjárhagsár, niður í árlegar greiðslur til fleiri ára.

7. Í takmarkaðan tíma í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, sem tilgreind eru í fjármögnunarákvörðuninni, geta aðgerðir sem njóta stuðnings samkvæmt þessari reglugerð og undirliggjandi kostnaður þeirra talist aðstoðarhæfar frá og með 1. janúar 2021, í samræmi við a-lið annarrar undirgreinar 2. mgr. 193. gr. fjárhagsreglugerðarinnar, jafnvel þótt þessar aðgerðir hafi verið framkvæmdar og til þessa kostnaðar hafi verið stofnað áður en styrkumsóknin var lögð fram.

8. Ef þörf krefur má færa fjárveitingar í fjárhagsáætlunina eftir 31. desember 2027 til að standa straum af kostnaði, sem um getur í 3. mgr., til að hægt sé að greiða fyrir stjórnun aðgerða sem ekki er lokið fyrir 31. desember 2027.

([27]) Reglugerð ráðsins (ESB, KBE) 2020/2093 frá 17. desember 2020 um fjárhagsramma til margra ára fyrir tímabilið 2021–2027 (Stjtíð. ESB L 433I, 22.12.2020, bls. 11).

6. gr.

Þriðju lönd sem eru tengd áætluninni

1. Eftirtöldum þriðju löndum er frjálst að taka þátt í áætluninni:

a) aðilum að Fríverslunarsamtökum Evrópu, sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu, í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið,

b) inngöngulöndum, umsóknarlöndum og mögulegum umsóknarlöndum, í samræmi við almennar meginreglur og almenna skilmála og skilyrði fyrir þátttöku þessara landa í áætlunum Sambandsins, sem eru fastsett í viðkomandi rammasamningum og ákvörðunum samstarfsráða eða sambærilegum samningum og í samræmi við sérstök skilyrði sem mælt er fyrir um í samningum milli Sambandsins og þessara landa,

c) löndum sem falla undir evrópsku nágrannastefnuna, í samræmi við almennar meginreglur og almenna skilmála og skilyrði fyrir þátttöku þessara landa í áætlunum Sambandsins, sem eru fastsett í viðkomandi rammasamningum og ákvörðunum samstarfsráða eða sambærilegum samningum og í samræmi við sérstök skilyrði sem mælt er fyrir um í samningum milli Sambandsins og þessara landa,

d) öðrum þriðju löndum í samræmi við skilyrði sem mælt er fyrir um í sérstökum samningi sem nær yfir þátttöku þriðja landsins í áætlun Sambandsins, að því tilskildu að í samningnum:

   i. sé tryggt viðeigandi jafnvægi að því er varðar framlög og ávinning af þátttöku þriðja landsins í áætlun Sambandsins,

   ii. sé mælt fyrir um skilyrði fyrir þátttöku í áætlun Sambandsins, þ.m.t. útreikningur á fjárframlögum til einstakra áætlana, og stjórnsýslukostnaði við þær,

   iii. sé þriðja landinu ekki falið vald til ákvarðanatöku að því er varðar áætlun Sambandsins,

   iv. séu réttindi Sambandsins tryggð til að tryggja trausta fjármálastjórnun og til að vernda fjárhagslega hagsmuni þess.

2. Framlögin, sem um getur í ii. lið d-liðar 1. mgr., skulu teljast vera markaðar tekjur í samræmi við 5. mgr. 21. gr. fjárhagsreglugerðarinnar.

II. KAFLI

FJÁRMÖGNUN

7. gr.

Framkvæmd og fjármögnunarleiðir Sambandsins

1. Koma skal áætluninni til framkvæmda með beinni stjórnun í samræmi við fjárhagsreglugerðina eða með óbeinni stjórnun með þeim aðilum sem um getur í c-lið 1. mgr. 62. gr. þeirrar reglugerðar.

2. Veita má fjármagn með áætluninni eftir öllum þeim leiðum sem mælt er fyrir um í fjárhagsreglugerðinni, einkum í formi styrkja, verðlauna og innkaupa.

3. Framlög til gagnkvæms tryggingakerfis geta náð yfir áhættu í tengslum við endurheimt fjármuna sem viðtakendur eiga inni og geta talist fullnægjandi ábyrgð samkvæmt fjárhagsreglugerðinni. Framkvæmdastjórnin skal mæla fyrir um sértækar reglur um starfrækslu kerfisins.

4. Ef framkvæmdastjórnin framkvæmir neyðaraðstoð í gegnum frjáls félagasamtök skulu viðmiðanir varðandi fjárhagslega og rekstrarlega getu teljast uppfylltar ef í gildi er rammasamstarfssamningur milli þessara samtaka og framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 1257/96 ([28]).

8. gr.

Styrkir

1. Styrkir samkvæmt áætluninni skulu veittir og þeim stjórnað í samræmi við VIII. bálk fjárhagsreglugerðarinnar.

2. Nota má styrki samhliða fjármögnun frá Fjárfestingarbanka Evrópu, frá landsbundnum stuðningsbönkum eða frá öðrum fjármálastofnunum fyrir þróunaraðstoð eða opinberum fjármálastofnunum, og einnig samhliða fjármögnun frá fjármálastofnunum í einkageiranum og frá fjárfestum í opinbera geiranum eða einkageiranum, þ.m.t. með samstarfsverkefnum opinberra aðila eða opinberra aðila og einkaaðila.

3. Styrkir sem Sambandið greiðir skulu ekki vera hærri en 60% af aðstoðarhæfum kostnaði þegar um er að ræða aðgerð, sem tengist markmiði áætlunarinnar, eða rekstur óopinberrar stofnunar. Þegar um er að ræða óvenjulegt notagildi má framlag Sambandsins vera allt að 80% af aðstoðarhæfum kostnaði. Aðgerðir sem fela í sér skýran Sambandsvirðisauka skulu teljast hafa óvenjulegt notagildi m.a. þegar:

a) a.m.k. 30% af fjárhagsáætlun fyrirhugaðrar aðgerðar er úthlutað til aðildarríkja þar sem vergar þjóðartekjur á íbúa eru lægri en 90% af meðaltali innan Sambandsins eða

b) aðilar frá a.m.k. 14 þátttökuaðildarríkjum taka þátt í aðgerðinni og a.m.k. fjögur þessara aðildarríkja hafa vergar þjóðartekjur á íbúa sem eru lægri en 90% af meðaltali innan Sambandsins.

4. Þegar um er að ræða beina styrki sem um getur í 6. og 7. mgr. 13. gr. geta slíkir styrkir numið allt að 100% af aðstoðarhæfum kostnaði.

9. gr.

Innkaup þegar neyðarástand ríkir í heilbrigðismálum

1. Í tilvikum þar sem uppkoma eða þróun alvarlegrar heilsufarsógnar sem nær yfir landamæri hefur verið tilkynnt skv. 9. gr. ákvörðunar nr. 1082/2013/ESB eða þar sem neyðarástand hefur skapast á sviði lýðheilsu skv. 12. gr. þeirrar ákvörðunar geta innkaup samkvæmt þessari reglugerð verið eftirfarandi:

a) sameiginleg innkaup með aðildarríkjunum, eins og um getur í 2. mgr. 165. gr. fjárhagsreglugerðarinnar, þar sem aðildarríkin geta aflað, leigt eða leigt til langs tíma sameiginlega aðkeypta afkastagetu,

b) innkaup framkvæmdastjórnarinnar fyrir hönd aðildarríkjanna á grundvelli samkomulags milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna,

c) innkaup framkvæmdastjórnarinnar, sem kemur fram sem heildsali, með því að kaupa, geyma og endurselja eða gefa vörur og þjónustu, þ.m.t. leigt, í þágu aðildarríkjanna eða samstarfsstofnana sem framkvæmdastjórnin velur.

2. Ef innkaupaferli skv. b-lið 1. mgr. er notað skal annar hvor eftirtaldra aðila gera eftirfarandi samninga:

a) framkvæmdastjórnin ef veita á eða afhenda aðildarríkjum eða samstarfsstofnunum, sem framkvæmdastjórnin velur, þjónustuna eða vörurnar,

b) þátttökuaðildarríkin ef þau eiga með beinum hætti að afla, leigja eða leigja til langs tíma þá getu sem framkvæmdastjórnin hefur útvegað þeim.

([28]) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1257/96 frá 20. júní 1996 um mannúðaraðstoð (Stjtíð. EB L 163, 2.7.1996, bls. 1).

3. Ef innkaupaferlin sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. eru notuð skal framkvæmdastjórnin fara að fjárhagsreglugerðinni í eigin innkaupum.

10. gr.

Blandaðar fjármögnunaraðgerðir

Blönduðum fjármögnunaraðgerðum samkvæmt áætluninni skal komið til framkvæmda í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/523 og X. bálk fjárhagsreglugerðarinnar.

11. gr.

Uppsöfnuð fjármögnun

1. Aðgerð sem fengið hefur framlag samkvæmt áætluninni má einnig fá framlag úr öðrum áætlunum Sambandsins, þ.m.t. úr sjóðum undir sameiginlegri stjórnun, að því tilskildu að framlögin taki ekki til sama kostnaðar.

2. Reglur um viðkomandi áætlun Sambandsins skulu gilda um samsvarandi framlag til aðgerðarinnar.

3. Samanlögð fjármögnun skal ekki fara yfir heildarfjárhæð aðstoðarhæfs kostnaðar við aðgerðina. Heimilt er að reikna stuðning frá mismunandi áætlunum Sambandsins út á hlutfallsgrundvelli í samræmi við skjölin þar sem skilyrðin fyrir stuðningnum eru fastsett.

III. KAFLI

AÐGERÐIR

12. gr.

Aðstoðarhæfar aðgerðir

Eingöngu aðgerðir sem eru til framkvæmdar markmiðunum sem talin eru upp í 3. og 4. gr., einkum aðgerðirnar sem settar eru fram í I. viðauka, uppfylla skilyrði fyrir fjármögnun.

13. gr.

Aðstoðarhæfir lögaðilar

1. Til að teljast uppfylla skilyrði fyrir fjármögnun skulu lögaðilar, til viðbótar við viðmiðin sem sett eru fram í 197. gr. fjárhagsreglugerðarinnar:

a) vera með staðfestu í einhverju af eftirtöldu:

   i. aðildarríki eða landi handan hafsins eða á yfirráðasvæði sem tengist því,

   ii. þriðja landi sem er tengt áætluninni eða

   iii. þriðja landi sem er tilgreint í árlegu vinnuáætluninni sem komið var á fót í samræmi við 17. gr. („árleg vinnuáætlun“) samkvæmt þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 2. og 3. mgr. eða

b) vera lögaðili sem komið er á fót samkvæmt lögum Sambandsins eða alþjóðastofnun.

2. Í undantekningartilvikum geta lögaðilar með staðfestu í þriðja landi, sem er ekki tengt áætluninni, hafa takist uppfylla skilyrði til að taka þátt í áætluninni ef slík þátttaka er nauðsynleg til að ná markmiðum tiltekinnar aðgerðar. Mat á þeirri nauðsyn skal endurspeglast á viðeigandi hátt í ákvörðun um fjármögnun.

3. Lögaðilar með staðfestu í þriðja landi sem er ekki tengt áætluninni skulu bera kostnað af þátttöku sinni.

4. Einstaklingar skulu ekki teljast aðstoðarhæfir samkvæmt áætluninni.

5. Samkvæmt áætluninni er hægt að veita beina styrki án auglýsingar eftir tillögum til að fjármagna aðgerðir, ef slíkir styrkir eru tilhlýðilega rökstuddir og ef þessar aðgerðir fela í sér Sambandsvirðisauka sem skýrt er kveðið á um í árlegu vinnuáætlununum og eru fjármagnaðar að hluta af lögbærum yfirvöldum sem bera ábyrgð á heilbrigðismálum í aðildarríkjunum eða í þriðju löndum sem tengjast áætluninni, af viðeigandi alþjóðlegum heilbrigðisstofnunum eða opinberum aðilum eða óopinberum aðilum sem starfa í umboði þessara lögbæru yfirvalda, án tillits til þess hvort þessir aðilar starfa hver fyrir sig eða sem tengslanet.

6. Samkvæmt áætluninni skal veita beina styrki án þess að auglýst sé eftir tillögum frá evrópsku tilvísunarnetunum. Einnig er hægt að veita beina styrki til annarra fjölþjóðlegra netkerfa sem sett eru fram í samræmi við lög Sambandsins.

7. Veita má beina styrki samkvæmt áætluninni án auglýsingar eftir tillögum til að fjármagna aðgerðir Alþjóða-heilbrigðismálastofnunarinnar ef fjárstuðningur er nauðsynlegur til að koma til framkvæmdar einu eða fleiri sértækum markmiðum áætlunarinnar, sem hafa Sambandsvirðisauka sem skýrt er kveðið á um í árlegum starfsáætlunum.

8. Heimilt er að veita styrki samkvæmt áætluninni án auglýsingar eftir tillögum til að fjármagna starfsemi óopinberra aðila ef fjárstuðningur er nauðsynlegur til að koma einu eða fleiri af sértækum markmiðum áætlunarinnar, sem fela í sér Sambandsvirð-isauka sem skýrt er kveðið á um í árlegum starfsáætlunum, til framkvæmda, að því tilskildu að þessir aðilar uppfylli allar eftirfarandi viðmiðanir:

a) þeir eru ekki reknir í hagnaðarskyni, eru óháðar hagsmunum að því er varðar atvinnugreinar, viðskipti og verslun, eða öðrum hagsmunum sem rekast á,

b) þeir starfa á sviði lýðheilsu, vinna að a.m.k. einu af sértækum markmiðum áætlunarinnar og gegna skilvirku hlutverki á vettvangi Sambandsins,

c) þeir starfa á vettvangi Sambandsins og í a.m.k. helmingi aðildarríkjanna, með jafna landfræðilega dreifingu innan Sambandsins.

Framkvæmdastjórnin skal, með viðeigandi hætti, endurspegla greiningu á því hvort þessar viðmiðanir séu uppfylltar í ákvörðun um fjármögnun.

14. gr.

Aðstoðarhæfur kostnaður

1. Með fyrirvara um 186. gr. fjárhagsreglugerðarinnar og a-lið annarrar undirgreinar 2. mgr. 193. gr. þeirrar reglugerðar skal kostnaður, sem stofnað er til fyrir framlagningardag styrkumsóknar, teljast aðstoðarhæfur að því er varðar aðgerðir:

a) sem koma til framkvæmda markmiðinu sem um getur í b-lið 3. gr. þessarar reglugerðar eða

b) sem koma til framkvæmda öðrum markmiðum en þeim sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar, í tilhlýðilega rökstuddum undantekningartilvikum, að því tilskildu að þessi kostnaður tengist beint framkvæmd aðgerða og starfsemi sem njóta stuðnings.

2. Kostnaður sem telst aðstoðarhæfur skv. a-lið 1. mgr. og tengist ráðstöfunum sem miða að því að taka á grun um uppkomu sjúkdóms sem gæti hrundið af stað heilbrigðisógn sem nær yfir landamæri skal teljast aðstoðarhæfur frá þeim degi sem framkvæmdastjórninni er tilkynnt um grun um uppkomu sjúkdómsins, að því tilskildu að sjúkdómurinn hafi síðar verið staðfestur eða hann sé til staðar.

3. Í undantekningartilvikum, þegar um er að ræða heilbrigðiskrísu sem stafar af alvarlegri heilsufarsógn sem nær yfir landamæri, eins og skilgreint er í g-lið 3. gr. ákvörðunar nr. 1082/2013/ESB, getur kostnaður sem stofnað er til af aðilum með staðfestu í löndum utan Sambandsins talist aðstoðarhæfur ef sá kostnaður er tilhlýðilega rökstuddur með vísan til ástæðna er varða baráttu gegn útbreiðslu áhættu varðandi heilbrigði manna í Sambandinu.

IV. KAFLI

STJÓRNARHÆTTIR

15. gr.

Framkvæmd sameiginlegrar stefnu

1. Stýrihópi fyrir EU4Health skal komið á fót.

2. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu eiga aðild að stýrihópi fyrir EU4Health. Hvert aðildarríki skal tilnefna einn fulltrúa og einn varamann í stýrihóp fyrir EU4Health. Framkvæmdastjórnin skal sjá um skrifstofuhald fyrir stýrihóp fyrir EU4Health.

3. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við stýrihóp fyrir EU4Health:

a) að því er varðar undirbúningsvinnu framkvæmdastjórnarinnar fyrir árlegu starfsáætlanirnar,

b) á hverju ári, a.m.k. 6 mánuðum áður en drög að árlegri starfsáætlun eru lögð fyrir nefndina, sem um getur í 1. mgr. 23. gr., um forgangsröðun og stefnumið árlegu starfsáætlunarinnar.

4. Stýrihópur fyrir EU4Health skal:

a) vinna að því að tryggja að stefnur aðildarríkjanna í heilbrigðismálum séu í samræmi við og komi til fyllingar hver annarri, og einnig áætluninni og öðrum stefnum, fjármögnunarleiðum og aðgerðum Sambandsins, þ.m.t. þeim sem varða stofnanir Sambandsins,

b) fylgja eftir framkvæmd áætlunarinnar og leggja til nauðsynlegar breytingar sem byggjast á mati,

c) setja sér starfsreglur sem skulu fela í sér ákvæði til að tryggja að hópurinn komi saman a.m.k. þrisvar sinnum á ári, í eigin persónu, eftir því sem við á, og koma þannig á reglubundnum og gagnsæjum skoðanaskiptum milli aðildarríkjanna.

16. gr.

Samráð við hagsmunaaðila og upplýsingar til Evrópuþingsins

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við viðkomandi hagsmunaaðila, þ.m.t. fulltrúa borgaralegs samfélags og samtök sjúklinga, til að leita álits þeirra á:

a) forgangsröðun og stefnumiðum árlegu starfsáætlunarinnar,

b) þörfum sem fjalla þarf um í árlegri starfsáætlun og þann árangur sem næst með henni.

2. Að því er 1. mgr. varðar skal framkvæmdastjórnin skipuleggja samráð og upplýsingar til hagsmunaaðila a.m.k. einu sinni á ári, á næstliðnum sex mánuðum fyrir framlagningu draga að starfsáætlun, til nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 23. gr.

3. Framkvæmdastjórnin getur hvenær sem er leitað álits hjá viðeigandi sjálfstæðum stofnunum og óháðum sérfræðingum á heilbrigðissviði um tæknileg eða vísindaleg málefni sem skipta máli að því er varðar framkvæmd áætlunarinnar.

4. Á hverju ári, fyrir síðasta fund stýrihóps fyrir EU4Health, skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið niðurstöður málsmeðferðar stýrihópsins fyrir EU4Health og samráðs við hagsmunaaðila sem um getur í 1. og 2. mgr.

17. gr.

Framkvæmd áætlunarinnar

1. Framkvæmdastjórnin skal hrinda áætluninni í framkvæmd með því að koma á fót árlegum starfsáætlunum í samræmi við fjárhagsreglugerðina.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, með framkvæmdargerðum:

a) árlegar starfsáætlanir, þar sem einkum skal setja fram:

i. aðgerðirnar sem gripið verður til, þ.m.t. leiðbeinandi úthlutun fjármagns,

ii. heildarfjárhæð sem ætluð er til blandaðra fjármögnunaraðgerða,

iii. aðstoðarhæfar aðgerðir sem falla undir 3. og 4. mgr. 7. gr.,

iv. aðstoðarhæfar aðgerðir lögaðila sem um getur í b-lið 1. mgr. 13. gr.,

v. aðstoðarhæfar aðgerðir lögaðila frá þriðja landi sem ekki tengjast áætluninni en eru skráðir í árlegu starfsáætlunina samkvæmt skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. 13. gr.,

b) ákvarðanir um samþykkt aðgerða sem kosta 20 000 000 evrur eða meira,

c) reglur um:

i. tæknilegar ráðstafanir og stjórnvaldsráðstafanir sem nauðsynlegar eru við framkvæmd aðgerða áætlunarinnar,

ii. samræmd sniðmát til að afla nauðsynlegra gagna til að fylgjast með framkvæmd áætlunarinnar.

3. Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 23. gr.

18. gr.

Gagnavernd

Við stjórnun og framkvæmd áætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin tryggja ásamt aðildarríkjunum að farið verði að öllum viðkomandi lagaákvæðum að því er varðar vernd persónuupplýsinga og, ef við á, að komið verði á fyrirkomulagi sem tryggir leynd og öryggi slíkra gagna.

V. KAFLI

VÖKTUN, MAT OG EFTIRLIT

19. gr.

Vöktun og skýrslugjöf

1. Vísar til að greina frá framvindu áætlunarinnar við að ná almennum og sértækum markmiðum, sem talin eru upp í 3. og 4. gr., eru settir fram í II. viðauka.

2. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 25. gr., til að breyta II. viðauka að því er vísana varðar ef nauðsyn krefur.

3. Tilkynningakerfi fyrir frammistöðu skal tryggja að gögnum til að hafa eftirlit með framkvæmd áætlunarinnar og niðurstöðum sé safnað á skilvirkan og árangursríkan hátt og tímanlega. Í því skyni skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir sem kveða á um hóflegar skýrslugjafarkröfur fyrir viðtakendur fjármuna Sambandsins og, eftir því sem við á, fyrir aðildarríkin.

20. gr.

Mat

1. Framkvæmdastjórnin skal framkvæma mat, sem kveðið er á um í 3. mgr. 34. gr. fjárhagsreglugerðarinnar, með hæfilegum fyrirvara til að hægt sé að taka tillit til þess í ákvarðanatökuferlinu.

2. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram bráðabirgðamat á áætluninni eigi síðar en 31. desember 2024. Bráðabirgðamatið skal vera grundvöllur aðlögunar á framkvæmd áætlunarinnar, eftir því sem við á.

3. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram endanlegt mat við lok áætlunarinnar og eigi síðar en fjórum árum eftir lok tímabilsins sem um getur í 1. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal birta og senda niðurstöðurnar úr bráðabirgðamatinu og endanlega matinu ásamt athugasemdum sínum til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndarinnar og svæðanefndarinnar.

21. gr.

Endurskoðanir

Endurskoðanir er varða notkun framlaga frá Sambandinu, þ.m.t. endurskoðanir sem aðrir aðilar eða einingar en þær sem eru með umboð frá stofnunum eða aðilum Sambandsins annast, skulu lagðar til grundvallar allsherjartryggingu sem um getur í 127. gr. fjárhagsreglugerðarinnar.

22. gr.

Vernd fjárhagslegra hagsmuna Sambandsins

Ef þriðja land tekur þátt í áætluninni með ákvörðun sem er samþykkt samkvæmt alþjóðasamningi eða á grundvelli annars lagagernings skal þriðja landið veita nauðsynleg réttindi og aðgang sem krafist er fyrir ábyrgan aðila sem fer með greiðsluheimildir, Evrópuskrifstofuna um aðgerðir gegn svikum og Endurskoðunarréttinn svo þau geti beitt valdheimildum sínum með heildstæðum hætti. Ef um er að ræða Evrópuskrifstofuna um aðgerðir gegn svikum skulu slík réttindi ná yfir réttindi til að inna af hendi rannsóknir, þ.m.t. vettvangseftirlit og eftirlitsúttektir, sem kveðið er á um í reglugerð (ESB, KBE) nr. 883/2013.

23. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar áætlunarnefndar fyrir EU4Health. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki áliti skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

24. gr.

Samræmi og samstilling við aðrar stefnur, fjármögnunarleiðir og aðgerðir Sambandsins

Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu sjá til þess að það sé almennt samræmi, samvirkni og samstilling milli áætlunarinnar og annarra stefna, fjármögnunarleiða og aðgerða Sambandsins, þ.m.t. þær sem varða sérstofnanir Sambandsins, m.a. í gegnum sameiginlegt starf þeirra innan stýrihópsins fyrir EU4Health.

25. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 2. mgr. 19. gr., á sjö ára tímabili sem hefst 26. mars 2021.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 2. mgr. 19. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 2. mgr. 19. gr. skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

VI. KAFLI

UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

26. gr.

Upplýsingar, miðlun og kynning

1. Viðtakendur fjármögnunar Sambandsins skulu hafa uppruna þessarar fjármögnunar í huga og tryggja sýnileika fjármögnunar Sambandsins, einkum þegar þeir kynna aðgerðir og niðurstöður þeirra, með því að veita samfellda, skilvirka og hlutfallslega markvissa upplýsingamiðlun til ýmissa hópa, þ.m.t. fjölmiðlar og almenningur.

2. Framkvæmdastjórnin skal koma til framkvæmda upplýsinga- og samskiptaaðgerðum sem varða áætlunina, aðgerðir sem gerðar eru samkvæmt áætluninni og niðurstöður sem fást.

3. Það fjármagn sem er úthlutað til áætlunarinnar skal einnig stuðla að upplýsingamiðlun stofnana um pólitísk forgangsatriði Sambandsins, að svo miklu leyti sem þessi forgangsröðun tengist markmiðunum sem um getur í 3. og 4. gr.

27. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (ESB) nr. 282/2014 er felld úr gildi frá og með 1. janúar 2021 með fyrirvara um 28. gr. þessarar reglugerðar.

28. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Þessi reglugerð skal ekki hafa áhrif á framhald eða breytingar á aðgerðum sem hafnar eru samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 282/2014, sem gildir áfram um þessar aðgerðir þar til þeim lýkur.

2. Fjárhagsrammi vegna áætlunarinnar getur einnig náð til útgjalda vegna tækni- og stjórnsýsluaðstoðar sem eru nauðsynleg til að tryggja umskiptin milli ráðstafananna, sem voru samþykktar með reglugerð (ESB) nr. 282/2014, og áætlunarinnar.

29. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. mars 2021.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
D. M. SASSOLI	A.P. ZACARIAS
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR HUGSANLEGAR AÐSTOÐARHÆFAR AÐGERÐIR SEM KVEÐIÐ ER Á UM Í 12. GR.

1. Aðgerðir sem uppfylla markmiðið sem mælt er fyrir um í a-lið 4. gr.

a) stuðningur við að koma á fót og framkvæma áætlanir sem aðstoða aðildarríki og styðja við aðgerðir aðildarríkjanna til að bæta heilsueflingu og sjúkdómavarnir,

b) stuðningur við framkvæmd og frekari þróun kannana, rannsókna, söfnunar á samanburðarhæfum gögnum og tölfræðilegum upplýsingum, þ.m.t. sundurliðuðum gögnum eftir kyni og aldri þar sem við á, aðferðafræði, flokkunar, örhermitækni, forkannana, vísa, þekkingarmiðlunar og við setningu viðmiða,

c) stuðningur við aðgerðir aðildarríkjanna til að koma á heilnæmu og öruggu þéttbýlis-, vinnu- og skólaumhverfi, gera kleift að velja heilbrigt líferni og stuðla að heilnæmu mataræði og reglulegri hreyfingu, að teknu tilliti til þarfa viðkvæmra hópa á öllum æviskeiðum þeirra, með það að markmiði að stuðla að heilbrigði ævilangt,

d) stuðningur við aðildarríkin við að koma á skilvirkum viðbrögðum við smitsjúkdómum og við forvarnir, eftirlit, greiningu og meðferð slíkra sjúkdóma,

e) stuðningur við aðgerðir aðildarríkjanna á sviði heilsueflingar og sjúkdómavarna á öllum æviskeiðum einstaklings og með því að taka á heilbrigðisáhættuþáttum, s.s. offitu, óheilnæmu fæði og hreyfingarleysi,

f) stuðningur við aðgerðir til að bæta geðheilbrigði,

g) stuðningur við aðgerðir sem koma til fyllingar ráðstöfunum aðildarríkjanna til að draga úr heilsutjóni vegna ólöglegrar fíkniefnanotkunar og fíknar, m.a. upplýsingar og forvarnir,

h) stuðningur við framkvæmd stefna og aðgerða til að draga úr ójöfnuði í heilbrigðismálum og óréttlæti í tengslum við heilbrigðisþjónustu,

i) stuðningur við aðgerðir til að auka heilsulæsi,

j) stuðningur við eflingu og framkvæmd tilmæla í evrópska staðlinum gegn krabbameini (e. European Code against Cancer) og stuðningur við endurskoðun á núgildandi útgáfu staðalsins,

k) aðgerðir til að styðja við innleiðingu krabbameinsskráningar í öllum aðildarríkjunum,

l) efling samstarfs milli viðeigandi landsbundinna stofnana þátttökuaðildarríkja með það í huga að styðja við stofnun evrópsks öndvegissýndarnets til að styrkja rannsóknir á öllum tegundum krabbameins, þ.m.t. krabbameins í börnum, og efla söfnun og skipti á klínískum gögnum og yfirfærslu á niðurstöðum úr rannsóknum í daglega umönnun og meðferð krabbameinssjúklinga,

m) stuðningur við aðgerðir til að auka gæði krabbameinsmeðferðar, þ.m.t. að því er varðar forvarnir, skimun, snemmgreiningu, vöktun og meðferð, stuðnings- og líknarmeðferð, með heildstæðri og sjúklingamiðaðri nálgun og stuðningi við að koma á fót gæðatryggingarkerfum fyrir krabbameinsmiðstöðvar eða aðrar miðstöðvar sem meðhöndla krabbameinssjúklinga, þ.m.t. þær sem meðhöndla krabbamein hjá börnum,

n) stuðningur við að koma á fót gæðatryggingarkerfum fyrir krabbameinsmiðstöðvar og miðstöðvar sem meðhöndla krabbameinssjúklinga,

o) stuðningur við kerfi fyrir uppbyggingu á getu þvert á sérhæfingu og símenntun, einkum á sviði krabbameins-meðferðar,

p) aðgerðir sem styðja við lífsgæði þeirra sem lifa af krabbamein og umönnunaraðila, þ.m.t. veiting sálræns stuðnings, verkjameðferð og heilbrigðistengdir þættir faglegrar enduraðlögunar,

q) efling samstarfs um réttindi sjúklinga, öryggi sjúklinga og gæði umönnunar,

r) stuðningur við aðgerðir varðandi faraldsfræðilegt eftirlit og stuðla þannig að mati á þáttum sem hafa áhrif á eða ákvarða heilbrigði fólks,

s) stuðningur, með samlegðaráhrifum við aðrar áætlanir, við aðgerðir til að bæta landfræðilega dreifingu heilbrigðisstarfsmanna og aðgerðir til að komast hjá „læknaþurrð“ (e. medical deserts), með fyrirvara um valdsvið aðildarríkjanna,

t) stuðningur við þróun viðmiðunarreglna til að fyrirbyggja og takast á við smitsjúkdóma og sjúkdóma sem ekki eru smitandi og við þróun tóla og neta til að miðla bestu starfsvenjum á því sviði,

u) stuðningur við aðgerðir aðildarríkjanna til að takast á við áhrifaþætti heilbrigðis, þ.m.t. að draga úr skaða af völdum áfengis og tóbaksnotkun,

v) stuðningur við tól og verkvanga til að safna raunverulegum gögnum um öryggi, skilvirkni og áhrif bóluefna eftir notkun,

w) stuðningur við framtaksverkefni til að bæta bólusetningarhlutföll í aðildarríkjunum,

x) samskiptastarf sem beint er að almenningi og hagsmunaaðilum til að stuðla að aðgerðum Sambandsins á þeim sviðum sem um getur í þessum viðauka,

y) herferðir til vitundarvakningar og samskiptastarf fyrir almenning sem og markhópa sem miðar að því að fyrirbyggja og taka á tregðu til bólusetninga, villandi og röngum upplýsingum að því er varðar forvarnir, orsakir og meðferð sjúkdóma, með þeim hætti sem kemur til fyllingar landsbundnum herferðum og samskiptastarfi um þessi mál,

z) samskiptastarf sem beint er að almenningi um heilbrigðisáhættu og áhrifaþætti heilbrigðis,

za) stuðningur við aðgerðir til að draga úr hættu á sýkingum innan heilbrigðisþjónustu.

2. Aðgerðir sem uppfylla markmiðið sem mælt er fyrir um í b-lið 4. gr.

a) efling mikilvægra innviða í heilbrigðismálum til að takast á við heilbrigðiskrísur, með stuðningi við uppsetningu tóla til að hafa eftirlit með, spá fyrir um, fyrirbyggja og stýra uppkomu sjúkdóma,

b) stuðningur við aðgerðir til að efla forvarnir og viðbúnað vegna heilbrigðiskrísu innan alls Sambandsins og stjórnunar- og viðbragðsgetu aðila á vettvangi Sambandsins og á landsvísu, þ.m.t. valfrjáls álagspróf, gerð viðbragðsáætlana og viðbúnaðaræfingar; stuðningur við þróun gæðastaðla í heilbrigðismálum á landsvísu, kerfi fyrir skilvirka samræmingu á viðbúnaði og viðbrögðum og samræming þessara aðgerða á vettvangi Sambandsins,

c) stuðningur við aðgerðir til að koma á samþættum, þverlægum ramma fyrir upplýsingaskipti vegna áhættu sem ná yfir öll stig heilbrigðiskrísu, þ.e. forvarnir, viðbúnað, viðbrögð og endurheimt,

d) stuðningur við forvarnaraðgerðir til að vernda viðkvæma hópa gegn heilsufarsógnum og aðgerðir til að aðlaga viðbrögð við og stjórnun á heilbrigðiskrísum að þörfum þessara viðkvæmu hópa, s.s. aðgerðir til að tryggja grunnþjónustu fyrir sjúklinga með langvinna eða sjaldgæfa sjúkdóma,

e) stuðningur við aðgerðir til að takast á við heilsufarslegar hliðarafleiðingar heilbrigðiskrísa, einkum afleiðingar fyrir geðheilbrigði, sjúklinga sem þjást af krabbameini, langvinnum sjúkdómum og eru í öðrum viðkvæmum aðstæðum, þ.m.t. fólk sem býr við fíkn, HIV-veiru/alnæmi eða þjáist af lifrarbólgu og berklum,

f) stuðningur, með samlegðaráhrifum við aðrar áætlanir, við þjálfunar- og námsleiðir fyrir viðbótarþjálfun heilbrigðisstarfsfólks og starfsfólks á sviði lýðheilsu og áætlanir um tímabundin skipti á starfsfólki, einkum í því skyni að bæta stafræna færni þeirra,

g) stuðningur við að koma á fót og samræma tilvísunarrannsóknarstofur Sambandsins, tilvísunarmiðstöðvar Sambandsins og öndvegissetur,

h) endurskoðun á fyrirkomulagi viðbúnaðar og viðbragða aðildarríkjanna, t.d. að því er varðar stjórnun í heilbrigðiskrísu, ónæmi gegn sýkingalyfjum og bólusetningu,

i) miðlun til almennings í tengslum við áhættustjórnun og viðbúnað vegna heilbrigðiskrísu,

j) stuðningur við að auka samleitni í frammistöðu landsbundinna kerfa með þróun heilbrigðisvísa, greiningu og miðlun þekkingar og skipulagningu valfrjálsra álagsprófana á landsbundnum heilbrigðiskerfum,

k) stuðningur við rannsóknir, áhættumat og áhættustjórnun hvað varðar tengsl milli dýraheilbrigðis, umhverfislegra þátta og sjúkdóma í mönnum, þ.m.t. þegar heilbrigðiskrísur koma upp.

3. Aðgerðir sem uppfylla markmiðið sem mælt er fyrir um í c-lið 4. gr.

a) stuðningur við aðgerðir til að efla getu rannsóknarstofa og framleiðslu, rannsóknir, þróun og nýtingu á heilbrigðisvörum og sérhæfðum krísutengdum vörum innan Sambandsins,

b) stuðningur við aðgerðir og samvirkandi upplýsingatæknitól til að vakta, koma í veg fyrir, stjórna, tilgreina og tilkynna um skort á lyfjum og lækningatækjum og jafnframt stuðla að því að þau verði á viðráðanlegu verði,

c) stuðningur, með samlegðaráhrifum við aðrar áætlanir, við klínískar prófanir til að hraða þróun, markaðsleyfum og aðgangi að nýjum, öruggum og árangursríkum lyfjum og bóluefnum,

d) stuðningur við aðgerðir sem hvetja til þróunar á nýjum lyfjum og bóluefnum til að mæta vaxandi áskorunum í heilbrigðisþjónustu og þörfum sjúklinga og á vörum sem eru ekki jafn ábatasamar á markaði, s.s. sýkingalyfjum,

e) stuðningur við aðgerðir til að bæta umhverfisvæna framleiðslu og förgun lyfja og lækningatækja og aðgerðir til að styðja við þróun lyfja sem eru minna skaðleg umhverfinu,

f) stuðningur við aðgerðir til að stuðla að skynsamlegri og skilvirkri notkun lyfja, einkum sýkingalyfja,

g) stuðningur við aðgerðir sem miða að því að örva aukna framleiðslu á mikilvægum, virkum lyfjafræðilegum innihaldsefnum og lyfjum í Sambandinu, þ.m.t. með því að auka fjölbreytni í framleiðslu aðfangakeðja á virkum lyfjafræðilegum innihaldsefnum og samheitalyfjum innan Sambandsins, til að draga úr því hversu háð aðildarríkin eru tilteknum þriðju löndum,

h) stuðningur við aðgerðir til að auka framboð á, aðgengi að og viðráðanlegt verð á lyfjum og lækningatækjum,

i) stuðningur við aðgerðir til að hlúa að nýsköpun í tengslum við nýja notkunarmöguleika, nýja samsetningu og sameiningu lyfja sem ekki eru háð einkaleyfi, með samlegðaráhrifum við aðrar áætlanir,

j) aðgerðir til að efla mat á umhverfisáhættu af lyfjum,

k) stuðningur við að koma á og reka kerfi til samræmingar þvert á svið í samræmi við nálgunina „ein heilsa“.

4. Aðgerðir sem uppfylla markmiðið sem mælt er fyrir um í d-lið 4. gr.

a) vöktun upplýsinga um landsbundna starfsemi við birgðasöfnun að því er varðar mikilvægar krísutengdar vörur til að greina hugsanlega þörf á viðbótarbirgðasöfnun á vettvangi Sambandsins,

b) trygging samræmdrar stjórnunar á birgðasöfnun á mikilvægum krísutengdum vörum á vettvangi Sambandsins, með þeim hætti sem kemur til fyllingar öðrum fjármögnunarleiðum, áætlunum og sjóðum Sambandsins og í nánu samstarfi við viðeigandi stofnanir Sambandsins,

c) stuðningur við aðgerðir vegna innkaupa og afhendingar á mikilvægum krísutengdum vörum, sem stuðla að því að þær verði á viðráðanlegu verði, með þeim hætti sem kemur til viðbótar aðgerðum aðildarríkjanna til birgðasöfnunar.

5. Aðgerðir sem uppfylla markmiðið sem mælt er fyrir um í e-lið 4. gr.

Stuðningur við aðgerðir vegna undirbúningsvinnu til að virkja og þjálfa á vettvangi Sambandsins varalið heilbrigðisstarfsfólks og aðstoðarfólks sem hægt er að virkja ef upp kemur heilbrigðiskrísa, í nánu samstarfi við Sóttvarnastofnun Evrópu, með samlegðaráhrifum við aðrar fjármögnunarleiðir Sambandsins og með fullri virðingu fyrir valdheimildum aðildarríkjanna; greiða fyrir miðlun á bestu starfsvenjum milli núverandi landsbundinna varaliða heilbrigðisstarfsfólks og aðstoðarfólks.

6. Aðgerðir sem uppfylla markmiðið sem mælt er fyrir um í f-lið 4. gr.

a) stuðningur við ramma Sambandsins og viðeigandi samvirkandi stafræn tæki til samstarfs milli aðildarríkjanna og samstarfs innan tengslaneta, þ.m.t. þau sem þörf er á fyrir samstarf um mat á heilbrigðistækni,

b) stuðningur við innleiðingu, rekstur og viðhald á þróuðum, öruggum og samvirkandi innviðum fyrir stafræna þjónustu og ferlum til að tryggja gæði gagna vegna skipta á, aðgangs að, notkunar og endurnotkunar gagna; stuðningur við netsamstarf yfir landamæri, þ.m.t. með notkun og samvirkni rafrænna heilsufarsskráa, skráa og annarra gagnagrunna; þróun viðeigandi eftirlits- og stjórnunarkerfa og samvirkandi heilbrigðisupplýsingakerfa,

c) stuðningur við stafræna umbreytingu heilbrigðisþjónustu- og heilbrigðiskerfa, þ.m.t. með setningu viðmiðana og uppbyggingu á getu, vegna upptöku nýsköpunartóla og -tækni á borð við gervigreind og stuðningur við aukna þjálfun faglærðs heilbrigðisstarfsfólks í stafrænni færni,

d) stuðningur við hagkvæmustu notkun fjarlækninga og fjarheilbrigðisþjónustu, þ.m.t. með fjarskiptum um gervihnött á afskekktum svæðum, því að hlúa að stafrænt knúinni nýsköpun á sviði skipulags í heilbrigðisstofnunum og efling stafrænna tækja til að styðja við valdeflingu borgara og sjúklingsmiðaða meðferð,

e) stuðningur við þróun, rekstur og viðhald gagnagrunna og stafrænna tækja og samvirkni þeirra, þ.m.t. verkefni sem þegar hefur verið komið á fót, eftir því sem við á, við aðra skynjunartækni á borð við geimtækni og gervigreind,

f) stuðningur við aðgerðir til að styrkja aðgang borgara að og stjórn á heilbrigðisgögnum sínum,

g) stuðningur við innleiðingu og samvirkni stafrænna tækja og innviða innan og milli aðildarríkjanna og við megin-stofnanir, fagstofnanir og stofnanir Sambandsins,

h) stuðningur við undirbúningsstarf og verkefni fyrir evrópska gagnasvæðið á sviði heilbrigðisgagna,

i) aðgerðir til að styðja við rafræna heilbrigðisþjónustu, s.s. umskiptin yfir í fjarlækningar og lyfjagjöf heima,

j) stuðningur við að koma á fót samvirkandi, rafrænum heilsufarsskrám, í samræmi við evrópska sniðið fyrir skipti á rafrænum heilsufarsskrám, til að auka notkun rafrænnar heilbrigðisþjónustu og bæta sjálfbærni og viðnámsþrótt heilbrigðiskerfa.

7. Aðgerðir sem uppfylla markmiðið sem mælt er fyrir um í g-lið 4. gr.

a) aðgerðir sem stuðla að aðgangi að heilbrigðisþjónustu ásamt tengdri aðstöðu og umönnun fyrir fatlað fólk,

b) stuðningur við að efla heilsugæslu og styrkja samþættingu umönnunar, með það í huga að veita heilbrigðisþjónustu fyrir alla og jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu af góðum gæðum,

c) stuðningur við aðgerðir aðildarríkjanna til að stuðla að aðgangi að kyn- og frjósemisheilbrigðisþjónustu og stuðningur við samþættar og þverfaglegar aðferðir við forvarnir, greiningu, meðferð og umönnun.

8. Aðgerðir sem uppfylla markmiðið sem mælt er fyrir um í h-lið 4. gr.

a) stuðningur við að koma á fót og reka innviði fyrir eftirgrennslan og þekkingu á sviði heilbrigðismála,

b) stuðningur við framkvæmd, framfylgd og vöktun heilbrigðislöggjafar og -aðgerða Sambandsins og veiting tæknilegs stuðnings við framkvæmd lagakrafna,

c) stuðningur við rannsóknir og greiningu, mat á áhrifum annarra stefnumótandi aðgerða Sambandsins á heilbrigði og veiting vísindalegrar ráðgjafar til að styðja við gagnreynda stefnumótun,

d) stuðningur við sérfræðinga- og umræðuhópa sem veita ráðgjöf, gögn og upplýsingar til að styðja við mótun og framkvæmd heilbrigðisstefna, þ.m.t. eftirfylgnimat á framkvæmd heilbrigðisstefna,

e) stuðningur við landsbundna tengiliði og miðstöðvar við að veita leiðbeiningar, upplýsingar og aðstoð í tengslum við eflingu og framkvæmd heilbrigðislöggjafar Sambandsins og áætlunarinnar,

f) endurskoðunar- og matsstörf í samræmi við löggjöf Sambandsins, eftir því sem við á,

g) stuðningur við framkvæmd og frekari þróun stefnu og löggjafar Sambandsins um tóbaksvarnir,

h) stuðningur við landsbundin kerfi að því er varðar framkvæmd löggjafar um efni úr mönnum og að því er varðar eflingu sjálfbærs og öruggs framboðs slíkra efna með netsamstarfi,

i) stuðningur við aðildarríkin til að efla stjórnsýslugetu heilbrigðiskerfa þeirra með samstarfi og miðlun bestu starfsvenja,

j) stuðningur við aðgerðir til yfirfærslu á þekkingu og samstarf á vettvangi Sambandsins til að aðstoða við landsbundið endurbótastarf í átt að bættri skilvirkni, aðgengi, sjálfbærni og viðnámsþrótti heilbrigðiskerfa og tengja um leið við aðgengilega fjármögnun Sambandsins,

k) stuðningur við uppbyggingu á getu til að fjárfesta í og framkvæma umbætur á heilbrigðiskerfinu, þ.m.t. stefnumótandi áætlanagerð og aðgang að fjármögnun frá mismunandi stöðum.

9. Aðgerðir sem uppfylla markmiðið sem mælt er fyrir um í i-lið 4. gr.

a) stuðningur við yfirfærslu, aðlögun og útbreiðslu bestu starfsvenja og nýsköpunarlausna með staðfestum virðisauka á vettvangi Sambandsins milli aðildarríkjanna og einkum að veita aðildarríkjum, eða hópum aðildarríkja, sem mest þurfa á því að halda, sérsniðna aðstoð eftir þörfum hvers lands, með fjármögnun sérstakra verkefna, þ.m.t. tengslaneta, sérfræðiráðgjafar og jafningjastuðnings,

b) stuðningur við samstarf og samvinnu yfir landamæri, þ.m.t. á landamærasvæðum, með yfirfærslu og uppskölun nýsköpunarlausna í huga,

c) efling samstarfs og samræmingar þvert á geira,

d) stuðningur við starfsemi evrópskra tilvísunarneta og það að koma á fót og reka ný fjölþjóðleg netkerfi eins og kveðið er á um í heilbrigðislöggjöf Sambandsins og stuðningur við aðgerðir aðildarríkjanna til að samræma starfsemi slíkra netkerfa og rekstur landsbundinna heilbrigðiskerfa,

e) frekari stuðningur við innleiðingu evrópskra tilvísunarneta í aðildarríkjunum og stuðla að eflingu þeirra, m.a. með símati, vöktun, mati og umbótum,

f) stuðningur við myndun nýrra evrópskra tilvísunarneta til að ná yfir sjaldgæfa sjúkdóma, flókna sjúkdóma og sjúkdóma með lágt algengi, eftir því sem við á, og stuðningur við samstarf milli evrópskra tilvísunarneta til að takast á við þær fjölkerfaþarfir sem stafa af sjúkdómum með lágt algengi og sjaldgæfum sjúkdómum og til að greiða fyrir þverlægu netsamstarfi (e. *diagonal networking*) milli mismunandi sérsviða og fræðigreina,

g) stuðningur við aðildarríkin til að bæta, þróa frekar og innleiða skráningar evrópskra tilvísunarneta,

h) samráð við hagsmunaaðila.

10. Aðgerðir sem uppfylla markmiðið sem mælt er fyrir um í j-lið 4. gr.

a) stuðningur við aðgerðir sem stuðla að markmiðum áætlunarinnar sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur lagt fram sem leiðandi yfirvald sem annast samræmingu í heilbrigðismálum innan Sameinuðu þjóðanna,

b) stuðningur við samstarf milli meginstofnana Sambandsins, fagstofnana Sambandsins og alþjóðastofnana og -neta og stuðningur við framlag Sambandsins til hnattrænna framtaksverkefna,

c) stuðningur við samstarf við þriðju lönd að því er varðar þau svið sem falla undir áætlunina,

d) stuðningur við aðgerðir til að ýta undir alþjóðlega samleitni í reglusetningu um lyf og lækningatæki.

II. VIÐAUKI

VÍSAR FYRIR MAT Á ÁÆTLUNINNI

Vísar fyrir áætlunina:

1. Gerð viðbúnaðar- og viðbragðsáætlana Sambandsins og aðildarríkja vegna alvarlegrar heilsufarsógnar sem nær yfir landamæri.
2. Aðgangur að lyfjum með miðlægt markaðsleyfi, t.d. fjöldi fyrirliggjandi og nýrra leyfa fyrir lyfjum við fátíðum sjúkdómum, hátæknimeðferðarlyfjum, lyfjum fyrir börn eða bóluefnum, vegna óuppfylltra þarfa.
3. Fjöldi aðgerða sem stuðla að því að draga úr dánartíðni sem hægt er að komast hjá á sviði sjúkdóma sem ekki eru smitandi og áhættuþátta.
4. Fjöldi aðildarríkja sem innleiða bestu starfsvenjur að því er varðar heilsueflingu, sjúkdómavarnir og taka á ójöfnuði í heilbrigðismálum.
5. Fjöldi aðildarríkja sem taka þátt í evrópska gagnasvæðinu á sviði heilbrigðisgagna.
6. Fjöldi aðildarríkja með bætta gerð viðbúnaðar- og viðbragðsáætlana.
7. Umfang bólusetninga eftir aldri vegna sjúkdóma sem hægt er að koma í veg fyrir með bólusetningu, eins og mislinga, flensu, HPV og COVID-19.
8. Stuðull fyrir afkastagetu rannsóknarstofa ESB (EULabCap).
9. Aldursstaðlað fimm ára hreint lifunarhlutfall fyrir krabbamein í börnum eftir tegund krabbameins, aldri, kyni og aðildarríki (að því marki sem unnt er).
10. Umfang skimana í skimunaráætlunum vegna brjósta-, legháls- og ristil- og endaþarmskrabbameins, eftir tegund, markhópi og aðildarríki.
11. Hundraðshluti íbúa sem fellur undir krabbameinsskráningu og fjöldi aðildarríkja sem tilkynna upplýsingar um stig legháls-, brjósta-, ristil- og endaþarmskrabbameins og krabbameins í börnum við greiningu.
12. Fjöldi aðgerða sem taka til algengis helstu langvinnu sjúkdómanna í hverju aðildarríki eftir sjúkdómi, kyni og aldri.
13. Fjöldi aðgerða sem taka til aldurstengds algengis tóbaksnotkunar, sundurliðað eftir kyni ef unnt er.
14. Fjöldi aðgerða sem taka til algengis skaðlegrar áfengisneyslu, sundurliðað eftir kyni og aldri ef unnt er.
15. Fjöldi tilvika um skort á lyfjum í aðildarríkjunum eins og tilkynnt er um í gegnum sameiginlega tengiliðanetið.
16. Fjöldi aðgerða sem miða að því að auka öryggi og samfellu í hnattrænum aðfangakeðjum og taka á hæði gagnvart innflutningi frá þriðju löndum vegna framleiðslu á mikilvægum, virkum lyfjafræðilegum innihaldsefnum og lyfjum í Sambandinu.
17. Fjöldi úttekta sem gerðar eru í Sambandinu og í þriðju löndum til að tryggja góða framleiðsluhætti og góðar, klínískar starfsvenjur (eftirlit Sambandsins)
18. Notkun sýkingalyfja til altækrar notkunar (ATC-flokkur J01) í hverju aðildarríki.
19. Fjöldi heilbrigðisþjónustueininga sem taka þátt í evrópskum tilvísunarnetum og fjöldi sjúklinga sem hafa verið greindir og meðhöndlaðir af meðlimum í evrópskum tilvísunarnetum.
20. Fjöldi skýrslna um mat á heilbrigðistækni sem gerðar eru í sameiningu.
21. Fjöldi mata á áhrifum stefna Sambandsins á heilbrigði.
22. Fjöldi aðgerða sem taka til baráttunnar gegn smitsjúkdómum.
23. Fjöldi aðgerða sem taka til umhverfisáhættuþátta fyrir heilbrigði.

_____

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/424 2022/EES/70/03

frá 17. desember 2019

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 575/2013 að því er varðar óhefðbundna staðalaðferð vegna markaðsáhættu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ([1]), einkum 461. gr. a,

1) Árið 2019 gaf Baselnefndin um bankaeftirlit út endurskoðaðar „Lágmarks eiginfjárkröfur vegna markaðsáhættu“ til að bregðast við veikleikum í varfærnismeðferð á veltubókum banka ([2]).

2) Nú vantar í óhefðbundnu staðalaðferðina sem mælt er fyrir um í 1. kafla a í IV. bálki þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 tækniforskriftir til að hún virki að fullu. Þær forskriftir ættu að vera í samræmi við kröfur Baselnefndarinnar um bankaeftirlit um lágmarks eiginfjárkröfur vegna markaðsáhættu.

3) Kröfur Baselnefndarinnar um bankaeftirlit um lágmarks eiginfjárkröfur vegna markaðsáhættu tilgreina hvernig reikna eigi út kröfur um eiginfjárgrunn vegna kúrfuáhættu af gerningum með valréttum. Í útreikningunum felast nokkur skref, þ.m.t. hvernig reikna eigi áföll sem fylgja áhættuþáttum og leggja saman kúrfuáhættu þvert á áhættuþætti. Að því er varðar gjaldmiðlaáhættuþætti þarf að aðlaga útreikningana til að koma í veg fyrir að kúrfuáhætta sé tvítalin. Án slíkrar aðlögunar getur slík tvítalning átt sér stað vegna þess að í kröfum Baselnefndarinnar um bankaeftirlit um lágmarks eiginfjárkröfur vegna markaðsáhættu eru gjaldmiðlaáhættuþættir tilgreindir í uppgjörsgjaldmiðli stofnunar.

4) Gerningar án valréttar ættu aðeins að falla undir kröfur um eiginfjárgrunn að því er varðar deltaáhættu fyrir ósérhæfð afbrigði undirliggjandi þátta gerningsins, en ekki fyrir kúrfuáhættu. Í kröfum Baselnefndarinnar um bankaeftirlit um lágmarks eiginfjárkröfur vegna markaðsáhættu er stofnunum hins vegar gefinn kostur á að fella alla gerninga, þ.m.t. þá sem eru án valréttar, undir kröfur um eiginfjárgrunn vegna kúrfuáhættu. Þessi valmöguleiki getur verið gagnlegur fyrir stofnanir sem stýra og verja stöður, með og án valréttar, saman. Hins vegar, til að koma í veg fyrir að sá möguleiki sé nýttur aðallega til þess að lækka kröfur um eiginfjárgrunn ætti stofnun sem óskar eftir því að nýta sér þennan möguleika að þurfa að tilkynna lögbæru yfirvaldi þá fyrirætlan sína, sem ætti að geta hafnað því að möguleikinn sé nýttur. Það sama ætti að gilda ef stofnun vill hætta að nýta möguleikann.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 84, 11.3.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 301/2021 frá 29. október 2021 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

([2]) Baselnefndin um bankaeftirlit, Lágmarks eiginfjárkröfur vegna markaðsáhættu. Útgáfan er aðgengileg á vefsetri Alþjóðagreiðslubankans (www.bis.org).

5) Í tengslum við meðferð staðna í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu er gegnsæisaðferðin nákvæmasta aðferðin til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn fyrir stöður í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu vegna þess að sú aðferð byggist á raunverulegri samsetningu sjóða um sameiginlega fjárfestingu í stað áætlaðrar samsetningar. Hins vegar er ekki hægt að beita gegnsæisaðferðinni nema að uppfylltum vissum ströngum skilyrðum. Stofnunum ætti því að vera leyft að nota aðrar aðferðir að því tilskildu að þær séu meðvitaðar um innihald umboðs sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu og geti aflað sér daglegra verðtilboða. Við slíkar aðstæður geta stofnanir sett upp tilbúið eignasafn til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu fyrir stöðu í sjóðum um sameiginlegar fjárfestingar. Þessum stofnunum ættu einnig að gefast kostur á að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna aðlögunar á útlánavirði fyrir afleiðustöður innan sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu með einfaldaðri aðferð þegar ekki liggja fyrir nægar upplýsingar til að reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna aðlögunar útlánavirðis með fyrirliggjandi aðferðum. Samræma ætti þann möguleika við einfölduðu aðferðina sem hægt er að nota fyrir afleiðustöður sem felast í sjóðum um sameiginlegar fjárfestingar í fjárfestingarbók. Vegna fjölda þeirra forsendna sem stofnanir þurfa að gefa sér til að geta beitt þeirri aðferð ætti beiting hennar að vera háð samþykki lögbærs yfirvalds fyrir hvern sjóð um sameiginlega fjárfestingu fyrir sig.

6) Að auki ættu stofnanir að hafa þann möguleika að fara með stöðu í sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem fylgir vísitölu með beinni stöðu í þeirri vísitölu að því er varðar útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu. Sú aðferð ætti að vera heimil þegar munurinn á árlegri ávöxtun sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu og vísitölunnar sem hann fylgir helst undir 1% á 12 mánaða tímabili. Þegar minna en 12 mánuðir af gögnum eru til staðar ætti stofnun að afla sér heimildar frá lögbæru yfirvaldi sínu til að beita aðferðinni.

7) Í öllum öðrum tilvikum ættu stöður í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu að vera færðar í fjárfestingarbók og meðhöndlaðar til samræmis við það við útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn fyrir þær stöður.

8) Í kröfum Baselnefndarinnar um bankaeftirlit um lágmarks eiginfjárkröfur vegna markaðsáhættu er gerð tillaga um „grunngjaldmiðilsaðferð“ sem við-bótaraðferð til að ákvarða kröfur um eiginfjárgrunn vegna delta- og kúrfuáhættu gjaldmiðlaáhættuþátta. Í samræmi við þá aðferð ættu stofnanir þegar þær reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu að geta valið annan gjaldmiðil en uppgjörsgjaldmiðil þeirra til að sýna gjaldmiðlaáhættuþættina. Heimila ætti þá aðferð þegar stofnun uppfyllir tiltekinn fjölda skilyrða sem tengjast meðferð stofnunarinnar á gjaldmiðlaáhættu og ætti að vera háð samþykki eftirlitsyfirvalda.

9) Í kröfum Baselnefndarinnar um bankaeftirlit um lágmarks eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu eru tilgreindar áhættuvogir sem gilda um næmi áhættuþátta áhættulausra vexta, með tilliti til verðbólgu og grunnáhættuþátta milli gjaldmiðla, vaxtaálagsáhættuþátta fyrir gerninga sem ekki eru verðbréfaðir í undirflokki 11 í töflu nr. 4 í 325. gr. ah í reglugerð (ESB) nr. 575/2013, fyrir áhættuþætti sértryggðra skuldabréfa sem lánastofnanir gefa út í þriðju löndum, fyrir vaxtaálagsáhættuþætti fyrir verðbréfanir innan óhefðbundna fylgniviðskiptasafnsins, fyrir vaxtaálagsáhættuþætti utan óhefðbundna fylgniviðskiptasafnsins, fyrir hlutabréfaáhættuþætti og hrávöruáhættuþætti. Þær áhættuvogir sem gilda um næmi fyrir þessum áhættuþáttum í óhefðbundnu staðalaðferðinni ætti að aðlaga að lágmarksfjármagnskröfum Baselnefndarinnar um bankaeftirlit vegna markaðsáhættu.

10) Í kröfum Baselnefndarinnar um bankaeftirlit um lágmarks eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu er tilgreind fylgni innan undirflokka fyrir áhættuþætti fyrir sértryggð skuldabréf sem lánastofnanir gefa út í þriðju löndum, fylgni innan undirflokka fyrir hlutabréfaáhættu og fylgni þvert á undirflokka fyrir hlutabréfaáhættu. Fylgnin sem gildir í óhefð-bundnu staðalaðferðinni ætti að vera aðlöguð að kröfum Baselnefndarinnar um lágmarks eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu.

11) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 575/2013 í samræmi við það.

12) Stofnanir ættu að fá nægan tíma til að hrinda þessum breytingum í framkvæmd sem innleiddar eru með þessari framseldu reglugerð á óhefðbundnu staðalaðferðinni fyrir markaðsáhættu. Því ætti að fresta beitingu þessarar framseldu reglugerðar. Því ætti að fresta beitingu þessarar framseldu reglugerðar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 325. gr. e er breytt sem hér segir:

a) Í stað a- og b-liðar 2. mgr. kemur eftirfarandi:

„a) Allar stöður í gerningum með valréttum skulu falla undir kröfur um eiginfjárgrunn sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. fyrir aðrar áhættur en þær sem stafa af sérhæfðum afbrigðum undirliggjandi þáttum gerninganna sem um getur í a-lið 2. mgr. 325. gr. u,

b) Allar stöður í gerningum án valréttar skulu falla undir kröfur um eiginfjárgrunn sem um getur í a-lið 1. mgr. fyrir aðrar áhættur en þær sem stafa af sérhæfðum afbrigðum undirliggjandi þáttum gerninganna sem um getur í a-lið 2. mgr. 325. gr. u.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„3. Þrátt fyrir b-lið 2. mgr. getur stofnun ákveðið að láta allar stöður í gerningum án valréttar falla undir kröfurnar um eiginfjárgrunn sem um getur í a- og c-lið 1. mgr.

Stofnun sem kýs að nota aðferðina sem sett er fram í fyrstu undirgrein skal tilkynna lögbæru yfirvaldi sínu þar um a.m.k. þremur mánuðum áður en hún er notuð í fyrsta sinn. Að liðnum þeim þremur mánuðum og að því gefnu að lögbært yfirvald sé ekki á móti því má stofnunin nota þessa aðferð þar til lögbært yfirvald upplýsir stofnunina um að henni sé ekki lengur heimilt að gera það.

Stofnun sem kýs að hætta að nota aðferðina sem sett er fram í fyrstu undirgrein skal tilkynna lögbæru yfirvaldi sínu þar um a.m.k. þremur mánuðum áður en hún hættir að nota hana. Stofnunin getur hætt að beita þessari aðferð nema ef lögbært yfirvald hefur andmælt því innan þeirra þriggja mánaða.“

2) Í stað 325. gr. g kemur eftirfarandi:

„325. gr. g

Kröfur um eiginfjárgrunn vegna kúrfuáhættu

1. Stofnanir skulu framkvæma útreikningana sem um getur í 2. mgr. fyrir hvern áhættuþátt gerninganna sem falla undir kröfur um eiginfjárgrunn vegna kúrfuáhættu nema að því er varðar þá áhættuþætti sem um getur í 3. mgr.

Að því er varðar tiltekinn áhættuþátt skulu stofnanir framkvæma útreikningana á hreinum grunni þvert á allar stöður gerninga sem falla undir kröfur um eiginfjárgrunn vegna kúrfuáhættu sem innihalda þann áhættuþátt.

2. Að því er varðar tiltekinn áhættuþátt k sem fylgir einum eða fleiri gerningum sem um getur í 1. mgr. skulu stofnanir reikna hreina kúrfuáhættustöðu þess áhættuþáttar upp á við (CVR_k^+) og hreina kúrfuáhættustöðu þess áhættuþáttar niður á við (CVR_k^-) með eftirfarandi hætti:

$$CVR_k^+ = -\sum_i CVR_{ik}^+$$

$$CVR_k^- = -\sum_i CVR_{ik}^-$$

$$CVR_{ik}^+ = V_i\left(x_k^{RW(Curvature)^+}\right) - V_i(x_k) - RW_k^{Curvature} \times S_{ik}$$

$$CVR_{ik}^- = V_i\left(x_k^{RW(Curvature)^-}\right) - V_i(x_k) - RW_k^{Curvature} \times S_{ik}$$

þar sem:

i = vísitalan sem tilgreinir allar stöður gerninga sem um getur í 1. mgr. og þ.m.t. áhættuþáttur k,

x_k = gildandi virði áhættuþáttar k,

$V_i\,(x_k)$ = virði gernings i eins og það er metið með verðlagningarlíkani stofnunar á grundvelli gildandi virðis áhættuþáttar k,

$V_i\left(x_k^{RW(Curvature)^+}\right)$ = virði gernings i eins og það er metið með verðlagningarlíkani stofnunar á grundvelli virðis áhættuþáttar k aðlagað upp á við,

$V_i\left(x_k^{RW(Curvature)^-}\right)$ = virði gernings i eins og það er metið með verðlagningarlíkani stofnunar á grundvelli virðis áhættuþáttar k aðlagað niður á við,

$RW_k^{Curvature}$ = áhættuvogin fyrir áhættuþátt k sem ákvörðuð er í samræmi við þátt 6,

s_{ik} = deltanæmi gernings i að því er varðar áhættuþáttinn k, reiknað út í samræmi við 325. gr. r.

3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skulu stofnanir framkvæma fyrir kúrfu áhættuþætta sem heyra undir almenna vaxtaáhættu, vaxta-álagsáhættu og hrávöruáhættuflokka, þá útreikninga sem mælt er fyrir um í 6. mgr. gagnvart allri kúrfunni í stað þess að gera það gagnvart hverjum áhættuþætti um sig sem tilheyrir kúrfunni.

Að því er varðar útreikningana sem um getur í 2. mgr., þar sem xk er kúrfa áhættuþáttanna sem er úthlutað til almennrar vaxtaáhættu, vaxtaálagsáhættu og hrávöruáhættuflokka, skal sik vera summan af deltanæmi gagnvart áhættuþáttum kúrfunnar þvert á alla gildistíma kúrfunnar.

4. Til þess að ákvarða kröfur um eiginfjárgrunn innan undirflokks fyrir kúrfuáhættu ættu stofnanir að leggja saman, í samræmi við eftirfarandi formúlu, hreinar kúrfuáhættustöður upp á við og niður á við, reiknaðar út í samræmi við 2. mgr., vegna allra áhættuþátta sem úthlutað er til þess undirflokks í samræmi við 1. undirþátt 3. þáttar:

$$K_b = \begin{cases} max(K_b^+, K_b^-)\text{, where } K_b^+ \neq K_b^- \\ K_b^+\text{, where } K_b^+ = K_b^- \text{ and } \sum_k CVR_k^+ > \sum_k CVR_k^- \\ K_b^-\text{, otherwise} \end{cases}$$

Þar sem:

b = vísitalan sem tilgreinir undirflokk tiltekins áhættuflokks,

K_b = kröfur um eiginfjárgrunn að því er varðar kúrfuáhættu fyrir undirflokk b,

$K_b^+ = \sqrt{max\left(0, \sum_k max(CVR_k^+, 0)^2 + \sum_{l \neq k} \sum_k p_{kl}\, CVR_k^+ CVR_l^+ \psi(CVR_k^+, CVR_l^+)\right)}$;

$K_b^- = \sqrt{max\left(0, \sum_k max(CVR_k^-, 0)^2 + \sum_{l \neq k} \sum_k p_{kl}\, CVR_k^- CVR_l^- \psi(CVR_k^-, CVR_l^-)\right)}$;

$\psi\,(x, y) = \begin{cases} 0, \text{where } x < 0 \text{ and } y < 0 \\ 1, \text{ otherwise,} \end{cases}$

p_{kl} = fylgni innan undirflokks milli áhættuþátta k og l eins og þeim er lýst í 6. þætti,

k, l = stuðlarnir sem tilgreina alla áhættuþætti gernings sem um getur í 1. mgr. sem settir eru í undirflokk b,

(CVR_k^+) = hrein kúrfuáhættustaða upp á við,

(CVR_k^-) = hrein kúrfuáhættustaða niður á við.

5. Þrátt fyrir 4. mgr. skal nota eftirfarandi formúlu fyrir kröfur um eiginfjárgrunn innan undirflokks vegna kúrfuáhættu í undir-flokki 18 í 325. gr. ah, í undirflokki 18 í 325. gr. ak, í undirflokki 25 í 325. gr. am og í undirflokki 11 í 325. gr. ap:

$$K_b = max\left(\sum_k max(CVR_k^+, 0), \sum_k max(CVR_k^-, 0)\right)$$

6. Stofnanir skulu reikna út kröfur um eiginfjárgrunn fyrir áhættuflokk vegna kúrfuáhættu með því að leggja saman allar kröfur um eiginfjárgrunn fyrir undirflokka fyrir kúrfuáhættu innan tiltekins áhættuflokks með eftirfarandi hætti:

$$RCCR = \sqrt{max\left(0, \sum_b K_b^2 + \sum_{c \neq b}\sum_b \gamma_{bc} S_b S_c \psi(S_b, S_c)\right)}$$

Þar sem:

b, *c* = stuðlarnir sem tilgreina alla undirflokka tiltekins áhættuflokks sem samsvarar gerningum sem um getur í 1. mgr.,

K_b = kröfur um eiginfjárgrunn að því er varðar kúrfuáhættu fyrir undirflokk b,

$S_b = \begin{cases} \sum_k CVR_k^+, \text{where } K_b = K_b^+ \text{ in accordance with paragraph 4} \\ \sum_k CVR_k^-, \text{otherwise;} \end{cases}$,

$\psi(x, y) = \begin{cases} 0, \text{where } x < 0 \text{ and } y < 0 \\ 1, \text{otherwise} \end{cases}$,

γ_{bc} = fylgni innan undirflokka milli undirflokka b og c eins og sett er fram í þætti 6.

7. Krafan um eiginfjárgrunn vegna kúrfuáhættu skal vera summa krafna vegna eiginfjárgrunns fyrir áhættuflokkinn vegna kúrfuáhættu reiknaðar út í samræmi við 6. mgr. þvert á alla áhættuflokka sem a.m.k. einn af áhættuþáttum gerninga sem um getur í 1. mgr. tilheyrir.“

3) Í stað c-liðar 2. mgr. 325. gr. h kemur eftirfarandi:

„c) í stað sviðsmyndarinnar „lítil fylgni“ þar sem fylgibreyturnar ρ_{kl} og γ_{bc} eru tilgreindar í 6. þætti skulu koma $\rho_{kl}^{low} = max(2 \cdot \rho_{kl} - 100\%;\ 75\% \cdot \rho_{kl})$ annars vegar og $\gamma_{bc}^{low} = max(2 \cdot \gamma_{bc} - 100\%; 75\% \cdot \gamma_{bc})$ hinsvegar.“

4) Í stað 325. gr. i og 325. gr. j kemur eftirfarandi:

„325. gr. i

Meðferð vísitölugerninga og annarra gerninga með marga undirliggjandi þætti

1. Stofnanir skulu nota gegnsæisaðferð fyrir vísitölu- og aðra gerninga með marga undirliggjandi þætti í samræmi við eftirfarandi:

a) að því er varðar útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn vegna delta- og kúrfuáhættu skulu stofnanir líta þannig á að þær haldi hverri stöðu beint í undirliggjandi þáttum vísitölunnar eða öðrum gerningum með marga undirliggjandi þætti nema stöður sem eru í vísitölu í óhefðbundnu fylgniviðskiptasafni en fyrir þær skal reikna einfalt næmi gagnvart vísitölunni,

b) stofnanir mega jafna saman næmi gagnvart áhættuþáttum tiltekins þáttar vísitölugernings eða annars gernings með marga undirliggjandi þætti við næmi gagnvart sama áhættuþætti sama þáttar gernings gagnvart einum aðila nema að því er varðar stöður sem eru hluti af óhefðbundnu viðskiptasafni,

c) að því er varðar útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn fyrir vegaáhættu ættu stofnanir að meta hvort þær haldi einstaka stöðum beint í undirliggjandi þáttum vísitölunnar eða annars gernings með marga undirliggjandi þætti eða reikna einfalt næmi gagnvart undirliggjandi þáttum þess gernings. Í síðara tilvikinu ættu stofnanir að úthluta einföldu næmi á undirflokkana sem settir eru fram í 1. undirþætti 6. þáttar sem hér segir:

i. þegar, að teknu tillit til vogar þeirrar vísitölu, meira en 75% af þeim þáttum þeirrar vísitölu myndu flokkast í sama undirflokki ættu stofnanir að úthluta þeim undirflokki næmið og fara með það eins og næmi eins aðila í þeim undirflokki,

ii. í öllum öðrum tilvikum skulu þessar stofnanir úthluta næminu í viðkomandi undirflokk fyrir vísitölu.

2. Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. geta stofnanir reiknað út einfalt næmi fyrir stöðu gagnvart skráðri hlutabréfa- eða lánskjaravísitölu fyrir útreikning á kröfum um eiginfjárgrunn fyrir delta- og kúrfuáhættur að því tilskildu að skráða hlutabréfa- eða lánskjaravísitalan uppfylli þau skilyrði sem sett eru fram í 3. mgr. Í slíku tilviki ættu stofnanir að úthluta einföldu næmi á viðeigandi undirflokk eins og sett fram í 1. undirþætti 6. þáttar sem hér segir:

a) þegar, að teknu tillit til vogar þeirrar skráðu vísitölu, meira en 75% af þeim þáttum sem mynda þá skráðu vísitölu myndu flokkast í sama undirflokki ættu stofnanir að úthluta þeim undirflokki næmið og fara með hann eins og næmi eins aðila í þeim undirflokki,

b) í öllum öðrum tilvikum skulu þessar stofnanir úthluta næminu í viðkomandi undirflokk fyrir skráða vísitölu.

3. Stofnanir mega nota aðferðina sem sett er fram í 2. mgr. fyrir gerninga sem vísa til skráðrar hlutabréfa- eða lánskjaravísitölu þar sem öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) þeir þættir sem mynda skráðu vísitöluna og vogir þeirra í þeirri vísitölu eru þekktar,

b) skráða vísitalan er byggð upp af a.m.k. 20 þáttum,

c) enginn einn þáttur skráðu vísitölunnar myndar meira en 25% af heildarmarkaðsverðmæti þeirrar vísitölu,

d) ekkert mengi sem hefur að geyma tíunda hvern af þáttum skráðu vísitölunnar námundað upp í næstu heilu tölu myndar meira en 60% af heildarmarkaðsverðmæti þeirrar vísitölu,

e) heildarmarkaðsverðmæti allra þátta skráðu vísitölunnar er ekki lægra en 40 milljarðar evra.

4. Stofnun skal með samræmdum hætti, yfir tíma, aðeins nota aðferðina sem sett er fram í 1. mgr. eða aðferðina sem sett er fram í 2. mgr. fyrir alla gerninga sem vísa til skráðrar hlutabréfa- eða lánskjaravísitölu sem uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. Stofnun skal fara fram á fyrirfram samþykki lögbærs yfirvalds áður en skipt er um aðferð.

5. Að því er varðar vísitölugerninga og aðra gerninga með marga undirliggjandi þætti ætti næmið sem notað er í útreikningum á delta- og kúrfuáhættu að vera samræmt óháð því hvaða aðferð er notuð fyrir viðkomandi gerning.

6. Vísitölugerningar eða gerningar með marga undirliggjandi þætti sem hafa aðra eftirstæða áhættuþætti eins og um getur í 5. mgr. 325. gr. u skulu falla undir viðbótina fyrir eftirstæða áhættuþætti sem um getur í 4. þætti.

325. gr. j

Meðferð sjóða um sameiginlega fjárfestingu

1. Stofnun skal reikna út kröfur um eiginfjárgrunn vegna markaðsáhættu fyrir stöðu í sjóði um sameiginlega fjárfestingu með einni af eftirfarandi aðferðum:

a) þegar stofnun getur aflað sér nægilegra upplýsinga um einstaka undirliggjandi áhættuskuldbindingar sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu skal stofnunin reikna út kröfur um eiginfjárgrunn fyrir markaðsáhættu þeirrar stöðu í sjóði um sameiginlega fjárfestingu með því að líta til undirliggjandi staðna sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu líkt og stofnunin sjálf væri með þessar stöður milliliðalaust.

b) þegar stofnun getur ekki aflað sér nægilegra upplýsinga um einstaka undirliggjandi áhættuskuldbindingar sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu en stofnun hefur vitneskju um hvað felst í umboði sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu og gangverð fyrir sjóðinn um sameiginlega fjárfestingu eru fáanleg skal stofnunin reikna út kröfur um eiginfjárgrunn fyrir markaðsáhættu þeirrar stöðu í sjóði um sameiginlega fjárfestingu með því að nota eina eftirfarandi aðferða:

i. stofnun getur litið á stöðuna í sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu sem eina hlutabréfastöðu sem úthlutað er í undirflokkinn „aðrir geirar“ í töflu 8 í 1. mgr. 325. gr. ap,

ii. þegar lögbært yfirvald hennar veitir leyfi getur stofnun reiknað út kröfur um eiginfjárgrunn fyrir markaðsáhættu sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu í samræmi við þau takmörk sem koma fram í umboði sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu og gildandi löggjöf,

c) þegar stofnunin uppfyllir hvorki skilyrðin sem sett eru fram í a- né b-lið skal stofnunin setja sjóðinn um sameiginlega fjárfestingu í fjárfestingarbók.

Stofnun sem notar eina af þeim aðferðum sem settar eru fram í b-lið skal beita kröfu um eiginfjárgrunn vegna vanskilaáhættu sem tilgreind er í 5. þætti þessa kafla, og viðbótina fyrir eftirstæða áhættuþætti, sem um getur í 4. þætti þessa kafla, þegar umboð sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu felur í sér að sumar áhættuskuldbindingar í sjóðnum skuli falla undir þessar kröfur um eiginfjárgrunn.

Stofnun sem notar aðferðina sem sett er fram í ii. lið b-liðar getur reiknað út kröfur um eiginfjárgrunn vegna mótaðilaáhættu og kröfur um eiginfjárgrunn vegna aðlögunar útlánavirðis afleiðustaðna sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu með einfölduðu aðferðinni sem sett er fram í 3. mgr. 132. gr. a.

2. Þegar stofnun er með stöðu í sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem fylgir vísitöluviðmiði þannig að munurinn á árlegri arðsemi sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu og vísitöluviðmiðinu sem fylgt er, er undir 1% á 12 mánaða tímabili að raungildi, að undanskildum þjónustu- og umboðsgjöldum getur hún, þrátt fyrir 1. mgr., farið með þá stöðu sem stöðu í vísitöluviðmiðinu sem fylgt er. Stofnun skal staðfesta að farið sé að þeim skilyrðum þegar stofnunin tekur stöðuna og að því loknu a.m.k. árlega.

Þegar gögn fyrir síðastliðna 12 mánuði eru ekki að fullu aðgengileg getur stofnun hins vegar, að fengnu leyfi frá lögbæru yfirvaldi stofnunarinnar, notað árlegan arðsemismismun á tímabili sem er styttra en 12 mánuðir.

3. Stofnun getur notað samsetningu aðferða sem um getur í a-, b- og c-liðum 1. mgr. fyrir stöður sínar í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Hins vegar skal stofnun aðeins nota eina af þessum aðferðum fyrir allar stöður í sama sjóðnum um sameiginlega fjárfestingu.

4. Að því er varðar b-lið 1. mgr. skal stofnun framkvæma útreikningana samkvæmt eftirfarandi ákvæðum:

a) að því er varðar útreikning á kröfu um eiginfjárgrunn samkvæmt aðferðinni sem byggð er á næmi sem sett er fram í 2. þætti þessa kafla skal sjóðurinn um sameiginlega fjárfestingu fyrst taka stöðu að því hámarki sem umboð hans leyfir, eða lög þar að lútandi, í áhættuskuldbindingum þar sem gerðar eru ströngustu kröfur um eiginfjárgrunn sem kveðið er á um í þeim þætti og skal að því loknu halda áfram að taka stöður í lækkandi röð þar til hámarks heildartapi er náð,

b) að því er varðar kröfur um eiginfjárgrunn fyrir vanskilaáhættu sem sett er fram í 5. þætti þessa kafla skal sjóðurinn um sameiginlega fjárfestingu fyrst taka stöður að því hámarki sem umboð hans leyfir, eða lög þar að lútandi, í áhættuskuld-bindingum þar sem gerðar eru ströngustu kröfur um eiginfjárgrunn sem kveðið er á um í þeim þætti og skal að því loknu halda áfram að taka stöður í lækkandi röð þar til hámarks heildartapi er náð,

c) sjóðurinn um sameiginlega fjárfestingu skal beita vogun að því hámarki sem leyft er samkvæmt umboði hans eða viðeigandi lögum, eftir því sem við á.

Eiginfjárkröfurnar fyrir allar stöður í sama sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem útreikningarnir sem um getur í fyrstu undirgrein eru notaðir fyrir skulu reiknaðar út hverjar fyrir sig, sem aðskilin eignasöfn, með þeirri aðferð sem sett er fram í þessum kafla.

5. Stofnun getur aðeins notað aðferðirnar sem um getur í a- eða b-lið 1. mgr. þegar sjóður um sameiginlega fjárfestingu uppfyllir öll skilyrðin sem sett eru fram í 3. mgr. 132. gr. og a-lið 4. mgr. 132. gr.“

5) Ákvæðum 325. gr. q er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Deltagjaldmiðlaáhættuþættirnir sem stofnanir eiga að nota að því er varðar gerninga sem eru næmir gagnvart gjaldeyri skulu vera öll stundargengi milli gjaldmiðlanna sem gerningarnir eru tilgreindir í og uppgjörsgjaldmiðils stofnunarinnar eða grunngjaldmiðils stofnunarinnar þegar stofnunin notar grunngjaldmiðil í samræmi við 7. mgr. Einn undirflokkur skal vera fyrir hvert gjaldmiðlapar sem inniheldur einn áhættuþátt og eitt hreint næmi.“

b) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Kúrfugjaldmiðlaáhættuþættirnir sem stofnanir eiga að nota að því er varðar gerninga með undirliggjandi þáttum sem eru næmir gagnvart gjaldeyri skulu vera deltagjaldmiðlaáhættuþættirnir sem um getur í 1. mgr.“

c) Eftirfarandi 5., 6. og 7. mgr. bætast við:

„5. Þegar gengi erlends gjaldmiðils sem er undirliggjandi þáttur gerningsins i, sem fellur undir kröfur um eiginfjárgrunn fyrir kúrfuáhættu, vísar hvorki til uppgjörsgjaldmiðils stofnunar né grunngjaldmiðils stofnunarinnar getur stofnunin deilt samsvarandi efnisþáttum CVR_{ik}^{-} og CVR_{ik}^{+} sem settir eru fram í 2. mgr. 325. gr. g, með 1,5, þar sem x_k stendur fyrir gjaldmiðlaáhættuþætti milli eins af tveimur gjaldmiðlum undirliggjandi þátta og uppgjörsgjaldmiðils stofnunar eða grunngjaldmiðils stofnunar, eftir því sem við á.

6. Með fyrirvara um leyfi lögbærs yfirvalds stofnunar getur hún deilt efnisþáttunum CVR_{k}^{-} og CVR_{k}^{+} sem settir eru fram í 2. mgr. 325. gr. g með 1,5, með samræmdum hætti fyrir alla gjaldmiðlaáhættuþætti gerninga sem varða erlendan gjaldmiðil og með fyrirvara um kröfu um eiginfjárgrunn fyrir kúrfuáhættu að því tilskildu að gjaldmiðlaáhættuþættir sem byggjast á uppgjörsgjaldmiðli stofnunar eða grunngjaldmiðli stofnunar, eftir því sem við á, sem teknir eru með í útreikninginn á þessum efnisþáttum, sé breytt samtímis.

7. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 3. mgr. getur stofnun, með fyrirvara um leyfi frá lögbæru yfirvaldi hennar, skipt út uppgjörsgjaldmiðli sínum fyrir annan gjaldmiðil („grunngjaldmiðil“) í öllum stundargengjunum til að sýna delta- og kúrfugjaldmiðlaáhættuþættina þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

a) stofnunin notar aðeins einn grunngjaldmiðil,

b) stofnunin beitir grunngjaldmiðlinum með samræmdum hætti á allar stöður sínar í veltubók og fjárfestingarbók,

c) stofnunin hefur sýnt fram á það með fullnægjandi hætti að mati lögbærs yfirvalds hennar að:

i. notkun grunngjaldmiðils sem valinn er endurspeglar með viðeigandi hætti áhættu af stöðum stofnunar sem eru háðar gjaldmiðlaáhættu,

ii. val á grunngjaldmiðli er samrýmanlegt við þá aðferð sem stofnunin notar við innri stýringu á þessum gjaldmiðlaáhættum,

iii. val á grunngjaldmiðli ræðst ekki fyrst og fremst af vilja til að draga úr kröfum sem gerðar eru til stofnunarinnar um eiginfjárgrunn,

d) stofnun tekur tillit til umbreytingaráhættu milli uppgjörsgjaldmiðils og grunngjaldmiðils.

Stofnun sem hefur fengið leyfi til að nota grunngjaldmiðil eins og sett er fram í fyrstu undirgrein skal breyta kröfum um eiginfjárgrunn sem af því leiðir fyrir gjaldmiðlaáhættu í uppgjörsgjaldmiðli með því að nota gildandi stundargengi milli grunngjaldmiðils og uppgjörsgjaldmiðils.“

6) Í stað 1. og 2. mgr. 325. gr. ae kemur eftirfarandi:

„1. Að því er varðar gjaldmiðla sem ekki eru settir í undirflokkinn fyrir auðseljanlegustu gjaldmiðlana, eins og um getur í b-lið 7. mgr. 325. gr. bd, skal áhættuvægi fyrir næmið gagnvart áhættuþáttum áhættulausra vaxta vera eftirfarandi:

Tafla 3

Undirflokkur	Líftími	Áhættuvog
1	0,25 ár	1,7%
2	0,5 ár	1,7%

3	1 ár	1,6%
4	2 ár	1,3%
5	3 ár	1,2%
6	5 ár	1,1%
7	10 ár	1,1%
8	15 ár	1,1%
9	20 ár	1,1%
10	30 ár	1,1%

2. Stofnanir skulu beita 1,6% áhættuvog á allt verðbólgunæmi og grunnáhættuþætti milli gjaldmiðla.“

7) Í stað töflu 4 í 1. mgr. 325. gr. ah kemur eftirfarandi:

„Tafla 4

Númer undirflokks	Lánshæfi	Geiri	Áhættuvog
1	Öll	Ríkisstjórn, þ.m.t. seðlabankar, aðildarríkja	0,5%
2	Lánshæfisþrep 1 til 3	Ríkisstjórn, þ.m.t. seðlabankar, þriðja ríkis, fjölþjóðlegir þróunarbankar og alþjóðastofnanir sem um getur í 2. mgr. 117. gr. eða 118. gr.	0,5%
3		Héraðsstjórn eða staðaryfirvöld og opinberir aðilar	1,0%
4		Aðilar á fjármálamarkaði, þ.m.t. lánastofnanir sem komið er á fót af ríkisstjórn, héraðsstjórn eða staðaryfirvaldi og veitendur stuðningslána	5,0%
5		Hrávörur, orka, iðnaðarafurðir, landbúnaður, framleiðsla, námugröftur og grjótnám	3,0%
6		Neysluvörur og þjónusta, flutningur og geymsla, stjórnun og stuðningsþjónusta	3,0%
7		Tækni og fjarskipti	2,0%
8		Heilbrigðisþjónusta, veitur, sérfræðiþjónusta og tæknileg starfsemi	1,5%
9		Sértryggð skuldabréf sem gefin eru út af lánastofnunum með staðfestu í aðildarríkjum	1,0%
10	Lánshæfisþrep 1	Sértryggð skuldabréf sem gefin eru út af lánastofnunum í þriðju löndum	1,5%
	Lánshæfisþrep 2 til 3		2,5%

11	Lánshæfisþrep 4 til 6 og ómetin	Ríkisstjórn, þ.m.t. seðlabankar, þriðja ríkis, fjölþjóðlegir þróunarbankar og alþjóðastofnanir sem um getur í 2. mgr. 117. gr. eða 118. gr.	2%
12		Héraðsstjórn eða staðaryfirvöld og opinberir aðilar	4,0%
13		Aðilar á fjármálamarkaði, þ.m.t. lánastofnanir sem komið er á fót af ríkisstjórn, héraðsstjórn eða staðaryfirvaldi og veitendur stuðningslána	12,0%
14		Hrávörur, orka, iðnaðarafurðir, landbúnaður, framleiðsla, námugröftur og grjótnám	7,0%
15		Neysluvörur og þjónusta, flutningur og geymsla, stjórnun og stuðningsþjónusta	8,5%
16		Tækni og fjarskipti	5,5%
17		Heilbrigðisþjónusta, veitur, sérfræðiþjónusta og tæknileg starfsemi	5,0%
18	Aðrir geirar		12,0%
19	Skráðar lánavísitölur þar sem meirihluti einstaka þátta þeirra er í fjárfestingaflokki		1,5%
20	Skráðar lánavísitölur þar sem meirihluti einstaka þátta þeirra er ekki í fjárfestingaflokki eða ómetinn		5%“

8) Í stað töflu 5 í 325. gr. aj kemur eftirfarandi:

„Tafla 5

Undirflokkur	1, 2 og 11	3 og 12	4 og 13	5 og 14	6 og 15	7 og 16	8 og 17	9 og 10	18	19	20
1, 2 og 11		75%	10%	20%	25%	20%	15%	10%	0%	45%	45%
3 og 12			5%	15%	20%	15%	10%	10%	0%	45%	45%
4 og 13				5%	15%	20%	5%	20%	0%	45%	45%
5 og 14					20%	25%	5%	5%	0%	45%	45%
6 og 15						25%	5%	15%	0%	45%	45%
7 og 16							5%	20%	0%	45%	45%
8 og 17								5%	0%	45%	45%
9 og 10									0%	45%	45%
18										0%	0%
19											75%
20“											

9) Í stað töflu 6 í 325. gr. ak kemur eftirfarandi:

„Tafla 6

Númer undirflokks	Lánshæfi	Geiri	Áhættuvog
1	Öll	Ríkisstjórn, þ.m.t. seðlabankar, aðildarríkja	4,0%
2	Lánshæfisþrep 1 til 3	Ríkisstjórn, þ.m.t. seðlabankar, þriðja ríkis, fjölþjóðlegir þróunarbankar og alþjóðastofnanir sem um getur í 2. mgr. 117. gr. eða 118. gr.	4,0%
3		Héraðsstjórn eða staðaryfirvöld og opinberir aðilar	4,0%

4		Aðilar á fjármálamarkaði, þ.m.t. lánastofnanir sem komið er á fót af ríkisstjórn, héraðsstjórn eða staðaryfirvaldi og veitendur stuðningslána	8,0%
5		Hrávörur, orka, iðnaðarafurðir, landbúnaður, framleiðsla, námugröftur og grjótnám	5,0%
6		Neysluvörur og þjónusta, flutningur og geymsla, stjórnun og stuðningsþjónusta	4,0%
7		Tækni og fjarskipti	3,0%
8		Heilbrigðisþjónusta, veitur, sérfræðiþjónusta og tæknileg starfsemi	2,0%
9		Sértryggð skuldabréf sem gefin eru út af lánastofnunum með staðfestu í aðildarríkjum	3,0%
10		Sértryggð skuldabréf sem gefin eru út af lánastofnunum í þriðju löndum	6,0%
11	Lánshæfisþrep 4 til 6 og ómetin	Ríkisstjórn, þ.m.t. seðlabankar, þriðja ríkis, fjölþjóðlegir þróunarbankar og alþjóðastofnanir sem um getur í 2. mgr. 117. gr. eða 118. gr.	13,0%
12		Héraðsstjórn eða staðaryfirvöld og opinberir aðilar	13,0%
13		Aðilar á fjármálamarkaði, þ.m.t. lánastofnanir sem komið er á fót af ríkisstjórn héraðsstjórn eða staðaryfirvaldi og veitendur stuðningslána	16,0%
14		Hrávörur, orka, iðnaðarafurðir, landbúnaður, framleiðsla, námugröftur og grjótnám	10,0%
15		Neysluvörur og þjónusta, flutningur og geymsla, stjórnun og stuðningsþjónusta	12,0%
16		Tækni og fjarskipti	12,0%
17		Heilbrigðisþjónusta, veitur, sérfræðiþjónusta og tæknileg starfsemi	12,0%
18	Aðrir geirar		13,0%“

10) Í stað töflu 7 í 1. mgr. 325. gr. am kemur eftirfarandi:

„Tafla 7

Númer undir-flokks	Lánshæfi	Geiri	Áhættuvog
1	Forgangsstaða og lánshæfisþrep 1 til 3	RMBS - Prime	0,9%
2		RMBS - Mid-Prime	1,5%
3		RMBS - Sub-Prime	2,0%
4		CMBS	2,0%
5		Eignatryggð verðbréf (ASB) - námslán	0,8%
6		Eignatryggð verðbréf - kreditkortalán	1,2%
7		Eignatryggð verðbréf - bílalán	1,2%
8		Lánavafningar (e. *Collateralised loan obligations* (CLO)) utan ACTP	1,4%
9	Engin forgangsstaða og lánshæfisþrep 1 til 3	RMBS - Prime	1.125%
10		RMBS - Mid-Prime	1.875%
11		RMBS - Sub-Prime	2,5%
12		CMBS	2,5%
13		Eignatryggð verðbréf - námslán	1%
14		Eignatryggð verðbréf - kreditkortalán	1,5%
15		Eignatryggð verðbréf - bílalán	1,5%
16		CLO utan ACTP	1,75%
17	Lánshæfisþrep 4 til 6 og ómetin	RMBS - Prime	1.575%
18		RMBS - Mid-Prime	2.625%
19		RMBS - Sub-Prime	3,5%
20		CMBS	3,5%
21		Eignatryggð verðbréf - námslán	1,4%
22		Eignatryggð verðbréf - kreditkortalán	2,1%
23		Eignatryggð verðbréf - bílalán	2,1%
24		CLO utan ACTP	2,45%
25	Aðrir geirar		3,5%“

11) Í stað töflu 8 í 1. mgr. 325. gr. ap kemur eftirfarandi:

„Tafla 8

Númer undir-flokks	Markaðsverðmæti	Hagkerfi	Geiri	Áhættuvog fyrir stundargengi hlutabréfs	Áhættuvog fyrir endurhverf hlutabréfakaup
1	Stór	Ný markaðshagkerfi	Neysluvörur og þjónusta, flutningur og geymsla, stjórnun og stuðningsþjónusta, heilbrigðisþjónusta og veitur	55%	0,55%
2			Fjarskipti og iðnaðarafurðir	60%	0,60%
3			Hrávörur, orka, landbúnaður, framleiðsla, námugröftur og grjótnám	45%	0,45%
4			Fjármálaafurðir, þ.m.t. ríkistryggðar fjármálaafurðir, fasteignaviðskipti og tækni	55%	0,55%
5		Þróað hagkerfi	Neysluvörur og þjónusta, flutningur og geymsla, stjórnun og stuðningsþjónusta, heilbrigðisþjónusta og veitur	30%	0,30%
6			Fjarskipti og iðnaðarafurðir	35%	0,35%
7			Hrávörur, orka, landbúnaður, framleiðsla, námugröftur og grjótnám	40%	0,40%
8			Fjármálaafurðir, þ.m.t. ríkistryggðar fjármálaafurðir, fasteignaviðskipti og tækni	50%	0,50%
9	Lítil	Ný markaðshagkerfi	Allir geirar sem lýst er undir undirflokksnúmerum 1, 2, 3 og 4	70%	0,70%
10		Þróað hagkerfi	Allir geirar sem lýst er undir undirflokksnúmerum 5, 6, 7 og 8	50%	0,50%
11	Aðrir geirar			70%	0,70%
12	Vísitölur fyrir félög með mikið markaðsverðmæti í þróuðum hagkerfum			15%	0,15%
13	Aðrar vísitölur			25%	0,25%“

12) Ákvæðum 325. gr. aq er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Deltaáhættufylgnistikinn ρkl milli tveggja næmisþátta WSk og WSl innan sama undirflokks skal fastsettur við 99,90% þar sem annar þeirra er næmi gagnvart stundargengi hlutabréfs og hinn er næmi gagnvart endurhverfu hlutabréfagengi og þar sem bæði næmin tengjast sama hlutabréfaútgefandanafni.“

b) Eftirfarandi e-liður bætist við í 2. mgr.:

„e) 80% milli tveggja næmisþátta innan sama undirflokks sem falla undir annað hvorn vísitöluundirflokkinn (undirflokksnúmer 12 eða 13).“

c) Í stað 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Fylgnistikinn ρ_{kl} milli tveggja næmisþátta WS_k og WS_l að því er varðar vexti í endurhverfum hlutabréfaviðskiptum innan sama undirflokks skal fastsettur í samræmi við a- til d-lið 2. mgr.“

13) Í stað 325. gr. ar og 325. gr. as kemur eftirfarandi:

„325. gr. ar

Fylgni þvert á undirflokka að því er varðar hlutabréfaáhættu

Fylgnistikinn γ_{bc} gildir um samlagningu næmisþátta milli mismunandi undirflokka.

Hann skal settur í tengslum við undirflokkana í töflu 8 í 325. gr. ap með eftirfarandi hætti:

a) við 15% þegar undirflokkarnir tveir falla undir undirflokka 1 til 10,

b) við 0% þegar annar af undirflokkunum tveimur fellur undir undirflokk 11,

c) við 75% þegar undirflokkarnir tveir falla undir undirflokka 12 og 13,

d) við 45% annars.

325. gr. as

Áhættuvogir fyrir hrávöruáhættu

Áhættuvogir fyrir næmi gagnvart hrávöruáhættuþáttum skulu vera eftirfarandi:

Tafla 9

Númer undirflokks	Heiti undirflokks	Áhættuvog
1	Orka — föst brennanleg efni	30%
2	Orka — fljótandi brennanleg efni	35%
3	Orka — raforku- og kolefnaviðskipti	60%
4	Farmur	80%
5	Málmar — aðrir en góðmálmar	40%
6	Brennanleg efni í gaskenndu formi	45%
7	Góðmálmar (gull meðtalið)	20%
8	Korn og olíufræ	35%
9	Búfénaður og mjólkurbú	25%
10	Mjúkar hrávörur og aðrar landbúnaðarhrávörur	35%
11	Aðrar hrávörur	50%“

14) Í stað 1. mgr. 325. gr. av kemur eftirfarandi:

„1. Beita skal 15% áhættuvog á allt næmi gagnvart gjaldmiðlaáhættuþáttum.“

15) Í stað töflu 11 í 3. mgr. 325. gr. ax kemur eftirfarandi:

„Tafla 11

Áhættuflokkur	$LH_{áhættuflokkur}$	Áhættuvog
GIRR	60	100%
Áhætta vegna vaxtaálags vegna gerninga sem ekki eru verðbréfanir	120	100%
Áhætta vegna vaxtaálags vegna gerninga sem eru verðbréfanir (óhefðbundið fylgniviðskiptasafn)	120	100%
Áhætta vegna vaxtaálags vegna gerninga sem eru verðbréfanir (utan óhefðbundins fylgniviðskipta-safns)	120	100%
Hlutabréf (félög með mikið markaðsverðmæti og vísitölur)	20	77,78%
Hlutabréf (félög með lágt markaðsverðmæti og aðrir geirar)	60	100%
Hrávörur	120	100%
Erlendur gjaldeyrir	40	100%“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 30. september 2021.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/755 **2022/EES/70/04**

frá 6. maí 2021

um tilnefningu á tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir velferð dýra fyrir jórturdýr og dýr af hestaætt í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625

(tilkynnt með númeri C(2021) 3009) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ([1]), einkum 1. mgr. 95. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) 2017/625 er mælt fyrir um reglur um framkvæmd opinbers eftirlits og annarrar opinberrar starfsemi, þ.m.t. um val og tilnefningu á tilvísunarmiðstöðvum Evrópusambandsins fyrir velferð dýra. Tilvísunarmiðstöðvar Evrópusambandsins fyrir velferð dýra styðja við þverlæga starfsemi framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna á sviði krafna um velferð dýra, sem um getur í f-lið 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625.

2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/329 ([2]) var tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir velferð dýra tilnefnd, sem samkvæmt vinnuáætlun leggur áherslu á svín, og með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1685 ([3]) var tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir velferð dýra fyrir alifugla og önnur lítil húsdýr tilnefnd.

3) Framkvæmdastjórnin auglýsti síðan, í samræmi við 95. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625, opinbert ferli fyrir val og tilnefningu á annarri tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir velferð dýra fyrir jórturdýr og dýr af hestaætt.

4) Mats- og valnefndin sem skipuð var fyrir valferlið sem um getur í 3. forsendu komst að þeirri niðurstöðu að samtök, sem Swedish University of Agricultural Sciences og Swedish Centre for Animal Welfare (Svíþjóð) leiða og sem samanstanda einnig af University of Natural Resources and Life Sciences (Austurríki), Ellinikos Georgikos Organismos-Dimitra/Veterinary Research Institute (Grikkland), National Institute for Agriculture, Food, and Environment (Frakkland), University College Dublin“ (Írland) og Instituto Zooprofilattico Sperimentale dell'Abruzzo e del Molise „G. Caporale“ (Ítalía) (hér á eftir nefnd samtökin), uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 og ættu að bera ábyrgð á þeim verkefnum sem mælt er fyrir um í 96. gr. þeirrar reglugerðar að því er varðar jórturdýr og dýr af hestaætt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 163, 10.5.2021, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 321/2021 frá 10. desember 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

([2]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/329 frá 5. mars 2018 um tilnefningu á tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir velferð dýra (Stjtíð. ESB L 63, 6.3.2018, bls. 13.)

([3]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1685 frá 4. október 2019 um tilnefningu á tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir velferð dýra fyrir alifugla og önnur lítil húsdýr (Stjtíð. ESB L 258, 9.10.2019, bls. 11).

5) Því ætti að tilnefna þessi samtök sem tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir velferð dýra, að því er varðar jórturdýr og dýr af hestaætt, sem mun bera ábyrgð á stuðningsverkefnum sem eru inni í vinnuáætlunum tilvísunarmiðstöðva Evrópusambandsins til eins árs eða margra ára. Gerð er krafa um að þessar vinnuáætlanir séu fastsettar í samræmi við markmið og forgangsverkefni viðeigandi vinnuáætlana sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt í samræmi við 36. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 652/2014 ([4]).

6) Í b-lið 2. mgr. 95. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 er þess krafist að tilnefning tilvísunarmiðstöðvar Evrópusambandsins fyrir velferð dýra sé til takmarkaðs tíma eða endurskoðuð reglulega. Því ætti að endurskoða tilnefningu tilvísunarmiðstöðvar Evrópusambandsins fyrir velferð dýra fyrir jórturdýr og dýr af hestaætt á fimm ára fresti.

7) Gefa ætti tilnefndri tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir velferð dýra fyrir jórturdýr og dýr af hestaætt tíma til að undirbúa vinnuáætlun sína fyrir næsta fjárhagsáætlunartímabil. Því ætti þessi ákvörðun að koma til framkvæmda frá og með 1. júní 2021.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Eftirtalin samtök eru hér með tilnefnd sem tilvísunarmiðstöð Evrópusambandsins fyrir velferð dýra sem ber ábyrgð á stuðningi við þverlæga starfsemi framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna á sviði velferðar dýra fyrir jórturdýr og dýr af hestaætt:

Heiti: Samtök sem Swedish University of Agricultural Sciences og Swedish Centre for Animal Welfare (Svíþjóð) leiða og sem samanstanda einnig af University of Natural Resources and Life Sciences (Austurríki), Ellinikos Georgikos Organismos-Dimitra/Veterinary Research Institute (Grikkland), National Institute for Agriculture, Food, and Environment (Frakkland), University College Dublin (Írland) og Instituto Zooprofilattico Sperimentale dell'Abruzzo e del Molise „G. Caporale" (Ítalía)

Heimilisfang: P.O. Box 7068
750 07 Uppsala
SVIÞJÓÐ

2. Tilnefningin skal endurskoðuð á fimm ára fresti frá þeim degi sem þessi ákvörðun kemur til framkvæmda.

2. gr.

Ákvörðun þessi kemur til framkvæmda frá og með 1. júní 2021.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 6. maí 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stella KYRIAKIDES

framkvæmdastjóri.

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 652/2014 frá 15. maí 2014 um ákvæði um stjórnun útgjalda er varða matvælaferlið, heilbrigði dýra og velferð dýra og sem varða plöntuheilbrigði og fjölgunarefni plantna, um breytingu á tilskipunum ráðsins 98/56/EB, 2000/29/EB og 2008/90/EB, reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002, (EB) nr. 882/2004 og (EB) nr. 396/2005, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/128/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 og niðurfellingu á ákvörðunum ráðsins 66/399/EBE, 76/894/EBE og 2009/470/EB (Stjtíð. ESB L 189, 27.6.2014, bls. 1).

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/535 **2022/EES/70/05**

frá 31. mars 2021

um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 að því er varðar samræmdar verklagsreglur og tækniforskriftir fyrir gerðarviðurkenningu ökutækja, og kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga sem ætluð eru í slík ökutæki, með tilliti til almennra smíðaeiginleika þeirra og öryggis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 frá 27. nóvember 2019 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra, og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis þeirra og verndunar farþega í ökutækjum og óvarinna vegfarenda, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009, (EB) nr. 79/2009 og (EB) nr. 661/2009 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 631/2009, (ESB) nr. 406/2010, (ESB) nr. 672/2010, (ESB) nr. 1003/2010, (ESB) nr. 1005/2010, (ESB) nr. 1008/2010, (ESB) nr. 1009/2010, (ESB) nr. 19/2011, (ESB) nr. 109/2011, (ESB) nr. 458/2011, (ESB) nr. 65/2012, (ESB) nr. 130/2012, (ESB) nr. 347/2012, (ESB) nr. 351/2012, (ESB) nr. 1230/2012 og (ESB) 2015/166 ([1]), einkum 4. gr. (7. mgr.), 8. gr. (3. mgr.) og 10. gr. (3. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009 ([2]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 79/2009 ([3]), reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 ([4]) og reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 631/2009 ([5]), (ESB) nr. 406/2010 ([6]), (ESB) nr. 672/2010 ([7]), (ESB) nr. 1003/2010([8]), (ESB) nr. 1005/2010 ([9]), (ESB)

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 117, 6.4.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 56/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 45, 7.7.2022, bls. 18.

([1]) Stjtíð. ESB L 325, 16.12.2019, bls. 1.

([2]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009 frá 14. janúar 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar vernd gangandi vegfarenda og annarra óvarinna vegfarenda, breytingu á tilskipun 2007/46/EB og niðurfellingu á tilskipunum 2003/102/EB og 2005/66/EB (Stjtíð. ESB L 35, 4.2.2009, bls. 1).

([3]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 79/2009 frá 14. janúar 2009 um gerðarviðurkenningu vetnisknúinna ökutækja og um breytingu á tilskipun 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 35, 4.2.2009, bls. 32).

([4]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 frá 13. júlí 2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stjtíð. ESB L 200, 31.7.2009, bls. 1).

([5]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 631/2009 frá 22. júlí 2009 um ítarlegar reglur um framkvæmd I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar vernd gangandi vegfarenda og annarra óvarinna vegfarenda, breytingu á tilskipun 2007/46/EB og niðurfellingu á tilskipunum 2003/102/EB og 2005/66/EB (Stjtíð. ESB L 195, 25.7.2009, bls. 1).

([6]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 406/2010 frá 26. apríl 2010 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 79/2009 um gerðarviðurkenningu vetnisknúinna ökutækja (Stjtíð. ESB L 122, 18.5.2010, bls. 1).

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 672/2010 frá 27. júlí 2010 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar afísingar- og móðuhreinsunarkerfi fyrir framrúðu tiltekinna vélknúinna ökutækja og framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stjtíð. ESB L 196, 28.7.2010, bls. 5).

([8]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1003/2010 frá 8. nóvember 2010 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar flöt fyrir uppsetningu og festingu á skráningarmerki að aftan á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stjtíð. ESB L 291, 9.11.2010, bls. 22).

([9]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1005/2010 frá 8. nóvember 2010 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar dráttarbúnað vélknúinna ökutækja og um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stjtíð. ESB L 291, 9.11.2010, bls. 36).

nr. 1008/2010 ([10]), (ESB) nr. 1009/2010 ([11]), (ESB) nr. 19/2011 ([12]), (ESB) nr. 109/2011 ([13]), (ESB) nr. 65/2012 ([14]), (ESB) nr. 130/2012 ([15]), (ESB) nr. 347/2012 ([16]), (ESB) nr. 351/2012 ([17]), (ESB) nr. 1230/2012 ([18]) og (ESB) 2015/166 ([19]) eru felldar úr gildi frá og með 6. júlí 2022. Ákvæði þeirra ættu að færast yfir og, ef nauðsyn krefur, þeim vera breytt til að taka til greina núverandi venjur og tækniþróun.

2) Í þessari reglugerð ætti að mæla fyrir um ákvæði um samræmdar verklagsreglur og tækniforskriftir fyrir gerðarviðurkenningu ökutækja og tiltekinna kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga, að því er varðar almennt öryggi þeirra.

3) Gildissvið þessarar reglugerðar ætti að vera í samræmi við gildissvið reglugerðar (ESB) 2019/2144, einkum eins og það er skilgreint í II. viðauka við hana.

4) Ákvæðin um gerðarviðurkenningaraðferðirnar sem settar eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 ([20]), þá einkum í III. og IV. kafla hennar, gilda um gerðarviðurkenningu ökutækja, kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga sem reglugerð þessi nær til.

([10]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1008/2010 frá 9. nóvember 2010 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar framrúðuþurrku og -sprautubúnað tiltekinna vélknúinna ökutækja og um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stjtíð. ESB L 292, 10.11.2010, bls. 2).

([11]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1009/2010 frá 9. nóvember 2010 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar hjólhlífar tiltekinna vélknúinna ökutækja og um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stjtíð. ESB L 292, 10.11.2010, bls. 21).

([12]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 19/2011 frá 11. janúar 2011 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar lögboðna merkiplötu framleiðanda og verksmiðjunúmer ökutækis á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stjtíð. ESB L 8, 12.1.2011, bls. 1).

([13]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 109/2011 frá 27. janúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 að því er varðar gerðarviðurkenningarkröfur tiltekinna flokka vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra varðandi hjól- og aurhlífabúnað (Stjtíð. ESB L 34, 9.2.2011, bls. 2).

([14]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar 65/2012/EB frá 24. janúar 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins 661/2009/EB að því er varðar gírskiptivísa og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 28, 31.1.2012, bls. 24).

([15]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 130/2012 frá 15. febrúar 2012 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar aðgang að og stýrihæfni vélknúinna ökutækja og um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (Stjtíð. ESB L 43, 16.2.2012, bls. 6).

([16]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 347/2012 frá 16. apríl 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 í tengslum við gerðarviðurkenningarkröfur vegna tiltekinna flokka vélknúinna ökutækja að því er varðar háþróuð neyðarhemlunarkerfi (Stjtíð. ESB L 109, 21.4.2012, bls. 1).

([17]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 351/2012 frá 23. apríl 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 að því er varðar gerðarviðurkenningarkröfur vegna uppsetningar á akreinavörum í vélknúnum ökutækjum (Stjtíð. ESB L 110, 24.04.2012, bls. 18).

([18]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1230/2012 frá 12. desember 2012 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar massa og mál vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 353, 21.12.2012, bls. 31).

([19]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/166 frá 3. febrúar 2015 um viðbætur við og um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 að því er varðar að fella inn í hana sértækar verklagsreglur, matsaðferðir og tæknilegar kröfur og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1003/2010, (ESB) nr. 109/2011 og (ESB) nr. 458/2011 (Stjtíð. ESB L 28, 4.2.2015, bls. 3).

([20]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 frá 30. maí 2018 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki, um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 715/2007 og (EB) nr. 595/2009 og niðurfellingu tilskipunar 2007/46/EB (Stjtíð. ESB L 151, 14.6.2018, bls. 1).

5) Til að hægt sé að beita samræmdri nálgun að því er varðar upplýsingarnar sem veita skal í upplýsingaskjalinu sem um getur í a-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858 ætti að tilgreina nánar hvaða upplýsingar eiga við um hverja gerð kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar í ökutækjum innan gildissviðs þessarar reglugerðar.

6) ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið sem um getur í 1. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858, sem gefa á út fyrir hverja gerð kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar í ökutækjum innan gildissviðs þessarar reglugerðar, ætti að byggja á viðeigandi fyrirmynd að sniðmáti sem sett er fram í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 ([21]). Hins vegar ætti viðbótin við hvert vottorð að innihalda þær upplýsingar sem eiga sérstaklega við um viðkomandi kerfi, íhlut eða aðskilda tæknieiningu í ökutækjum eins og skilgreint er í þessari reglugerð.

7) Einkum er nauðsynlegt að setja fram sértæk ákvæði um gerðarviðurkenningu í samræmi við 1. mgr. 30. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 um sýndarprófanir og 1. mgr. 72. gr. um innri tækniþjónustu, sem byggist á kröfum í reglugerðum SÞ sem tilgreindar eru í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2144.

8) Að meginreglu til er ekki mögulegt að fá gerðarviðurkenningu í samræmi við reglugerðir SÞ ef um er að ræða uppsetta íhluti eða aðskildar tæknieiningar sem aðeins hafa gilda ESB-gerðarviðurkenningu. Þetta ætti þó að gera mögulegt að því er varðar ESB-gerðarviðurkenningu samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/2144 á grundvelli krafna reglugerða SÞ sem tilgreindar eru í II. viðauka við þá reglugerð.

9) Í reglugerðum SÞ eru sértæk ákvæði um upplýsingar sem þurfa að fylgja umsókn um gerðarviðurkenningu. Með tilliti til verklagsreglnanna sem kveðið er á um í þessari reglugerð ættu þessar upplýsingar einnig að koma fram í upplýsingamöppunni.Til að samræma frekar ákvæði sem varða flöt fyrir uppsetningu og festingu á skráningarmerkjum ætti að bæta við kröfur sem gilda um flöt fyrir skráningarmerki að aftan til að ná einnig yfir flöt fyrir skráningarmerki að framan.

10) Til að koma í veg fyrir misritun í verksmiðjunúmeri ökutækis ætti verksmiðjunúmer ökutækis að innihalda vartölu og skilgreina ætti aðferðina sem notuð er til að reikna út þessa vartölu.

11) Í 5. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858 er kveðið á um möguleikann á að veita ESB-gerðarviðurkenningar fyrir ökutæki með mál umfram samræmdu málin. Aðildarríkin geta þó ákveðið að heimila ekki að slík ökutæki séu notuð við akstur á vegum, sett á markað, skráð eða tekin í notkun. Því er nauðsynlegt að undanþágan frá leyfilegum hámarksmálum sem sett er fram í þessari reglugerð komi skýrt fram í gerðarviðurkenningarvottorðinu og samræmisvottorði viðkomandi ökutækja.

12) Heildarsamræming öryggiskrafna að því er varðar vetnisknúin ökutæki er mikilvægt skref til að stuðla að notkun ökutækja sem ganga fyrir óhefðbundnu eldsneyti. Reglugerð SÞ nr. 134 ([22]) gildir í Sambandinu en hún inniheldur þó engar kröfur um efnissamhæfi og vetnisstökkvi (e. *hydrogen embrittlement*) fyrir vetniskerfi og vetnisíhluti fyrir vetnisknúin ökutæki. Slíkar kröfur eru nauðsynlegar til að tryggja hátt öryggisstig að því er varðar val á efni fyrir vetniskerfi.

13) Sértæk ákvæði um geymslukerfi fyrir fljótandi vetni sem og um rúmfræði áfyllingarmótstykkja eru heldur ekki enn tilgreind í reglugerð SÞ nr. 134 en hins vegar þarf að yfirfæra þau frá reglugerð (EB) nr. 79/2009 til að tryggja samræmi.

14) Framleiðendur þurfa nægan tíma til að laga sig að nýju kröfunum að því er varðar lögboðnar áletranir og flöt þar sem skráningarmerki er sett upp og fest að framan. Því er þörf á umbreytingarákvæðum til að tryggja að þessar kröfur gildi fyrst um nýjar gerðir ökutækja.

([21]) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 frá 15. apríl 2020 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858 að því er varðar stjórnsýslukröfur um viðurkenningu á og markaðseftirlit með vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (Stjtíð. ESB L 163, 26.5.2020, bls. 1).

([22]) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 134 — Samræmd ákvæði um samþykki vélknúinna ökutækja og íhluta þeirra að því er varðar öryggistengda frammistöðu vetnisknúinna ökutækja (Stjtíð ESB L 129, 17.5.2019, bls. 43).

15) Að því marki sem kröfunum samkvæmt reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 78/2009, (EB) nr. 79/2009 og (EB) nr. 661/2009 er ekki breytt með þessari reglugerð ættu gerðarviðurkenningar sem eru veittar fyrir ökutæki, kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar í samræmi við þessar reglugerðir að halda gildi sínu og rýmkun slíkra viðurkenninga ætti áfram að vera möguleg samkvæmt skilmálum niðurfelldu gerðanna.

16) Valdheimildirnar sem er að finna í 4. gr. (7. mgr.), 8. gr. (3. mgr.) og 10. gr. (3. mgr.) reglugerðar (ESB) 2019/2144 miða að því að innleiða samræmdar verklagsreglur og tækniforskriftir fyrir gerðarviðurkenningu ökutækja, og einnig kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga sem ætluð eru fyrir slík ökutæki, með tilliti til almennra smíðaeiginleika þeirra og öryggis. Þar sem þær valdheimildir eru nátengdar efnislega ætti að safna þeim saman í þessari reglugerð.

17) Þar eð viðeigandi ákvæði sem sett eru fram í reglugerð (ESB) 2019/2144 skulu gilda frá 6. júlí 2022 ætti einnig að fresta beitingu þessarar reglugerðar til þess dags.

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ákvæði um samræmdar verklagsreglur og tækniforskriftir fyrir ESB-gerðarviðurkenningu ökutækja í flokkum M, N og O, og kerfa, íhluta og aðskilinna tæknieininga í samræmi við 4. gr. (7. mgr.), 8. gr. (3. mgr.) og 10. gr. (3. mgr.) reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144.

2. Í þessari reglugerð er einnig kveðið á um samræmdar verklagsreglur sem heimila gerðarviðurkenningu í einu eða fleiri eftirfarandi tilvika:

a) í kerfum í ökutækjum þar sem íhlutum og aðskildum tæknieiningum með ESB-gerðarviðurkenningarmerki er beitt í stað SÞ-gerðarviðurkenningarmerkis með tilliti til þeirra krafna sem settar eru fram í reglugerðum SÞ sem tilgreindar eru í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2144 og

b) þegar framleiðandi er tilnefndur sem tækniþjónusta, í samræmi við 1. mgr. 72. gr. og VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858, að því er varðar kröfurnar sem settar eru fram í reglugerðum SÞ sem tilgreindar eru í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2144 og

c) ef sýndarprófun, í samræmi við 7. mgr. 30. gr. og VIII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/858, hefur verið beitt að því er varðar kröfurnar sem settar eru fram í reglugerðum SÞ sem tilgreindar eru í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2144.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „*gerð ökutækis*“: ökutæki eins og skilgreint er í B-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858,

2) „*gerð ökutækis að því er varðar lögboðna áletrun*“: ökutæki sem eru ekki ólík að því er varðar grunnþætti svo sem:

   a) samsetningu verksmiðjunúmers ökutækis,

   b) einkenni og staðsetningu lögboðinnar áletrunar,

3) „*lögboðin merkiplata*“: plata eða merkimiði sem framleiðandi festir á ökutæki og inniheldur upplýsingar um helstu tæknilega eiginleika sem skipta máli vegna auðkenningar ökutækisins og veitir lögbærum yfirvöldum viðeigandi upplýsingar um leyfilegan hámarksmassa með hleðslu,

4) „*verksmiðjunúmer ökutækis (VIN)*“: alstafakóði sem framleiðandi úthlutar ökutæki til þess að tryggja rétta auðkenningu sérhvers ökutækis,

5) „*gerð ökutækis að því er varðar flöt fyrir uppsetningu og festingu á skráningarmerki*“: ökutæki sem eru ekki ólík að því er varðar grunnþætti svo sem:

   a) mál flatarins fyrir uppsetningu og festingu á skráningarmerki að framan og aftan,

   b) staðsetningu flatarins fyrir uppsetningu og festingu á skráningarmerki að framan og aftan,

   c) lögun flatarins fyrir uppsetningu og festingu á skráningarmerki að framan og aftan,

6) „*gerð ökutækis að því er varðar framrúðuþurrku og -sprautubúnað*“: ökutæki sem eru ekki ólík að því er varðar grunnþætti svo sem eiginleika rúðuþurrku og sprautubúnaðar eða lögun, stærð og eiginleika framrúðunnar og uppsetningu hennar,

7) „*gerð framrúðusprautubúnaðar*“: hópur framrúðusprautubúnaðar sem er ekki ólíkir að því er varðar grunnþætti svo sem nýtni dælunnar, smíðaefni sem eru notuð, geymslurými, fjölda stúta, stærðir, veggþykkt eða lögun sprautubúnaðarins,

8) „*framrúðuþurrkubúnaður*“: kerfi sem samanstendur af búnaði til að þurrka ytra yfirborð framrúðunnar ásamt aukahlutum og nauðsynlegum stjórntækjum til að gangsetja og stöðva búnaðinn,

9) „*framrúðusprautubúnaður*“: kerfi sem samanstendur af búnaði til að geyma, flytja og beina vökva á ytra yfirborð framrúðunnar ásamt nauðsynlegum stjórntækjum til að gangsetja og stöðva búnaðinn,

10) „*gerð ökutækis að því er varðar hjólhlífar*“: ökutæki sem eru ekki ólík að því er varðar grunnþætti svo sem eiginleika hjólhlífanna eða lágmarks- og hámarksstærðir hjólbarða og hjóla sem henta til áfestingar, með tilliti til viðeigandi stærðarsviðs hjólbarða og stærðar og afstæði felgna,

11) „*gerð ökutækis að því er varðar afísingar- og móðuhreinsunarkerfi framrúðu*“: ökutæki sem eru ekki ólík að því er varðar grunnþætti svo sem:

   a) eiginleika afísingar- og móðuhreinsunarkerfa,

   b) ytra og innra form og tilhögun innan þess 180º sjónsviðs sem bílstjórinn hefur fram á við og getur haft áhrif á skyggni,

   c) lögun, stærð, þykkt og einkenni framrúðu og festingar hennar,

   d) hámarksfjölda sæta,

12) „*afísingarkerfi*“: kerfi sem ætlað er til að eyða hrími eða ís á ytra yfirborði framrúðu,

13) „*móðuhreinsunarkerfi*“: kerfi sem ætlað er til að fjarlægja móðu á innra yfirborði framrúðu,

14) „*gerð ökutækis að því er varðar dráttarbúnað*“: ökutæki sem eru ekki ólík að því er varðar grunnþætti svo sem eiginleika dráttarbúnaðar,

15) „*dráttarbúnaður*“: búnaður í formi króks, auga eða annars, sem hægt er að festa tengingu í, t.d. dráttarstöng eða dráttartóg,

16) „*gerð ökutækis að því er varðar hjól- og aurhlífar*“: fullbúin eða ófullbúin ökutæki eða fjölþrepa fullbúin ökutæki, sem eru ekki ólík að því er varðar grunnþætti svo sem:

a) gerð hjól- og aurhlífatækis sem er uppsett á ökutæki,

b) gerðarheiti framleiðanda fyrir hjól- og aurhlífakerfi,

17) *„gerð hjól- og aurhlífatækis“*: tæki sem eru ekki ólík hvað varðar eftirfarandi helstu eiginleika:

a) Efnislega aðferð sem notuð er til að draga úr skvettum (orkugleypni vatns, loft- og vatnsskilja),

b) efni,

c) lögun,

d) mál, að því leyti sem þau kunna að hafa áhrif á eiginleika efnisins,

18) „*hjól- og aurhlífakerfi*“ [áður *hjól- og aurhlífabúnaður*]: kerfi sem hindrar sundrun þess vatns sem hjólbarðar ökutækis á hreyfingu þeyta upp og samansettur af aurbretti, aurflöpum og köppum búnum hjól- og aurhlífatæki,

19) „*hjól- og aurhlífatæki*“: hluti hjól- og aurhlífakerfis sem getur samanstaðið af loft- og vatnsskilju og orkugleypi,

20) „*gerð ökutækis að því er varðar gírskiptivísi*“: ökutæki sem eru ekki ólík að því er varðar grunnþætti svo sem starfræna eiginleika gírskiptivísis og aðferð sem gírskiptivísirinn notar til að ákvarða hvenær skuli gefa til kynna gírskiptingu, þ.m.t.:

a) ábendingu um að skipta upp við tiltekinn snúningshraða hreyfils,

b) ábendingu um að skipta upp þegar tiltekinn ferill eldsneytisnotkunar hreyfils sýnir að tiltekin lágmarksminnkun eldsneytisnotkunar náist í hærri gír,

c) ábendingu um að skipta upp þegar nauðsynlegt snúningsvægi fæst í hærri gír,

21) „starfrænir eiginleikar gírskiptivísis“: mengi ílagsþátta, svo sem snúningshraði hreyfils, aflþörf, snúningsvægi og breyting þeirra eftir tíma, sem ákvarða ábendingar gírskiptivísisins, og hvernig virkni gírskiptivísisins er háð þessum þáttum,

22) „*gerð ökutækis að því er varðar aðgang að ökutæki*“: ökutæki sem eru ekki ólík að því er varðar grunnþætti eins og eiginleika þrepa við inngang, handföng og stigbretti,

23) „*gerð ökutækis að því er varðar hreyfingu aftur á bak*“: ökutæki sem eru ekki ólík að því er varðar grunnþætti eins og eiginleika bakkbúnaðar,

24) „*gerð ökutækis að því er varðar massa og mál*“: ökutæki sem eru ekki ólík að því er varðar einhverja af eftirfarandi þáttum:

a) viðskiptaheiti eða -merki framleiðanda,

b) flokkun,

c) helsta hlutverk,

25) „*tæki og búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi*“: tæki eða búnaður sem er hannaður til að draga úr loftmótstöðu ökutækja á vegum, að undanskildum framlengdum stýrishúsum,

26) „*gerð vetnisgeymslukerfis*“: samstæða íhluta sem eru ekki ólíkir að því er varðar grunnþætti svo sem ástand geymds vetniseldsneytis eða þjappaðs gass, nafngildi vinnuþrýstings, formgerð, smíðaefni, rúmtak og stærðarmál geymisins, svo og formgerð, smíðaefni og grundvallareiginleika þrýstiloka, einstefnuloka og afsláttarloka,

27) „*gerð ökutækis að því er varðar vetnisöryggi*“: hópur ökutækja sem eru ekki ólík að því er varðar grunnþætti svo sem grunnsamskipan og helstu eiginleika eldsneytiskerfis ökutækisins fyrir vetni,

28) „*gerð vetnisíhlutar*“: hópur vetnisíhluta sem eru ekki ólíkir að því er varðar grunnþætti svo sem stöðu geymds vetniseldsneytis eða þjappaðs gass, virkni íhlutarins og formgerðar hans, smíðaefni og stærðarmál.

II. KAFLI

GERÐARVIÐURKENNING Í SAMRÆMI VIÐ GRUNNKRÖFUR Á GRUNDVELLI REGLUGERÐA SÞ

3. gr.

Umsókn um gerðarviðurkenningu

1. Í einu eða fleiri tilvikum, sem um getur í 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar, skulu framleiðendur eða fulltrúar þeirra leggja fram umsóknir um gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar, í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í reglugerðum SÞ sem tilgreindar eru í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2144, til gerðarviðurkenningaryfirvaldsins, og nota skal fyrirmyndina að upplýsingaskjalinu sem mælt er fyrir um í 1. hluta I. viðauka.

2. Ekki þarf að lýsa einstökum atriðum allra íhluta og aðskilinna tæknieininga, sem hafa ESB-gerðarviðurkenningu eða SÞ-gerðarviðurkenningu og eru sett upp í ökutæki eða eru felld inn í annan íhlut eða aðskilda tæknieiningu, í upplýsingaskjalinu sem um getur í 1. mgr., ef númer og merkingar gerðarviðurkenningarvottorðs eru í upplýsingaskjalinu og viðeigandi gerðarviðurkenningarvottorð, ásamt fylgiskjölum þeirra, eru gerð aðgengileg gerðarviðurkenningaryfirvaldinu.

3. Samþykkja skal íhluti og aðskildar tæknieiningar sem hafa gilt ESB-gerðarviðurkenningarmerki jafnvel í tilvikum þar sem þau eru notuð í staðinn fyrir íhluti og aðskildar tæknieiningar sem krafist er að beri SÞ-gerðarviðurkenningarmerki í samræmi við reglugerð (ESB) 2019/2144 og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir sem eru samþykktar samkvæmt henni þar sem sett er fram ákvæði á sviðum sem falla undir reglugerðir SÞ.

4. gr.

Veiting gerðarviðurkenningar

1. Ef gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem lögð er fram til gerðarviðurkenningar uppfyllir viðeigandi tæknilegar kröfur í reglugerðum SÞ skal ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið, sem gerðarviðurkenningaryfirvaldið gefur út í samræmi við 1. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858, fylgja fyrirmyndinni sem sett er fram í 2. hluta I. viðauka, ásamt útfylltu samskiptaeyðublaði sem samsvarar viðeigandi fyrirmynd í þeirri reglugerð SÞ sem beitt er og skilja skal færsluna fyrir SÞ-gerðarviðurkenningarnúmer eftir auða.

2. Sérhver íhlutur eða aðskilin tæknieining sem er í samræmi við gerð sem hefur fengið gerðarviðurkenningu samkvæmt reglugerð (ESB) 2019/2144 skal bera ESB-gerðarviðurkenningarmerki aðskilinnar tæknieiningar í samræmi við 4. mgr. V. viðauka við reglugerð (ESB) 2020/683.

III. KAFLI

ESB-GERÐARVIÐURKENNING ÖKUTÆKIS MEÐ TILLITI TIL TILTEKINNA SÉRTÆKRA KRAFNA UM SMÍÐI OG ÖRYGGI

5. gr.

Umsókn um ESB-gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis að því er varðar tiltekin kerfi í ökutækjum

1. Framleiðendur eða fulltrúar þeirra skulu leggja fyrir gerðarviðurkenningaryfirvaldið sérstaka umsókn um ESB-gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis að því er varðar hvert eftirfarandi atriði og nota til þess viðeigandi fyrirmynd að upplýsingaskjali í samræmi við a-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858:

a) útlit og staðsetningu lögboðinnar merkiplötu og samsetningu og staðsetningu verksmiðjunúmers ökutækis og nota skal fyrirmyndina sem inniheldur upplýsingarnar sem taldar eru upp í 1. hluta II. viðauka,

b) flöt fyrir uppsetningu og festingu skráningarmerkis að framan og aftan og nota skal fyrirmyndina sem inniheldur upplýsingarnar sem taldar eru upp í 1. hluta III. viðauka,

c) framrúðuþurrku og -sprautubúnað og nota skal fyrirmyndina sem inniheldur upplýsingarnar sem taldar eru upp í A-þætti 1. hluta IV. viðauka,

d) hjólhlífar og nota skal fyrirmyndina sem inniheldur upplýsingarnar sem taldar eru upp í 1. hluta V. viðauka,

e) afísingar- og móðuhreinsunarkerfi framrúðu og nota skal fyrirmyndina sem inniheldur upplýsingarnar sem taldar eru upp í 1. hluta VI. viðauka,

f) dráttarbúnað og nota skal fyrirmyndina sem inniheldur upplýsingarnar sem taldar eru upp í 1. hluta VII. viðauka,

g) hjól- og aurhlífakerfi og nota skal fyrirmyndina sem inniheldur upplýsingarnar sem taldar eru upp í A-þætti 1. hluta VIII. viðauka,

h) gírskiptivísi og nota skal fyrirmyndina sem inniheldur upplýsingarnar sem taldar eru upp í 1. hluta IX. viðauka,

i) aðgang að ökutæki og nota skal fyrirmyndina sem inniheldur upplýsingarnar sem taldar eru upp í 1. hluta X. viðauka,

j) hreyfingu aftur á bak og nota skal fyrirmyndina sem inniheldur upplýsingarnar sem taldar eru upp í 1. hluta XI. viðauka,

k) massa og mál ökutækis og nota skal fyrirmyndina sem inniheldur upplýsingarnar sem taldar eru upp í A-þætti 1. hluta XIII. viðauka,

l) ef um er að ræða vetnisknúin ökutæki með eldsneytiskerfi sem í er geymslukerfi fyrir fljótandi vetni (LHSS) eða geymslukerfi fyrir þjappað vetni (CHSS) skal nota fyrirmyndina sem inniheldur upplýsingarnar sem taldar eru upp í A-þætti 1. hluta XIV. viðauka.

2. Leggja skal fram umsókn um ESB-gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis að því er varðar gírskiptivísinn sem um getur í h-lið 1. mgr., ásamt yfirlýsingu framleiðanda um að ökutækið uppfylli viðeigandi tækniforskriftir sem settar eru fram í þessari reglugerð og vottorði sem er útbúið í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í viðbætinum við 1. hluta IX. viðauka.

3. Framleiðandi skal, ef viðurkenningaryfirvald eða tækniþjónusta óskar eftir því, láta í té til prófunar ökutæki sem er dæmigert fyrir þá gerð sem á að viðurkenna.

6. gr.

Veiting ESB-gerðarviðurkenningar fyrir gerð ökutækis að því er varðar tiltekin kerfi í ökutækjum

1. Þegar tækniforskriftirnar, sem settar eru fram í 2. hluta II. til XIII. viðauka og í D- og E-þætti 2. hluta XIV. viðauka að því er varðar viðkomandi kröfur sem taldar eru upp í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2144, eru uppfylltar skal gerðarviðurkenningaryfirvaldið veita ESB-gerðarviðurkenningu og gefa út númer gerðarviðurkenningarvottorðs í samræmi við aðferðina sem sett er fram í IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683.

2. ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið, sem um getur í 1. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858, skal útbúið í samræmi við:

a) ákvæði 3. hluta II. viðauka fyrir atriðið sem um getur í a-lið 1. mgr. 5. gr.,

b) ákvæði 3. hluta III. viðauka fyrir atriðið sem um getur í b-lið 1. mgr. 5. gr.,

c) A-þátt 3. hluta IV. viðauka að því er varðar atriðið sem um getur í c-lið 1. mgr. 5. gr.,

d) ákvæði 3. hluta V. viðauka fyrir atriðið sem um getur í d-lið 1. mgr. 5. gr.,

e) ákvæði 3. hluta VI. viðauka fyrir atriðið sem um getur í e-lið 1. mgr. 5. gr.,

f) ákvæði 3. hluta VII. viðauka fyrir atriðið sem um getur í f-lið 1. mgr. 5. gr.,

g) A-þátt 3. hluta VIII. viðauka að því er varðar atriðið sem um getur í g-lið 1. mgr. 5. gr.,

h) ákvæði 3. hluta IX. viðauka fyrir atriðið sem um getur í h-lið 1. mgr. 5. gr.,

i) ákvæði 3. hluta X. viðauka fyrir atriðið sem um getur í i-lið 1. mgr. 5. gr.,

j) ákvæði 3. hluta XI. viðauka fyrir atriðið sem um getur í j-lið 1. mgr. 5. gr.,

k) A-þátt 3. hluta XIII. viðauka að því er varðar atriðið sem um getur í k-lið 1. mgr. 5. gr. og

l) A-þátt 3. hluta XIV. viðauka að því er varðar atriðið sem um getur í l-lið 1. mgr. 5. gr.

3. Í samræmi við aðra undirgrein 5. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858 má veita ESB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki sem hafa mál umfram leyfileg hámarksmál sem sett eru fram í lið 1.1.í B-, C- og D-þætti 2. hluta XIII. viðauka við þessa reglugerð, en í því tilviki skal athugasemdin „undanþága frá leyfilegum hámarksmálum“ koma fram í 52. lið gerðarviðurkenningarvottorðsins og samræmisvottorðsins.

4. Veita má ESB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki sem ætluð eru til flutninga á óskiptanlegum farmi og eru stærri að málum en leyfileg hámarksmál sem sett eru fram í lið 1.1.í B-, C- og D-þætti 2. hluta XIII. viðauka við þessa reglugerð, en í því tilviki skal í gerðarviðurkenningarvottorði og samræmisvottorði gefið skýrt til kynna að ökutækið sé einungis ætlað til flutninga á óskiptanlegum farmi.

IV. KAFLI

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGAR AÐSKILINNA TÆKNIEININGA OG ÍHLUTA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR TILTEKIN KERFI OG ÍHLUTI Í ÖKUTÆKJUM

7. gr.

Umsókn um ESB-gerðarviðurkenningu aðskilinnar tæknieiningar að því er varðar kerfi og búnað

Umsóknir um ESB-gerðarviðurkenningu aðskilinnar tæknieiningar, að því er varðar hvert eftirfarandi kerfi og búnað, skulu teknar saman í samræmi við viðkomandi fyrirmynd að upplýsingaskjali sem um getur í a-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858:

a) framrúðusprautubúnað og nota skal fyrirmyndina sem inniheldur upplýsingarnar sem taldar eru upp í B-þætti 1. hluta IV. viðauka,

b) hjól- og aurhlífakerfi og nota skal fyrirmyndina sem inniheldur upplýsingarnar sem taldar eru upp í B-þætti 1. hluta VIII. viðauka,

c) varnarbúnað að framan og nota skal fyrirmyndina sem inniheldur upplýsingarnar sem taldar eru upp í 1. hluta XII. viðauka,

d) tæki eða búnað sem dregur úr loftnúningsviðnámi og nota skal fyrirmyndina sem inniheldur upplýsingarnar sem taldar eru upp í B-þætti 1. hluta XIII. viðauka.

8. gr.

Veiting ESB-gerðarviðurkenningar fyrir aðskilda tæknieiningu

1. Ef farið er að tækniforskriftunum sem settar eru fram í 2. hluta IV. viðauka við þessa reglugerð að því er varðar kröfurnar um framrúðusprautubúnað, í 2. hluta VIII. viðauka að því er varðar hjól- og aurhlífakerfi, í 2. hluta XII. viðauka að því er varðar varnarbúnað að framan og í I. þætti 2. hluta XIII. viðauka að því er varðar tæki og búnað sem dregur úr loftnúningsviðnámi, skal, í samræmi við 29. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858, veita ESB-gerðarviðurkenningu aðskilinnar tæknieiningar fyrir þessar gerðir af kerfum og búnaði og gefa út númer gerðarviðurkenningarvottorðs í samræmi við aðferðina sem sett er fram í IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683.

2. ESB-gerðarviðurkenningarvottorð, sem gefin eru út í samræmi við 1. mgr. 28. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858, fyrir kerfin og búnaðinn sem um getur í 5. gr. skulu útbúin í samræmi við:

a) B-þátt 3. hluta IV. viðauka fyrir kerfin sem um getur í a-lið 7. gr.,

b) B-þátt 3. hluta VIII. viðauka fyrir kerfin sem um getur í b-lið 7. gr.,

c) B-þátt 3. hluta XII. viðauka fyrir kerfin sem um getur í c-lið 7. gr.,

d) B-þátt 3. hluta XIII. viðauka fyrir búnaðinn sem um getur í d-lið 7. gr.

9. gr.

Umsókn um ESB-gerðarviðurkenningu íhlutar

Umsóknir um ESB-gerðarviðurkenningu íhlutar, að því er varðar eftirfarandi vetnisíhluti, skulu teknar saman í samræmi við viðkomandi fyrirmynd að upplýsingaskjali sem um getur í a-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858 og innihalda upplýsingarnar sem taldar eru upp í B-þætti 1. hluta XIV. viðauka:

a) geymslukerfi fyrir fljótandi vetni, þ.m.t. geymar þeirra, þrýstilokar og lokunarbúnaður, með tilliti til öryggisframmistöðu og efnissamhæfis,

b) geymslukerfi fyrir þjappað vetni, þ.m.t. geymar þeirra og aðallokunarbúnaður, sem samanstendur af hitaknúnu þrýstiöryggistæki (TPRD), einstefnuloka og sjálfvirkum afsláttarlokum að því er varðar samhæfi þeirra við efni.

10. gr.

Veiting ESB-gerðarviðurkenningar fyrir íhlut

1. Ef farið er að tækniforskriftunum, sem settar eru fram í B-, C- og F-þætti 2. hluta XIV. viðauka fyrir íhluti sem um getur í a-lið 9. gr. og í F-þætti fyrir íhluti sem um getur í b-lið þeirrar greinar, að því er varðar viðkomandi kröfur sem taldar eru upp í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2144, skal gerðarviðurkenningaryfirvaldið, í samræmi við 29. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858, veita ESB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð vetnisíhlutar og gefa út númer gerðarviðurkenningarvottorðs í samræmi við aðferðina sem sett er fram í IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683.

2. ESB-gerðarviðurkenningarvottorð fyrir íhlutina sem um getur í 9. gr. skal útbúið í samræmi við B-þátt 3. hluta XIV. viðauka.

11. gr.

Gerðarviðurkenningarmerki

1. Gerðarviðurkenningarmerki aðskilinnar tæknieiningar í gerð kerfis eða búnaðar, sem um getur í 2. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858, skal samansett og fest á í samræmi við:

a) C-þátt 3. hluta IV. viðauka að því er varðar kerfin sem um getur í a-lið 7. gr.,

b) C-þátt 3. hluta VIII. viðauka að því er varðar kerfin sem um getur í b-lið 7. gr.,

c) B-þátt 3. hluta XII. viðauka að því er varðar kerfin sem um getur í c-lið 7. gr.,

d) C-þátt 3. hluta XIII. viðauka að því er varðar tækin og búnaðinn sem um getur í d-lið 7. gr.

2. Gerðarviðurkenningarmerki íhlutar fyrir gerð íhlutar sem um getur í 9. gr. skal samsett og fest á í samræmi við C-þátt 3. hluta XIV. viðauka.

V. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

12. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Frá og með 6. júlí 2022 skulu gerðarviðurkenningaryfirvöld synja um veitingu ESB-gerðarviðurkenningar fyrir nýjar gerðir ökutækja, að því er varðar vartölu verksmiðjunúmers ökutækis, sem eru ekki í samræmi við tækniforskriftirnar sem settar eru fram í C-þætti 2. hluta II. viðauka að því er varðar viðkomandi kröfur sem tilgreindar eru í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2144.

2. Frá og með 7. júlí 2026 skulu landsbundin yfirvöld, af ástæðum sem varða vartölu verksmiðjunúmers ökutækis, synja um skráningu, setningu á markað og það að taka í notkun ökutæki sem eru ekki í samræmi við tækniforskriftirnar sem settar eru fram í C-þætti 2. hluta II. viðauka, að því er varðar viðkomandi kröfur sem tilgreindar eru í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2144.

3. Frá og með 6. júlí 2022 skulu gerðarviðurkenningaryfirvöld synja um veitingu ESB-gerðarviðurkenningar fyrir nýjar gerðir ökutækja, að því er varðar flöt fyrir uppsetningu og festingu á skráningarmerki að framan, sem eru ekki í samræmi við tækniforskriftirnar sem settar eru fram í 2. hluta III. viðauka að því er varðar viðkomandi kröfur sem tilgreindar eru í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2144.

4. Frá og með 7. júlí 2026 skulu landsbundin yfirvöld, af ástæðum sem varða flöt fyrir uppsetningu og festingu skráningarmerkis að framan, synja um skráningu, setningu á markað og það að taka í notkun ökutæki sem eru ekki í samræmi við tækniforskriftirnar sem settar eru fram í 2. hluta III. viðauka, að því er varðar viðkomandi kröfur sem tilgreindar eru í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2019/2144.

5. Í samræmi við 1. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2144 skulu landsyfirvöld heimila að ökutæki, kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar sem gerðarviðurkennd eru fyrir 6. júlí 2022 séu seld og tekin í notkun og halda áfram að veita rýmkun á viðurkenningum fyrir þau ökutæki, kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar samkvæmt skilmálum reglugerðar (EB) nr. 78/2009, reglugerðar (EB) nr. 79/2009 eða reglugerðar (EB) nr. 661/2009 og framkvæmdarráðstafana þeirra að því er varðar viðfangsefnið sem fjallað er um í II. til XIV. viðauka við þessa reglugerð.

13. gr.

Tilhögun upplýsingamiðlunar

Til að meta þörfina fyrir frekari þróun skulu framleiðendur og gerðarviðurkenningaryfirvöld veita framkvæmdastjórninni, sé þess óskað, upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 1., 2. og 3. hluta IX. viðauka. Framkvæmdastjórnin og fulltrúar hennar skulu fara með upplýsingarnar sem trúnaðarmál.

14. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 6. júlí 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. mars 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

I. VIÐAUKI

GERÐARVIÐURKENNINGAR Á SVIÐUM SEM FALLA UNDIR REGLUGERÐIR SÞ

1. HLUTI

Upplýsingaskjal

FYRIRMYND

Upplýsingaskjal nr. … um ESB-gerðarviðurkenningu ökutækis með tilliti til *kerfis/íhlutar/aðskilinnar tæknieiningar* (1), sem varðar reglugerð SÞ nr. ..., *eins og henni var breytt með ... röð breytinga/eins og henni var breytt með viðbæti ... við ... röð breytinga* (1), varðandi … sem byggir á og er sniðið í samræmi við númeraröðina í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 (2)

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti ef við á. Teikningar eða myndir, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu vera nægilega nákvæmar.

0. ALMENNT

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð:

0.2.1. Verslunarheiti (ef til er):

0.3. Gerðarauðkenni, ef slíkt er á *ökutækinu/íhlutnum/aðskildu tæknieiningunni* (1) (3):

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:

0.4. Ökutækjaflokkur (4):

0.5. Heiti fyrirtækis og heimilisfang framleiðanda:

0.8. Heiti og heimilisfang eða heimilisföng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

0.9. Heiti og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):

1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS

1.1. Ljósmyndir, myndir og/eða teikningar af dæmigerðu *ökutæki/íhlut/aðskilinni tæknieiningu* (1):

Öll atriði og upplýsingar sem á eftir koma og skipta máli fyrir ökutækið, íhlutinn eða aðskildu tæknieininguna skulu lögð fram í samráði við tækniþjónustuna og gerðarviðurkenningaryfirvaldið sem ber ábyrgð á veitingu ESB-gerðarviðurkenningarinnar sem umsóknin var lögð fram fyrir. Heimilt er að byggja á fyrirmynd að upplýsingaskjali ef hún fylgir reglugerð SÞ nr. …, en að öðrum kosti skal, að því marki sem mögulegt er, byggja á númeraröðinni í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 (t.d. heildarskrá yfir upplýsingar fyrir ESB-gerðarviðurkenningu ökutækja, íhluta og aðskilinna tæknieininga) og allar viðbótarupplýsingar eða einstök atriði sem krafist er vegna viðurkenningar samkvæmt reglugerð SÞ nr. … skulu fylgja með.

Skýringar:

Númeraröð upplýsingaskjala í samræmi við sniðmátið sem mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858

(1) Strika skal yfir það sem á ekki við.

(2) Hafi hluti (t.d. íhlutur eða aðskilin tæknieining) hlotið gerðarviðurkenningu er óþarfi að lýsa honum sé vísað til viðurkenningarinnar. Þá er óþarft að lýsa hluta ef greinilega má ráða af meðfylgjandi skýringarmynd eða teikningum hvernig smíði hans er háttað. Fyrir hvern lið þar sem beðið er um að teikningar, myndir eða ljósmyndir fylgi skal gefa upp númer á samsvarandi fylgiskjölum.

(3) Ef í gerðarauðkenni eru rittákn, sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar, sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til, skal setja spurningarmerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).

(4) Flokkað samkvæmt skilgreiningunum sem settar eru fram í A-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858.

2. HLUTI

FYRIRMYND

Snið: A4 (210 × 297 mm)

GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Auðkenning gerðarviðurkenningaryfirvalds

Tilkynning um *veitingu*/*rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* (1) gerðarviðurkenningar fyrir gerð *ökutækis að því er varðar kerfi*/*íhlut*/*aðskilda tæknieiningu* (1) sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð SÞ nr. … *eins og henni var breytt með ... röð breytinga/eins og henni var breytt með viðbæti ... við ... röð breytinga* (1), að því er varðar reglugerð (ESB) 2019/2144 eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. …/…

Númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins:

Ástæða fyrir *rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* (1):

I. ÞÁTTUR

0. ALMENNT

0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):

0.2. Gerð:

0.2.1. Verslunarheiti (ef til er):

0.3. Gerðarauðkenni, ef slíkt er á *ökutækinu*/*íhlutnum*/*aðskildu tæknieiningunni* (1):

0.3.1. Staðsetning auðkennisins:

0.4. Ökutækjaflokkur (2):

0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:

0.8. Heiti og heimilisfang eða heimilisföng samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

0.9. Heiti og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):

1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS

1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki:

II. ÞÁTTUR

1. Viðbótarupplýsingar (ef við á): sjá viðbót.

2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:

3. Dagsetning prófunarskýrslu:

4. Númer prófunarskýrslu:

(1) Strika skal yfir það sem á ekki við.
(2) Flokkað samkvæmt skilgreiningunum sem settar eru fram í A-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858.

5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót.

6. Staður:

7. Dagsetning:

8. Undirskrift:

Fylgiskjöl:

— Upplýsingasafn

— Prófunarskýrsla

— Útfyllt tilkynningareyðublað í samræmi við viðeigandi fyrirmynd í gildandi reglugerð SÞ, þó án þess að nefna að veitt hafi verið SÞ-viðurkenning eða hún rýmkuð og án þess að nefna SÞ-gerðarviðurkenningarnúmer

Viðauki

við númer gerðarviðurkenningarvottorðs …

1. Byggt á reglugerð SÞ með íhlutum eða aðskildum tæknieiningum með ESB-gerðarviðurkenningu: *já*/*nei* ([3])
2. Viðurkenningaraðferð skv. 7. mgr. 30. gr. reglugerðar ESB 2018/858 (sýndarprófun): *já*/*nei* ([3])
3. Viðurkenningaraðferð skv. 1. mgr. 72. gr. og VII. viðauka við reglugerð ESB 2018/858 (innri tækniþjónusta): *já*/*nei* ([3])
4. Ef um er að ræða íhluti eða aðskildar tæknieiningar, dæmi um gerðarviðurkenningarmerki á íhlutnum eða aðskildu tæknieiningunni:
5. Athugasemdir:

———

([3]) Strika skal yfir það sem á ekki við.

II. VIÐAUKI

LÖGBOÐIN MERKIPLATA OG VERKSMIÐJUNÚMER ÖKUTÆKIS

1. HLUTI

Upplýsingaskjal fyrir ESB-gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra að því er varðar lögboðna merkiplötu og verksmiðjunúmer ökutækis (VIN)

FYRIRMYND

Upplýsingaskjal nr. ... um ESB-gerðarviðurkenningu ökutækis að því er varðar lögboðna merkiplötu ökutækis og verksmiðjunúmer ökutækis.

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti. Teikningar eða myndir, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu vera nægilega nákvæmar.

0.1.

0.2.

0.2.1.

0.3.

0.3.1.

0.4.

0.5.

0.6.

0.6.1.

0.6.2.

0.8.

0.9.

1.

1.1.

9.

9.17.

9.17.1.

9.17.2.

9.17.3.

9.17.4.

9.17.4.1.

9.17.4.2.

9.17.4.3.

Skýringar:

Þetta upplýsingaskjal er byggt á sniðmátinu sem mælt er fyrir um í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 og skal útfyllt með viðeigandi upplýsingum undir liðunum sem eru skráðir hér að framan, eins og skilgreint er í því sniðmáti.

2. HLUTI

A-þáttur

Tækniforskriftir

1. Lögboðin merkiplata framleiðanda

1.1. Almenn ákvæði:

1.1.1. Sérhvert ökutæki skal búið lögboðinni merkiplötu framleiðanda eins og lýst er í þessum hluta

1.1.2. Lögboðin merkiplata framleiðanda skal áfest af framleiðanda ökutækisins eða fulltrúa framleiðanda ökutækisins.

1.1.3. Lögboðin merkiplata framleiðanda skal samanstanda af einu af eftirfarandi:

a) rétthyrndri málmplötu,

b) rétthyrndum sjálflímandi merkimiða.

1.1.4. Málmplötur skulu festar með hnoðnöglum eða samsvarandi aðferð.

1.1.5. Merkimiðar skulu þannig gerðir að þeir sýni hvort átt hefur verið við þá, vera varðir gegn svikum og eyðileggjast ef tilraun er gerð til að fjarlægja merkimiðann.

1.2. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á lögboðinni merkiplötu framleiðanda.

1.2.1. Eftirfarandi upplýsingar skulu prentaðar óafmáanlega á lögboðna merkiplötu framleiðanda í eftirfarandi röð:

a) heiti fyrirtækis framleiðandans,

b) gerðarviðurkenningarnúmer hins fullbúna ökutækis,

c) smíðaþrep, þegar um er að ræða annað þrep og síðari þrep ökutækja sem eru smíðuð í mörgum þrepum eins og um getur í lið 4.2 í IX. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858,

d) verksmiðjunúmer ökutækis,

e) tæknilega leyfilegan hámarksmassa með hleðslu,

f) tæknilega leyfilegan hámarksmassa samtengda ökutækisins,

g) tæknilega leyfilegan hámarksmassa á hvern ás, talið í röð framan frá og aftur.

1.2.2. Rittáknin sem um getur í d-lið liðar 1.2.1 skulu ekki vera minni en 4 mm á hæð.

1.2.3. Rittáknin sem um getur í lið 1.2.1, önnur en verksmiðjunúmer ökutækis, skulu ekki vera minni en 2 mm á hæð.

1.3. Sértæk ákvæði

1.3.1. Eftirvagnar

1.3.1.1. Ef um er að ræða eftirvagn þarf tæknilega leyfilegur, lóðréttur hámarksstöðumassi á tengipunkti að koma fram.

1.3.1.2. Tengipunkturinn skal teljast vera ás. Þessi ás skal númeraður „0“.

1.3.1.3. Fyrsti ásinn skal númeraður „1“, annar ásinn „2“ og svo framvegis og númerin aðskilin með bandstriki.

1.3.1.4. Sleppa skal massa samtengda ökutækisins sem um getur í f-lið liðar 1.2.1.

1.3.2. Þung ökutæki

1.3.2.1. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi á ásahóp skal koma fram, fyrir ökutæki í flokki N_3, O_3 eða O_4. Færslan sem samsvarar „ásahóp“ skal auðkennd með bókstafnum „T“ með bandstriki þar á eftir.

1.3.2.2. Framleiðandinn getur tekið fram áætlaðan leyfilegan hámarkshleðslumassa við skráningu/upphaf notkunar á lögboðinni merkiplötu framleiðanda fyrir ökutæki í flokki M_3, N_3, O_3 eða O_4.

1.3.2.2.1. Þeim hluta lögboðinnar merkiplötu framleiðanda þar sem massi kemur fram skal skipt niður í tvo dálka: áætlaður leyfilegur hámarksmassi við skráningu/upphaf notkunar skal koma fram í vinstri dálkinum og tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu í hægri dálkinum.

1.3.2.2.2. Tveggja stafa kóði þess lands þar sem ætlunin er að skrá ökutækið skal koma fram sem fyrirsögn vinstri dálksins. Kóðinn skal vera í samræmi við staðalinn ISO 3166-1:2006.

1.3.2.3. Kröfur liðar 1.3.2.1 gilda ekki:

a) ef tæknilega leyfilegur hámarksmassi á ásahóp er summa tæknilega leyfilegs hámarksmassa á ásunum sem eru hluti þess ásahóps,

b) ef bókstafnum „T“ er bætt við sem viðskeyti við hámarksmassann á hverjum ási sem er hluti þess ásahóps og

c) þegar kröfunum í lið 1.3.2.2 er beitt er leyfilegur hámarksmassi ásahópsins við skráningu/upphaf notkunar summa leyfilegs hámarksmassa við skráningu/upphaf notkunar þeirra ása sem eru hluti þess ásahóps.

1.4. Viðbótarupplýsingar

1.4.1. Framleiðanda er heimilt að veita viðbótarupplýsingar fyrir neðan eða til hliðar við þær upplýsingar sem mælt er fyrir um, utan við skýrt afmarkaðan rétthyrning þar sem eru eingöngu upplýsingarnar sem um getur í liðum 1.2 og 1.3.

1.5. Fyrirmyndir að lögboðinni merkiplötu framleiðanda

1.5.1. Dæmi um mismunandi mögulegar fyrirmyndir að lögboðinni merkiplötu framleiðanda er að finna í B-þætti.

1.5.2. Þær upplýsingar sem fram koma á fyrirmyndunum eru ekki raunverulegar.

1.6. Kröfur vegna staðsetningar á ökutæki

1.6.1. Lögboðin merkiplata framleiðanda skal tryggilega fest á áberandi og aðgengilegum stað.

1.6.2. Staðsetningin skal valin þannig að ekki sé líklegt að skipt verði um þann hluta sem hún er fest á meðan ökutækið er í notkun.

2. Verksmiðjunúmer ökutækis (VIN)

2.1. Verksmiðjunúmer ökutækis skal samanstanda af eftirfarandi þremur hlutum ásamt vartölu:

a) auðkenni framleiðanda á heimsvísu (e. *world manufacturer identifier* - WMI)

b) lýsingu ökutækis (e. *vehicle descriptor section* - VDS)

c) tilgreiningu ökutækis (e. *vehicle indicator section* - VIS)

2.2. Auðkenni framleiðanda á heimsvísu (WMI) skal samanstanda af kóða sem framleiðanda ökutækisins er úthlutað og gerir það kleift að auðkenna þann framleiðanda.

2.2.1. Kóðinn skal samanstanda af þremur alstöfum, rómverskum hástöfum eða arabískum tölustöfum, sem er úthlutað af lögbæra yfirvaldinu í því landi þar sem höfuðstöðvar framleiðandans eru staðsettar.

2.2.2. Lögbært yfirvald skal hlíta fyrirmælum alþjóðastofnunarinnar sem um getur í ISO-staðlinum 3780:2009 „Road vehicles — World manufacturer identifier (WMI) code“.

2.2.3. Ef framleiðsla framleiðanda á heimsvísu er færri en 500 ökutæki á ári skal þriðja rittáknið alltaf vera „9“. Til þess að auðkenna slíka framleiðendur skal lögbæra yfirvaldið, sem um getur í lið 2.2, úthluta þriðja, fjórða og fimmta rittákni verksmiðjunúmers ökutækis.

2.3. Lýsing ökutækis (VDS) skal samanstanda af fimm alstöfum, rómverskum hástöfum eða arabískum tölustöfum, sem þjóna þeim tilgangi að gefa til kynna almenna eiginleika ökutækisins. Þegar framleiðandinn notar ekki eitt eða fleiri þessara fimm rittákna skal plássið sem er ónotað fyllt með alstöfum sem framleiðandinn ákveður til þess að heildarfjöldi rittákna sé fimm.

2.4. Níundi stafur í verksmiðjunúmeri ökutækis skal vera vartala sem er stærðfræðilega rétt í samræmi við formúluna sem tilgreind er í C-þætti.

2.5. Tilgreining ökutækis (VIS) skal samanstanda af átta alstöfum, rómverskum hástöfum eða arabískum tölustöfum þar sem síðustu fjórir stafirnir skulu aðeins vera tölur.

Tilgreining ökutækis skal ásamt auðkenni framleiðanda á heimsvísu (WMI) og lýsingu ökutækis (VDS) veita skýra auðkenningu á tilteknu ökutæki. Ónotuð stafbil skal fylla með tölustafnum „0“ til þess að heildarfjöldi rittákna sé átta.

2.6. Hæð rittáknanna í verksmiðjunúmeri ökutækis sem merkt er á undirvagninn skal ekki vera minni en 7 mm.

2.7. Ekki skal vera bil milli rittákna.

2.8. Notkun bókstafanna „I“, „O“ eða „Q“ er ekki leyfð.

2.9. Upphaf og endir verksmiðjunúmers ökutækis skal takmarkað við eitt tákn að vali framleiðanda. Það tákn skal hvorki vera rómverskur hástafur né arabískur tölustafur.

2.9.1. Þessa kröfu í lið 2.9 má fella niður ef verksmiðjunúmer ökutækis er í einni línu.

2.9.2. Ef verksmiðjunúmer ökutækis er í tveimur línum gildir krafan í lið 2.9 um hvora línu.

2.10. Kröfur um staðsetningu verksmiðjunúmers ökutækis

2.10.1. Verksmiðjunúmer ökutækis skal merkt í eina línu.

2.10.1.1. Ef ekki er hægt að merkja verksmiðjunúmer ökutækis í eina línu af tæknilegum orsökum, eins og t.d. vegna skorts á rými, getur landsyfirvald, að ósk framleiðanda, heimilað að verksmiðjunúmer ökutækis sé merkt í tvær línur. Í slíku tilviki má ekki rjúfa hlutana sem um getur í lið 2.1.

2.10.2. Verksmiðjunúmer ökutækis skal merkt með stimplun eða vélrænni hömrun á undirvagninn, grindina eða samsvarandi burðarvirki.

2.10.3. Nota má aðferðir, sem sýnt hefur verið fram á að bjóði upp á sama stig verndar gegn óheimilum breytingum eða fölsunum og vélræn hömrun, í stað þeirrar aðferðar.

2.10.4. Verksmiðjunúmer ökutækisins skal merkt á auðsýnilegum og auðveldlega aðgengilegum stað, og þannig að ekki sé hægt að afmá merkið og að það eyðist ekki.

2.10.5. Verksmiðjunúmer ökutækis skal staðsett á hægri hlið ökutækisins.

B-þáttur

Fyrirmynd að lögboðinni merkiplötu

1. FYRIRMYND A

fyrir ökutæki í flokkum M_1 og N_1

JERMY CLARKFILS AUTOMOBILES S.A.
e2*2018/858*11460
VRZUA5FX29J276031
1 850 kg
3 290 kg
1–1 100 kg
2–880 kg

Dæmi um lögboðna merkiplötu framleiðanda fyrir ökutæki í flokki M_1 sem er gerðarviðurkennt í Frakklandi.

2. FYRIRMYND B

fyrir ökutæki í flokkum M_2, M_3, N_2 og N_3

DEMURO VEICOLI COMMERCIALI S.P.A. e3*2018/858*52288 ZCFC35A3405850414	
(IT) 17 990 kg 40 000 kg 1–7 100 kg 2–11 500 kg T - kg	17 990 kg 44 000 kg 1–7 100 kg 2–11 500 kg T - kg

Dæmi um lögboðna merkiplötu framleiðanda fyrir ökutæki í flokki N_3 sem er gerðarviðurkennt á Ítalíu.

Athugasemd: vinstri dálkurinn er valkvæður

3. FYRIRMYND C

fyrir ökutæki í flokkum O_1 og O_2

KAPITÅN SLØW e5*2018/858*11460 YSXFB56VX71134031 1 500 kg 0–100 kg 1–1 100 kg 2–880 kg

Dæmi um lögboðna merkiplötu framleiðanda fyrir ökutæki í flokki O_2 sem er gerðarviðurkennt í Svíþjóð.

4. FYRIRMYND D

fyrir ökutæki í flokkum O_3 og O_4

Jalo Pnik CO. TD e8*2018/858*10036 2T0YX646XX7472266	
(CZ) 34 000 kg 0–8 000 kg 1–9 000 kg 2–9 000 kg 3–9 000 kg T - 27 000 kg	37 000 kg 0–8 000 kg 1–10 000 kg 2–10 000 kg 3–10 000 kg T - 30 000 kg

Dæmi um lögboðna merkiplötu framleiðanda fyrir ökutæki í flokki O_4 sem er gerðarviðurkennt í Tékklandi.

Athugasemd: vinstri dálkurinn er valkvæður

5. FYRIRMYND E

viðbótarplata fyrir ökutæki sem eru smíðuð í mörgum þrepum (í samræmi við lið 4.2 í IX. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858)

HaMsTeR conversions LLP
e49*2018/858*01912
3. þrep
VRZUA5FX29J276031
1 900 kg
kg
1–1 200 kg
2– kg

Dæmi um lögboðna merkiplötu framleiðanda fyrir fjölþrepa ökutæki í flokki N_1 sem er gerðarviðurkennt á Kýpur. Tæknilega leyfilegur massi er tilgreindur á plötunni sem merkir að honum hefur verið breytt á núverandi viðurkenningarþrepi. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi samtengda ökutækisins er ekki tilgreindur á plötunni sem merkir að honum hefur ekki verið breytt á núverandi viðurkenningarþrepi. Auk þess er ekki getið um færsluna „0“ sem merkir að ökutækið megi draga eftirvagn. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi á fyrsta ás er tilgreindur á plötunni sem merkir að honum hefur verið breytt á núverandi viðurkenningarþrepi. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi á öðrum ás er ekki tilgreindur á plötunni sem merkir að honum hefur ekki verið breytt á núverandi viðurkenningarþrepi.

C-þáttur

Vartala

1. Vartalan skal reiknuð út með því að framkvæma stærðfræðilega útreikninginn sem tilgreindur er í liðum 1.1 til 1.4.

1.1. Úthluta skal hverri tölu í verksmiðjunúmeri ökutækis raunverulegu stærðfræðilegu gildi sínu og úthluta hverjum bókstaf það gildi sem tilgreint er hér á eftir:

A = 1	J = 1	S = 2
B = 2	K = 2	T = 3
C = 3	L = 3	U = 4
D = 4	M = 4	V = 5
E = 5	N = 5	W = 6
F = 6	P = 7	X = 7
G = 7	R = 9	Y = 8
H = 8		Z = 9

1.2. Margfalda skal úthlutað gildi fyrir hvert rittákn í verksmiðjunúmeri ökutækis með vægisstuðlinum sem tilgreindur er hér að neðan:

1. = 8	10. = 9
2. = 7	11. = 8
3. = 6	12. = 7
4. = 5	13. = 6

5. = 4

6. = 3

7. = 2

8. = 10

9. = vartala

14. = 5

15. = 4

16. = 3

17. = 2

1.3. Leggja skal saman margfeldið og deila heildartölunni með 11.

1.4. Vartalan (talan 0 til 9 eða bókstafurinn X) byggist annaðhvort á eftirstöðvum brotsins eða samsvarandi tugabrots (námundað að næsta þúsundasta) eins og tilgreint er í töflunni hér að neðan.

Vartala	Eftirstöðvar brots	Eftirstöðvar tugabrots
0	0	0
1	1/11	0,091
2	2/11	0,182
3	3/11	0,273
4	4/11	0,364
5	5/11	0,455
6	6/11	0,545
7	7/11	0,634
8	8/11	0,727
9	9/11	0,818
X	10/11	0,909

3. HLUTI

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ (ÖKUTÆKJAKERFI)

Tilkynning um *veitingu*/*rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* (1) á gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis að því er varðar lögboðna merkiplötu og verksmiðjunúmer ökutækis í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/535, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. …/…

Númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins:

Ástæða fyrir *rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* (1):

I. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við I. þátt sniðmáts fyrirmyndar B í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

II. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við II. þátt sniðmáts fyrirmyndar B í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

Viðauki

við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð númer …

1. Viðbótarupplýsingar:

1.1. Stutt lýsing á gerð ökutækis með tilliti til burðarvirkis, mála, lögunar og smíðaefna:

2. Staðsetning verksmiðjunúmers ökutækis:

3. Staðsetning lögboðinnar merkiplötu:

4. Lögboðin merkiplata ökutækis sem er smíðað í mörgum þrepum: *já*/*nei* (1)

5. Athugasemdir:

———

(1) Strika skal yfir það sem á ekki við.

III. VIÐAUKI

FLÖTUR FYRIR UPPSETNINGU OG FESTINGU Á SKRÁNINGARMERKI AÐ FRAMAN OG AFTAN

1. HLUTI

Upplýsingaskjal fyrir ESB-gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra að því er varðar flöt fyrir uppsetningu og festingu skráningarmerkis að framan og aftan

FYRIRMYND

Upplýsingaskjal nr. … um ESB-gerðarviðurkenningu ökutækis eða eftirvagns að því er varðar flöt fyrir uppsetningu og festingu á skráningarmerki að framan og aftan.

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti. Teikningar eða myndir, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu vera nægilega nákvæmar.

0.

0.1.

0.2.

0.2.1.

0.3.

0.3.1.

0.4.

0.5.

0.8.

0.9.

1.

1.1.

2.

2.4.

2.4.2.

2.4.2.3.

2.6.

9.

9.14.

9.14.1.

9.14.2.

9.14.3.

9.14.4.

9.14.5.

9.14.5.1.

9.14.5.2.

9.14.5.3.

9.14.5.4.

9.14.6.

9.14.7.

Skýringar:

Þetta upplýsingaskjal er byggt á sniðmátinu sem mælt er fyrir um í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 og skal útfyllt með viðeigandi upplýsingum undir liðunum sem eru skráðir hér að framan, eins og skilgreint er í því sniðmáti.

2. HLUTI

TÆKNIFORSKRIFTIR

1. Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „*því sem næst flatt yfirborð*“: yfirborð úr föstu efni, sem getur einnig verið mynstrað net eða rist, með krappageisla sem er a.m.k. 3000 mm,

1.2. „*yfirborð með mynstruðu neti*“: yfirborð með reglulegu mynstri, sem er t.d. hring-, sporöskju-, demants-, rétthyrnings- eða ferningslaga göt, sem er dreift jafnt með millibili sem er ekki meira en 15 mm,

1.3. „*yfirborð ristar*“: yfirborð með samhliða rimlum sem er dreift jafnt og sem eru með millibil sem er ekki meira en 15 mm,

1.4. „*nafnyfirborð*“: fræðilegt, rúmfræðilega fullkomið yfirborð þar sem ekki er tekið tillit til misfellna á yfirborðinu, s.s. framskota eða dælda,

1.5. „*lengdarmiðjuplan ökutækis*“: samhverfuplan ökutækis eða, ef ökutækið er ekki samhverft, lóðrétt lengdarmiðjuplan ökutækisins sem sker miðja ása ökutækisins,

1.6. „*halli*“: frávik í gráðum miðað við lóðrétt plan.

2. Tæknilegar kröfur

2.1. Ökutæki skulu hafa flöt fyrir uppsetningu og festingu á skráningarmerki að aftan.

2.1.1. Vélknúin ökutæki í flokkum M og N skulu að auki hafa flöt fyrir uppsetningu og festingu á skráningarmerki að framan.

2.1.2. Ökutæki í flokkum O_2, O_3 og O_4 skulu hafa tvo aðskilda fleti fyrir uppsetningu og festingu á skráningarmerki að aftan (þ.e. til að hægt sé að auðkenna dráttarbifreið ef landsbundið yfirvald krefst þess).

2.2. Mál og lögun flatar fyrir uppsetningu á skráningarmerki.

2.2.1. Tilgreindi flöturinn fyrir uppsetningu skal vera rétthyrnt svæði með eftirfarandi lágmarksmálum:

annaðhvort („breið plata“)

breidd: 520 mm

hæð: 120 mm

eða („há plata“)

breidd: 340 mm

hæð: 240 mm.

2.3. Uppsetning og festing á skráningarmerki að framan og aftan.

2.3.1. Flöturinn fyrir uppsetningu skráningarmerkis að framan eða aftan skal hafa flatt eða því sem næst flatt rétthyrnt yfirborð.

2.3.1.1. Plata eða festing fyrir breytistykki getur verið undirstaða fyrir flöt fyrir uppsetningu á skráningarmerki þegar boðið er upp á hana sem staðalbúnað. Hún getur verið hönnuð þannig að hún sé einungis fest á ökutækið ásamt skráningarmerki.

2.3.1.2. Framleiðandi ökutækis getur boðið upp á valkvæðan eða annan flöt fyrir skráningarmerki á ökutækinu, að því tilskildu að þeir uppfylli einnig kröfurnar.

2.3.2. Yfirborðið sem þekja á með skráningarmerki að framan eða aftan getur haft göt eða bil; þó skulu þessi göt eða bil ekki vera hærri en 75 mm án tillits til breiddar þeirra.

2.3.3. Á fletinum sem skráningarmerkið hylur að framan eða aftan mega vera framskot, að því tilskildu að þessi framskot standi ekki meira en 5,0 mm út frá nafnyfirborðinu. Ekki skal taka tillit til búta úr mjög mjúkum efnum, t.d. frauði eða filti, sem eiga að koma í veg fyrir að skráningarmerkið hristist.

2.3.4. Flötur fyrir uppsetningu skráningarmerkis að framan eða aftan skal vera þannig að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar þegar prófunarmerki, eins og skilgreint er í lið 3.4, er fest á hann í samræmi við kröfur framleiðanda:

2.3.4.1. Staðsetning flatarins fyrir uppsetningu á skráningarmerki að framan eða aftan:

2.3.4.1.1. Flötur fyrir uppsetningu skráningarmerkis framan á ökutæki skal vera þannig að hægt sé að staðsetja merkið alveg á milli tveggja samsíða lóðréttra lengdarplana sem skera ytri brúnir ökutækisins, án tillits til búnaðar sem eykur sjónsvið. Tilgreindi flöturinn skal ekki mynda breiðasta punkt ökutækisins.

2.3.4.1.2. Flötur fyrir uppsetningu skráningarmerkis aftan á ökutæki skal vera þannig að hægt sé að staðsetja merkið alveg á milli tveggja samsíða lóðréttra lengdarplana sem skera ytri brúnir ökutækisins, án tillits til búnaðar sem eykur sjónsvið. Tilgreindi flöturinn skal ekki mynda breiðasta punkt ökutækisins.

2.3.4.1.3. Skráningarmerki að framan og aftan skulu vera hornrétt (± 5°) á lengdarmiðjuplan ökutækisins, mælt í miðju plötunnar.

2.3.4.2. Staðsetning merkisins að framan og aftan miðað við lóðrétt þverplan ökutækisins:

2.3.4.2.1. Skráningarmerkið má ekki halla minna frá lóðréttri stöðu en –5° og ekki meira en 30°, að því tilskildu að efri brún skráningarmerkisins sé ekki í meiri hæð en 1500 mm frá jörðu.

2.3.4.2.2. Skráningarmerkið má ekki halla minna frá lóðréttri stöðu en –15° og ekki meira en 5°, að því tilskildu að efri brún skráningarmerkisins sé í meiri hæð en 1500 mm frá jörðu.

2.3.4.3. Hæð skráningarmerkisins frá jörðu að framan og aftan:

2.3.4.3.1. Neðri brún skráningarmerkisins að framan skal ekki vera minna en 100 mm frá jörðu.

2.3.4.3.2. Neðri brún skráningarmerkisins að aftan skal ekki vera minna en 200 mm frá jörðu.

2.3.4.3.3. Hæð efri brúnar skráningarmerkisins að framan og aftan frá jörðu skal ekki vera meiri en 1500 mm.

2.3.4.3.3.1. Að því er varðar ökutæki til sérstakra nota, þegar ekki er mögulegt að uppfylla ákvæði um hæð flatarins fyrir skráningarmerki að framan eða aftan vegna smíðar ökutækisins er heimilt að nota meiri hámarkshæð en 1500 mm, þrátt fyrir ákvæði liðar 2.3.4.3.3, að því tilskildu að sú hæð sé eins nálægt mörkunum og smíðaeiginleikar ökutækisins leyfa.

2.3.4.4. Rúmfræðilegur sýnileiki:

2.3.4.4.1. Skráningarmerki að framan og aftan skulu vera sýnileg á öllum fletinum innan eftirfarandi fjögurra plana:

a) tveggja lóðréttra plana sem snerta hvort sína hliðarbrún merkis og mynda horn sem mælist út til vinstri og til hægri í 30° miðað við lengdarmiðjuplan ökutækisins,

b) plansins sem snertir efri brún merkisins og myndar horn sem mælist 15° upp á við miðað við lárétt plan,

c) lárétta plansins í gegnum neðri brún skráningarmerkis, ef hæð efri brúnar skráningarmerkisins frá jörðu er ekki meiri en 1500 mm,

d) plansins sem snertir neðri brún skráningarmerkis og myndar horn sem mælist 15° niður á við miðað við lárétt plan, ef hæð efri brúnar skráningarmerkisins frá jörðu er meiri en 1500 mm.

Skráningarmerkið að framan skal vera sýnilegt á ökutækinu framanverðu og skráningarmerkið að aftan skal vera sýnilegt að ökutækinu aftanverðu.

2.3.4.4.2. Engin burðareining skal staðsett innan flatarins sem lýst er að framan, jafnvel þó hún sé alveg gagnsæ.

2.3.4.5. Bilið á milli brúnanna á uppsettu og festu skráningarmerki og raunverulegs yfirborðs flatarins fyrir skráningarmerkið skal ekki vera stærra en 5,0 mm meðfram endilangri útlínu skráningarmerkisins.

2.3.4.5.1. Heimilt er að hafa þetta bil stærra ef um er að ræða mælingu við gat eða bil á yfirborði með mynstruðu neti eða á milli samhliða rimla á yfirborði ristar.

2.3.5. Taka skal tillit til raunverulegrar staðsetningar og lögunar á uppsettu og festu prófunarmerki, eins og það er ákvarðað hér að framan, einkum krappageisla sem myndast, að því er varðar kröfur vegna ljósabúnaðar fyrir skráningarmerki að aftan.

2.4. Aðrar kröfur

2.4.1. Það að skráningarmerki sé til staðar skal ekki vera ástæða eða hluti af ástæðu fyrir því að festa á, setja upp eða klemma nokkurn annan hluta, íhlut eða búnað ökutækis á merkið (t.d. má ekki festa festingar fyrir ljósabúnað á skráningarmerki).

2.4.2. Enginn hluti, plata fyrir breytistykki, íhlutur eða búnaður ökutækis skal losna eða skiljast frá þegar skráningarmerki er fjarlægt.

2.4.3. Þegar skráningarmerki er fest á skal sýnileiki þess ekki minnka við venjuleg notkunarskilyrði, einkum vegna titrings og hreyfifræðilegra krafta svo sem vindstyrks við akstur.

2.4.4. Ekki er heimilt að nota stað til að festa skráningarmerki sem getur auðveldlega snúist upp og/eða niður umfram þann halla sem mælt er fyrir um í liðum 2.3.4.2.1 og 2.3.4.2.2 miðað við burðarvirki ökutækisins við venjuleg akstursskilyrði (þ.e. með dyr eða aðgangslúgur lokaðar).

2.4.5. Þegar framleiðandi ökutækis lýsir því yfir að vélknúið ökutæki sé útbúið til að draga hleðslu (liður 2.11.5 í upplýsingaskjalinu sem um getur í 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858) og að einhver hluti af véltengibúnaðinum, óháð því hvort hann er festur á þá gerð vélknúins ökutækis eða ekki, gæti skyggt (að hluta til) á flöt þar sem skráningarmerki er sett upp og fest að aftan, gildir eftirfarandi:

a) í notkunarleiðbeiningum fyrir vélknúna ökutækið (t.d. notendahandbók, handbók ökutækis) skal skýrt tekið fram að uppsetning véltengibúnaðar, sem erfitt er að losa eða færa, sé ekki heimil,

b) í leiðbeiningunum skal einnig skýrt tekið fram að alltaf verði að losa eða færa véltengibúnað, ef hann hefur verið settur upp, þegar hann er ekki í notkun og

c) ef um er að ræða gerðarviðurkenningu kerfa í ökutækjum í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna nr. 55 ([1]) skal tryggja að ákvæðum um losun, færslu og/eða aðra staðsetningu sé einnig fylgt til hlítar að því er varðar ljósabúnað og flöt þar sem skráningarmerki er sett upp eða fest að aftan.

3. Prófunaraðferð

3.1. Ákvörðun á halla frá lóðréttri stöðu og hæð prófunarmerkis frá jörðu.

3.1.1. Ökutækið skal staðsett á sléttum, láréttum fleti. Stýrðu hjólin skulu vísa beint fram og massi ökutækisins skal vera stilltur að massa ökutækis, sem er tilbúið til aksturs, en án ökumanns, áður en mælingar eru gerðar.

3.1.2. Ef ökutækið er búið vökvaloftfjöðrun, vökvafjöðrun eða loftknúinni fjöðrun eða öðrum búnaði sem hægt er að stilla með tilliti til hleðslu skal það prófað með fjöðrunina eða búnaðinn stilltan á venjulegt akstursástand sem framleiðandi tilgreinir.

3.1.3. Ef helsta og sýnilega hlið prófunarmerkisins snýr niður á við skal hallamælingin gefin upp sem neikvætt horn (mínus).

3.2. Mælingar á útstæðum hlutum skal gera hornrétt á og beint að nafnyfirborðinu sem skráningarmerkið hylur.

3.3. Bilið milli brúnar á uppsettu og festu prófunarmerki og yfirborðs skal mæla hornrétt á og beint að raunverulega yfirborðinu sem skráningarmerkið hylur.

3.4. Skráningarmerkið sem notað er til að meta samræmi skal vera af annarri af þeim tveimur stærðum sem tilgreindar eru í lið 2.2.1.og ekki vera þykkari en 4,0 mm. Hornin skulu hafa 10 mm radíus.

([1]) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 55 — Samræmd ákvæði varðandi viðurkenningu á véltengiíhlutum fyrir samtengd ökutæki (Stjtíð ESB L 153, 15.6.2018, bls. 179).

3. HLUTI

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ (ÖKUTÆKJAKERFI)

Tilkynning um *veitingu*/*rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* ([2]) á gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis að því er varðar fleti fyrir skráningarmerki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/535, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. …/…

Númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins:

Ástæða fyrir *rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* ([2]):

I. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við I. þátt sniðmáts fyrirmyndar B í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

II. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við II. þátt sniðmáts fyrirmyndar B í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

Viðauki

við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð númer …

1. Viðbótarupplýsingar:

1.1. Stutt lýsing á gerð ökutækis með tilliti til burðarvirkis, mála, lögunar og smíðaefna:

1.2. Lýsing á flötum fyrir skráningarmerki (að framan og aftan):

2. Flötur fyrir skráningarmerki er hentugur fyrir festingu á skráningarmerki sem er allt að (mm):

2.1. Að framan: *520 × 120* / *340 × 240* ([2])

2.2. Að aftan: *520 × 120* / *340 × 240* ([2])

2.3. Annað skráningarmerki að aftan ef um er að ræða ökutæki í flokkum O_2, O_3 og O_4: *520 × 120* / *340 × 240* ([2])

4. Flötur fyrir skráningarmerki að aftan er hulinn þegar véltengibúnaður er áfestur: *já*/*nei* ([2])

5. Athugasemdir:

———

([2]) Strika skal yfir það sem á ekki við.

IV. VIÐAUKI

FRAMRÚÐUÞURRKU OG -SPRAUTUBÚNAÐUR

1. HLUTI

A-þáttur

Upplýsingaskjal fyrir ESB-gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar framrúðuþurrku og -sprautubúnað

FYRIRMYND

Upplýsingaskjal nr. ... um ESB-gerðarviðurkenningu vélknúins ökutækis að því er varðar framrúðuþurrku og -sprautubúnað þess.

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti. Teikningar eða myndir, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu vera nægilega nákvæmar.

0.

0.1.

0.2.

0.2.1.

0.3.

0.3.1.

0.4.

0.5.

0.8.

0.9.

1.

1.1.

3.

3.2.

3.2.1.8.

3.2.5.

3.2.5.1.

3.2.5.2.

3.2.5.2.1.

3.2.5.2.2.

3.3.

3.3.1.1.

3.3.1.2.

3.3.2.

3.3.2.3.

3.4.

3.4.1.

3.4.2.

3.4.4.

3.4.4.5.

3.4.4.6.

4.

4.7.

9.

9.2.

9.4.

9.4.1.

9.5.

9.5.1.

9.5.1.1.

9.5.1.2.

9.5.1.3.

9.5.1.4.

9.5.1.5.

9.6.

9.6.1.

9.7.

9.7.1.

9.8.

9.8.2.

9.10.

9.10.3.

9.10.3.5.

9.10.3.5.1.

9.10.3.6.

9.10.3.6.1.

Skýringar:

Þetta upplýsingaskjal er byggt á sniðmátinu sem mælt er fyrir um í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 og skal útfyllt með viðeigandi upplýsingum undir liðunum sem eru skráðir hér að framan, eins og skilgreint er í því sniðmáti.

B-þáttur

Upplýsingaskjal fyrir ESB-gerðarviðurkenningu framrúðusprautubúnaðar sem aðskilinnar tæknieiningar

FYRIRMYND

Upplýsingaskjal nr. ... um ESB-gerðarviðurkenningu framrúðusprautubúnaðar sem aðskilinnar tæknieiningar.

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar sem um getur í þessu upplýsingaskjali eru búnar rafeindastýringu skal veita upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0.

0.1.

0.2.

0.3.

0.3.1.

0.4.

0.5.

0.7.

0.8.

0.9.

9.7.

9.7.1.

Skýringar:

Þetta upplýsingaskjal er byggt á sniðmátinu sem mælt er fyrir um í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 og skal útfyllt með viðeigandi upplýsingum undir liðunum sem eru skráðir hér að framan, eins og skilgreint er í því sniðmáti.

2. HLUTI

TÆKNIFORSKRIFTIR

1. Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „*þurrkusvæði*“: svæði á framrúðu sem þurrkublaðið/-blöðin þurrka þegar þurrkubúnaðurinn er notaður við eðlileg skilyrði,

1.2. „*þurrkubúnaður sem starfar með reglubundnum hléum*“: sjálfvirkur, ósamfelldur vinnuhamur þurrkubúnaðarins, þar sem þurrkurnar eru kyrrstæðar í ákveðinn tíma í tilgreindri biðstöðu eftir hverja heila lotu,

1.3. „*stjórntæki sprautubúnaðar*“: tæki til að virkja eða óvirkja sprautubúnaðinn með handvirkum hætti,

1.4. „*sprautudæla*“: búnaður til að færa vökva úr geymi sprautubúnaðarins á ytra yfirborð framrúðunnar,

1.5. „*stútur*“: búnaður sem beinir vökva á framrúðuna,

1.6. „*alveg fylltur búnaður*“: búnaður sem hefur verið í gangi með eðlilegum hætti í einhvern tíma og vökvi hefur verið fluttur í gegnum dæluna, leiðslurnar og út um stútinn/stútana,

1.7. „*hreinsað svæði*“: svæði sem var óhreint þar sem ekki eru slóðir eftir dropa eða leifar af óhreinindum þegar það er að fullu þornað,

1.8. „*sjónsvæði A*“: prófunarsvæði A eins og skilgreint er í lið 2.2 í 21. viðauka við reglugerð SÞ nr. 43 um samræmd ákvæði að því er varðar viðurkenningu öryggisglers og ísetningu þess í ökutæki ([1]),

1.9. „*sjónsvæði B*“: prófunarsvæði B, sem dregið hefur verið úr, eins og það er skilgreint í lið 2.4. í 21. viðauka við reglugerð SÞ nr. 43, án útilokunar svæðisins sem skilgreint er þar í lið 2.4.1. (þ.e. sjónsvæði A er innifalið),

1.10. „*þrívítt viðmiðunarkerfi*“: viðmiðunarhnitakerfi eins og lýst er í 1. viðauka við samsteypta ályktun efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu, um smíði ökutækja (R.E.3),

1.11. „*aðalstýrirofi ökutækis*“: búnaður sem færir rafkerfið um borð í ökutæki yfir í venjulegan notkunarham eftir að slökkt hefur verið á því, eins og þegar ökutæki hefur verið lagt og það er án ökumanns.

([1]) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 43 — Samræmd ákvæði varðandi viðurkenningu öryggisglers og ísetningu þess í ökutæki (Stjtíð ESB L 42, 12.2.2014, bls. 1).

2. Tæknilegar kröfur

2.1. Framrúðuþurrkubúnaður.

2.1.1. Öll ökutæki sem hafa framrúðu skulu búin framrúðuþurrkubúnaði sem getur starfað þegar aðalrofi ökutækis hefur verið virkjaður, án annarrar íhlutunar ökumannsins en að kveikja á stjórnbúnaði þurrkubúnaðarins sem þarf til að gangsetja og stöðva framrúðuþurrkubúnaðinn.

2.1.1.1. Framrúðuþurrkubúnaðurinn skal samanstanda af einum eða fleiri þurrkuörmum sem eru með þurrkublöð sem auðvelt er að skipta um.

2.1.2. Þurrkusvæði framrúðuþurrkunnar skal þekja minnst 98% af sjónsvæði A.

2.1.3. Þurrkusvæði framrúðuþurrkunnar skal þekja minnst 80% af sjónsvæði B.

2.1.4. Þurrkusvæði framrúðuþurrkunnar skal uppfylla kröfurnar í liðum 2.1.2 og 2.1.3 þegar kerfið starfar á þurrkutíðni í samræmi við lið 2.1.5.1 og skal það prófað við skilyrðin sem sett eru fram í liðum 3.1.10 til 3.1.10.3.

2.1.5. Framrúðuþurrkubúnaðurinn skal vera með a.m.k. tvær stillingar á þurrkutíðni:

2.1.5.1. Önnur tíðnin skal að lágmarki vera 10 og að hámarki 55 lotur á mínútu.

2.1.5.2. Hin tíðnin skal að lágmarki vera 45 heilar lotur á mínútu.

2.1.5.3. Mismunurinn á hæstu og lægri stillingu þurrkutíðni skal vera að lágmarki 15 lotur á mínútu.

2.1.5.4. Nota má framrúðuþurrkubúnaðinn með reglubundnum hléum til að uppfylla kröfurnar í liðum 2.1.5.1 til 2.1.5.3.

2.1.6. Tíðnirnar sem um getur í liðum 2.1.5 til 2.1.5.3 skulu prófaðar við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í liðum 3.1.1 til 3.1.6 og lið 3.1.8.

2.1.7. Ef framrúðuþurrkubúnaðurinn er stöðvaður með því að slökkva á honum með stjórntækinu skal þurrkuarmur/-armar og þurrkublað/-blöð fara í upphafsstöðu.

2.1.8. Rúðuþurrkubúnaðurinn verður að þola stöðvun í a.m.k. 15 sekúndur. Heimilt er að nota öryggi að því tilskildu að aðeins þurfi að hreyfa við stjórnbúnaði framrúðuþurrku til að endurstilla búnaðinn.

2.1.9. Geta rúðuþurrkubúnaðarins til að þola stöðvun eins og um getur í lið 2.1.8. skal prófuð við skilyrðin sem sett eru fram í lið 3.1.7.

2.1.10. Ef upphafsstaða þurrkuarms/-arma eða þurrkublaðs/-blaða er ekki utan við sjónsvæði B skal vera hægt að færa þurrkuarm handvirkt á þann hátt að þurrkublaði/-blöðum sé lyft úr stöðu sinni/þeirra á framrúðunni, til að hægt sé að hreinsa framrúðuna handvirkt.

2.1.11. Framrúðuþurrkubúnaðurinn skal geta starfað í 120 sekúndur á þurri framrúðu við umhverfishita sem nemur –18 °C án þess að það dragi úr afköstum.

2.1.12. Afköst framrúðuþurrkubúnaðarins við –18 °C skulu prófuð við skilyrðin sem sett eru fram í lið 3.1.11.

2.1.13. Framrúðuþurrkubúnaðurinn skal áfram uppfylla kröfurnar í lið 2.1.2 án þess að dregið sé úr afköstum þegar hann starfar á hæstu tíðni og afstæður lofthraði ökutækisins er 80% af hámarkshönnunarhraða ökutækisins eða 160 km/klst., hvort heldur er lægra. Undirbúa skal sjónsvæði A á framrúðunni í samræmi við liði 3.1.8 og 3.1.9. Athuga skal loftfræðileg áhrif sem tengjast stærð og lögun framrúðunnar, þurrkuarms/-arma og þurrkublaðs/-blaða við þessi skilyrði og að teknu tilliti til liðar 3.1.9.1. Meðan prófunin stendur yfir skal þurrkublaðið/-blöðin vera í snertingu við framrúðuna og mega ekki lyftast alveg af rúðunni. Þurrkublaðið/-blöðin skulu halda fullri snertingu við framrúðuna á því svæði sem tilgreint er í lið 2.1.2. í hverri heilli lotu og mega ekki lyftast að hluta í stroku upp á við né heldur niður á við.

2.2. Framrúðusprautubúnaður.

2.2.1. Öll ökutæki sem hafa framrúðu skulu búin framrúðusprautubúnaði sem getur starfað þegar aðalrofi ökutækisins hefur verið virkjaður og sem getur þolað álag og þrýsting sem myndast þegar stútarnir eru stíflaðir og búnaðinum er beitt í samræmi við aðferðina sem lýst er í liðum 3.2.1.1. til 3.2.1.1.2.

2.2.2. Afköst framrúðusprautubúnaðarins skulu ekki minnka vegna áhrifa af hitasveiflunum í samræmi við liði 3.2.1. til 3.2.5.

2.2.3. Framrúðusprautubúnaðurinn skal geta sprautað vökva á tiltekið svæði framrúðunnar án þess að vart verði við neinn leka, neinar slöngur aftengist eða neinir stútar bili, við eðlileg skilyrði þegar umhverfishitinn er á milli –18 °C og 80 °C. Að auki má hvorki verða vart við leka né slöngur aftengjast þegar lokað er fyrir stútana.

2.2.4. Framrúðusprautubúnaðurinn skal geta gefið nægilegt magn vökva til að hreinsa a.m.k. 60% sjónsvæðis A við skilyrðin sem sett eru fram í liðum 3.2.6 til 3.2.6.4.

2.2.5. Hægt skal vera að gangsetja framrúðusprautubúnaðinn handvirkt með stjórntæki sprautubúnaðarins. Þá má einnig samræma og sameina virkjun og óvirkjun búnaðarins við eitthvað annað ökutækjakerfi.

2.2.6. Rúmtak vökvageymisins skal vera ≥ 1,0 lítri.

3. Prófunaraðferð

3.1. Prófunarskilyrði fyrir framrúðuþurrkubúnað.

3.1.1. Prófanirnar sem lýst er hér á eftir skal framkvæma við skilyrðin sem lýst er í liðum 3.1.2 til 3.1.5 nema annað sé tekið fram.

3.1.2. Umhverfishiti skal vera milli 5 °C og 40 °C.

3.1.3. Framrúðan skal haldast blaut.

3.1.4. Ef um rafknúinn framrúðuþurrkubúnað ræðir skal auk þessa uppfylla eftirfarandi viðbótarskilyrði.

3.1.4.1. Allir rafgeymar skulu hafa fulla hleðslu við upphaf prófunar.

3.1.4.2. Hreyfillinn, sé hann til staðar, skal ganga á hraða sem ekki fer yfir 30% þess snúningshraða sem svarar til hámarksafkasta hans. Reynist þetta hins vegar óframkvæmanlegt vegna sérstaks skipulags á stjórnun hreyfilsins, t.d. þegar um er að ræða tvinnrafökutæki, skal ákvarða raunhæfar aðstæður með tilliti til snúningshraða hreyfils og hvort hreyfillinn sé aðeins í gangi tímabundið eða alls ekki, við venjuleg aksturskilyrði. Ef framrúðusprautubúnaðurinn getur uppfyllt kröfurnar án þess að hreyfillinn sé í gangi þarf hreyfillinn ekki að vera í gangi.

3.1.4.3. Kveikt skal vera á lágljósum aðalljóskerjanna.

3.1.4.4. Öll hitunar-, loftræstingar-, afísingar- og móðuhreinsunarkerfi (óháð staðsetningu þeirra í ökutækinu) skulu vera starfandi með hámarksnotkun á rafmagni.

3.1.5. Þrýstilofts- eða sogknúinn framrúðuþurrkubúnaður skal geta starfað samfellt með þeirri þurrkutíðni, sem mælt er fyrir um, óháð snúningshraða og álagi hreyfilsins eða lágmarks- eða hámarkshleðslu rafgeymis sem framleiðandinn gefur upp fyrir venjulega notkun.

3.1.6. Þurrkutíðni framrúðuþurrkubúnaðarins skal vera í samræmi við kröfurnar í liðum 2.1.5 til 2.1.5.3 eftir að hafa verið í gangi í 20 mínútur á blautri framrúðu.

3.1.7. Kröfurnar í lið 2.1.8 skulu teljast uppfylltar þegar þurrkuörmunum er haldið föstum í stöðu sem samsvarar hálfri lotu í 15 sekúndur, með stjórnbúnað framrúðuþurrku stilltan á hæstu þurrkutíðnina.

3.1.8. Ytra yfirborð framrúðunnar skal rækilega fituhreinsað með brennsluspritti eða sambærilegu fituhreinsiefni. Eftir þurrkun skal ammoníakslausn sem ekki er minna en 3% og ekki meira en 10% borin á. Yfirborðinu skal leyft að þorna aftur og skal svo strjúka yfir það með þurrum baðmullarklút.

3.1.9. Á ytra yfirborð framrúðunnar skal bera jafnt lag af prófunarblöndunni, í samræmi við forskriftina sem mælt er fyrir um í 4. lið, og láta hana þorna.

3.1.9.1. Heimilt er að nota framrúðusprautubúnaðinn í öllum prófunum hafi ytri flötur framrúðunnar verið undirbúinn eins og lýst er í liðum 3.1.8 og 3.1.9.

3.1.10. Þurrkusvæði framrúðuþurrkubúnaðar, eins og um getur í lið 2.1.4, skal ákvarðað á eftirfarandi hátt:

3.1.10.1. Meðhöndla skal ytra yfirborð framrúðunnar í samræmi við í liði 3.1.8 og 3.1.9.

3.1.10.2. Til að sannprófa að kröfurnar í liðum 2.1.2 og 2.1.3 séu uppfylltar skal setja framrúðuþurrkubúnaðinn í gang, með hliðsjón af lið 3.1.9.1, og skal draga upp þurrkusvæðið og bera saman við uppdrátt af sjónsvæðum A og B.

3.1.10.3. Tækniþjónustan getur samþykkt aðra prófunaraðferð (t.d. sýndarprófun) til að sannreyna að kröfurnar í lið 2.1.2 og 2.1.3 séu uppfylltar.

3.1.11. Uppfylla skal kröfurnar í lið 2.1.11 eftir að ökutækið hefur verið geymt við umhverfishitann –18 ± 3 °C í minnst fjórar klukkustundir. Ökutækið skal undirbúið fyrir notkun við skilyrðin sem sett eru fram í liðum 3.1.4 og 3.1.5. Meðan prófunin stendur yfir skal þurrkubúnaðurinn starfa eðlilega en með hæstu þurrkutíðni. Ekki þarf að fylgjast með þurrkusvæðinu.

3.2. Prófunarskilyrði fyrir framrúðusprautubúnað.

3.2.1. Prófun nr. 1: Vatn er sett í framrúðusprautubúnaðinn og skal búnaðurinn alveg fylltur og hafður við umhverfishitann 20 ± 2 °C í minnst fjórar klukkustundir. Þessu hitastigi vatnsins skal haldið stöðugu.

3.2.1.1. Stífla skal alla stúta á þeim stað þar sem vökvinn fer út um stútana og stjórnbúnaður framrúðusprautunnar skal settur í gang sex sinnum á einni mínútu, minnst þrjár sekúndur í senn.

3.2.1.1.1. Ef framrúðusprautubúnaðurinn er knúinn af vöðvaafli ökumannsins skal krafturinn sem beitt er vera 11,0 til 13,5 daN ef um er að ræða handknúna dælu. Krafturinn sem beitt er skal vera 40,0 til 44,5 daN ef um er að ræða fótknúna dælu.

3.2.1.1.2. Ef um er að ræða rafdælu skal prófunarspennan ekki vera minni en málspennan og ekki meiri en sem nemur 2 voltum umfram málspennuna.

3.2.1.2. Afköst framrúðusprautubúnaðarins við lok prófunarinnar skulu vera í samræmi við lið 2.2.3.

3.2.2. Prófun nr. 2: Vatn er sett í framrúðusprautubúnaðinn og skal búnaðurinn alveg fylltur og hafður við umhverfishitann –18 ± 3 °C í minnst fjórar klukkustundir. Þessu hitastigi vatnsins þarf ekki að halda stöðugu.

3.2.2.1. Stjórnbúnaður framrúðusprautunnar skal settur í gang sex sinnum á einni mínútu, minnst þrjár sekúndur í senn í samræmi við liði 3.2.1.1.1 og 3.2.1.1.2. Búnaðinn skal síðan setja í umhverfishitann 20 ± 2 °C þar til ísinn er fullbráðinn. Þessu hitastigi vatnsins þarf ekki að halda stöðugu. Afköst framrúðusprautubúnaðarins skal síðan sannreyna með því að setja hann í gang í samræmi við liði 3.2.1.1 og 3.2.1.2.

3.2.3. Prófun nr. 3: Hitasveifluprófun við lágt hitastig

3.2.3.1. Vatn skal sett í framrúðusprautubúnaðinn og skal búnaðurinn alveg fylltur og hafður við umhverfishitann –18 ± 3 °C í minnst fjórar klukkustundir þannig að heildarmassi vatnsins í sprautubúnaðinum sé frosinn. Búnaðinn skal síðan setja í umhverfishitann 20 ± 2 °C þar til ísinn er fullbráðinn, en þó aldrei lengur en fjórar klukkustundir. Þessa frysti/bræðslulotu skal endurtaka sex sinnum. Að lokum, þegar framrúðusprautubúnaðurinn er settur í umhverfishitann 20 ± 2 °C og ísinn er fullbráðinn, þótt ekki þurfi að halda þessu hitastigi vökvans stöðugu, skal sannreyna afköst framrúðusprautubúnaðarins með því að setja hann í gang í samræmi við liði 3.2.1.1 og 3.2.1.2.

3.2.3.2. Framrúðusprautubúnaðurinn skal alveg fylltur með rúðuhreinsivökva fyrir lágt hitastig sem er 50% metanól- eða ísóprópýlalkóhóllausn í vatni með hörku sem er ekki meiri en 205 mg/l (Ca). Búnaðurinn skal hafður við umhverfishitann –18 ± 3 °C í minnst fjórar klukkustundir. Þessu hitastigi vökvans þarf ekki að halda stöðugu. Afköst framrúðusprautubúnaðarins skal síðan sannreyna með því að setja hann í gang í samræmi við liði 3.2.1.1 og 3.2.1.2.

3.2.4. Prófun nr. 4: Hitasveifluprófun við hátt hitastig

3.2.4.1. Ef einhver hluti framrúðusprautubúnaðarins er í vélarrýminu skal setja vatn í búnaðinn og skal búnaðurinn alveg fylltur og hafður við umhverfishitann 80 ± 3 °C í minnst átta klukkustundir. Þessu hitastigi vatnsins þarf ekki að halda stöðugu. Afköst framrúðusprautubúnaðarins skal síðan sannreyna með því að setja hann í gang í samræmi við liði 3.2.1.1 og 3.2.1.2.

3.2.4.2. Ef enginn hluti framrúðusprautubúnaðarins er í vélarrýminu skal setja vatn í búnaðinn og skal búnaðurinn alveg fylltur og hafður við umhverfishitann 80 ± 3 °C í minnst átta klukkustundir. Þessu hitastigi vatnsins þarf ekki að halda stöðugu. Síðan er kerfið haft við umhverfishitann 20 ± 2 °C. Þegar hitastig vatnsins er orðið stöðugt skal sannreyna afköst framrúðusprautubúnaðarins með því að setja hann í gang í samræmi við liði 3.2.1.1. til 3.2.1.2. Eftir þetta skal setja vatn í framrúðusprautubúnaðinn og skal búnaðurinn alveg fylltur og hafður við umhverfishitann 60 ± 3 °C í minnst átta klukkustundir. Þessu hitastigi vatnsins þarf ekki að halda stöðugu. Afköst framrúðusprautubúnaðarins skal síðan sannreyna með því að setja hann í gang í samræmi við liði 3.2.1.1 og 3.2.1.2. Þess í stað getur framleiðandinn óskað eftir að framrúðusprautubúnaðurinn sé prófaður við skilyrðin sem sett eru fram í lið 3.2.4.1.

3.2.5. Prófanirnar á framrúðusprautunni sem settar eru fram í liðum 3.2.1 til 3.2.4.2 skulu gerðar í röð á sama framrúðusprautubúnaðinum. Heimilt er að prófa búnaðinn annað hvort uppsettan í þeirri gerð ökutækis sem sótt er um ESB-gerðarviðurkenningu fyrir, eða sérstaklega. Ef sótt er um ESB-gerðarviðurkenningu fyrir aðskilda tæknieiningu skal búnaðurinn prófaður sérstaklega.

3.2.6. Prófun nr. 5: Prófun á getu framrúðusprautubúnaðar

3.2.6.1. Vatn er sett á framrúðusprautubúnaðinn og skal búnaðurinn alveg fylltur. Á meðan ökutækið er kyrrstætt og engin marktæk áhrif eru af vindi skal stilla stútinn/stútana þannig að þeir beinist að hinu tiltekna svæði á ytra fleti framrúðunnar.

3.2.6.2. Ytra yfirborð framrúðunnar skal meðhöndlað eins og mælt er fyrir um í liðum 3.1.8 og 3.1.9.

3.2.6.3. Framrúðusprautubúnaðurinn skal settur í gang í samræmi við leiðbeiningar framleiðandans, að teknu tilliti til liða 3.2.1.1.1 og 3.2.1.1.2. Heildarlengd prófunarinnar skal ekki vera meiri en 10 heilar sjálfvirkar lotur með framrúðuþurrkubúnaðinn starfandi á hæstu þurrkutíðni.

3.2.6.4. Til að sannprófa að kröfurnar í lið 2.2.4 séu uppfylltar skal draga upp hreinsaða svæðið og bera saman við uppdrátt af sjónsvæði A. Ef það blasir augljóslega við skoðunarfulltrúanum að kröfurnar séu uppfylltar þarf ekki að gera uppdrátt.

3.2.7. Prófanirnar sem settar eru fram í liðum 3.2.6 til 3.2.6.4 skal ávallt gera á gerð ökutækis sem sótt er um ESB-gerðarviðurkenningu fyrir, jafnvel í þeim tilvikum þar sem viðurkennd aðskilin tæknieining er sett upp í ökutækinu.

4. Forskrift að prófunarblöndu fyrir prófanir á framrúðuþurrku og -sprautubúnaði.

4.1. Prófunarblandan sem vísað er til í lið 3.1.9 skal innihalda eftirfarandi:

4.1.1. Vatn, með hörku sem er minni en 205 mg/l (Ca): 92,5% miðað við rúmmál.

4.1.2. Mettuð saltlausn í vatni (natríumklóríð): 5,0% miðað við rúmmál.

4.1.3. Ryk, í samræmi við forskriftirnar í eftirfarandi liðum 4.1.3.1 til 4.1.3.2.6: 2,5% miðað við rúmmál.

4.1.3.1. Forskrift fyrir greiningu á prófunarryki

4.1.3.1.1. 68 ± 1% SiO_2 miðað við massa

4.1.3.1.2. 4 ± 1% Fe_2O_3 miðað við massa

4.1.3.1.3. 16 ± 1% Al_2O_3 miðað við massa

4.1.3.1.4. 3 ± 1% CaO miðað við massa

4.1.3.1.5. 1,0 ± 0,5% MgO miðað við massa

4.1.3.1.6. 4 ± 1% basar miðað við massa

4.1.3.1.7. 2,5 ± 0,5% glæðitap miðað við massa

4.1.3.2. Forskrift fyrir dreifingu kornastærðar í grófu ryki

4.1.3.2.1. 12 ± 2% af kornastærð 0 til 5 μm

4.1.3.2.2. 12 ± 3% af kornastærð 5 til 10 μm

4.1.3.2.3. 14 ± 3% af kornastærð 10 til 20 μm

4.1.3.2.4. 23 ± 3% af kornastærð 20 til 40 μm

4.1.3.2.5. 30 ± 3% af kornastærð 40 til 80 μm

4.1.3.2.6. 9 ± 3% af kornastærð 80 til 200 μm

3. HLUTI

A-þáttur

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ (ÖKUTÆKJAKERFI)

Tilkynning um *veitingu*/*rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* ([2]) á gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis að því er varðar framrúðuþurrku og -sprautubúnað í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/535, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. …/…

Númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins:

Ástæða fyrir *rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* ([2]):

I. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við I. þátt sniðmáts fyrirmyndar B í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

II. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við II. þátt sniðmáts fyrirmyndar B í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

Viðauki

við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð númer…

1. Viðbótarupplýsingar:

1.1. Stutt lýsing á gerð ökutækis með tilliti til burðarvirkis, mála, lögunar og smíðaefna:

1.2. Lýsing á virkni þurrku- og sprautubúnaðar:

1.3. Nákvæm lýsing á þurrkubúnaðinum (þ.e. fjöldi þurrkublaða, lengd þurrkublaða, stærð þurrkuarma o.s.frv.):

1.4. Nákvæm lýsing á sprautubúnaðinum (þ.e. fjöldi stúta, fjöldi opa á stút, sprautudæla, vökvageymir, slöngur og festing þeirra við dælu og stúta o.s.frv.)

1.5. Rúmtak vökvageymis (lítrar):

1.6. Hámarkshönnunarhraði ökutækis (km/klst.):

2. Stýri: hægra/vinstra megin ([2]).

3. Kerfi fyrir stýri vinstra megin og speglað kerfi fyrir stýri hægra megin: já/nei ([2])

4. Vindskeið fest á þurrkuarminn/þurrkublaðið ([2]) bílstjóramegin/í miðju/farþegamegin/... ([2])

5. Athugasemdir:

([2]) Strika skal yfir það sem á ekki við.

B-þáttur

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ (AÐSKILIN TÆKNIEINING)

Tilkynning um *veitingu*/*rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* ([3]) á gerðarviðurkenningu aðskilinnar tæknieiningar að því er varðar gerð framrúðusprautubúnaðar í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/535, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. …/…

Númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins:

Ástæða fyrir *rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* ([3]):

I. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við I. þátt sniðmáts fyrirmyndar C í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

II. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við II. þátt sniðmáts fyrirmyndar C í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

Viðauki

við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð númer …

1. Viðbótarupplýsingar:

1.1. Stutt lýsing á gerð aðskilinnar tæknieiningar:

1.2. Nákvæm lýsing á sprautubúnaðinum:

1.2.1. Fjöldi stúta:

1.2.2. Fjöldi opa á stút:

1.2.3. Lýsing á slöngum og festingu þeirra við dælu og stúta:

1.2.4. Lýsing á sprautudælu:

1.2.5. Rúmtak vökvageymis (lítrar):

2. Hentar fyrir stýri: hægra/vinstra megin ([3])

3. Setja má hluta búnaðarins í vélarrými: já/nei ([3])

4. Aðskilin tæknieining: almenn/fyrir tiltekna gerð ökutækis ([3])

5. Athugasemdir:

6. Skrá yfir gerðir ökutækja sem aðskilda einingin hefur verið viðurkennd fyrir (ef við á):

([3]) Strika skal yfir það sem á ekki við.

C-þáttur

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGMERKI AÐSKILINNA TÆKNIEININGA

1. ESB-gerðarviðurkenningarmerkið fyrir aðskildar tæknieiningar sem um getur í 2. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858 skal samanstanda af eftirfarandi:

1.1. Rétthyrningi utan um lágstafinn „e“ en á eftir honum komi auðkennisnúmer aðildarríkisins sem veitti ESB-gerðarviðurkenningu íhlutarins eða aðskildu tæknieiningarinnar í samræmi við eftirfarandi:

1	fyrir Þýskaland	19	fyrir Rúmeníu
2	fyrir Frakkland	20	fyrir Pólland
3	fyrir Ítalíu	21	fyrir Portúgal
4	fyrir Holland	23	fyrir Grikkland
5	fyrir Svíþjóð	24	fyrir Írland
6	fyrir Belgíu	25	fyrir Króatíu
7	fyrir Ungverjaland	26	fyrir Slóveníu
8	fyrir Tékkland	27	fyrir Slóvakíu
9	fyrir Spán	29	fyrir Eistland
		32	fyrir Lettland
13	fyrir Lúxemborg	34	fyrir Búlgaríu
12	fyrir Austurríki	36	fyrir Litáen
17	fyrir Finnland	49	fyrir Kýpur
18	fyrir Danmörku	50	fyrir Möltu


1.2. Í námunda við rétthyrninginn, tveimur tölustöfum sem gefa til kynna röð breytinga þar sem mælt er fyrir um kröfurnar sem þessar aðskildu tæknieiningar eru í samræmi við, „00“ eins og sakir standa, og þar á eftir komi bil og fimm stafa talan sem um getur í lið 2.4 í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858.

2. ESB-gerðarviðurkenningarmerki aðskilinna tæknieininga skal vera óafmáanlegt og auðlæsilegt.

3. Dæmi um ESB-gerðarviðurkenningarmerki aðskilinnar tæknieiningar er sýnt á mynd 1.

Mynd 1

Dæmi um ESB-gerðarviðurkenningarmerki aðskilinnar tæknieiningar



Til skýringar:

Skýringartexti ESB-gerðarviðurkenning aðskilinnar tæknieiningar var gefin út af Hollandi með númeri 00406. Fyrstu tveir tölustafirnir „00“ gefa til kynna að þessi aðskilda tæknieining var viðurkennd í samræmi við þessa reglugerð.

———

V. VIÐAUKI

HJÓLHLÍFAR

1. HLUTI

Upplýsingaskjal fyrir ESB-gerðarviðurkenningu ökutækja að því er varðar hjólhlífar

FYRIRMYND

Upplýsingaskjal nr. … um ESB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki að því er varðar hjólhlífar.

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti. Teikningar eða myndir, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu vera nægilega nákvæmar.

0.

0.1.

0.2.

0.2.1.

0.3.

0.3.1.

0.4.

0.5.

0.8.

0.9.

1.

1.1.

1.3.

1.3.2.

1.3.3.

2.

2.3.

2.3.1.

2.3.2.

2.3.3.

2.3.4.

2.4.

2.4.1.

2.4.1.2.

2.4.1.3.

2.4.2.

2.4.2.2.

2.4.2.3.

2.6.

6.

6.2.1.

6.6.

6.6.1.

6.6.1.1.

6.6.1.1.1.

6.6.1.1.2.

o.s.frv.

6.6.4.

9.

9.16.

9.16.1.

9.16.2.

Skýringar:

Þetta upplýsingaskjal er byggt á sniðmátinu sem mælt er fyrir um í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 og skal útfyllt með viðeigandi upplýsingum undir liðunum sem eru skráðir hér að framan, eins og skilgreint er í því sniðmáti.

2. HLUTI

Tækniforskriftir

1. Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „*stærðarsvið hjólbarða*“: hámarksstærðir á breidd þversniðs og ytra þvermáli hjólbarða, þ.m.t. vikmörk, eins og heimilað er og tilgreint samkvæmt viðurkenningu íhlutar fyrir hjólbarðann,

1.2. „*búnaður fyrir grip í snjó*“: snjókeðjur eða sambærilegur búnaður sem bætir grip í snjó, sem hægt er að setja á hjólbarða-/hjólasamsetningu ökutækisins og er ekki sjálft snjóhjólbarði, vetrarhjólbarði, heilsárshjólbarði eða annars konar hjólbarði.

2. Tæknilegar kröfur

2.1. Almenn ákvæði

2.1.1. Ökutæki skulu búin hjólhlíf fyrir hvert hjól.

2.1.2. Hjólhlífin má vera fólgin í hlutum yfirbyggingarinnar eða aðskildum aurbrettum og skal hönnuð þannig að hún verji vegfarendur, eins og unnt er, fyrir steinkasti, aur, ísi, snjó og vatni og dragi úr hættu fyrir þá því samfara að komast í snertingu við hjól á hreyfingu.

2.2. Sértækar kröfur

2.2.1. Hjólhlífarnar skulu uppfylla kröfurnar í liðum 2.2.1.1 til 2.2.1.4 með massa ökutækisins stilltan samkvæmt uppgefnu gildi framleiðandans fyrir massa ökutækis, tilbúins til aksturs, með einn aukafarþega í fyrstu sætaröð, ef við á, og öll stýrð hjóla í stöðunni beint áfram.

2.2.1.1. Á því svæði, sem geislalægir fletir mynda, sem mynda 30º horn fram með og 50º horn aftur með miðju hjólsins (sjá mynd 1) skal heildarbreidd hjólhlífarinnar (q) a.m.k. nema heildarbreidd hjólbarða (b), með tilliti til stærðarsviðs hjólbarða og ystu marka samsetningar hjólbarða og felgu sem framleiðandi tilgreinir. Þegar um tvöföld hjól er að ræða skal taka tillit til stærðarsviðs hjólbarða og heildarbreiddar beggja hjólbarða (t).

2.2.1.1.1. Þegar ákvarða skal breidd samkvæmt lið 2.2.1.1 skulu merkingar og skraut, ræmur eða rifflur til varnar á hliðum hjólbarða undanskildar.

2.2.1.2. Afturendi hjólhlífarinnar skal ná niður fyrir lárétt plan 150 mm fyrir ofan snúningsás hjólanna; enn fremur gildir eftirfarandi:

2.2.1.2.1. Ef um er að ræða einföld hjól skulu afturbrún hjólhlífarinnar og lárétta planið eins og um getur í lið 2.2.1.2. (sjá atriði A á mynd 1) skerast utan við lengdarmiðjuplan hjólbarðans.

2.2.1.2.2. Ef um er að ræða tvöföld hjól skulu afturbrún hjólhlífarinnar og lárétta planið eins og um getur í lið 2.2.1.2. (sjá atriði A á mynd 1) á ytri brún hjólbarðans skerast utan við lengdarmiðjuplan ysta hjólbarðans.

2.2.1.3. Útlínur og staðsetning hjólhlífa skulu vera með þeim hætti að þær séu eins nálægt hjólbörðum og unnt er. Innan þess svæðis sem geislalægir fletir mynda, eins og um getur í lið 2.2.1.1, skal einkum fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

2.2.1.3.1. Dýpt hjólhlífarinnar (p) í lóðréttu plani hjólbarðaássins, mælt frá ytri og innri brún hjólhlífarinnar við lóðrétt lengdarplan sem sker miðju hjólbarðans innan hjólhlífarinnar skal vera a.m.k. 30 mm. Heimilt er að minnka dýptina (p) stig af stigi í núll í geislalægu plönunum sem tilgreind eru í lið 2.2.1.1.

2.2.1.3.2. Bilið (c) milli neðri brúna hjólhlífar og áss sem gengur í gegnum hjólmiðju skal ekki vera stærra en 2 × r, þar sem (r) er radíus hjólbarðans í kyrrstöðu.

2.2.1.4. Ökutæki sem eru með stillanlega fjöðrunarhæð skulu uppfylla kröfurnar í liðum 2.2.1.3.1 og 2.2.1.3.2 þegar ökutækið er í venjulegri stöðu fyrir akstur sem tilgreind er af framleiðanda ökutækisins.

2.2.2. Heimilt er að hjólhlífar séu samsettar að því tilskildu að ekkert bil sé á milli einstakra hluta og innbyrðis þegar þeir hafa verið settir saman.

2.2.3. Hjólhlífarnar skulu tryggilega áfestar. Þó er leyfilegt að taka þær af annaðhvort í heilu lagi eða í hlutum.

2.3. Notkun búnaðar fyrir grip í snjó


2.3.1. Ef um er að ræða ökutæki sem aðeins eru með drif á tveimur hjólum skal framleiðandinn votta að ökutækið sé hannað þannig að unnt sé að nota a.m.k. eina gerð búnaðar fyrir grip í snjó á a.m.k. eina hjólbarða-/hjólasamsetningu sem viðurkennd er fyrir drifás ökutækisins. Framleiðandi skal tilgreina búnað fyrir grip í snjó og hjólbarða-/hjólasamsetningu, sem hentar fyrir þessa gerð ökutækis, í lið 6.6.4. í upplýsingaskjalinu.

2.3.2. Ef um er að ræða ökutæki sem eru með drif á öllum hjólum, þ.m.t. ökutæki með drifása sem hægt er að aftengja handvirkt eða sjálfvirkt, skal framleiðandinn votta að ökutækið sé hannað þannig að unnt sé að nota a.m.k. eina gerð búnaðar fyrir grip í snjó á a.m.k. eina hjólbarða-/hjólasamsetningu sem viðurkennd er fyrir þann drifás ökutækisins sem ekki er hægt að aftengja. Framleiðandi skal tilgreina búnað fyrir grip í snjó og hjólbarða-/hjólasamsetningu, sem hentar fyrir þessa gerð ökutækis, í lið 6.6.4. í upplýsingaskjalinu.

2.3.3. Framleiðandi ökutækis skal gefa viðeigandi leiðbeiningar um rétta notkun tilgreinds búnaðar fyrir grip í snjó í notendaleiðbeiningum vélknúna ökutækisins (t.d. notendahandbók, handbók ökutækis).

Mynd 1

Skýringarmynd af hjólhlíf



Til skýringar:

(1) Breidd hjólbarðans (b) er ákvörðuð við efsta hluta hjólbarðans (breidd þversniðs hjólbarðans á milli þeirra geislalægu flata sem um getur í lið 2.2.1.1).

3. HLUTI

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ (ÖKUTÆKJAKERFI)

Tilkynning um *veitingu*/*rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* (1) á gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis að því er varðar hjólhlífar í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í V. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/535, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. …/…

Númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins:

Ástæða fyrir *rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* (1):

I. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við I. þátt sniðmáts fyrirmyndar B í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

II. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við II. þátt sniðmáts fyrirmyndar B í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

Viðauki

við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð númer …

1. Viðbótarupplýsingar:

1.1. Stutt lýsing á gerð ökutækis með tilliti til burðarvirkis, mála, lögunar og smíðaefna:

1.2. Lýsing á hjólhlífunum:

1.3. Hjólbarða-/hjólasamsetning(-ar) (þ.m.t. stærð hjólbarða, stærð og afstæði felgu):

1.4. Lýsing á gerð búnaðar fyrir grip í snjó sem heimilt er að nota:

1.5. Hjólbarða-/hjólasamsetning(-ar) (þ.m.t. stærð hjólbarða, stærð og afstæði felgu) sem skal nota með búnaði fyrir grip í snjó:

2. Ásar með sídrif: *ás 1*/*ás 2*/… (1)

3. Fjöðrunarhæð stillanleg: *já*/*nei* (1)

4. Hjólhlífar er *hægt að taka af*/*ekki hægt að taka af* (1) *í heilu lagi*/*í hlutum* (1)

5. Athugasemdir:

———

(1) Strika skal yfir það sem á ekki við.

VI. VIÐAUKI

AFÍSINGAR- OG MÓÐUHREINSUNARKERFI FRAMRÚÐU

1. HLUTI

Upplýsingaskjal fyrir ESB-gerðarviðurkenningu ökutækja að því er varðar afísingar- og móðuhreinsunarkerfi framrúðu

FYRIRMYND

Upplýsingaskjal nr. ... um ESB-gerðarviðurkenningu vélknúins ökutækis að því er varðar afísingar- og móðuhreinsunarkerfi framrúðu.

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti. Teikningar eða myndir, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu vera nægilega nákvæmar.

0.

0.1.

0.2.

0.2.1.

0.3.

0.3.1

0.4.

0.5.

0.8.

0.9.

1.

1.1.

1.6.

1.8.

3.

3.1.

3.1.1.

3.2.

3.2.1.

3.2.1.1.

3.2.1.2.

3.2.1.3.

3.2.1.6.

3.2.1.8.

3.2.2.

3.2.2.1.

3.2.5.

3.2.5.1.

3.2.5.2.

3.2.5.2.1.

3.2.5.2.2.

3.2.7.

3.2.7.1.

3.2.7.2.

3.2.7.2.1.

3.2.7.2.2.

3.2.7.2.3.

3.2.7.2.3.1.

3.2.7.2.3.2.

3.2.7.2.4.

3.2.7.2.5.

3.2.7.3.

3.2.7.3.1.

3.2.7.3.2.

3.2.7.3.2.1.

3.2.7.3.2.2.

3.3.

3.3.1.

3.3.1.1.1.

3.3.1.2.

3.3.2.

3.3.2.1.

3.3.2.2.

3.3.2.3.

3.3.2.4.

3.4.

3.4.1.

3.4.2.

3.4.3.

3.4.3.1.

3.4.3.1.1.

3.4.3.1.2.

3.4.3.1.3.

3.4.4.

3.4.4.1.

3.4.4.2.

3.4.4.3.

3.4.4.4.

3.4.4.5.

3.4.4.6.

3.6.

3.6.1.

3.6.1.1.

3.6.1.2.

3.6.1.2.1.

3.6.1.2.2.

3.6.2.

3.6.3.

9.

9.1.

9.2.

9.3.

9.3.1.

9.4.

9.4.1.

9.4.2.

9.5.

9.5.1.

9.5.1.1.

9.5.1.2.

9.5.1.3.

9.5.1.4.

9.5.1.5.

9.6.

9.6.1.

9.7.

9.7.1.

9.8.

9.8.1.

9.8.2.

9.10.

9.10.1.

9.10.1.1.

9.10.1.3.

9.10.3.

9.10.3.1.

9.10.3.1.1.

9.10.3.5.

9.10.3.5.1.

9.10.3.6.

9.10.3.6.1.

Skýringar:

Þetta upplýsingaskjal er byggt á sniðmátinu sem mælt er fyrir um í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 og skal útfyllt með viðeigandi upplýsingum undir liðunum sem eru skráðir hér að framan, eins og skilgreint er í því sniðmáti.

2. HLUTI

Tækniforskriftir

1. Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „*afísingarsvæði*“: hluti framrúðu sem er með þurrt ytra yfirborð eða ytra yfirborð sem þakið er blautu hrími sem er að einhverju eða öllu leyti bráðið og hægt er að fjarlægja með framrúðuþurrkubúnaði ökutækis,

1.2. „*móða*“: þunnt lag af þéttri gufu á innra yfirborði framrúðunnar,

1.3. „*móðuhreinsað svæði*“: hluti framrúðunnar sem er með þurrt innra yfirborð, án dropa eða nokkurs vatns, eftir að hafa áður verð þakið móðu,

1.4. „*sjónsvæði A*“: prófunarsvæði A, eins og það er skilgreint í lið 2.2. í 21. viðauka við reglugerð SÞ nr. 43,

1.5. „*sjónsvæði B*“: prófunarsvæði B, sem dregið hefur verið úr, eins og það er skilgreint í lið 2.4. í 21. viðauka við reglugerð SÞ nr. 43, án útilokunar svæðisins sem skilgreint er þar í lið 2.4.1. (þ.e. sjónsvæði A er innifalið),

1.6. „*aðalstýrirofi ökutækis*“: búnaður sem færir rafkerfið um borð í ökutæki yfir í venjulegan notkunarham eftir að slökkt hefur verið á því, eins og þegar ökutæki hefur verið lagt og það er án ökumanns.

2. Tæknilegar kröfur

2.1. Afísing framrúðu

2.1.1. Öll ökutæki sem hafa framrúðu skulu búin kerfi til að fjarlægja hrím og ís af ytra yfirborði framrúðunnar. Afísingarkerfi framrúðu skal vera nógu skilvirkt til að tryggja fullnægjandi útsýn í gegnum framrúðuna í köldu veðri.

2.1.2. Skilvirkni kerfisins skal sannprófuð með því að ákvarða afísingarsvæði framrúðunnar með reglulegu millibili eftir að ökutæki er sett í gang í kjölfar þess að hafa verið geymt í köldu hólfi í tiltekinn tíma.

2.1.3. Eftirlit skal haft með kröfunum í liðum 2.1.1 og 2.1.2 með aðferðinni sem sett er fram í lið 3.1.

2.1.4. Eftirfarandi kröfum skal fullnægt:

2.1.4.1. afísingu 80% af sjónsvæði A skal lokið 20 mínútum eftir upphaf prófunartímabilsins,

2.1.4.2. afísingarsvæði framrúðunnar farþegamegin skal vera sambærilegt við svæðið, sem um getur í lið 2.1.4.1, fyrir hlið ökumannsins 25 mínútum eftir upphaf prófunartímabilsins,

2.1.4.3. afísingu 95% af sjónsvæði B skal lokið 40 mínútum eftir upphaf prófunartímabilsins.

2.2. Móðuhreinsun framrúðu

2.2.1. Öll ökutæki sem hafa framrúðu skulu búin kerfi til að fjarlægja móðu af innra yfirborði framrúðunnar.

2.2.2. Móðuhreinsunarkerfi skal vera nógu skilvirkt til að endurheimta útsýn í gegnum framrúðu ef móða er á henni. Skilvirkni þess skal sannprófuð í samræmi við aðferðina sem lýst er í lið 3.2.

2.2.3. Eftirfarandi kröfum skal fullnægt:

2.2.3.1. Sjónsvæði A skal vera 90% móðuhreinsað á 10 mínútum,

2.2.3.2. Sjónsvæði B skal vera 80% móðuhreinsað á 10 mínútum.

3. Prófunaraðferðir

3.1. Afísing framrúðu

3.1.1. Prófunin skal framkvæmd við –8 ± 2 °C eða –18 ± 3 °C hita, sem framleiðandi velur.

3.1.1.1. Prófunin skal framkvæmd í köldum klefa sem er nógu stór fyrir fullbúið ökutæki og getur viðhaldið öðru hitastiginu, sem getið er í lið 3.1.1, í klefanum í gegnum alla prófunina, ásamt hringrás kalds lofts. Kalda klefanum skal haldið við eða undir tilgreindu prófunarhitastigi í a.m.k. 24 klst. fyrir þann tíma þegar ökutækið kemst í snertingu við kuldann.

3.1.2. Fyrir prófunina skal fituhreinsa innra og ytra yfirborð framrúðunnar með brennsluspritti eða sambærilegu fituhreinsiefni. Eftir þurrkun skal ammoníakslausn sem ekki er minna en 3% og ekki meira en 10% borin á. Yfirborðinu skal leyft að þorna aftur og svo strokið yfir það með þurrum baðmullarklút.

3.1.3. Slökkt skal á ökutækinu og það haft við prófunarhitann í a.m.k. 10 klst. áður en prófunin hefst.

3.1.3.1. Stytta má þann tíma sem um getur í lið 3.1.3 ef mögulegt er að kanna hvort kælivökvi og smurolía ökutækisins haldist stöðug við prófunarhitastigið.

3.1.4. Að loknum tímanum sem mælt er fyrir um í lið 3.1.3 skal jafnt lag af ís, 0,044 g/cm^2, borið á allt ytra yfirborð framrúðunnar með vatnsúðabyssu með vinnsluþrýsting upp á 3,5 ± 0,2 bör.

3.1.4.1. Úðastútnum, sem stilltur er á fullt blævængsmynstur og hámarksflæði, skal haldið hornrétt að gleryfirborðinu í 200 til 250 mm fjarlægð og skal beint þannig að hann myndi jafnt lag af ís þvert yfir framrúðuna frá einni hlið til annarrar.

3.1.4.1.1. Til að uppfylla kröfurnar í lið 3.1.5 má nota úðabyssu með stút sem er 1,7 mm í þvermál og hefur vökvastreymi upp á 0,395 l/mín og getur myndað fullt blævængsmynstur, sem er 300 mm í þvermál, á gleryfirborðið úr 200 mm fjarlægð frá því. Allur annar búnaður sem dugar til þess að uppfylla kröfurnar skal einnig leyfður.

3.1.5. Eftir að ísinn hefur verið myndaður á framrúðunni skal ökutækið geymt í kalda klefanum í a.m.k. 30 mínútur til viðbótar en þó ekki lengur en í 40 mínútur.

3.1.6. Að loknum tímanum sem mælt er fyrir um í lið 3.1.5 skulu einn eða tveir skoðunarfulltrúar fara inn í ökutækið, síðan má kveikja á aðalstjórnbúnaði ökutækis og ræsa má hreyfil, sé hann til staðar, utan frá ef þörf er á. Prófunartími skal hefjast um leið og aðalstjórnrofi ökutækis hefur verið virkjaður.

3.1.6.1. Ef hreyfill er í ökutækinu má stilla snúningshraða hans fyrstu fimm mínútur prófunartímabilsins í samræmi við þá forskrift sem framleiðandi mælir með til upphitunar þegar verið er að ræsa í köldu veðri.

3.1.6.2. Á síðustu 35 mínútum prófunartímabilsins (eða meðan á öllu prófunartímabilinu stendur ef ekki er farið eftir fimm mínútna upphitunaraðferðinni) skal eftirfarandi gilda:

3.1.6.2.1. Hreyfillinn, sé hann til staðar, skal ganga á hraða sem ekki fer yfir 50% þess snúningshraða sem svarar til hámarksafkasta hans. Reynist þetta hins vegar óframkvæmanlegt vegna sérstaks skipulags á stjórnun hreyfilsins, t.d. þegar um er að ræða tvinnrafökutæki, skal ákvarða raunhæf, verstu, hugsanlegu tilvik. Í sviðsmyndinni skal tillit til snúningshraða hreyfilsins og hvort hreyfillinn sé aðeins í gangi tímabundið eða alls ekki við hefðbundin akstursskilyrði og umhverfishita sem nemur –8 °C eða –18 °C, hvort sem framleiðandi hefur valið sem tilgreint prófunarhitastig. Ef kerfið getur uppfyllt kröfur um afísingu án hreyfils í gangi, þarf hreyfillinn ekki að vera í gangi.

3.1.6.3. Allir rafgeymar skulu hafa fulla hleðslu við upphaf prófunar. Háspennurafgeymar í ökutækjum búnum rafaflrás skulu þó hlaðin > 60%.

3.1.6.4. Á meðan prófun stendur yfir má spenna við úttök afísingarbúnaðar ekki vera meira en 20% umfram nafnspennu kerfisins.

3.1.6.5. Hitastig í prófunarklefa skal mælt við miðju framrúðu, á stað sem ekki hefur orðið fyrir verulegum hitaáhrifum frá ökutækinu sem verið er að prófa.

3.1.6.6. Hraði loftsins sem streymir lárétt og kælir klefann, mældur rétt fyrir prófun í miðjuplani ökutækis, á stað sem er 300 mm framan við neðsta hluta framrúðunnar og mitt á milli neðsta og efsta hluta hennar, skal vera eins lítill og unnt er og alltaf minni en 8 km/klst.

3.1.6.7. Vélarhlíf, þak, allar dyr, gluggar og loftop, sé slíkt til staðar, að undanskildu inn- og úttaki hita- og loftræstikerfis, skal vera lokað, en einn eða tvo glugga má opna samtals 25 mm lóðrétt, fari framleiðandi ökutækisins fram á það.

3.1.7.8. Stýring afísingarkerfis ökutækisins skal stillt eins og framleiðandi ökutækisins mælir með fyrir prófunarhitastigið.

3.1.6.9. Nota má framrúðuþurrkur meðan á prófun stendur, en það skal þó eiga sér stað án handvirkrar aðstoðar, annarrar en beitingar stjórntækja inni í ökutækinu.

3.1.7. Skoðunarfulltrúi (fulltrúar) skal afmarka afísingarsvæðið á innra yfirborði framrúðunnar, með fimm mínútna millibili frá því að prófunartími hefst.

3.1.8. Þegar prófun lýkur skal mynstur afísingarsvæðisins, sem afmarkað er á innra borði framrúðunnar eins og farið er fram á í lið 3.1.7, skráð og merkt til að auðkenna sjónsvæði A og B á framrúðunni.

3.2. Móðuhreinsun framrúðu

3.2.1. Fyrir prófunina skal fituhreinsa innra og ytra yfirborð framrúðunnar með brennsluspritti eða sambærilegu fituhreinsiefni. Eftir þurrkun skal ammoníakslausn sem ekki er minna en 3% og ekki meira en 10% borin á. Yfirborðinu skal leyft að þorna aftur og svo strokið yfir það með þurrum baðmullarklút.

3.2.2. Prófunin skal framkvæmd í loftlagsklefa sem er nógu stór fyrir fullbúið ökutæki og sem getur framkallað og viðhaldið prófunarhitastigi upp á –3 ± 1 °C allan prófunartímann.

3.2.2.1. Hitastig í prófunarklefa skal mælt við miðju framrúðu, á stað sem ekki hefur orðið fyrir verulegum hitaáhrifum frá ökutækinu sem verið er að prófa.

3.2.2.2. Hraði loftsins sem streymir lárétt og kælir klefann, mældur rétt fyrir prófun í miðjuplani ökutækis, á stað sem er 300 mm framan við neðsta hluta framrúðunnar og mitt á milli neðsta og efsta hluta hennar, skal vera eins lítill og unnt er og alltaf minni en 8 km/klst.

3.2.2.3. Vélarhlíf, þak, allar dyr, gluggar og loftop, sé slíkt til staðar, að undanskildu inn- og úttaki hita- og loftræstikerfis, skal vera lokað, en einn eða tveir gluggar mega vera opnir frá upphafi móðuhreinsunarprófunarinnar, samtals 25 mm lóðrétt, fari framleiðandi ökutækisins fram á það.

3.2.3. Móðan skal framleidd með gufutæki eins og lýst er í 4. lið. Tækið skal innihalda nógu mikið vatn til þess að framleiða a.m.k. 70 ± 5 g/klst. af gufu fyrir hvert sæti sem framleiðandi tilgreinir, við umhverfishita upp á –3 °C.

3.2.4. Innra yfirborð framrúðu skal þrifið eins og sett er fram í lið 3.2.1 eftir að ökutækið er sett í loftlagsklefann. Þá skal lækka umhverfishita og gera hann stöðugan við –3 ± 1 °C. Slökkt skal á ökutækinu og það haft við prófunarhitann í a.m.k. 10 klst. áður en prófunin hefst. Stytta má þann tíma ef mögulegt er að kanna hvort kælivökvi og smurolía ökutækisins haldist stöðug við prófunarhitastigið.

3.2.5. Gufutækinu skal komið fyrir með úttakið við lengdarmiðjuplan ökutækisins í 580 ± 80 mm hæð yfir R-punkti eða viðmiðunarpunkti ökumannssætis (þ.e. punktinum sem framleiðandi ökutækis skilgreinir að því er varðar þrívíða viðmiðunarkerfið sem skilgreint er í lið 1.10 í 2. hluta IV. viðauka.) Venjulega skal gufutækið sett fyrir aftan framsætin en ef hönnun ökutækisins kemur í veg fyrir þetta er heimilt að setja það í næstu hentugu stöðu framan við þá sem um getur hér á undan.

3.2.6. Þegar tækið hefur starfað í fimm mínútur inni í ökutækinu skulu einn eða tveir skoðunarfulltrúar fara snöggt inn í ökutækið, þannig að þeir opni aðgengisdyr ekki lengur en í 8 sekúndur, og setjast í framsætin, og síðan skal dregið úr afköstum tækisins um 70 ± 5 g/klst. fyrir hvern skoðunarfulltrúa.

3.2.7. Einni mínútu eftir að skoðunarfulltrúi (fulltrúar) hefur farið inn í ökutækið má kveikja á aðalstjórnbúnaði ökutækis og ræsa má hreyfil sé hann til staðar, utan frá ef þörf er á. Prófunartími skal hefjast um leið og aðalstjórnrofi ökutækis hefur verið virkjaður.

3.2.7.1. Ef hreyfill er í ökutækinu skal hann ganga á hraða sem ekki fer yfir 50% þess snúningshraða sem svarar til hámarksafkasta hans. Reynist þetta hins vegar óframkvæmanlegt vegna sérstaks skipulags á stjórnun hreyfilsins, t.d. þegar um er að ræða tvinnrafökutæki, skal ákvarða raunhæf, verstu, hugsanlegu tilvik. Í sviðsmyndinni skal tillit til snúningshraða hreyfilsins og hvort hreyfillinn sé aðeins í gangi tímabundið eða alls ekki við hefðbundin aksturskilyrði og umhverfishita sem nemur –1 °C. Ef kerfið getur uppfyllt kröfur um móðuhreinsun án hreyfils í gangi, þarf hreyfillinn ekki að vera í gangi.

3.2.7.2. Stýring móðuhreinsunarkerfis ökutækisins skal stillt eins og framleiðandi ökutækisins mælir með fyrir prófunarhitastigið.

3.2.7.3. Allir rafgeymar skulu hafa fulla hleðslu við upphaf prófunar. Háspennurafgeymar í ökutækjum búnum rafaflrás skulu þó hlaðin > 60%.

3.2.7.4. Spenna við úttök móðuhreinsunarbúnaðar má ekki vera meira en 20% yfir nafnspennu kerfisins.

3.2.8. Þegar prófun lýkur skal mynstur móðuhreinsaða svæðisins skráð og merkt til að auðkenna sjónsvæði A og B á framrúðunni.

4. Eiginleikar gufutækis.

4.1. Gufutæki sem notað er við prófunina skal hafa eftirfarandi almenna eiginleika:

4.1.1. Vatnsgeymir skal a.m.k. hafa rými fyrir 2,25 lítra.

4.1.2. Varmatap við suðumark skal ekki vera meira en 75 W við umhverfishita sem nemur –3 ± 1 °C.


4.1.3. Viftan skal afkasta 0,07 til 0,10 m^3/mín við 0,5 millibara stöðugan þrýsting.

4.1.4. Hringinn í kringum toppinn á tækinu skulu vera sex útstreymisgöt fyrir gufu, með jöfnu millibili (sjá mynd 1).

4.1.5. Tækið skal kvarðað við –3 ± 1 °C til að sýna hvert 70 ± 5 g/klst. frálag upp að hámarki *n* sinnum þessi tala, þar sem *n* er hámarksfjöldi sæta sem framleiðandi tilgreinir.

Mynd 1

Skýringarmynd af gufutæki



4.2. Tilgreindir íhlutir skulu hafa eftirfarandi einkenni hvað mál og efni varðar:

4.2.1. Stútur

4.2.1.1. Mál:

4.2.1.1.1. Lengd 100 mm.

4.2.1.1.2. Innra þvermál: 15 mm.

4.2.1.2. Efni:

4.2.1.2.1. Messing.

4.2.2. Dreifiklefi

4.2.2.1. Mál:

4.2.2.1.1. Ytra rörþvermál 75 mm.

4.2.2.1.2. Þykkt veggjar 0,38 mm.

4.2.2.1.3. Lengd 115 mm.

4.2.2.1.4. Með jöfnu millibili raðast sex göt með 6,3 mm þvermál 25 mm ofan við botninn á dreifiklefanum.

4.2.2.2. Efni:

4.2.2.2.1. Messing.

3. HLUTI

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ (ÖKUTÆKJAKERFI)

Tilkynning um *veitingu*/*rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* (1) á gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis að því er varðar afísingar- og móðuhreinsunarkerfi framrúðu í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í VI. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/535, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. …/…

Númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins:

Ástæða fyrir *rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* (1):

I. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við I. þátt sniðmáts fyrirmyndar B í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

II. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við II. þátt sniðmáts fyrirmyndar B í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

Viðauki

við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð númer …

1. Viðbótarupplýsingar:

1.1. Stutt lýsing á gerð ökutækis með tilliti til burðarvirkis, mála, lögunar og smíðaefna:

1.2. Lýsing á afísingar- og móðuhreinsunarkerfunum:

1.3. Lýsing á innra skipulagi eða tengihlutum sem kynnu að hafa áhrif á niðurstöður prófananna:

1.4. Hámarksfjöldi sæta:

1.5. Einkenni framrúðu:

þykkt íhluta (mm):

1.6. Málspenna rafmagnsbúnaðar (V):

2. Stýri: *hægra*/*vinstra megin* (1)

3. Fullbúinn hreyfill: rafkveikju-/þjöppukveikju-/raf-/fjölknúinn raf-/ (1)

4. Prófunarhitastig afísingar: *–8 °C* / *–18 °C* (1)

5. Athugasemdir:

———

(1) Strika skal yfir það sem á ekki við.

VII. VIÐAUKI

DRÁTTARBÚNAÐUR

1. HLUTI

Upplýsingaskjal fyrir ESB-gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar dráttarbúnað

FYRIRMYND

Upplýsingaskjal nr. … um ESB-gerðarviðurkenningu vélknúins ökutækis að því er varðar dráttarbúnað.

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti. Teikningar eða myndir, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu vera nægilega nákvæmar.

0.

0.1.

0.2.

0.2.1.

0.3.

0.3.1.

0.4.

0.5.

0.8.

0.9.

1.

1.1.

2.

2.8.

2.11.5.

12.

12.3.

12.3.1.

12.3.2.

12.3.3.

Skýringar:

Þetta upplýsingaskjal er byggt á sniðmátinu sem mælt er fyrir um í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 og skal útfyllt með viðeigandi upplýsingum undir liðunum sem eru skráðir hér að framan, eins og skilgreint er í því sniðmáti.

2. HLUTI

Tækniforskriftir

1. Tæknilegar kröfur

1.1. Lágmarksfjöldi búnaðar.

1.1.1. Öll vélknúin ökutæki skulu hafa dráttarbúnað að framan.

1.1.2. Ökutæki í flokki M_1, eins og þau eru skilgreind í A-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858, nema þau ökutæki sem ekki henta til að draga hleðslu, skulu einnig hafa dráttarbúnað að aftan.

1.1.3. Í stað dráttarbúnaðar að aftan er heimilt að nota véltengibúnað, eins og sett er fram í reglugerð SÞ nr. 55, að því tilskildu að kröfurnar í lið 1.2.1 séu uppfylltar.

1.2. Álag og stöðugleiki

1.2.1. Sérhver dráttarbúnaður sem festur er á ökutækið skal geta þolað tog- og þrýstistöðukraft sem jafngildir áhrifum þyngdarafls á a.m.k. helming af tæknilega leyfilegum hámarksmassa ökutækisins með hleðslu.

2. Prófunaraðferð

2.1. Við prófun skal beita skal bæði tog- og þrýstiálagi á hvern aðskilinn dráttarbúnað, sem festur er á ökutækið.

2.2. Prófunarálaginu skal beitt í lárétta lengdarstefnu, miðað við ökutækið.

3. HLUTI

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ (ÖKUTÆKJAKERFI)

Tilkynning um *veitingu*/*rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* (1) á gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis að því er varðar dráttarbúnað í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í VII. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/535, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. …/…

Númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins:

Ástæða fyrir *rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* (1):

I. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við I. þátt sniðmáts fyrirmyndar B í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

II. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við II. þátt sniðmáts fyrirmyndar B í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

Viðauki

við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð númer …

1. Viðbótarupplýsingar:

1.1. Stutt lýsing á gerð ökutækis með tilliti til burðarvirkis, mála, lögunar og smíðaefna:

1.2. Heildarfjöldi og staðsetning dráttarbúnaðar:

1.3. Aðferð við áfestingu á ökutækið:

1.4. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi ökutækisins með hleðslu (kg):

2. Dráttarbúnaður að framan: *hægt að fjarlægja*/*ekki hægt að fjarlægja* (1) *krókur*/*auga*/*annað* (1)

3. Dráttarbúnaður að aftan: *hægt að fjarlægja*/*ekki hægt að fjarlægja* (1) *krókur*/*auga*/*annað*/*ekkert* (1)

4. Ökutækið *hentar*/*hentar ekki* (1) til að draga hleðslu

5. Athugasemdir:

———

(1) Strika skal yfir það sem á ekki við.

VIII. VIÐAUKI

HJÓL- OG AURHLÍFAKERFI

1. HLUTI

A-þáttur

Upplýsingaskjal fyrir ESB-gerðarviðurkenningu ökutækja að því er varðar hjól- og aurhlífakerfi

FYRIRMYND

Upplýsingaskjal nr. ... um ESB-gerðarviðurkenningu ökutækis að því er varðar hjól- og aurhlífakerfi þess.

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti. Teikningar eða myndir, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu vera nægilega nákvæmar.

0.

0.1

0.2.

0.2.1.

0.3.

0.3.1.

0.4.

0.5.

0.8.

0.9.

1.

1.1.

1.3.

1.3.1.

1.3.2.

2.

2.1.

2.6.

2.6.1.

2.8.

9.

9.20.

9.20.0.

9.20.1.

9.20.2.

9.20.3.

Skýringar:

Þetta upplýsingaskjal er byggt á sniðmátinu sem mælt er fyrir um í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 og skal útfyllt með viðeigandi upplýsingum undir liðunum sem eru skráðir hér að framan, eins og skilgreint er í því sniðmáti.

B-þáttur

Upplýsingaskjal fyrir ESB-gerðarviðurkenningu gerðar aðskilinnar tæknieiningar að því er varðar hjól- og aurhlífakerfi

FYRIRMYND

Upplýsingaskjal nr. ... um ESB-gerðarviðurkenningu aðskilinna tæknieininga að því er varðar hjól- og aurhlífakerfi.

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti. Teikningar eða myndir, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar sem um getur í þessu upplýsingaskjali eru búnar rafeindastýringu skal veita upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0.

0.1.

0.2.

0.5.

0.7.

0.8.

0.9.

1.

1.1.

1.2.

1.3.

Skýringar:

Þetta upplýsingaskjal er byggt á sniðmátinu sem mælt er fyrir um í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 og skal útfyllt með viðeigandi upplýsingum undir liðunum sem eru skráðir hér að framan, eins og skilgreint er í því sniðmáti.

2. HLUTI

Tækniforskriftir

1. Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „*aurbretti*“: stífur eða hálfstífur íhlutur sem á að taka við því vatni sem hjólbarðar á hreyfingu þeyta upp og beina því að jörðu og sem getur að öllu leyti eða að hluta til verið óaðskiljanlegur hluti yfirbyggingar ökutækis eða annarra hluta ökutækis, svo sem neðri hluta hleðslupalls,

1.2. „*aurflapi*“: sveigjanlegur íhlutur sem er festur lóðrétt fyrir aftan hjól, á neðri hluta undirvagns eða hleðsluflatar, eða á aurbretti og dregur úr hættunni á því að hjólbarðar þeyti smáhlutum, sérstaklega steinvölum, upp eða til hliðar að öðrum vegfarendum,

1.3. „*loft- og vatnsskilja*“: íhlutur sem er hluti kappans og/eða aurflapans, sem loft getur gengið í gegnum um leið og dregur úr dreifingu vatnsins,

1.4. „*orkugleypir*“: íhlutur sem er hluti aurbrettis og/eða kappa og/eða aurflapa sem gleypir orku frá vatnsúða og dregur þar með úr dreifingu vatnsúðans,

1.5. „*ytri kappi*“: íhlutur sem er staðsettur hér um bil í lóðréttu plani sem er samsíða lengdarplani ökutækis og sem getur verið hluti aurbrettis eða yfirbyggingar ökutækis,

1.6. „*stýrð hjól*“: hjól sem stýrisbúnaður ökutækisins hefur áhrif á,

1.7. „*sjálfstýrður ás*“: ás sem snýst í kringum miðpunkt þannig að hann myndar láréttan boga með hreyfingu sinni,

1.8. „*sjálfstýrandi hjól*“: hjól sem ekki er stýrt með stýrisbúnaði ökutækisins en geta beygt um allt að 20º vegna núnings við jörð,

1.9. „*lyftiás*“: ás, eins og hann er skilgreindur í lið 1.9 í A-þætti 2. hluta XIII. viðauka,

1.10. „óhlaðið ökutæki“: ökutæki tilbúið til aksturs eins og segir í lið 1.3 í A-þætti 2. hluta XIII. viðauka,

1.11. „sóli“: sá hluti hjólbarðans sem er skilgreindur í lið 2.8 í reglugerð SÞ nr. 30 ([1]) eða reglugerð SÞ nr. 54 ([2]), eins og við á,

2. Hjól- og aurhlífatæki

2.1. Almenn ákvæði

Hjól- og aurhlífatæki skulu smíðuð þannig að þau vinni á réttan hátt við venjulega notkun á blautum vegum. Enn fremur skal búnaðurinn vera laus við alla byggingar- eða smíðagalla sem hamla því að hann vinni rétt.

2.2. Prófanir sem gera skal

Hjól- og aurhlífatæki skulu sett í viðeigandi prófanir eins og lýst er í liðum 3.1 og 3.2, eftir því á hvaða efnislegum vinnsluhætti þau byggjast, og verður að skila þeim niðurstöðum sem krafist er í liðum 3.1.5 og 3.2.5.

2.3. Láta ber tækniþjónustunni, sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar, eftirfarandi í té:

Þrjú sýnishornanna skulu notuð við prófanir og hið fjórða skal geymt á prófunarstofunni til sannprófunar síðar. Prófunarstofunni er heimilt að fara fram á að fá fleiri sýnishorn.

2.4. Merkingar

Á hverju sýnishorni skal vera skýr og óafmáanleg áletrun sem sýnir viðskiptaheiti eða vörumerki og tilvísun til gerðar og hefur nægilega stórt pláss fyrir ESB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutarins.

2.5. Tákni „A“ fyrir tæki sem byggjast á því að gleypa orku eða tákni „S“ fyrir tæki sem byggjast á loft- og vatnsskilju skal bætt við viðurkenningarmerkið í samræmi við C-þátt í 3. hluta.

3. Prófunaraðferðir

Hjól- og aurhlífatæki skulu sett í þær prófanir sem lýst er í liðum í 3.1 og 3.2, eftir því á hvaða efnislegum vinnsluhætti þau byggjast, og verða að skila þeim niðurstöðum sem krafist er í þeim liðum (liðir 3.1.5 og 3.2.5).

3.1. **Prófanir á hjól- og aurhlífatækjum sem byggjast á orkugleypi**

3.1.1. Meginregla

Markmiðið með þessari prófun er að mæla hæfni tækis til að halda í skefjum vatni sem beint er að því með nokkrum vatnsbunum. Prófunarsamstæðunni er ætlað að líkja eftir þeim aðstæðum sem tækið á að vinna við þegar það er uppsett á ökutæki, með tilliti til vatnsmagns og hraðans á vatninu þegar hjólbarðasólinn þeytir því upp.

([1]) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 30 – Samræmd ákvæði varðandi viðurkenningu á loftfylltum hjólbörðum fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra (Stjtíð. ESB L 307, 23.11.2011, bls. 1).

([2]) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 54 – Samræmd ákvæði varðandi viðurkenningu á loftfylltum hjólbörðum fyrir atvinnuökutæki og eftirvagna þeirra (Stjtíð. ESB L 183, 11.7.2008, bls. 41).

3.1.2. Búnaður

Sjá lýsingu á prófunarsamstæðunni á mynd 8 í viðbætinum.

3.1.3. Prófunarskilyrði

3.1.3.1. Prófanirnar skulu fara fram í lokuðu herbergi og kyrru lofti.

3.1.3.2. Umhverfishiti og hiti prófunarhlutanna skal vera 21 (±3) °C.

3.1.3.3. Nota skal afjónað vatn.

3.1.3.4. Undirbúa skal prófunarhlutana með vætingu fyrir hverja prófun.

3.1.4. Aðferð

3.1.4.1. Sýnishorn af búnaðinum, sem á að prófa, sem er 500 (+0/–5) mm breitt og 750 mm langt skal fest við lóðrétta plötu prófunarbúnaðarins og þess gætt að sýnishornið liggi vel innan marka söfnunarílátsins og að engin hindrun geti beint vatninu til hliðar, hvorki áður né eftir að það skvettist á sýnishornið.

3.1.4.2. Rennslishraði vatnsins skal stilltur á 0,675 (+/–0,01) l/s og beina skal a.m.k. 90 l, í mesta lagi 120 l, á sýnishornið úr láréttri 500 (+/–2) mm fjarlægð (mynd 8 í viðbætinum).

3.1.4.3. Látið vatnið drjúpa af sýnishorninu ofan í söfnunarílátið. Reikna skal út hundraðshluta þess vatns sem safnað er með tilliti til þess magns vatns sem úðað var.

3.1.4.4. Prófunin skal framkvæmd fimm sinnum á sýnishorninu í samræmi við liði 3.1.4.2. og 3.1.4.3. Reikna skal út meðaltal hundraðshluta úr röð þessara fimm prófana.

3.1.5. Niðurstöður

3.1.5.1. Meðaltal hundraðshluta reiknað í lið 3.1.4.4 skal vera 70% eða hærra.

3.1.5.2. Ef hæsti og lægsti hundraðshluti vatns, sem safnað er í röð fimm prófana, víkur um meira en 5% frá meðaltali hundraðshluta, skal endurtaka röð prófananna fimm.

Ef hæsti og lægsti hundraðshluti vatns, sem safnað er í annarri röð fimm prófana, víkur aftur frá meðaltali hundraðshluta um meira en 5%, og ef lægra gildið uppfyllir ekki kröfur liðar 3.1.5.1, skal synjað um gerðarviðurkenningu.

3.1.5.3. Sannreyna skal hvort lóðrétt staða tækisins hefur áhrif á niðurstöðurnar sem fást. Ef svo er skal aðferðin sem lýst er í liðum 3.1.4.1 til 3.1.4.4 endurtekin í þeim stöðum sem gefa hæsta og lægsta hundraðshluta vatns sem safnað er og kröfurnar í lið 3.1.5.2 skulu gilda.

Meðaltal einstakra niðurstaðna skal svo tekið til að gefa meðaltal hundraðshluta. Það meðaltal hundraðshluta skal vera 70 eða hærra.

3.2. Prófun á hjól- og aurhlífatækjum sem byggja á loft- og vatnsskilju

3.2.1. Meginregla

Þessari prófun er ætlað að ákvarða hæfni gropins efnis, sem á að halda í skefjum vatni sem sprautað hefur verið á það með þrýstiloftsúðara.

Sá búnaður sem notaður er í prófuninni skal líkja eftir þeim aðstæðum sem eru til staðar þar sem efnið er, að því er varðar magn og kraft þess vatns sem hjólbarðarnir þeyta upp, ef hann væri festur á ökutæki.

3.2.2. Búnaður

Sjá lýsingu á prófunarsamstæðunni á mynd 9 í viðbætinum.

3.2.3. Prófunarskilyrði

3.2.3.1. Prófanirnar skulu fara fram í lokuðu herbergi og kyrru lofti.

3.2.3.2. Umhverfishiti og hiti prófunarhlutanna skal vera 21 (± 3) °C.

3.2.3.3. Nota skal afjónað vatn.

3.2.3.4. Undirbúa skal prófunarhlutana með vætingu fyrir hverja prófun.

3.2.4. Aðferð

3.2.4.1. Sýnishorn sem er 305 × 100 mm skal fest lóðrétt í prófunarsamstæðuna. Sannreyna skal að ekkert rúm sé milli sýnishornsins og efri bogadregnu plötunnar og að bakkanum sé vandlega komið fyrir. Fylla skal 1 ± 0,005 lítra af vatni á kútinn á úðaranum og koma honum fyrir eins og lýst er á skýringarmyndinni.

3.2.4.2. Úðarinn skal stilltur sem hér segir:

a) þrýstingur (við úðarann): 5 bör + 10%/–0%

b) streymi: 1 lítri/mínútu ± 5 sekúndur

c) lögun úða: hringlaga, 50 ± 5 mm í þvermál í 200 ± 5 mm fjarlægð frá sýnishorni, stútur 5 ± 0,1 mm í þvermál.

3.2.4.3. Úða skal vatninu þar til enginn vatnsúði er eftir og skrá skal tímann sem það tekur. Leyfa skal vatninu að drjúpa af sýnishorninu á bakkann í 60 sekúndur og mæla skal magn þess vatns sem safnast. Mæla skal vatnsmagnið sem eftir er í kútnum. Reikna skal út hundraðshluta af rúmmáli þess vatns sem safnað er með tilliti til rúmmáls þess vatns sem úðað var.

3.2.4.4. Prófunin skal framkvæmd fimm sinnum og reikna skal út meðaltal af hundraðshluta þess magns sem safnað var. Gæta skal að því við upphaf hverrar prófunar að bakkinn, úðarakúturinn og mæliílátið séu þurr.

3.2.5. Niðurstöður

3.2.5.1. Meðaltal hundraðshluta reiknað í samræmi við lið 3.2.4.4 skal vera 85% eða hærra.

3.2.5.2. Ef hæsti og lægsti hundraðshluti vatns, sem safnað er í röð fimm prófana, víkur um meira en 5% frá meðaltali hundraðshluta, skal endurtaka röð prófananna fimm. Ef hæsti og lægsti hundraðshluti vatns, sem safnað er í annarri röð fimm prófana, víkur aftur frá meðaltali hundraðshluta um meira en 5%, og ef lægra gildið uppfyllir ekki kröfur liðar 3.2.5.1, skal synjað um gerðarviðurkenningu.

3.2.5.3. Ef lóðrétt staða búnaðarins hefur áhrif á niðurstöðurnar sem fást skal aðferðin sem lýst er í liðum 3.2.4.1 til 3.2.4.4 endurtekin í þeim stöðum sem gefa hæsta og lægsta hundraðshluta vatns sem safnað er og kröfurnar í lið 3.2.5.2 skulu gilda.

Kröfur liðar 3.2.5.1 gilda þegar niðurstöður hverrar prófunar eru birtar.

4. Kröfur vegna gerðarviðurkenningar ökutækis að því er varðar hjól- og aurhlífakerfi

4.1. Ökutæki í flokki N og O, að undanskildum torfærutækjum eins og þau eru skilgreind í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858, skulu smíðuð með og/eða vera með áfestu hjól- og aurhlífakerfi þannig að þau uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessum viðauka. Ef um er að ræða ökutæki sem aðeins eru undirvagn með stýrishúsi er einungis heimilt að beita þessum kröfum að því er varðar hjólin sem stýrishúsið nær yfir.

Að vali framleiðanda er heimilt að beita kröfunum í 2. hluta V. viðauka um ökutæki í flokki M_1 að því er varðar ökutæki í flokkum N_1, N_2, með leyfilegan hámarksmassa með hleðslu sem er ekki meiri en 7,5 tonn, og um O_1 og O_2 í stað krafna í þessum viðauka. Í slíkum tilvikum skal upplýsingaskjalið innihalda öll einstök atriði varðandi hjólhlífar sem mælt er fyrir um í 1. hluta V. viðauka.

4.2. Kröfurnar í þessum viðauka að því er varðar hjól- og aurhlífatæki, eins og þau eru skilgreind í 19. mgr. 2. gr., eru ekki skyldubundnar fyrir ökutæki í flokkum N, O_1 og O_2 með leyfilegan hámarksmassa með hleðslu sem er ekki meiri en 7,5 tonn, ökutæki sem eru aðeins undirvagn með stýrishúsi, ökutæki án yfirbyggingar eða ökutæki sem eru þannig gerð að hjól- og aurhlífatæki falla ekki að notkun þeirra. Sé þessi búnaður hins vegar settur á þessi ökutæki skal hann uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð.

4.3. Láta skal tækniþjónustunni, sem annast prófanirnar, í té dæmigert ökutæki fyrir þá gerð ökutækis sem viðurkenna á, með áföstu hjól- og aurhlífakerfi.

Almennar kröfur

4.4. Ásar

4.4.1. Lyftiásar

Ef einn eða fleiri lyftiásar eru undir ökutækinu, skal hjól- og aurhlífakerfið hylja öll hjólin þegar ásinn er niðri og þau hjól sem snerta jörðu þegar ásnum hefur verið lyft.

4.4.2. *Sjálfstýrðir ásar*

Að því er varðar þessa reglugerð telst sjálfstýrður ás af „snúningsgerð“ vera ás búinn stýrðum hjólum og skal meðhöndlaður sem slíkur.

Ef sjálfstýrður ás er undir ökutækinu skal hjól- og aurhlífakerfið uppfylla skilyrðin sem gilda um óstýrð hjól sem fest eru undir snúningshluta. Ef hann er ekki festur á þann hluta skal hann uppfylla skilyrðin sem gilda um stýrð hjól.

4.5. **Staðsetning ytri kappans**

Fjarlægðin „c“ milli lengdarplans sem liggur samsíða ökutækinu í snertilínu við utanverðan hjólbarðann, að frátalinni bungu á honum við jörð, og innri brúnar kappans, skal ekki vera meiri en 100 mm (myndir 1a og 1b í viðbætinum).

4.6. **Ástand ökutækis**

Við sannprófun á því hvort farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar skal ökutækið vera óhlaðið og hjólin skulu vísa beint fram og loftþrýstingurinn í hjólbörðum skal vera við eðlilegan þrýsting þeirra.

Ef um er að ræða festivagna skal hleðsluflöturinn vera láréttur og loftþrýstingurinn í hjólbörðum skal vera við eðlilegan þrýsting þeirra.

4.7. **Hjól- og aurhlífakerfi**

4.7.1. Hjól- og aurhlífakerfið skal uppfylla forskriftirnar sem settar eru fram í lið 4.8 eða lið 4.10.

4.7.2. Hjól- og aurhlífakerfi fyrir óstýrð eða sjálfstýrandi hjól sem eru undir gólfi yfirbyggingar eða neðri hluta hleðslupalls, skal annaðhvort uppfylla forskriftirnar sem settar eru fram í lið 4.8 eða lið 4.10 eða forskriftirnar sem settar eru fram í lið 4.9.

Sértækar kröfur

4.8. **Kröfur varðandi orkugleypandi hjól- og aurhlífakerfi vegna ása sem útbúnir eru með stýrð eða sjálfstýrandi eða óstýrð hjól**

4.8.1. Aurbretti

4.8.1.1. Aurbrettin skulu hylja svæðið beint ofan, framan og aftan við hjólbarðann eða hjólbarðana á eftirfarandi hátt:

a) á eins- eða margása ökutæki skal fremri brúnin (C) ná fram að línunni O-Z þar sem θ (þeta) er í mesta lagi 45° ofan við láréttu línuna.

Aftasta brúnin (mynd 2 í viðbætinum) skal ná niður þannig að hún sé ekki meira en 100 mm ofan við lárétta línu sem sker miðju hjólsins,

b) á margása ökutæki á hornið θ aðeins við fremsta ásinn og krafan sem varðar hæð öftustu brúnar á aðeins við aftasta ásinn,

c) aurbrettið skal vera a.m.k. „q“ breitt (mynd 1a í viðbætinum) og sú breidd skal nægja til að hylja alla breidd hjólbarðans „b“ eða breidd tveggja hjólbarða „t“ ef tvöföld hjól eru á ásunum, að teknu tilliti til ytra máls hjólbarða/hjóla sem framleiðandi gefur upp. Stærðarmálin „b“ og „t“ skulu mæld í nafarhæð, að undanskildum merkingum, rifflum, hlífðarröndum, o.s.frv., á hjólbörðunum utanverðum.

4.8.1.2. Innan á aurbrettinu aftanverðu skal vera búnaður til að draga úr úðamyndun sem uppfyllir forskriftirnar sem settar eru fram í lið 3.1. Efnið skal hylja aurbrettið innanvert upp í hæð sem ákvarðast af beinni línu sem nær frá miðju hjóli og myndar a.m.k. 30° horn við lárétt plan (mynd 3 í viðbætinum).

4.8.1.3. Ef aurbrettin eru gerð úr nokkrum íhlutum skal þess gætt við ísetningu að ekki séu á þeim neinar raufar sem úði kemst í gegnum þegar ökutækið er á hreyfingu. Þessi krafa telst uppfyllt ef geislalæg buna, sem spýtist út frá hjólinu miðju og yfir alla breidd akstursflatar hjólbarðans og er innan þeirra marka sem aurbrettið hylur, lendir alltaf á hluta hjól- og aurhlífakerfisins (hvort sem ökutækið er hlaðið eða óhlaðið).

4.8.2. Ytri kappar

4.8.2.1. Ef um er að ræða einn ás má lægri brún ytri kappa ekki vera utan við eftirfarandi fjarlægðir og radíusa, mælt frá miðju hjólsins, nema við lægstu brúnir, sem geta verið ávalar (mynd 2 í viðbætinum).

Loftfjöðrun: a) Ásar með stýrðum hjólum eða sjálfstýrandi hjólum: Frá frambrún (að framenda ökutækisins) (punktur C) — Til afturbrúnar (að afturenda ökutækisins) (punktur A)	$R_v \leq 1{,}5\ R$
b) Ásar með óstýrðum hjólum: — Frá frambrún (punktur C) — Til afturbrúnar (punktur A)	$R_v \leq 1{,}25\ R$

Vélræn fjöðrun

a) almennt } $Rv \leq 1{,}8\ R$

b) óstýrð hjól fyrir ökutæki með tæknilega leyfilegan hámarksmassa með hleðslu yfir en 7,5 t } $Rv \leq 1{,}5\ R$

þar sem R er radíus hjólbarðans á ökutækinu og Rv er fjarlægðin, sýnd sem radíus, niður í neðri brún ytri kappans.

4.8.2.2. Á margása ökutæki skulu kröfurnar sem mælt er fyrir um í lið 4.8.2.1 ekki gilda milli lóðréttu þverplananna, sem skera miðju fyrsta og aftasta áss, þar sem ytri kappinn má vera beinn til þess að tryggja samfelldni hjól- og aurhlífakerfisins. (Mynd 4 í viðbætinum).

4.8.2.3. Fjarlægðin milli hæsta og lægsta punkts hjól- og aurhlífakerfisins (aurbretti og ytri kappa), mæld á hvaða þversniði sem er hornrétt á aurbrettið (sjá myndir 1b og 2 í viðbætinum), skal ekki vera minni en 45 mm alls staðar aftan við lóðrétta línu sem sker miðju hjólsins eða fyrsta hjóls ef um er að ræða margása ökutæki. Draga má úr þessari fjarlægð smám saman fyrir framan þá lóðréttu línu.

4.8.2.4. Ekki skulu vera neinar rifur í ytri kappanum eða milli ytri kappans og annarra hluta aurbrettisins sem hleypa úða í gegn þegar ökutækið er á hreyfingu.

4.8.2.5. Mögulegt er að kröfur í liðum 4.8.2.3 og 4.8.2.4 séu ekki uppfylltar staðbundið ef kappinn er samsettur úr mismunandi einingum sem hreyfast með tilliti til hvorrar annarrar.

4.8.2.6. Dráttarbifreiðar fyrir festivagna með lágan undirvagn, nánar tiltekið þær dráttarbifreiðar þar sem hæð tengipinna (skilgreind í lið 6.20 í staðlinum ISO 612:1978) frá jörðu er jöfn eða lægri en 1100 mm, mega vera hannaðar þannig að þær séu undanþegnar kröfum í liðum 4.8.1.1 (a-lið), 4.8.1.3 og 4.8.2.4. Með tilliti til þessa skulu aurbretti og kappar ekki hylja svæðið beint fyrir ofan hjólbarða afturása þegar þessar dráttarbifreiðar eru tengdar við festivagn, til þess að komast hjá því að hjól- og aurhlífakerfið eyðileggist. Aurbretti og kappar þessara ökutækja skulu þó vera í samræmi við kröfurnar í liðum 4.8.1.1 (a-lið), 4.8.1.3 og 4.8.2.4 í geirum sem eru meira en 60º frá lóðréttri línu, sem sker miðju hjólsins, fyrir framan og aftan þessa hjólbarða.

Ökutækin, sem um getur í fyrstu málsgrein, skulu því vera hönnuð þannig að þau uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í fyrstu málsgrein, þegar þau eru notuð án festivagns.

Til að geta uppfyllt kröfurnar sem settar eru fram í fyrstu málsgrein geta aurbretti og kappar haft hluta sem hægt er að fjarlægja.

4.8.3. Aurflapar

4.8.3.1. Breidd flapans skal uppfylla kröfur fyrir „q“ í c-lið liðar 4.8.1.1, nema þar sem hluti flapans er innan aurbrettis. Í slíkum tilvikum skal þessi hluti flapans vera a.m.k. jafnbreiður sóla hjólbarðans.

Breidd þess hluta aurflapanna sem er undir aurbrettinu skal uppfylla skilyrði sem mælt er fyrir um í fyrstu málsgrein, með ±10 mm vikmörk á hvorri hlið.

4.8.3.2. Flapinn skal vera að mestu lóðréttur.

4.8.3.3. Hámarkshæð að brún flapans að neðan skal ekki vera meiri en 200 mm (mynd 3 í viðbætinum).

Auka skal þá fjarlægð í 300 mm ef um er að ræða aftasta ás þar sem fjarlægð frá miðju lægri brúnar ytri kappa, Rv, er ekki meiri en radíuss hjólbarðanna, sem eru á hjólunum á þeim ás.

Hækka má hámarkshæð að brún aurflapans að neðan frá jörðu í 300 mm ef framleiðandi telur það tæknilega viðeigandi með tilliti til eiginleika fjöðrunar.

4.8.3.4. Aurflapinn skal ekki vera í meira en 300 mm láréttri fjarlægð frá öftustu brún hjólbarðans.

4.8.3.5. Á margása ökutæki þar sem fjarlægðin d á milli hjólbarða á aðliggjandi ásum er minni en 250 mm skal aðeins hafa aurflapa við aftari hjólin. Hafa skal aurflapa aftan við hvert hjól ef fjarlægðin d milli hjólbarða á aðliggjandi ásum er a.m.k. 250 mm (mynd 4 í viðbætinum).

4.8.3.6. Aurflapar skulu ekki sveigjast meira en 100 mm aftur á við undan 3 N krafti sem beitt er á 100 mm breiðan hluta þeirra 50 mm ofan við neðri brún þeirra.

4.8.3.7. Öll framanverð hlið aurflapans sem hefur þá lágmarksbreidd sem krafist er skal hafa hjól- og aurhlífatæki sem uppfyllir forskriftirnar sem settar eru fram í lið 3.1.

4.8.3.8. Ekki skulu vera neinar rifur sem hleypa úða í gegn milli neðri brúnar aurbrettisins að aftan og aurflapans.

4.8.3.9. Ef hjól- og aurhlífatæki uppfyllir forskriftirnar fyrir aurflapa, sem settar eru fram í lið 4.8.3, skal ekki krefjast fleiri aurflapa.

4.9. **Kröfur að því er varðar hjól- og aurhlífakerfi með orkugleypandi hjól- og aurhlífatæki fyrir tiltekna ása sem hafa óstýrð eða sjálfstýrandi hjól (sjá lið 5.2).**

4.9.1. Aurbretti

4.9.1.1. Aurbretti skulu hylja svæðið beint ofan við hjólbarðann eða hjólbarðana. Fram- og afturendar þeirra skulu a.m.k. ná niður að láréttu plani sem er í snertilínu við efri brún hjólbarðans eða hjólbarðanna (mynd 5 í viðbætinum). Þó er heimilt að við afturendann sé festur aurflapi og skal hann þá ná að efri hluta aurbrettisins (eða sambærilegs íhlutar).

4.9.1.2. Allt innanvert aurbrettið að aftan skal hafa hjól- og aurhlífatæki sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í lið 3.1.

4.9.2. Ytri kappar

4.9.2.1. Á eins- eða margása ökutæki þar sem fjarlægðin milli samliggjandi hjólbarða er a.m.k. 250 mm skal ytri kappinn hlífa svæðinu sem nær frá neðri að efri brún aurbrettis að beinni línu sem myndast af snertilínu við efri brún hjólbarðans eða hjólbarðanna og liggur á milli lóðrétts plans við frambrún hjólbarðans og aurbrettis eða aurflapa sem staðsettur er aftan við hjólið eða hjólin (mynd 5b í viðbætinum).

Á margása ökutæki skal vera ytri kappi við hvert hjól.

4.9.2.2. Ekki skulu vera neinar rifur milli ytri kappans og innri brúnar aurbrettis sem hleypa úða í gegn.

4.9.2.3. Ef aurflapar eru ekki settir aftan við hvert hjól (sjá lið 4.8.3.5) skal ytri kappinn vera órofinn milli ytri brúnar aurflapans allt að lóðréttu plani sem er í snertilínu við fremstu brún hjólbarðans á fremsta ás (mynd 5a í viðbætinum).

4.9.2.4. Allt innra borð ytri kappans, sem ekki má vera minni en 100 mm að dýpt, skal búið orkugleypandi hjól- og aurhlífatæki sem er í samræmi við kröfurnar í lið 3.1.

4.9.3. Þessir flapar skulu ná að neðri hluta aurbrettis og vera í samræmi við liði 4.8.3.1 til 4.8.3.9.

4.10 **Kröfur varðandi hjól- og aurhlífakerfi með hjól- og aurhlífatækjum með loft- og vatnsskilju fyrir ása með stýrð og óstýrð hjól**

4.10.1. Aurbretti

4.10.1.1. Aurbretti skulu uppfylla kröfur í c-lið liðar 4.8.1.1.

4.10.1.2. Aurbretti á einum eða fleiri ásum þar sem fjarlægð milli hjólbarða á aðliggjandi ásum er yfir 300 mm skal auk þess vera í samræmi við a-lið liðar 4.8.1.1.

4.10.1.3. Á margása ökutæki þar sem fjarlægðin milli hjólbarða á aðliggjandi ásum er ekki meiri en 300 mm skulu aurbrettin auk þess vera í samræmi við fyrirmyndina sem sýnd er á mynd 7.

4.10.2. Ytri kappar

4.10.2.1. Á neðanverðum ytri köppum skal vera hjól- og aurhlífatæki með loft- og vatnsskilju sem er í samræmi við kröfur sem settar eru fram í þessum viðauka.

4.10.2.2. Á eins- eða margása ökutæki þar sem fjarlægð á milli hjólbarða á aðliggjandi ásum er meiri en 300 mm skulu hámarksmál og radíusar á hjól- og aurhlífatækinu sem er á ytri kappanum vera sem hér segir miðað við hjólmiðju (sjá myndir 6 og 7 í viðbætinum):

a) Ásar með stýrðum hjólum eða sjálfstýrandi hjólum: frá frambrún (að framenda ökutækisins) (punktur C við 30º) til afturbrúnar (að afturenda ökutækisins) (punktur A við 100 mm) } $R_v \leq 1{,}05\ R$

b) Ásar með óstýrðum hjólum: frá frambrún (punktur C við 20°) til afturbrúnar (punktur A við 100 mm) } $R_v \leq 1{,}00\ R$

þar sem

R = radíus hjólbarðans undir ökutækinu,

R_v = lengd geislans frá neðri brún ytri kappa að hjólmiðju.

4.10.2.3. Á margása ökutæki þar sem fjarlægðin milli hjólbarða á aðliggjandi ásum er ekki meiri en 300 mm, skulu ytri kappar sem staðsettir eru í rými milli ása fylgja þeirri línu sem tilgreind er í lið 4.10.1.3 og skulu ná það langt niður að þeir séu ekki meira en 100 mm ofan við lárétta, beina línu sem sker miðju hjólsins (sjá mynd 7 í viðbætinum).

4.10.2.4. Dýpt ytri kappans skal vera meiri en 45 mm, alls staðar aftan við lóðrétta línu sem sker miðju hjólsins. Framan við þá línu má draga smám saman úr þeirri dýpt.

4.10.2.5. Ekki skulu vera neinar rifur sem hleypa úða í gegnum ytri kappann eða milli ytri kappanna og aurbrettanna.

4.10.3. Aurflapar

4.10.3.1. Regnflapar skulu uppfylla eina af eftirfarandi tveimur röðum af kröfum:

a) í lið 4.8.3 (mynd 3 í viðbætinum),

b) í liðum 4.8.3.1, 4.8.3.2, 4.8.3.5, 4.8.3.8 og 4.10.3.2 (mynd 6 í viðbætinum).

4.10.3.2. Hjól og aurhlífabúnaður (e. *spray suppression equipment*) sem er í samræmi við forskriftirnar sem settar eru fram í 4. lið í viðbætinum skal vera á þeim aurflöpum sem um getur í b-lið liðar 4.10.3.1, a.m.k. eftir allri brúninni.

4.10.3.2.1. Neðri brún hjól- og aurhlífatækisins skal ekki vera meira en 200 mm frá jörðu. Hækka má hámarkshæð að brún aurflapans að neðan frá jörðu í 300 mm ef framleiðandi telur það tæknilega viðeigandi með tilliti til eiginleika fjöðrunar.

4.10.3.2.2. Hjól- og aurhlífatækið skal vera a.m.k. 100 mm djúpt.

4.10.3.2.3. Ef frá er talinn neðsti hluti aurflapans sem um getur í b- lið liðar 4.10.3.1, þ.m.t. hjól- og aurhlífatækið, skal aurflapinn ekki sveigjast meira en 100 mm aftur á við undan 3 N krafti sem beitt er á 100 mm breiðan hluta hans, mælt þar sem aurflapinn mætir hjól- og aurhlífatækinu í vinnustöðu, 50 mm ofan við neðri brún aurflapans.

4.10.3.3. Aurflapinn skal ekki vera í meira en 200 mm láréttri fjarlægð frá öftustu brún hjólbarðans.

4.11. Á margása ökutæki er ekki nauðsynlegt að hjól- og aurhlífakerfi eins áss, sem ekki er sá aftasti, hylji alla breidd hjólbarðasólans þegar staðbundinn möguleiki er á truflun milli hjól- og aurhlífakerfisins og burðarvirkis ásanna eða fjöðrunarinnar eða undirvagnsins.


———

Viðbætir

Myndir

Mynd 1a

Breidd (q) aurbrettis (a) og staðsetning kappans (j)



Athugasemd: Tölurnar vísa til samsvarandi c-liðar í lið 4.8.1.1 í 2. hluta þessa viðauka.


Mynd 1b

Dæmi um mælingu á ytri kappa



Mynd 2

Mál aurbrettis og ytri kappa




Athugasemd:

1. Tölurnar sem gefnar eru vísa til liða 4.8.2, 4.8.2.3, 4.8.1.1 og 4.8.1.1 (a-liðar) í 2. hluta þessa viðauka.
2. T: umfang aurbrettis.

Mynd 3


Staðsetning aurbrettis og aurflapa



Athugasemd: Tölurnar sem gefnar eru vísa til liða 4.8.1.2, 4.8.3 og 4.8.3.3 í 2. hluta þessa viðauka.

Mynd 4


Skýringarmynd sem sýnir samsetningu hjól- og aurhlífakerfis (aurbretti, aurflapa, ytri kappa) þ.m.t. hjól- og aurhlífatæki (orkugleypa) fyrir margása ökutæki




Mynd 5

Skýringarmynd sem sýnir samsetningu hjól- og aurhlífakerfis með hjól- og aurhlífatækjum (orkugleypum) fyrir ása með óstýrðum eða sjálfstýrðum hjólum.

(Liðir 4.7.2 og 4.9 í 2. hluta þessa viðauka)




(a) Margása ökutæki þar sem fjarlægð milli hjólbarða er minni en 250 mm



b) Eins- eða margása ökutæki þar sem fjarlægð milli hjólbarða er ekki minni en 250 mm

Mynd 6

Skýringarmynd sem sýnir samsetningu hjól- og aurhlífakerfis með hjól- og aurhlífatækjum búnum loft- og vatnsskiljum fyrir ása með stýrðum, sjálfstýrðum eða óstýrðum hjólum




Athugasemd:

1. Tölustafirnir vísa til samsvarandi liða í 2. hluta þessa viðauka.
2. T: umfang aurbrettis

Mynd 7

Skýringarmynd sem sýnir samsetningu hjól- og aurhlífakerfis með hjól- og aurhlífatækjum (aurbretti, aurflapa, ytri kappa) fyrir margása ökutæki þar sem fjarlægð milli hjólbarða er ekki meiri en 300 mm



d ≥ 250 mm; nota þarf aurflapa


Athugasemd:

1. Tölustafirnir vísa til samsvarandi liða í 2. hluta þessa viðauka.
2. T: umfang aurbrettis

Mynd 8

Prófunarsamstæða fyrir orkugleypandi hjól- og aurhlífatæki

(Liður 3.1.2 í 2. hluta þessa viðauka)



Athugasemd:

A = vatn kemur frá dælu

B = rennsli í söfnunarílát

C = söfnunarílát með innra mál 500 (+5/–0) mm að lengd og 75 (+2/–0) mm að breidd

D = ryðfrí stálpípa, ytra þvermál 54 mm, þykkt veggjar 1,2 (+/–0,12) mm hrufutala innra og ytra borðs Ra á bilinu 0,4 og 0,8 µm

E = 12 sívalar geislalægt boraðar holur með köntuðum, gráðuhreinsuðum brúnum. Þvermál þeirra, mælt innan og utan á pípunni er 1,68 (+0,010/–0) mm

F = 500 (+0/–5) mm breitt sýnishorn skal prófað


G = stíf flöt plata

Öll línuleg mál eru sýnd í millimetrum.

Mynd 9

Prófunarsamstæða fyrir hjól- og aurhlífatæki með loft- og vatnsskilju

(Liður 3.2.2 í 2. hluta þessa viðauka)



3. HLUTI

A-þáttur

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ (ÖKUTÆKJAKERFI)

Tilkynning um *veitingu*/*rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* ([1]) á gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis að því er varðar hjól- og aurhlífakerfi í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í VIII. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/535, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. …/…

Númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins:

Ástæða fyrir rýmkun/synjun/afturköllun ([1]):

I. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við I. þátt sniðmáts fyrirmyndar B í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

II. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við II. þátt sniðmáts fyrirmyndar B í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

Viðauki

við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð númer …

1. Viðbótarupplýsingar

1.1. Einkenni hjól- og aurhlífatækja (tegund, stutt lýsing, vörumerki eða viðskiptaheiti, gerðarviðurkenningarnúmer íhluta:

5. Athugasemdir (ef einhverjar eru):

([1]) Strika skal yfir það sem á ekki við.

B-þáttur

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ (AÐSKILIN TÆKNIEINING)

Tilkynning um *veitingu*/*rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* ([2]) á gerðarviðurkenningu gerðar aðskilinnar tæknieiningar að því er varðar hjól- og aurhlífakerfi í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í VIII. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/535, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. …/…

Númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins:

Ástæða fyrir *rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* ([1]):

I. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við I. þátt sniðmáts fyrirmyndar C í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

II. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við II. þátt sniðmáts fyrirmyndar C í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

Viðauki

við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð númer …

1. Viðbótarupplýsingar

1.1. Vinnsluháttur tækis: *orkugleypandi*/*loft- og vatnsskilja* ([2]):

1.2. Einkenni hjól- og aurhlífatækja (stutt lýsing, vörumerki eða viðskiptaheiti, númer):

5. Athugasemdir (ef einhverjar eru):

([2]) Strika skal yfir það sem á ekki við.

C-þáttur

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGMERKI AÐSKILINNA TÆKNIEININGA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR HJÓL- OG AURHLÍFAKERFI

1. ESB-gerðarviðurkenningarmerkið fyrir aðskildar tæknieiningar sem um getur í 2. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858 skal samanstanda af eftirfarandi:

1.1. Rétthyrningi utan um lágstafinn „e“ en á eftir honum komi auðkennisnúmer aðildarríkisins sem veitti ESB-gerðarviðurkenningu íhlutarins eða aðskildu tæknieiningarinnar í samræmi við eftirfarandi:

1	fyrir Þýskaland
2	fyrir Frakkland
3	fyrir Ítalíu
4	fyrir Holland
5	fyrir Svíþjóð
6	fyrir Belgíu
7	fyrir Ungverjaland
8	fyrir Tékkland
9	fyrir Spán
12	fyrir Austurríki
13	fyrir Lúxemborg
17	fyrir Finnland
18	fyrir Danmörku

19	fyrir Rúmeníu
20	fyrir Pólland
21	fyrir Portúgal
23	fyrir Grikkland
24	fyrir Írland
25	fyrir Króatíu
26	fyrir Slóveníu
27	fyrir Slóvakíu
29	fyrir Eistland
32	fyrir Lettland
34	fyrir Búlgaríu
36	fyrir Litáen
49	fyrir Kýpur
50	fyrir Möltu


1.2. Í námunda við rétthyrninginn, tveimur tölustöfum sem gefa til kynna röð breytinga þar sem mælt er fyrir um kröfurnar sem þessar aðskildu tæknieiningar eru í samræmi við, „00“ eins og sakir standa, og þar á eftir komi bil og fimm stafa talan sem um getur í lið 2.4 í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858.

2. ESB-gerðarviðurkenningarmerki aðskilinnar tæknieiningar skal fest á hjól- og aurhlífatæki með þeim hætti að það sé óafmáanlegt, skýrt og auðlæsilegt, jafnvel þótt tækið hafi verið fest á ökutæki.

3. Dæmi um ESB-gerðarviðurkenningarmerki aðskilinnar tæknieiningar er sýnt á mynd 1.

Mynd 1

Dæmi um ESB-gerðarviðurkenningarmerki aðskilinnar tæknieiningar



Til skýringar:

Skýringartexti ESB-gerðarviðurkenning aðskilinnar tæknieiningar var gefin út af Hollandi með númeri 00406. Fyrstu tveir tölustafirnir „00“ gefa til kynna að þessi aðskilda tæknieining var viðurkennd í samræmi við þessa reglugerð. Táknið „A“ gefur til kynna að þetta sé orkugleypandi tæki.

———

IX. VIÐAUKI

GÍRSKIPTIVÍSAR (GSI)

1. HLUTI

Upplýsingaskjal fyrir ESB-gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar gírskiptivísa (GSI)

FYRIRMYND

Upplýsingaskjal nr. ... um ESB-gerðarviðurkenningu ökutækis að því er varðar gírskiptivísa.

Eftirfarandi upplýsingar verður að gefa í þríriti og með efnisyfirliti ef við á. Teikningar eða myndir, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, verða einnig að vera nægilega nákvæmar.

Upplýsingar sem settar eru fram í 0., 3. og 4. lið í 3. viðbæti við I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1151 ([1])

0.

0.1.

0.2.

0.2.1.

0.3.

0.3.1.

0.4.

0.5.

0.8.

0.9.

4.

4.11.

4.11.1.

4.11.2.

4.11.3.

4.11.4.

4.11.5.

4.11.6.

Til skýringar:

Þetta upplýsingaskjal er byggt á sniðmátinu sem mælt er fyrir um í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 og skal útfyllt með viðeigandi upplýsingum undir liðunum sem eru skráðir hér að framan, eins og skilgreint er í því sniðmáti.

———

([1]) Stjtíð. ESB L 175, 7.7.2017, bls. 1.

Viðbætir

FYRIRMYND

Vottorð framleiðanda um að farið sé að kröfum um gírskiptivísa

(Framleiðandi):

(Heimilisfang framleiðanda):

Vottar hér með að

Gerðir ökutækja sem skráðar eru í viðauka við þetta vottorð eru í samræmi við ákvæði [...] í [þessari reglugerð] að því er varðar gírskiptivísa

Gjört í […staður]

Hinn […dagsetning]

[undirritun] [staða]

Viðaukar:
— Skrá yfir gerðir ökutækja sem þetta vottorð nær til

2. HLUTI

Tækniforskriftir

1. Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „*beinskiptur gírkassi*“: gírkassi sem hægt er að stjórna í ham þar sem skipting milli allra eða sumra gíranna er alltaf bein afleiðing aðgerðar ökumanns, án tillits til þess með hvaða hætti henni er komið fyrir í ökutækinu; þetta nær ekki til kerfa þar sem ökumaðurinn getur aðeins valið fyrir fram ákveðna gírskiptingaráætlun eða takmarkað þann fjölda gíra sem hægt er að nota til aksturs og þar sem raunverulegar gírskiptingar eru óháðar ákvörðun ökumanns í samræmi við tiltekin akstursmynstur,

1.2. „*starfhæft ástand ökutækisins*“: ástand ökutækisins þar sem hægt er að skipta á milli a.m.k. tveggja gíra áfram,

1.3. „*handvirk stilling*“: starfhæft ástand ökutækisins þar sem skipting milli allra eða sumra gíranna er alltaf bein afleiðing aðgerðar ökumanns,

1.4. „*losun gegnum útblástursrör*“: losun gegnum útblástursrör eins og hún er skilgreind í 6. mgr. 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 715/2007.

2. Almenn ákvæði

2.1. Kröfurnar sem settar eru fram í þessum hluta gilda um vélknúin ökutæki í flokki M_1 sem uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) ökutækin eru búin beinskiptum gírkassa,

b) ökutækin eru með viðmiðunarmassa sem ekki er meiri en 2610 kg eða gerðarviðurkenning hefur verið rýmkuð fyrir ökutækin í samræmi við 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2007.

2.2. Kröfurnar sem um getur í lið 2.1 skulu ekki gilda um „ökutæki sem hönnuð eru til að uppfylla tilgreindar félagslegar þarfir“ eins og er skilgreint í c-lið 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2007.

2.3. Þegar sótt er um ESB-gerðarviðurkenningu ökutækis sem búið er gírskiptivísi skal framleiðandinn annaðhvort:

a) leggja fyrir viðurkenningaryfirvaldið gírskiptipunkta gírskiptivísis sem eru ákvarðaðir með greiningu eins og kveðið er á um í síðustu málsgrein liðar 7.1 eða

b) láta tækniþjónustunni sem annast framkvæmd gerðarviðurkenningarprófana í té ökutæki sem er dæmigert fyrir þá gerð ökutækis sem á að viðurkenna, að því er varðar prófunina sem lýst er í 7. lið.

3. Mat á beinskiptum gírkassa

Allir gírkassar sem hafa a.m.k. einn handvirkan ham skulu teljast hafa beinskiptingu þegar ekki er um að ræða neinar sjálfvirkar skiptingar milli gíra í tilteknum ham, nema þegar þessar skiptingar eiga sér einungis stað við sérstök skilyrði til að vernda aflrásina þegar snúningshraði hreyfils er mikill eða til að koma í veg fyrir stöðvun hreyfils og þessar breytingar eiga sér ekki stað til að hagræða vinnslu ökutækisins.

4. Eiginleikar að því er varðar útlit gírskiptivísis

4.1. Tilmæli um að skipta skuli um gír skal veita með aðgreinanlegu, sjónrænu merki, t.d. með skýru merki um að skipta upp eða upp/niður eða tákni sem auðkennir gírinn sem ökumaðurinn ætti að skipta í. Sjónrænu merki gætu fylgt annars konar merki, þ.m.t. hljóðmerki, að því tilskildu að þau merki ógni ekki öryggi.

4.2. Gírskiptivísirinn skal ekki trufla eða hylja gaumbúnað, stjórntæki eða vísi, sem er skyldubundinn eða sem stuðlar að öruggri notkun ökutækisins. Þrátt fyrir lið 4.3 skal hönnun merkisins vera þannig að það trufli ekki ökumanninn og hindri ekki rétta og örugga notkun ökutækisins.

4.3. Staðsetning gírskiptivísisins skal vera í samræmi við lið 5.1.2 í reglugerð SÞ nr. 121 ([1]). Gírskiptivísirinn skal hannaður þannig að honum verði ekki ruglað saman við annan gaumbúnað, stjórntæki eða vísi sem ökutækið er búið.

4.4. Nota má upplýsingaskjá til að birta ábendingar gírskiptivísis, að því tilskildu að þær séu nægilega frábrugðnar öðrum vísbendingum þannig að þær séu vel sýnilegar ökumanninum og auðþekkjanlegar.

4.5. Í undantekningartilvikum má tímabundið sniðganga gírskiptivísinn sjálfvirkt eða gera óvirkan. Til slíkra sérstakra aðstæðna teljast aðstæður sem stofna öruggri notkun eða áreiðanleika ökutækisins í hættu, þ.m.t. þegar spólvörn eða stöðugleikabúnaður er virkjaður, tímabundin skilaboð frá hjálparkerfum fyrir ökumenn eða atburðir sem varða bilanir ökutækisins. Gírskiptivísirinn skal, innan 10 sekúndna eða, ef það er réttlætanlegt af tæknilegum eða atferlisfræðilegum ástæðum, innan meira en 10 sekúndna, starfa á ný með eðlilegum hætti eftir að þessi undantekningartilvik eru ekki lengur fyrir hendi.

5. Virknikröfur gírskiptivísis (á við um allar handvirkar stillingar)

5.1. Gírskiptivísirinn skal leggja til gírskiptingu þegar eldsneytisnotkun í þeim gír sem mælt er með er minni en í gírnum sem er í notkun, með hliðsjón af kröfunum sem mælt er fyrir um í liðum 5.2 og 5.3.

5.2. Gírskiptivísinn skal hanna þannig að hann hvetji til hagkvæmasta akstursmátans með tilliti til eldsneytisnotkunar við raunhæf, fyrirsjáanleg akstursskilyrði. Aðalmarkmiðið með gírskiptivísinum skal vera að lágmarka eldsneytisnotkun ökutækisins þegar ökumaðurinn fer eftir tilmælum hans. Hins vegar skal stýrð losun gegnum útblástursrör ekki aukast óhóflega með tilliti til upphaflegrar stöðu þegar farið er eftir tilmælum gírskiptivísisins. Auk þess skal það að fara eftir tilmælum gírskiptivísisins greiða fyrir tímanlegri virkni mengunarvarnarbúnaðar, svo sem hvata, eftir kaldræsingu, sem lágmarkar upphitunartíma hans. Að því er þetta varðar skulu framleiðendur ökutækja veita viðurkenningaryfirvaldinu tæknigögn sem skulu lýsa áhrifum gírskiptivísis á stýrða losun ökutækisins gegnum útblástursrör, í það minnsta við stöðugan hraða ökutækisins og styttingu á upphitunartíma við eftirmeðferð eftir kaldræsingu.

5.3. Þótt farið sé eftir tilmælum gírskiptivísisins skal það ekki hafa áhrif á örugga notkun ökutækisins, t.d. koma í veg fyrir að hreyfillinn stöðvist, ófullnægjandi hreyfilhemlun eða ófullnægjandi snúningsvægi hreyfils þegar aflþörf er mikil.

6. Upplýsingar sem skulu veittar

6.1. Framleiðandinn skal veita gerðarviðurkenningaryfirvaldinu upplýsingar í eftirfarandi tveimur hlutum:

a) „formlega upplýsingamappan“ sem heimilt er að afhenda hagsmunaaðilum ef þeir óska eftir því,

b) „ítarlega upplýsingamappan“ sem skal vera algert trúnaðarmál.

([1]) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 121 – Samræmd ákvæði um viðurkenningu ökutækja að því er varðar staðsetningu og auðkenningu handstýrðra stjórntækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar (Stjtíð. ESB L 5, 8.1.2016, bls. 9).

6.1.1. Formlega upplýsingamappan skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:

a) lýsingu á öllum útlitsgerðum gírskiptivísa sem eru settir í ökutæki sem tilheyra gerð ökutækis með tilliti til gírskiptivísis og sönnun þess efnis að þær samræmist kröfum 5. liðar,

b) sannanir fyrir samræmi við kröfurnar í 5. lið, svo sem gögn eða verkfræðilegt mat (t.d. gögn úr líkönum, vörpun losunar eða eldsneytisnotkunar, losunarprófanir) sem sýna á fullnægjandi hátt að gírskiptivísirinn geti á skilvirkan hátt veitt ökumanninum tímanleg og merkingarbær tilmæli um skiptingar,

c) skýringu á tilgangi, notkun og virkni gírskiptivísisins í „kafla um gírskiptivísinn“ í notendahandbókinni sem fylgir ökutækinu.

6.1.2. Í ítarlegu upplýsingamöppunni skal vera lýsing á útfærslu gírskiptivísisins, einkum starfrænum eiginleikum hans.

6.1.3. Þrátt fyrir ákvæði 13. gr. þessarar reglugerðar skal ítarlega upplýsingamappan vera algert trúnaðarmál gerðarviðurkenningaryfirvaldsins og framleiðandans. Gerðarviðurkenningaryfirvald getur haldið henni eftir eða ákveðið að leyfa framleiðandanum að geyma hana. Ef framleiðandinn geymir ítarlegu upplýsingamöppuna skal gerðarviðurkenningaryfirvaldið merkja og dagsetja hana eftir að hún hefur verið yfirfarin og samþykkt. Hún skal gerð viðurkenningaryfirvaldinu aðgengileg til skoðunar þegar viðurkenning fer fram eða hvenær sem er á meðan viðurkenningin er í gildi.

7. Ákvarða skal áhrif gírskiptipunkta, sem gírskiptivísirinn mælir með, á eldsneytisnotkun í samræmi við aðferðina sem sett er fram í lið 7.1.til 7.5.

7.1. Ákvörðun hraða ökutækisins þegar gírskiptivísir leggur til gírskiptingar.

Prófunin til að ákvarða hraða ökutækisins þegar gírskiptivísir leggur til gírskiptingar skal framkvæmd á upphituðu ökutæki á vegkefli í samræmi við hraðasniðið sem lýst er í 8. lið. Fara skal eftir tilmælum gírskiptivísisins um gírskiptingu og hraði ökutækisins þegar gírskiptivísirinn leggur til skiptingu skal skráður. Prófunin skal endurtekin þrisvar sinnum.

V^{n}_{GSI} merkir meðalhraðann þegar gírskiptivísirinn leggur til að skipt sé úr gír n (n = 1, 2, …, #g) í gír n+1, sem ákvarðaður er í prófununum þremur, en #g merkir fjölda gíra ökutækisins áfram. Hvað þetta varðar skal aðeins fara eftir fyrirmælum gírskiptivísisins áður en hámarkshraða er náð og hunsa skal öll fyrirmæli gírskiptivísisins við hraðalækkunina.

Að því er varðar eftirfarandi útreikninga skal V^{0}_{GSI} vera 0 km/klst. og $V^{\#g}_{GSI}$ skal vera 140 km/klst. eða hámarkshraði ökutækisins, hvort heldur er lægra. Ef ökutækið getur ekki náð 140 km/klst. skal því ekið á hámarkshraða þess þar til það nær aftur inn á hraðasniðið á mynd I.1.

Þess í stað má framleiðandinn ákvarða ráðlagðan gírskiptingarhraða gírskiptivísisins með greiningu sem byggir á algrími fyrir gírskiptivísinn, sem skal vera í ítarlegu upplýsingamöppunni sem er lögð fram í samræmi við lið 6.1.

7.2. Eðlilegir gírskiptipunktar.

V^n_{std} merkir hraðann sem búast má við að dæmigerður ökumaður skipti upp um gír frá gír n í gír n+1 án tilmæla frá gírskiptivísi. Á grundvelli þeirra gírskiptipunkta sem skilgreindir eru í losunarprófun 1 ([2]) eru eftirfarandi eðlilegir skiptihraðar gíra skilgreindir:

V^0_{std} = 0 km/klst.,

V^1_{std} = 15 km/klst.,

V^2_{std} = 35 km/klst.,

V^3_{std} = 50 km/klst.,

V^4_{std} = 70 km/klst.,

V^5_{std} = 90 km/klst.,

V^6_{std} = 110 km/klst.,

V^7_{std} = 130 km/klst.,

$V^8_{std} = V^{\#g}_{GSI}$,

V^n_{min} merkir lágmarkshraðann sem aka má ökutækinu í gír n án þess að hreyfillinn stöðvist og V^n_{max} hámarkshraða ökutækisins sem aka má í gír n án þess að valda tjóni á hreyflinum.

Ef V^n_{std} sem er leitt út frá þessari skrá er minna en V^{n+1}_{min} skal V^n_{std} stillt á V^{n+1}_{min}. Ef V^n_{std} sem er leitt út frá þessari skrá er meira en V^n_{max} skal V^n_{std} stillt á V^n_{max} (n = 1, 2,…, #g-1).

Ef $V^{\#g}_{std}$ sem er ákvarðað með þessari aðferð er minna en $V^{\#g}_{GSI}$ skal $V^{\#g}_{std}$ stillt á $V^{\#g}_{GSI.}$

7.3. Hraðaferlar eldsneytisnotkunar.

Framleiðandinn skal láta gerðarviðurkenningaryfirvaldinu í té fallákvæði eldsneytisnotkunar ökutækisins á stöðugum hraða þegar ökutækinu er ekið í gír n samkvæmt eftirfarandi reglum.

FC^n_i skal tákna eldsneytisnotkun í kg/klst. (kílógrömm á klukkustund) þegar ökutækinu er ekið á stöðugum hraða ökutækisins v_i =i *5 km/klst. – 2,5 km/klst. (þar sem i er jákvæð heil tala) í gírnum n. Framleiðandinn skal leggja fram þessi gögn fyrir hvern gír n (n = 1, 2, …, #g) og $v^n_{min} \leq v_i \leq v^n_{max}$. Ákvarða skal þessi gildi eldsneytisnotkunar við eins umhverfisskilyrði sem samsvara raunverulegum aðstæðum við akstur sem framleiðandinn getur skilgreint, annað hvort með raunverulegri prófun eða með viðeigandi reiknilíkani sem gerðarviðurkenningaryfirvaldið og framleiðandinn koma sér saman um.

([2]) Eins og skilgreint er í 4. viðauka a við reglugerð SÞ nr. 83

7.4. Hraðadreifing ökutækisins.

Nota skal eftirfarandi dreifingu fyrir líkurnar P_i á að ökutækinu sé ekið á hraðanum v, þar sem $v_i - 2{,}5$ km/h $< v \leq v_i + 2{,}5$ km/h (i = 1, …, 28):

i	P_i
1	4,610535879
2	5,083909299
3	4,86818148
4	5,128313511
5	5,233189418
6	5,548597362
7	5,768706442
8	5,881761847
9	6,105763476
10	6,098904359
11	5,533164348
12	4,761325003
13	4,077325232
14	3,533825909
15	2,968643201
16	2,61326375
17	2,275220718
18	2,014651418
19	1,873070659
20	1,838715054
21	1,982122053
22	2,124757402
23	2,226658166
24	2,137249569
25	1,76902642
26	1,665033625
27	1,671035353
28	0,607049046

Ef hámarkshraði ökutækisins samsvarar þrepi i og i < 28, skal bæta gildunum P_{i+1} til P_{28} við P_i.

7.5. Ákvörðun eldsneytisnotkunar fyrirmyndarinnar

FC_{GSI} merkir eldsneytisnotkun ökutækisins þegar ökumaðurinn fer eftir tilmælum gírskiptivísisins:

$FC^{GSI}_i = FC^n_i$, þar sem $V^{n-1}_{GSI} \leq v_i < V^n_{GSI}$ (fyrir n = 1, …, #g) og $FC^{GSI}_i = 0$ ef $v_i \geq V^{\#g}_{GSI}$

$$FC_{GSI} = \sum_{i=1}^{28} P_i * FC^{GSI_i}/100$$

FC_{std} merkir eldsneytisnotkun ökutækisins þegar eðlilegir gírskiptipunktar eru notaðir:

$FC^{std}_i = FC^n_i$, þar sem $V^{n-1}_{std} \leq v_i < V^n_{std}$ (fyrir n = 1, …, #g) og $FC^{std}_i = 0$ ef $v_i \geq V^{\#g}_{GSI}$

$$FC_{std} = \sum_{i=1}^{28} P_i * FC^{std_i}/100$$

Hlutfallslegur eldsneytissparnaður sem fæst með því að fylgja tilmælum gírskiptivísisins í fyrirmyndinni er reiknaður þannig:

$$FC_{rel.\ Save} = (1 - FC_{GSI} / FC_{std}) * 100\ \%$$

7.6. Gagnaskrár

Skrá skal eftirfarandi upplýsingar:

a) gildi V^n_{GSI} eins og það er ákvarðað skv. lið 7.1,

b) gildi FCni í hraðaferli eldsneytisnotkunar eins og framleiðandinn tilgreinir samkvæmt lið 7.3,

c) gildi FC_{GSI}, FC_{std} og $FC_{rel.\ Save}$ eins og þau eru reiknuð út skv. lið 7.5.

8. Lýsing á hraðasniði ökutækis sem um getur í lið 7.1.


Númer aðgerðar	Aðgerð	Hröðun (m/s^2)	Hraði (km/klst.)	Samanlagður tími s)
1	Í lausagangi	0	0	20
2	Hröðun	1,1	0–31,68	28
3		0,7	31,68–49,32	35
4		0,64	49,32–79,27	48
5		0,49	79,27–109,26	65
6		0,3	109,26–128,70	83
7		0,19	128,70–140,33	100

Númer aðgerðar	Aðgerð	Hröðun (m/s^2)	Hraði (km/klst.)	Samanlagður tími s)
8	Stöðugt ástand	0	140,33	105
9	Hraðaminnkun	–0,69	140,33–80,71	129
10		–1,04	80,71–50,76	137
11		–1,39	50,76–0	147
12	Í lausagangi	0	0	150

Vikmörk fyrir frávik frá þessu hraðasniði eru sett fram í lið 6.1.3.4 í 4. viðauka a við reglugerð SÞ fyrir Evrópu nr. 83 ([3]).

Mynd I.1

Myndræn framsetning hraðasniðsins sem um getur í lið 7.1; heil lína táknar hraðasniðið, punktalínur tákna vikmörk fyrir frávik frá hraðasniðinu



Í eftirfarandi töflu er hraðasniðinu lýst með einnar sekúndu millibili. Ef ökutækið getur ekki náð 140 km/klst. skal því ekið á hámarkshraða þess þar til það nær aftur inn á ofangreint hraðasnið.

([3]) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 83 — Samræmd ákvæði varðandi viðurkenningu á ökutækjum að því er varðar losun mengunarefna samkvæmt kröfum um eldsneyti hreyfils [2015/1038] (Stjtíð ESB L 172, 3.7.2015, bls. 1).

Tími (s) Hraði (km/klst.)	Tími (s) Hraði (km/klst.)
0	0,00
1	0,00
2	0,00
3	0,00
4	0,00
5	0,00
6	0,00
7	0,00
8	0,00
9	0,00
10	0,00
11	0,00
12	0,00
13	0,00
14	0,00
15	0,00
16	0,00
17	0,00
18	0,00
19	0,00
20	0,00
21	3,96
22	7,92
23	11,88
24	15,84
25	19,80
26	23,76
27	27,72
28	31,68
29	34,20
30	36,72

Tími (s) Hraði (km/klst.)	Tími (s) Hraði (km/klst.)
31	39,24
32	41,76
33	44,28
34	46,80
35	49,32
36	51,62
37	53,93
38	56,23
39	58,54
40	60,84
41	63,14
42	65,45
43	67,75
44	70,06
45	72,36
46	74,66
47	76,97
48	79,27
49	81,04
50	82,80
51	84,56
52	86,33
53	88,09
54	89,86
55	91,62
56	93,38
57	95,15
58	96,91
59	98,68
60	100,44
61	102,20
62	103,97
63	105,73
64	107,50
65	109,26

Tími (s) Hraði (km/klst.)	Tími (s) Hraði (km/klst.)
66	110,34
67	111,42
68	112,50
69	113,58
70	114,66
71	115,74
72	116,82
73	117,90
74	118,98
75	120,06
76	121,14
77	122,22
78	123,30
79	124,38
80	125,46
81	126,54
82	127,62
83	128,70
84	129,38
85	130,07
86	130,75
87	131,44
88	132,12
89	132,80
90	133,49
91	134,17
92	134,86
93	135,54
94	136,22
95	136,91
96	137,59
97	138,28
98	138,96
99	139,64
100	140,33

Tími (s)	Hraði (km/klst.)
101	140,33
102	140,33
103	140,33
104	140,33
105	140,33
106	137,84
107	135,36
108	132,88
109	130,39
110	127,91
111	125,42
112	122,94
113	120,46
114	117,97
115	115,49
116	113,00
117	110,52

Tími (s)	Hraði (km/klst.)
118	108,04
119	105,55
120	103,07
121	100,58
122	98,10
123	95,62
124	93,13
125	90,65
126	88,16
127	85,68
128	83,20
129	80,71
130	76,97
131	73,22
132	69,48
133	65,74
134	61,99

Tími (s)	Hraði (km/klst.)
135	58,25
136	54,50
137	50,76
138	45,76
139	40,75
140	35,75
141	30,74
142	25,74
143	20,74
144	15,73
145	10,73
146	5,72
147	0,72
148	0,00
149	0,00
150	0,00

3. HLUTI

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ (ÖKUTÆKJAKERFI)

Tilkynning um *veitingu*/*rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* (4) á gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis að því er varðar gírskiptivísi í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í IX. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/535, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. …/…

Númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins:

Ástæða fyrir rýmkun/synjun/afturköllun (4):

I. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við I. þátt sniðmáts fyrirmyndar B í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

II. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við II. þátt sniðmáts fyrirmyndar B í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

Viðauki

við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð númer …

1. Viðbótarupplýsingar

1.1. Stutt lýsing á gerð ökutækis með tilliti til burðarvirkis, mála, lögunar og smíðaefna:

2. Ökutæki búið hefðbundnum beinskiptum gírkassa: *já*/*nei* (4)

3. Ökutæki búið sjálfvirkum hefðbundnum gírkassa með ham fyrir beinskiptingu: *já*/*nei* (4)

4. Ökutæki búið sjálfskiptum gírkassa með ham fyrir beinskiptingu: *já*/*nei* (4)

5. Athugasemdir (ef einhverjar eru):

———

(4) Strika skal yfir það sem á ekki við.

X. VIÐAUKI

AÐGANGUR AÐ ÖKUTÆKI

1. HLUTI

Upplýsingaskjal fyrir ESB-gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar aðgang að ökutæki

FYRIRMYND

Upplýsingaskjal nr. ... um ESB-gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis að því er varðar aðgang að ökutæki.

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti ef við á. Teikningar eða myndir, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu vera nægilega nákvæmar.

0.

0.1.

0.2.

0.2.1.

0.3.

0.3.1.

0.4.

0.5.

0.8.

0.9.

1.

1.1.

2.

2.6.

9.

9.3.

9.3.1.

9.3.4.

Til skýringar:

Þetta upplýsingaskjal er byggt á sniðmátinu sem mælt er fyrir um í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 og skal útfyllt með viðeigandi upplýsingum undir liðunum sem eru skráðir hér að framan, eins og skilgreint er í því sniðmáti.

2. HLUTI

Tækniforskriftir

1. Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „*gólf við inngang*“: lægsti punktur dyraops eða annars hluta burðarvirkis, hvort heldur er hærra, sem þarf að komast yfir til að fara inn í farþegarýmið.

2. Almenn ákvæði

2.1. Ökutækjagerðin skal hönnuð þannig að unnt sé að stíga inn í og út úr farþegarými á fullkomlega öruggan hátt og inngangar að farþegarými skulu gerðir þannig að unnt sé að nota þá auðveldlega og áhættulaust.

3. Fótpallar og stigaþrep

3.1. Að því er þessa reglugerð varðar skal ekki litið svo á að hjólnöf, felgur eða aðrir hlutar hjóls þjóni hlutverki fótpalls eða stigaþreps nema útilokað sé að setja upp fótpalla eða stigaþrep annars staðar á ökutækinu af ástæðum sem varða smíði þess og notkun.

3.2. Hæð gólfs við inngang skal ákvörðuð annað hvort beint frá jörðu eða frá láréttu plani sem sker miðjuna miðað við lengdarstefnu næsta þreps fyrir neðan.

4. Kröfur varðandi aðgang að dyrum til að stíga inn í og út úr farþegarými ökutækja í flokki N_2 með hámarksmassa sem er meiri en 7,5 tonn, og ökutækja í flokki N_3

4.1. Stigaþrep að farþegarými (mynd 1).

4.1.1. Hæðin (A) frá jörðu að efra yfirborði lægsta þreps, mæld á jafnsléttu með ökutækið tilbúið til aksturs, skal ekki vera meiri en 600 mm.

4.1.1.1. Hins vegar má auka hæðina (A) í 700 mm ef um er að ræða torfærutæki.

4.1.2. Fjarlægðin (B) milli þrepa miðað við efra yfirborð skal ekki vera meiri en 400 mm. Frávik í lóðréttri fjarlægð frá einu þrepi til hins næsta má ekki vera meira en 50 mm. Krafan um lóðréttu fjarlægðina á þó ekki við um fjarlægðina frá efsta þrepinu að gólfi við inngang farþegarýmisins.

4.1.2.1. Ef um er að ræða torfærutæki má auka leyfilegt frávik lóðréttrar fjarlægðar, sem tilgreint er í lið 4.1.2, upp í 100 mm.

4.1.3. Að auki skal uppfylla eftirfarandi rúmfræðilegar lágmarksforskriftir:

a) dýpt þreps (D): 80 mm,

b) rými umhverfis þrep (E) (þ.m.t. dýpt þreps): 150 mm,

c) breidd þreps (F): 300 mm,

d) breidd lægsta þreps (G): 200 mm,

e) hæð þrepa (S): 120 mm,

f) inndráttur milli þrepa á þverveginn (H): 0 mm,

g) skörun þrepa á langveginn (J) frá einu þrepi til hins næsta í sama stiga eða frá efsta þrepinu að gólfi við inngang stýrishússins: 200 mm.

4.1.3.1. Ef um er að ræða torfærutæki má minnka gildið (F), sem sett er fram í c-lið liðar 4.1.3, niður í 200 mm.

4.1.4. Ef um er að ræða torfærutæki má hanna lægsta þrepið sem stigarim, ef það er nauðsynlegt af ástæðum sem varða smíði eða notkun ökutækisins. Í slíku tilviki skal dýptin (R) vera minnst 20 mm.

4.1.4.1. Sívalar stigarimar skulu ekki leyfðir.

4.1.5. Staðsetning efsta þrepsins skal vera auðgreinanleg þegar stigið er niður úr farþegarýminu.

4.1.6. Öll stigaþrep skulu gerð þannig að ekki sé hætta á að fólk renni til á þeim. Að auki skulu stigaþrep, sem eru óvarin fyrir veðri og óhreinindum í akstri, vera með fullnægjandi afrennsli.

4.2. Aðgengi að handföngum við farþegarými (sjá mynd 1).

4.2.1. Viðeigandi handrið og handföng eða aðrar jafngildar handfestur, ein eða fleiri, skulu vera fyrir hendi til að auðvelda aðgang að farþegarými.

4.2.1.1. Staðsetja skal handrið og handföng eða aðrar jafngildar handfestur þannig að auðvelt sé að ná taki á þeim og þær hindri ekki aðgang að farþegarými.

4.2.1.2. Hafa skal í mesta lagi 100 mm bil á þeim hlutum handriðs, handfanga eða jafngildra handfesta sem gripið er um.

4.2.1.3. Þegar notuð eru fleiri en tvö þrep fyrir aðgang að farþegarými skal staðsetja handrið, handföng eða aðrar jafngildar handfestur þannig að hægt sé að styðja sig við á þremur stöðum samtímis með báðum höndum og öðrum fæti eða með báðum fótum og annarri hendi.

4.2.1.4. Handrið og handföng eða aðrar jafngildar handfestur skal hanna og staðsetja þannig að það stuðli að því að farið sé afturábak niður úr farþegarými, nema ef um tröppur er að ræða.

4.2.1.5. Líta má á stýrishjólið sem handfestu.

4.2.2. Hæðin (N) frá jörðu að neðri brún a.m.k. eins handriðs, handfangs eða jafngildrar handfestu, mæld á jafnsléttu með ökutækið tilbúið til aksturs, skal ekki vera meiri en 1850 mm.

4.2.2.1. Ef um er að ræða torfærutæki má auka hæðina (N), sem um getur í lið 4.2.2, upp í 1950 mm.

4.2.2.2. Ef hæð gólfs við inngang farþegarýmis mæld frá jörðu er meiri en sem nemur „N“, skal sú hæð teljast vera „N“.

4.2.2.3. Að auki skal (P), lágmarksfjarlægð efri brúnar handriðs eða handfanga eða jafngildra handfesta frá hæð gólfs við inngang farþegarýmis, vera:

a) fyrir handrið eða handföng eða aðrar jafngildar handfestur (U): 650 mm,

b) fyrir handrið eða handföng eða aðrar jafngildar handfestur (V): 550 mm.

4.2.3. Uppfylla skal eftirfarandi rúmfræðilegar forskriftir:


a) gripþvermál (K): lágmark 16 mm, hámark 38 mm,

b) lengd (M): lágmark 150 mm,

c) fjarlægð frá ökutækjaíhlutum (L): lágmark 40 mm með opnar dyr.

Mynd 1

Stigaþrep og handföng við farþegarýmið



(liður 4.1.4 lægsta þrep, stigarim ef um er að ræða torfærutæki)

5. Kröfur varðandi aðgang að dyrum til að stíga inn í og út úr farþegarými annarra ökutækja en þeirra sem eru í flokki N_2 með hámarksmassa sem er umfram 7,5 tonn eða í flokki N_3

5.1. Fótpallar og stigaþrep

5.1.1. Ökutæki í flokkum M_1 og N_1 og einnig N_2 með hámarksmassa sem er ekki meiri en 7,5 tonn skulu hafa a.m.k. einn fótpall eða stigaþrep ef gólfið við inngang farþegarýmisins er í meira en 600 mm hæð frá jörðu, mælt á jafnsléttu með ökutækið tilbúið til aksturs.

5.1.1.1. Ef um er að ræða torfærutæki má auka hæð farþegarýmisins, sem tilgreind er í lið 5.1.1, upp í 700 mm.

5.1.1.2. Allir fótpallar og stigaþrep skulu gerð þannig að ekki sé hætta á að fólk renni til á þeim Að auki skulu fótpallar og stigaþrep, sem eru óvarin fyrir veðri og óhreinindum í akstri, vera með fullnægjandi afrennsli.

3. HLUTI

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ (ÖKUTÆKJAKERFI)

Tilkynning um *veitingu*/*rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* (1) á gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis að því er varðar aðgang að ökutæki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í X. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/535, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. …/…

Númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins:

Ástæða fyrir *rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* (1):

I. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við I. þátt sniðmáts fyrirmyndar B í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

II. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við II. þátt sniðmáts fyrirmyndar B í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

Viðbót

við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð númer…

1. Viðbótarupplýsingar:

1.1. Stutt lýsing á gerð ökutækis með tilliti til burðarvirkis hennar, mála, lögunar og smíðaefna:

1.2. Gerð ökutækis í flokki $M_1/N_1/N_2$ *með hámarksmassa ekki yfir 7,5 tonnum* (1) *sem er*/*er ekki* (1) útbúin með fótpöllum eða stigaþrepum.

1.3. Torfærutæki já/nei (1)

5. Athugasemdir:

———

(1) Strika skal yfir það sem á ekki við.

XI. VIÐAUKI

HREYFING AFTUR Á BAK

1. HLUTI

Stjórnsýsluskjöl fyrir ESB-gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar hreyfingu aftur á bak

FYRIRMYND

Upplýsingaskjal nr. … um ESB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki að því er varðar hreyfingu aftur á bak.

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti ef við á. Teikningar eða myndir, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

0.

0.1.

0.2.

0.2.1.

0.3.

0.3.1.

0.5.

0.8.

0.9.

1.

1.1.

4.

4.6.

Skýring:

Þetta upplýsingaskjal er byggt á sniðmátinu sem mælt er fyrir um í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 og skal útfyllt með viðeigandi upplýsingum undir liðunum sem eru skráðir hér að framan, eins og skilgreint er í því sniðmáti.

2. HLUTI

Tækniforskriftir

1. Almenn ákvæði

1.1. Öll ökutæki skulu hafa búnað fyrir hreyfingu aftur á bak sem hægt er að stjórna auðveldlega úr ökumannssæti.

1.2. Leyfa má stutta töf frá því að hamurinn fyrir hreyfingu aftur á bak er valinn og þar til hann verður virkur.

3. HLUTI

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ (ÖKUTÆKJAKERFI)

Tilkynning um *veitingu*/*rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* (1) á gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis að því er varðar hreyfingu aftur á bak í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í XI. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/535, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. …/…

Númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins:

Ástæða fyrir *rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* (1):

I. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við I. þátt sniðmáts fyrirmyndar B í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

II. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við II. þátt sniðmáts fyrirmyndar B í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

Viðbót

við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð númer …

1. Viðbótarupplýsingar:

1.1. Stutt lýsing á gerð ökutækis með tilliti til burðarvirkis hennar, mála, lögunar og smíðaefna:

1.2. Búnaður fyrir hreyfingu aftur á bak *gírkassi*/*annar búnaður* (1)

1.3. Stutt lýsing á búnaði fyrir akstur afturábak ef það er ekki hlutverk gírkassans:

5. Athugasemdir:

———

(1) Strika skal yfir það sem á ekki við.

XII. VIÐAUKI

VARNARBÚNAÐUR AÐ FRAMAN FYRIR ÖKUTÆKI Í FLOKKUM M1 OG N1

1. HLUTI

Upplýsingaskjal fyrir ESB-gerðarviðurkenningu aðskilinnar tæknieiningar að því er varðar varnarbúnað að framan

FYRIRMYND

Upplýsingaskjal nr. ... um ESB-gerðarviðurkenningu aðskilinna tæknieininga að því er varðar varnarbúnað að framan.

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti ef við á. Teikningar eða myndir, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

0.

0.1.

0.2.

0.2.1.

0.5.

0.7.

0.8.

0.9.

1.

1.1.

1.2.

1.3.

1.4.

Skýring:

Þetta upplýsingaskjal er byggt á sniðmátinu sem mælt er fyrir um í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 og skal útfyllt með viðeigandi upplýsingum undir liðunum sem eru skráðir hér að framan, eins og skilgreint er í því sniðmáti.

2. HLUTI

A-þáttur


Almenn ákvæði og kröfur

1. Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „horn varnarbúnaðar að framan“: snertipunktur varnarbúnaðar að framan við lóðrétt plan sem myndar 60° horn við lóðrétt lengdarplan ökutækisins og snertir ytra borð varnarbúnaðarins að framan (sjá mynd 1),

Mynd 1

Ákvörðun horns varnarbúnaðar að framan




1.2. „*helstu mál ytri framenda*“: fastir punktar á prófunarrammanum sem tákna alla punkta raunverulegrar, fyrirhugaðrar gerðar ökutækis þar sem líklegt er að varnarbúnaðurinn að framan rekist á ökutækið meðan á prófun stendur,

1.3. „*neðri hæð varnarbúnaðar að framan*“: í sérhverri þverstöðu er þetta lóðrétt fjarlægð á milli jarðar og neðri viðmiðunarlínu varnarbúnaðar að framan, með ökutækið staðsett í venjulegri akstursstöðu.

1.4. „*neðri viðmiðunarlína varnarbúnaðar að framan*“: lína sem auðkennir neðri mörk mikilvægra punkta að því er varðar snertingu gangandi vegfarenda við varnarbúnaðinn að framan, Línan er rúmfræðileg skurðlína neðstu snertipunkta milli beinu brúnarinnar, sem er 700 mm að lengd, og varnarbúnaðarins framan á ökutækinu þegar beina brúnin, sem er höfð samsíða lóðréttu lengdarplani ökutækisins og hallar fram um 25°, er færð yfir framhluta ökutækisins en snertir samt áfram jörðina og yfirborð varnarbúnaðarins (sjá mynd 2),

Mynd 2

Ákvörðun neðri viðmiðunarlínu varnarbúnaðar að framan



1.5. „*þriðjungur varnarbúnaðar að framan*“: rúmfræðileg skurðlína á milli hvers horns varnarbúnaðar að framan, mæld með sveigjanlegu bandi eftir láréttri útlínu varnarbúnaðarins að framan og skipt í þrjá jafnlanga hluta,


1.6. „*efri hæð varnarbúnaðar að framan*“: í sérhverri þverstöðu er þetta lóðrétt fjarlægð á milli jarðar og efri viðmiðunarlínu varnarbúnaðar að framan, með ökutækið staðsett í venjulegri aksturstöðu,

1.7. „*efri viðmiðunarlína varnarbúnaðar að framan*“: lína sem auðkennir efri mörk mikilvægra punkta að því er varðar snertingu gangandi vegfarenda við varnarbúnaðinn að framan, Þetta er rúmfræðileg skurðlína efstu snertipunkta milli beinu brúnarinnar, sem er 700 mm að lengd, og varnarbúnaðarins framan á ökutækinu þegar beina brúnin, sem er höfð samsíða lóðréttu lengdarplani ökutækisins og hallar aftur um 20°, er færð yfir framhluta ökutækisins en snertir samt áfram jörðina og yfirborð varnarbúnaðarins (sjá mynd 3).

Ef nauðsyn krefur skal stytta beinu brúnina til að koma í veg fyrir snertingu við hluti fyrir ofan varnarbúnaðinn að framan.

Mynd 3


Ákvörðun efri viðmiðunarlínu varnarbúnaðar að framan



1.8. „*ummálsfjarlægð*“: rúmfræðileg skurðlína sem dregin er á fremra, efra yfirborð eða varnarbúnað að framan með öðrum enda sveigjanlegs bands þegar því er haldið í lóðréttu langsniðsplani ökutækisins og fært eftir efra borði að framan eða varnarbúnaði að framan. Bandinu er haldið strekktu meðan á aðgerðinni stendur þar sem annar endi er í snertingu við lægstu viðmiðunarhæð, lóðrétt fyrir neðan framhlið stuðarans eða varnarbúnað að framan og hinum endanum er haldið í snertingu við efra borð að framan eða varnarbúnað að framan (sjá t.d. mynd 4). Ökutækið er haft í venjulegri aksturstöðu.

Mynd 4

Ummálsfjarlægð varnarbúnaðar að framan



2. Almenn ákvæði:

2.1. Framleiðandinn skal láta tækniþjónustunni sem annast framkvæmd gerðarviðurkenningarprófana í té eitt sýnishorn af þeirri gerð varnarbúnaður að framan sem á að viðurkenna. Tækniþjónustunni er heimilt að óska eftir frekari sýnishornum telji hún það nauðsynlegt. Merkja skal sýnishornið/sýnishornin greinilega og óafmáanlega með viðskiptaheiti eða vörumerki umsækjanda og heiti gerðarinnar. Framleiðandinn skal gera ráð fyrir lögboðinni birtingu ESB-gerðarviðurkenningarmerkisins.

2.2. Ef varnarbúnaður að framan sem á að prófa hefur verið hannaður til notkunar á fleiri en einni gerð ökutækis í flokki M_1 eða N_1 skal sá búnaður gerðarviðurkenndur sérstaklega fyrir hverja gerð ökutækis sem hann er ætlaður fyrir.

Tækniþjónustunni skal þó vera heimilt að veita undanþágu frá viðbótarprófunum ef gerðir ökutækja eða gerðir varnarbúnaðar að framan sem á að prófa eru taldar nægilega svipaðar.

2.3. Prófunina má framkvæma annað hvort með varnarbúnað að framan festan á ökutæki þeirrar gerðar sem hann er ætlaður á eða festan á prófunarramma sem svarar mjög nákvæmlega til helstu mála ytri framenda þeirrar gerðar ökutækis sem hann er ætlaður á. Ef, þegar prófunarrammi er notaður, varnarbúnaður að framan snertir rammann meðan á prófunum stendur skal endurtaka prófunina með varnarbúnað að framan festan á hina raunverulegu gerð ökutækis sem hann er ætlaður á. Þegar prófun er framkvæmd með varnarbúnað að framan festan á ökutæki gilda skilyrðin í C-þætti.

2.4. Allar breytingar á gerðum ökutækis, sem skráðar eru í viðbætinum við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð fyrir varnarbúnað að framan, framan við A-stoðirnar eða á sjálfum varnarbúnaðinum að framan sem hefur áhrif á burðarvirki, helstu mál, smíðaefni ytri flata ökutækisins eða varnarbúnaðarins að framan, festingaraðferðir eða fyrirkomulag íhluta að utan eða innan og sem geta haft veruleg áhrif á niðurstöður prófana skulu teljast breytingar í skilningi 33. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858 og krefjast þannig nýs ESB-gerðarviðurkenningarvottorðs að því er varðar varnarbúnað að framan.

2.5. Ef viðeigandi kröfur, sem settar eru fram í 2. hluta XII. viðauka við þessa reglugerð, eru uppfylltar skal eftirfarandi gilda að því er varðar 3. þátt gerðarviðurkenningarnúmers, einkum að því er varðar bókstafina sem skal nota:

— „A“ ef varnarbúnaður að framan er viðurkenndur til uppsetningar á ökutæki í flokki M_1 eða N_1 sem eru í samræmi við kröfurnar í 2. þætti I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 78/2009 eða lið 3.1 í I. viðauka við tilskipun 2003/102/EB,

— „B“ ef varnarbúnaður að framan er viðurkenndur til ásetningar á ökutæki í flokki M_1 eða N_1 sem eru í samræmi við kröfurnar í 3. þætti I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 78/2009 eða lið 3.2 í I. viðauka við tilskipun 2003/102/EB eða reglugerð SÞ nr. 127 ([1]) eða

— „X“ ef varnarbúnaður að framan er eingöngu viðurkenndur til ásetningar á ökutæki í flokki M_1 eða N_1 sem eru ekki í samræmi við annað hvort reglugerð (EB) nr. 78/2009, tilskipun 2003/102/EB eða reglugerð SÞ nr. 127.

3. Sértækar kröfur

3.1. Eftirfarandi kröfur gilda jafnt um varnarbúnað að framan sem er settur á ný ökutæki í flokki M_1 eða N_1, og varnarbúnað að framan sem afhenda á sem aðskilda tæknieiningu til ásetningar á tilgreind ökutæki í flokki M_1 eða N_1.

([1]) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 127 — Samræmd ákvæði varðandi samþykki vélknúinna ökutækja að því er varðar öryggisframmistöðu þeirra gagnvart gangandi vegfarendum [2020/638] (Stjtíð ESB L 154, 15.5.2020, bls. 1).

3.1.1. Íhlutir varnarbúnaðar framan á ökutæki skulu hannaðir þannig að allir stífir fletir, sem hægt er að snerta með 100 mm kúlufleti, hafi krappageisla sem er ≥ 5,0 mm.

3.1.2. Heildarmassi varnarbúnaðar framan á ökutæki, þ.m.t. allir krappar og festingar, skal ekki vera meiri en 1,2% af hámarksmassa ökutækisins, sem hann er hannaður fyrir, og að hámarki 18 kg.

3.1.3. Hæð varnarbúnaðar að framan, þegar hann er settur á ökutæki, skal ekki vera meiri en 50 mm ofan við viðmiðunarlínu fremstu brúnar á vélarhlíf, eins og skilgreint er í reglugerð SÞ nr. 127.

3.1.4. Varnarbúnaður framan á ökutæki skal ekki auka breidd ökutækisins sem hann er festur á. Ef heildarbreidd varnarbúnaðarins að framan er meiri en 75% af breidd ökutækisins skulu endar hans sveigðir inn að ytra borðinu til að draga úr hættu á að þeir krækist í hluti. Þessi krafa telst uppfyllt ef varnarbúnaður framan á ökutæki er felldur inn í eða sambyggður yfirbyggingunni eða ef endar varnarbúnaðarins að framan eru sveigðir þannig að þeir snerti ekki 100 mm kúluflöt og bilið milli enda búnaðarins og yfirbyggingarinnar er ekki meira en 20 mm.

3.1.5. Með fyrirvara um lið 3.1.4 skal bilið milli íhluta varnarbúnaðar að framan og ytra borðsins, sem er undir honum, ekki vera meira en 80 mm. Líta skal fram hjá staðbundnum misfellum í almennum útlínum undirliggjandi yfirbyggingar (svo sem opum í grillum, loftinntaki o.s.frv.).

3.1.6. Lengdarfjarlægð milli fremsta hluta stuðarans og fremsta hluta varnarbúnaðarins framan á ökutækinu skal ekki vera meiri en 50 mm á neinum stað á hlið ökutækisins til að stuðarinn geri sitt gagn.

3.1.7. Varnarbúnaðurinn að framan skal ekki draga verulega úr virkni stuðarans. Þessi krafa skal teljast uppfyllt ef ekki fleiri en tveir lóðréttir íhlutir og enginn láréttur íhlutur varnarbúnaðarins framan á ökutækinu liggja yfir stuðarann.

3.1.8. Varnarbúnaðurinn framan á ökutækinu skal ekki halla fram fyrir lóðrétta planið. Efstu hlutar varnarbúnaðarins framan á ökutækinu skulu ekki ná meira en 50 mm upp eða aftur (í átt að framrúðunni) frá viðmiðunarlínu fremstu brúnar á vélarhlíf ökutækisins þar sem varnarbúnaðurinn framan á ökutækinu hefur verið fjarlægður.

3.1.9. Ásetning varnarbúnaðar að framan á ökutækinu skal ekki spilla fyrir því að kröfur annarra gerðarviðurkenninga ökutækja séu uppfylltar.

3.1.10. Gerðarviðurkenningaryfirvaldið getur litið svo á að kröfurnar fyrir allar prófanirnar sem mælt er fyrir um í þessum viðauka séu uppfylltar með hvers konar jafngildri prófun sem framkvæmd er í samræmi við reglugerð SÞ nr. 127 (t.d. þegar prófað er sem hluti af gerð ökutækis þegar valkvætt er að setja varnarbúnað að framan á það, sjá 1. lið og lið 3.1 í C-þætti).

B-þáttur

Forskriftir fyrir prófun ökutækis

1. Fullbúið ökutæki

1.1. Að því er varðar prófanir á fullbúnum ökutækjum skulu ökutækin uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í liðum 1.1.1, 1.1.2 og 1.1.3.

1.1.1. Ökutækið skal vera í venjulegri akstursstöðu og skal annað hvort tryggilega fest á upphækkaðar stoðir eða standa á sléttu yfirborði með handbremsuna á.

1.1.2. Allur búnaður sem hannaður er til að vernda óvarða vegfarendur skal virkjaður á réttan hátt áður en og/eða vera virkur meðan viðeigandi prófun er gerð. Það er á ábyrgð umsækjanda um viðurkenningu að sýna fram á að búnaðurinn muni virka eins og til er ætlast í árekstri við fótgangandi vegfaranda.

1.1.3. Ef íhlutir eru í ökutæki sem geta breytt um lögun eða stöðu, aðrir en virkur búnaður til að vernda gangandi vegfarendur og sem hafa fleiri en eina fasta lögun skal ökutækið uppfylla kröfurnar með íhlutina í sérhverri fastri lögun eða stöðu.

2. Undirkerfi ökutækis

2.1. Þegar aðeins undirkerfi ökutækis er afhent til prófana skal það uppfylla skilyrðin sem tilgreind eru í liðum 2.1.1, 2.1.2, 2.1.3 og 2.1.4.

2.1.1. Allir hlutar burðarvirkis ökutækis og íhlutir undir vélarhlíf eða íhlutir sem eru fyrir innan framrúðu sem gætu komið við sögu í árekstri að framan við óvarinn vegfaranda skulu hafðir með í prófuninni til að sýna fram á hvernig öllum íhlutum sem hlut að eiga reiðir af og víxlverkun milli þeirra.

2.1.2. Undirkerfi ökutækis skal tryggilega fest í venjulegri akstursstöðu.

2.1.3. Allur búnaður sem hannaður er til að vernda óvarða vegfarendur skal virkjaður á réttan hátt áður en og/eða vera virkur meðan viðeigandi prófun er gerð. Það er á ábyrgð umsækjanda um viðurkenningu að sýna fram á að búnaðurinn muni virka eins og til er ætlast í árekstri við fótgangandi vegfaranda.

2.1.4. Ef íhlutir eru í ökutæki sem geta breytt um lögun eða stöðu, aðrir en virkur búnaður til að vernda gangandi vegfarendur og sem hafa fleiri en eina fasta lögun skal ökutækið uppfylla kröfurnar með íhlutina í sérhverri fastri lögun eða stöðu.

C-þáttur

Forskriftir fyrir prófun varnarbúnaðar að framan

1. Varnarbúnaður að framan sem upprunalegur búnaður sem festur er á ökutæki.

1.1. Varnarbúnaðurinn að framan, sem festur er á ökutækið, skal uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 3. lið til liðar 3.1.10 í A-þætti.

1.2. Ökutækið skal vera í venjulegri akstursstöðu og annað hvort tryggilega fest á upphækkaðar stoðir eða standa á sléttu yfirborði með handbremsuna á. Ökutækið skal útbúið með varnarbúnaðinum að framan sem á að prófa. Fylgja skal leiðbeiningum framleiðanda um ásetningu varnarbúnaðar að framan og þær skulu innihalda snúningsátak til herðingar á öllum festingum.

1.3. Allur búnaður sem hannaður er til að vernda gangandi vegfarendur og aðra óvarða vegfarendur skal virkjaður á réttan hátt áður en og/eða vera virkur meðan viðeigandi prófun er gerð. Umsækjandinn skal sýna fram á að búnaður virki eins og til er ætlast ef ökutækið rekst í gangandi vegfaranda eða annan óvarinn vegfaranda.

1.4. Allir íhlutir ökutækis sem gætu breytt um lögun eða stöðu, s.s. aðalljósker sem rísa upp, aðrir en búnaður til verndar fótgangandi vegfarendum og öðrum óvörðum vegfarendum skulu settir í þá stöðu eða hafa þá lögun sem tækniþjónustan telur henta best fyrir þessar prófanir.

2. Varnarbúnaður að framan sem aðskilin tæknieining.

2.1. Ef aðeins varnarbúnaður að framan er afhentur til prófana skal vera mögulegt að uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 3. lið til liðar 3.1.10 í A-þætti ef hann er festur á gerð ökutækis sem gerðarviðurkenning þessarar tilteknu aðskildu tæknieiningu tengist.

2.2. Prófunina má framkvæma annað hvort með varnarbúnað að framan festan á ökutæki þeirrar gerðar sem hann er ætlaður á eða festan á prófunarramma sem svarar mjög nákvæmlega til helstu mála ytri framenda þeirrar gerðar ökutækis sem hann er ætlaður á. Ef, þegar prófunarrammi er notaður, varnarbúnaður að framan snertir rammann meðan á prófunum stendur skal endurtaka prófunina með varnarbúnað að framan festan á hina raunverulegu gerð ökutækis sem hann er ætlaður á. Þegar prófun er framkvæmd með varnarbúnað að framan festan á ökutæki gilda skilyrðin í 1. lið.

3. Upplýsingar sem skulu veittar.

3.1. Öllum varnarbúnaði að framan, hvort sem hann er hluti af gerðarviðurkenningu ökutækis að því er varðar valkvæða ásetningu varnarbúnaðar að framan eða verið er að gerðarviðurkenna búnaðinn sem aðskilda tæknieiningu, skulu fylgja upplýsingar um það fyrir hvaða ökutæki, eitt eða fleiri, hann hefur verið viðurkenndur til ásetningar á.

3.2. Öllum varnarbúnaði að framan, sem er gerðarviðurkenndur sem aðskilin tæknieining, skulu fylgja nákvæmar leiðbeiningar um uppsetningu, sem veita nægilegar upplýsingar fyrir aðila sem er til þess hæfur að setja hann rétt á ökutækið. Leiðbeiningarnar skulu vera á tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem varnarbúnaðurinn að framan er boðinn til sölu.

D-þáttur

Prófun með prófunarfótlegg á móti varnarbúnaði framan á ökutæki

1. Sértækar kröfur

1.1. Allar prófanir skulu framkvæmdar með 40 km/klst. hraða við höggið.

1.2. Að því er varðar varnarbúnað að framan sem viðurkenndur er til ásetningar á ökutæki sem eru í samræmi við kröfurnar í 2. þætti I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 78/2009 eða lið 3.1 í I. viðauka við tilskipun 2003/102/EB, skal algildi kvikrar hámarkslengingar sköflungslægs hliðarbands við hné ekki vera meira en 40 mm og kvikrar hámarkslengingar fremra krossbands og aftara krossbands ekki vera meiri en 13 mm. Algildi kvikrar beygingar við sköflung skal ekki vera meira en 380 Nm.

1.3. Að því er varðar varnarbúnað að framan sem viðurkenndur er til ásetningar á ökutæki sem eru í samræmi við kröfurnar í 3. þætti I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 78/2009, lið 3.2 í I. viðauka við tilskipun 2003/102/EB eða reglugerð SÞ nr. 127, skal algildi kvikrar hámarkslengingar sköflungslægs hliðarbands við hné ekki vera meira en 22 mm og kvikrar hámarkslengingar fremra krossbands og aftara krossbands ekki vera meiri en 13 mm. Algildi kvikrar beygingar við sköflung skal ekki vera meira en 340 Nm.

1.4. Að því er varðar varnarbúnað að framan sem eingöngu er viðurkenndur til áfestingar á ökutæki sem eru ekki í samræmi við reglugerð (EB) nr. 78/2009, tilskipun 2003/102/EB eða reglugerð SÞ nr. 127 má skipta út prófunarkröfunum sem settar eru fram í liðum 1.2 og 1.3 með eftirfarandi prófunarkröfum:

— algildi kvikrar hámarkslengingar sköflungslægs hliðarbands við hné skal ekki vera meira en 40 mm og kvik hámarkslenging fremra krossbands og aftara krossbands skal ekki vera meira en 13 mm. Algildi kvikrar beygingar við sköflung skal ekki vera meira en 380 Nm eða

— gera skal tvær prófanir á ökutækinu, aðra með varnarbúnaði að framan áfestum og hina án varnarbúnaðarins og þessar tvær prófanir skulu framkvæmdar á sambærilegum stöðum eins og ákveðið er í samráði við gerðarviðurkenningaryfirvöld og tækniþjónustu. Skrá skal gildi kvikrar hámarkslengingar sköflungslægs hliðarbands við hné, kvikrar hámarkslengingar fremra krossbands og aftara krossbands. Í öllum tilvikum skal gildið sem er skráð fyrir ökutækið, sem búið er varnarbúnaði að framan, ekki vera 90% hærra en gildið sem er skráð fyrir ökutækið án varnarbúnaðarins að framan.

2. Almenn ákvæði

2.1. Höggbúnaður sem er prófunarfótleggur í prófunum á varnarbúnaði að framan skal vera á „óknúnu flugi“ við höggið í samræmi við ákvæði liðar 1.8 í 5. viðbæti við reglugerð SÞ nr. 127. Höggbúnaðinum skal sleppt á óknúið flug í nægilegri fjarlægð svo að snerting höggbúnaðarins við knúningskerfið í afturkasti höggbúnaðarins hafi ekki áhrif á prófunarniðurstöðurnar.

2.2. Í öllum tilvikum má knýja höggbúnaðinn af stað með loft-, fjaður- eða vökvaþrýstingi eða með öðrum aðferðum sem gefa sambærilega niðurstöðu. Höggbúnaður sem er prófunarfótleggur skal vottaður skv. 1. lið í 6. viðauka við reglugerð SÞ nr. 127.

3. Forskriftir prófunarinnar

3.1. Að minnsta kosti þrjár prófanir með prófunarfótlegg á móti varnarbúnaði að framan skulu framkvæmdar á prófunarpunktum milli efri og neðri viðmiðunarlínu varnarbúnaðar að framan. Prófunarpunktarnir skulu vera í stöðum sem prófunaryfirvald telur líklegastar til að valda meiðslum. Prófanirnar skulu framkvæmdar á mismunandi hlutum búnaðarins þar sem lögun hans er breytileg á svæðinu sem meta skal. Þeir punktar sem tækniþjónustan prófar skulu skráðir í prófunarskýrsluna.

3.2. Kröfunum í þessum þætti skal beitt gagnvart ökutækjum þar sem neðri viðmiðunarlína varnarbúnaðar að framan er lægri en 425 mm.

4. Framleiðandi má velja að framkvæma prófanirnar, sem settar eru fram í þessum þætti eða þeim sem settar eru fram í E-þætti, gagnvart ökutækjum með neðri viðmiðunarlínu varnarbúnaðar að framan sem er jöfn eða hærri en 425 mm og lægri en 500 mm.

4.1. Ástand ökutækis eða undirkerfis ökutækis skal uppfylla ákvæðin í C-þætti. Stöðugt hitastig prófunarbúnaðarins og ökutækisins eða aðskildrar tæknieiningar skal vera 20 ± 4 °C.

4.2. Höggbúnaði, sem er prófunarfótleggur, er lýst í 4. viðauka við reglugerð SÞ nr. 127.

4.3. Höggprófunarbúnaður skal geymdur og meðhöndlaður í samræmi við liði 1.2 og 1.3 í 5. viðauka við reglugerð SÞ nr. 127 áður en prófun á sér stað.

4.4. Prófanirnar skulu framkvæmdar í samræmi við liði 1.6 til 1.14 í 5. viðbæti við reglugerð SÞ nr. 127.

4.5. Þegar höggbúnaðurinn og varnarbúnaður að framan snertast skal höggbúnaðurinn hvorki snerta jörðina né nokkurn þann hlut sem ekki tilheyrir varnarbúnaði að framan eða ökutækinu.

E-þáttur

Prófun með prófunarlærlegg á móti varnarbúnaði að framan

1. Sértækar kröfur

1.1. Allar prófanir skulu framkvæmdar með 40 km/klst. hraða við höggið.

1.2. Augnablikssamtala höggkraftanna, með tilliti til tíma, skal ekki vera hærri en 7,5 kN og beygjukraftvægið á höggprófunarbúnaðinum skal ekki vera meira en 510 Nm.

1.3. Að því er varðar varnarbúnað að framan sem eingöngu er viðurkenndur til áfestingar á ökutæki sem eru ekki í samræmi við reglugerð (EB) nr. 78/2009, tilskipun 2003/102/EB eða reglugerð SÞ nr. 127 má skipta út prófunarkröfunum sem settar eru fram í lið 1.2 með eftirfarandi prófunarkröfum:

— Augnablikssamtala höggkraftanna, með tilliti til tíma, skal ekki vera hærri en 9,4 kN og beygjukraftvægið á höggprófunarbúnaðinum skal ekki vera meira en 640 Nm eða

— gera skal tvær prófanir á ökutækinu, aðra með áfestum varnarbúnaði að framan og hina án varnarbúnaðarins. Þessar tvær prófanir skulu framkvæmdar á sambærilegum stöðum eins og ákveðið er í samráði við gerðarvið-urkenningaryfirvöld og tækniþjónustu. Skrá skal gildin fyrir augnablikssamtölu höggkraftanna og beygjukraftvægið á höggprófunarbúnaðinum. Í öllum tilvikum skal gildið sem er skráð fyrir ökutækið, sem búið er varnarbúnaði að framan, ekki vera 90% hærra en gildið sem er skráð fyrir ökutækið án varnarbúnaðarins að framan.

2. Almenn ákvæði

2.1. Höggbúnaðurinn sem er prófunarlærleggur og notaður er í prófanir á varnarbúnaði að framan skal festur við knúningskerfið með lið sem takmarkar snúningsátak til að koma í veg fyrir að álag sem lendir utan miðju skemmi stýrikerfið. Stýrikerfið skal útbúið með brautum með litla núningsmótstöðu sem eru ekki næmar fyrir álagi utan stefnu ássins og gera höggbúnaðinum kleift að ferðast eingöngu í tilgreinda höggstefnu þegar hann snertir varnarbúnaðinn að framan. Brautirnar skulu hindra hreyfingu í aðrar áttir þ.m.t. snúningur um einhvern annan ás.

2.2. Höggbúnaðinn sem er prófunarlærleggur má knýja af stað með loft-, fjaður- eða vökvaþrýstingi eða með öðrum aðferðum sem hægt er að sýna fram á að gefi sambærilega niðurstöðu. Höggbúnaður sem er prófunarlærleggur skal vottaður skv. 2. lið í 6. viðauka við reglugerð SÞ nr. 127.

3. Forskriftir prófunarinnar

3.1. Að minnsta kosti þrjár prófanir með prófunarlærlegg á móti varnarbúnaði að fram skulu framkvæmdar á prófunarpunktum milli efri og neðri viðmiðunarlínu varnarbúnaðar að framan. Prófunarpunktarnir skulu vera í stöðum sem prófunaryfirvald telur líklegastar til að valda meiðslum. Prófanirnar skulu framkvæmdar á mismunandi hlutum búnaðarins þar sem lögun hans er breytileg á svæðinu sem meta skal. Þeir punktar sem tækniþjónustan prófar skulu skráðir í prófunarskýrsluna.

3.2. Að því er varðar ökutæki þar sem hæð neðri viðmiðunarlínu varnarbúnaðar að framan er jöfn eða meiri en 500 mm gilda kröfurnar í þessum þætti.

4. Framleiðandi má velja að framkvæma annað hvort þessa prófun eða prófunina sem sett er fram í D-þætti, á ökutæki með neðri viðmiðunarlínu varnarbúnaðar að framan sem er jöfn eða hærri en 425 mm og lægri en 500 mm.

4.1. Ástand ökutækis eða undirkerfis ökutækis skal uppfylla ákvæðin í C-þætti. Stöðgað hitastig prófunartækis og ökutækis eða aðskilinnar tæknieiningar skal vera 20 ± 4 °C.

4.2. Höggbúnaði, sem er prófunarlærleggur, er lýst í 4. viðauka við reglugerð SÞ nr. 127.

4.3. Höggprófunarbúnaður skal geymdur og meðhöndlaður í samræmi við liði 2.2 og 2.3 í 5. viðauka við reglugerð SÞ nr. 127.

4.5. Prófanirnar skulu gerðar í samræmi við liði 2.6 og 2.7 í 5. viðauka við reglugerð SÞ nr. 127.

F-þáttur

Prófun með líkan af höfði barns/smávaxinnar fullorðinnar manneskju í varnarbúnað framan á ökutæki

1. Sértækar kröfur

1.1. Prófanirnar skulu framkvæmdar með 35 km/klst. hraða við höggið og nota skal 3,5 kg höggprófunarbúnað sem er líkan af höfði barns/smávaxinnar fullorðinnar manneskju. Álagsviðmiðun fyrir höfuð (HPC), sem er reiknuð út frá hröðunarferlunum, skal ekki vera hærri en 1000 í öllum tilvikum.

2. Almenn ákvæði

2.1. Höggbúnaðurinn, sem er höfuðlíkan barns/smávaxinnar fullorðinnar manneskju, skal í prófun á varnarbúnaði að framan vera á óknúnu flugi við höggið. Höggbúnaðinum skal sleppt á óknúið flug í nægilegri fjarlægð frá varnarbúnaðinum að framan svo snerting höggbúnaðarins við knúningskerfið í afturkasti höggbúnaðarins hafi ekki áhrif á prófunarniðurstöðurnar.

2.2. Í öllum tilvikum má knýja höggbúnaðinn af stað með loft-, fjaður- eða vökvaþrýstingi eða með öðrum aðferðum sem hægt er að sýna fram á að gefi sambærilega niðurstöðu. Höggbúnaður sem er höfuðlíkan skal vottaður skv. 3. lið í 6. viðauka við reglugerð SÞ nr. 127.

3. Forskriftir prófunarinnar

3.1. Að minnsta kosti þrjár prófanir með höggbúnaði sem er höfuðlíkan skulu framkvæmdar í stöðum sem tækniþjónusta telur líklegasta til að valda meiðslum. Prófanirnar skulu gerðar á mismunandi hlutum varnarbúnaðarins að framan ef lögun hans er breytileg á svæðinu sem meta skal. Punktar sem tækniþjónustan prófar skulu skráðir í prófunarskýrslu.

3.2. Prófunarpunktar fyrir höggbúnað sem er höfuðlíkan barns/smávaxinnar fullorðinnar manneskju skulu valdir á hlutum varnarbúnaðarins að framan þar sem ummál varnarbúnaðarins að framan er meira en 900 mm þegar ökutækið er í venjulegri akstursstöðu eða með varnarbúnaðinn að framan festan á prófunarramma sem kemur í stað ökutækisins sem það á að festa á eins og um væri að ræða venjulega akstursstöðu þess.

4. Prófunaraðferð

4.1. Ástand ökutækis eða undirkerfis ökutækis skal uppfylla ákvæðin í 1. lið í C-þætti. Stöðgað hitastig prófunartækis og ökutækis eða aðskilinnar tæknieiningar skal vera 20 ± 4 °C.

4.2. Höggbúnaði, sem er höfuðlíkan barns/smávaxinnar fullorðinnar manneskju, er lýst í 4. viðauka við reglugerð SÞ nr. 127.

4.3. Höggbúnaðurinn skal festur og knúinn af stað eins og tilgreint er í liðum 2.1 og 2.2.

4.4. Ökutæki skulu undirbúin í samræmi við 3. lið til liðar 3.3.1 og liði 4.4 til 4.7 í 5. viðauka við reglugerð SÞ nr. 127.

3. HLUTI

A-þáttur

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ (AÐSKILIN TÆKNIEINING)

Tilkynning um *veitingu*/*rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* ([2]) á gerðarviðurkenningu gerðar aðskilinnar tæknieiningar að því er varðar varnarbúnað að framan í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í XII. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/535, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. …/…

Númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins:

Ástæða fyrir *rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* ([2]):

I. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við I. þátt sniðmáts fyrirmyndar C í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

II. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við II. þátt sniðmáts fyrirmyndar C í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

Viðbót

við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð númer …

1. Viðbótarupplýsingar:

1.1. Áfestingaraðferð:

1.2. Leiðbeiningar um samsetningu og uppsetningu:

2. Skrá yfir ökutæki sem setja má varnarbúnað að framan á, allar leiðbeiningar um notkun og nauðsynleg skilyrði um ásetningu:

[…]

5. Athugasemdir

[…]

6. Niðurstöður úr prófunum samkvæmt kröfum í 2. hluta XII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 2021/535:

Prófun	Skráð gildi			Staðið/Ekki staðið
Prófunarfótleggur á móti varnarbúnaði að framan — þrjár prófunarstöður (ef prófun fer fram)	Beygjuhorn	…	gráður	
	Skerfærsla	…	mm	
	Hröðun við sköflung	…	g	
Prófunarlærleggur á móti varnarbúnaði að framan — þrjár prófunarstöður (ef prófun fer fram)	Samtala höggkraftanna	…	kN	
	Beygjukraftvægi	…	Nm	
Höfuðlíkan barns/smávaxinnar fullorðinnar manneskju (3,5 kg) á móti varnarbúnaði að framan	HPC-gildi: (a.m.k. þrjú gildi)			

([2]) Strika skal yfir það sem á ekki við.

B-þáttur

ESB-gerðarviðurkenningmerki aðskilinna tæknieininga

1. ESB-gerðarviðurkenningarmerki aðskilinna tæknieininga sem um getur í 2. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858 skal samanstanda af:

1.1. Rétthyrningi utan um lágstafinn „e“ en á eftir honum komi auðkennisnúmer aðildarríkisins sem veitti gerðarviðurkenningu aðskilinnar tæknieiningar eða íhlutar:

1	fyrir Þýskaland	20	fyrir Pólland
2	fyrir Frakkland	21	fyrir Portúgal
3	fyrir Ítalíu	23	fyrir Grikkland
4	fyrir Holland	24	fyrir Írland
5	fyrir Svíþjóð	25	fyrir Króatíu
6	fyrir Belgíu	26	fyrir Slóveníu
7	fyrir Ungverjaland	27	fyrir Slóvakíu
8	fyrir Tékkland	29	fyrir Eistland
9	fyrir Spán	32	fyrir Lettland
		12	fyrir Austurríki
13	fyrir Lúxemborg	34	fyrir Búlgaríu
17	fyrir Finnland	36	fyrir Litáen
18	fyrir Danmörku	49	fyrir Kýpur
19	fyrir Rúmeníu	50	fyrir Möltu


1.2. Í námunda við rétthyrninginn, tveimur tölustöfum sem gefa til kynna röð breytinga, þar sem mælt er fyrir um kröfurnar sem þessar aðskildu tæknieiningar eru í samræmi við, „00“ eins og sakir standa, og þar á eftir komi bil og fimm stafa talan sem um getur í lið 2.4 í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858.

2. Gerðarviðurkenningarmerki aðskilinna tæknieininga skal vera óafmáanlegt og auðlæsilegt.

3. Dæmi um ESB-gerðarviðurkenningarmerki aðskilinnar tæknieiningar er sýnt á mynd 1.

Mynd 1

Dæmi um ESB-gerðarviðurkenningarmerki aðskilinnar tæknieiningar



Skýring:

Skýringartexti ESB-gerðarviðurkenning aðskilinnar tæknieiningar var gefin út af Búlgaríu með númeri 00646. Fyrstu tveir tölustafirnir, „03“, gefa til kynna að þessi aðskilda tæknieining var viðurkennd samkvæmt þessari reglugerð. Bókstafurinn „X“ merkir að varnarbúnaður að framan er eingöngu ætlaður til uppsetningar á ökutæki í flokki M_1 eða N_1 sem eru ekki í samræmi við reglugerð (EB) nr. 78/2009, tilskipun 2003/102/EB eða reglugerð SÞ nr. 127.

———

XIII. VIÐAUKI

MASSAR OG MÁL

1. HLUTI

A-þáttur

Upplýsingaskjal fyrir ESB-gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra að því er varðar massa þeirra og mál

FYRIRMYND

Upplýsingaskjal nr. ... um ESB-gerðarviðurkenningu vélknúins ökutækis eða eftirvagns að því er varðar massa og mál.

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti. Teikningar eða myndir, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

0.

0.1.

0.2.

0.2.1.

0.4.

0.5.

0.8.

0.9.

1.

1.1.

1.2.

1.3.

1.3.1.

1.3.2.

1.3.3.

1.4.

1.7.

1.9.

1.10.

2.

2.1.

2.1.1.

2.1.2.

2.1.2.1.

2.1.2.2.

2.2.

2.2.1.

2.2.1.1.

2.2.1.2.

2.2.1.3.

2.2.2.

2.2.2.1.

2.3.

2.3.1.

2.3.2.

2.4.

2.4.1.

2.4.1.1.

2.4.1.1.1.

2.4.1.1.2.

2.4.1.1.3.

2.4.1.2.

2.4.1.2.1.

2.4.1.2.2.

2.4.1.3.

2.4.1.4.

2.4.1.4.1.

2.4.1.5.

2.4.1.5.1.

2.4.1.5.2.

2.4.1.6.

2.4.1.6.1.

2.4.1.6.2.

2.4.1.6.3.

2.4.1.8.

2.4.2.

2.4.2.1.

2.4.2.1.1.

2.4.2.1.3.

2.4.2.2.

2.4.2.2.1.

2.4.2.3.

2.4.2.4.

2.4.2.4.1.

2.4.2.5.

2.4.2.5.1.

2.4.2.5.2.

2.4.2.6.

2.4.2.6.1.

2.4.2.6.2.

2.4.2.6.3.

2.4.2.8.

2.4.3.

2.4.3.1.

2.4.3.2.

2.4.3.3.

2.5.

2.6.

2.6.1.

2.6.2.

2.6.4.

2.8.

2.8.1.

2.9.

2.10.

2.11.

2.11.1.

2.11.2.

2.11.3.

2.11.3.1.

2.11.4.

2.11.4.2.

2.11.5.

2.11.6.

2.12.

2.12.1.

2.12.2.

2.12.3.

2.16.

2.16.1.

2.16.2.

2.16.3.

2.16.4.

2.16.5.

3.

3.1.

3.2.

3.2.1.8.

3.3.

3.3.1.1.

3.4.

3.4.1.

3.4.5.4.

3.9.

4.

4.1.

5.

5.1.

5.2.

5.3.

5.4.

5.5.

6.

6.1.

6.2.

6.2.3.

6.2.3.1.

6.2.3.2.

6.2.4.

6.2.4.1.

6.2.4.2.

6.3.

9.

9.1.

9.10.3.

9.10.3.1.

9.10.3.1.1.

9.10.3.5.

9.10.3.5.1.

9.10.3.5.2.

9.25.

9.25.1.

9.26.

9.26.1.

9.26.2.

9.26.3.

9.27.3.1.

9.27.3.2.

9.27.3.3.

11.

11.1.

11.2.

13.

13.1.

13.2.

13.2.1.

13.2.2.

13.2.3.

13.2.4.

13.3.

13.3.1.

13.3.2.

13.3.3.

13.4.

13.4.1.

13.4.2.

13.4.3.

13.4.4.

13.7.

13.12.

Skýring:

Þetta upplýsingaskjal er byggt á sniðmátinu sem mælt er fyrir um í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 og skal útfyllt með viðeigandi upplýsingum undir liðunum sem eru skráðir hér að framan, eins og skilgreint er í því sniðmáti.

B-þáttur

Upplýsingaskjal fyrir ESB-gerðarviðurkenningu tækis eða búnaðar, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, sem aðskilinnar tæknieiningar

FYRIRMYND

Upplýsingaskjal nr. ... varðandi ESB-gerðarviðurkenningu tækis eða búnaðar, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, sem aðskilinnar tæknieiningar.

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

0.

0.1.

0.2.

0.3.

0.3.1.

0.5.

0.7.

0.8.

0.9.

9.26.

9.26.1.

9.26.2.

9.26.3.

9.26.3.1.

9.26.3.2.

9.26.3.3.

9.27.

9.27.1.

9.27.2.

9.27.3.

9.27.3.1.

9.27.3.2.

9.27.3.3.

Skýring:

Þetta upplýsingaskjal er byggt á sniðmátinu sem mælt er fyrir um í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 og skal útfyllt með viðeigandi upplýsingum undir liðunum sem eru skráðir hér að framan, eins og skilgreint er í því sniðmáti.

2. HLUTI

TÆKNIFORSKRIFTIR

A-þáttur

Skilgreiningar og almenn ákvæði

1. Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „*staðalbúnaður*“: grunnsamskipan ökutækis, sem er búið öllum þeim þáttum sem krafist er samkvæmt stjórnvaldsfyrirmælunum, sem um getur í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858, þ.m.t. allir þættir sem eru ísettir án þess að ástæða sé til frekari forskrifta um samskipan eða búnað,

1.2. „*valfrjáls búnaður*“: allir þættir, sem ekki eru hluti af staðalbúnaði, sem eru ísettir í ökutæki á ábyrgð framleiðanda og sem viðskiptavinurinn getur pantað,

1.3. „*massi ökutækis sem er tilbúið til aksturs*“:

a) ef um er að ræða vélknúið ökutæki:

massi ökutækis með eldsneytisgeymi, sem er fylltur að a.m.k. 90% af rúmtaki sínu, þ.m.t. massi ökumanns, eldsneytis og vökva, sem útbúið hefur verið staðalbúnaði, í samræmi við forskriftir framleiðanda, og massi yfirbyggingar, stýrishúss, tengibúnaðar og varahjóls eða varahjóla og áhalda, þegar ökutækið er búið þeim búnaði,

b) þegar um er að ræða eftirvagn:

massi ökutækis, þ.m.t. eldsneyti og vökvar, sem er búið staðalbúnaði, í samræmi við forskriftir framleiðanda, og massi yfirbyggingar, viðbótartengibúnaðar, varahjóls eða varahjóla og áhalda, þegar ökutækið er búið þeim búnaði,

1.4. „*massi valfrjáls búnaðar*“: hámarksmassi samsetningar af valfrjálsum búnaði, sem heimilt er að koma fyrir í ökutæki til viðbótar við staðalbúnað, í samræmi við forskriftir framleiðanda,

1.5. „*raunmassi ökutækis*“: massi ökutækis, sem er tilbúið til aksturs, auk massa valfrjálsa búnaðarins sem settur er í einstök ökutæki,

1.6. „*tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu (M)*“: leyfilegur hámarksmassi ökutækis, með tilliti til byggingareiginleika þess og hönnunarnothæfis, tæknilega leyfilegur massi eftirvagns með hleðslu eða festivagns sem felur í sér stöðumassa sem er yfirfærður á dráttarbifreiðina við tengingu,

1.7. „*tæknilega leyfilegur hámarksmassi vagnalestarinnar (MC) með hleðslu*“: samanlagður hámarksmassi vélknúins ökutækis og eins eða fleiri eftirvagna sem við það eru tengdir, með tilliti til byggingarþátta og hönnunarnothæfis þeirra eða hámarksmassi samsetningar af dráttareiningu og festivagni,

1.8. „*tæknilega leyfilegur hámarksdráttarmassi (TM)*“: hámarksmassi eins eða fleiri eftirvagna, sem heimilt er að draga með dráttarbifreið, sem samsvarar heildarhleðslu sem yfirfærist á jörð af hjólum á ás eða ásahópi á sérhverjum eftirvagni sem tengdur er við dráttarbifreiðina,

1.9. „*ás*“: sameiginlegur snúningsás tveggja eða fleiri hjóla, hvort sem þau eru aflknúin eða snúast hindrunarlaust og hvort sem þau eru í einum eða fleiri hlutum, sem staðsettir eru á sama fleti, hornrétt á miðlínu langsniðs ökutækisins,

1.10. „*ásahópur*“: fjöldi ása með ásabil sem takmarkast við eitt af ásabilunum sem tilgreind eru sem fjarlægðin „d“ í I. viðauka við tilskipun 96/53/EB og sem verka gagnvirk vegna sérstakrar hönnunar fjöðrunar,

1.11. „*stakur ás*“: ás sem getur ekki talist vera hluti af ásahópi,

1.12. „*tæknilega leyfilegur hámarksmassi á ás (m)*“: massi, sem svarar til hámarks leyfilegs stöðuálags, sem er yfirfært á jörð af hjólum á ás, með tilliti til byggingarþátta og hönnunarnothæfis ökutækisins og ássins,

1.13. „*tæknilega leyfilegur hámarksmassi á ásahóp (μ)*“: massi, sem svarar til leyfilegs hámarks lóðrétts stöðuálags, sem er yfirfært á jörð af hjólum á ásahóp, með tilliti til byggingarþátta og hönnunarnothæfis ökutækisins og ásahópsins,

1.14. „*tengi*“: vélrænn búnaður, þ.m.t. íhlutir eins og skilgreint er í liðum 2.1 til 2.6 í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 55 ([1]) og tengibúnaður eins og skilgreint er í lið 2.1.1. í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 102 ([2]),

1.15. „*tengipunktur*“: miðpunktur tengibúnaðar þar sem uppsettur tengibúnaður eftirvagns tengist uppsettum tengibúnaði dráttarbifreiðar,

1.16. „*massi tengibúnaðar*“: massi tengibúnaðarins sjálfs og þeirra hluta sem nauðsynlegir eru til að festa tengibúnaðinn við ökutækið,

1.17. „*tæknilega leyfilegur hámarksmassi á tengipunkti*“:

a) ef um er að ræða dráttarbifreið, massi sem samsvarar leyfilegu lóðréttu hámarksstöðuálagi á tengipunktinum (gildi „S“ eða „U“) á dráttarbifreið, með tilliti til smíðaeiginleika tengibúnaðarins og dráttarbifreiðarinnar,

b) ef um er að ræða festivagn, eftirvagn með miðlægum ási eða hengivagn, massi sem samsvarar leyfilegu lóðréttu hámarksstöðuálagi (gildi „S“ eða „U“) sem yfirfærist frá eftirvagninum á dráttarbifreiðina við tengipunktinn, með tilliti til smíðaeiginleika tengibúnaðarins og eftirvagnsins,

([1]) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 55 — Samræmd ákvæði varðandi viðurkenningu á véltengiíhlutum fyrir samtengd ökutæki (Stjtíð ESB L 153, 15.6.2018, bls. 179).

([2]) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 102 – Samræmd ákvæði um viðurkenningu á: I. tengibúnaði II. ökutækjum að því er varðar uppsetningu á viðurkenndri gerð tengibúnaðar (Stjtíð. ESB L 351, 20.12.2008, bls. 44).

1.18. „*massi farþega*“: nafnmassi, með hliðsjón af ökutækjaflokki, margfaldaður með sætafjölda, þ.m.t. sætafjölda fyrir starfsmenn og fjölda standandi farþega, ef einhverjir eru, en að undanskildum ökumanninum,

1.19. „*massi ökumanns*“: nafnmassi, sem nemur 75 kg, staðsettur á viðmiðunarpunkti ökumannssætis,

1.20. „*farmmassi*“: munurinn á tæknilega leyfilegum hámarksmassa með hleðslu og massa ökutækis, sem er tilbúið til aksturs, að viðbættum massa farþega og massa valfrjáls búnaðar,

1.21. „*lengd*“: mál, sem er skilgreint í liðum 6.1.1, 6.1.2 og 6.1.3 í staðli ISO 612:1978; þessi skilgreining gildir einnig um liðskipt ökutæki sem eru samsett úr tveimur eða fleiri einingum,

1.22. „*breidd*“: málin sem eru skilgreind í lið 6.2 í staðli ISO 612:1978,

1.23. „*hæð*“: málin sem eru skilgreind í lið 6.3 í staðli ISO 612:1978,

1.24. „*hjólhaf*“:

a) lárétt fjarlægð á milli miðju fyrsta og aftasta ássins, að því er varðar vélknúin ökutæki og tengivagna,

b) fjarlægð á milli lóðréttrar áslínu tengibúnaðar og miðju aftasta ássins, að því er varðar eftirvagna með miðlægum ási, festivagna og hengivagna,

1.25. „*ásabil*“: fjarlægðin á milli tveggja samliggjandi ása; fyrsta ásabilið er lárétt fjarlægð á milli lóðréttrar áslínu fremri tengibúnaðar og miðju fyrsta ássins að því er varðar eftirvagna með miðlægum ási, festivagna og hengivagna,

1.26. „*sporvídd*“: fjarlægðin sem um getur í lið 6.5 í staðli ISO 612:1978,

1.27. „*bil milli dráttarstóls og aftari áss*“: fjarlægðin, sem um getur í lið 6.19.2 í staðli ISO 612:1978, með tilliti til athugasemdarinnar sem um getur í lið 6.19 í sama staðli,

1.28. „*tengiradíus festivagns að framan*“: lárétt fjarlægð frá ási tengipinna að hvaða punkti sem er framan á festivagninum,

1.29. „útskögun að framan“: lárétt fjarlægð á milli lóðrétta plansins, sem fer í gegnum fyrsta ásinn eða ás tengipinna, ef um er að ræða festivagn og fremsta punkt ökutækis,

1.30. „*útskögun að aftan*“: lárétt fjarlægð á milli lóðrétta plansins sem fer í gegnum síðasta afturásinn og aftasta punkt ökutækisins; ef tengi, sem ekki er hægt að fjarlægja, er á ökutækinu, er aftasti punktur ökutækisins tengipunkturinn,

1.31. „*lengd hleðslurýmis*“: fjarlægðin frá fremsta innri punkti til aftasta innri punkts farmrýmisins, sem er mælt lárétt á lengdarplani ökutækisins,

1.32. „*útsláttarradíus afturhorns*“: fjarlægðin á milli upphafspunkts og raunverulegs ysta punkts afturhluta ökutækis þegar það hreyfist við aðstæðurnar sem tilgreindar eru í 8. lið B-þáttar 2. hluta eða í 7. lið C-þáttar 2. hluta í þessum viðauka,

1.33. „*áslyftibúnaður*“: búnaður sem er komið fyrir á ökutæki í þeim tilgangi að lyfta ás frá jörðu og láta hann síga aftur niður til jarðar,

1.34. „*lyftiás*“: ás sem hægt er að lyfta úr hefðbundinni stöðu sinni og lækka aftur niður með áslyftibúnaði,

1.35. „*ás með hleðslufærslu*“: ás sem hefur þann eiginleika að hægt er að breyta hleðslunni án þess að lyfta ásnum með áslyftibúnaði,

1.36. „*loftfjöðrun*“: fjöðrunarkerfi þar sem a.m.k. 75% af fjöðruninni kemur frá loftfjöður,

1.37. „*undirflokkur hópbifreiða eða langferðabifreiða*“: flokkur ökutækja, eins og þau eru skilgreind í liðum 2.1.1 og 2.1.2 í reglugerð SÞ nr. 107 – Samræmd ákvæði varðandi viðurkenningu ökutækja í flokki M_2 eða M_3, með tilliti til almennra smíðaeiginleika þeirra ([3]),

1.38. „*liðskipt ökutæki*“: ökutæki í flokki M_2 eða M_3, eins og þau eru skilgreind í lið 2.1.3 í reglugerð SÞ nr. 107,

1.39. „*óskiptanlegur farmur*“: farmur sem vegna flutninga á vegum er ekki hægt að skipta upp í tvo eða fleiri farma án óhóflegs kostnaðar eða hættu á skemmdum og sem vegna massa eða máls er ekki hægt að flytja með ökutæki sem hefur massa og mál sem samrýmist leyfilegum hámarksmassa og málum í aðildarríki.

2. Almenn ákvæði

2.1. Framleiðandi skal ákvarða eftirfarandi massa fyrir hverja útgáfu af gerð ökutækis, án tillits til smíðaþreps ökutækisins:

a) tæknilega leyfilegan hámarksmassa með hleðslu,

b) tæknilega leyfilegan hámarksmassa vagnalestarinnar með hleðslu,

c) tæknilega leyfilegan hámarksdráttarmassa,

d) tæknilega leyfilegan hámarksmassa á ásana eða tæknilega leyfilegan hámarksmassa á ásahóp,

e) tæknilega leyfilegan hámarksmassa á tengipunkti eða tengipunktum, með tilliti til tæknilegra eiginleika tengjanna sem eru sett á ökutæki eða hægt er að setja á ökutæki.

2.1.1. Þegar massi, sem um getur í lið 2.1, er ákvarðaður, skal framleiðandi beita bestu starfsvenjum í verkfræði og bestu tækniþekkingu, sem völ er á, til þess að lágmarka hættu á vélrænum bilunum, einkum þeim sem stafa af málmþreytu og til að koma í veg fyrir skemmdir á vegagrunnvirkjum.

2.1.2. Þegar framleiðandi ákvarðar massann, sem um getur í lið 2.1, skal hann beita hámarkshraða miðað við smíðaeiginleika ökutækisins.

Hafi framleiðandi útbúið ökutæki með hraðatakmörkunarbúnaði skal hámarkshraði, samkvæmt smíðaeiginleikum, vera réttur, leyfður hraði samkvæmt hraðatakmörkunarbúnaðinum.

2.1.3. Þegar framleiðandi ákvarðar massann, sem um getur í lið 2.1, skal hann ekki setja takmarkanir á notkun ökutækisins nema að því er varðar afkastagetu hjólbarða, sem hægt er að aðlaga að hraða miðað við smíðaeiginleika, eins og heimilað er samkvæmt reglugerð SÞ nr. 54.

([3]) Stjtíð. ESB L 255, 29.9.2010, bls. 1.

2.1.4. Þegar um er að ræða ófullbúin ökutæki, þ.m.t. ökutæki með undirvagni og stýrishúsi, þar sem krafist er fleiri þrepa til að teljast fullbúin, skal framleiðandinn veita framleiðendunum á næsta þrepi allar viðeigandi upplýsingar svo kröfur þessarar reglugerðar séu áfram uppfylltar.

Að því er varðar fyrstu málsgrein skal framleiðandi tilgreina staðsetningu þungamiðju massans sem samsvarar samanlögðu álagi.

2.1.5. Ófullbúin ökutæki í flokkum M_2, M_3, N_2 og N_3, sem eru ekki útbúin með yfirbyggingu, skulu hönnuð þannig að hægt sé að gera framleiðendum á næstu þrepum kleift að uppfylla kröfur í 7. og 8. lið C-þáttar og í 6. og 7. lið D-þáttar.

3. Að því er varðar útreikninga á massajöfnun skal framleiðandi gefa gerðarviðurkenningaryfirvaldinu nauðsynlegar upplýsingar til að auðkenna eftirfarandi massa, að því er varðar hverja tæknilega samskipan af gerð ökutækis, eins og ákvarðað er með gildum viðkomandi liða í upplýsingaskjalinu í samræmi við A-þátt 1. hluta:

a) tæknilega leyfilegan hámarksmassa með hleðslu,

b) tæknilega leyfilegan hámarksmassa á ásana eða ásahóp,

c) tæknilega leyfilegan hámarksdráttarmassa,

d) tæknilega leyfilegan hámarksmassa á tengipunkti eða tengipunktum,

e) tæknilega leyfilegan hámarksmassa vagnalestarinnar með hleðslu.

Upplýsingarnar skulu gefnar í töfluformi eða einhverju öðru viðeigandi formi sem viðurkenningaryfirvaldið hefur samþykkt.

3.1. Þegar valfrjáls búnaður hefur veruleg áhrif á massa og mál ökutækis skal framleiðandinn veita tækniþjónustu upplýsingar um staðsetningu, massa og staðsetningu þyngdarpunkts að því er varðar ása valfrjálsa búnaðarins sem unnt er að setja í ökutækið.

Þó er framleiðanda heimilt að veita tækniþjónustunni þess í stað upplýsingar um dreifingu massa valfrjálsa búnaðarins á ásunum þegar valfrjálsi búnaðurinn er gerður úr mörgum hlutum á mismunandi stöðum í ökutækinu.

3.2. Þegar um er að ræða ásahóp skal framleiðandi tilgreina dreifingu hleðslu á ásana miðað við heildarmassa ásahópsins. Ef nauðsyn krefur skal framleiðandi tilgreina dreifingarformúlu eða leggja fram viðeigandi dreifingarlínurit.

3.3. Framleiðandi skal, ef gerðarviðurkenningaryfirvald eða tækniþjónusta óskar eftir því, láta í té til prófunar ökutæki sem er dæmigert fyrir þá gerð sem á að viðurkenna.

3.4. Framleiðandi ökutækisins getur lagt umsókn fyrir gerðarviðurkenningaryfirvaldið um viðurkenningu á fjöðrun sem er jafngild loftfjöðrun.

3.4.1. Gerðarviðurkenningaryfirvaldið skal viðurkenna að fjöðrun sé jafngild loftfjöðrun ef kröfurnar sem settar eru fram í L-þætti eru uppfylltar.

3.4.2. Ef tækniþjónustan viðurkennir að fjöðrun sé jafngild loftfjöðrun, skal hún gefa út prófunarskýrslu sem, ásamt tæknilýsingu á fjöðruninni, skal fylgja ESB-gerðarviðurkenningarvottorðinu.

4. Sérákvæði að því er varðar hámarksmassa við skráningu/upphaf notkunar

4.1. Að því er varðar skráningu og upphaf notkunar ökutækja, sem hafa gerðarviðurkenningu samkvæmt þessari reglugerð, geta landsyfirvöld ákvarðað alla eftirfarandi massa sem eru leyfilegir fyrir hvert afbrigði og útfærslu gerðar ökutækis í umferð innanlands og á milli landa samkvæmt tilskipun 96/53/EB:

a) leyfilegan hámarksmassa með hleðslu við skráningu/upphaf notkunar,

b) leyfilegan hámarksmassa við skráningu/upphaf notkunar á ási eða ásum,

c) leyfilegan hámarksmassa við skráningu/upphaf notkunar á ásahópi,

d) leyfilegan hámarksdráttarmassa við skráningu/upphaf notkunar,

e) leyfilegan hámarksmassa vagnalestarinnar með hleðslu við skráningu/upphaf notkunar.

4.2. Landsyfirvöld skulu ákvarða verklag fyrir ákvörðun leyfilegra hámarksmassa við skráningu/upphaf notkunar sem um getur í lið 4.1. Þau skulu tilnefna lögbæra yfirvaldið, sem er falið að ákvarða þessa massa, og tilgreina upplýsingarnar sem veita verður þessu lögbæra yfirvaldi.

4.3. Leyfilegir hámarksmassar við skráningu/upphaf notkunar, sem eru ákvarðaðir í samræmi við verklagið sem um getur í lið 4.1, skulu ekki vera meiri en hámarksmassarnir sem um getur í lið 2.1.

4.4. Lögbæra yfirvaldið skal hafa samráð við framleiðandann, að því er varðar dreifingu massa á ása eða ásahóp, til þess að tryggja að búnaður ökutækisins virki með réttum hætti, einkum að því er varðar bremsu- og stýrisbúnað.

4.5. Þegar leyfilegir hámarksmassar við skráningu/upphaf notkunar eru ákvarðaðir skulu landsyfirvöld tryggja að kröfurnar í stjórnvaldsfyrirmælunum í I. og II. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858 séu áfram uppfylltar.

4.6. Þegar landsyfirvöld komast að þeirri niðurstöðu að kröfurnar í einu af stjórnvaldsfyrirmælunum í I. og II. hluta í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858, að undanskilinni þessari reglugerð, séu ekki uppfylltar skulu þau krefjast þess að nýjar prófanir séu framkvæmdar og að ný gerðarviðurkenning eða rýmkun, eftir því sem við á, sé veitt af hálfu gerðarviðurkenningaryfirvaldsins sem veitti upphaflegu gerðarviðurkenninguna samkvæmt stjórnvalds-fyrirmælunum sem um er að ræða.

B-þáttur

Ökutæki í flokkum M_1 og N_1

1. Leyfileg hámarksmál

1.1. Málin skulu ekki fara yfir eftirtalin gildi:

1.1.1. Lengd: 12,00 m.

1.1.2. Breidd:

a) M_1: 2,55 m,

b) N_1: 2,55 m,

c) N_1: 2,60 m, að því er varðar ökutæki sem eru útbúin með yfirbyggingu með a.m.k. 45 mm þykkum, einangruðum veggjum og með kóða 04 eða 05 fyrir yfirbyggingar eins og um getur í 2. viðbæti við I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858,

1.1.3. Hæð: 4,00 m.

1.2. Að því er varðar mælingu á lengd, breidd og hæð, skal ökutækið vera með eigin massa og tilbúið til aksturs, standa á jafnsléttu, með loft í hjólbörðum við þann þrýsting sem framleiðandi mælir með.

1.3. Við ákvörðun á lengd, breidd og hæð skal ekki taka tillit til tækja og búnaðar sem um getur í E-þætti.

2. Dreifing massa

2.1. Samanlagður tæknilega leyfilegur hámarksmassi á ása skal ekki vera minni en tæknilega leyfilegur hámarksmassi ökutækisins með hleðslu.

2.2. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi ökutækis með hleðslu skal ekki vera minni en massi ökutækis, sem er tilbúið til aksturs, að viðbættum massa farþeganna, massa valfrjálsa búnaðarins og massa tengisins, ef hann er ekki meðtalinn í massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs.

2.3. Þegar hleðsla ökutækis samsvarar tæknilega leyfilegum hámarksmassa með hleðslu, skal massi á hvern ás ekki vera meiri en tæknilega leyfilegur hámarksmassi á þann ás.

2.4. Þegar hleðsla ökutækis samsvarar tæknilega leyfilegum hámarksmassa með hleðslu, skal massi á fremsta ás aldrei vera minni en 30% fyrir ökutæki í flokki M_1 og 20% fyrir ökutæki í flokki N_1 af tæknilega leyfilegum hámarksmassa ökutækisins með hleðslu.

2.5. Þegar hleðsla ökutækis samsvarar tæknilega leyfilegum hámarksmassa með hleðslu að viðbættum tæknilega leyfilegum hámarksmassa á tengipunkti skal massinn á fremsta ás aldrei vera minni en 20% af tæknilega leyfilegum hámarksmassa ökutækisins með hleðslu.

2.6. Þegar ökutæki er búið sætum, sem hægt er að fjarlægja, skal sannprófunarferlið takmarkast við aðstæður þar sem um er að ræða hámarksfjölda uppsettra sæta.

2.7. Að því er varðar sannprófun krafnanna sem mælt er fyrir um í liðum 2.2, 2.3 og 2.4:

a) skulu sætin stillt eins og lýst er í lið 2.7.1,

b) skal dreifing massa farþega, farmmassa og massa valfrjáls búnaðar vera eins og mælt er fyrir um í liðum 2.7.2 til 2.7.4.2.3.

2.7.1. Sætisstillingar

2.7.1.1. Ef hægt er að stilla sæti skulu þau stillt í öftustu stöðu.

2.7.1.2. Þegar aðrir möguleikar eru fyrir hendi að því er varðar sætastillingar (lóðrétt, hornrétt, sætisbak o.s.frv.) skulu stillingarnar vera eins og framleiðandi ökutækisins tilgreinir.

2.7.1.3. Ef um er að ræða fjaðrandi sæti skal sætið læst í þeirri stöðu sem framleiðandinn tilgreinir.

2.7.2. Dreifing massa farþega

2.7.2.1. Massi hvers farþega skal vera 75 kg.

2.7.2.2. Massi hvers farþega skal staðsettur á viðmiðunarpunkti sætis (þ.e. R-punkti sætis).

2.7.2.3. Ef um er að ræða ökutæki til sérstakra nota gilda kröfurnar í lið 2.7.2.2 að breyttu breytanda (t.d. massi slasaðs einstaklings sem liggur á sjúkrabörum, ef um er að ræða sjúkrabifreið).

2.7.3. Dreifing massa valfrjáls búnaðar

2.7.3.1. Dreifa skal massa valfrjáls búnaðar í samræmi við forskriftir framleiðanda.

2.7.4. Dreifing farmmassa

2.7.4.1. Ökutæki í flokki M_1

2.7.4.1.1. Að því er varðar ökutæki í flokki M_1 skal dreifa farmmassa í samræmi við forskriftir framleiðanda í samráði við tækniþjónustu.

2.7.4.1.2. Að því er varðar húsbíla skal lágmarksfarmmassi (PM) uppfylla eftirfarandi kröfur:

$$PM \text{ í kg} \geq 10 \, (n + L)$$

Þar sem

„*n*“ er hámarksfjöldi farþega ásamt ökumanni og

„*L*“ er heildarlengd ökutækisins í metrum.

2.7.4.2. Ökutæki í flokki N_1

2.7.4.2.1. Að því er varðar ökutæki með yfirbyggingu skal farmmassanum dreift jafnt yfir farmrýmið.

2.7.4.2.2. Að því er varðar ökutæki, sem eru ekki með yfirbyggingu, (t.d. undirvagn með stýrishúsi), skal framleiðandinn gefa upp ystu leyfilegu staðsetningarmörk þungamiðju farmmassa, að viðbættum massa búnaðarins, sem ætlað er að bera varning, (t.d. yfirbyggingar, tankur o.s.frv.) (t.d. frá 0,50–1,30 m fyrir framan fyrsta afturásinn).

2.7.4.2.3. Að því er varðar ökutæki, þar sem ætlunin er að koma fyrir dráttarstólstengi skal framleiðandi gefa upp lágmarks- og hámarksbil milli dráttarstóls og aftari áss.

2.8. Viðbótarkröfur ef ökutækið er til þess fallið að draga eftirvagn

2.8.1. Kröfurnar, sem um getur í liðum 2.2, 2.3 og 2.4, gilda, að teknu tilliti til massa tengisins og tæknilega leyfilegs hámarksmassa á tengipunkti.

2.8.2. Með fyrirvara um kröfurnar í lið 2.4 er ekki heimilt að fara meira en 15% yfir tæknilega leyfilegan hámarksmassa á afturás eða afturása.

2.8.2.1. Ef farið er yfir tæknilega leyfilegan hámarksmassa á afturás eða afturása, sem nemur ekki meira 15%, gilda kröfurnar í lið 5.2.4.1 í reglugerð SÞ nr. 142 ([4]).

2.8.2.2. Í aðildarríkjum þar sem umferðarlöggjöf heimilar slíkt getur framleiðandi gefið upp, í viðeigandi fylgiskjali, t.d. notendahandbók eða viðhaldshandbók, að ekki megi fara meira yfir tæknilega leyfilegan hámarksmassa ökutækis með hleðslu en sem nemur 10% eða 100 kg, hvort gildið sem er lægra.

([4]) Reglugerð SÞ nr. 142 – Samræmd ákvæði um viðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar áfestingu hjólbarða þeirra [2020/242] (Stjtíð. ESB L 48, 21.2.2020, bls.60).

Þetta frávik gildir aðeins þegar ökutæki dregur eftirvagn við þær aðstæður sem tilgreindar eru í lið 2.8.2.1, að því tilskildu að raunhraði sé takmarkaður við 100 km/klst. eða minna.

3. Dráttarmassi og massi á tengipunkti

3.1. Eftirfarandi kröfur gilda að því er varðar tæknilega leyfilegan hámarksdráttarmassa:

3.1.1. Eftirvagn með akstursheмlakerfi

3.1.1.1. Tæknilega leyfilegur hámarksdráttarmassi ökutækis skal vera hið lægsta af eftirfarandi gildum:

a) tæknilega leyfilegum hámarksdráttarmassa með tilliti til smíðaeiginleika ökutækis og styrkleika tengisins,

b) tæknilega leyfilegum hámarksmassa dráttarbifreiðar með hleðslu,

c) tæknilega leyfilegum hámarksmassa dráttarbifreiðar með hleðslu, sem er margfaldaður með 1,5 ef um er að ræða torfærutæki, eins og skilgreint er í A-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858.

3.1.1.2. Þó skal tæknilega leyfilegur hámarksdráttarmassi ekki í neinu tilviki vera meiri en 3500 kg.

3.1.2. Eftirvagn án akstursheмlakerfis

3.1.2.1. Leyfilegur dráttarmassi skal vera hið lægsta af eftirfarandi gildum:

a) tæknilega leyfilegum hámarksdráttarmassa með tilliti til smíðaeiginleika ökutækis og styrkleika tengisins,

b) helmingur af massa dráttarbifreiðar sem er tilbúin til aksturs.

3.1.2.2. Tæknilega leyfilegur hámarksdráttarmassi skal ekki í neinu tilviki vera meiri en 750 kg.

3.2. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi á tengipunkti skal ekki vera minni en 4% af leyfilegum hámarksdráttarmassa og ekki minni en 25 kg.

3.3. Framleiðandinn skal tilgreina í eigendahandbókinni tæknilega leyfilegan hámarksmassa á tengipunkti, festingarstaði tengisins á dráttarbifreiðinni og leyfilega hámarksútskögun tengipunktsins að aftan.

3.4. Ekki skal skilgreina tæknilega leyfilegan hámarksdráttarmassa með vísun í fjölda farþega.

4. Massi vagnalestarinnar

Tæknilega leyfilegur hámarksmassi vagnalestarinnar með hleðslu skal ekki vera meiri en tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu að viðbættum tæknilega leyfilegum hámarksdráttarmassa.

5. Hámarkshalli þegar tekið er af stað í brekku

5.1. Dráttarbifreið skal geta tekið af stað með samtengt ökutæki fimm sinnum á innan við fimm mínútum, upp í móti í brekku með a.m.k. 12% halla.

5.2. Til að framkvæma prófunina, sem lýst er í lið 5.1, skulu dráttarbifreiðin og eftirvagninn hafa hleðslu sem jafngildir tæknilega leyfilegum hámarksmassa vagnalestarinnar með hleðslu.

C-þáttur

Ökutæki sem tilheyra flokki M_2 og M_3

1. Leyfileg hámarksmál

1.1. Málin skulu ekki fara yfir eftirtalin gildi:

1.1.1. Lengd

a) Ökutæki með tveimur ásum og í einum hluta: 13,50 m

b) Ökutæki með þremur eða fleiri ásum og í einum hluta: 15,00 m

c) Liðskipt ökutæki: 18,75 m

1.1.2. Breidd: 2,55 m,

1.1.3. Hæð: 4,00 m

1.2. Að því er varðar mælingu á lengd, breidd og hæð, skal ökutækið vera með eigin massa og tilbúið til aksturs, standa á jafnsléttu, með loft í hjólbörðum við þann þrýsting sem framleiðandi mælir með.

1.3. Við ákvörðun á lengd, breidd og hæð skal ekki taka tillit til tækja og búnaðar sem um getur í E-þætti.

1.3.1. Viðbótarkröfur fyrir tæki sem draga úr loftnúningsviðnámi sem um getur í E-þætti

1.3.1.1. Tæki og búnaður, sem dregur úr loftnúningsviðnámi og er ekki lengri en 500 mm í notkunarstöðu, skal ekki auka nothæft farmrými í heild. Slík tæki og búnaður skulu smíðuð á þann hátt að hægt sé að læsa þeim þegar þau eru dregin inn eða felld saman og í notkunarstöðu. Enn fremur skal smíða slík tæki og búnað þannig að þau séu inndraganleg eða samfellanleg þegar ökutækið er kyrrstætt svo ekki sé farið yfir leyfilega hámarksbreidd ökutækisins, sem um getur í lið 1.1.2, um meira en 25 mm á hvorri hlið ökutækisins og leyfilega hámarkslengd ökutækisins, sem um getur í lið 1.1.1, um meira en 200 mm, sem er eingöngu leyfilegt þegar hæð frá jörðu er a.m.k. 1050 mm, þannig að þau rýri ekki getu ökutækisins til samþættra flutninga. Þar að auki skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í liðum 1.3.1.1.1 og 1.3.1.1.3.

1.3.1.1.1. Gerðarviðurkenna skal tækin og búnaðinn sem dregur úr loftnúningsviðnámi í samræmi við þessa reglugerð.

1.3.1.1.2. Notandinn skal geta breytt stöðu tækis og búnaðar, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, og dregið hann inn eða fellt saman með því að beita handafli sem skal ekki fara yfir 40 daN. Þar að auki má einnig vera hægt að gera það sjálfvirkt.

1.3.1.1.3. Þess er ekki krafist að tæki og búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi sé inndraganlegur eða samfellanlegur ef kröfur um hámarksmál eru uppfylltar að fullu við öll skilyrði.

1.3.1.2. Tæki og búnaður, sem dregur úr loftnúningsviðnámi og er lengri en 500 mm í notkunarstöðu, skal ekki auka nothæft farmrými í heild. Slík tæki og búnaður skulu smíðuð á þann hátt að hægt sé að læsa þeim bæði þegar þau eru dregin inn eða felld saman og í notkunarstöðu. Enn fremur skal smíða slík tæki og búnað þannig að þau séu inndraganleg eða samfellanleg þegar ökutækið er kyrrstætt svo ekki sé farið yfir leyfilega hámarksbreidd ökutækisins, sem um

getur í lið 1.1.2, um meira en 25 mm á hvorri hlið ökutækisins og leyfilega hámarkslengd ökutækisins, sem um getur í lið 1.1.1, um meira en 200 mm, sem er eingöngu leyfilegt þegar hæð frá jörðu er a.m.k. 1050 mm, þannig að þau rýri ekki getu ökutækisins til samþættra flutninga. Þar að auki skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í liðum 1.3.1.2.1 til 1.3.1.2.4.

1.3.1.2.1. Gerðarviðurkenna skal tækin og búnaðinn sem dregur úr loftnúningsviðnámi í samræmi við þessa reglugerð.

1.3.1.2.2. Notandinn skal geta breytt stöðu tækis og búnaðar, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, og dregið hann inn eða fellt saman með því að beita handafli sem skal ekki fara yfir 40 daN. Þar að auki má einnig vera hægt að gera það sjálfvirkt.

1.3.1.2.3. Hver lóðréttur aðalhlutur eða samsetning hluta og hver láréttur aðalhlutur eða samsetning hluta, sem mynda tækin og búnaðinn sem dregur úr loftnúningsviðnámi, skulu, þegar þeim er komið fyrir á ökutækinu og eru í notkunarstöðu, þola 200 daN ± 10% lóðréttan og láréttan togkraft og ýtikraft, sem beitt er raðbundið upp, niður, til vinstri og til hægri og sem beitt er í kyrrstöðu á rúmfræðilega miðju viðeigandi hornrétts framstæðs flatar, með hámarksþrýstingnum 2,0 MPa. Tækin og búnaðurinn sem dregur úr loftnúningsviðnámi mega aflagast en stilli- og læsibúnaðurinn skal ekki losna fyrir tilverknað kraftsins sem er beitt. Takmarka skal aflögunina til að tryggja að leyfileg hámarksbreidd ökutækisins fari ekki yfir meira en 25 mm á hvorri hlið ökutækisins á meðan prófunin stendur yfir og eftir hana.

1.3.1.2.4. Hver lóðréttur aðalhlutur eða samsetning hluta og hver láréttur aðalhlutur eða samsetning hluta, sem mynda tækin og búnaðinn sem dregur úr loftnúningsviðnámi, skulu einnig, þegar þeir eru dregnir inn eða felldir saman, þola 200 daN ± 10% láréttan togkraft sem beitt er langsum aftur á bak og sem beitt er í kyrrstöðu á rúmfræðilega miðju á viðeigandi hornrétts framstæðs flatar, með hámarksþrýstingnum 2,0 MPa. Tækin og búnaðurinn sem dregur úr loftnúningsviðnámi mega aflagast en stilli- og læsibúnaðurinn skal ekki losna fyrir tilverknað kraftsins sem er beitt. Takmarka skal aflögunina til að tryggja að leyfileg hámarksbreidd ökutækisins fari ekki yfir meira en 25 mm á hvorri hlið ökutækisins og hámarkslengd ökutækisins fari ekki yfir meira en 200 mm.

1.3.1.3. Tækniþjónustan skal sannprófa, þannig að gerðarviðurkenningaryfirvaldið telji það fullnægjandi, að tæki og búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi, bæði þegar hann er í notkunarstöðu og þegar hann er dreginn inn eða felldur saman, hindri ekki að ráði kælingu og loftræstingu aflrásar, útblásturskerfis og farþegarýmis. Uppfylla skal að fullu allar aðrar gildandi kröfur um kerfi í ökutækjum, bæði þegar tækin og búnaðurinn sem dregur úr loftnúningsviðnámi er í notkunarstöðu og þegar hann er dreginn inn eða felldur saman.

Þrátt fyrir gildandi kröfur að því er varðar undirakstursvörn að aftan má mæla lárétta fjarlægð á milli afturhluta undirakstursvarnarbúnaðar að aftan og aftasta hluta ökutækisins, þegar það er búið tækjum og búnaði sem dregur úr loftnúningsviðnámi, án þess að taka tækin og búnaðinn sem dregur úr loftnúningsviðnámi með í reikninginn, að því gefnu að þau séu yfir 200 mm á lengd, að þau séu í notkunarham og að mikilvægir partar hlutanna, sem eru í ≤ 2,0 m hæð frá jörðu þegar ökutækið er óhlaðið, séu gerðir úr smíðaefni með < 60 Shore A-hörku. Ekki skal taka mjóar stangir, leiðslur og málmvíra, sem mynda ramma eða undirlag til að styðja mikilvæga parta hlutanna, með í reikninginn við mat á hörku. Til að koma í veg fyrir hættu á áverkum og að þeir stingist inn í önnur ökutæki við árekstur skulu þó allir endar slíkra stanga, leiðslna og málmvíra ekki vísa aftur á bak, hvort sem tækið og búnaðurinn sem dregur úr loftnúningsviðnámi eru dregin inn eða felld saman og í notkunarstöðu.

Í stað undanþágunnar sem um getur í undanfarandi málsgrein má mæla lárétta fjarlægð á milli afturhluta undirakstursvarnarbúnaðar að aftan og aftasta hluta ökutækisins, þegar það er búið tækjum og búnaði sem dregur úr loftnúningsviðnámi, án þess að taka tækin og búnaðinn, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, með í reikninginn, að því gefnu að slík tæki eða búnaður sé yfir 200 mm á lengd, sé í notkunarham og uppfylli þau ákvæði um prófanir sem sett eru fram í I-þætti.

Lárétt fjarlægð á milli afturhluta undirakstursvarnarbúnaðar að aftan og aftasta hluta ökutækisins skal þó mæld þegar tæki og búnaður, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, er dreginn inn eða felldur saman eða taka skal tillit til útstæðrar lengdar sem af hlýst, í samræmi við lið 1.6.1 í I-þætti, ef þessi lengd er meiri en þegar tæki og búnaður er dreginn inn eða felldur saman.

2. Dreifing massa að því er varðar ökutæki með yfirbyggingu

2.1. Reikningsaðferð

Táknun:

„M“		tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu,
„TM“		tæknilega leyfilegur hámarksdráttarmassi,
„MC“		tæknilega leyfilegur hámarksmassi vagnalestarinnar með hleðslu,
„m_i“		tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu á stökum ás, sem er auðkenndur með „i“, þar sem „i“ er breytilegt frá 1 og upp í heildarfjölda ása ökutækisins,
„m_c“		tæknilega leyfilegur hámarksmassi á tengipunkti,
„μ_j“		tæknilega leyfilegur hámarksmassi á ásahóp, sem er auðkenndur með „j“, þar sem „j“ er breytilegt frá 1 og upp í heildarfjölda ásahópa.

2.1.1. Viðeigandi útreikningar skulu fara fram til að ganga úr skugga um hvort farið sé að eftirfarandi kröfum að því er varðar hverja tæknilega samskipan innan gerðarinnar.

2.1.2. Ef um er að ræða ökutæki, sem er búið ásum með hleðslufærslu, skulu eftirfarandi útreikningar fara fram þegar fjöðrun á ásunum er með hleðslu við venjulega notkun.

2.1.3. Ef um er að ræða vélknúin ökutæki sem eru knúin óhefðbundnu eldsneyti eða vélknúin ökutæki með engri losun:

2.1.3.1. Skilgreina skal viðbótarþyngdina, sem krafist er fyrir tækjabúnað fyrir óhefðbundið eldsneyti eða tækjabúnað með engri losun, í samræmi við liði 2.3 og 2.4 í I. viðauka við tilskipun 96/53/EB, á grundvelli skjala sem framleiðandi leggur fram. Tækniþjónustan skal sannprófa réttleika uppgefinna upplýsinga þannig að viðurkenningaryfirvaldið telji það fullnægjandi.

2.1.3.2. Framleiðandinn skal tilgreina eftirfarandi viðbótartákn auk gildis viðbótarþyngdarinnar fyrir neðan eða til hliðar við skyldubundnar áletranir á lögboðinni merkiplötu framleiðandans, utan við skýrt afmarkaðan rétthyrning þar sem eingöngu skulu vera skyldubundnu upplýsingarnar.

„Í SAMRÆMI VIÐ 10. GR. B Í TILSKIPUN 96/53/EB – XXXX KG“

Hæð rittákna táknsins og tilgreinds gildis skal ekki vera undir 4 mm.

Þar að auki skal, þar til sérstök færsla verður sett í samræmisvottorðið, tilgreina gildi viðbótarþyngdarinnar undir „athugasemdir“ í samræmisvottorðinu svo hægt sé að fella þessar upplýsingar inn í skráningarpappírana sem fylgja ökutækinu.

2.2. Almennar kröfur

2.2.1. Samanlagður tæknilega leyfilegur hámarksmassi á stökum ásum að viðbættum samanlögðum tæknilega leyfilegum hámarksmassa á ásahópum skal ekki vera minni en tæknilega leyfilegur hámarksmassi ökutækis með hleðslu.

$$M \leq \sum [m_i + \mu_j]$$

2.2.2. Massi ökutækis, sem er tilbúið til aksturs, að viðbættum massa valfrjáls búnaðar, massi farþega, massarnir „WP“ og „B“, sem um getur í lið 2.2.3, að viðbættum massa tengibúnaðar ef hann er ekki innifalinn í massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs, að viðbættum tæknilega leyfilegum hámarksmassa á tengipunkti, skal ekki vera meiri en tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu.

2.2.3. Dreifing hleðslu

2.2.3.1. Táknun:

„P“		sætafjöldi, að frátöldum ökumanni og starfsmanni eða starfsmönnum,
„Q“		massi eins farþega í kg,
„Qc“		massi eins starfsmanns í kg,
„s_1“		svæði fyrir standandi farþega í m^2,
„SP“		fjöldi standandi farþega sem framleiðandi gefur upp,
„Ssp“		nafnrými fyrir einn standandi farþega í m^2,
„WP“		fjöldi hjólastólastæða, margfaldaður með 250 kg, sem samsvarar massa hjólastóls og notanda,
„V“		heildarrúmmál farangursrýmis í m^3, þ.m.t. farangursrými, grindur og skíðahulstur,
„B“		leyfilegur hámarksmassi farangurs í kg, sem framleiðandi gefur upp, þ.m.t. leyfilegur hámarksmassi (B'), sem flytja má í skíðahulstri, ef um slíkt er að ræða.

2.2.3.2. Massi sitjandi farþega, Q og Q_c, skal staðsettur á viðmiðunarpunkti sætis (t.d. R-punkti sætis).

2.2.3.3. Massa, sem samsvarar fjölda standandi farþega (SP), þar sem hver og einn er með massann Q, skal dreift jafnt yfir yfirborðið sem ætlað er fyrir standandi farþega (S_1).

2.2.3.4. Eftir því sem við á, skal massanum WP dreift jafnt yfir hvert hjólastólarými.

2.2.3.5. Massanum, sem jafngildir B (kg), skal dreift jafnt í farangursrýminu.

2.2.3.6. Massi, sem jafngildir B’ (kg), skal staðsettur á þungamiðju skíðahulstursins.

2.2.3.7. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi á tengipunkti skal staðsettur á tengipunktinum ef framleiðandi tilgreinir útskögun hans að aftan.

2.2.3.8. Gildi fyrir Q og Ssp

Undirflokkur ökutækis	Q (kg)	Ssp (m^2)
Undirflokkar I og A	68	0,125 m^2
Undirflokkur II	71	0,15 m^2
Undirflokkur III og B	71	Á ekki við

2.3. Gera skal ráð fyrir að massi hvers starfsmanns sé 75 kg.

2.3.1. Fjöldi standandi farþega skal ekki fara yfir gildið S_1/Ssp, þar sem Ssp er nafnrýmið sem hverjum standandi farþega er ætlað, eins og tilgreint er í töflunni í lið 2.2.3.8.

2.3.1.1. Gildi leyfilegs hámarksmassa farangurs skal ekki vera minna en:

$$B = 100 \times V$$

2.3.2. Útreikningar

2.3.2.1. Kröfurnar í lið 2.2.2 skulu sannprófaðar á öllum útfærslum á uppsettum búnaði inni í ökutækinu.

2.3.2.2. Við skilyrðin, sem tilgreind eru í lið 2.2.3, skal massi á hvern stakan ás og ásahóp ekki fara yfir tæknilega leyfilegan hámarksmassa á þann ás eða ásahóp.

2.3.2.3. Ef um er að ræða ökutæki, sem er útbúið með breytilegu sætarými, ásamt rými fyrir standandi farþega (S_1) og útbúið til að flytja hjólastóla, skal sannprófa hvort farið sé að kröfum liða 2.2.2 og 2.2.4.2, með hliðsjón af eftirfarandi aðstæðum, eftir því sem við á:

a) með öllum mögulegum sætum uppteknum og því rými sem eftir er fyrir standandi farþega (allt að mörkum rýmis fyrir standandi farþega, sem framleiðandi gefur upp, ef því er náð) og, ef enn er rými eftir, með öllum hjólastólastæðum uppteknum,

b) með öllu mögulegu rými fyrir standandi farþega uppteknu (allt að mörkum rýmis fyrir standandi farþega, sem framleiðandi gefur upp) og þeim sætum sem eftir eru fyrir sitjandi farþega og, ef enn er rými eftir, með öllum hjólastólastæðum uppteknum,

c) með öllum mögulegum hjólastólastæðum uppteknum og því rými sem eftir er fyrir standandi farþega (allt að mörkum rýmis fyrir standandi farþega, sem framleiðandi gefur upp, ef því er náð) og með öllum sætum, sem eftir eru, uppteknum.

2.3.3. Þegar ökutæki er með hleðslu, eins og tilgreint er í lið 2.2.2, skal massinn, sem samsvarar álaginu á stýriásinn eða stýriásana að framan, ekki í neinu tilviki vera minni en 20% af tæknilega leyfilegum hámarksmassa með hleðslu „M“.

2.3.3.1. Ef um er að ræða liðskipt ökutæki með a.m.k. fjóra ása í flokki I með tveimur stýrðum ásum [áður þýtt sem stýrisás] skal massinn, sem samsvarar álaginu á stýrða ásinn eða stýrðu ásana að framan, ekki í neinu tilviki vera minni en 15% af tæknilega leyfilegum hámarksmassa með hleðslu „M“.

2.3.4. Ef ökutæki á að fá gerðarviðurkenningu í fleiri en einum undirflokki gilda kröfurnar í 2. lið um hvern undirflokk.

3. Dráttargeta

3.1. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi vagnalestarinnar með hleðslu skal ekki vera meiri en tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu að viðbættum tæknilega leyfilegum hámarksdráttarmassa.

$$MC \leq M + TM$$

3.2. Tæknilega leyfilegur hámarksdráttarmassi skal ekki vera meiri en 3500 kg.

4. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi á tengipunkti

4.1. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi á tengipunkti skal vera a.m.k. 4% af tæknilega leyfilegum hámarksdráttarmassa ökutækis, eða 25 kg, hvort sem er hærra.

4.2. Framleiðandi skal tilgreina skilyrðin fyrir festingu tengibúnaðar við vélknúið ökutæki í eigendahandbókinni.

4.2.1. Eftir því sem við á, skulu skilyrðin, sem um getur í lið 4.2, fela í sér tæknilega leyfilegan hámarksmassa á tengipunkti dráttarbifreiðar, leyfilegan hámarksmassa tengibúnaðar, festingarstað tengisins og leyfilega hámarksútskögun tengisins að aftan.

5. Hámarkshalli þegar tekið er af stað í brekku

5.1. Ökutæki, sem eru hönnuð til að draga eftirvagn, skulu geta tekið af stað fimm sinnum á innan við fimm mínútum, upp í móti í brekku með a.m.k. 12% halla.

5.2. Til að framkvæma prófunina, sem lýst er í lið 5.1, skulu dráttarbifreiðin og eftirvagninn hafa hleðslu sem jafngildir tæknilega leyfilegum hámarksmassa vagnalestarinnar með hleðslu.

6. Hreyfilafl

6.1. Hreyfillinn skal hafa útafl sem nemur a.m.k. 5 kW á hvert tonn af tæknilega leyfilegum hámarksmassa vagnalestarinnar með hleðslu eða tæknilega leyfilegum hámarksmassa staks ökutækis með hleðslu, sé ökutækið ekki hannað til að draga eftirvagn.

Kröfurnar í þessum lið skulu ekki gilda um þann aksturshams tvinnrafökutækja þar sem þau eru eingöngu rafknúin.

6.2. Hreyfilaflið skal mælt í samræmi við reglugerð SÞ nr. 85 ([5]).

7. Stýrihæfni

7.1. Ökutæki skal hafa stýrihæfni til beggja hliða til að fara í heilan 360° hringferil, eins og sýnt er á mynd 1 í H-þætti, án þess að ystu punktar ökutækisins skagi út fyrir ytri hringinn eða inn fyrir innri hringinn, eftir því sem við á.

([5]) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 85 – Samræmd ákvæði um viðurkenningu brunahreyfla eða rafaflrása sem ætlaðar eru til þess að knýja vélknúin ökutæki í flokkum M og N að því er varðar mælingar á nettóafli og hámarksafli rafaflrása á 30 mínútum (Stjtíð ESB L 326, 24.11.2006, bls. 55).

7.1.1. Prófunin skal framkvæmd á ökutækinu bæði við skilyrði án hleðslu (t.d. massi ökutækis sem er tilbúið til aksturs) og með hleðslu, sem nemur tæknilega leyfilegum hámarksmassa með hleðslu. Ef ökutækið er búið tækjum eða búnaði sem dregur úr loftnúningsviðnámi, sem um getur í liðum 1.3.1.1 og 1.3.1.2, skulu slík tæki og búnaður vera útdregin og í notkunarstöðu.

7.1.2. Að því er varðar lið 7.1 skal ekki taka tillit til þeirra hluta, sem um getur í F-þætti, sem leyfilegt er að skagi lengra út en sem nemur breidd ökutækisins.

7.2. Að því er varðar ökutæki með ás með hleðslufærslu gilda einnig kröfurnar í lið 7.1 þegar ás eða ásar með hleðslufærslu eru notaðir.

7.3. Kröfurnar í lið 7.1 skulu sannprófaðar á eftirfarandi hátt:

7.3.1. Ökutækinu skal stýrt innan hringlaga svæðis, sem er skilgreint sem tveir sammiðja hringir, þar sem ytri hringurinn er með 12,50 m radíus og innri hringurinn 5,30 m radíus.

7.3.2. Ysta punkti vélknúins ökutækis að framan skal stýrt meðfram útlínu ytri hringsins (sjá mynd 1 í H-þætti).

7.4. Með samþykki tækniþjónustunnar og gerðarviðurkenningaryfirvaldsins er hægt að sannprófa kröfur um stýrihæfni með tölvuhermun í samræmi við VIII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858. Í vafatilvikum getur tækniþjónustan eða gerðarviðurkenningaryfirvaldið krafist þess að raunveruleg allsherjarprófun verði framkvæmd.

8. Útsláttarradíus afturhorns

8.1. Ökutæki í einum hluta

8.1.1. Ökutækið skal prófað í samræmi við akstursprófunaraðferðina sem lýst er í lið 8.1.2. Ef ökutækið er búið tækjum eða búnaði sem dregur úr loftnúningsviðnámi, sem um getur í liðum 1.3.1.1 og 1.3.1.2, skulu slík tæki og búnaður vera útdregin og í notkunarstöðu.

8.1.2. Akstursprófunaraðferð

Ökutækið skal vera kyrrstætt og ákvarða skal lóðrétt plan sem snertir hlið ökutækisins og snýr út frá hringnum, með því að draga línu á jörðina.

Ökutækið skal hreyfast frá beinni línu inn á hringlaga svæðið, sem lýst er á mynd 1, og skulu framhjólin snúa þannig að ysti punktur fylgi útlínum ytri hringsins (sjá mynd 2a í H-þætti).

8.1.3. Ökutækið skal hafa massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs.

8.1.4. Hámarksútsláttarradíus afturhorns skal ekki fara yfir 0,60 m.

8.2. Ökutæki í tveimur eða fleiri hlutum

8.2.1. Kröfurnar í lið 8.1 skulu gilda að breyttu breytanda að því er varðar ökutæki sem eru í tveimur eða fleiri hlutum.

Í slíku tilviki skulu tveir eða fleiri ósveigjanlegir hlutar vera samsíða fletinum, eins og sýnt er á mynd 2b í H-þætti.

8.3. Með samþykki tækniþjónustunnar og gerðarviðurkenningaryfirvaldsins má sannprófa kröfur um hámarks-útsláttarradíus afturhorns með tölvuhermun í samræmi við VIII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858. Í vafatilvikum getur tækniþjónustan eða gerðarviðurkenningaryfirvaldið krafist þess að raunveruleg allsherjarprófun verði framkvæmd.

D-þáttur

Ökutæki í flokkum N_2 og N_3

1. Leyfileg hámarksmál

1.1. Málin skulu ekki fara yfir eftirtalin gildi:

1.1.1. Lengd: 12,00 m.

1.1.2. Breidd:

a) 2,55 m fyrir öll ökutæki,

b) 2,60 m að því er varðar ökutæki sem eru útbúin með yfirbyggingu með a.m.k. 45 mm þykkum, einangruðum veggjum og með kóða 04 eða 05 fyrir yfirbyggingar, eins og um getur í 2. viðbæti í C-hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858.

1.1.3. Hæð: 4,00 m

1.2. Að því er varðar mælingu á lengd, breidd og hæð, skal ökutækið vera með eigin massa og tilbúið til aksturs, standa á jafnsléttu, með loft í hjólbörðum við þann þrýsting sem framleiðandi mælir með.

1.3. Við ákvörðun á lengd, breidd og hæð skal ekki taka tillit til tækja og búnaðar sem um getur í F-þætti.

1.3.1. Viðbótarkröfur fyrir tæki sem draga úr loftnúningsviðnámi sem um getur í F-þætti

1.3.1.1. Tæki og búnaður, sem dregur úr loftnúningsviðnámi og er ekki lengri en 500 mm í notkunarstöðu, skal ekki auka nothæfa lengd hleðslurýmis. Slík tæki og búnaður skulu smíðuð á þann hátt að hægt sé að læsa þeim bæði þegar þau eru dregin inn eða felld saman og í notkunarstöðu. Enn fremur skal smíða slík tæki og búnað þannig að þau séu inndraganleg eða samfellanleg þegar ökutækið er kyrrstætt svo ekki sé farið yfir leyfilega hámarksbreidd ökutækisins um meira en 25 mm á hvorri hlið ökutækisins og leyfilega hámarkslengd ökutækisins um meira en 200 mm, sem er eingöngu leyfilegt þegar hæð frá jörðu er a.m.k. 1050 mm, þannig að þau rýri ekki getu ökutækisins til samþættra flutninga. Þar að auki skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í liðum 1.3.1.1.1 og 1.3.1.1.3.

1.3.1.1.1. Gerðarviðurkenna skal tækin og búnaðinn í samræmi við þessa reglugerð.

1.3.1.1.2. Notandinn skal geta breytt stöðu tækis og búnaðar, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, og dregið hann inn eða fellt saman með því að beita handafli sem skal ekki fara yfir 40 daN. Þar að auki má einnig vera hægt að gera það sjálfvirkt.

1.3.1.1.3. Þess er ekki krafist að tæki og búnaður séu inndraganleg eða samfellanleg ef kröfur um hámarksmál eru uppfylltar að fullu við öll skilyrði.

1.3.1.2. Tæki og búnaður, sem dregur úr loftnúningsviðnámi og er lengri en 500 mm í notkunarstöðu, skal ekki auka nothæfa lengd hleðslurýmis. Slík tæki og búnaður skulu smíðuð á þann hátt að hægt sé að læsa þeim bæði þegar þau eru dregin inn eða felld saman og í notkunarstöðu. Enn fremur skal smíða slík tæki og búnað þannig að þau séu inndraganleg eða samfellanleg þegar ökutækið er kyrrstætt svo ekki sé farið yfir leyfilega hámarksbreidd ökutækisins um meira en 25 mm á hvorri hlið ökutækisins og leyfilega hámarkslengd ökutækisins um meira en 200 mm, sem er eingöngu leyfilegt þegar hæð frá jörðu er a.m.k. 1050 mm, þannig að þau rýri ekki getu ökutækisins til samþættra flutninga. Þar að auki skal uppfylla kröfurnar, sem settar eru fram í liðum 1.3.1.2.1 til 1.3.1.2.4, hér á eftir.

1.3.1.2.1. Gerðarviðurkenna skal tækin og búnaðinn í samræmi við þessa reglugerð.

1.3.1.2.2. Notandinn skal geta breytt stöðu tækis og búnaðar, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, og dregið hann inn eða fellt saman með því að beita handafli sem skal ekki fara yfir 40 daN. Þar að auki má einnig vera hægt að gera það sjálfvirkt.

1.3.1.2.3. Hver lóðréttur aðalhlutur eða sambland af hlutum og hver láréttur aðalhlutur eða sambland af hlutum, sem mynda tækin og búnaðinn, skulu, þegar þeim er komið fyrir á ökutækinu og eru í notkunarstöðu, þola 200 daN ± 10% lóðréttan og láréttan togkraft og ýtikraft, sem beitt er raðbundið upp, niður, til vinstri og til hægri og sem beitt er í kyrrstöðu á rúmfræðilega miðju á viðeigandi hornréttan framstæðan flöt með hámarksþrýstingnum 2,0 MPa. Tækin og búnaðurinn mega aflagast en stilli- og læsibúnaðurinn skal ekki losna fyrir tilverknað kraftsins sem er beitt. Takmarka skal aflögunina til að tryggja að leyfileg hámarksbreidd ökutækisins fari ekki yfir meira en 25 mm á hvorri hlið ökutækisins á meðan prófunin stendur yfir og eftir hana.

1.3.1.2.4. Hver lóðréttur aðalhlutur eða sambland af hlutum og hver láréttur aðalhlutur eða sambland af hlutum, sem mynda tækin og búnaðinn, skulu einnig, þegar þeir eru dregnir inn eða felldir saman, þola 200 daN ± 10% láréttan togkraft sem beitt er langsum aftur á bak og sem beitt er í kyrrstöðu á rúmfræðilega miðju á viðeigandi hornréttan framstæðan flöt með hámarksþrýstingnum 2,0 MPa. Tækin og búnaðurinn mega aflagast en stilli- og læsibúnaðurinn skal ekki losna fyrir tilverknað kraftsins sem er beitt. Takmarka skal aflögunina til að tryggja að leyfileg hámarksbreidd ökutækisins fari ekki yfir meira en 25 mm á hvorri hlið ökutækisins og hámarkslengd ökutækisins fari ekki yfir meira en 200 mm.

1.3.1.3. Smíða skal tæki og búnað, sem dregur úr loftnúningsviðnámi stýrishúsa, á þann hátt, bæði þegar hann er dreginn inn eða felldur saman og í notkunarstöðu, eftir því sem við á, að ekki sé farið yfir leyfilega hámarksbreidd ökutækisins sem nemur meira en 25 mm á hvorri hlið ökutækisins og að hann rýri ekki getu ökutækisins til samþættra flutninga. Þar að auki skal uppfylla kröfurnar, sem settar eru fram í liðum 1.3.1.3.1 til 1.3.1.3.4, hér á eftir.

1.3.1.3.1. Gerðarviðurkenna skal tækin og búnaðinn, sem dregur úr loftnúningsviðnámi stýrishúss, í samræmi við þessa reglugerð.

1.3.1.3.2. Þegar slík tæki og búnaður eru sett á ökutæki og bæði þegar þau eru dregin inn eða felld saman og í notkunarstöðu, eftir því sem við á, skal enginn hluti tækisins og búnaðarins sem dregur úr loftnúningsviðnámi vera fyrir ofan neðri brún framrúðu nema ökumaðurinn sjái þau ekki með beinum hætti vegna mælaborðsins eða annarra staðlaðra innréttinga.

1.3.1.3.3. Tæki og búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi skal vera hulinn orkugleypnu efni. Að öðrum kosti skulu tæki og búnaður samanstanda af smíðaefni með < 60 Shore A-hörku í samræmi við lið 1.3.1.4.

1.3.1.3.4. Tækið og búnaðurinn sem dregur úr loftnúningsviðnámi skal ekki vera settur saman úr smíðaefni sem er gjarnt á að brotna í beitt brot eða brot með skörðóttum brúnum.

1.3.1.4. Tækniþjónustan skal sannprófa, þannig að gerðarviðurkenningaryfirvaldið telji það fullnægjandi, að tæki og búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi, sem um getur í liðum 1.3.1.1, 1.3.1.2 og 1.3.1.3, bæði þegar hann er í notkunarstöðu og þegar hann er dreginn inn eða felldur saman, skerði ekki sjónsvið ökumannsins fram á við og þvotta- og þurrkvirkni framrúðu, sem og að hann hindri ekki að ráði kælingu og loftræstingu aflrásar, útblásturskerfis, hemlakerfis, farþegaklefa og hleðslurýmis. Uppfylla skal að fullu allar aðrar gildandi kröfur um kerfi í ökutækjum, bæði þegar tækin og búnaðurinn er í notkunarstöðu og þegar hann er dreginn inn eða felldur saman.

Þrátt fyrir gildandi kröfur að því er varðar undirakstursvörn að framan má að mæla lárétta fjarlægð á milli fremsta hluta ökutækisins, þegar það er búið tækjum og búnaði sem dregur úr loftnúningsviðnámi, og undirakstursvarnarbúnaðar ökutækisins að framan auk afturhluta undirakstursvarnarbúnaðar að aftan og aftasta hluta ökutækisins, þegar það er búið tækjum og búnaði sem dregur úr loftnúningsviðnámi, án þess að taka tækin og búnaðinn með í reikninginn, að því gefnu að þau séu yfir 200 mm á lengd að aftan, að þau séu í notkunarham og að mikilvægir partar hlutanna að framan og aftan, sem eru ≤ 2,0 m í hæð frá jörðu þegar ökutækið er óhlaðið, séu gerðir úr smíðaefni með < 60 Shore A-hörku. Ekki skal taka mjóar stangir, leiðslur og málmvíra, sem mynda ramma eða undirlag til að styðja mikilvæga parta hlutanna, með í reikninginn við mat á hörku. Til að koma í veg fyrir hættu á áverkum og að þeir stingist inn í önnur ökutæki við árekstur skulu þó allir endar slíkra stanga, leiðslna og málmvíra ekki vísa fram að framan og aftur á bak á afturhluta ökutækisins, hvort sem bæði tækið og búnaðurinn sem dregur úr loftnúningsviðnámi eru dregin inn eða felld saman og í notkunarstöðu.

Í stað undanþágunnar, að því er varðar undirakstursvarnarbúnað að aftan, sem um getur í undanfarandi málsgrein, má mæla lárétta fjarlægð á milli afturhluta undirakstursvarnarbúnaðar að aftan og aftasta hluta ökutækisins, þegar það er búið tækjum og búnaði sem dregur úr loftnúningsviðnámi, án þess að taka tækin og búnaðinn sem dregur úr loftnúningsviðnámi með í reikninginn, að því gefnu að slík tæki og búnaður séu yfir 200 mm á lengd, að þau séu í notkunarham og að þau uppfylli þau ákvæði um prófanir sem sett eru fram í I-þætti.

Lárétt fjarlægð á milli afturhluta undirakstursvarnarbúnaðar að aftan og aftasta hluta ökutækisins skal þó mæld þegar tæki og búnaður, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, er dreginn inn eða felldur saman eða taka skal tillit til útstæðrar lengdar sem af hlýst, í samræmi við lið 1.6.1 í I-þætti, ef þessi lengd er meiri en þegar tæki og búnaður er dreginn inn eða felldur saman.

1.4. Framlengd stýrishús

1.4.1. Ef framendi stýrishúss á vélknúnu ökutæki, þ.m.t. allir útstæðir hlutar, t.d. undirvagn, stuðari, hjólhlíf og hjól, samrýmist að öllu leyti mæliþáttum þrívíða ysta byrðisins, eins og sett er fram í I-þætti, og lengd hleðslurýmisins er ekki lengri en 10,5 m, er heimilt að ökutækið fari yfir leyfilega hámarkslengd sem sett er fram í lið 1.1.1.

1.4.2. Í því tilviki sem um getur í lið 1.4.1 skal framleiðandinn tilgreina eftirfarandi viðbótartákn fyrir neðan eða til hliðar við skyldubundnar áletranir á lögboðinni merkjaplötu framleiðandans, utan við skýrt afmarkaðan rétthyrning sem eingöngu inniheldur skyldubundnu upplýsingarnar.

„Í SAMRÆMI VIÐ 9. GR. A Í TILSKIPUN 96/53/EB“

Hæð rittákna táknsins skal ekki vera undir 4 mm. Einnig skal bæta textanum „Í SAMRÆMI VIÐ 9. GR. A Í TILSKIPUN 96/53/EB“ við „athugasemdir“ í samræmisvottorðinu svo hægt sé að fella þessar upplýsingar inn í skráningarpappírana sem fylgja ökutækinu.

2. Dreifing massa að því er varðar ökutæki með yfirbyggingu

2.1. Reikningsaðferð

Táknun:

„M“		tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu,
„TM“		tæknilega leyfilegur hámarksdráttarmassi,

„MC“		tæknilega leyfilegur hámarksmassi vagnalestarinnar með hleðslu,
„m_i“		tæknilega leyfilegur hámarksmassi á stökum ás, sem er auðkenndur með „i“, þar sem „i“ er breytilegt frá 1 og upp í heildarfjölda ása ökutækisins,
„m_c“		tæknilega leyfilegur hámarksmassi á tengipunkti,
„μ_j“		tæknilega leyfilegur hámarksmassi á ásahóp, sem er auðkenndur með „j“, þar sem „j“ er breytilegt frá 1 og upp í heildarfjölda ásahópa.

2.1.1. Viðeigandi útreikningar skulu fara fram til að ganga úr skugga um hvort farið sé að kröfunum, sem settar eru fram í liðum 2.2 og 2.3, að því er varðar hverja tæknilega samskipan gerðarinnar.

2.1.2. Ef um er að ræða ökutæki með ás með hleðslufærslu skulu útreikningarnir, sem krafist er samkvæmt liðum 2.2 og 2.3, fara fram með fjöðrunina á ásunum með hleðslufærslunni í venjulegri notkunarsamskipan.

2.1.3. Ef um er að ræða ökutæki með lyftiásum skulu útreikningarnir, sem krafist er samkvæmt liðum 2.2 og 2.3, fara fram með ásana niðri.

2.1.4. Ef um er að ræða vélknúin ökutæki sem eru knúin óhefðbundnu eldsneyti eða vélknúin ökutæki með engri losun:

2.1.4.1. Skilgreina skal viðbótarþyngdina, sem krafist er fyrir tækjabúnað fyrir óhefðbundið eldsneyti eða tækjabúnað með engri losun, í samræmi við lið 2.3 í I. viðauka við tilskipun 96/53/EB, á grundvelli skjala sem framleiðandi leggur fram. Tækniþjónustan skal sannprófa réttleika uppgefinna upplýsinga þannig að viðurkenningaryfirvaldið telji það fullnægjandi.

2.1.4.2. Framleiðandinn skal tilgreina eftirfarandi viðbótartákn auk gildis viðbótarþyngdarinnar fyrir neðan eða til hliðar við skyldubundnar áletranir á lögboðinni merkiplötu framleiðandans, utan við skýrt afmarkaðan rétthyrning þar sem eingöngu skulu vera skyldubundnu upplýsingarnar.

„Í SAMRÆMI VIÐ 10. GR. B Í TILSKIPUN 96/53/EB – XXXX KG“

Hæð rittákna táknsins og tilgreinds gildis skal ekki vera undir 4 mm.

Þar að auki skal, þar til sérstök færsla verður sett í samræmisvottorðið, tilgreina gildi viðbótarþyngdarinnar undir „athugasemdir“ í samræmisvottorðinu svo hægt sé að fella þessar upplýsingar inn í skráningarpappírana sem fylgja ökutækinu.

2.2. Almennar kröfur

2.2.1. Samanlagður tæknilega leyfilegur hámarksmassi á stökum ásum, að viðbættum samanlögðum tæknilega leyfilegum hámarksmassa á ásahópum skal ekki vera minni en tæknilega leyfilegur hámarksmassi ökutækisins með hleðslu.

$$M \leq \sum [m_i + \mu_j]$$

2.2.2. Að því er varðar hvern ásahóp sem er auðkenndur er með „j“ skal samanlagður tæknilega leyfilegur hámarksmassi á ásunum ekki vera minni en tæknilega leyfilegur hámarksmassi á ásahóp.

Að auki skal hver massi m_i ekki vera minni en sá hluti μ_j sem hvílir á ás „i“, eins og ákvarðað er með dreifingu massa fyrir þann ásahóp.

2.3. Sértækar kröfur

2.3.1. Massi ökutækis, sem er tilbúið til aksturs, að viðbættum massa valfrjáls búnaðar og massa farþega, auk massa tengibúnaðar ef hann er ekki innifalinn í massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs, að viðbættum tæknilega leyfilegum hámarksmassa á tengipunkti, skal ekki vera meiri en tæknilega leyfilegur hámarksmassi ökutækisins með hleðslu.

2.3.2. Ef ökutækið er með hleðslu sem nemur tæknilega leyfilegum hámarksmassa þess með hleðslu, skal massinn sem dreifist á ás „i“ ekki vera meiri en massi m_i á þeim ási og massinn á ásahópnum „j“ skal ekki vera meiri en massi μ_j.

2.3.3. Kröfurnar í lið 2.3.2 skulu uppfylltar með eftirfarandi samskipan hleðslu:

2.3.3.1. Jöfn dreifing farmmassa:

Massi ökutækisins skal vera eigin massi þess þegar það er tilbúið til aksturs, að viðbættum massa valfrjáls búnaðar ásamt massa farþega, sem er staðsettur á viðmiðunarpunktum sæta, ásamt massa tengibúnaðar (ef hann er ekki talinn með í massa ökutækisins tilbúins til aksturs), að viðbættum leyfilegum hámarksmassa á tengipunkti, ásamt farmmassanum sem er dreift með jöfnum hætti í farmrýminu.

2.3.3.2. Ójöfn dreifing farmmassa:

Massi ökutækisins skal vera eigin massi þess þegar það er tilbúið til aksturs, að viðbættum massa valfrjáls búnaðar ásamt massa farþega, sem er staðsettur á viðmiðunarpunktum sæta, að viðbættum massa tengibúnaðar (ef hann er ekki talinn með í massa ökutækisins tilbúins til aksturs), að viðbættum leyfilegum hámarksmassa á tengipunkti og að viðbættum farmmassanum sem er staðsettur í samræmi við forskriftir framleiðanda.

Í þessum tilgangi skal framleiðandi gefa upp ystu leyfilegu staðsetningarmörk þungamiðju farmmassans og/eða yfirbyggingar og/eða búnaðar eða innréttinga (t.d. frá 0,50 til 1,30 m fyrir framan fyrsta afturásinn).

2.3.3.3. Samsetning jafnrar og ójafnrar dreifingar:

Uppfylla skal kröfurnar í liðum 2.3.3.1 og 2.3.3.2 samtímis.

Dæmi: völuflutningabifreið með sturtupalli (dreifð hleðsla) sem hefur viðbótarkrana (staðbundin hleðsla).

2.3.3.4. Massi sem er yfirfærður af dráttarstólstengi (dráttareining fyrir festivagn):

Massi ökutækisins skal vera eigin massi þess þegar það er tilbúið til aksturs, að viðbættum massa valfrjáls búnaðar ásamt massa farþega, sem staðsettur er á viðmiðunarpunktum sæta, að viðbættum massa tengibúnaðar ef hann er ekki talinn með í massa ökutækisins tilbúins til aksturs, að viðbættum leyfilegum hámarksmassa á tengipunkti dráttarstóls, sem er staðsettur í samræmi við forskriftir framleiðanda (lágmarks- og hámarksbil á milli dráttarstóls og aftari áss).

2.3.3.5. Ávallt skal uppfylla kröfurnar í lið 2.3.3.1 þegar ökutæki er með flötu farmrými.

2.3.4. Þegar hleðsla ökutækis nemur tæknilega leyfilegum hámarksmassa með hleðslu, að viðbættum massa tengis, ef hann er ekki meðtalinn í massa ökutækis sem er tilbúið til aksturs, að viðbættum leyfilegum hámarksmassa á tengipunkti, þannig að leyfilegum hámarksmassa á aftari ásahóp (μ) eða leyfilegum hámarksmassa á afturás (m) hafi verið náð, skal massinn á stýrisásnum eða stýrisásunum að framan ekki vera minni en 20% af tæknilega leyfilegum hámarksmassa ökutækisins með hleðslu.

2.3.5. Að því er varðar ökutæki til sérstakra nota í flokkum N_2 og N_3 skal tækniþjónusta ganga úr skugga um hvort farið sé að kröfunum í 2. lið, í samráði við framleiðanda, með tilliti til sérstakrar hönnunar ökutækisins (t.d. færanlegra lyftikrana).

3. Dráttargeta

3.1. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi vagnalestarinnar með hleðslu skal ekki vera meiri en tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu að viðbættum tæknilega leyfilegum hámarksdráttarmassa.

4. Hámarkshalli, þegar tekið er af stað í brekku, og klifurgeta

4.1. Ökutæki, sem eru hönnuð til að draga eftirvagn og hafa hleðslu, sem nemur tæknilega leyfilegum hámarksmassa vagnalestarinnar með hleðslu, skulu geta tekið af stað fimm sinnum á innan við fimm mínútum, upp í móti í brekku með a.m.k. 12% halla.

4.2. Að því er varðar klifurgetu skulu torfærutæki prófuð með tilliti til tæknilegu krafnanna í K-þætti

4.2.1. Kröfurnar í 5. lið í 1. viðbæti við I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858 gilda einnig.

5. Hreyfilafl

5.1. Hreyfilafköst ökutækja skulu vera a.m.k. 5 kW á tonn af tæknilega leyfilegum hámarksmassa vagnalestarinnar með hleðslu.

5.1.1. Ef um er að ræða dráttarbifreið, eða dráttareiningu fyrir festivagn sem ætlað er að flytja óskiptanlegan farm, skal vélaraflið vera a.m.k. 2 kW á hvert tonn af tæknilega leyfilegum hámarksmassa vagnalestarinnar með hleðslu.

5.1.2. Kröfurnar í liðum 5.1 og 5.1.1 skulu ekki um þann aksturshamtvinnrafökutækja þar sem þau eru eingöngu rafknúin.

5.2. Hreyfilaflið skal mælt í samræmi við reglugerð Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 85.

6. Stýrihæfni

6.1. Ökutæki skal hafa stýrihæfni til beggja hliða til að fara í heilan 360° hringferil, eins og sýnt er á mynd 1 í H-þætti, án þess að ystu punktar ökutækisins skagi út fyrir ytri hringinn eða inn fyrir innri hringinn, eftir því sem við á.

6.1.1. Prófunin skal framkvæmd á ökutækinu bæði við skilyrði án hleðslu (t.d. massi ökutækis sem er tilbúið til aksturs) og með hleðslu, sem nemur tæknilega leyfilegum hámarksmassa með hleðslu. Ef ökutækið er búið tækjum eða búnaði sem dregur úr loftnúningsviðnámi, sem um getur í liðum 1.3.1.1, 1.3.1.2 og 1.3.1.3, skulu slík tæki og búnaður vera útdregin og í notkunarstöðu eða í læstri notkunarstöðu, eftir því sem við á, að því er varðar tæki og búnað sem falla undir lið 1.3.1.3.

6.1.2. Að því er varðar lið 6.1 skal ekki taka tillit til þeirra hluta, sem um getur í F-þætti, sem leyfilegt er að skagi lengra út en sem nemur breidd ökutækisins.

6.2. Að því er varðar ökutæki með áslyftibúnaði gilda kröfurnar í lið 6.1. einnig um lyftiás eða lyftiása í upplyftri stöðu og þegar ás eða ásar með hleðslufærslu eru í notkun.

6.3. Kröfurnar í lið 6.1 skulu sannprófaðar á eftirfarandi hátt:

6.3.1. Ökutækinu skal stýrt innan svæðis, sem er skilgreint sem tveir sammiðja hringir, þar sem ytri hringurinn er með 12,50 m radíus og innri hringurinn 5,30 m radíus.

6.3.2. Ysta punkti vélknúins ökutækis að framan skal stýrt meðfram útlínu ytri hringsins (sjá mynd 1 í H-þætti).

6.4. Með samþykki tækniþjónustunnar og gerðarviðurkenningaryfirvaldsins er hægt að sannprófa kröfur um stýrihæfni með tölvuhermun í samræmi við VIII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858. Í vafatilvikum getur tækniþjónustan eða gerðarviðurkenningaryfirvaldið krafist þess að raunveruleg allsherjarprófun verði framkvæmd.

7. Hámarksútsláttarradíus afturhorns

7.1. Ökutækið skal prófað í samræmi við prófunaraðferð við stöðugt ástand (e. steady-state test method) sem lýst er í lið 7.1.1. Ef ökutækið er búið tækjum eða búnaði sem dregur úr loftnúningsviðnámi, sem um getur í liðum 1.3.1.1, 1.3.1.2 og 1.3.1.3, skulu tækin og búnaðurinn vera útdregin og í notkunarstöðu.

7.1.1. Prófunaraðferð við stöðugt ástand

7.1.1.1. Ökutæki skal vera kyrrstætt og fremri stýrðu hjólin skulu snúa þannig að ef ökutækið hreyfist færi ysti punktur þess í hring með 12,50 m radíus.

Mynda skal lóðrétt plan, sem snertir þá hlið ökutækisins sem snýr út frá hringnum, með því að draga línu á jörðina.

Ökutækið skal færast áfram þannig að ysti punktur þess fylgi útlínu ytri hringsins sem hefur 12,50 m radíus.

7.2. Hámarksútsláttarradíus afturhorns skal ekki vera stærra en: (sjá mynd 3 í I-þætti)

a) 0,80 m,

b) 1,00 m ef ökutækið er með áslyftibúnaði og ásnum er lyft frá jörðu,

c) 1,00 m ef aftasti ásinn er stýriás.

7.3. Með samþykki tækniþjónustunnar og gerðarviðurkenningaryfirvaldsins má sannprófa kröfur um hámarks-útsláttarradíus afturhorns með tölvuhermun í samræmi við VIII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858. Í vafatilvikum getur tækniþjónustan eða gerðarviðurkenningaryfirvaldið krafist þess að raunveruleg allsherjarprófun verði framkvæmd.

E-þáttur

Ökutæki í flokki O

1. Leyfileg hámarksmál

1.1. Málin skulu ekki fara yfir eftirtalin gildi:

1.1.1. Lengd

a) Eftirvagn: 12,00 m, þ.m.t. dráttarbeisli,

b) Festivagn: 12,00 m, að viðbættri útskögun að framan.

1.1.2. Breidd

a) 2,55 m fyrir öll ökutæki,

b) 2,60 m að því er varðar ökutæki sem eru útbúin með yfirbyggingu með a.m.k. 45 mm þykkum, einangruðum veggjum og með kóða 04 eða 05 fyrir yfirbyggingar í 2. viðbæti við I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858.

1.1.3. Hæð: 4,00 m.

1.1.4. Tengiradíus festivagns að framan: 2,04 m.

1.2. Að því er varðar mælingu á lengd, breidd og hæð, skal ökutækið vera með eigin massa og tilbúið til aksturs, standa á jafnsléttu, með loft í hjólbörðum við þann þrýsting sem framleiðandi mælir með.

1.3. Mæling á lengd, hæð og tengiradíus að framan skal fara fram þar sem hleðsluflöturinn eða viðmiðunarflöturinn, sem um getur í lið 1.2.1 í annarri undirgrein 7. viðauka við reglugerð SÞ nr. 55, er láréttur.

Stillanleg dráttarbeisli skulu vera lárétt og samsíða miðlínu ökutækisins. Þau skulu stillt í lengstu lárétta stöðu.

1.4. Við ákvörðun á lengd, breidd og hæð skal ekki taka tillit til tækja og búnaðar sem um getur í F-þætti.

1.4.1. Viðbótarkröfur fyrir tæki sem draga úr loftnúningsviðnámi sem um getur í F-þætti

1.4.1.1. Tæki og búnaður, sem dregur úr loftnúningsviðnámi og er ekki lengri en 500 mm í notkunarstöðu, skal ekki auka nothæfa lengd hleðslurýmis. Slík tæki og búnaður skulu smíðuð á þann hátt að hægt sé að læsa þeim bæði þegar þau eru dregin inn eða felld saman og í notkunarstöðu. Enn fremur skal smíða slík tæki og búnað þannig að þau séu inndraganleg eða samfellanleg þegar ökutækið er kyrrstætt svo ekki sé farið yfir leyfilega hámarksbreidd ökutækisins um meira en 25 mm á hvorri hlið ökutækisins og leyfilega hámarkslengd ökutækisins um meira en 200 mm, sem er eingöngu leyfilegt þegar hæð frá jörðu er a.m.k. 1050 mm, þannig að þau rýri ekki getu ökutækisins til samþættra flutninga. Þar að auki skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í liðum 1.4.1.1.1 til 1.4.1.1.3.

1.4.1.1.1. Gerðarviðurkenna skal tækin og búnaðinn í samræmi við þessa reglugerð.

1.4.1.1.2. Notandinn skal geta breytt stöðu tækis og búnaðar, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, og dregið hann inn eða fellt saman með því að beita handafli sem skal ekki fara yfir 40 daN. Þar að auki má einnig vera hægt að gera það sjálfvirkt.

1.4.1.1.3. Þess er ekki krafist að tæki og búnaður séu inndraganleg eða samfellanleg ef kröfur um hámarksmál eru uppfylltar að fullu við öll skilyrði.

1.4.1.2. Tæki og búnaður, sem dregur úr loftnúningsviðnámi og er lengri en 500 mm í notkunarstöðu, skal ekki auka nothæfa lengd hleðslurýmis. Slík tæki og búnaður skulu smíðuð á þann hátt að hægt sé að læsa þeim bæði þegar þau eru dregin inn eða felld saman og í notkunarstöðu. Enn fremur skal smíða slík tæki og búnað þannig að þau séu inndraganleg eða samfellanleg þegar ökutækið er kyrrstætt svo ekki sé farið yfir leyfilega hámarksbreidd ökutækisins um meira en 25 mm á hvorri hlið ökutækisins og leyfilega hámarkslengd ökutækisins um meira en 200 mm, sem er eingöngu leyfilegt þegar hæð frá jörðu er a.m.k. 1050 mm, þannig að þau rýri ekki getu ökutækisins til samþættra flutninga. Þar að auki skal uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í liðum 1.4.1.2.1 til 1.4.1.2.4.

1.4.1.2.1. Gerðarviðurkenna skal tækin og búnaðinn í samræmi við þessa reglugerð.

1.4.1.2.2. Notandinn skal geta breytt stöðu tækis og búnaðar, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, og dregið hann inn eða fellt saman með því að beita handafli sem skal ekki fara yfir 40 daN. Þar að auki má einnig vera hægt að gera það sjálfvirkt.

1.4.1.2.3. Hver lóðréttur aðalhlutur eða sambland af hlutum og hver láréttur aðalhlutur eða sambland af hlutum, sem mynda tækin og búnaðinn, skulu, þegar þeim er komið fyrir á ökutækinu og eru í notkunarstöðu, þola 200 daN ± 10% lóðréttan og láréttan togkraft og ýtikraft, sem beitt er raðbundið upp, niður, til vinstri og til hægri og sem beitt er í kyrrstöðu á rúmfræðilega miðju á viðeigandi hornréttan framstæðan flöt með hámarksþrýstingnum 2,0 MPa. Tækin og búnaðurinn mega aflagast en stilli- og læsibúnaðurinn skal ekki losna fyrir tilverknað kraftsins sem er beitt. Takmarka skal aflögunina til að tryggja að leyfileg hámarksbreidd ökutækisins fari ekki yfir meira en 25 mm á hvorri hlið ökutækisins á meðan prófunin stendur yfir og eftir hana.

1.4.1.2.4. Hver lóðréttur aðalhlutur eða sambland af hlutum og hver láréttur aðalhlutur eða sambland af hlutum, sem mynda tækin og búnaðinn, skulu einnig, þegar þeir eru dregnir inn eða felldir saman, þola 200 daN ± 10% láréttan togkraft sem beitt er langsum aftur á bak og sem beitt er í kyrrstöðu á rúmfræðilega miðju á viðeigandi hornréttan framstæðan flöt með hámarksþrýstingnum 2,0 MPa. Tækin og búnaðurinn mega aflagast en stilli- og læsibúnaðurinn skal ekki losna fyrir tilverknað kraftsins sem er beitt. Takmarka skal aflögunina til að tryggja að leyfileg hámarksbreidd ökutækisins fari ekki yfir meira en 25 mm á hvorri hlið ökutækisins og hámarkslengd ökutækisins fari ekki yfir meira en 200 mm.

1.4.1.3. Tækniþjónustan skal sannprófa, þannig að gerðarviðurkenningaryfirvaldið telji það fullnægjandi, að tæki og búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi, bæði þegar hann er í notkunarstöðu og þegar hann er dreginn inn eða felldur saman, loki ekki alveg fyrir loftræstingu hleðslurýmis. Uppfylla skal að fullu allar aðrar gildandi kröfur um kerfi í ökutækjum, bæði þegar tækin og búnaðurinn er í notkunarstöðu og þegar hann er dreginn inn eða felldur saman.

Þrátt fyrir gildandi kröfur að því er varðar undirakstursvörn að aftan er hægt að mæla lárétta fjarlægð á milli afturhluta undirakstursvarnarbúnaðar að aftan og aftasta hluta ökutækisins, þegar það er búið tækjum og búnaði, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, án þess að taka tækin og búnaðinn með í reikninginn, að því gefnu að þau séu yfir 200 mm á lengd, að þau séu í notkunarham og að mikilvægir partar hlutanna, sem eru í $\leq 2{,}0$ m hæð frá jörðu þegar ökutækið er óhlaðið, séu gerðir úr smíðaefni með < 60 Shore A-hörku. Ekki skal taka mjóar stangir, leiðslur og málmvíra, sem mynda ramma eða undirlag til að styðja mikilvæga parta hlutanna, með í reikninginn við mat á hörku. Til að koma í veg fyrir hættu á áverkum og að þeir stingist inn í önnur ökutæki við árekstur skulu þó allir endar slíkra stanga, leiðslna og málmvíra ekki vísa aftur á bak á afturhluta ökutækisins, hvort sem tæki og búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi er dreginn inn eða felldur saman og í notkunarstöðu.

Í stað undanþágunnar sem um getur í undanfarandi málsgrein má mæla lárétta fjarlægð á milli afturhluta undirakstursvarnarbúnaðar að aftan og aftasta hluta ökutækisins, þegar það er búið tækjum og búnaði sem dregur úr loftnúningsviðnámi, án þess að taka tækin og búnaðinn, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, með í reikninginn, að því gefnu að slík tæki eða búnaður sé yfir 200 mm á lengd, sé í notkunarham og uppfylli þau ákvæði um prófanir sem sett eru fram í I-þætti.

Lárétt fjarlægð á milli afturhluta undirakstursvarnarbúnaðar að aftan og aftasta hluta ökutækisins skal þó mæld þegar tæki og búnaður, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, er dreginn inn eða felldur saman eða taka skal tillit til útstæðrar lengdar sem af hlýst, í samræmi við lið 1.6.1 í I-þætti, ef þessi lengd er meiri en þegar tæki og búnaður er dreginn inn eða felldur saman.

2. Dreifing massa að því er varðar ökutæki með yfirbyggingu

2.1. Reikningsaðferð

Táknun:

„M“		tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu,
„m_0“		tæknilega leyfilegur hámarksmassi á tengipunkti að framan,
„m_i“		tæknilega leyfilegur hámarksmassi á ás, sem er auðkenndur með „i“, þar sem „i“ er breytilegt frá 1 og upp í heildarfjölda ása ökutækisins,
„m_c“		tæknilega leyfilegur hámarksmassi á tengipunkti að aftan,
„μ_j“		tæknilega leyfilegur hámarksmassi á ásahóp, sem er auðkenndur með „j“, þar sem „j“ er breytilegt frá 1 og upp í heildarfjölda ásahópa.

2.1.1. Viðeigandi útreikningar skulu fara fram til að ganga úr skugga um hvort farið sé að kröfunum, sem settar eru fram í liðum 2.2 og 2.3, að því er varðar hverja tæknilega samskipan gerðarinnar.

2.1.2. Ef um er að ræða ökutæki með ás með hleðslufærslu skulu útreikningarnir, sem krafist er samkvæmt liðum 2.2 og 2.3, fara fram með fjöðrunina á ásunum með hleðslufærslunni í venjulegri notkunarsamskipan.

2.1.3. Ef um er að ræða ökutæki með lyftiásum skulu útreikningarnir, sem krafist er samkvæmt liðum 2.2 og 2.3, fara fram með ásana niðri.

2.2. Almennar kröfur

2.2.1. Samanlagður tæknilega leyfilegur hámarksmassi á tengipunkti að framan, að viðbættum tæknilega leyfilegum hámarksmassa á staka ása og/eða ásahóp eða ásahópa, ásamt tæknilega leyfilegum hámarksmassa á tengipunkti að aftan, skal ekki vera minni en tæknilega leyfilegur hámarksmassi ökutækis með hleðslu.

$$M \leq \Sigma [m_0 + m_i + m_c] \text{ eða } M \leq \Sigma [m_0 + \mu_j + m_c].$$

2.2.2. Að því er varðar hvern ásahóp, sem er auðkenndur með „j“, skal samanlagður massi m_i á ásunum ekki vera minni en massi μ_j.

Að auki skal hver massi m_i ekki vera minni en sá hluti μ_j sem hvílir á ás „i“, eins og ákvarðað er með dreifingu massa fyrir þann ásahóp.

2.3. Sértækar kröfur

2.3.1. Massi ökutækis, sem er tilbúið til aksturs, að viðbættum massa valfrjáls búnaðar ásamt tæknilega leyfilegum hámarksmassa á tengipunkti eða tengipunktum, skal ekki vera meiri en tæknilega leyfilegur hámarksmassi ökutækisins með hleðslu.

2.3.2. Ef ökutækið er með hleðslu, sem nemur tæknilega leyfilegum hámarksmassa með hleðslu, skal massinn, sem dreifist á stakan ás „i“, hvorki vera meiri en massi m_i á þeim ási né massinn μ_j á ásahópnum eða tæknilega leyfilegi hámarksmassinn á tengipunkti m_0.

2.3.3. Kröfurnar í lið 2.3.2 skulu uppfylltar með eftirfarandi samskipan hleðslu:

2.3.3.1. Jöfn dreifing farmmassa

Massi ökutækisins skal vera eigin massi þess þegar það er tilbúið til aksturs, að viðbættum massa valfrjálsa búnaðarins og farmmassanum, sem er dreift jafnt í farmrýminu.

2.3.3.2. Ójöfn dreifing farmmassa

Massi ökutækisins skal vera eigin massi þess þegar það er tilbúið til aksturs, að viðbættum massa valfrjálsa búnaðarins og farmmassanum, sem er staðsettur í samræmi við forskriftir framleiðanda.

Í þessum tilgangi skal framleiðandi gefa upp ystu leyfilegu staðsetningarmörk þungamiðju farmmassans og/eða yfirbyggingar og/eða búnaðar eða innréttinga (t.d. frá 0,50–1,30 m fyrir framan fyrsta afturásinn).

2.3.3.3. Samsetning jafnrar og ójafnrar dreifingar:

2.3.3.4. Uppfylla skal kröfurnar í liðum 2.3.3.1 og 2.3.3.2 samtímis.

2.3.4. Sértækar kröfur um dregin hjólhýsi

2.3.4.1. Lágmarksfarmmassi (PM) skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

$$PM \text{ í kg} \geq 10 (n + L)$$

Þar sem

„n“		er hámarksfjöldi legurúma og
„L“		er heildarlíkamslengd eins og skilgreint er í lið 6.1.2 í ISO-staðli 7237:1981.

3. Kröfur um stýrihæfni

3.1. Eftirvagnar og festivagnar skulu hannaðir þannig að þegar þeir eru tengdir við dráttarbifreið sé hægt að stýra vagnalestinni til beggja hliða í heilan 360° hringferil með tveimur sammiðja hringjum þar sem ytri hringurinn er með 12,50 m radíus og innri hringurinn 5,30 m radíus, án þess að hvorki ystu punktar dráttarbifreiðarinnar skagi út fyrir ytri hringinn né að ystu punktar eftirvagnsins eða festivagnsins skagi inn fyrir innri hringinn. Ef eftirvagninn eða festivagninn er búinn tækjum eða búnaði sem dregur úr loftnúningsviðnámi, sem um getur í lið 1.4.1.1 eða 1.4.1.2, skulu slík tæki og búnaður vera í notkunarstöðu og útdregin.

3.2. Festivagn sem er ekki búinn tækjum eða búnaði sem dregur úr loftnúningsviðnámi, sem um getur í lið 1.4.1.1 eða 1.4.1.2, telst uppfylla kröfurnar, sem eru settar fram í lið 3.1, ef viðmiðunarhjólhaf hans „RWB“ uppfyllir eftirfarandi kröfur:

$$RWB \leq [(12{,}50 - 2{,}04)^2 - (5{,}30 + ½W)^2]^{½}$$

þar sem:

„RWB“		er vegalengdin á milli áss tengipinna og miðlínu óstýrðu ásanna.
„W“		er breidd festivagnsins.

Þegar einn eða fleiri óstýrðir ásar eru með áslyftibúnað, skal taka tillit til viðmiðunarhjólhafs með ásinn niðri eða ásinn í upplyftri stöðu — hvort sem er lengra.

F-þáttur

Skrá yfir tæki og búnað sem ekki er krafist að tekið sé tillit til við ákvörðun á ystu málum

1. Með fyrirvara um viðbótartakmarkanirnar, sem kveðið er á um í eftirfarandi töflum, er þess ekki krafist að tekið sé mið af tækjunum og búnaðinum, sem skráð eru í töflum I, II og III, við ákvörðun og útreikning á ystu málum, þegar eftirfarandi kröfur eru uppfylltar:

a) þegar búnaður er settur upp að framan, að undanskildum tækjum og búnaði sem dregur úr loftnúningsviðnámi stýrishúsa, skal heildarútskögun slíkra tækja og búnaðar ekki vera meiri en 250 mm,

b) heildarútskögun tækja og búnaðar, sem er bætt við lengd ökutækis, að undanskildum tækjum og búnaði sem dregur úr loftnúningsviðnámi, skal ekki vera meiri en 750 mm,

c) heildarútskögun tækja og búnaðar, sem er bætt við breidd ökutækis, skal ekki vera meiri en 100 mm.

2. Kröfurnar, sem eru settar fram í a-, b- og c-lið 1. liðar, gilda ekki um búnað sem er ætlað að auka sjónsvið.

TAFLA I

Lengd ökutækis

Liður		Ökutækjaflokkar									
		M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
1.	Tæki til að auka sjónsvið, eins og skilgreint er í lið 2.1 í reglugerð SÞ nr. 46 (1)	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
2.	Þurrku- og sprautubúnaður	x	x	x	x	x	x				
3.	Ytri sólskyggni	—	—	—	—	x	x	—	—	—	—
4.	Varnarbúnaður að framan gerðarviðurkenndur í samræmi við þessa reglugerð	x			x						
5.	Stigaþrep og handföng	—	x	x	x	x	x	x	x	x	x
6.	Véltengi	x	x	x	x	x	x	—	—	—	—
7.	Viðbótartengi aftan við eftirvagn (þegar hægt er að losa það)	—	—	—	—	—	—	x	x	x	x
8.	Reiðhjólagrind (þegar hægt er að losa hana eða fella hana saman)	x			x	—	—	—	—	—	—

Liður		Ökutækjaflokkar									
		M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
9.	Lyftupallar, skábrautir eða tilheyrandi búnaður (þegar hann er ekki í notkun og skagar ekki meira út en sem nemur 300 mm), að því tilskildu að burðargeta ökutækis aukist ekki.	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
10.	Útsýnishjálpartæki og greiningartæki, þ.m.t. ratsjá.	—	x	x	—	x	x	x	x	x	x
11.	Fjaðrandi höggdeyfar og tilheyrandi búnaður	—	—	—	—	x	x	x	x	x	x
12.	Tollinnsiglibúnaður og verndun hans	—	—	—	x	x	x	x	x	x	x
13.	Búnaður til að festa yfirbreiðslu og verndun hans	x	—	—	x	x	x	x	x	x	x
14.	Lengdarlás fyrir lausa hluta	—	—	—	—	x	x	x	x	x	x
15.	Straumtrissuarmur í rafknúin ökutæki	—	—	x	—	—	—	—	—	—	—
16.	Merkiplötur að framan eða aftan	—	x	x	—	x	x	x	x	x	x
17.	Valfrjáls ljósker, eins og skilgreint er í 2. lið í reglugerð SÞ nr. 48 ([2]).	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
18.	Tæki og búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi	—	x	x	—	x	x	—	—	x	x
19.	Loftnet fyrir fjarskipti úr ökutæki í ökutæki eða úr ökutæki í grunnvirki	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x

([1]) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 46 — Samræmd ákvæði um viðurkenningu búnaðar til að auka sjónsvið og vélknúinna ökutækja að því er varðar uppsetningu þessa búnaðar (Stjtíð ESB L 237, 8.8.2014, bls. 24).

([2]) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 48 – Samræmd ákvæði um viðurkenningu ökutækja að því er varðar uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar [2016/1723] (Stjtíð. ESB L 14, 16.1.2019, bls. 42).

Tafla II

Breidd ökutækis

Liður		Ökutækjaflokkar									
		M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
1.	Tæki til að auka sjónsvið, eins og skilgreint er í lið 2.1 í reglugerð SÞ nr. 46	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x

Liður		Ökutækjaflokkar									
		M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
2.	Bunga á hjólbörðum við snertiflöt þeirra við yfirborð vegar	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
3.	Gaumbúnaður vegna bilunar í hjólbarða	—	—	x	x	x	x	x	x	x	x
4.	Þrýstimælir hjólbarða	—	—	x	x	x	x	x	x	x	x
5.	Hliðarljósker	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
6.	Ljósabúnaður										
	6.1. Breiddarljósker	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
	6.2. Hliðarendurskin	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
	6.3. Stefnuljósker	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
	6.4. Stöðuljósker að aftan	—	—	—	—	x	x	x	x	x	x
	6.5. Ljósabúnaður farþegadyra	—	x	x	—	—	—	—	—	—	—
7.	Skábrautir, lyftupallar og sambærilegur búnaður (þegar þau eru ekki í notkun og að því tilskildu að þau skagi ekki meira en 10 mm út frá hlið ökutækisins og að horn skábrautanna, sem snúa fram eða aftur, séu ávöl með radíus, sem er ekki undir 5 mm og þar að auki skulu brúnir vera rúnnaðar með radíus sem er ekki undir 2,5 mm).	—	x	x	—	x	x	x	x	x	x
8.	Inndraganlegur stefnubeinandi leiðsögubúnaður, sem er ætlaður til notkunar í hópbifreiðum með leiðsögukerfi, ef hann er ekki inndreginn.	—	—	x	—	—	—	—	—	—	—

Liður		Ökutækjaflokkar									
		M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
9.	Færanleg þrep, þegar þau eru útdregin og ökutækið kyrrstætt.	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
10.	Útsýnishjálpartæki og greiningartæki, þ.m.t. ratsjá.	—	x	x		x	x	x	x	x	x
11.	Tæki og búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi Breidd ökutækis, þ.m.t. loftkæld yfirbygging með einangruðum veggjum, skal ekki vera meiri en 2600 mm, þ.m.t. mældir útstæðir hlutar, þegar tækin og búnaðurinn er læstur, bæði þegar hann er dreginn inn eða felldur saman og í notkunarstöðu.	—	x	x	—	x	x	—	—	x	x
12.	Tollinnsiglibúnaður og verndun hans	—	—	—	x	x	x	x	x	x	x
13.	Búnaður til að festa yfirbreiðslu og verndun hans, sem skagar ekki lengra út en 20 mm þar sem hann er ekki meira en 2,0 m frá jörðu og ekki lengra en 50 mm þar sem hann er meira en 2,0 m frá jörðu. Brúnirnar skulu vera rúnnaðar með radíus sem er ekki undir 2,5 mm.	—	—	—	x	x	x	x	x	x	x
14.	Framstæðir, sveigjanlegir íhlutar hjól- og aurhlífakerfis sem um getur í þessari reglugerð.	—	—	—	—	x	x	—	—	x	x
15.	Sveigjanleg aurbretti sem falla ekki undir 14. lið.	—	x	x	x	x	x	x	x	x	x
16.	Snjókeðjur	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x

Liður		Ökutækjaflokkar									
		M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
17.	Öryggishandrið á ökutækjum til flutninga á ökutækjum. Á aðeins við um ökutæki, sem eru hönnuð og smíðuð til að flytja a.m.k. tvö önnur ökutæki og þar sem öryggishandrið eru meira en 2,0 m en ekki meira en 3,70 m frá jörðu og skaga ekki lengra en 50 mm út fyrir ystu hlið ökutækisins. Breidd ökutækisins skal ekki fara yfir 2650 mm.	—	—	—	—	x	x	—	—	x	x
18.	Loftnet fyrir fjarskipti úr ökutæki í ökutæki eða úr ökutæki í grunnvirki	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
19.	Sveigjanlegar slöngur kerfis til að vakta þrýsting í hjólbörðum, að því tilskildu að þær skagi ekki meira út en 70 mm á hvorri hlið frá breiðasta hluta ökutækisins						x			x	x

Tafla III

Hæð ökutækis

		M_1	M_2	M_3	N_1	N_2	N_3	O_1	O_2	O_3	O_4
1.	Loftnet fyrir útvarp, leiðsögn, fjarskipti úr ökutæki í ökutæki eða úr ökutæki í grunnvirki	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
2.	Straumsnertur eða straumtrissuarmar í uppréttri stöðu	—	—	x	—	—	x	—	—	—	—

G-þáttur

Heimiluð frávik frá gerðarviðurkenningu og samræmi framleiðslu

1. **Mál**

1.1. Heildarlengd, -breidd og -hæð skulu mældar í samræmi við lið 1.2 í B- til E-hluta.

1.2. Sé ekki farið yfir mörkin, sem tilgreind eru í lið 1.1 í B- til E-hluta þessa viðauka, mega raunveruleg mál ekki víkja meira en 3% frá þeim sem framleiðandinn gefur upp.

2. **Massi ökutækis, sem er tilbúið til aksturs, og raunmassi ökutækisins**

2.1. Massi ökutækis, sem er tilbúið til aksturs, skal fundinn út frá raunmassa með því að vigta ökutækið og draga frá massa valfrjáls búnaðar í ökutækinu. Vogin sem er notuð í þessum tilgangi skal uppfylla kröfur tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/31/ESB ([6]).

2.2. Massi ökutækis, sem er tilbúið til aksturs, sem ákvarðaður er í samræmi við kröfurnar í lið 2.1 má ekki víkja meira frá nafngildinu, sem gefið er upp í b-lið liðar 2.6 í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2020/683 eða í viðeigandi færslu í samræmisvottorðinu, en sem nemur:

a) 3%, að því er varðar leyfileg neðri og efri mörk frávika (= neikvæð og jákvæð frávik frá yfirlýstu gildi), að því er varðar ökutæki í flokkum M, N og O, að undanskildum ökutækjum til sérstakra nota,

b) 5%, að því er varðar leyfileg neðri og efri mörk frávika (= neikvæð og jákvæð frávik frá yfirlýstu gildi) að því er varðar ökutæki til sérstakra nota,

c) 5%, að því er varðar leyfileg efri og neðri mörk frávika (= neikvæð og jákvæð frávik frá yfirlýstu gildi), að því er varðar 3. og 4. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858.


3. Leyfilegu frávikin sem um getur í þessum þætti skulu gilda að því er varðar 3. og 4. mgr. 31. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858.

H-þáttur

Myndir varðandi kröfur um stýrihæfni

Mynd 1


Stýrihæfni — hringur r = 5,3 m R = 12,5 m




([6]) Stjtíð. ESB L 96, 29.3. 2014, bls. 107.

Mynd 2

Akstursprófunaraðferð fyrir ökutæki í flokkum M_2 og M_3




Mynd 2a: Útsláttarradíus afturhorns (ökutæki sem eru ekki liðskipt)
R = 12,5 m
r = 5,3 m
$U_{max} \leq 60$ cm



Mynd 2b: Útsláttarradíus afturhorns (liðskipt ökutæki)
R = 12,5 m
r = 5,3 m
$U_{max} \leq 60$ cm

Mynd 3

Prófunaraðferð við stöðugt ástand fyrir ökutæki í flokkum N_2 og N_3



I. þáttur

Árekstrarprófun tækja og búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi

1. Prófunarskilyrði fyrir tæki og búnað sem dregur úr loftnúningsviðnámi

1.1. Að beiðni framleiðanda skal prófunin gerð á einu af eftirfarandi:

1.1.1. ökutæki af þeirri gerð sem tæki og búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi er ætlaður fyrir,

1.1.2. hluta yfirbyggingar af þeirri gerð ökutækis sem tæki og búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi er ætlaður fyrir, og skal sá hluti vera dæmigerður fyrir gerð ökutækis eða gerðir ökutækja sem um er að ræða,

1.1.3. stífum vegg.

1.2. Ef prófunin fer fram eins og um getur í liðum 1.1.2 og 1.1.3 skulu hlutarnir, sem notaðir eru til að tengja tæki og búnað, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, við hluta yfirbyggingar ökutækis eða stífan vegg, vera jafngildir þeim sem eru notaðir þegar tækjum og búnaði sem dregur úr loftnúningsviðnámi er komið fyrir á ökutækinu. Með öllum búnaði skulu fylgja leiðbeiningar um uppsetningu og notkun með nægum upplýsingum svo þar til bær aðili geti sett hann rétt upp.

1.3. Að beiðni framleiðanda er heimilt að framkvæma prófunaraðferðina, sem lýst er í lið 1.5, með tölvuhermun í samræmi við VIII. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858.

Einungis skal fullgilda reiknilíkanið ef það er sambærilegt við raunveruleg prófunarskilyrði. Því skal framkvæma raunverulega prófun í þeim tilgangi að bera saman niðurstöður, sem fást þegar reiknilíkanið er notað, og niðurstöður raunverulegrar prófunar. Sýna skal fram á samanburðarhæfi niðurstaðna úr prófunum. Framleiðandinn skal semja fullgildingarskýrslu.

Fyrir sérhverja breytingu sem gerð er á reiknilíkani eða hugbúnaði, sem líklegt er að ógildi fullgildingarskýrsluna, er krafist nýs mats í samræmi við undanfarandi málsgrein.

1.4. Skilyrði fyrir framkvæmd prófana eða hermunar.

1.4.1. Ökutækið skal vera kyrrstætt og standa á láréttu, flötu, stífu og sléttu yfirborði.

1.4.2. Framhjólin skulu vísa beint áfram.

1.4.3. Loftþrýstingur í hjólbörðum skal vera eins og framleiðandi ökutækisins mælir með.

1.4.4. Ökutækið skal vera óhlaðið.

1.4.5. Heimilt er, ef nauðsyn krefur til að ná fram tilskildum prófunarkrafti sem kveðið er á um í lið 1.5.1.2, að festa ökutækið með hvaða aðferð sem er. Framleiðandi ökutækisins skal tilgreina þessa aðferð.

1.4.6. Ökutæki, sem eru búin vökvaloftfjöðrun, vökvafjöðrun eða loftknúinni fjöðrun eða sjálfvirkum hlass-hallastillingarbúnaði, skulu prófuð með fjöðrunina eða búnaðinn stilltan á venjulegt akstursástand sem framleiðandi tilgreinir.

1.5. Prófunaraðferð

1.5.1. Prófanirnar skulu framkvæmdar til að meta hvort tæki og búnaður, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, bjóði ákveðið stig aflögunar gegn krafti sem er beitt samhliða langási ökutækisins eins og um getur í lið 1.6.1. Hins vegar gæti búnaðurinn einnig fallið saman eða dregist inn við beitingu krafts. Sannprófa skal hvort kröfurnar, sem um getur í lið 1.6.2, séu uppfylltar með viðeigandi prófunarstöngum (e. *test mandrels*) að því er varðar árekstrarprófunina. Búnaðurinn, sem notaður er til að dreifa prófunarkraftinum yfir tilgreinda flata yfirborðið, skal vera tengdur við gangsetjara kraftsins með snúningslið. Ef um rúmfræðilegan ósamrýmanleika er að ræða er heimilt að nota millistykki í staðinn fyrir búnað með flötu yfirborði.


1.5.1.1. Beita skal krafti samhliða langási ökutækisins í gegnum flöt eða millistykki sem er ekki hærra en 250 mm og 200 mm breitt með 5 ± 1 mm krappageisla við lóðréttu brúnirnar. Yfirborðið skal ekki vera tryggileg fest við tæki og búnað, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, og skal vera liðtengt í allar áttir. Þegar prófunin er framkvæmd á ökutæki, eins og um getur í lið 1.1.1, skal framleiðandinn tilgreina hæð neðri brúnar yfirborðsins eða millistykkisins fyrir svæði á milli neðstu brúnar tækis og búnaðar, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, og punkts efri brúnar yfirborðsins eða millistykkisins sem er ekki meira en 2,0 m frá jörðu þegar það er uppsett á ökutækið (sjá mynd 1). Tilgreina skal þennan punkt á ökutæki með hleðslu með tæknilega leyfilegan hámarksmassa með hleðslu.

Þegar prófunin er framkvæmd á hluta yfirbyggingar á gerð ökutækis, eins og um getur í lið 1.1.2, eða á stífum vegg, eins og um getur í lið 1.1.3, skal framleiðandinn tilgreina hæð miðju flatarins eða millistykkisins fyrir svæði á milli neðstu brúnar tækis og búnaðar, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, og punktsins sem samsvarar hæð sem er ekki meiri en 2,0 m frá jörðu þegar hann er uppsettur á ökutæki með hleðslu með tæknilega leyfilegan hámarksmassa með hleðslu (sjá mynd 2).

Framleiðandinn skal tilgreina nákvæma staðsetningu miðju flatarins eða millistykkisins á svæðinu sem kraftinum er beitt á. Ef tæki og búnaður, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, hefur mismunandi stífni á svæðinu sem kraftinum er beitt á (t.d. vegna styrkinga, mismunandi smíðaefna eða þykktar o.s.frv.) skal miðja flatarins eða millistykkisins vera staðsett á því svæði sem hefur hæsta viðnámið gegn ytri kröftum í lengdarstefnu ökutækisins.


Mynd 1

Hæð prófunarpunkts



Mynd 2


Dæmi um uppsetningu á prófun



1.5.1.1.1. Beita skal láréttum krafti að hámarki 4000 N ± 400 N að tveimur punktum í samfelldri röð sem eru staðsettir samhverft umhverfis miðlínu ökutækisins eða tækisins á öftustu ytri brún tækisins og búnaðarins, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, þegar þau eru alveg útrétt eða í notkunarstöðu (sjá mynd 3). Framleiðandinn getur tilgreint í hvaða röð skuli beita kraftinum.

Mynd 3

Beiting krafts



1.6. Kröfur

1.6.1. Tæki og búnaður sem dregur úr loftnúningsviðnámi skal vera settur upp þannig, á meðan prófunarkrafti er beitt eins og um getur í lið 1.5.1.2, að hann aflagast, dregst inn eða fellur saman sem leiðir til útstæðrar lengdar ≤ 200 mm sem er mæld í láréttri lengdarstefnu við punktana sem kraftinum er beitt á. Skrá skal útstæðu lengdina sem af hlýst.

1.6.2. Tækið og búnaðurinn sem dregur úr loftnúningsviðnámi skal ekki stofna farþegum annarra ökutækja í hættu við árekstur aftan frá og skal ekki hafa neikvæð áhrif á virkni undirakstursvarnarbúnaðar að aftan.

J-þáttur

Þrívítt ysta byrði fyrir stýrishúss

1. Almenn aðferð til að hafa eftirlit með samræmi vélknúinna ökutækja við mæliþætti að því er varðar þrívítt ysta byrði stýrishúss

1.1. Lóðrétt mörk matssvæðis fyrir stýrishús vélknúins ökutækis

1.1.1. Hámarksbreidd ökutækisins við stýrishúsið W_c skal mæld fyrir framan lóðrétta þverplanið við framás vélknúna ökutækisins. Ekki skal taka tillit til atriðanna, sem tilgreind eru í F-þætti, að því er varðar þessa mælingu.

1.1.2. Ákvarða skal matssvæði fyrir stýrishús vélknúna ökutækisins svo það samsvari hámarksbreidd W_c. Svæðið skal vera afmarkað af lóðréttum lengdarplönum sem eru samsíða lengdarmiðjuplani vélknúna ökutækisins og fjarlægðin á milli þeirra samsvarar W_c.


1.1.3. Mæla skal láréttu lengdarfjarlægðina L_t frá fremsta punkti stýrishúss vélknúna ökutækisins við ≤ 2000 mm hæð frá jörðu þegar ökutækið er óhlaðið.

Fjarlægðin L_t skal vera 200 mm að því er varðar þetta mat (sjá mynd 1).

Bakhlið matssvæðisins skal vera afmörkuð af lóðréttu þverplani, í lóðlínu á lengdarmiðjuplan vélknúna ökutækisins, sem er staðsett fyrir aftan framangreindan fremsta punkt, með fjarlægð sem samsvarar L_t.

Mynd 1


Þrívítt ysta byrði



1.1.4. Nota skal skurðpunktana á planinu að aftan, sem mynda hlið matssvæðisins, með báðum línunum sem liggja skáhallt, línum T_{left} og T_{right}, að því er varðar lið 1.3.3.2 (sjá mynd 2).

Mynd 2

Þrívítt ysta byrði



1.2. Lárétt mörk matssvæðis fyrir stýrishús vélknúins ökutækis

1.2.1. Á matssvæðinu skal markalínan fyrir neðri hluta framendans vera við jörðu og markalínan fyrir efri hluta framendans skal vera 2000 mm frá jörðu, mælt þegar ökutækið er óhlaðið.

1.3. Sértæk ákvæði um matssvæði fyrir stýrishús vélknúins ökutækis

1.3.1. Að því er þennan þátt varðar gildir framendinn á stýrishúsi vélknúna ökutækisins, óháð tegund smíðaefnis. Ekki skal þó taka tillit til atriðanna sem tilgreind eru í F-þætti.

1.3.2. Halli framan á stýrishúsinu

1.3.2.1. Að því er varðar þennan þátt skal „halli“ teljast vera afturhalli á framendanum á stýrishúsi vélknúna ökutækisins að því er varðar lóðréttu línuna, þar sem allir punktar fyrir ofan annan punkt eru fyrir aftan þann punkt.


1.3.2.2. Nota skal fremsta punkt stýrishúss vélknúna ökutækinu, eins og um getur í lið 1.1.3, að því er varðar matssvæðið fyrir hallann.

Nota skal lóðrétta þverplanið í gegnum fremsta punkt stýrishússins við ≤ 2000 mm hæð frá jörðu þegar ökutækið er óhlaðið með skurðarpunkti þess við lárétta planið sem er staðsett í 1000 mm hæð. Línan sem skerst skal notuð sem grunnlínan fyrir ysta byrðið við mat á hallanum á stýrishúsi ökutækisins á viðkomandi matssvæði.

1.3.2.3. Mæla skal planið sem snýst umhverfis grunnlínuna fyrir ysta byrðið, sem um getur í annarri málsgrein í lið 1.3.2.2, og hallar aftur á bak frá lóðrétta planinu um 3º (sjá mynd 3).

Mynd 3

Halli



1.3.2.4. Enginn punktur á raunverulegu yfirborði framendans, sem er staðsettur á matsvæðinu fyrir hallann, skal liggja fyrir framan planið sem hallar aftur á bak, sem um getur í lið 1.3.2.3, þegar fremsti punktur stýrishússins á vélknúna ökutækinu snertir lóðrétta þverplanið.

1.3.3. Uppmjóar hliðar stýrishúss vélknúna ökutækisins.

1.3.3.1. Á matssvæðinu fyrir stýrishús vélknúna ökutækisins skal framendinn mjókka þannig að viðkomandi nafnyfirborð beinist yfirleitt í átt að sameiginlegu svæði sem liggur fyrir framan stýrishúsið og á lengdarmiðjuplani vélknúna ökutækisins.

1.3.3.2. Taka skal tillit til tveggja samhverfra lóðréttra plana, annað á vinstri hlið og hitt á hægri hlið, sem bæði eru með 20° lárétt horn við lengdarmiðjuplanið og því eru 40° á milli þeirra. Þessi plön eru staðsett þannig að þau skera einnig línur T_{left} og T_{right} sem um getur í lið 1.1.4.

1.3.3.3. Enginn punktur á raunverulegu yfirborði framendans, sem er staðsettur á vinstra og hægra ytra svæðinu, skal liggja utan við viðkomandi lóðrétt plan, sem um getur í lið 1.3.3.2, þegar fremsti punktur stýrishússins á vélknúna ökutækinu snertir lóðrétta þverplanið sem um getur í lið 1.3.2.4.

2. Ef einhver af skilyrðunum, sem sett eru fram í þessum þætti, eru ekki uppfyllt skal litið svo á að stýrishús vélknúna ökutækisins samrýmist ekki mæliþáttum þrívíða ysta byrðisins eins og um getur í lið 1.4.1 í D-þætti.

K-þáttur

Klifurgeta torfærutækja

1. Almenn ákvæði

1.1. Í þessum þætti er mælt fyrir um tæknilegar kröfur í þeim tilgangi að sannprófa klifurgetu ökutækis til þess að flokka það sem torfærutæki í samræmi við 5. lið í 1. viðbæti við I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858.

1.2. Tækniþjónustan skal sannprófa hvort fullbúið ökutæki eða fullbúið ökutæki í áföngum eða dráttareining fyrir festivagn teljist vera torfærutæki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858.

1.3. Að því er varðar ófullbúin ökutæki skal þessi sannprófun aðeins fara fram samkvæmt beiðni framleiðanda.

2. Prófunarskilyrði

2.1. Ástand ökutækis

2.1.1. Ökutækið skal stillt fyrir þau skilyrði sem framleiðandinn mælir með og útbúið þeim búnaði sem um getur í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2020/683.

2.1.2. Stillingar á hemlum, tengsli (eða sambærilegum búnaði), hreyfli og gírkassa skulu vera í samræmi við tilmæli framleiðanda að því er varðar notkun utan venjulegra vega.

2.1.3. Nota skal þá hjólbarða sem mælt er með til aksturs utan vega. Þeir skulu hafa mynstursdýpt sem er a.m.k. 90% af mynstursdýpt nýrra hjólbarða. Þrýstingur í hjólbörðum skal aðlagaður að því gildi sem hjólbarðaframleiðandinn mælir með.

2.1.4. Hleðsla ökutækis skal vera sem nemur tæknilega leyfilegum hámarksmassa þess með hleðslu þar sem dreifing hleðslu er í réttu hlutfalli við dreifingu hámarksmassa á ásunum sem framleiðandinn gefur upp.

Sem dæmi skal prófa ökutæki, sem er 7,5 tonn að þyngd og hefur 4 tonna hámarksmassa á fremri ás og 6 tonna hámarksmassa á aftari ás, með 3 tonna massa (40%) á fremri ásnum og 4,5 tonna (60%) massa á aftari ásnum.

2.2. Skilyrði á prófunarbraut

2.2.1. Yfirborð prófunarbrautarinnar skal vera þurrt, gert úr asfalti eða steypu.

2.2.2. Hallinn skal sýna stöðugt hlutfall sem nemur 25% með + 3% vikmörkum ($\theta = 14$ gráður).

2.2.3. Í samráði við framleiðandann má framkvæma prófunina í halla sem er meiri en 25%. Prófunin skal fara fram með hámarksmassa sem er minnkaður með tilliti til prófunarskilyrðanna.

2.3. Tilkynna skal um þessi skilyrði.

2.3.1. Yfirborð brautarinnar skal hafa góðan veggripsstuðul.

Skrikstuðull (SRI-stuðull) yfirborðsins skal mældur í samræmi við staðal Staðlasamtaka Evrópu CEN/TS 13036-2: 2010 Road and airfield surface characteristics - Test methods - Part 2: Assessment of the skid resistance of a road pavement surface by use of dynamic measuring systems. (*Eiginleikar yfirborðs vega og flugvalla – prófunaraðferðir – 2. hluti: mat á skrikmótstöðu vegaklæðningar skal fara fram með notkun sívirks mælikerfis*).

Tilkynna skal meðalgildi SRI-stuðulsins.

3. Prófunaraðferð

3.1. Ökutækið skal fyrst staðsett á láréttum fleti.

3.2. Drifhamur ökutækis skal stilltur til notkunar utan vega. Sá gír eða þeir gírar sem eru tengdir skulu tryggja jafnan hraða.

3.3. Ákvæði 5. og 6. liðar í 1. viðbæti við I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858 gilda.

L-þáttur

Skilyrði fyrir viðurkenningu á því að fjöðrun sé jafngild loftfjöðrun

1. Í þessum þætti er mælt fyrir um tæknileg skilyrði sem varða jafngildi fjöðrunar og loftfjöðrunar fyrir drifás eða drifása.

2. Til þess að fjöðrun verði viðurkennd sem jafngild loftfjöðrun skal hún uppfylla eftirfarandi kröfur:

Mæld sveiflutíðni og deyfing skulu, við óhindraðar, lóðréttar lágtíðnihöggsveiflur fjaðrandi massans ofan á drifási eða ásahópi með hámarksálag á fjöðruninni, vera innan markanna sem eru skilgreind í liðum 2.3 til 2.6.

2.1. Á hverjum ási skulu vera vökvasveifludeyfar. Deyfar á ásahópum skulu þannig staðsettir að þeir sveiflist sem minnst.

2.2. Meðaldeyfihlutfallið Dm skal vera meira en 20% af markdeyfingu fjöðrunarinnar við venjuleg skilyrði með vökvasveifludeyfa uppsetta og virka.

2.3. Deyfihlutfall fjöðrunarinnar Dr, þegar allir vökvasveifludeyfar hafa verið fjarlægðir eða gerðir óvirkir, skal ekki vera meira en 50% af meðaldeyfihlutfallinu.

2.4. Sveiflutíðni fjaðrandi massans ofan á drifási eða ásahópi með óhindruðum, lóðréttum höggsveiflum skal ekki vera hærri en 2,0 Hz.

2.5. Mæla skal fyrir um prófunaraðferðir til að mæla tíðni og deyfingu í 3. lið.

3. Prófunaraðferð

3.1. Tíðni og deyfing

3.1.1. Óhindruð sveifla fjaðrandi massans skal gefin upp með eftirfarandi jöfnu:

$$M\frac{d^2Z}{dt^2} + C\frac{dZ}{dt} + KZ = O$$

Þar sem

„M“ er fjaðrandi massi (kg),

„Z“ er lóðrétt tilfærsla fjaðrandi massa (m)

„C“ er samanlagður deyfingarstuðull njútons á sekúndu á metra (N.s/m) og

„K“ er lóðrétt heildarstífni gagnvart vegaryfirborði og fjaðrandi massa (njúton/metra, N/m).

3.1.2. Sveiflutíðni („F“ í Hz) fjaðrandi massans skal gefin upp með eftirfarandi jöfnu:

$$F = \frac{1}{2\pi}\sqrt{\frac{K}{M} - \frac{C^2}{4M^2}}$$

3.1.3. Markdeyfing er þegar C = Co,

þar sem:

$$Co = 2\sqrt{KM}$$

Deyfihlutfallið, sett fram sem brot af markdeyfingu, er C/Co.

3.1.4. Við óhindraðar höggsveiflur fjaðrandi massans fylgir lóðrétt hreyfing massans deyfðum sínusferli (mynd 2). Hægt er að ákvarða tíðnina með því að mæla tímann á sveifluferli þeirra sveiflna sem koma fram. Deyfinguna er hægt að ákvarða með því að mæla toppgildi sveiflna, hverrar á fætur annarri, í sömu stefnu.

3.1.5. Ef stærð sveiflna í fyrsta og öðru sveifluferli kallast A_1 og A_2, er deyfihlutfallið D gefið upp með eftirfarandi jöfnu:

$$D = \frac{C}{Co} = \frac{1}{2\pi} = \ln \frac{A_1}{A_2}$$

þar sem „ln“ er náttúrulegur logri af hlutfalli sveifluvíddar.

3.2. Prófunaraðferð

Þegar ákvarða skal deyfihlutfallið Dm með prófun, þ.e.a.s. deyfihlutfallið Dr, án vökvasveifludeyfa, og tíðni F fjöðrunarinnar skal ökutækinu með hleðslu:

a) ekið á hægri ferð (5 km/klst. ± 1 km/klst.) yfir 80 mm hátt þrep, eins og sýnt er á þversniðsteikningunni á mynd 1; höggsveiflurnar, sem á að greina, að því er varðar tíðni og deyfingu, koma fram þegar hjól drifássins eru komin niður af þrepinu,

b) þrýst niður með átaki á undirvagninn svo álagið á drifásinn sé 1,5 sinnum hámarksstöðugildi hans; þrýstingnum á ökutækinu er svo skyndilega aflétt og sveiflurnar, sem koma fram, eru greindar,

c) ýtt upp með átaki á undirvagninn svo fjaðrandi massinn lyftist 80 mm yfir drifásinn; þrýstingnum á ökutækinu, sem er haldið uppi, er skyndilega aflétt og sveiflurnar sem koma fram eru greindar,

d) látið sæta annars konar aðferðum, ef framleiðandinn hefur sýnt fram á og tækniþjónustan samþykkt, að þær séu jafngildar.

3.3. Prófunarbúnaður ökutækis og hleðsluskilyrði

3.3.1. Ökutækið skal útbúið með boðbreyti til að mæla lóðrétta tilfærslu og skal honum komið fyrir milli drifássins og undirvagnsins, beint fyrir ofan drifásinn. Af ferlinum er hægt að mæla tímamismuninn milli toppgildis fyrstu og annarrar samþjöppunar til að finna út deyfinguna.


Þegar um er að ræða tvöfalda ásahópa skulu boðbreytar, sem eru notaðir til að mæla lóðrétta tilfærslu, hafðir á milli hvors drifáss um sig og undirvagnsins beint fyrir ofan hann.

3.3.2. Dæla skal lofti í hjólbarða uns réttum þrýstingi er náð sem framleiðandi mælir með.

3.3.3. Sannprófun á jafngildi fjöðrunar skal gerð með tæknilega leyfilegum hámarksmassa á ás eða ásahópi og gengið út frá því að jafngildið gildi fyrir alla minni massa.


Mynd 1

Þrep fyrir fjöðrunarprófanir



Mynd 2

Virkni deyfingar á höggsveiflum



M-þáttur

Tækniforskriftir um uppsetningu lyftiása eða ása með hleðslufærslu í ökutækjum

1. Sé ökutæki búið lyftiás eða lyftiásum með hleðslufærslu skal ganga úr skugga um að við venjuleg akstursskilyrði sé ekki farið yfir leyfilega hámarksmassa á staka ása eða ásahópa við skráningu/upphaf notkunar. Í því augnamiði skal lyftiásinn eða lyftiásarnir með hleðslufærslu síga sjálfvirkt niður á jörðina eða hlaðast sjálfvirkt ef næsti ás eða ásar í hópnum eða framás eða framásar vélknúna ökutækisins eru hlaðnir að leyfilegum hámarksmassa eða -mössum við skráningu/upphaf notkunar.

Sé lyftiás í upplyftri stöðu skal tryggja að massinn á stýriásnum eða stýriásunum sé áfram nægur til að tryggja öruggan akstur ökutækisins við allar aðstæður. Í þeim tilgangi skal framleiðandi ökutækis tilgreina lágmarksmassa á stýriás eða stýriása, ef um er að ræða ófullbúin ökutæki.

2. Allur áslyftibúnaður, sem settur er á ökutæki, svo og stjórnbúnaður hans, skal hannaður og settur upp þannig að hann sé varinn gegn hvers konar misnotkun eða fikti.

3. Kröfur sem fullnægja skal þegar ökutæki eru látin taka af stað á hálu yfirborði og til að bæta stýrihæfni þeirra

3.1. Þrátt fyrir kröfurnar í 1. lið og til þess að auðveldara verði að láta vélknúin ökutæki eða samtengd ökutæki taka af stað á hálu yfirborði og til að auka veggrip hjólbarða á hálu yfirborði, ásamt því að bæta stýrihæfni þeirra, er heimilt að áslyftibúnaðurinn verki einnig á lyftiás eða lyftiásа með hleðslufærslu vélknúins ökutækis eða festivagns til þess að auka eða minnka massa drifáss vélknúna ökutækisins, að uppfylltum eftirtöldum skilyrðum:

a) massinn, sem svarar til álagsins á hvern ás ökutækisins, má ekki vera meiri en leyfilegur hámarksmassi á ás, sem er í gildi í aðildarríkinu og nemur allt að 30%, að því tilskildu að hann sé ekki meiri en gildið sem framleiðandi gefur upp til þessara sérstöku nota,

b) massinn sem svarar til þess álags sem verður eftir á framásnum eða framásunum skal ávallt vera meiri en núll (þ.e. ef um er að ræða afturás með hleðslufærslu og langa útskögun að aftan má ökutækið ekki sporðreisast),

c) aðeins skal virkja lyftiásinn eða lyftiásana með hleðslufærslu með sérstökum stjórnbúnaði,

d) þegar vélknúna ökutækið er farið af stað og áður en hraði þess er orðinn meiri en 30 km/klst. skal ásinn eða ásarnir síga sjálfvirkt aftur til jarðar eða hlaðast aftur.

3. HLUTI

A-þáttur

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ (ÖKUTÆKJAKERFI)

Tilkynning um *veitingu*/*rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* ([7]) á gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis að því er varðar mál og massa þess í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í XIII. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/535, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. …/…

Númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins:

Ástæða fyrir rýmkun/synjun/afturköllun ([7]):

I. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við I. þátt sniðmáts fyrirmyndar B í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

II. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við II. þátt sniðmáts fyrirmyndar B í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

Viðbót

við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð númer …

1. Viðbótarupplýsingar:

1.1. Ökutækið hefur fengið gerðarviðurkenningu í samræmi við 3. eða 4. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2020/… *[Vinsamlegast færið inn tilvísun í þessa reglugerð]* (þ.e. ystu mál ökutækisins eru umfram hámarksmálin sem eru tilgreind í B-, C-, D- eða E-þætti 3. hluta): já/nei ([7])

1.2. Ökutækið hefur fengið gerðarviðurkenningu að því er varðar 8. gr. b í tilskipun 96/53/EB (þ.e. tæki eða búnaður, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, á afturhluta ökutækisins): já/nei ([7])

1.3. Ökutækið hefur fengið gerðarviðurkenningu að því er varðar 9. gr. a í tilskipun 96/53/EB (þ.e. framlengt stýrishús eða stýrishús sem er útbúið tækjum eða búnaði sem dregur úr loftnúningsviðnámi): já/nei ([7])

1.4. Ökutækið hefur fengið gerðarviðurkenningu að því er varðar 10. gr. b í tilskipun 96/53/EB:

1.4.1. Viðbótarþyngd ökutækja sem eru knúin óhefðbundnu eldsneyti: já/nei ([7])

1.4.2. Viðbótarþyngd ökutækja með engri losun: já/nei ([7])

2. Ökutækið er með loftfjöðrun: já/nei ([7])

3. Ökutækið er með fjöðrun sem er viðurkennd sem jafngild loftfjöðrun: já/nei ([7])

4. Ökutækið uppfyllir kröfur um torfærutæki: já/nei ([7])

5. Athugasemdir:

([7]) Strika skal yfir það sem á ekki við.

B-þáttur

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ (AÐSKILIN TÆKNIEINING)

Tilkynning um *veitingu*/*rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* ([8]) á gerðarviðurkenningu gerðar tækis eða búnaðar sem dregur úr loftnúningsviðnámi sem aðskilda tæknieiningu í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í XIII. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/535, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. …/…

Númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins:

Ástæða fyrir *rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* ([8]):

I. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við I. þátt sniðmáts fyrirmyndar C í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

II. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við II. þátt sniðmáts fyrirmyndar C í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

Viðbót

við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð númer …

1. Stutt lýsing á gerð aðskilinnar tæknieiningar:

2. Ítarleg lýsing á tækinu eða búnaðinum sem dregur úr loftnúningsviðnámi:

2.1. Fjöldi aðskilinna atriða:

2.2. Lýsing á smíði og smíðaefnum:

2.3. Lýsing á læsi- og stillibúnaði:

2.4. Lýsing á festingu og uppsetningu á ökutækið:

2.5. Aðskilin tæknieining: almenn að hluta/fyrir tiltekna gerð ökutækis ([8])

3. Skrá yfir tilteknar gerðir ökutækja sem aðskilda tæknieiningin hefur verið viðurkennd fyrir (ef við á):

4. Ítarleg lýsing á tilteknum forskriftum varðandi staði til uppsetningar á ökutækjum ef um er að ræða tæki eða búnað, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, sem er almennur að hluta (ef við á):

5. Athugasemdir:

6. Gerðarviðurkenningarmerki og staðsetning þess:

([8]) Strika skal yfir það sem á ekki við.

C-þáttur

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARMERKI AÐSKILINNAR TÆKNIEININGAR FYRIR TÆKI EÐA BÚNAÐ SEM DREGUR ÚR LOFTNÚNINGSVIÐNÁMI

1. ESB-gerðarviðurkenningarmerki aðskilinnar tæknieiningar skal samanstanda af:

1.1. Rétthyrningi utan um lágstafinn „e“ en á eftir honum kemur auðkennisnúmer aðildarríkisins sem veitti aðskilinni tæknieiningu ESB-gerðarviðurkenningu:

1	fyrir Þýskaland
2	fyrir Frakkland
3	fyrir Ítalíu
4	fyrir Holland
5	fyrir Svíþjóð
6	fyrir Belgíu
7	fyrir Ungverjaland
8	fyrir Tékkland
9	fyrir Spán
12	fyrir Austurríki
13	fyrir Lúxemborg
17	fyrir Finnland
18	fyrir Danmörku
19	fyrir Rúmeníu

20	fyrir Pólland
21	fyrir Portúgal
23	fyrir Grikkland
24	fyrir Írland
25	fyrir Króatíu
26	fyrir Slóveníu
27	fyrir Slóvakíu
29	fyrir Eistland
32	fyrir Lettland
34	fyrir Búlgaríu
36	fyrir Litáen
49	fyrir Kýpur
50	fyrir Möltu

1.2. Nálægt rétthyrningnum er „grunnviðurkenningarnúmer“ sem er að finna í 4. hluta gerðarviðurkenningarnúmersins og þar fyrir framan eru tölustafirnir tveir sem gefa til kynna raðnúmer þessarar reglugerðar eða síðustu meiriháttar tæknibreytingar á henni. Eins og sakir standa er raðnúmerið „00“.

1.3. Ef um er að ræða tæki eða búnað, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, á stýrishúsum skal táknið “Í SAMRÆMI VIÐ 9. GR. A Í TILSKIPUN 96/53/EB” koma á undan raðnúmerinu.


1.4. Ef um er að ræða tæki eða búnað, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, sem er ætlað fyrir afturhluta ökutækis skal táknið “Í SAMRÆMI VIÐ 8. GR. B Í TILSKIPUN 96/53/EB” koma á undan raðnúmerinu.

2. ESB-gerðarviðurkenningarmerki aðskilinnar tæknieiningar skal fest á meginhluta tækisins eða búnaðarins, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, með þeim hætti að það sé óafmáanlegt, skýrt og auðlæsilegt, jafnvel þótt búnaðurinn hafi verið settur á ökutæki.

3. Dæmi um ESB-gerðarviðurkenningarmerki aðskilinnar tæknieiningar er sýnt á mynd 1.

Mynd 1

Dæmi um ESB-gerðarviðurkenningarmerki aðskilinnar tæknieiningar



Skýring:

ESB-gerðarviðurkenning aðskilinnar tæknieiningar sem er tæki eða búnaður, sem dregur úr loftnúningsviðnámi, sem koma skal fyrir á afturhluta ökutækis (að því er varðar samræmi við grein 8. gr. b í tilskipun 96/53/EB), var gefin út í Rúmeníu með númerinu 00046. Fyrstu tveir tölustafirnir „00“ gefa til kynna að þessi aðskilda tæknieining var viðurkennd í samræmi við þessa reglugerð.

———

XIV. VIÐAUKI

EFNISSAMHÆFI OG ÁFYLLINGARMÓTSTYKKI VETNISKERFIS

1. HLUTI

A-þáttur

Upplýsingaskjal um ESB-gerðarviðurkenningu ökutækis að því er varðar vetniskerfi þess

FYRIRMYND

Upplýsingaskjal nr. ... um ESB-gerðarviðurkenningu ökutækis að því er varðar vetniskerfi þess.

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti. Teikningar eða myndir, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

0.

0.1.

0.2.

0.2.1.

0.3.

0.3.1.

0.4.

0.5.

0.8.

0.9.

1.

1.1.

1.3.3.

1.4.

3.

3.9.

3.9.1.

3.9.1.1.

3.9.1.2.

3.9.1.3.

3.9.1.4.

3.9.6.

3.9.6.1.

3.9.6.2.

3.9.7.

3.9.7.1.

3.9.7.2.

3.9.8.

Skýring:

Þetta upplýsingaskjal er byggt á sniðmátinu sem mælt er fyrir um í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 og skal útfyllt með viðeigandi upplýsingum undir liðunum sem eru skráðir hér að framan, eins og skilgreint er í því sniðmáti.

B-þáttur

Upplýsingaskjal um ESB-gerðarviðurkenningu vetnisíhluta

FYRIRMYND

Upplýsingaskjal nr. ... um ESB-gerðarviðurkenningu ökutækis að því er varðar vetniskerfi þess.

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þríriti og með efnisyfirliti. Teikningar eða myndir, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

0.

0.1.

0.2.

0.2.1.

0.5.

0.8.

0.9.

3.

3.9.

3.9.1.

3.9.1.1.

3.9.1.2.

3.9.1.3.

3.9.2.

3.9.2.1.

3.9.2.2.

3.9.2.3.

3.9.2.4.

3.9.2.5.

3.9.2.6.

3.9.2.7.

3.9.2.8.

3.9.3.

3.9.3.1.

3.9.3.2.

3.9.3.3.

3.9.3.4.

3.9.3.5.

3.9.3.6.

3.9.3.7.

3.9.3.8.

3.9.3.9.

3.9.3.10.

3.9.3.11.

3.9.4.

3.9.4.1.

3.9.4.2.

3.9.4.3.

3.9.4.4.

3.9.4.5.

3.9.4.6.

3.9.4.7.

3.9.5.

3.9.5.1.

3.9.5.2.

3.9.5.3.

3.9.5.4.

3.9.5.5.

3.9.5.6.

3.9.5.7.

Skýringar:

Þetta upplýsingaskjal er byggt á sniðmátinu sem mælt er fyrir um í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683 og skal útfyllt með viðeigandi upplýsingum undir liðunum sem eru skráðir hér að framan, eins og skilgreint er í því sniðmáti.

2. HLUTI

A-þáttur

1. Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1.1. „*sprengidiskur*“: sá hluti þrýstiloka sem ekki lokast aftur og er hannaður til að springa við fyrirframákveðinn þrýsting til að hægt sé að sleppa þjöppuðu vetni, þegar hann er uppsettur í búnaðinum,

1.2. „*einstefnuloki*“: einstefnuloki sem kemur í veg fyrir bakrennsli í eldsneytisleiðslu ökutækis,

1.3. „*geymslukerfi fyrir þjappað vetni (CHSS)*“: kerfi sem hannað er til að geyma vetniseldsneyti í vetnisknúnu ökutæki og samanstendur af þrýstihylki, þrýstilokum og lokunarbúnaði sem einangra geymda vetnið frá öðrum hlutum eldsneytiskerfisins og umhverfi þess,

1.4. „*geymir*“ (fyrir vetnisgeymslu): íhlutur innan vetnisgeymslukerfisins sem geymir aðalrúmmál vetniseldsneytis,

1.5. „*dagsetning þegar tekið er úr notkun*“: tilgreind dagsetning (mánuður og ár) til að taka úr notkun,

1.6. „*framleiðsludagur*“ (geymis fyrir þjappað vetni): dagsetning (mánuður og ár) þegar prófun á þrýstingsöryggi er framkvæmd við framleiðslu,

1.7. „*lokuð eða hálflokuð rými*“: sérstakt rúmmál í ökutækinu (eða útlínur ökutækisins þvert á op) sem er utan við vetniskerfið (geymslukerfi, efnarafalakerfi og stjórnunarkerfi fyrir flæði eldsneytis) og hús þess (ef þau eru til staðar) þar sem vetni getur safnast fyrir (og þar með skapað hættu), þannig að það getur komið fyrir í farþegarými, farangursrými og rými undir vélarhlífinni,

1.8. „*losunarstaður útblásturs*“: rúmfræðileg miðja svæðisins þar sem hreinsað gas úr efnarafala er losað úr ökutækinu,

1.9. „*efnarafalakerfi*“: kerfi sem inniheldur efnarafalastæðu, loftvinnslukerfið, stjórnkerfi eldsneytisstreymis, útblásturskerfi, varmastjórnunarkerfi og vatnsstjórnunarkerfi,

1.10. „*áfyllingarmótstykki*“: búnaður á ökutæki sem stútur á eldsneytisstöð er festur við og eldsneyti er leitt í gegnum það. Áfyllingarmótstykki er notað sem staðgöngukostur fyrir áfyllingarop,

1.11. „*styrkur vetnis*“: er hundraðshluti vetnismóla (eða -sameinda) í blöndu vetnis og lofts (jafngildir hluta af rúmmáli vetnisgass),

1.12. „*vetnisknúið ökutæki*“: öll vélknúin ökutæki sem nota vetni sem eldsneyti til að knýja ökutækið, þ.m.t. ökutæki með efnarafala og brunahreyfil. Vetniseldsneyti fyrir farþegabifreiðar er tilgreint í ISO-staðli 14687-2: 2012 og SAE J2719 (endurskoðuð útgáfa frá september 2011),

1.13. „*farangursrými*“: rými í ökutæki fyrir farangur og/eða til að koma fyrir varningi, sem markast af þaki, varnarhlíf, gólfi og hliðarveggjum, sem er aðskilið frá farþegarými með fremra skilrúmi eða aftara skilrúmi,

1.14. „*geymslukerfi fyrir fljótandi vetni (LHSS)*“: geymsluílát fyrir fljótandi vetni með þrýstiloka, lokunarbúnaði, uppgufunarkerfi og tengilagnir (ef einhverjar eru) og tengihluti á milli framangreindra íhluta,

1.15. „*framleiðandi*“: einstaklingur eða aðili sem er ábyrgur gagnvart yfirvaldinu, sem annast gerðarviðurkenningu, fyrir öllum þáttum gerðarviðurkenningar svo og fyrir samræmi framleiðslunnar. Einstaklingurinn eða aðilinn þarf ekki að tengjast með beinum hætti öllum þrepum í smíði ökutækisins, kerfisins eða íhlutarins sem á að gerðarviðurkenna,

1.16. „*leyfilegur hámarksvinnuþrýstingur (MAWP)*“: mesti mæliþrýstingurinn sem leyfður er í tengslum við notkun þrýstihylkis eða geymslukerfis við venjulegar notkunaraðstæður,

1.17. „*nafngildi vinnuþrýstings (NWP)*“: mæliþrýstingur sem einkennir dæmigerða notkun kerfis. Að því er varðar gashylki fyrir þjappað vetni er nafngildi vinnuþrýstings uppsafnaður þrýstingur þjappaðs gass í hylki eða geymslukerfi sem hefur verið fyllt af eldsneyti, við stöðugt 15 °C hitastig,

1.18. „*hámarksþrýstingur við eldsneytisáfyllingu (MFP)*“: hámarksþrýstingur sem hægt er að nota á þjappað kerfi við eldsneytisáfyllingu. Hámarksþrýstingur við eldsneytisáfyllingu er 125% af nafngildi vinnuþrýstings,

1.19. „*þrýstiloki (PRD)*“: búnaður sem er notaður til að losa vetni úr þrýstikerfi þegar hann er virkjaður við sérstakar notkunaraðstæður og kemur þannig í veg fyrir bilun í kerfinu,

1.20. „brestur“ eða „sprenging“: hvort tveggja merkir að slitna skyndilega og kröftuglega í sundur, opnast eða brotna í mél vegna innri þrýstings,

1.21. „*öryggisloki*“: þrýstiloki sem opnast við fyrirframákveðinn þrýsting og getur lokast aftur,

1.22. „*afsláttarloki*“: loki á milli geymsluílátsins og eldsneytiskerfis ökutækisins sem hægt er að virkja sjálfkrafa og fer sjálfgefið í „lokaða“ stöðu þegar hann er ekki tengdur við aflgjafa,

1.23. „*ein bilun*“: bilun sem stakur atburður veldur, þ.m.t. allar bilanir sem fylgja í kjölfar þessarar bilunar,

1.24. „*þrýstiloki sem virkjast við hita (TPRD)*“: þrýstiloki sem ekki lokast aftur og er virkjaður við hitastig til að opna fyrir og losa vetnisgas,

1.25. „*eldsneytiskerfi ökutækis*": samstæða íhluta sem notaðir eru til að geyma eða veita vetniseldsneyti í efnarafala (FC) eða brunahreyfil (ICE).

B-þáttur

Tækniforskriftir fyrir gerðarviðurkenningu geymslukerfa fyrir fljótandi vetni

1. Kröfur um geymslukerfi fyrir fljótandi vetni.

1.1. Almennar kröfur.

1.1.1. Í þessum þætti eru tilgreindar kröfur sem varða geymslukerfi fyrir fljótandi vetni. Raunveruleg kerfi eru mismunandi að því er varðar gerð, fjölda, samskipan, og fyrirkomulag kerfishluta sem eru virkir. Mörk geymslukerfis fyrir fljótandi vetni eru skilgreind með skilflötum sem geta einangrað geymt fljótandi (og/eða loftkennt) vetni frá öðrum hlutum eldsneytiskerfisins og umhverfinu. Allir íhlutir sem staðsettir eru innan þessara marka falla undir kröfurnar sem skilgreindar eru í þessari reglugerð. Mynd 1 sýnir hefðbundið geymslukerfi fyrir fljótandi vetni sem samanstendur af geymsluíláti fyrir vetni, þremur tegundum af lokunarbúnaði og tengihlutum þeirra. Lokunarbúnaðurinn skal geta sinnt eftirfarandi hlutverkum, sem má sameina:


a) sjálfvirkan lokunarbúnað,

b) uppgufunarkerfi og

c) þrýstiloka.

Mynd 1

Dæmigert geymslukerfi fyrir fljótandi vetni



1.2. Nothæfiskröfur:

Geymslukerfi fyrir fljótandi vetni skal uppfylla kröfur fyrir prófun á afköstum sem tilgreindar eru í þessum lið. Framleiðandinn skal tilgreina leyfilegan hámarksvinnuþrýsting (MAWP). Prófunarþættirnir í þessum nothæfiskröfum eru settir fram í liðum 1.2.1 til 1.2.4.

1.2.1. Sannprófun á mæligildum til viðmiðunar.

1.2.1.1. Þrýstingsöryggi:

Þrýstingur er settur á kerfið að þrýstingi $p_{test} \geq 1{,}3$ (MAWP ± 0,1 MPa) í samræmi við lið 2.1.1 án auðsjáanlegar aflögunar, þrýstingsfalls í geymi eða greinanlegs leka.

1.2.1.2. Viðmiðunargildi upphaflegs sprengiþrýstings.

1.2.1.3. Sprengiprófun er framkvæmd samkvæmt prófunaraðferðinni í lið 2.1.2 á einu sýnishorni af innri geymi sem er ekki í sinni ytri hlíf og er ekki einangraður.

1.2.1.4. Sprengiþrýstingur skal a.m.k. vera jafn sprengiþrýstingnum sem notaður er við aflfræðilega útreikninga. Að því er varðar geyma úr stáli er þetta annaðhvort:

a) leyfilegur hámarksvinnuþrýstingur (í MPa) plús 0,1 MPa margfaldaður með 3,25 eða

b) leyfilegur hámarksvinnuþrýstingur (í Mpa) plús 0,1 Mpa margfaldaður með 1,5 og margfaldaður með R_m/R_p þar sem R_m er lægsta hámarkstogþol efniviðar geymisins og R_p (lágmarsflotstyrkur) er 1,0 fyrir ryðfrítt ástenít og R_p er 0,2 fyrir annað stál.

1.2.1.5. Viðmiðunargildi endingartíma þrýstingssveiflna.

1.2.1.5.1. Við notkun á hylkjum úr málmi og/eða lofttæmdum hlífum úr málmi skal framleiðandinn annaðhvort leggja fram útreikninga til að sýna fram á að geymirinn sé hannaður í samræmi við núgildandi svæðisbundna löggjöf eða samþykkta staðla (t.d. *ASME Boiler and Pressure Vessel Code* í Bandaríkjunum, EN 1251-1 og EN 1251-2 í Evrópu og viðeigandi reglugerð um hönnun á þrýstihylkjum úr málmi í öllum öðrum löndum) eða skilgreina og framkvæma viðeigandi prófanir (þ.m.t. í lið 2.1.3) sem sýna fram á sama öryggisstig og hjá hönnun sem byggð er á útreikningum samkvæmt samþykktum stöðlum.

1.2.1.5.2. Að því er varðar hylki og/eða lofttæmdar hlífar sem eru ekki úr málmi skal framleiðandinn hanna viðeigandi prófanir, til viðbótar við prófanir í lið 2.1.3, til að sýna fram á sama öryggisstigið og hjá hylkjum úr málmi.

1.2.2. Sannprófun á áætluðum afköstum á vegum.

1.2.2.1. Uppgufun

1.2.2.1.1. Uppgufunarprófun er framkvæmd á geymslukerfi fyrir fljótandi vetni sem búið er öllum íhlutum. Prófunin er framkvæmd á kerfi sem fyllt er með fljótandi vetni samkvæmt prófunaraðferðinni í lið 2.2.1 og skal sýna fram á að uppgufunarkerfið takmarki þrýstinginn í innra geymsluílátinu þannig að það sé undir leyfilegum hámarksvinnuþrýstingi.

1.2.2.2. Leki

1.2.2.2.1. Eftir uppgufunarprófunina í lið 2.2.1 er kerfinu haldið við uppgufunarþrýsting og heildarhraði losunar vegna leka skal mældur samkvæmt prófunaraðferðinni í lið 2.2.2. Hámark leyfilegrar losunar úr vetnisgeymslukerfinu er R*150 Nml/min þar sem R = (Vwidth+1)*(Vheight+0.5)*(Vlength+1)/30.4 og Vwidth, Vheight, Vlength eru breidd, hæð og lengd (m) ökutækisins.

1.2.2.3. Tap á lofttæmi.

1.2.2.3.1. Prófun á tapi á lofttæmi er framkvæmd á geymslukerfi fyrir fljótandi vetni sem búið er öllum íhlutum eins og lýst er á mynd 1 hér á undan. Prófunin er framkvæmd á kerfi sem fyllt er með fljótandi vetni samkvæmt prófunaraðferðinni í lið 2.2.3 og skal sýna fram á að bæði fyrstu og seinni þrýstilokar takmarki þrýstinginn við gildin sem tilgreind eru í lið 2.2.3 ef þrýstingur í lofttæminu tapast.

1.2.3. Sannprófun á aðstæðum sem stöðva notkun:

1.2.3.1. Brunaprófun.

1.2.3.1.1. Sýna skal fram á virkni þrýstiloka og að enginn brestur eigi sér stað við eftirfarandi skilyrði sem stöðva notkun, í samræmi við prófunaraðferðina í lið 2.3.

1.2.3.1.2. Vetnisgeymslukerfi er fyllt að hálfu vökvaborði og látið komast í snertingu við eld í samræmi við prófunaraðferð í lið 2.3. Þrýstiloki eða þrýstilokar skulu losa innilokaða gasið á stýrðan hátt án þess að bresta.

1.2.3.1.3. Geymar úr stáli standast prófunina ef kröfurnar varðandi þrýstingsmörk þrýstilokanna, eins og þeim er lýst í lið 2.3, eru uppfylltar. Fyrir geyma úr öðrum smíðaefnum skal sýna fram á jafngilt öryggisstig.

1.2.3.2. Kröfur varðandi þrýstiloka og lokunarbúnað.

1.2.3.2.1. Þrýstiloki og lokunarbúnaður, eins og þeim er lýst á mynd 1, skulu uppfylla eina af eftirfarandi kröfum:

a) búnaðurinn skal fá gerðarviðurkenningu í samræmi við 1. lið þessa liðar og vera framleiddur í samræmi við viðurkenndu gerðina eða

b) framleiðandi geymslukerfisins fyrir fljótandi vetni skal tryggja að búnaðurinn uppfylli kröfurnar í 1. lið þessa þáttar.

1.2.4. Merking:

Merkimiði skal varanlega festur á hvern geymi með a.m.k. eftirfarandi upplýsingum: Heiti framleiðanda, raðnúmeri, framleiðsludegi, leyfilegum hámarskvinnuþrýstingi, tegund eldsneytis (þ.e. „CHG“ fyrir loftkennt vetni eða „LH2“ fyrir fljótandi vetni).

2. Prófunaraðferð fyrir geymslukerfi fyrir fljótandi vetni.

2.1. Sannprófanir á mæligildum til viðmiðunar.

2.1.1. Prófun á þrýstingsöryggi.

2.1.1.1. Innri geymirinn og leiðslukerfið á milli innri geymisins og ytri hlífarinnar skulu þola innri þrýstingsprófun við stofuhita samkvæmt eftirfarandi kröfum.

2.1.1.2. Framleiðandi skilgreinir prófunarþrýstinginn p_{test} og sá þrýstingur skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

$p_{test} \geq 1{,}3$ (MAWP ± 0,1 MPa)

a) að því er varðar geyma úr málmi er annaðhvort p_{test} jafnt eða hærra en hámarksþrýstingur innri geymis við bilanastjórnun (eins og ákvarðað er í lið 2.2.3) eða framleiðandinn sýnir fram á með útreikningum að við hámarksþrýsting innri geymis við bilanastjórnun gefi hann sig ekki og

b) að því er varðar geyma sem eru ekki úr málmi er p_{test} jafnt eða hærra en hámarksþrýstingur innri geymis við bilanastjórnun (eins og ákvarðað er í lið 2.2.3).

2.1.1.3. Prófunin er framkvæmd samkvæmt eftirfarandi aðferð:

a) prófunin er framkvæmd á innra geymsluíláti og samtengdum pípum á milli innra geymsluíláts og lofttæmdrar hlífar áður en ytri hlífin er sett á,

b) Prófunin er annaðhvort framkvæmd vökvafræðilega með vatni eða glýkól-/vatnsblöndu eða annars með gasi. settur er þrýstingur á geyminn sem svarar til prófunarþrýstingsins p_{test} með jöfnum hraða og þeim þrýstingi er haldið í að minnsta kosti 10 mínútur og

c) Prófunin er framkvæmd við umhverfishita. Þegar gas er notað til að setja þrýsting á geyminn er þrýstingurinn settur á þannig að hitastig geymisins haldist við eða í kringum umhverfishita.

2.1.1.4. Prófuninni er lokið með tilskildum árangri ef engin sýnileg varanleg aflögun, ekkert sýnilegt niðurbrot á þrýstingi geymisins og enginn sýnilegur leki eru greinanleg á fyrstu 10 mínútunum eftir að prófunarþrýstingnum er beitt.

2.1.2. Viðmiðunargildi upphaflegs sprengiþrýstings.

2.1.2.1. Prófunin er framkvæmd samkvæmt eftirfarandi aðferð:

a) prófunin er framkvæmd á innri geyminum við umhverfishita,

b) prófunin er framkvæmd vökvafræðilega með vatni eða vatns-/glýkólblöndu,

c) þrýstingurinn er aukinn með jöfnum hraða sem er ekki meiri en 0,5 MPa/mín þar til sprenging verður eða leki á sér stað úr geyminum,

d) þegar leyfilegum hámarksvinnuþrýstingi er náð tekur við minnst tíu mínútna biðtími við stöðugan þrýsting og á þeim tíma er hægt að athuga aflögunina á geyminum og

e) þrýstingur er skráður eða skrifaður niður í gegnum alla prófunina.

2.1.2.2. Að því er varðar innri geyma úr stáli er prófuninni lokið með tilskildum árangri ef a.m.k. einni af þeim tveimur viðmiðunum sem lýst er í lið 1.1.1.2 er fullnægt. Að því er varðar innri geyma úr álblendi eða öðru efni skal skilgreina viðmiðun til að standast prófun sem tryggir a.m.k. sama öryggisstig og innri stálgeymar.

2.1.3. Viðmiðunargildi endingartíma þrýstingssveiflna.

2.1.3.1. Geymar og/eða lofttæmdar hlífar eru látnar þola þrýstingssveiflur með fjölda lotna sem eru minnst þrisvar sinnum fleiri en fjöldi mögulegra heilla þrýstingssveiflna (frá lægsta til hæsta vinnsluþrýstings) fyrir áætluð afköst í akstri á vegum. Framleiðandinn skilgreinir fjölda þrýstingssveiflna með hliðsjón af bili vinnsluþrýstings, stærð geymisins og, í þeirri röð, hámarksfjölda áfyllinga og hámarksfjölda þrýstingssveiflna við öfgafull notkunar- og geymsluskilyrði. Þrýstingssveiflur eru framkvæmdar á milli loftþrýstings og leyfilegs hámarksvinnuþrýstings, t.d. með því að fylla geyminn með fljótandi köfnunarefni upp að vissu magni og hækka og lækka þrýstinginn til skiptis með (forkældu) loftkenndu köfnunarefni eða helíum.

2.2. Sannprófun á áætluðum afköstum á vegum.

2.2.1. Uppgufunarprófun.

2.2.1.1. Prófunin er framkvæmd samkvæmt eftirfarandi aðferð:

a) Við formeðhöndlun er fyllt á geyminn með fljótandi vetni upp að tilgreindu hámarksmagni áfyllingar. Vetni er síðan dregið út þar til það er komið að hálfu magni áfyllingar og kerfið er látið kólna alveg í a.m.k. 24 klukkustundir og að hámarki í 48 klukkustundir,

b) geymirinn er fylltur upp að tilgreindu hámarksmagni áfyllingar,

c) þrýstingur er settur á geyminn þar til uppgufunarþrýstingi er náð og

d) prófuninni er haldið áfram í a.m.k. 48 klukkustundir í viðbót eftir að uppgufun hefst og henni er ekki lokið fyrr en þrýstingurinn er orðinn stöðugur. Þrýstingurinn er orðinn stöðugur þegar meðaltal þrýstings eykst ekki á tveggja klukkustunda tímabili.

2.2.1.2. Þrýstingur innra geymisins er skráður eða skrifaður niður í gegnum alla prófunina. Prófuninni er lokið með tilskildum árangri ef eftirfarandi kröfur eru uppfylltar:

a) þrýstingurinn er orðinn stöðugur og helst undir leyfilegum hámarksvinnuþrýstingi í gegnum alla prófunina og

b) þrýstilokar mega ekki opnast meðan á allri prófuninni stendur.

2.2.2. Lekaprófun.

2.2.2.1. Prófunin skal framkvæmd með aðferðinni sem lýst er í lið 2.2 í C-þætti í þessum hluta.

2.2.3. Prófun á tapi á lofttæmi.

2.2.3.1. Fyrsti hluti prófunarinnar er framkvæmdur samkvæmt eftirfarandi aðferð:

a) prófun á tapi á lofttæmi er framkvæmd á geymi sem hefur verið látinn kólna alveg (samkvæmt aðferðinni í lið 2.2.1),

b) fyllt er á geyminn með fljótandi vetni upp að tilgreindu hámarksmagni áfyllingar,

c) lofttæmda rýmið er fyllt af lofti með hraða sem er jafn mikill og loftþrýstingur og

d) prófuninni er hætt þegar fyrsti þrýstilokinn opnast ekki lengur.

2.2.3.2. Þrýstingurinn í innra hylkinu og í lofttæmdu hlífinni er skráður eða skrifaður niður í gegnum alla prófunina. Þrýstingur við op fyrsta öryggisbúnaðarins er skráður eða skrifaður niður. Fyrsta hluta prófunarinnar er lokið með tilskildum árangri ef eftirfarandi kröfur eru uppfylltar:

a) fyrsti þrýstilokinn opnast undir eða við leyfilegan hámarksvinnuþrýsting og takmarkar þrýstinginn svo að hann verði ekki meiri en 110% af leyfilegum hámarksvinnuþrýstingi,

b) fyrsti þrýstilokinn opnast ekki við þrýsting sem er meiri en leyfilegur hámarksvinnuþrýstingur og

c) seinni þrýstilokinn opnast ekki meðan á allri prófuninni stendur.

2.2.3.3. Eftir að fyrsti hlutinn er staðinn skal prófunin því næst endurtekin til að endurskapa lofttæmið og niðurkælingu hylkisins eins og lýst er hér á undan.

a) Lofttæmið er endurskapað að gildi sem framleiðandinn tilgreinir. Lofttæminu skal viðhaldið í a.m.k. 24 klukkustundir. Lofttæmisdælan má vera tengd þangað til rétt áður en tap á lofttæmi hefst,

b) annar hluti prófunarinnar á tapi á lofttæmi er framkvæmdur á geymi sem hefur verið látinn kólna alveg (samkvæmt aðferðinni í lið 2.2.1),

c) geymirinn er fylltur upp að tilgreindu hámarksmagni áfyllingar,

d) lokað er fyrir leiðsluna sem er neðan við fyrsta þrýstiloka og lofttæmda rýmið er fyllt af lofti með hraða sem er jafn mikill og loftþrýstingur og

e) prófuninni er hætt þegar annar þrýstilokinn opnast ekki lengur.

2.2.3.4. Þrýstingurinn í innra hylkinu og í lofttæmdu hlífinni er skráður eða skrifaður niður í gegnum alla prófunina. Að því er varðar geyma úr stáli er öðrum hluta prófunarinnar lokið með tilskildum árangri ef seinni þrýstilokinn opnast ekki undir 110% af völdum þrýstingi fyrsta þrýstilokans og takmarkar þrýstinginn í geyminum við að hámarki 136% af leyfilegum hámarksvinnuþrýstingi ef öryggisloki er notaður, eða 150% af leyfilegum hámarksvinnuþrýstingi ef sprengidiskur er notaður sem seinni þrýstiloki. Fyrir geyma úr öðrum smíðaefnum skal sýna fram á jafngilt öryggisstig.

2.3. Sannprófun á aðstæðum sem stöðva notkun vegna bruna.

2.3.1. Geymslukerfið fyrir fljótandi vetni sem prófað er skal vera dæmigert fyrir hönnun og framleiðslu á gerðinni sem á að viðurkenna. Framleiðslu þess skal vera fyllilega lokið og það skal vera með öllum áfestum búnaði.

2.3.2. Fyrsti hluti prófunarinnar er framkvæmdur samkvæmt eftirfarandi aðferð:

a) brunaprófun er framkvæmd á geymi sem hefur verið látinn kólna alveg (samkvæmt aðferðinni í lið 2.2.1),

b) geymirinn skal á undangengnum 24 klukkustundum hafa innihaldið magn fljótandi vetnis sem er a.m.k. jafnt helmingi vatnsmagns innri geymisins,

c) Fyllt er á geyminn með fljótandi vetni þannig að magn fljótandi vetnis sem mælt er með mælikerfi fyrir massa sé helmingur mesta leyfilega magns sem geyma má í innri geyminum.

d) eldur logar 0,1 m undir tankinum. Lengd og breidd eldsins nær út fyrir flatarmál geymisins sem nemur 0,1 m. Hitastig eldsins er a.m.k. 590 °C. Eldurinn skal halda áfram að loga meðan á prófuninni stendur,

e) þrýstingurinn í geyminum við upphaf prófunarinnar er á milli 0 MPa og 0,01 MPa við suðumark vetnis í innri geyminum,

f) prófuninni skal haldið áfram þar til geymsluþrýstingur minnkar í eða undir þrýstinginn sem var í upphafi prófunar, eða að öðrum kosti ef fyrsti þrýstilokinn er af endurlokandi gerð, skal prófuninni haldið áfram þar til öryggisbúnaðurinn hefur opnast í annað sinn og

g) aðstæður við prófun og hæsti þrýstingur sem næst í geyminum meðan á prófuninni stendur skulu skráð á prófunarvottorð sem er undirritað af framleiðanda og tækniþjónustunni.

2.3.3. Prófuninni er lokið með tilskildum árangri ef eftirfarandi kröfur eru uppfylltar:

a) seinni þrýstilokinn skal ekki fara af stað undir 110% af völdum þrýstingi fyrsta þrýstiloka og

b) geymirinn skal ekki springa og þrýstingurinn í innri geyminum skal ekki fara yfir leyfilegt bilanasvið innri geymisins.

2.3.4. Leyfilegt bilanasvið geyma úr stáli er eftirfarandi:

a) ef öryggisloki er notaður sem seinni þrýstiloki fer þrýstingurinn inni í geyminum ekki yfir 136% af leyfilegum hámarksvinnuþrýstingi innri geymis,

b) ef sprengidiskur er notaður sem seinni þrýstiloki fyrir utan lofttæmissvæðið takmarkast þrýstingurinn inni í geyminum við 150% af leyfilegum hámarksvinnuþrýstingi innri geymis og

c) ef sprengidiskur er notaður sem seinni þrýstiloki innan lofttæmissvæðisins takmarkast þrýstingurinn inni í geyminum við 150% af leyfilegum hámarksvinnuþrýstingi innri geymis að viðbættum 0,1 Mpa (MAWP ± 0,1 MPa).

2.3.5. Fyrir önnur smíðaefni skal sýna fram á jafngilt öryggisstig.

C-þáttur

Tækniforskriftir fyrir gerðarviðurkenningu sértækra íhluta fyrir geymslukerfi fyrir fljótandi vetni

1. Kröfur um sértæka íhluti fyrir geymslukerfi fyrir fljótandi vetni

1.1. Kröfur um viðurkenningu þrýstiloka

Þrýstilokar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur um afköst fyrir viðurkenningu:

a) þrýstingsprófun (prófunaraðferð í lið 2.1),

b) ytri lekaprófun (prófunaraðferð í lið 2.2),

c) virkniprófun (prófunaraðferð í lið 2.4),

d) tæringarþolsprófun (prófunaraðferð í lið 2.5) og

e) hitasveifluprófun (prófunaraðferð í lið 2.8).

1.2. Kröfur um viðurkenningu lokunarbúnaðar

Lokunarbúnaður skal uppfylla eftirfarandi kröfur um afköst fyrir viðurkenningu:

a) þrýstingsprófun (prófunaraðferð í lið 2.1),

b) ytri lekaprófun (prófunaraðferð í lið 2.2),

c) þolprófun (prófunaraðferð í lið 2.3),

d) tæringarþolsprófun (prófunaraðferð í lið 2.5)

e) þurrhitaþolsprófun (prófunaraðferð í lið 2.6),

f) ósonsöldrunarprófun (prófunaraðferð í lið 2.7),

g) hitasveifluprófun (prófunaraðferð í lið 2.8) og

h) þrýstingssveifluprófun á sveigjanlegum leiðslum (prófunaraðferð í lið 2.9).

2. Prófunaraðferðir fyrir sértæka íhluti fyrir geymslukerfi fyrir fljótandi vetni:

Prófunaraðferðunum fyrir þrýstiloka og afsláttarloka er lýst hér á eftir:

Prófun skal framkvæmd með vetnisgasi með gæði gass sem er í samræmi við staðla ISO 14687-2/SAE J2719. Allar prófanir skulu gerðar við umhverfishita 20 ± 5 °C nema annað sé tekið fram.

2.1. Þrýstingsprófun

2.1.1. Íhlutur sem inniheldur vetni skal þola, án nokkurra sýnilegra merkja um leka eða formbreytingu, prófunarþrýsting sem er 150% af leyfilegum hámarksvinnuþrýstingi hans með tappa í úttökum háþrýstihlutans. Síðan skal auka þrýstinginn úr 150% í 300% af leyfilegum hámarksvinnuþrýstingi. Íhluturinn skal ekki bera nein sýnileg merki um bresti eða sprungur.

2.1.2. Þrýstingskerfið skal útbúið afsláttarloka og þrýstimæli með þrýstingsbili sem er ekki minna en 150% og ekki meira en 200% af tvöföldum prófunarþrýstingi og nákvæmni mælisins skal vera 1% af þrýstingsbilinu.

2.1.3. Fyrir íhluti sem þurfa lekaprófun skal gera þá prófun á undan þrýstingsprófuninni.

2.2. Ytri lekaprófun

2.2.1. Íhlutur skal vera laus við leka í innsigli við bol eða fót eða önnur samskeyti og skal ekki sýna merki um grop í steypuefni þegar hann er prófaður eins og lýst er í lið 2.3.3 við allan loftþrýsting á milli núll og leyfilegs hámarksvinnuþrýstings (MAWP).

2.2.2. Gera skal prófunina á sama búnaði við eftirfarandi aðstæður:

a) við umhverfishita,

b) við lágmarksganghita eða við hitastig fljótandi köfnunarefnis eftir fullnægjandi aðlögunartíma við þetta hitastig til að tryggja stöðugleika við hita og

c) við hámarksganghita eftir fullnægjandi aðlögunartíma við þetta hitastig til að tryggja stöðugleika við hita.

2.2.2.1. Meðan á þessari prófun stendur skal búnaðurinn sem prófaður er vera tengdur við uppsprettu gasþrýstings. Setja skal afsláttarloka og þrýstimæli með þrýstingsbili, sem er ekki minna en 150% og ekki meira en 200% af prófunarþrýstingi, upp í leiðslum fyrir uppsprettu þrýstings og nákvæmni mælisins skal vera 1% af þrýstingsbilinu. Setja skal þrýstimælinn upp á milli afsláttarlokans og sýnishornsins sem verið er að prófa.

2.2.2.2. Meðan á prófuninni stendur skal prófa sýnishornið fyrir leka með yfirborðsvirku efni án þess að loftbólur myndist eða mæla það með lekahraða sem er minni en 216 Nml/klst.

2.3. Þolprófun

2.3.1. Allir íhlutir skulu geta verið í samræmi við viðeigandi lekaprófunarkröfur í liðum 2.2 og 2.9 eftir að hafa farið í gegnum 20 000 prófunarlotur.

2.3.2. Gera skal viðeigandi prófanir fyrir ytri leka og sætisleka eins og lýst er í liðum 2.2 og 2.9 án tafar eftir þolprófunina.

2.3.3. Afsláttarloki skal vera tryggilega tengdur við uppsprettu þurrs lofts eða köfnunarefnis undir þrýstingi og látinn fara í gegnum 20 000 prófunarlotur. Lota skal samanstanda af einni opnun og einni lokun á íhlutnum á tímabili sem er ekki skemmra en 10 ± 2 sekúndur.

2.3.4. Íhluturinn skal notaður í 96% af fjölda tiltekinna lotna við umhverfishita og við leyfilegan hámarksvinnuþrýsting. Utan lotu skal leyfa þrýstingi aftan við prófunarfestinguna að lækka niður í 50% af leyfilegum hámarksvinnuþrýstingi.

2.3.5. Nota skal íhlutinn í 2% af heildarfjölda lotna við hámarkshita smíðaefnis (–40 °C til +85 °C) eftir fullnægjandi aðlögunartíma við þetta hitastig, til að tryggja varmafræðilegan stöðugleika, og við leyfilegan hámarksvinnuþrýsting. Íhluturinn skal vera í samræmi við liði 2.2 og 2.9 við viðeigandi hámarkshita smíðaefnis (–40 °C til +85 °C) við lok háhitalotnanna.

2.3.6. Nota skal íhlutinn í 2% af heildarfjölda lotna við lágmarkshita smíðaefnis (–40 °C til +85 °C) en ekki lægri en hitastig fljótandi köfnunarefnis eftir fullnægjandi aðlögunartíma við þetta hitastig, til að tryggja varmafræðilegan stöðugleika, og við leyfilegan hámarksvinnuþrýsting. Íhluturinn skal vera í samræmi við liði 2.2 og 2.9 við viðeigandi lágmarkshita smíðaefnis (–40 °C til +85 °C) við lok lághitalotnanna.

2.4. Virkniprófun

2.4.1. Virkniprófanir skulu gerðar í samræmi við EN 13648-1 eða EN 13648-2. Sértækar kröfur staðalsins gilda.

2.5. Tæringarþolsprófun

2.5.1. Vetnisíhlutir úr málmi skulu vera í samræmi við lekaprófanirnar sem um getur í liðum 2.2 og 2.9 eftir að hafa farið í gegnum 144 klukkustunda saltúðaprófun samkvæmt ISO-staðli 9227 með öll tengi lokuð.

2.5.2. Vetnisíhlutur sem inniheldur kopar eða messing skal vera í samræmi við lekaprófanirnar sem um getur í liðum 2.2 og 2.9 eftir að hafa farið í gegnum 24 klukkustunda dýfingu í ammoníak samkvæmt ISO-staðli 6957 með öll tengi lokuð.

2.6. Þurrhitaþolsprófun

2.6.1. Prófunin skal gerð í samræmi við ISO 188. Prófunarhlutinn skal vera í snertingu við loft við hitastig sem er jafnt hámarksganghita í 168 klukkustundir. Breytingar á togþoli skulu ekki vera meiri en ±25%. Breytingar á endanlegri lengingu mega ekki fara yfir eftirfarandi gildi: hámarksaukning 10% og hámarksminnkun 30%.

2.7. Ósonsöldrunarprófun

2.7.1. Prófunin skal vera í samræmi við ISO 1431-1. Prófunarhlutinn, sem skal vera teygður í 20% lengingu, skal vera í snertingu við loft við +40 °C með ósonstyrk sem er 50 hlutar af hundrað milljón í 120 klukkustundir.

2.7.2. Engin sprungumyndun er leyfileg í prófunarhlutanum.

2.8. Hitasveifluprófun

2.8.1. Hluti sem er ekki úr málmi og sem inniheldur vetni skal vera í samræmi við lekaprófanirnar sem um getur í liðum 2.2 og 2.9 eftir að hafa farið í gegnum 96 klukkustunda hitasveiflu frá lágmarksganghita til hámarksganghita þar sem lotutíminn er 120 mínútur við leyfilegan hámarksvinnuþrýsting.

2.9. Þrýstingssveifluprófun á sveigjanlegum leiðslum

2.9.1. Allar sveigjanlegar eldsneytisleiðslur skulu geta verið í samræmi við viðeigandi lekaprófunarkröfur sem um getur í lið 2.2 eftir að hafa farið í gegnum 6000 þrýstingssveiflur.

2.9.2. Þrýstingurinn skal breytast úr loftþrýstingi í leyfilegan hámarksvinnuþrýsting geymisins á innan við fimm sekúndum og eftir ekki styttri tíma en fimm sekúndur skal hann lækka í loftþrýsting á innan við fimm sekúndum.

2.9.3. Gera skal viðeigandi prófanir fyrir ytri leka eins og um getur í lið 2.2 án tafar eftir þolprófunina.

D-þáttur

Tækniforskriftir fyrir gerðarviðurkenningu eldsneytiskerfa ökutækja sem eru búin geymslukerfum fyrir fljótandi vetni

1. Kröfur um eldsneytiskerfi fyrir ökutæki með geymslukerfi fyrir fljótandi vetni

Í þessum þætti eru tilgreindar kröfur um heilleika skömmtunarkerfis vetniseldsneytis, sem ná yfir vetniskerfi fyrir fljótandi vetni, lagna, samskeyta og íhluta þar sem vetni er til staðar.

1.1. Heilleiki eldsneytiskerfis í notkun

1.1.1. Yfirþrýstingsvörn lágþrýstikerfis

Vetniskerfi sem er aftan við þrýstistilli skal vera varið fyrir yfirþrýstingi vegna hugsanlegrar bilunar í þrýstistillinum. Valinn þrýstingur yfirþrýstingsvarnarbúnaðarins skal vera lægri eða jafn leyfilegum hámarks-vinnuþrýstingi fyrir viðkomandi hluta vetniskerfisins. Yfirþrýstingsvörnin skal vera í samræmi við sannprófunina á uppsetningu sem um getur í lið 2.6.

1.1.2. Vetnislosunarkerfi

1.1.2.1. Kerfi þrýstiloka

Þrýstilokar (eins og t.d. sprengidiskar) skulu uppfylla sannprófunina á uppsetningu sem um getur í lið 2.6 og þá má nota utan vetnisgeymslukerfisins. Losun vetnis úr öðrum þrýstilokum skal ekki beint:

a) að óvörðum rafskautum, óvörðum rafmagnsrofum eða öðrum kveikjugjöfum,

b) inn í eða í átt að farþega- eða farangursrými ökutækisins,

c) inn í eða í átt að hjólskál ökutækisins og

d) í átt að vetnisgashylkjum.

1.1.2.2. Útblásturskerfi ökutækis

1.1.2.2.1. Útblásturskerfi ökutækis skal vera í samræmi við prófunina á útblásturskerfi ökutækis sem um getur í lið 2.4.

1.1.2.2.2. Við losunarstað útblásturskerfis ökutækisins skal styrkur vetnis:

a) ekki vera meiri en 4% af meðalrúmmáli á hverju þriggja sekúndna tímabili við venjulega notkun, þ.m.t. ræsingu og stöðvun og

b) aldrei vera meiri en 8%.

1.1.3. Vörn gegn eldfimum skilyrðum: einstakar bilunaraðstæður

1.1.3.1. Vetnisleki og/eða gegnsíun úr vetnisgeymslukerfinu skal ekki lofta með beinum hætti inn í farþegarými, farangursrými eða farmrými eða inn í nein lokuð eða hálflokuð rými innan í ökutækinu sem innihalda óvarða íkveikjuvalda.

1.1.3.2. Einhver stök bilun neðan við aðalafsláttarloka vetnisgeymslukerfisins skal ekki leiða til þess að styrkur vetnis mælist nokkurs staðar í farþegarýminu samkvæmt prófunaraðferðinni sem um getur í lið 2.3.2.

1.1.3.3. Ef stök bilun við notkun leiðir til þess að styrkur vetnis fer yfir 3% miðað við rúmmál í lofti í lokuðu eða hálflokuðu rými ökutækisins skal viðvörun gefin (liður 1.1.3.5). Ef styrkur vetnis fer yfir 4% miðað við rúmmál í lofti í lokuðu eða hálflokuðu rými ökutækisins skal aðalafsláttarlokanum lokað til að einangra geymslukerfið (prófunaraðferð í lið 2.3).

1.1.3.4. Leki í eldsneytiskerfi

Eldsneytisleiðsla fyrir vetni (t.d. rör, samskeyti o.s.frv.) neðan við helsta afsláttarloka efnarafalakerfisins eða hreyfilsins skal ekki leka. Sannprófa skal samræmi við nafngildi vinnuþrýstings (prófunaraðferð í lið 2.5).

1.1.3.5. Viðvörun til ökumanns með gaummerki

Viðvörunin skal veitt með sjónmerki eða skjátexta með eftirfarandi eiginleika:

a) sýnileg ökumanni þegar hann er í tilgreindri sætisstöðu ökumanns með sætisbeltið spennt,

b) gulleit ef greinikerfið bilar (t.d. aftenging rása, skammhlaup, bilun í skynjara). Viðvörunin skal vera rauð í samræmi við lið 1.1.3.3.

c) þegar viðvörunin er lýst skal hún vera sýnileg ökumanni í akstursskilyrðum bæði í dagsljósi og að nóttu til og

d) hún heldur áfram að lýsa þegar 3% styrkur eða bilun í greiningarkerfi er fyrir hendi og aðalrofi er í stöðunni „á“ eða knúningskerfið er virkjað með öðrum hætti.

1.2. Heilleiki eldsneytiskerfis eftir árekstur

Árekstraprófanir að framan, á hlið og aftan á eru framkvæmdar eins og krafist er fyrir viðeigandi ökutækjaflokk í samræmi við reglugerð (ESB) 2019/2144.

Ef ekki er þörf á einni eða fleiri af þessum árekstrarprófunum skal geymslukerfið fyrir fljótandi vetni, þ.m.t. áfesti öryggisbúnaðurinn, uppsett þannig að það gleypi eftirfarandi hröðun án þess að festingar brotni eða fylltur geymir eða fylltir geymar geymslukerfisins fyrir fljótandi vetni losni:

Ökutæki í flokkum M_1 og N_1:

a) 20 g í akstri áfram og aftur á bak og

b) 8 g lárétt og hornrétt á akstursátt.

Ökutæki í flokkum M_2 og N_2:

a) 10 g í akstri áfram og

b) 5 g lárétt og hornrétt á akstursátt.

Ökutæki í flokkum M_3 og N_3:

a) 6,6 g í akstri áfram og

b) 5 g lárétt og hornrétt á akstursátt.

Allur staðgöngumassi sem er notaður skal vera dæmigerður fyrir fullbúinn og alveg fylltan geymi eða geymasamstæðu í geymslukerfi fyrir fljótandi vetni.

1.2.1. Mörk eldsneytisleka

Rúmmálsstreymi vetnisgasleka skal ekki fara yfir 118 Nl að meðaltali á mínútu í 60 mínútur eftir áreksturinn, eins og ákvarðað er í samræmi við lið 2.1.

1.2.2. Styrkleikamörk í lokuðu rými

Vetnisgasleki skal ekki leiða til styrks vetnis í lofti sem er meiri en 4% miðað við rúmmál í farþegarými og farangursrými (prófunaraðferðir í lið 2.2). Krafan telst uppfyllt ef staðfest er að afsláttarloki geymslukerfisins hafi lokast innan 5 sekúndna eftir áreksturinn og að enginn leki sé úr geymslukerfinu.

1.2.3. Tilfærsla geymis

Geymirinn eða geymarnir skulu festir við ökutækið á minnst einum festingarpunkti.

1.3. Eldfim efni sem notuð eru í ökutækinu skulu varin fyrir fljótandi lofti sem getur þést á hlutum eldsneytiskerfisins.

1.4. Einangrun íhlutanna skal hindra að loft, sem er í snertingu við ytra yfirborð, þéttist í vökva, nema kerfi sé til staðar til að safna og eima fljótandi loft. Smíðaefni nálægra íhluta skulu vera samhæfð andrúmslofti sem er auðgað með súrefni.

2. Prófunaraðferðir vegna eldsneytiskerfis ökutækis sem hefur geymslukerfi fyrir fljótandi vetni

Prófunaraðferðirnar fyrir eldsneytiskerfi ökutækis sem hefur geymslukerfi fyrir fljótandi vetni skv. liðum 2.1, 2.2 og 2.7 eiga einungis við um ökutæki í flokkum M_1 og N_1 sem undirgangast eina eða fleiri árekstrarprófanir.

2.1. Lekaprófun á geymslukerfi fyrir fljótandi vetni eftir árekstur

Áður en árekstrarprófunin á sér stað er tækjabúnaður uppsettur í vetnisgeymslukerfinu til að gera nauðsynlegar mælingar á þrýstingi og hita ef staðalökutækið er ekki þegar búið tækjabúnaði sem hefur þá nákvæmni sem krafist er.

Geymslukerfið er síðan hreinsað, ef nauðsyn krefur, samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda, til að fjarlægja óhreinindi úr geyminum áður en geymslukerfið er fyllt af þjöppuðu vetnisgasi eða helíumgasi. Þar eð þrýstingurinn í geymslukerfinu breytist miðað við hita er endanlegi áfyllingarþrýstingurinn fall af hitastiginu. Endanlegi þrýstingurinn skal ákvarðaður með eftirfarandi jöfnu:

$$P_{target} = NWP \times (273 + T_o) / 288$$

þar sem NWP er nafngildi vinnuþrýstings (Mpa), To er sá umhverfishiti sem ætlast er til að geymslukerfið verði stöðugt á, og Ptarget er endanlegi áfyllingarþrýstingurinn eftir að hitinn er orðinn stöðugur.

Geymirinn er fylltur að lágmarki að 95% af endanlega áfyllingarþrýstingnum og hann látinn verða stöðugur (látinn stöðgast) áður en árekstrarprófunin er framkvæmd.

Aðalstopplokum og aðalafsláttarlokum fyrir vetnisgas, sem staðsettir eru neðan við lagnir fyrir vetnisgas, er haldið opið fyrir höggið.

2.1.1. Lekaprófun eftir árekstur – fyllt er á geymslukerfi fyrir þjappað vetni með þjöppuðu vetni

Strax á undan högginu er helíumgasþrýstingur, P_0 (MPa), og hiti, T_0 (°C) mældur og síðan á Δt (mín) tímabili eftir höggið. Tímabilið Δt hefst þegar ökutækið hefur stöðvast eftir höggið og það heldur áfram í a.m.k. 60 mínútur. Tímabilið Δt er lengt ef nauðsyn krefur til að taka tillit til nákvæmni mælinga á geymslukerfi sem hefur mikið rúmmál og er í notkun við allt að 70 Mpa; í því tilviki er hægt að reikna út Δt með eftirfarandi jöfnu:

$$\Delta t = V_{CHSS} \times NWP /1\ 000 \times ((– 0{,}027 \times NWP + 4) \times R_s – 0.21) – 1.7 \times R_s$$

þar sem $R_s = P_s / NWP$, P_s er þrýstingsbil þrýstiskynjarans (Mpa), NWP er nafngildi vinnuþrýstings (Mpa), V_{CHSS} er rúmmál geymslukerfisins fyrir þjappað vetni (L) og Δt er tímabilið (mín). Ef útreiknað gildi fyrir Δt er styttra en 60 mínútur er Δt stillt á 60 mínútur.

Hægt er að reikna út upphaflegan massa vetnis í geymslukerfi á eftirfarandi hátt:

$$P_o' = P_o \times 288 / (273 + T_0)$$

$$\rho_o' = -0{,}0027 \times (P_0')^2 + 0{,}75 \times P_0' + 0{,}5789$$

$$M_o = \rho_o' \times V_{CHSS}$$

Á samsvarandi hátt er hægt að reikna út endanlegan massa vetnis í geymslukerfi, M_f, við lok tímabilsins, á eftirfarandi hátt:

$$P_f' = P_f \times 288 / (273 + T_f)$$

$$\rho_f' = -0{,}0027 \times (P_f')^2 + 0{,}75 \times P_f' + 0{,}5789$$

$$M_f = \rho_f' \times V_{CHSS}$$

þar sem P_f er mældur endanlegur þrýstingur (Mpa) við lok tímabilsins og T_f er mældur endanlegur hiti (°C).

Meðalstreymi vetnis á tímabilinu (sem skal vera minna en viðmiðanirnar í lið 1.2.1) er því:

$$V_{H2} = (M_f - M_o) / \Delta t \times 22{,}41 / 2{,}016 \times (P_{target} / P_o)$$

þar sem V_{H2} er meðaltal rúmmálsstreymis (Nl/mín) á tímabilinu og íðorðið (P_{target} /P_o) er notað til að jafna mismuninn milli mælda upphafsþrýstingsins P_o og endanlega áfyllingarþrýstingsins P_{target}.

2.1.2. Lekaprófun eftir árekstur – fyllt er á geymslukerfi fyrir þjappað vetni með þjöppuðu helíum

Strax á undan högginu eru helíumgasþrýstingur, P_0 (MPa), og hitastig, T_0 (°C), mæld og þar eftir á fyrirframákvörðuðu tímabili eftir höggið. Tímabilið Δt hefst þegar ökutækið hefur stöðvast eftir höggið og það heldur áfram í a.m.k. 60 mínútur.

Tímabilið Δt skal lengt ef nauðsyn krefur til að taka tillit til nákvæmni mælinga á geymslukerfi sem hefur mikið rúmmál og er í notkun við allt að 70 Mpa; í því tilviki er hægt að reikna út Δt með eftirfarandi jöfnu:

$$\Delta t = V_{CHSS} \times NWP / 1\,000 \times ((-0{,}028 \times NWP + 5{,}5) \times R_s - 0{,}3) - 2{,}6 \times R_s$$

þar sem $R_s = P_s / NWP$, P_s er þrýstingsbil þrýstiskynjarans (Mpa), NWP er nafngildi vinnuþrýstings (Mpa), V_{CHSS} er rúmmál geymslukerfisins fyrir þjappað vetni (L) og Δt er tímabilið (mín). Ef gildið fyrir Δt er styttra en 60 mínútur er Δt stillt á 60 mínútur.

Upphaflegur massi vetnis í geymslukerfi er reiknaður út með eftirfarandi aðferð:

$$P_o' = P_o \times 288 / (273 + T_0)$$

$$\rho_o' = -0{,}0043 \times (P_0')^2 + 1{,}53 \times P_0' + 1{,}49$$

$$M_o = \rho_o' \times V_{CHSS}$$

Endanlegur massi vetnis í geymslukerfi er reiknaður út við lok tímabilsins Δt, með eftirfarandi aðferð:

$$P_f' = P_f \times 288 / (273 + T_f)$$

$$\rho_f' = -0{,}0043 \times (P_f')^2 + 1{,}53 \times P_f' + 1{,}49$$

$$M_f = \rho_f' \times V_{CHSS}$$

þar sem P_f er mældur endanlegur þrýstingur (Mpa) við lok tímabilsins og T_f er mældur endanlegur hiti (°C).

Meðalstreymi helíums á tímabilinu er því:

$$V_{He} = (M_f - M_o) / \Delta t \times 22{,}41 / 4{,}003 \times (P_o / P_{target})$$

þar sem V_{He} er meðaltal rúmmálsstreymis (Nl/mín) á tímabilinu og íðorðið (P_o/ P_{target}) er notað til að jafna mismuninn milli mælda upphafsþrýstingsins P_o og endanlega áfyllingarþrýstingsins P_{target}.

Umreikningur á meðalrúmmálsstreymi helíums yfir í meðalstreymi vetnis er gerður með eftirfarandi stæðu:

$$V_{H2} = V_{He} / 0{,}75$$

þar sem V_{H2} er samsvarandi meðaltal rúmmálsstreymis vetnis (sem skal vera minna en viðmiðanirnar í lið 1.2.1 til að standast prófun).

2.2. Prófun á styrkleika í lokuðu rými eftir árekstur

2.2.1. Mælingarnar eru skráðar í árekstrarprófuninni þar sem mögulegur leki vetnis (eða helíums) er metinn eins og ákvarðað er í samræmi við lið 2.1.

2.2.2. Skynjarar eru valdir til að mæla annaðhvort uppsöfnun vetnisgass eða helíumgass eða afoxun súrefnis (vegna tilfærslu lofts vegna leka vetnis/helíums).

2.2.3. Skynjarar eru kvarðaðir með tilliti til rekjanlegra viðmiðana til að tryggja nákvæmni upp á ±5% við markviðmiðanirnar fyrir 4% vetni eða 3% helíum miðað við rúmmál í lofti og a.m.k. 25% mæligetu yfir markviðmiðunum í fullu kvarðaútslagi. Skynjarinn skal geta sýnt 90% svörun við breytingu á styrk á fullu kvarðaútslagi innan 10 sekúndna.

2.2.4. Á undan árekstrinum eru skynjararnir staðsettir í farþegarými og farangursrými ökutækisins með eftirfarandi hætti:

a) í fjarlægð sem er innan 250 mm frá höfuðlínuni yfir sæti ökumanns, eða nærri efstu miðju farþegarýmisins,

b) í fjarlægð sem er innan 250 mm frá gólfinu framan við aftara (eða aftasta) sæti farþegarýmisins,

c) í fjarlægð sem er innan 100 m frá efsta punkti farangursrýma innan í ökutækinu sem verða ekki fyrir beinum áhrifum vegna þess tiltekna höggs við árekstur sem mun eiga sér stað.

2.2.5. Skynjararnir eru festir tryggilega á burðarvirki ökutækisins eða sæti þess og varðir vegna fyrirhugaðrar árekstrarprófunar gegn braki, útblásturslofti úr loftpúðum og hlutum sem fara á flug. Mælingarnar í kjölfar árekstursins eru skráðar með mælitækjum, sem staðsett eru í ökutækinu, eða með fjarsendingu.

2.2.6. Ökutækið getur verið staðsett annaðhvort utandyra á svæði sem er varið gegn vindi og mögulegum áhrifum sólar eða innadyra á svæði sem er nógu stórt eða nógu vel loftræst til að komið sé í veg fyrir uppsöfnun vetnis yfir 10% af markviðmiðum í farþegarými, farangursrými og farmrými.

2.2.7. Gagnasöfnun í lokuðum rýmum eftir árekstur hefst þegar ökutækið hefur stöðvast. Gögnum frá skynjurunum er safnað á a.m.k. 5 sekúndna fresti og því er haldið áfram í 60 mínútur eftir prófunina. Heimilt er að nota fyrsta stigs töf (tímastuðul), allt að 5 sekúndur, í mælingum til að veita „jöfnun“ og sía áhrif frá fölskum gagnapunktum.

2.2.8. Á 60 mínútna prófunartímabilinu eftir árekstur skal síaður aflestur frá hverjum skynjara ávallt vera undir markviðmiðunum sem eru 3 ± 1,0% fyrir vetni eða 2,25 ± 0,75% fyrir helíum.

2.3. Samræmisprófun vegna einstakra bilunaraðstæðna

Framkvæma skal prófunaraðferðina í annaðhvort lið 2.3.1 eða lið 2.3.2:

2.3.1. Prófunaraðferð vegna ökutækis sem búið er nemum fyrir vetnisgasleka

2.3.1.1. Prófunarskilyrði

2.3.1.1.1. Prófunarökutæki: Knúningskerfi prófunarökutækis er ræst, hitað upp í eðlilegan ganghita þess og látið vera í gangi meðan á prófun stendur. Ef ökutækið er ekki með efnarafala er það hitað upp og því haldið í lausagangi. Ef prófunarökutækið er með búnað til að stöðva lausagang sjálfvirkt skal gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að hreyfillinn stöðvist.

2.3.1.1.2. Prófunargas: Tvær blöndur af lofti og vetnisgasi: 2 ± 1,0% styrkur (eða minna) vetnis í loftinu til að sannprófa virkni viðvörunarinnar og 3 ± 1,0% styrkur (eða minna) vetnis í loftinu til að sannprófa virkni afsláttarins. Hæfilegur styrkur er valinn á grundvelli ráðlegginga framleiðanda (eða forskriftar nemans).

2.3.1.2. Prófunaraðferð

2.3.1.2.1. Undirbúningur prófunar: Prófunin er framkvæmd án áhrifa vinds með viðeigandi aðferðum, svo sem:

a) inntaksslanga fyrir prófunargastegundir er tengd við nema fyrir vetnisgasleka,

b) neminn fyrir vetnisleka er umlukinn með hlíf til að gas haldist í kringum hann.

2.3.1.2.2. Framkvæmd prófunar:

a) prófunargasi er blásið á nemann fyrir vetnisgasleka,

b) rétt virkni viðvörunarkerfisins er staðfest þegar það er prófað með gasinu til að sannprófa virkni viðvörunarinnar,

c) Staðfest er að aðalafsláttarlokinn er lokaður þegar hann er prófaður með gasinu til að sannreyna virkni afsláttarins. Til dæmis má nota vöktun á rafaflinu til afsláttarloka eða á hljóðinu í virkjun afsláttarloka til að staðfesta virkni aðalafsláttarloka vetnisgjafarinnar.

2.3.2. Prófunaraðferð vegna heilleika lokaðra rýma og greinikerfa.

2.3.2.1. Undirbúningur:

Prófunin er framkvæmd án áhrifa vinds.

Sérstaklega skal beina athygli að prófunarumhverfinu, þar eð eldfimar blöndur vetnis og lofts geta myndast við prófunina.

2.3.2.1.1. Áður en prófun á sér stað er ökutækið undirbúið til að hægt sé að losa vetni úr vetniskerfinu með fjarstýringu. Framleiðandi ökutækis skilgreinir fjölda, staðsetningu og flutningsgetu losunarstaða neðan við aðalafsláttarloka vetnis með tilliti til verstu hugsanlegu lekaaðstæðna við eina bilun. Heildarstreymi allra fjarstýrðra losana skal hið minnsta vera nægilegt til að sýna megi fram á virkni sjálfvirka viðvörunarkerfisins og afsláttarloka vetnis.

2.3.2.1.2. Hvað prófunina varðar er nemi fyrir styrk vetnis settur upp þar sem vetnisgas getur safnast mest fyrir í farþegarými (t.d. nálægt innri þakklæðningu) við prófun á því að farið sé að ákvæðum í lið 1.1.3.2 og nemar fyrir styrk vetnis eru settir upp í lokuðu eða hálflokuðu rými í ökutækinu þar sem vetni getur safnast fyrir þegar líkt er eftir losun vetnis við prófun á samræmi við lið 1.1.3.1.

2.3.2.2. Verkferli:

Hurðir, gluggar og önnur lok ökutækis eru lokuð.

Knúningskerfið er ræst, því er leyft hitna upp í eðlilegan ganghita þess og látið vera í lausagangi meðan á prófun stendur.

Hermt er eftir leka með því að nota aðgerð sem hægt er að stjórna með fjarstýringu.

Styrkur vetnis er mældur samfellt þar til styrkurinn eykst ekki í þrjár mínútur. Við prófun á samræmi við lið 1.1.3.3 er lekinn sem hermt er eftir síðan aukinn með því að nota virknina sem hægt er að stjórna með fjarstýringu þar til aðalafsláttarloki vetnis er lokaður og viðvörun frá gaummerki fer í gang. Nota má vöktun á rafafli til afsláttarloka eða á hljóðinu í virkjun afsláttarloka til að staðfesta virkni aðalafsláttarloka vetnisgjafarinnar.

Við prófun á samræmi við lið 1.1.3.2 er prófuninni lokið með tilskildum árangri ef styrkur vetnis í farþegarýminu fer ekki yfir 1,0%. Við prófun á samræmi við lið 1.1.3.3 er prófuninni lokið með viðeigandi hætti ef viðvörun frá gaummerki og afsláttarvirkni fer í gang á (eða undir) þeim stigum sem tilgreind eru í lið 1.1.3.3, en annars er prófunin misheppnuð og kerfið talið óhæft til notkunar í ökutæki.

2.4. Samræmisprófun á útblásturskerfi ökutækis

2.4.1. Aflkerfi prófunarökutækisins (t.d. efnarafalastæða eða hreyfill) er hitað upp í eðlilegan ganghita þess.

2.4.2. Mælibúnaðurinn er hitaður upp í eðlilegan ganghita hans fyrir notkun.

2.4.3. Mælingarhluta mælibúnaðarins er komið fyrir á miðlínu streymis útblásturslofts í innan við 100 mm fjarlægð frá losunarstað útblásturs utan við ökutækið.

2.4.4. Styrkur vetnis í útblæstri er mældur samfellt meðan á eftirfarandi þrepum stendur:

a) slökkt er á aflkerfinu,

b) aflkerfið er þegar í stað ræst eftir að ferlinu við að slökkva á því er lokið og

c) eftir eina mínútu er slökkt á aflkerfinu og mælingin heldur áfram þar til ferlinu við að slökkva á því er lokið.

2.4.5. Mælibúnaðurinn skal hafa mælisvörunartíma sem er styttri en 300 millisekúndur.

2.5. Samræmisprófun á leka í eldsneytisleiðslu

2.5.1. Aflkerfi prófunarökutækisins (t.d. efnarafalastæða eða hreyfill) er hitað upp og er í gangi við eðlilegan ganghita þess og vinnsluþrýstingnum er beitt á eldsneytisleiðslurnar.

2.5.2. Vetnisleki er metinn á aðgengilegum hlutum eldsneytisleiðslna frá hlutanum sem er í háþrýstingi að efnarafalastæðunni (eða hreyflinum) með nema fyrir gasleka eða lekaleitarvökva, s.s. sápulausn.

2.5.3. Leit að vetnisleka er einkum framkvæmd við samskeyti.

2.5.4. Þegar nemi fyrir gasleka er notaður er greining framkvæmd með því að hafa lekanemann virkan í a.m.k. 10 sekúndur á stöðum sem eru eins nálægt eldsneytisleiðslum og mögulegt er.

2.5.5. Þegar lekaleitarvökvi er notaður er greining á leka vetnisgass framkvæmd strax eftir að vökvinn hefur verið notaður. Auk þess eru sjónrænar athuganir gerðar nokkrum mínútum eftir að vökvinn er notaður, til að kanna hvort loftbólur eru til staðar sem rekja má til leka.

2.6. Sannprófun á uppsetningu

Sjónræn skoðun fer fram á kerfinu til að athuga hvort farið sé að tilskildum ákvæðum.

2.7. Lekaprófun á geymslukerfi fyrir fljótandi vetni eftir árekstur

Fyrir árekstrarprófun ökutækis eru eftirfarandi ráðstafanir gerðar til að undirbúa geymslukerfið fyrir fljótandi vetni:

a) Ef ökutækið hefur ekki þegar eftirfarandi eiginleika sem hluta af staðalökutækinu skal setja eftirfarandi upp fyrir prófun:

— þrýstiskynjara geymslukerfis fyrir fljótandi vetni: þrýstiskynjarinn skal hafa fullt kvarðaútslag aflestrar sem er a.m.k. 150% af leyfilegum hámarksvinnuþrýstingi, nákvæmni sem er a.m.k. 1% af fullu kvarðaútslagi og geta sýnt aflestrargildi sem eru a.m.k. 10 kPa,

— hitaskynjara geymslukerfis fyrir fljótandi vetni; hitaskynjarinn skal hafa getu fyrir mælingu á lághita sem búist er við fyrir árekstur, skynjarinn er staðsettur á úttaki, eins nálægt geymi og mögulegt er,

b) áfyllingar-/tæmingarop: hann skal hafa getu til að bæta við og fjarlægja bæði fljótandi og loftkennt innihald geymslukerfis fyrir fljótandi vetni fyrir og eftir árekstrarprófunina,

c) geymslukerfið fyrir fljótandi vetni er hreinsað með a.m.k. 5 rúmmálseiningum af köfnunarefnisgasi,

d) geymslukerfið fyrir fljótandi vetni er fyllt með köfnunarefni sem jafngildir hámarksmagni áfyllingar af vetni miðað við þyngd,

e) eftir áfyllingu skal loka loftopinu fyrir (köfnunarefnis-) gasið og leyfa ílátinu að ná jafnvægi.

Lekaþéttni geymslukerfisins fyrir fljótandi vetni er staðfest.

Þegar þrýstings- og hitaskynjarar í geymslukerfinu fyrir fljótandi vetni sýna að kerfið hafi kólnað og náð jafnvægi skal láta ökutækið lenda í árekstri í samræmi við landsbundnar eða svæðisbundnar reglur. Þegar árekstrinn hefur átt sér stað skal hvorki vera sýnilegur leki á köldu köfnunarefnisgasi né vökva í a.m.k. 1 klukkustund eftir áreksturinn. Að auki skal sýna fram á virkni þrýstistilla eða þrýstiloka til að tryggja að geymslukerfið fyrir fljótandi vetni sé varið gegn sprengingu eftir áreksturinn. Ef áreksturinn hefur ekki stefnt lofttæminu í geymslukerfinu fyrir fljótandi vetni í hættu má bæta köfnunarefnisgasi við geymslukerfið fyrir fljótandi vetni inn um áfyllingar-/tæmingarop þar til þrýstistillar og/eða þrýstilokar eru virkjaðir. Ef um er að ræða endurlokandi þrýstistilla eða þrýstiloka skal sýna fram á virkjun og endurlokun í a.m.k. tvær lotur. Ekki skal lofta útblæstri frá losun þrýstistilla eða þrýstiloka inn í farþega- eða farangursrými meðan á þessum prófunum eftir árekstur stendur.

Framleiðandi getur valið á milli prófunaraðferðarinnar sem um getur í lið 2.7.1 eða annars konar prófunaraðferðar í lið 2.7.2 (sem inniheldur liði 2.7.2.1 og 2.7.2.2).

2.7.1. Lekaprófun á geymslukerfi fyrir fljótandi vetni eftir árekstur

2.7.1.1. Þegar staðfest hefur verið að þrýstistillirinn og/eða öryggislokarnir virki enn má sýna fram á lekaþéttni geymslukerfisins fyrir fljótandi vetni með því að greina alla hluta sem hugsanlega leka með skynjara í kvörðuðum lekaprófunarbúnaði fyrir helíum sem er notaður til að greina lykt. Framkvæma má prófunina sem annars konar prófun ef eftirfarandi forsendur eru uppfylltar:

a) enginn hugsanlegur leki skal vera undir gildinu fyrir fljótandi köfnunarefni sem tilgreint er á geymsluílátinu,

b) allir hlutar þar sem hugsanlegur leki getur orðið eru hafðir undir þrýstingi með helíumgasi þegar geymslukerfið fyrir fljótandi vetni er undir þrýstingi,

c) hægt er að fjarlægja nauðsynlegar hlífar og/eða klæðningar og hluta yfirbyggingar til að fá aðgang að öllum stöðum þar sem hugsanlegur leki getur orðið.

2.7.1.2. Áður en prófun á sér stað skal framleiðandinn leggja fram skrá yfir alla hluta geymslukerfisins fyrir fljótandi vetni sem gætu lekið. Hlutar sem hugsanlega leka eru:

a) allar tengingar milli pípna og milli pípna og geymis,

b) öll suða pípna og íhluta neðan við geyminn,

c) lokar,

d) sveigjanlegar leiðslur,

e) skynjarar.

2.7.1.3. Áður en lekaprófunin á geymslukerfi fyrir fljótandi vetni fer fram skal lækka yfirþrýsting þess niður í loftþrýsting og í kjölfarið skal geymslukerfið fyrir fljótandi vetni haft undir þrýstingi með helíum upp að a.m.k. vinnsluþrýstingi, en þó vel undir venjulegri stillingu þrýstistillis (þannig að þrýstistillarnir fari ekki í gang meðan á prófunartímabilinu stendur). Prófuninni er lokið með tilskildum árangri ef heildarmagn lekans (þ.e. summa allra greindra lekastaða) er minni en 216 Nml/klst.

2.7.2. Annars konar lekaprófun eftir árekstur á geymslukerfi fyrir fljótandi vetni

Báðar prófanir í liðum 2.7.2.1.og 2.7.2.2. eru framkvæmdar samkvæmt prófunaraðferðinni sem um getur í lið 2.7.2.

2.7.2.1. Annars konar lekaprófun eftir árekstur

2.7.2.1.1. Þegar staðfest hefur verið að þrýstistillir og/eða öryggislokar virki enn má framkvæma eftirfarandi prófun til að mæla leka eftir árekstur. Prófunin á styrk sem lýst er í lið 2.1.1 skal framkvæmd samhliða 60 mínútna prófunartímabilinu ef styrkur vetnis hefur ekki þegar verið mældur með beinum hætti eftir árekstur ökutækisins.

2.7.2.1.2. Lofta skal geyminn til að ná loftþrýstingi og fjarlægja skal fljótandi innihald geymisins og geymirinn skal hitaður upp að umhverfishita. Hægt er að framkvæma upphitunina með því t.d. að hreinsa hylkið nógu oft með volgu köfnunarefni eða með því að auka þrýstinginn í lofttæminu.

2.7.2.1.3. Ef stillipunktur þrýstistillis er lægri en 90% af hæsta leyfilega vinnuþrýstingi skal aftengja þrýstistillinn þannig að hann verði ekki virkur og lofti út gasi meðan á lekaprófun stendur.

2.7.2.1.4. Geymirinn skal síðan hreinsaður með helíum, annaðhvort með því að:

a) láta a.m.k. 5 rúmmálseiningar renna í gegnum ílátið eða

b) setja þrýsting á eða taka þrýsting af geyminum í geymslukerfinu fyrir fljótandi vetni a.m.k. fimm sinnum.

2.7.2.1.5. Geymslukerfið fyrir fljótandi vetni skal síðan fyllt með helíum upp að 80% af leyfilegum hámarksvinnuþrýstingi geymisins eða innan við 10% af stillingu fyrsta þrýstiloka, eftir því hvort leiðir til lægri þrýstings, og látið halda honum í 60 mínútur. Mælt þrýstingstap á 60 mínútna prófunartímabili skal vera minna en eða jafnt og eftirfarandi viðmiðun sem byggist á vökvarúmtaki geymslukerfisins fyrir fljótandi vetni:

a) 0,20 MPa leyfilegt tap í kerfum sem rúma 100 l eða minna,

b) 0,10 MPa leyfilegt tap í kerfum sem rúma meira en 100 l og minna en eða jafnt og 200 l og

c) 0,05 MPa leyfilegt tap í kerfum sem rúma meira en 200 lítra.

2.7.2.2. Prófun á lokuðum rýmum eftir árekstur

2.7.2.2.1. Mælingarnar skulu skráðar í árekstrarprófuninni þar sem metinn er mögulegur leki fljótandi vetnis í prófunaraðferðinni í lið 2.7.2.1, ef geymslukerfið fyrir fljótandi vetni inniheldur vetni til að nota í árekstrarprófuninni, eða við helíumlekaprófunina í prófunaraðferðinni í lið 2.2.

2.7.2.2.2. Velja skal skynjara til að mæla uppsöfnun vetnis eða helíums (eftir því hvort gasið er notað í geymslukerfum fyrir fljótandi vetni (LHSS) fyrir árekstrarprófunina). Skynjarar geta mælt annaðhvort vetnis-/helíuminnihald andrúmsloftsins innan hólfanna eða mælt minnkun á súrefni (vegna tilfærslu lofts með leka vetnis/helíums).

2.7.2.2.3. Kvarða skal skynjarana með tilliti til rekjanlegra viðmiðana, með 5% aflestrarnákvæmni við markviðmiðanirnar fyrir 4% vetni (fyrir prófun með fljótandi vetni) eða 0,8% helíum miðað við rúmmál í lofti (fyrir prófun við stofuhita með helíum) og a.m.k. 25% meiri getu til mælinga í fullu útslagi en markviðmiðanirnar segja til um. Skynjarinn skal geta sýnt 90% svörun við breytingu á styrk á fullu kvarðaútslagi innan 10 sekúndna.

2.7.2.2.4. Uppsetning í ökutækjum með geymslukerfi fyrir fljótandi vetni skal uppfylla sömu kröfur og fyrir ökutæki með geymslukerfi fyrir þjappað vetni í lið 2.2. Safna skal gögnum frá skynjurum á a.m.k. 5 sekúndna fresti og því haldið áfram í 60 mínútur eftir að ökutækið er stöðvað ef vetni er mælt eftir árekstur, eða eftir að helíumlekaprófun er hafin ef verið er að mæla uppsöfnun helíums. Nota má allt að 5 sekúndna hlaupandi meðaltal í mælingum til að veita „jöfnun“ og sía áhrif frá fölskum gagnapunktum. Á öllu 60 mínútna tímabilinu eftir árekstur skal hlaupandi meðaltal hvers skynjara vera undir markviðmiðunum um 4% vetni (fyrir prófun með fljótandi vetni) eða 0,8% helíum miðað við rúmmál í lofti (fyrir prófun við stofuhita með helíum).

E-þáttur

Tækniforskriftir fyrir vélknúin ökutæki að því er varðar vetniskerfi þeirra, þ.m.t. efnissamhæfi, áfyllingarmótstykki og auðkenni ökutækis

1. Almennar kröfur er varða ökutæki sem búin eru geymslukerfi fyrir þjappað vetni sem eru til viðbótar við kröfur sem settar eru fram í reglugerð SÞ nr. 134 ([1]) og er varða ökutæki sem búin eru geymslukerfi fyrir fljótandi vetni.

1.1. Uppsettir íhlutir í geymslukerfi fyrir þjappað vetni, þ.e. háþrýstihylki og aðallokunarbúnaður sem samanstendur af þrýstiloka sem virkjast við hita, einstefnuloka og sjálfvirkum afsláttarloka, skulu gerðarviðurkenndir og merktir í samræmi við þessa reglugerð ásamt reglugerð SÞ nr. 134 (þ.e. krafist er tveggja merkinga).

1.2. Uppsettir íhlutir í geymslukerfi fyrir fljótandi vetni, þ.e. þrýstilokar og lokunarbúnaður, skulu gerðarviðurkenndir og merktir í samræmi við þessa reglugerð.

1.3. Framleiðandi skal, eins og sett er fram í F-þætti, sjá til þess að smíðaefni sem notuð eru í vetnisgeymslukerfum séu samhæfð vetni og áætluðum aukefnum og aðskotaefnum úr framleiðslu og áætluðu hitastigi og þrýstingi. Þetta á ekki við um efni sem komast ekki í snertingu við vetni við venjulegar aðstæður.

1.4. Auðkenni ökutækis.

1.4.1. Ef um er að ræða vetnisökutæki í flokkum M_1 og N_1 skal setja einn merkimiða í vélarrými (eða jafngildi) ökutækisins og einn nálægt áfyllingarmótstykki.

1.4.2. Ef um er að ræða ökutæki í flokkum M_2 og M_3 skal setja merkimiða framan og aftan á ökutækið, nálægt áfyllingarmótstykki, og til hliðar við hverja hurð eða hurðapar.

1.4.3. Ef um er að ræða vetnisökutæki í flokkum N_2 og N_3 skal setja merkimiða framan og aftan á ökutækið og nálægt áfyllingarmótstykki.

1.4.4. Merkimiðar skulu vera í samræmi lið 4. til 4.7 í alþjóðlegum staðli ISO 17840-4:2018.

2. Kröfur um áfyllingarmótstykki fyrir ökutæki sem búin eru geymslukerfi fyrir þjappað vetni sem eru til viðbótar við kröfur sem settar eru fram í reglugerð SÞ nr. 134 og er varða ökutæki sem búin eru geymslukerfi fyrir fljótandi vetni.

([1]) Reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 134 — Samræmd ákvæði um viðurkenningu vélknúinna ökutækja og íhluta þeirra að því er varðar öryggistengda frammistöðu vetnisknúinna ökutækja (HFCV) [2019/795] (Stjtíð ESB L 129, 17.5.2019, bls. 43).

2.1. Merkimiði fyrir áfyllingarmótstykki:

Festa skal merkimiða nálægt eldsneytisílátinu, t.d. inni í lúgu áfyllingarmótstykkis, sem sýnir eftirfarandi upplýsingar: eldsneytistegund (t.d. „CHG“ fyrir loftkennt vetni), hámarksáfyllingarþrýsting, nafngildi vinnuþrýstings, dagsetningu þegar geymar skulu teknir úr notkun.

2.2. Áfyllingarmótstykki skal uppsett á ökutæki til að tryggja að áfyllingarstúturinn læsist örugglega. Mótstykkið skal varið gegn óheimilum breytingum og innstreymi óhreininda og vatns (t.d. uppsett í rými sem hægt er að læsa). Prófunaraðferðin er sjónræn skoðun.

2.3. Áfyllingarmótstykki skal ekki uppsett innan við ytri orkugleypandi hluta ökutækisins (t.d. stuðarans) og skal ekki uppsett í farþegarými, farangursrými eða öðrum stöðum þar sem vetnisgas getur safnast og þar sem ekki er nægileg loftræsting. Prófunaraðferðin er sjónræn skoðun.

2.4. Lögun áfyllingarmótstykkis í ökutækjum sem knúin eru þjöppuðu vetnisgasi skal uppfylla alþjóðlegan staðal ISO 17268:2012 (eða síðari endurskoðun) og vera í samræmi við forskrift H35, H35HF, H70 eða H70HF með hliðsjón af nafngildi vinnuþrýstings og tiltekinnar notkunar þess.

2.5. Ef við á og staðall, eins og tilgreint er í lið 2.4, er ekki fyrir hendi getur framleiðandi ákveðið lögun áfyllingarmótstykkis í ökutækjum sem knúin eru fljótandi vetnisgasi, með samþykki tækniþjónustu.

F-þáttur

Tækniforskriftir um efnissamhæfi vetnisíhluta

1. Kröfur

1.1. Í þessum þætti eru settar fram kröfur og prófunaraðferðir fyrir geymslukerfi og íhluti í geymslukerfi fyrir þjappað vetni og geymslukerfi fyrir fljótandi vetni með tilliti til efnissamhæfis. Þetta á ekki við um efni sem komast ekki í snertingu við vetni við venjulegar aðstæður.

2. Sértækar kröfur

2.1. Efnin sem notuð eru í geymslukerfi fyrir þjappað vetni skulu vera samhæfð vetni þegar þau eru í snertingu við vetni á fljótandi og/eða loftkenndu formi. Ósamhæf smíðaefni skulu ekki vera í snertingu við hvert annað.

2.2. Stál

2.2.1. Stál notað í geymslukerfi fyrir þjappað vetni skal vera í samræmi við kröfur um smíðaefni í liðum 6.1 til 6.4 í staðli EN 9809-1:2018 eða liðum 6.1 til 6.3 í staðli EN 9809-2:2018 eins og við á.

2.3. Ryðfrítt stál

2.3.1. Ryðfrítt stál notað í geymslukerfi fyrir þjappað vetni skal vera í samræmi við liði 4.1 til 4.4 í staðli EN 1964-3:2000.

2.3.2. Soðið ryðfrítt stál fyrir fóðringu geyma skal vera í samræmi við liði 4.1 til 4.3, sem og liði 6.1, 6.2 og 6.4 í staðli EN 13322-2:2006 eins og við á.

2.4. Álblendi

2.4.1. Álblendi notað í geymslukerfi fyrir þjappað vetni skal vera í samræmi við kröfur um smíðaefni í liðum 6.1 og 6.2 í alþjóðlegum staðli ISO 7866:2012.

2.4.2. Soðið álblendi fyrir fóðringu geyma skal vera í samræmi við liði 4.2 og 4.3, þ.e. liði 4.1.2 og 6.1 í staðli EN 12862:2000.

2.5. Hylki úr plastefnum

2.5.1. Smíðaefni fyrir fóðringu úr plasti í vetnisgeymsluílátum mega vera hitaherðandi eða hitadeig.

2.6. Trefjar

2.6.1. Framleiðandi geymisins skal geyma á skrá á fyrirhuguðum endingartíma hönnunar geymisins birtar forskriftir fyrir samsett efni að meðtöldum helstu niðurstöðum úr prófunum, þ.e. prófun á togþoli, ráðleggingum framleiðanda efnisins um geymslu, skilyrði og geymsluþol.

2.6.2. Framleiðandi geymisins skal geyma á skrá á fyrirhuguðum endingartíma hverrar framleiðslulotu af geymum, vottorð framleiðanda trefjanna um að hver sending sé í samræmi við forskrift framleiðandans fyrir vöruna.

2.6.3. Framleiðandinn skal tafarlaust gera upplýsingarnar aðgengilegar að beiðni landsbundins yfirvalds sem ber ábyrgð á framkvæmd markaðseftirlits, sem og að beiðni framkvæmdastjórnarinnar.

2.7. Resín

2.7.1. Fjölliðuefni fyrir gegndreypingu trefja mega vera hitaherðandi eða hitadeig resín.

3. Vetnissamhæfisprófun

3.1. Að því er varðar málmefni sem notuð eru í geymslukerfi fyrir þjappað vetni skal sýna fram á samhæfi efnisins við vetni, þ.m.t. málmsuðna, í samræmi við alþjóðlega staðla ISO 11114-1:2017 og ISO 11114-4:2017, þar sem prófanirnar eru framkvæmdar í vetnisumherfi sem gert er ráð fyrir við notkun (þ.e. í tilviki kerfis fyrir 70 Mpa er samhæfisprófun á vetni framkvæmd í 70 Mpa umhverfi við –40 °C hitastig). Að öðrum kosti má, í samráði við tækniþjónustu og gerðarviðurkenningaryfirvald, sýna fram á að farið sé að ákvæðum í samræmi við staðalinn SAE J2579:2018.

3.2. Ekki er nauðsynlegt að sýna fram á að farið sé að ákvæðum í lið 3.1 að því er varðar:

a) stál sem er í samræmi við liði 6.3 og 7.2.2 í staðli EN 9809-1:2018,

b) álblendi sem er í samræmi við lið 6.1 í alþjóðlegum staðli ISO 7866:2012 eða

c) geyma sem eru alveg vafðir fóðringu úr öðru en málmi.

3.3. Að því er varðar efni sem eru notuð í geymslukerfi fyrir fljótandi vetni skal sýna fram á samhæfi í samræmi við alþjóðlega staðalinn EN 1251-1:2000 og DIN EN ISO 21028-1:2017-01 eða, að vali framleiðanda, við aðra viðeigandi staðla, s.s. SAE J2579:2018, að því marki sem við á og mögulegt er, við prófanir sem eru framkvæmdar í vetnisumhverfi sem gert er ráð fyrir í notkun. Hægt er að sýna fram á efnissamhæfi við vetni annaðhvort með sýnishorni eða á geymslukerfinu eða íhlutnum sjálfum með forsendum um álag sem eru viðeigandi fyrir notkun. Tækniþjónustan skal sannprófa öll þessi atriði og niðurstöður úr prófun skulu skjalfestar í smáatriðum í prófunarskýrslunni.

3. HLUTI

A-þáttur

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ (ÖKUTÆKJAKERFI)

Tilkynning um *veitingu*/*rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* ([2]) á gerðarviðurkenningu gerðar ökutækis að því er varðar vetniskerfi, þ.m.t. efnissamhæfi og áfyllingarmótstykki, í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í XIV. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/535, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. …/…

Númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins:

Ástæða fyrir *rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* ([2]):

I. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við I. þátt sniðmáts fyrirmyndar B í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

II. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við II. þátt sniðmáts fyrirmyndar B í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

Viðbót

við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð númer …

Viðbótarupplýsingar

Gerðarviðurkenningarnúmer í samræmi við reglugerð SÞ nr. 134 og reglugerð (ESB) 2021/535 fyrir vetniskerfi og sérhvern íhlut sem er settur upp á gerð ökutækis:

1. Öryggistengd frammistaða vetnisknúins ökutækis þegar það er búið þjöppuðu vetnisgeymslukerfi eða -kerfum:

   Reglugerð SÞ nr. 134:

2. Vetnisgeymslukerfi, eitt eða fleiri:

   Reglugerð SÞ nr. 134:

   Reglugerð (ESB) 2021/535:

3. Sjálfvirkur afsláttarloki/-lokar:

   Reglugerð SÞ nr. 134:

   Reglugerð (ESB) 2021/535:

4. Einstreymisloki/-lokar eða einstefnuloki/-lokar:

   Reglugerð SÞ nr. 134:

   Reglugerð (ESB) 2021/535:

5. Þrýstiloki sem virkjast við hita:

   Reglugerð SÞ nr. 134:

   Reglugerð (ESB) 2021/535:

([2]) Strika skal yfir það sem á ekki við.

B-þáttur

ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ (ÍHLUTIR)

Tilkynning um *veitingu*/*rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* ([3]) á gerðarviðurkenningu gerðar íhlutar fyrir vetniskerfi í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í XIV. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/535, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. …/…

Númer ESB-gerðarviðurkenningarvottorðsins:

Ástæða fyrir *rýmkun*/*synjun*/*afturköllun* ([3]):

I. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við I. þátt sniðmáts fyrirmyndar C í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

II. ÞÁTTUR

(Skal fyllt út í samræmi við II. þátt sniðmáts fyrirmyndar C í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/683)

Viðbót

við ESB-gerðarviðurkenningarvottorð númer …

1. Viðbótarupplýsingar:
2. Stutt lýsing á íhlutnum með tilliti til hönnunareiginleika hans og smíðaefna:
3. Dæmi um ESB-gerðarviðurkenningarmerkingu:
4. Athugasemdir:

([3]) Strika skal yfir það sem á ekki við.

C-þáttur

ESB-gerðarviðurkenningarmerki íhluta

1. ESB-gerðarviðurkenningarmerkið fyrir íhluti sem um getur í 2. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2018/858 skal samanstanda af eftirfarandi:

1.1. Rétthyrningi utan um lágstafinn „e“ en á eftir honum komi auðkennisnúmer aðildarríkisins sem veitti ESB-gerðarviðurkenningu íhlutarins eða aðskildu tæknieiningarinnar í samræmi við eftirfarandi:

1	fyrir Þýskaland	19	fyrir Rúmeníu
2	fyrir Frakkland	20	fyrir Pólland
3	fyrir Ítalíu	21	fyrir Portúgal
4	fyrir Holland	23	fyrir Grikkland
5	fyrir Svíþjóð	24	fyrir Írland
6	fyrir Belgíu	25	fyrir Króatíu
7	fyrir Ungverjaland	26	fyrir Slóveníu
8	fyrir Tékkland	27	fyrir Slóvakíu
9	fyrir Spán	29	fyrir Eistland
		32	fyrir Lettland
12	fyrir Austurríki	34	fyrir Búlgaríu
13	fyrir Lúxemborg	36	fyrir Litáen
17	fyrir Finnland	49	fyrir Kýpur
18	fyrir Danmörku	50	fyrir Möltu


1.2. Í námunda við rétthyrninginn, tveimur tölustöfum sem gefa til kynna röð breytinga, þar sem mælt er fyrir um kröfurnar sem þessir íhlutir eru í samræmi við, „00“ eins og sakir standa, og þar á eftir komi bil og fimm stafa talan sem um getur í lið 2.4 í IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/858.

2. ESB-gerðarviðurkenningarmerki íhluta skal vera óafmáanlegt og auðlæsilegt.

3. Dæmi um ESB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar er sýnt á mynd 1.

Mynd 1

Dæmi um ESB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar



Skýring:

Skýringartexti ESB-gerðarviðurkenning íhlutar var gefin út af Hollandi með númeri 00406. Fyrstu tveir tölustafirnir „00“ gefa til kynna að þessi íhlutur var viðurkenndur í samræmi við þessa reglugerð.

_____

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2019/1752 **2022/EES/70/06**

frá 25. febrúar 2019

um gerð spurningalista sem og um snið og tíðni skýrslna sem aðildarríki eiga að taka saman í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/852

(tilkynnt með númeri C(2019) 1423) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/852 frá 17. maí 2017 um kvikasilfur og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1102/2008 ([1]), einkum annarri undirgrein 2. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/852 er gerð sú krafa að aðildarríki leggi fyrir framkvæmdastjórnina og geri aðgengilega öllum á netinu skýrslu með upplýsingum um framkvæmd þessarar reglugerðar, sem og tilteknar aðrar upplýsingar sem tilgreindar eru í því ákvæði, eigi síðar en 1. janúar 2020 og með viðeigandi millibili eftir það.

2) Semja ætti spurningalistana, sem aðildarríkin skulu nota við skýrslugjöfina í samræmi við 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/852, á þann hátt að það hjálpi framkvæmdastjórninni við að gefa skýrslu til Evrópuþingsins og ráðsins um framkvæmd og endurskoðun á þeirri reglugerð skv. 2. mgr. 19. gr. hennar. Þeir ættu einnig að gera Sambandinu kleift að uppfylla kvöð sína um skýrslugjöf skv. 21. gr. Minamatasamningsins um kvikasilfur sem var samþykktur í Kumamoto í Japan 10. október 2013 (hér á eftir nefndur „samningurinn“).

3) Jafnvel þó að spurningalistar fyrir skýrslugjöf samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/852 megi ekki, í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar, hafa í för með sér tvöfalda kvöð um skýrslugjöf fyrir aðila að samningnum, eins og mælt er fyrir um í ákvörðun MC-1/8 sem ráðstefna aðilanna að samningnum samþykkti á fyrsta fundi sínum ([2]), þykir rétt að í þeim sé fjallað um ákveðna liði skýrslugjafar, sem falla undir ákvörðun MC-1/8, til að tilgreina nánar þær upplýsingar sem er krafist til að unnt sé að gera skilvirkt mat á framkvæmd reglugerðar (ESB) 2017/852.

4) Gefa ætti skýrslu árlega um upplýsingar um innflutning á kvikasilfri og blöndum kvikasilfurs með kvikasilfursstyrk sem nemur a.m.k. 95% miðað við þyngd í ljósi þeirra verulegu áhrifa sem röng meðhöndlun kvikasilfurs getur haft á umhverfið og lýðheilsu. Til að draga úr stjórnsýslubyrði ætti þó að víkja frá þeirri skyldu að veita slíkar upplýsingar ef aðildarríki lætur framkvæmdastjórninni í té afrit af eyðublaði/eyðublöðum sem notuð eru til að veita eða synja um skriflegt samþykki fyrir innflutningi samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2017/852.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 269, 23.10.2019, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2022 frá 18. mars 2022 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 45, 7.7.2022, bls. 62.

([1]) Stjtíð. ESB L 137, 24.5.2017, bls. 1.

([2]) Ákvörðun MC-1/8 „Timing and format of reporting by the parties, Report of the Conference of the Parties to the Minamata Convention on Mercury on the work of its first meeting“ (http://www.mercuryconvention.org).

5) Ef upplýsingar sem eiga að koma fram í skýrslunni eru tengdar landfræðilega staðsettum fyrirtækjum, s.s. iðjuverum og iðnaðarstöðvum, ætti að greina frá upplýsingunum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB ([3]).

6) Spurningalistarnir ættu að fjalla um lykilákvæði reglugerðar (ESB) 2017/852, þ.m.t. að hverfa í áföngum frá framleiðsluferlum sem fela í sér notkun kvikasilfurs eða kvikasilfurssambanda, óvélvæddan og minni háttar gull-námugröft og -vinnslu og tannsilfur, og einnig ætti að gera kröfu um upplýsingar um umtalsverða erfiðleika við að koma öðrum ákvæðum þeirrar reglugerðar til framkvæmda. Í þeim ætti enn fremur að gera kröfu um veitingu upplýsinga um helstu árangursmælikvarða, þ.m.t. gögn um viðskipti með kvikasilfur og um magn kvikasilfurs sem er geymt eða fargað.

7) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 22. gr. reglugerðar (ESB) 2017/852.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Að því er varðar skýrslugjöf til framkvæmdastjórnarinnar um framkvæmd 4. gr. reglugerðar (ESB) 2017/852 í samræmi við 1. mgr. 18. gr. þeirrar reglugerðar skulu aðildarríkin nota spurningalistann sem settur er fram í I. viðauka við þessa ákvörðun.

2. Upplýsingarnar sem um getur í lið 1.1 í I. viðauka skulu gerðar aðgengilegar fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 31. janúar ár hvert (N) fyrir skýrslugjafarárið N-1.

Upplýsingarnar sem um getur í lið 1.2 í I. viðauka skulu gerðar aðgengilegar fyrir framkvæmdastjórnina eigi síðar en 30. september ár hvert (N) fyrir skýrslugjafarárið N-1.

3. Ekki skal gera kröfu um upplýsingarnar sem um getur í lið 1.1 í I. viðauka ef aðildarríki lætur framkvæmdastjórninni í té afrit af eyðublaði/eyðublöðum sem notuð eru til að veita eða synja um skriflegt samþykki fyrir innflutningi samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2017/852 á skýrslugjafarári N-1. Aðildarríki skulu gera slík afrit aðgengileg eigi síðar en 31. janúar ár hvert (N) fyrir skýrslugjafarárið N-1 eða þau geta valið að gera þau aðgengileg hvenær sem er á skýrslutímabili N-1.

2. gr.

1. Að því er varðar skýrslugjöf til framkvæmdastjórnarinnar eins og krafist er í 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/852, að undanskilinni skýrslugjöf um framkvæmd 4. gr. þeirrar reglugerðar, skulu aðildarríki nota spurningalistann sem settur er fram í II. viðauka við þessa ákvörðun.

2. Upplýsingarnar sem settar eru fram í II. viðauka skulu gerðar aðgengilegar fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við eftirfarandi tímaáætlun:

a) gera skal fyrstu skýrsluna, sem nær yfir skýrslugjafarárin 2017 og 2018, aðgengilega eigi síðar en 1. janúar 2020,

b) gera skal aðra skýrsluna, sem nær yfir skýrslutímabilið 2019–2020, aðgengilega eigi síðar en 30. september 2021,

c) gera skal þriðju skýrsluna, sem nær yfir skýrslutímabilið 2021–2022, aðgengilega eigi síðar en 30. september 2023,

d) gera skal fjórðu skýrsluna, sem nær yfir skýrslutímabilið 2023–2024, aðgengilega eigi síðar en 30. september 2025,

e) gera skal fimmtu skýrsluna, sem nær yfir skýrslutímabilið 2025–2028, aðgengilega eigi síðar en 30. september 2029.

([3]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) (Stjtíð. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1).

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. febrúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Karmenu VELLA

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

SPURNINGALISTI

Upplýsingar um innflutningstakmarkanir, sem aðildarríkin eiga að gera aðgengilegar fyrir framkvæmdastjórnina vegna skýrslugjafar um framkvæmd reglugerðar (ESB) 2017/852

4. gr.

Innflutningstakmarkanir

1. Hefur aðildarríkið veitt skriflegt samþykki fyrir innflutningi á kvikasilfri eða blöndum kvikasilfurs til notkunar sem er leyfð í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2017/852?

Ef svarið er já skal veita eftirfarandi upplýsingar:

1.1. Kvikasilfur eða blöndur kvikasilfurs sem eru ekki úrgangur ([1])

i. Magn innflutts kvikasilfurs eða blandna kvikasilfurs.

ii. Fyrirhuguð notkun á innfluttu kvikasilfri eða blöndum kvikasilfurs (t/ár á fyrirhugaða notkun).

1.2. Kvikasilfur sem úrgangur

i. Magn innflutts kvikasilfursúrgangs.

ii. Fyrirhuguð/fyrirhugaðar förgunar- eða endurheimtaraðgerðir (t/ár á fyrirhugaða notkun) ([2]).

— Ef um er að ræða innflutning sem er ætlaður til bráðabirgðaförgunar- eða -endurheimtaraðgerðar skal veita upplýsingar um fyrirhugaða síðari förgunar- eða endurheimtaraðgerð sem er ekki til bráðabirgða ([3]).

— Ef um er að ræða innflutning sem er ætlaður til annarra(r) endurheimtaraðgerða(r) en bráðabirgðaendurheimtaraðgerða(r) skal veita upplýsingar um fyrirhugaða notkun á efni sem verður til við endurheimtaraðgerð(ir) sem er(u) ekki til bráðabirgða.

———

([1]) Ekki skal gera kröfu um upplýsingar um spurningu 1.1 ef aðildarríki lætur framkvæmdastjórninni í té afrit af eyðublaði/eyðublöðum sem notuð eru til að veita eða synja um skriflegt samþykki fyrir innflutningi samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2017/852 á skýrslugjafarári N-1.

([2]) Gera skal grein fyrir upplýsingum um tegund(ir) förgunar- eða endurheimtaraðgerða með kóðunum sem eru fastsettir í A- og B-þætti, eftir því sem við á, í IV. viðauka við Basel-samninginn um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra frá 22. mars 1989 (Stjtíð ESB L 39, 16.2.1993, bls. 3).

([3]) Aðgerðirnar „bráðabirgðaförgun“ og „bráðabrigðaendurheimt“ [áður: bráðabirgðaendurnýting] eru eins og þær eru skilgreindar í 5. og 7. mgr. 2. gr., eftir því sem við á, reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs (Stjtíð. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1).

II. VIÐAUKI

SPURNINGALISTI

Aðrar upplýsingar en um innflutningstakmarkanir, sem aðildarríkin eiga að gera aðgengilegar fyrir framkvæmdastjórnina vegna skýrslugjafar um framkvæmd reglugerðar (ESB) 2017/852

1. athugasemd: Ef svarið við spurningu 1.2 og/eða 2.1 er „já“ skal ekki gera kröfu um upplýsingar um tengdu undirspurningarnar i. til v. í lið 1.2 og/eða i. í lið 2.1 ef allar upplýsingar eru meðtaldar í skýrslu sem aðildarríki lætur í té í samræmi við kvöð sína um skýrslugjöf sem er fastsett skv. 21. gr. Minimatasamningsins og ef viðeigandi skýrsla hefur verið gerð aðgengileg fyrir framkvæmdastjórnina í samræmi við 3. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/852.

2. athugasemd: Valkvætt er að svara spurningum merktum með stjörnu (*).

1. **Ákvæði 1. og 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (ESB) 2017/852. Atvinnustarfsemi**

1.1. Hefur eftirfarandi framleiðsluferlum sem fela í sér notkun kvikasilfurs og kvikasilfurssambanda verið hætt í áföngum fyrir dagsetningarnar sem um getur í I. hluta III. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/852? ([1])

1.1.1. Framleiðsla á vínýlklóríðeinliðu (notkun skal hætt í áföngum eigi síðar en 1. janúar 2022)

Ef svarið er nei skal veita eftirfarandi upplýsingar:

i. Ástæða/ástæður fyrir því að þessu framleiðsluferli er viðhaldið eftir tímasetningu þess að notkun skal hætt í áföngum.

ii. Ráðstöfun sem var gerð/ráðstafanir sem voru gerðar eða fyrirhuguð/fyrirhugaðar til að hætta þessu framleiðsluferli í áföngum og tengd tímaætlun.

1.1.2. Framleiðsla á klóralkalí (notkun skal hætt í áföngum eigi síðar en 11. desember 2017)

Ef svarið er nei skal veita eftirfarandi upplýsingar:

i. Ástæða/ástæður fyrir því að þessu framleiðsluferli er viðhaldið eftir tímasetningu þess að notkun skal hætt í áföngum.

ii. Ráðstöfun sem var gerð/ráðstafanir sem voru gerðar eða fyrirhuguð/fyrirhugaðar til að hætta þessu framleiðsluferli í áföngum og tengd tímaætlun.

1.1.3. Framleiðsla á natríum- eða kalíummetýlati eða -etýlati (notkun skal hætt í áföngum eigi síðar en 1. janúar 2018)

Ef svarið er nei skal veita eftirfarandi upplýsingar:

i. Ástæða/ástæður fyrir því að þessu framleiðsluferli er viðhaldið eftir tímasetningu þess að notkun skal hætt í áföngum.

ii. Ráðstöfun sem var gerð/ráðstafanir sem voru gerðar eða fyrirhuguð/fyrirhugaðar til að hætta þessu framleiðsluferli í áföngum og tengd tímaætlun.

1.1.4. Framleiðsla á pólýúretani (notkun skal hætt í áföngum eigi síðar en 1. janúar 2018)

Ef svarið er nei skal veita eftirfarandi upplýsingar:

i. Ástæða/ástæður fyrir því að þessu framleiðsluferli er viðhaldið eftir tímasetningu þess að notkun skal hætt í áföngum.

ii. Ráðstöfun sem var gerð/ráðstafanir sem voru gerðar eða fyrirhuguð/fyrirhugaðar til að hætta þessu framleiðsluferli í áföngum og tengd tímaætlun.

1.2. Eru einhverjar stöðvar á yfirráðasvæði aðildarríkisins, sem framleiða natríum- eða kalíummetýlat eða -etýlat, sem nota framleiðsluferli sem felur í sér notkun á kvikasilfri og kvikasilfurssamböndum eins og um getur í II. hluta III. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/852?

Ef svarið er já skal veita eftirfarandi upplýsingar um hverja stöð sem um er að ræða:

i. Einkvæmt kennimerki sem uppfyllir kröfurnar í tilskipun 2007/2/EB.

ii. Árlegt rekstrarlegt hæfi hverrar stöðvar (t/ár) fyrir árið 2017 og síðari ár.

iii. Hvort kvikasilfur úr námugreftri sem er fyrst og fremst eftir kvikasilfri hefur verið eða er enn notað á viðkomandi stöð.

([1]) Svara við og upplýsinga um spurningar 1.1.1, 1.1.2, 1.1.3 og 1.1.4 er aðeins krafist í fyrstu skýrslunni sem á að skila eftir viðkomandi tímasetningu þess að hætta notkuninni í áföngum.

iv. Fyrir árið 2010, stig hverrar stöðvar þegar kemur að beinni og óbeinni sleppingu kvikasilfurs og kvikasilfurssambanda út í andrúmsloftið, vatn og á land á hverja framleiðslueiningu (gefið upp sem kg af kvikasilfri og kvikasilfursefnasamböndum á hvert framleitt kt af natríum eða kalíummetýlati eða -etýlati).

v. Fyrir árið 2020 og síðari ár, stig hverrar stöðvar þegar kemur að beinni og óbeinni sleppingu kvikasilfurs og kvikasilfurssambanda út í andrúmsloftið, vatn og á land á hverja framleiðslueiningu (gefið upp sem kg af kvikasilfri og kvikasilfursefnasamböndum á hvert framleitt kt af natríum eða kalíummetýlati eða -etýlati).

2. **Ákvæði 9. gr. reglugerðar (ESB) 2017/852: Óvélvæddur og minni háttar gullnámugröftur og -vinnsla**

2.1. Hefur aðildarríkið fundið gögn sem sýna að ekki er eingöngu um að ræða einstök tilvik um notkun kvikasilfursblöndunar til að vinna gull á yfirráðasvæði þess?

Ef svarið er já skal veita eftirfarandi upplýsingar:

i. Hefur lögbært yfirvald aðildarríkisins þróað og komið landsáætlun um óvélvæddan og minni háttar gullnámugröft og -vinnslu í framkvæmd í samræmi við 2. mgr. 9. gr. og IV. viðauka við reglugerð (ESB) 2017/852?

— Ef svarið er já skal gefa upp nettengil á landsáætlunina um óvélvæddan og minni háttar gullnámugröft og -vinnslu.

— Ef svarið er nei skal veita upplýsingar um ástæðuna/ástæðurnar fyrir því að hafa ekki þróað og komið landsáætlun um óvélvæddan og minni háttar gullnámugröft og -vinnslu í framkvæmd og um ráðstafanir sem gerðar voru og/eða skipulagðar um að koma á slíkri áætlun og tengda tímaáætlun.

3. **Ákvæði 10. gr. reglugerðar (ESB) 2017/852: Tannsilfur**

3.1. Hefur aðildarríkið staðið frammi fyrir mikilvægum áskorunum um framkvæmd 10. gr. reglugerðar (ESB) 2017/852 um tannsilfur?

Ef svarið er já skal veita eftirfarandi upplýsingar:

i. Eðli og umfang áskorananna:

ii. Ráðstöfun sem var gerð/ráðstafanir sem voru gerðar eða skipulögð/skipulagðar til að bregðast við þessum áskorunum og tengd tímaáætlun.

4. **Ákvæði 12. gr. reglugerðar (ESB) 2017/852: Skýrslugjöf varðandi stór upptök**

4.1. Í samræmi við c-lið 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/852 skal leggja fram eftirfarandi samantekt um upplýsingar sem rekstraraðilar hafa sent lögbærum yfirvöldum aðildarríkis skv. 1. og 2. mgr. 12. gr. .þeirrar reglugerðar:

4.1.1. Skrá yfir hlutaðeigandi stöðvar eftir tegund stórra upptaka, sem um getur í a-, b- og c-lið 11. gr. reglugerðar (ESB) 2017/852, og tengt kennimerki.

i. Klóralkalíframleiðsla:

— Skrá yfir stöðvar.

— Einkvæm kennimerki sem uppfylla kröfurnar í tilskipun 2007/2/EB.

ii. Hreinsun jarðgass:

— Skrá yfir stöðvar.

— Einkvæm kennimerki sem uppfylla kröfurnar í tilskipun 2007/2/EB.

iii. Námuvinnsla og bræðsla annarra málma en járns:

— Skrá yfir stöðvar.

— Einkvæm kennimerki sem uppfylla kröfurnar í tilskipun 2007/2/EB.

4.1.2. Heildarmagn kvikasilfursúrgangs, gefið upp í tonnum, sem er geymt á hverri stöð, sem er skráð undir i., ii. og iii. lið í spurningu 4.1.1, 31. desember á hverju skýrslugjafarári innan hvers skýrslutímabils.

4.1.3. Heildarmagn kvikasilfursúrgangs, gefið upp í tonnum, sem er sent á hverju ári frá hverri stöð sem er skráð undir spurningu 4.1.1 til eftirfarandi úrgangsstöðva, fyrir hvert ár sem skýrslutímabilið tekur til:

i. Heildarmagn kvikasilfursúrgangs sem er sent til stöðvar þar sem bráðabirgðageymsla á kvikasilfursúrgangi fer fram.

ii. Heildarmagn kvikasilfursúrgangs sem er sent til stöðvar þar sem umbreyting fer fram og, ef við á, storknun kvikasilfursúrgangs.

iii. Heildarmagn kvikasilfursúrgangs sem er sent til stöðvar þar sem varanlega geymsla á kvikasilfursúrgangi fer fram.

4.2. * Allar aðrar viðeigandi upplýsingar sem aðildarríki óskar eftir að gera aðgengilegar.

5. **Ákvæði d- og e-liðar 1. mgr. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/852: Önnur skýrslugjöf sem krafist er skv. 18. gr. reglugerðar (ESB) 2017/852**

5.1. Veita skal eftirfarandi upplýsingar varðandi kvikasilfur sem er staðsett á yfirráðasvæði aðildarríkisins:

i. Skrá yfir staði þar sem birgðir sem nema meira en 50 tonnum af kvikasilfri, aðrar en kvikasilfursúrgangur, eru staðsettar 31. desember á hverju skýrslugjafarári, þ.m.t. einkvæm kennimerki sem uppfylla kröfurnar í tilskipun 2007/2/EB.

ii. Heildarmagn kvikasilfurs, annað en kvikasilfursúrgangur, gefið upp í tonnum, sem er geymt 31. desember á hverju skýrslugjafarári á hverjum stað sem er tilgreindur undir i. lið.

5.2. Veita skal eftirfarandi upplýsingar varðandi kvikasilfursúrgang sem er staðsettur á yfirráðasvæði aðildarríkisins:

i. Skrá yfir staði þar sem meira en 50 tonn af kvikasilfursúrgangi hafa safnast upp 31. desember á hverju skýrslugjafarári, þ.m.t. einkvæm kennimerki sem uppfylla kröfurnar í tilskipun 2007/2/EB.

ii. Heildarmagn kvikasilfursúrgangs, gefið upp í tonnum, sem hefur safnast upp 31. desember á hverju skýrslugjafarári á hverri stöð sem er tilgreind undir i. lið.

5.3. Veita skal eftirfarandi upplýsingar ef þær eru gerðar aðgengilegar fyrir aðildarríkið:

i. Skrá yfir upptök sem mynda meira en 10 tonn af kvikasilfri á ári, þ.m.t. einkvæm kennimerki sem uppfylla kröfurnar í tilskipun 2007/2/EB.

ii. Heildarmagn kvikasilfurs, gefið upp í tonnum, sem er afhent fram til 31. desember á hverju skýrslugjafarári frá hverjum upptökum sem eru tilgreind undir i. lið.

6. **Lokaspurningar**

6.1. * Hefur aðildarríkið staðið frammi fyrir öðrum mikilvægum áskorunum við framkvæmd reglugerðar (ESB) 2017/852?

Ef svarið er já skal veita eftirfarandi upplýsingar:

i. Skýringar á áskorunum sem staðið var frammi fyrir:

ii. Upplýsingar um ráðstafanir sem voru gerðar eða fyrirhugaðar til að bregðast við þeim vanda sem kom upp og tengd tímaætlun.

6.2. * Aðildarríkið getur miðlað upplýsingum um önnur framtaksverkefni sem ráðist hefur verið í eða eru fyrirhuguð til að styðja framkvæmdina.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1256 2022/EES/70/07

frá 21. apríl 2021

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 að því er varðar samþættingu áhættu tengda sjálfbærni í stjórnkerfum vátrygginga- og endurtryggingafélaga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ([1]), einkum 1. mgr. 50. gr. og a-lið 1. mgr. 135. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Umbreytingin yfir í hringrásarhagkerfi sem losar lítið af kolefni, er sjálfbærara og auðlindanýtið, í samræmi við heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun, er lykilþáttur í að tryggja samkeppnishæfni hagkerfis Sambandsins til langs tíma. Sambandið samþykkti Parísarsamninginn árið 2016 ([2]). Ákvæði c-liðar 1. mgr. 2. gr. Parísarsamningsins miða að því að styrkja viðbrögð við loftslagsbreytingum með því, m.a., að láta fjármagnsstreymi samrýmast þróun leiða til að minnka losun gróðurhúsalofttegunda og auka viðnám gegn loftslagsbreytingum.

2) Til að bregðast við þessari áskorun lagði framkvæmdastjórnin fram Grænt samkomulag í Evrópu ([3]) í desember árið 2019. Þetta græna samkomulag er ný vaxtarstefna sem miðar að því að umbreyta Sambandinu í sanngjarnt og velmegandi samfélag, með nútímalegt, auðlindanýtið og samkeppnishæft hagkerfi þar sem nettólosun gróðurhúsalofttegunda verður engin árið 2050 og þar sem hagvöxtur er aftengdur nýtingu auðlinda. Þetta krefst þess einnig að fjárfestar fái skýr skilaboð til lengri tíma til að komast hjá því að eignir verði verðlausar og til að virkja sjálfbæra fjármögnun.

3) Framkvæmdastjórnin birti í mars 2018 aðgerðaáætlun sína „Fjármögnun sjálfbærs vaxtar“ ([4]) og hratt af stað metnaðarfullri og yfirgripsmikilli áætlun um sjálfbær fjármál. Eitt af markmiðum þessarar aðgerðaáætlunar er að beina fjármagnsstreymi í átt að sjálfbærri fjárfestingu til að ná fram sjálfbærum hagvexti fyrir alla. Áhrifamatið sem liggur til grundvallar síðari tillögum að lagagerðum og birt var í maí 2018 ([5]) sýndi fram á að þörf er á að skýra að vátrygginga- og endurtryggingafélög þurfa taka tillit til sjálfbærniþátta sem hluta af skyldum sínum gagnvart vátryggingartökum. Vátrygginga- og endurtryggingafélög ættu því ekki aðeins að leggja mat á alla viðeigandi fjárhagslega áhættu á viðvarandi grundvelli heldur einnig á alla viðeigandi áhættu tengda sjálfbærni eins og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 ([6]) sem, ef hún kemur upp, myndi hafa raunveruleg eða möguleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingar eða skuldbindingar. Ekki er vísað sérstaklega til áhættu tengda sjálfbærni í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 ([7]). Af þessum sökum, og til að tryggja að stjórnkerfið sé innleitt og því fylgt á tilhlýðilegan hátt, er nauðsynlegt að útskýra nánar að stjórnkerfi vátrygginga- og endurtryggingafélaga og mat á heildargjaldþolsþörf þessara fyrirtækja ætti að endurspegla áhættu tengda sjálfbærni.

4) Vátryggingafélög sem birta helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti í samræmi við reglugerð (ESB) 2019/2088 ættu einnig að aðlaga ferla, kerfi og innra eftirlit að því er tekur til birtingar á þessum upplýsingum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 277, 2.8.2021, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 335, 17.12. 2009, bls. 1.

([2]) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2016/1841 frá 5. október 2016 um gerð, fyrir hönd Evrópusambandsins, Parísarsamningsins sem var samþykktur samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Stjtíð. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 1).

([3]) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, leiðtogaráðsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar „Grænt samkomulag í Evrópu“ (e. *European Green Deal*) (COM(2019) 640 lokagerð).

([4]) COM(2018) 97 lokagerð.

([5]) SWD(2018) 264, lokagerð.

([6]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (Stjtíð. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 1).

([7]) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði vátrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 12, 17.1.2015, bls. 1).

5) Í ljósi þess að framkvæmdastjórnin vill tryggja að loftslags- og umhverfisáhættu sé stýrt og hún samþætt fjármálakerfinu og með hliðsjón af mikilvægi launakjarastefna við að tryggja að starfsfólk í vátrygginga- og endurtryggingafélögum stýri á skilvirkan hátt þeirri áhættu sem áhættustýringarkerfið hefur greint ættu launakjarastefnur vátrygginga- og endurtryggingafélaga að innihalda upplýsingar um hvernig þessar stefnur taka tillit til samþættingar sjálfbærniáhættu í áhættustýringarkerfinu.

6) Ákvæði varfærnismeginreglunnar, sem mælt er fyrir um í 132. gr. tilskipunar 2009/138/EB, krefjast þess að vátrygginga- og endurtryggingafélög fjárfesti eingöngu í eignum með áhættu sem þau geta greint, mælt, vaktað, stýrt, haft eftirlit með og gefið skýrslu um á tilhlýðilegan hátt. Til að tryggja að vátrygginga- og endurtryggingafélög stýri loftslags- og umhverfisáhættu á skilvirkan hátt ætti að taka tillit til sjálfbærniáhættu við framkvæmd á varfærnismeginreglunni og fjárfestingarferli vátrygginga- og endurtryggingafélaga ætti að endurspegla þær sjálfbærnióskir viðskiptavina sem tekið er tillit til í afurðarsamþykktarferlinu.

7) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 til samræmis við það.

8) Eftirlitsstofnanir og vátrygginga- og endurtryggingafélög ættu að fá nægan tíma til að aðlaga sig að nýju kröfunum í þessari reglugerð. Því ætti að fresta gildistöku hennar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á framseldri reglugerð (ESB) 2015/35

Framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liðir 55c til 55e bætast við í 1. gr.:

„55c. „áhætta tengd sjálfbærni“: atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarhátta sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg neikvæð áhrif á fjárfestinguna eða virði skuldbindingarinnar,

55d. „sjálfbærniþættir“: sjálfbærniþættir eins og þeir eru skilgreindir í 24. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 (*),

55e. „óskir um sjálfbærni“: val viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar á því hvort og þá að hvaða marki einn eða fleiri af eftirfarandi fjármálagerningum skuli felldir inn í fjárfestingu hans eða hennar:

a) fjármálagerningur sem viðskiptavinurinn eða hugsanlegi viðskiptavinurinn ákveður að lágmarkshlutfall skuli fjárfest með í umhverfislega sjálfbærum fjárfestingum eins og þær eru skilgreindar i 1. lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 (**),

b) fjármálagerningur sem viðskiptavinurinn eða hugsanlegi viðskiptavinurinn ákveður að lágmarkshlutfall skuli fjárfest með í sjálfbærum fjárfestingum eins og þær eru skilgreindar í 17. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088,

c) fjármálagerningur sem felur í sér að tekið sé tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærniþætti þar sem viðskiptavinurinn eða hugsanlegi viðskiptavinurinn ákvarðar eigindlega eða megindlega þætti sem sýna fram á að slíkt tillit sé tekið,

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (Stjtíð. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 1).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á fót ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (Stjtíð. ESB L 198, 22.6.2020, bls. 13).“

2) Ákvæðum 260. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað i. liðar í a-lið 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„i. aðgerðir sem vátrygginga- eða endurtryggingafélag skal grípa til til að meta og stýra hættu á tapi eða neikvæðri breytingu á virði vátrygginga- og endurtryggingaskuldbindinga sem stafar af ófullnægjandi forsendum fyrir verðlagningu og varúðarniðurfærslu vegna innri eða ytri þátta, þ.m.t. áhættu tengda sjálfbærni,“.

b) Eftirfarandi vi. lið er bætt við í c-lið 1. mgr.:

„vi. aðgerðir sem vátrygginga- eða endurtryggingafélag skal grípa til til að tryggja að áhætta tengd sjálfbærni sem tengist fjárfestingasafni sé greind, metin og stýrt á tilhlýðilegan hátt.“

c) Eftirfarandi 1. mgr. a bætist við:

„1a. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu samþætta áhættu tengda sjálfbærni í stefnur sínar sem um getur í a- og c-lið 1. mgr., og þar sem við á, stefnur um önnur svið sem um getur í 1. mgr.“

3) Ákvæðum 269. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað e-liðar 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„e) greina og meta yfirvofandi áhættu og sjálfbærniáhættu.“

b) Eftirfarandi 1. mgr. a bætist við:

„1a. Yfirvofandi áhætta og áhætta tengd sjálfbærni, eins og um getur í e-lið 1. mgr. og starfssvið áhættustýringar hefur greint, skulu mynda hluta þeirrar áhættu sem um getur í a-lið 1. mgr. 262. gr.“

4) Í stað b-liðar 6. mgr. 272. gr. kemur eftirfarandi:

„b) áhrif verðbólgu, lagalegrar áhættu, áhættu tengda sjálfbærni, breytinga á samsetningu eignasafns félagsins og kerfa sem breyta iðgjöldum sem vátryggingatakar greiða til hækkunar eða lækkunar með hliðsjón af tjónasögu þeirra (bónuskerfi) eða svipaðra kerfa, sem innleidd eru í sértækum einsleitum áhættuflokkum,“.

5) Eftirfarandi 4. mgr. bætist við 275. gr.:

„4. Launakjarastefnan skal innihalda upplýsingar um hvernig hún tekur tillit til samþættingar áhættu tengda sjálfbærni í áhættustjórnunarkerfinu.“

6) Eftirfarandi 6. þáttur bætist við í I. bálk IX. kafla:

„*6. ÞÁTTUR*

Fjárfestingar

275. gr. a

Samþætting áhættu tengda sjálfbærni við varfærnismeginregluna

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu taka tillit til áhættu tengda sjálfbærni við greiningu, mælingu, vöktun, stýringu, eftirlit, skýrslugjöf og mat á þeirri áhættu sem stafar af fjárfestingum, eins og um getur í fyrstu undirgrein 2. mgr. 132. gr. tilskipunar 2009/138/EB.

2. Að því er varðar 1. mgr. skulu vátrygginga- og endurtryggingafélög taka tillit til hugsanlegra langtímaáhrifa af fjárfestingaráætlun sinni og ákvarðana um sjálfbærniþætti og, þar sem við á, skal sú stefna og þær ákvarðanir vátryggingafélags endurspegla sjálfbærnióskir viðskiptavina sem tekið er tillit til í afurðasamþykktarferli sem um getur í 4. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2358 (*).

(*) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2358 frá 21. september 2017 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 að því er varðar kröfur um eftirlit og stýringu afurða fyrir vátryggingafélög og dreifingaraðila vátrygginga (Stjtíð. ESB L 341, 20.12.2017, bls. 1).“

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 2. ágúst 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. apríl 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2022/27 2022/EES/70/08

frá 27. september 2021

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 að því er varðar breytingu á viðeigandi viðmiðunarmörkum fyrir tilkynninguna um verulegar hreinar skortstöður í hlutabréfum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 236/2012 frá 14. mars 2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga ([1]), einkum 4. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvæði reglugerðar (ESB) nr. 236/2012 kveða á um skyldu um tilkynna lögbærum yfirvöldum um verulegar hreinar skortstöður í tengslum við útgefið hlutafé félags, ef hlutabréf þess hafa verið tekin til viðskipta á viðskiptavettvangi í Sambandinu, þegar staðan nær eða fer undir viðeigandi tilkynningarmörk. Nauðsynlegt er að framkvæmdastjórnin fylgist með því hvort slík viðeigandi tilkynningarmörk séu enn við hæfi í ljósi þróunar á fjármálamörkuðum og meti hvort nauðsynlegt sé að breyta þeim mörkum í samræmi við 4. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Snemma árs 2020 leiddi umtalsverður söluþrýstingur og óvenjulegt flökt vegna uppkomu COVID-19 á heimsvísu til verulegrar spíralmyndunar niður á við í verði, sem hafði áhrif á útgefendur í öllum geirum á fjármálamörkuðum. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) nýtti sér íhlutunarvald sitt við sérstakar aðstæður til að lækka viðeigandi tilkynningarmörk tímabundið fyrir verulegar hreinar skortstöður í hlutabréfum, til að bæta vöktun bæði Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og eftirlitsyfirvalda á slíkum stöðum, ákvarða hvort strangari aðgerða kunni að vera þörf og til að geta brugðist fljótt við.

3) Þar sem, vegna hlutfallslega bættra markaðsaðstæðna, ekki var hægt að framlengja sem neyðarráðstöfun lægri viðeigandi tilkynningarmörk fyrir verulegar hreinar skortstöður í hlutabréfum, sem hafa verið til staðar í tólf mánuði samfellt, þykir rétt að meta áhrif slíkra ráðstafana og ákvarða hvort gera ætti þau varanleg með því að skipta út fyrirliggjandi mörkum. Í þessu tilliti tekur framkvæmdastjórnin tillit til álitsins ([2]) sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin gaf út 13. maí 2021.

